Dómar Félagsdóms
1993-1996

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Félagsdóms. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentaða dómasafni Félagsdóms án endurgjalds. Engin stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) útvegaði þetta prenteintak.
Gallar á bls. 112, 389, 549, og 581.
Í útgáfu 1.1 var OCR endurunnið og textinn er beinni.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

DÓMAR FÉLAGSDÓMS

X BINDI
1993-1996

ÚTGEFANDI: FÉLAGSDÓMUR
REYKJAVÍK – 2000

DÓMAR FÉLAGSDÓMS

REGISTUR

X. BINDI
1993–1996

ÚTGEFANDI: FÉLAGSDÓMUR
REYKJAVÍK – 2000

PRENTSMIÐJAN ODDI HF.

Félagsdómur, Dómarar og verksvið

Í IX. bindi Dóma Félagsdóms er greint frá þeim dómendum, sem skipaðir voru til þriggja ára frá 1. október 1992.
Þann 30. júní 1993 var Eggert Óskarsson, héraðsdómari, settur varaforseti Félagsdóms í veikindaforföllum Jónasar Gústafssonar skipaðs varaforseta.
Frá 1. nóvember 1995 voru þessir menn skipaðir í Félagsdóm til þriggja ára:
Skipaðir af Hæstarétti:
Auður Þorbergsdóttir, héraðsdómari, forseti dómsins,
Gylfi Knudsen, héraðsdómslögmaður.
Varamenn:
Eggert Óskarsson, héraðsdómari, varaforseti dómsins,
Kristjana Jónsdóttir, héraðsdómari.
Skipaðir af félagsmálaráðherra:
Ingibjörg Benediktsdóttir, héraðsdómari.
Varamaður:
Guðný Björnsdóttir, héraðsdómslögmaður.
Skipaðir af Vinnuveitendasambandi Íslands:
Valgeir Pálsson, héraðsdómslögmaður.
Varamaður:
Pétur Guðmundarson, hæstaréttarlögmaður.
Skipaðir af Alþýðusambandi Íslands:
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hæstaréttarlögmaður.
Varamaður:
Gunnar Sæmundsson, hæstaréttarlögmaður.
Dómarar skipaðir samkvæmt 27. gr. laga nr. 94/1986:
Af Bandalagi háskólamanna:
Sigurður Tómas Magnússon, lögfræðingur.
Varamaður:
Þorsteinn A. Jónsson, lögfræðingur.
Af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja:
Guðni Á. Haraldsson, hæstaréttarlögmaður.

Af Sambandi íslenskra sveitarfélaga:
Gísli Gíslason, bæjarstjóri.
Af fjármálaráðuneytinu:
Guðmundur Skaftason, hæstaréttarlögmaður.
Af hálfu Alþýðusambands Íslands samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 80/1938:
Aðalmenn:
Magnús Geirsson,
Guðmundur Þ. Jónsson,
Sæmundur Árnason,
Hervar Gunnarsson,
Tryggvi Benediktsson,
Sigurjón Pétursson.
Varamenn:
Sigurbergur Hávarsson,
Þorsteinn E. Arnórsson,
Georg Páll Skúlason,
Halldór Björnsson,
Þorleifur Guðmundsson,
Helgi Arnlaugsson.
Af hálfu Samtaka iðnaðarins:
Garðar Erlendsson,
Björn R. Lárusson,
Lovísa Jónsdóttir,
Friðrik Andrésson,
Axel Eiríksson,
Jón Albert Kristinsson,
Steindór Hálfdánarson,
Ásbjörn Einarsson,
Ásbjörn Björnsson,
Ingi Björnsson,
Jenný Jensdóttir,
Anton Bjarnason,
Hilmir Hilmisson,
Magnús Jóhannsson,
Leifur Jónsson,
Guðmundur Sveinsson,
Þráinn Þorvaldsson,
Finnur Geirsson,
Leifur Þorsteinsson,
Magni Ö. Guðmundsson,

Ólafur Eyjólfsson,
Haukur Magnússon,
Guðmundur Benediktsson,
Magnús Tryggvason.

Registur

I. Nafnaskrá

Aþýðusamband Íslands 8, 17, 22, 40, 50, 65, 82, 111, 125, 133, 149, 153, 178, 190, 197, 220, 305, 322, 338, 369, 402, 429, 467, 475, 482, 494, 501, 512, 616, 666, 684, 692
Bandalag háskólamanna – BHMR 347, 381, 534
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja 29, 149, 153, 453
Bifreiðastjórafélagið Sleipnir 149, 153
Blaðamannafélag Íslands 586
Dómarafélag Íslands 636, 637, 652
Dóra Halldórsdóttir 101
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands 174, 638, 708
Félag bókagerðarmanna 74
Félag flugmálastarfsmanna ríkisins 453
Félag framreiðslumanna 17, 22
Félag íslenska prentiðnaðarins 74
Félag íslenskra atvinnuflugmanna 209, 228, 234
Félag íslenskra flugumferðarstjóra 440, 660, 673
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga 347, 381, 411, 534
Félag íslenskra hljómlistarmanna 220, 338
Félag íslenskra náttúrufræðinga 347, 381, 534
Félag íslenskra símamanna 29, 101
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi 29, 394, 453
Félag opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum 29
Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi 29
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum 29
Finnur Björnsson 190
Fiskiðjan Skagfirðingur hf. 692
Flugfélagið Atlanta hf. 228, 234
Flugleiðir hf. 178, 190, 666, 684
Flugmálastjórn 660, 673
Flugvirkjafélag Íslands 178, 190, 305, 322, 666, 684
Fóstrufélag Íslands 29

Fram, verkalýðsfélag 692
Fréttamenn á fréttastofu Stöðvar 2 586
Haraldur og Sigurður hf. 125
Hf. Eimskipafélag Íslands 111, 174
Hornafjarðarbær 590
Hótel Loftleiðir 22
Hvalur hf. 197
Höfn – Þríhyrningur hf. 429
Iðnnemasamband Íslands 17
Iðnsveinafélag Suðurnesja 65
Íslenska útvarpsfélagið 586
Íslenskir aðalverkar 65
Kristrún Sigurjónsdóttir 94
Krossvík hf., Akranesi 402
Landhelgisgæsla Íslands 296, 305, 322
Landssamband íslenskra útvegsmanna 8, 133, 197, 402, 638, 646, 708
Landssamband íslenskra verslunarmanna 149, 153
Landssamband lögreglumanna 58
Leiguflug, Ísleifur Ottesen hf. 209
Ljósmæðrafélag Íslands 29
Læknafélag Íslands 528
Matsveinafélag Íslands 133
Meinatæknafélag Íslands 381, 534
Prentsmiðjan Edda hf. 65
Rafiðnaðarsamband Íslands 125
Reyðarfjarðarhreppur 394
Reykjalundur 528
Reykjavíkurborg 411
Ríkissjóður 1, 29, 58, 94, 101, 220, 282, 296, 305, 313, 322, 381, 440, 453, 523, 528, 534, 597, 626, 636, 637, 652, 660, 673
Ríkisspítalar 597, 626
Ríkisútvarpið 338
Röntgentæknafélag Íslands 381, 534
Samband íslenskra bankamana 603
Samband málm- og skipasmiðja 50, 82
Samband veitinga- og gistihúsa 22
Samiðn 65
Samninganefnd bankanna 603
Siglfirðingur hf. 616
Sjómannadagurinn í Reykjavík og Hafnarfirði 256

Sjómannafélag Eyjafjarðar 133
Sjómannafélag Hafnarfjarðar 133
Sjómannafélag Ólafsfjarðar 133
Sjómannafélag Reykjavíkur 111, 133, 646
Sjómannafélagið Jötunn 133
Sjómanna- og vélstjóradeild Verkalýðsfélags Akraness 402
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur 133
Sjómannasamband Hafnarfjarðar 197
Sjómannasamband Íslands 8, 111, 133, 197, 402, 616, 646
Sjúkraliðafélag Íslands 1, 29, 256, 260, 282, 313, 453, 590
Skipstjóra- og stýrimannafélag Norðlendinga 638, 708
Sláturfélag Suðurlands svf. 429
St. Fransickusspítali 528
St. Jósefsspítali, Landakoti 260, 347
Starfsmannafélag Akraness 29
Starfsmannafélag Akureyrarbæjar 29
Starfsmannafélag Húsavíkur 29
Starfsmannafélag Keflavíkur 29
Starfsmannafélag Neskaupstaðar 29, 453
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar 149, 153, 411
Starfsmannafélag ríkisstofnana 29, 94, 453, 523, 597, 626
Starfsmannafélag Sauðárkróks 29
Starfsmannafélag Siglufjarðar 29
Starfsmannafélag Vestmannaeyja 29
Stálsmiðjan hf. 40, 50, 82
Stéttarfélag sjúkraþjálfara í ríkisþjónustu 381, 534
Strætisvagnar Reykjavíkur hf. 149, 153
Stýrimannafélag Íslands 174
Sæberg hf. 638, 708
Útvegsmannafélag Akraness 402
Útvegsmannafélag Hafnarfjarðar 197
Útvegsmannafélag Norðurlands 638, 708
Útvegsmannafélag Reykjavíkur 646
Verkakvennafélagið Framsókn 149, 153
Verkalýðsfélag Akraness, vélstjóra/sjómanandeild 133
Verkalýðsfélag Breiðdalsvíkur 133
Verkalýðsfélag Fáskrúðsfjarðar 133
Verkalýðsfélag Gerðahrepps 133
Verkalýðsfélag Húsavíkur 133
Verkalýðsfélag Keflavíkur, sjómannadeild 133

Verkalýðsfélag Norðfirðinga 133
Verkalýðsfélag Raufarhafnar 133
Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar 133
Verkalýðsfélag Stykkishólms 133
Verkalýðsfélag Vopnafjarðar, sjómannadeild 133
Verkalýðsfélagið Afturelding 133
Verkalýðsfélagið Árvakur 133
Verkalýðsfélagið Baldur 467, 475
Verkalýðsfélagið Báran 133
Verkalýðsfélagið Boðinn 133
Verkalýðsfélagið Eining 494
Verkalýðsfélagið Jökull, Höfn Hornafirði 133
Verkalýðsfélagið Jökull, Ólafsvík 133
Verkalýðsfélagið Vaka 133, 616
Verkalýðsfélagið Þór 133, 429
Verkalýðs- og sjómannafélag Djúpavogs 133
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis 512
Verkalýðs- og sjómannafélag Skagastrandar 133
Verkalýðs- og sjómannafélag Stöðvarfjarðar 133
Verkamannafélagið Dagsbrún 40, 50, 82, 149, 153, 482
Verkamananfélagið Fram 133
Verkamannafélagið Hlíf 501
Verkamannasamband Íslands 40, 50, 82, 149, 153, 369, 429, 467, 475, 482, 494, 501, 512, 692
Verkstjórafélag Íslands 149, 153
Verkstjórasamband Íslands 149, 153
Verslunarmannafélag Reykjavíkur 149, 153
Vélstjórafélag Íslands 296
Vinnumálasambandið 692
Vinnuveitendasamband Íslands 8, 17, 22, 40, 50, 65, 74, 82, 111, 133, 149, 153, 174, 178, 190, 197, 369, 402, 429, 467, 475, 482, 494, 501, 512, 666, 684
Vinnuveitendasamband Vestfjarða 467, 475
Vivi Ann Mary Gjöveraa 590
Ögurvík hf 646

II. Skrá
yfir lög, reglugerðir, samþykktir o.fl., sem vitnað er til í X. bindi Dóma Félagsdóms.

1915, nr. 60, 3. nóvember. Lög um löggilta vigtarmenn.
– 397, 399

1935, nr. 32, 9. janúar. Lög um varðskip landsins og skipverja á þeim.
2. gr. – 335
5. gr. – 335

1936, nr. 7, 1. febrúar. Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.
36. gr. – 186, 188

1936, nr. 85, 23. júní. Lög um meðferð einkamála í héraði.
5. gr. – 230

1938, nr. 80, 11. júní. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur.
– 24, 43, 77, 116, 119, 151, 152, 162, 165, 169, 171, 173, 184, 211, 215, 216, 217, 240, 242, 248, 253, 344, 435, 498, 620, 644, 713
I. kafli – 326
II. kafli – 52, 53, 54, 84, 85, 88, 90, 114, 116, 123, 136, 138, 157, 164, 181, 184, 185, 252
1. gr. – 69, 165, 235, 236, 241, 253
2. gr. – 157, 158, 165, 171, 172, 173, 241, 253
3. gr. – 19, 159, 165, 167, 247, 249, 436, 438, 472, 479, 487, 497, 505, 507, 509, 519, 618, 624
4. gr. – 164, 247, 249, 616, 618, 621, 624, 625
5. gr. – 116, 157, 171, 173, 215, 235, 236, 240, 241, 246, 248, 251, 252, 253, 306, 323, 479, 487, 497, 505, 507, 509, 519
6. gr. – 44, 116, 181, 188, 485, 496, 503, 505, 509, 514
7. gr. – 125, 128, 129, 130, 131, 235, 236, 249, 309, 326
8. gr. – 52, 67, 84, 85, 86, 87, 136, 157, 181, 186
9. gr. – 67, 69, 70, 77, 79
11. gr. – 65, 67, 69, 71, 74, 75, 76, 77, 79, 80, 81
14. gr. – 52, 84, 88, 114, 116, 118, 136, 137, 138, 145, 148, 157, 164, 211, 215, 235, 236, 241, 242, 248, 251, 255
15. gr. – 118, 138, 145, 160, 182, 210, 211, 214, 217, 218, 235, 240, 243, 245, 248, 252, 616, 621, 622, 623, 624

16. gr. – 53, 85, 88, 116, 118, 145, 157, 182, 216, 221, 222, 223, 224, 226, 250, 618, 622, 624
17. gr. – 53. 85, 88, 92, 118, 137, 138, 145, 158, 182, 235, 242, 250, 252
18. gr. – 616, 619, 622, 624, 625
39. gr. – 26, 150, 152, 229, 230, 231, 257
44. gr. – 19, 24, 26, 27, 52, 54, 56, 57, 67, 70, 76, 79, 84, 85, 114, 131, 136, 145, 157, 158, 175, 181, 235, 310, 311, 326, 343, 344, 345, 346, 376, 431, 469, 476, 484, 492, 496, 500, 503, 510, 514, 611, 643, 644, 668, 682, 686, 713
45. gr. – 130, 390, 472
48. gr. – 636, 637
50. gr. – 54, 214, 310, 412
53. gr. – 251, 376, 509, 622
56. gr. – 217, 566
57. gr. – 566
58. gr. – 566
59. gr. – 566
60. gr. – 566
61. gr. – 566
62. gr. – 544, 566, 584,
65. gr. – 54, 71, 80, 85, 89, 97, 104, 117, 160, 175, 182, 193, 303, 309, 310, 318, 326, 330, 446, 451, 459, 560, 616, 619, 624, 632, 680, 702
67. gr. – 57, 64, 131, 312, 346, 601, 644, 716
69. gr. – 4, 54, 71, 80, 214, 224, 244, 251, 277, 303, 310, 311, 390, 405, 412, 418, 426, 452, 472, 473, 606, 610, 611, 663, 664, 702
70. gr. – 54, 74, 77, 86, 117, 160, 182, 624
1943, nr. 64, 16. desember. Lög um birtingu laga og stjórnvaldserinda. – 266, 278
1944, nr. 33, 17. júní. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.
73. gr. – 172, 241
1948, 9. júlí. Samþykkt Alþjóða vinnumálastofnunarinnar nr. 87 um félagafrelsi og vernd þess.
– 164, 165, 172, 435
2. gr. – 165, 172, 251, 491
3. gr. – 165, 251, 491
4. gr. – 251, 491
5. gr. – 251, 491
6. gr. – 251, 491
1948, 10. desember. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna.
23. gr. – 216, 251

24. gr. – 216, 251
25. gr. – 216, 251
1949, 1. júlí. Samþykkt Alþjóða vinnumálastofnunarinnar nr. 98 um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.
– 164, 165, 172, 435
1. gr. – 165
2. gr. – 165
1954, nr. 11, 9. febrúar. Auglýsing um fullgildingu Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsi.
– 152
6. gr. – 154
11. gr. – 172
1954, nr. 38, 14. apríl. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
– 60, 362, 560
28. gr. – 61
29. gr. – 30, 32, 34
31. gr. – 60, 62, 63
1958, nr. 16, 19. apríl. Lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.
– 699, 702
3. gr. – 702
1961, nr. 82, 21. ágúst. Lög um meðferð opinberra mála.
V. kafli – 335
1963, nr. 56, 20. apríl. Lög um lögreglumenn.
– 335
5. gr. – 335, 336
7. gr. – 336
1967, nr. 25, 22. apríl. Lög um Landhelgisgæslu Íslands.
– 296, 306, 323
I. kafli – 326
5. gr. – 304, 335, 336
6. gr. – 335
7. gr. – 296, 307, 309, 324, 326, 332, 335, 336
9. gr. – 306, 307, 308, 309, 310, 311, 323, 324, 325, 326, 328, 329, 331, 332, 333, 335
10. gr. – 297, 304, 306, 310, 311, 323, 329
1969, nr. 96, 31. desember. Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands.
5. gr. – 539

1971, nr. 87, 24. desember. Lög um orlof.
– 659
1971, nr. 88, 24. desember. Lög um 40 stunda vinnuviku.
4. gr. – 669
1972, nr. 56, 29. maí. Lög um lögreglumenn.
– 60
4. gr. – 336
1972, nr. 73, 29. maí. Höfundalög.
I. kafli – 343
2. gr. – 344
45. gr. – 343, 344
1973, nr. 46, 25. apríl. Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
5. gr. – 97
6. gr. – 97
1973, nr. 75, 21. júní. Lög um Hæstarétt Íslands.
6. gr. – 636, 637
21. gr. – 64
1976, nr. 3, 22. janúar. Auglýsing um aðild að Félagsmálasáttmála Evrópu.
– 216, 251
I. kafli.
5. tl. – 216, 251, 418, 491
6. tl. – 216, 251, 491
II. kafli.
5. tl. – 216, 251, 491
6. tl. – 216, 251, 491
1976, nr. 29, 26. maí. Lög um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.
– 110
7. gr. – 97
26. gr. – 279, 565
39. gr. – 110
1976, nr. 81, 31. maí. Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
– 460
1976, nr. 108, 28. desember. Lög um rannsóknarlögreglu ríkisins.
– 60
1976, nr. 236, 9. júní. Reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.
– 424
1977, nr. 34, 12. maí. Lög um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins.
– 604, 607, 612

2. gr. – 610
8. gr. – 606, 607, 610, 611
9. gr. – 604, 607, 610
1978, nr. 33, 16. maí. Lög um sáttastörf í vinnudeilum.
– 246
4. gr. – 185, 530
5. gr. – 237, 246
1978, nr. 42, 18. maí. Iðnaðarlög.
– 24
8. gr. – 24, 25
1979, nr. 19, 1. maí. Lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.
– 341, 699, 702
1. gr. – 698, 702
3. gr. – 696, 698, 699, 702, 703, 704, 705, 706
10. gr. – 249, 702
1980, nr. 46, 28. maí. Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
– 60
52. gr. – 60
1980, nr. 55, 9. júní. Lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
– 235, 236, 247, 341
1. gr. – 100, 129, 249, 340
2. gr. – 233
12. gr. – 341
1985, nr. 24, 28. maí Lög um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.
– 631
1985, nr. 34, 19. júní. Siglingalög.
– 144
1985, nr. 35, 19. júní. Sjómannalög.
23. gr. – 619
24. gr. – 618, 619, 624
25. gr. – 619
60. gr. – 642
1985, nr. 68, 27. júní. Útvarpslög.
15. gr. – 345
35. gr. – 345
1985, nr. 477, 6. desember. Hafnarreglugerð fyrir Reyðarfjarðarhöfn.
– 395, 397, 399, 400

2. gr. – 400
4. gr. – 395, 400
1986, nr. 24, 7. maí. Lög um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.
– 144, 639, 640, 641, 642, 643, 644, 711, 712, 713
I. kafli – 643, 713
1. gr. – 142, 640, 641, 642, 711, 714
10. gr. – 642
1986, nr. 90, 31. desember. Lög um breyting á lögum nr. 38 14. apríl 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisns.
– 30, 34
1. gr. – 34
1986, nr. 94, 31. desember. Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
– 5, 36, 97, 152 , 171, 173, 257, 265, 266, 269, 270, 277, 279, 286, 289, 301, 317, 348, 360, 395, 399, 420, 421, 424, 426, 443, 449, 465, 539, 540, 541, 551, 553, 565, 659
I. kafli – 417, 418, 426, 629
II. kafli – 629
III. kafli – 4, 6, 287, 314
IV. kafli – 64, 601
2. gr. – 173, 257, 258, 265, 277, 278, 363, 554
3. gr. – 304, 539, 600, 629, 630, 632, 633, 677, 678, 680, 682
4. gr. – 171, 424, 629
5. gr. – 173, 313, 390, 427, 441, 597, 627
6. gr. – 2, 424
7. gr. – 425
8. gr. – 629
9. gr. – 600, 629, 630, 681
12. gr. – 270, 314, 315, 318, 530
14. gr. – 1, 4, 7, 36, 292, 349, 353, 362, 399, 400, 443, 459, 540, 551, 560, 564
15. gr. – 1, 4, 7
16. gr. – 1, 4, 7, 444, 526
17. gr. – 1, 4, 7
18. gr. – 1, 4, 7, 36, 294, 314, 362, 399, 443
19. gr. – 1, 4, 7, 30, 32, 33, 34, 35, 36, 37, 38, 256, 258, 260, 263, 264, 265, 266, 268, 270, 271, 272, 273, 275, 276, 277, 278, 279, 280, 281, 282, 283, 284, 285, 286, 287, 288, 289, 290, 291, 292, 293, 294, 295, 314, 315, 317, 318, 319, 320, 336, 347, 348, 349, 350, 353, 358, 359, 363,

364, 366, 367, 368, 381, 392, 394, 395, 396, 397, 398, 399, 400, 401, 440, 441, 442, 443, 444, 445, 446, 447, 448, 449, 450, 451, 452, 453, 454, 455, 456, 458, 459, 460, 461, 464, 465, 466, 534, 539, 540, 541, 542, 543, 546, 548, 550, 551, 552, 553, 554, 558, 560, 562, 564, 563, 565, 567, 568, 574, 578, 580
20. gr. – 1, 4, 7, 33, 271, 275, 277, 280, 313, 314, 315, 316, 317, 318, 319, 320, 321, 400, 444, 450, 456, 458, 542, 553, 567, 580
21. gr. – 1, 4, 7, 33, 271, 275, 277, 280, 314, 315, 316, 317, 318, 321, 542
22. gr. – 314, 315, 319
25. gr. – 631
26. gr. – 97, 105, 258, 269, 275, 276, 279, 280, 286, 287, 390, 416, 418, 427, 446, 448, 524, 530, 554, 564, 592, 598, 600, 601, 602, 627, 656, 680
27. gr. – 97, 105, 229, 257, 258, 348, 441, 539
1987, nr. 19, 24. mars. Lög um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.
– 643
1987, nr. 20, 26. mars. Lög um sjómannadag.
– 647, 648 649, 650
1. gr. – 647, 648, 649
2. gr. – 649
5. gr. – 647, 648, 649, 650
1987, nr. 25, 27. mars. Vaxtalög.
III. kafli – 196, 193, 521
1987, nr. 30, 27. mars. Lög um orlof.
– 341, 659
1. gr. – 654, 657
2. gr. – 658, 659
7. gr. – 657, 658
1987, nr. 66, 10. júlí. Bráðabirgðalög um aðgerðir í sjávarútvegi.
2. gr. – 643
6. gr. – 643
1987, nr. 161, 30. mars. Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur læknaritara.
– 631
1988, nr. 41, 27. janúar. Auglýsing um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
– 446, 451
1988, nr. 50, 24. maí. Lög um virðisaukaskatt.
– 217, 309, 326, 446, 491, 498, 509, 521
3. gr. – 251
11. gr. – 251
14. gr. – 251
1988, nr. 162, 21. mars. Reglugerð um breytingu á reglugerð um menntun, rétt-

indi og skyldur læknaritara nr. 161, 30. mars 1987, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 425, 2. september 1987.
– 631
1989, nr. 82, 1. júní. Lög um málefni aldraðra.
– 418
III. kafli – 418
17. gr. – 422
21. gr. – 422
1989, nr. 123, 28. desember. Lög um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.
– 410
1990, nr. 38, 15. maí. Lög um stjórn fiskveiða.
– 136, 142, 399, 460
1. gr. – 399
3. gr. – 399
16. gr. – 396, 399
19. gr. – 399
1990, nr. 53, 31. janúar. Auglýsing um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
– 398, 446
1990, nr. 119, 21. desember. Lög um starfsmannamál o.fl. í kjölfar breyttra verkaskipta ríkis og sveitarfélaga.
1. gr. – 600, 632, 633
6. gr. – 392
1991, nr. 31, 28. janúar. Auglýsing um lista yfir þá forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall, skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 um breyting á þeim, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
– 446
1991, nr. 33, 28. janúar. Auglýsing um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
– 283
1991, nr. 91, 31. desember. Lög um meðferð einkamála.
– 310
IV. kafli – 62
XXI. kafli – 97, 104, 216, 251, 303, 309, 310, 318, 326, 330, 341, 353, 405, 418, 426, 446, 451, 459, 491, 509, 521, 551, 560, 610, 632, 671, 680, 688
XXIV. kafli – 644
5. gr. – 229, 230, 231
16. gr. – 392

17. gr. – 539
18. gr. – 54, 303, 304, 390, 391, 472, 474, 486, 492, 500, 505, 510
19. gr. – 390, 391
25. gr. – 63, 129, 214, 310, 311, 390, 392, 393, 473, 474, 606, 610, 611, 614, 663, 664, 670, 671, 681, 683
26. gr. – 214
80. gr. – 54, 129, 130, 214, 275, 310, 311, 412, 663, 669, 671, 681, 683
100. gr. – 214, 275, 602
114. gr. – 669, 671
116. gr. – 448, 449, 452, 711, 712, 715, 716
129. gr. – 167, 251, 316, 399, 491, 509, 589, 592, 594, 606, 610, 671, 688
130. gr. – 4, 5, 167, 182, 187, 193, 194, 206, 224, 226, 244, 251, 277, 316, 376, 399, 452, 491, 498, 592, 606, 610, 629, 668, 671, 686, 688, 702
131. gr. – 175, 702
161. gr. – 312

1991, nr. 325, 2. júlí. Reglugerð um breytingu á reglugerð um mennntun, réttindi og skyldur læknaritara nr. 161, 30 mars 1988.
– 631

1992, nr. 27, 23. janúar. Auglýsing um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
– 30, 35, 36, 37, 38, 39, 283, 284, 285, 286, 288, 289, 290, 291, 292, 293, 381, 442, 446, 457, 461, 465, 534, 542, 544, 545, 546, 547, 548, 549, 550, 555, 556, 557, 558, 568, 570, 571, 573, 577, 578, 579, 580, 581, 582, 583

1992, nr. 28, 23, janúar. Auglýsing um lista yfir þá forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall, skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 og lög nr. 45/1991 um breyting á þeim, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
– 30

1992, nr. 36, 27. maí. Lög um Fiskistofu.
– 456
2. gr. – 460

1992, nr. 120, 31. desember. Lög um Kjaradóm og Kjaranefnd.
– 653, 655
2. gr. – 655
6. gr. – 655

1993, nr. 37, 30. apríl. Stjórnsýslulög.
– 543, 553, 561
10. gr. – 543, 561, 563, 564

1994, nr. 23, 29. mars. Hafnalög.
– 395

I. kafli – 399
II. kafli – 399, 400
9. gr. – 400
1994, nr. 62, 9. maí. Lög um mannréttindasáttmála Evrópu.
– 216, 230
6. gr. – 150, 151, 152, 230, 231, 232, 257
11. gr. – 172, 216, 251, 418, 490
1994, nr. 79, 19. maí. Lög um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna og um breytingu á lögum nr. 24 7. maí 1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.
– 410
10. gr. – 711, 714
1994, nr. 95, 19. maí. Lög um breytingu á lögum um birtingu laga og stjórnvaldsákvarðana, nr. 64 16. desember 1943.
– 266, 278
1994, nr. 573, 3. nóvember. Auglýsing nr. 573, um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
– 272, 278
1994, nr. 618, 25. nóvember. Reglugerð um vigtun sjávarafla.
– 397
3. gr. – 397, 399
5. gr. – 399
6. gr. – 399
7. gr. – 399
9. gr. – 399
12. gr. – 399
22. gr. – 399
23. gr. – 399
25. gr. – 399
30. gr. – 399
33. gr. – 399
34. gr. – 399
35. gr. – 399
36. gr. – 399
37. gr. – 399
38. gr. – 399
40. gr. – 399
1995, nr. 4, 30. janúar. Lög um tekjustofna sveitarfélaga
2. gr. – 399

1995, nr. 62, 25. janúar. Auglýsing um skrá St. Jósefsspítala, Landakoti, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
– 347, 348, 349, 350, 358, 363, 365, 368

1995, nr. 68, 27. janúar. Auglýsing um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
– 381, 392, 440, 441, 445, 446, 447, 448, 451, 453, 454, 455, 457, 459, 460, 461, 462, 463, 464, 465, 534, 539, 542, 543, 544, 545, 546, 547, 548, 549, 550, 551, 552, 554, 560, 561, 564, 569, 571, 572, 575, 578, 579, 580, 581, 582

1995, nr. 70, 30. janúar. Auglýsing um skrá Reyðarfjarðarhrepps skv. 2. mgr. 19. gr. l. nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
– 394, 395, 400

1996, nr. 70, 11. júní. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
15. gr. – 677
17. gr. – 677
19. gr. – 677

III. Efnisskrá til yfirlits

Aðild 125
Desemberuppbót 8
Dómsvald Félagsdóms 50, 58, 338, 482, 494, 501, 597, 638
Endurskoðun kjarasamninga 603
Félagsdómur 149, 228, 256, 636, 637
Frávísun 58, 125, 338, 638
Frávísun að hluta 381, 660
Frávísunarkröfu hafnað 50, 305, 467, 597, 603, 666, 708
Frídagar 586
Föst yfirvinna 40, 652
Gagnkrafa 482, 494, 501, 616, 684
Gerðardómur 603
Hámarksaldur 190
Hæstiréttur 50, 58, 125, 305, 338, 597, 638, 708
Iðnnemar 17
Iðnréttindi 22
Kjarasamningar 22, 40, 101, 174, 190, 197, 296, 322, 338, 369, 402, 411, 429, 586, 590, 626, 646, 673, 684, 692
Launanefnd 475, 482, 494, 501, 512, 523
Matmálstímar 684
Miðlunartillaga ríkissáttasemjara 8
Námskeiðsálag 369
Orlof 652
Orlofsuppbót 8
Ófaglært starfsfólk 22
Ólögmæt vinnustöðvun 1, 82, 111, 133, 153, 178, 209
Samkomulag 17
Samningsaðild 234, 411
Samráðsnefnd 626
Sektargreiðsla 616, 646

Sératkvæði 40, 50, 65, 82, 111, 149, 153, 197, 220, 228, 234, 260, 282, 305, 313, 322, 338, 347, 369, 394, 402, 429, 440, 453, 534, 590, 603, 652, 673, 684, 692
Sjómannadagur 646
Skaðabætur 82, 190
Skiptakjör 197, 402
Staðgengilslaun 94
Trúnaðarmenn 65, 74
Uppsögn kjarasamninga 467, 475, 482, 494, 501, 512, 523, 528
Uppsögn úr starfi 65, 74, 190, 616
Úrskurðarnefnd 296
Vaktaálag 17
Vaktavinna 673, 684
Verkfall 220, 234, 313, 616
Verkfallsheimild 29, 260, 282, 347, 381, 394, 440, 453, 534
Vinnslustöðvun 692
Yfirvinna 17, 174, 313, 586
Yfirvinnubann 178

IV. Efnisskrá

Aðild.

Alþýðusamband Íslands höfðaði mál fyrir hönd Rafiðnaðarsambands Íslands á hendur fyrirtækinu Haraldi og Sigurðu hf. sem rak sjálfstæða verktakaþjónustu. Krafist var viðurkenningar á því að fyrirtækið hefði gerst brotlegt við ákvæði kjarasamnings Rafiðnaðarsambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Málið var ekki höfðað vegna sérstaks stéttarfélags innan heildarsamtaka rafiðnaðarmanna. Sóknaraðild málsins var því ekki í réttu formi skv. 1. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938. Ágreiningslaust var að enginn kjarasamningur var til milli aðila. Það varð því ekki dæmt um brot á kjarasamningi eða um skilning á 7. gr. laga nr. 80/1938. Málinu var vísað frá Félagsdómi. Hæstiréttur staðfesti frávisunarúrskurðinn. 125

Desemberuppbót.

Sjá: Miðlunartillaga ríkissáttasemjara. 8

Dómsvald Félagsdóms.

Deila hafði staðið um greiðslur fyrir yfirvinnu verkamanna við skipasmíðar hjá Stálsmiðjunni hf. og þeir neituðu að koma til vinnu á laugardegi. Verkamennirnir og formaður stéttarfélags þeirra komu í veg fyrir að aðrir starfsmenn fyrirtækisins og menn er stóðu utan stéttarfélagsins tækju upp störf þeirra. Meirihluti Félagsdóms leit á framgöngu verkamannanna og formannsins sem sérstaktaka vettvangsaðgerð sem félli ekki undir ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Úrlausnarefnið væri því utan valdsviðs Félagsdóms. Málinu var vísað frá Félagsdómi. Frávísunarúrskurðinum var skotið til Hæstaréttar sem felldi hann úr gildi og lagði yfir Félagsdóm að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar. 50

Hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins eru störf aðallega unnin í dagvinnutíma. Vinna sem fer fram utan dagvinnutíma greinist samkvæmt

kjarasamningi í yfirvinnu og svokallaðar útkallsvaktir. Reglur um vaktir, vaktaskrá og breytingar á þeim höfðu verið settar einhliða af rannsóknarlögreglustjóra og áttu sér ekki stoð í kjarasamningi Landssambands lögreglumanna. Kröfur landssambandsins um breytingar á vinnufyrirkomulaginu áttu því ekki undir úrlausn Félagsdóms. Kröfugerð landssambandsins var að öðru leyti krafa um lögskýringu á tilteknu sviði þar sem raunverulegt sakarefni var ekki lagt fyrir til úrlausnar. Málinu var vísað frá Félagsdómi. Hæstiréttur staðfesti frávísunarúrskurðinn. 58

Sjá: Kjarasamningar. 338

Sjá: Uppsögn kjarasamninga. 482, 494, 501

Starfsmannafélag ríkisstofnana krafðist viðurkenningar á því að ákvörðun, sem tekin var á samráðsfundi Ríkisspítalanna og félagsins um kjör læknaritara, væri bindandi. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna dæmir Félagsdómur um ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Kröfu fjármálaráðherra um frávísun málsins var hafnað. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðuna. 597

Ágreiningur málsaðila snérist í reynd um ákvörðun skiptaverðmætis afla fiskiskips. Málið snérist ekki um brot á kjarasamningi eða um ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Félagsdómur er sérdómstóll og ákvæði laga nr. 80/1938 um valdsvið hans ber að skýra þröngt. Ágreiningsefnið féll ekki undir valdsvið Félagsdóms. Málinu var vísað frá Félagsdómi. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðuna 638

Endurskoðun kjarasamninga.

Samband íslenkra bankamanna óskaði eftir breytingum á kjaralið kjarasamnings samtakanna við Samninganefnd bankanna. Nefndin taldi ekki tilefni til endurskoðunar. Samkvæmt samkomulagi um kjarasamning Sambands íslenskra bankamanan við bankaráð ríkisbankanna bar gerðardómi að meta hvort sérstakt tilefni væri til að endurskoða launalið kjarasamningsins. Aðilum var skylt að tilnefna mann í gerðardóm þegar annar hvor þeirra krafðist endurskoðunar með vísan til ákveðins tilefnis. Frávísunarkröfu Samninganefndar bankanna var hafnað. Sératkvæði. 603

Félagsdómur.

Alþýðusambandi Íslands var stefnt til réttargæslu fyrir hönd nokkurra félaga þess í máli Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Strætisvagna

Reykjavíkur hf. á hendur Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja vegna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Í málsgögnum komu fram sjónarmið réttargæslustefnda sem áttu samstöðu með viðhorfum stefnanda í málinu. Við þessar sérstöku aðstæður var fallist á það með stefnda að ekki væri rétt að dómari, sem Alþýðusamband Íslands tilnefndi, sæti í dóminum í málinu. Þótti rétt að forseti Félagsdóms tilnefndi dómara í hans stað. Sératkvæði. 149

Þegar aðili máls er atvinnurekandi, sem ekki er félagi í Vinnuveitendasambandi Íslands, skali dómari sá sem það tilnefnir til setu í Félgsdómi víkja sæti í málinu. Í staðinn tilnefnir atvinnurekandinn dómara, sbr. 39. gr. laga nr. 80/1938. Ekki er kveðið á um sambærilegan rétt til handa stéttarfélögum sem standa utan Alþýðusambands Íslands. Þessi munur á rétti málsaðila felur í sér slíkt ójafnræði að dómara, sem tilnefndur var af Alþýðusambandi Íslands, bar að víkja sæti i máli stéttarfélags sem stóð utan sambandsins. Sératkvæði. 228

Sjómannadagurinn í Reykjavík og Hafnarfirði er sjálfstæð stofnun sem rekur hjúkrunarheimili. Hafnað var kröfu um að stofnunin tilnefndi mann til setu í Félagsdómi í stað dómara sem fjármálaráðherra tilnefndi. 256

Forseti Félagsdóms og tveir aðrir dómarar viku sæti í máli sem Dómarafélag Íslands höfðaði á hendur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. 636

Varaforseti Félagsdóms og varamaður viku sæti í máli sem Dómarafélag Íslands höfðaði á hendur fjármálaráðherra f.h. ríkisjsóðs. 637

Frávísun.

Sjá: Dómsvald Félagsdóms. 58

Sjá: Aðild. 125

Meirihluti Félagsdóms taldi ágreining Félags íslenskra hljómlistarmanna og Ríkisútvarpsins um túlkun samnings um flutning tólnlistar í sjónvarpsþætti falla undir verksvið Félagsdóms og hafnaði frávísunarkröfu Ríkisútvarpsins. Úrskurði Félagsdóms var skotið til Hæstaréttar sem dæmdi að málið félli utan verksviðs Félagsdóms og vísað því frá Félagsdómi. 338

Sjá: Dómsvald Félagsdóms. 638

Frávísun að hluta.

BHMR krafðist þess fyrir hönd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félags íslenskra náttúrufræðinga, Meinatæknafélags Íslands,

Röntgentæknafélags Íslands og Stéttarfélags sjúkraþjálfara í ríkisþjónustu að felldar yrðu úr gildi breytingar á skrá samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, sem gerðar voru með nýrri skrá samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995. Fram kom að félagsmenn annarra félaga sinntu störfum þeim sem tilgreind voru á skránni, að tveimur undanskildum. BHMR hafði því aðeins umboð til málshöfðunar fyrir þá tvo starfsmenn. Kröfum varðandi önnur störf á skránni var vísað frá Félagsdómi. 381

Í fyrsta kröfulið kröfugerðar Félags íslenskra flugumferðarstjóra á hendur flugmálayfirvöldum var þess krafist „að réttur sé sá skilningur stefnanda að í gildi sé samkomulag milli stefnanda og stefndu um vaktavinnu og fyrirkomulag hennar sem sé hluti kjarasamnings málsaðilanna og verði ekki breytt með einhliða yfirlýsingum annars aðilanna.“ Í þessu fólst þungamiðjan í málatilbúnaði og lagarökum félagsins. Lagarök og málsástæður verða ekki gerðar að sjálfstæðum lið í dómkröfum. Þessum lið kröfugerðarinnar var vísað frá Félagsdómi. 660

Frávísunarkröfu hafnað.

Sjá: Dómsvald Félagsdóms. 50

Krafa Flugvirkjafélags Islands á hendur Landhelgisgæslu Íslands laut að því að fá úr því skorið hvort um kaup og kjör flugvirkja við störf hjá henni færi eftir kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf., dags. 12. júní 1994, að öðru leyti en greindi í samningi málsaðila frá 24. september 1992. Dómkrafa stefnanda var skýr og hann átti lögvarða hagsmuni af að fá skorið úr ágreiningsefninu með dómsúrlausn. Eitt af hlutverkum Félagsdóms er að kveða upp viðurkenningardóma um gildi kjarasamninga. Meirihluti Félagsdóms hafnaði frávísunarkröfu stefnda. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðuna. 305

Vinnuveitendasamband Íslands höfðaði mál til staðfestingar á því að uppsögn Verkalýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði á kjarasamningi við vinnuveitendur væri ógild. Ákvæði í samningnum um skipun sáttanefndar til að fjalla um ágreining aðila hafði verið í kjarasamningum allt frá árinu 1949, en aðilar höfðu aldrei óskað eftir að slík nefnd yrði skipuð. Ákvæðið stóð ekki í vegi fyrir því að stefnandi gæti borið undir Félagsdóm ágreining um gildi uppsagnarinnar og ekki var fallist á að verið væri að óska álits um lögfræðilegt álitaefni. Kröfu um frávísun málsins var hafnað. 467

Starfsmannafélags ríkisstofnana krafðist viðurkeningar á því að ákvörðun, sem tekin var á samráðsnefndarfundi félagsins og Ríkisspítalanna um kjör læknaritara, væri bindandi. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna dæmir Félagsdómur í málum sem rísa milli samningsaðila um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Frávísunarkröfu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs var hafnað. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðuna. 597

Sjá: Endurskoðun kjarasamninga. 603

Ákvæði kjarasamnings Fluvirkjafélags Íslands og Flugleiða hf. varð hvorki skilið svo að verið væri að undanskilja túlkun á ákvæðum hans dómsvaldi Félagsdóms né að verið væri að mæla fyrir um málskotsleið sem væri undanfari dómsmáls. Þá var ekki fallist á að hluti kröfugerðar Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Flugleiða hf. væri óákveðinn. Frávísunarkröfu Flugvirkjafélags Íslands var hafnað. 666

Félagsdómur hafði vísaði frá dómi máli Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Skipstjóra og stýrimannafélags Norðlendinga á hendur Landsambandi íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðlendinga vegna Sæbergs hf. Frávísunardómurinn var staðfestur með dómi Hæstaréttar. Stefnandi höfðaði mál að nýju. Stefndi taldi sakarefnið hið sama og í fyrra málinu og krafðist frávísunar málsins. Ekki var að öllu leyti um sömu kröfur að ræða og i fyrra málinu. Frávísunarkröfunni var hafnað. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðuna. 708

Frídagar.

Sjá: Kjarasamningar. 586

Föst yfirvinna.

Stálsmiðjan hf. yfirtók tilgreindar eignir, réttindi og skyldur Slippfélagsins hf. með kaupsamningi sem tók gildi 1. janúar 1989, þar á meðal var sú starfsemi sem féll undir sérsamning Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Slippfélagsins hf. Dæmt var að Stálsmiðjan hf. hefði orðið aðili að sérsamningnum í stað Slippfélagsins hf. og að uppsögn Stálsmiðjunnar hf. 30. september 1992 á fastri yfirvinnu verkamanna í brautum væri ógild. Sératkvæði. 40

Viðurkennt var að héraðsdómarar og hæstaréttardómarar, sem tóku laun samkvæmt ákvörðun Kjaradóms frá 12. nóvembr 1993 og 8. september 1995, ættu frá 1. desember 1993 rétt til orlofsgreiðslna

af fastri mánaðarlegri yfirvinnu sem þeir fengu greidda samkvæmt ákvörðun Kjaradóms frá 12. nóvember 1993. Sératkvæði. 652

Gagnkrafa.

Sjá: Uppsögn kjarasamninga 482, 494, 501
Sjá: Verkfall. 616
Sjá: Kjarasamningar. 684

Gerðardómur.

Sjá: Endurskoðun kjarasamninga. 603

Hámarksaldur.

Sjá: Kjarasamningar. 190

Hæstiréttur.

Hæstiréttur staðfestir úrskurð um frávísun máls 58, 125, 638
Hæstiréttur staðfestir úrskurð um að hafna frávísunarkröfu ... 305, 597, 708
Hæstiréttur fellir úr gildi úrskurð um frávísun máls. 50
Hæstsiréttur vísar máli frá Félagsdómi. 338

Iðnnemar.

Sjá: Samkomulag. 17

Iðnréttindi.

Sjá: Kjarasamningar. 22

Kjarasamningar.

Alþýðusambands Íslands krafðist viðurkenningar á því fyrir hönd Félags framreiðslumanna að Hótel Loftleiðir hefði brotið gegn ákvæði kjarasamnings aðilanna með því að hafa ófaglært starfsfólk við framreiðslustörf án samþykki félagsins. Einnig var þess krafist að viðurkennt yrði „að í iðn framreiðslumanna felist framreiðsla á öllum veitingum fyrir gesti sem á boðstólum eru á hótelum, veitingahúsum og öðrum þeim stöðum sem framreiðsla fer fram í atvinnuskyni." Ósannað var að Hótel Loftleiðir hefði brotið gegn ákvæði kjarasamningsins. Í kjarasamningi aðilan var ekki að finna neina almenna skilgreiningu á framreiðslustörfum, enda ræðst umfang iðnréttinda ekki af kjarasamningum. Sýknað var af báðum liðum kröfugerðarinnar. 22

Stálsmiðjan hf. yfirtók tilgreindar eignir, réttindi og skyldur Slippfélagsins hf. með kaupsamningi sem tók gildi 1. janúar 1989, þar á meðal var sú starfsemi sem féll undir sérsamning Verkamannafélagsins

Dagsbrúnar og Slippfélagsins hf. Dæmt var að Stálsmiðjan hf. hefði orðið aðili að sérsamningi Dagsbrúnar í stað Slippfélagsins hf. sem tryggði verkamönnum í brautum að lágmarki 5 stunda yfirvinnu á viku. Uppsögn Stálsmiðjunnar hf. 30. september 1992 á fastri yfirvinnu verkamanna í brautum var dæmd ógild. Sératkvæði. 40

Starfsmaður Póst- og símamálastofnunar hætti störfum að eigin ósk 12. ágúst 1983. Þrátt fyrir að hann starfaði hjá stofnuninni eftir það og væri fastráðinn frá 1. mars 1988 naut hann ekki góðs af svokallaðri „50 mínútna reglu" samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra símamanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 2. apríl 1987. 101

H.f. Eimskipafélag Íslands var dæmt til að hlíta því að stýrimaður á vakt, sem gekk í störf háseta samvkvæmt gr. 3.4.1. í kjarasamningi félagsins við Stýrimannafélag Íslands, ætti rétt á greiðslu samkvæmt yfirvinnutaxta B þótt hann á sama tíma tæki laun samkvæmt yfirvinnutaxta A. 174

Samkvæmt kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands og Flugleiða hf. var uppsagnarfrestur 6 mánuðir er flugvirkjar höfðu náð 63 ára aldri. Árið 1989 hafði flugfélagið sett og kynnt þá reglu um starfslok stjórnenda og tæknimanna, þar á meðal flugvirkja, að þeir létu af störfum við 67 ára aldur. Með bréfi 26. júní 1992 var flugvirkja, sem varð 67 ára 14. júlí 1992, sagt upp starfi hjá félaginu með rúmlega mánaðar fyrirvara frá og með 31. júlí 1992. Dæmt var að flugvirkjanum bæri 6 mánaða uppsagnarfrestur og var Flugleiðum hf. gert að greiða honum skaðabætur. 190

Haustið 1993 fékk útgerðarfélagið Hvalur hf. leyfi sjávarútvegsráðuneytisins til að láta frystitogara sinn stunda síldveiðar með flotvörpu og frysta aflann um borð. Þessar veiðar höfðu ekki verið stundaðar er síðasti kjarasamningur við sjómenn var gerður og hann hafði ekki að geyma sérstakt ákvæði um þær. Ágreiningur reis um skiptakjör áhafnar togarans. Í kjarasamningnum voru ákvæði um skiptakjör á frystitogurum við veiðar með botnvörpu er aflinn var frystur um borð, almenn ákvæði um skiptakjör við síldveiðar með hringnót, flotvörpu og reknet svo og sérákvæði um skiptakjör við síldveiðar þegar afli var frystur um borð. Dæmt var að skiptakjör við veiðarnar féllu undir ákvæði kjarasamningsins um skiptakjör við síldveiðar þega afli var frystur um borð. 197

Í kjarasamningi Landhelgisgæslu Íslands við Félag bryta, Stýrimannafélag Íslands og Vélstjórafélag Íslands frá 6. apríl 1988 var ákvæði

um að Landhelgisgæslan tryggði yfirmönnum, sem samningurinn náði til, sambærilegar kjarabreytingar og á sama tíma og þær yrðu hjá SSÍ og VMS. Ef ekki næðist samkomulag um kjarabreytingar innan mánaðar skyldi hvor aðili nefna mann í nefnd til að fjalla um þær og kveða upp úrskurð sem aðilar skyldu hlíta. Samningurinn var framlengdur til 31. desember 1994 með nokkrum breytingum. Vélstjórafélagið leitaði árangurslaust eftir viðræðum við Landhelgisgæsluna um tilnefningu manns af hennar hálfu í nefnd samkvæmt ákvæði kjarsamningsins. Dæmt var að fjármálaráðherra væri skylt að tilnefna mann í nefndina. 296

Dæmt var að um kaup og kjör flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands færi samkvæmt kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands við Vinnuveitendasamband Íslands vegna Flugleiða hf. frá og með þeim degi er hann var gerður, 12. júní 1994, að öðru leyti en greindi í kjarasamningi málsaðila vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands frá 24. september 1992. Sératkvæði. 322

Krafist var viðurkenningar á því að Ríkisútvarpið hefði brotið gegn kjarasamningi við Félag íslenskra hljómlistarmanna með því að greiða lægri laun fyrir flutning tónlistar í sjónvarpsþætti en kveðið var á um í kjarasamningi. Ríkisútvarpið taldi að samið hefði verið sérstaklega við tónlistarmennina á grundvelli ákvæða I. kafla laga um höfundarétt nr. 73/1972. Einnig var því haldið fram að samningurinn við tónlistarmennina hefði verið verksamningur. Málsefnið félli því ekki undir verksvið Félagsdóms. Meirihluti Félagsdóms taldi samninginn um flutninginn fullnægja að formi og efni skilyrðum laga nr. 80/1938 til að vera gildur kjarasamningur og hafnaði frávísunarkröfu Ríkisútavarpsins. Úrskurði Félagsdóms var skotið til Hæstaréttar sem dæmdi að mál vegna samningsins félli utan verksviðs Félagsdóms og vísaði málinu frá dóminum. ... 338

Viðurkennt var að við útreikning sérstakrar launahækkunar skv. 2. mgr og 3. mgr. 2. gr. kjarasamnings Alþýðusambands Íslands vegna Verkamannasambands Íslands við Vinnuveitendasamband Íslands vegna aðildarfélag þess frá 21. febrúar 1995 skyldi leggja til grundvallar öll föst laun fyrir dagvinnu, þar með talið námskeiðsálag. Þá var staðfest að engin breyting hefði orðið á fjárhæð umsamins námskeiðsálags sérhæfðs fiskvinnslufólks samkvæmt aðalkjarasamningi aðila og að engin breyting hefði orðið á fjárhæð umsamins námskeiðsálags starfsfólks í mötuneytum samkvæmt aðalkjarasamningi. Sératkvæði. 369

Veiðiferð skips lauk 10. febrúar 1995. Útgerð skipsins barst tilboð í aflann frá fiskmarkaði 9. febrúar 1995. Óumdeilt var að tilboðið hafði verið sent með símbréfi eftir lokun skrifstofu útgerðarinnar og hafði ekki komist til vitundar framkvæmdastjóra hennar fyrr en löndun var hafin að morgni næsta dags. Tilboðsgjafanum mátti vera ljóst að tilboðið kæmi of seint fram. Því var ekki sýnt fram á að komið hefði fram raunhæft tilboð í aflann sem hefði aukið aflahlut skipverja. Sýknað var af kröfu um viðurkenningu á að útgerði skipsins, sem tók aflann til eigin verkunar, hefði greitt lægra verð fyrir hann en unnt var að fá og með því brotið ákvæði kjarasamningsins. Sératkvæði. 402

Dæmt var að Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga færi með samningsaðild fyrir hjúkrunarfræðing sem ráðinn var í starf forstöðumanns við Félags- og þjónustumiðstöð og þjónustubúðir aldraða í Reykjavík. 411

Kjarasamningur milli Sláturfélags Suðurlands og Verkamannafélagsins Þórs um kjör starfsfólks, sem ráðið var sérstaklega til vinnu við sauðfjárslátrun í sláturtíð, var undirritaður 20. febrúar 1995. Aðalkjarasamningur milli Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendsambands Íslands var undirritaður 21. febrúar 1995 með venjulegum fyrirvara um samþykki. Félagsfundur í Verkamannafélaginu Þór ákvað að atkvæði skyldu greidd um samningana hvorn í sínu lagi. Kjarasamningurinn um sauðfjárslátrun var felldur en aðalkjarasamningurinn var samþykktur. Dæmt var að aðalkjarasamningurinn frá 21. febrúar 1995 hefði ekki komist á milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkalýðsfélagsins Þórs. Sératkvæði. 429

Í kjarasamningi Blaðamannafélags Íslands og Íslenska útvarpsfélagsins var samið um að frídagur samkvæmt vaktatöflu, sem félli á stórhátíðardag frá mánudegi til föstudags, skyldi bættur með öðrum frídegi eða greiðslu 8 stunda í yfirvinnu. Dæmt var að sá sem á þess kost að fullnægja skyldu sinni með tvennum hætti eigi val um hvorn háttinn hann kýs. Þessu kunni þó gagnstæð venja að breyta. Ekki var sýnt fram á að venja hefði myndast sem veitti rétt til að krefjast stórhátíðarálags, þ.e. 8 stunda í yfirvinnu, er frídagur samkvæmt vaktatöflu féll á stórhátíðardag frá mánudagi til föstudags. Hafnað var kröfu um að félagsmenn Blaðamannafélags Íslands á fréttastsofu Stöðvar 2 gætu krafist greiðslu stórhátíðarálags félli frídagur samkvæmt vaktatöflu á stórhátíðardag frá mánudegi til föstudags. 586

Félagi Sjúkraliðafélags Íslands fékk greidd laun samkvæmt 116. launaflokki kjarasamnings félagsins við sveitarfélag. Ákvæði kjarasamningsins um röðun í launaflokka var talin tæmandi. Hafnað var kröfu um að sjúkraliðinn ætti rétt á launum samkvæmt 117. launaflokki. Sératkvæði. 590

Ákvörðun um röðun læknaritara í launflokka, sem tekin var á samráðsnefndarfundi ríkisspítala og Starfsmannafélags ríkisstofnana 11. maí 1995, vær dæmd bindandi. 626

Hluti af áhöfn skips undirritaði samkomulag við útgerð þess um að skipið yrði að veiðum sjómannadaginn 1996 og var skipið á veiðum þann dag. Ekki var talið að skilyrði hefðu verið til að beita undanþáguákvæði laga nr. 20/1987 um sjómannadag og slik undanþága varð ekki byggð á kjarasamningi. Útgerðin hafði því gerst brotleg við ákvæði kjarasamnings um að skipið skyldi vera í höfn sjómannadaginn 1996. 646

Sýknað var af kröfu Félags íslenskra flugumferðarstjóra á hendur flugmálayfirvöldum um að Flugmálastjórn væri óheimilt að breyta fyrirkomulagi vaktavinnu í Flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík eins og það var kynnt 30. ágúst 1996. Sératkvæði. 673

Í máli Flugleiða hf. á hendur Flugvirkjafélagi Íslands var krafist viðurkenningar á því að matartími á kvöldvakt væri ekki lengri en 30 mínútur og að heimilt væri að taka upp kvöldvaktir. Tekin var til greina gagnkrafa flugvirkjafélagins um að matartími á kvöldvakt væri 60 mínútur og teldist til vinnutíma. Viðurkennt var að Flugleiðum hf. væri heimilt að taka upp kvöldvaktir í samræmi við ákvæði kjarasamnings aðilanna. Sératkvæði. 684

Fiskiðjufyrirtæki boðaði vinnslustöðvun vegna hráefnisskorts og bar við taprekstri af frystingu bolfisks og að aflaheimildir væru uppurnar. Fram kom að hráefni var til í nokkru magni við upphaf vinnslustöðvunarinnar. Þá lá fyrir að togarar fyrirtækisins öfluðu hráefnis á þessum tíma, m.a. á heimamiðum. Að auki var upplýst að fyrirtækið keypti hráefni til vinnslu. Vinnslustöðvunin var brot á kjarasamningi VMSÍ og VMS. Sératkvæði. 692

Launanefnd.

Sjá: Uppsögn kjarasamninga. 475, 482, 494, 501, 512, 523, 528

Matmálstímar.

Sjá: Kjarasamningar. 684

Miðlunartillaga rikissáttasemjara.

Miðlunartillaga ríkissáttasemjara til lausnar kjaradeilu Sjómannasambands Íslands og Landsambands íslenskra útvegmanna var samþykkt af deiluaðilum. Ágreiningur reis um skilning á ákvæði miðlunartillögunnar um desemberuppbót og orlofsuppbót. Dæmt var að félagsmenn þeirra sjómannafélaga sem samþykkt höfðu miðlunartillöguna ættu rétt á desemberuppbót að fjárhæð kr. 2.000 og orlofsuppbót að fjárhæð kr. 1.000. 8

Námskeiðsálag.

Sjá: Kjarasamningar. 369

Orlof.

Viðurkennt var að héraðsdómarar og hæstaréttardómarar, sem tóku laun samkvæmt ákvörðun Kjaradóms frá 12. nóvember 1993 og 8. september 1995, ættu frá 1. desember 1993 rétt til oflofsgreiðslna af fastri mánaðarlegri yfirvinnu sem þeir fengu greidda samkvæmt ákvörðun Kjaradóms frá 12. nóvember 1993. Sératkvæði. 652

Orlofsuppbót.

Sjá: Miðlunartillaga ríkissáttasemjara. 8

Ófaglært starfsfólk.

Sjá: Kjarasamningar. 22

Ólögmæt vinnustöðvun.

Kjaradeilu Sjúkraliðafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs var vísað til ríkissáttasemjara 19. nóvember 1992. Sjúkraliðar við störf hjá Ríkisspítölum og á heilsugæslustöðvum í Reykjavík hófu kjarafund 1. desember 1992 sem lauk 3. s.m. Fundarhald þetta var ólögmæt aðgerð er braut gegn ákvæðum 4.–21. gr. laga nr. 94/1986 og var dæmt ólögmætt. 1

Deila hafði staðið um greiðslur fyrir yfirvinnu verkamanna í Verkamannafélaginu Dagsbrún við skipasmíðar hjá Stálsmiðjunni hf. og neituðu þeir að koma til vinnu á laugardegi. Verkamennirnir og formaður stéttarfélags þeirra komu í veg fyrir að aðrir starfsmenn fyrirtækisins og menn er stóðu utan stéttarfélags verkamannanna tækju upp störf þeirra. Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Sambands málm- og skipasmiðja vegna Stálsmiðjunnar hf. krafðist þess að aðgerðirnar yrðu dæmdar ólögmæt vinnustöðvun og krafðist

E5926-HERADSDOMUR REYKJAVIKUR DOMAR 93-6 OTK: 2

skaðabóta. Dæmt var að aðgerðir félagsmanna og formanns Verkamannafélagsins Dagsbrúnar jafnngiltu ólögmætri vinnustöðvun. Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar var dæmt til að greiða skaðabætur. Sératkvæði. 82

Sjómannafélag Reykjavíkur boðaði til vinnustöðvunar hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands 26. nóvember 1993. Ljóst var að raunveruleg ákvörðunarástæða verkfallsboðunarinnar var að leiguskipið Europe Feeder var ekki mannað íslenskum hásetum. Til verkfallsins var því boðað til að framfylgja kröfu um að skipið skyldi mannað íslenskum hásetum. Skipafélagið hafði gert tímaleigusamning um skipið til 10 mánaða og hafði engan íhlutunarrétt um ráðningu skipverja. Um kröfu Sjómannafélags Reykjavíkur varð ekki samið í kjarasamningi og henni varð því ekki framfylgt með verkfalli. Að kröfu Hf. Eimskipafélags Íslands var hin boðaða vinnustöðvun dæmd ólögmæt. Sératkvæði. 111

Flestir kjarasamningar sjómannafélaga innan Sjómannasambands Íslands við Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna voru lausir 1. febrúar 1993. Á fundi aðila 5. febrúar 1993 setti SSÍ fram þessar kröfur sem umræðugrundvöll við gerð nýrra kjarasamninga:

„1. Skýr ákvæði verði í kjarasamningi varðandi samskipti útvegsmanna og sjómanna um ráðstöfun aflans og það fiskverð sem greitt er til sjómanna.
2. Endurskoðun á olíuverðsviðmiðun kjarasamninga.
3. Lokið verði við gerð samninga fyrir veiðigreinar sem ekki er til samningur fyrir.
4. Lagfæringar verði gerðar á orðalagi einstakra greina samningsins til að gera hann skýrari."

Málinu var vísað til ríkissáttasemjara. Er niðurstaða fekkst ekki boðaði SSÍ til vinnustöðvunar hjá félögum LÍÚ sem koma skyldi til framkvæmda 1. janúar 1994. LÍÚ taldi markmiðið með kröfugerðinni vera að þvinga fram breytingar á gildandi lögum er ekki snertu ákvæði kjarasmnings aðilanna. Kröfurnar beindust því að atriðum sem ekki væri á færi útgerðarmanna að verða við. Boðun verkfallsins væri brot á ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938 og því ólögmætt. Dæmt var að kröfur SSÍ væru kjarakröfur sem heimilt væri að framfylgja með verkfalli samvkæmt 14. gr. laga nr. 80/1938. Vinnustöðvunin var tilkynnt og að henni staðið með formlegum hætti. Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands

vegna tilgreindra aðildarfélaga þess var sýknað af kröfu Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna um að hin boðaða vinnustöðvun yrði dæmd ólögmæt. 133

Ákveðið var að stofna hlutafélagið Strætisvagna Reykjavíkur (SVR hf.) er skyldi taka við eignum og rekstri strætisvagna borgarinar (SVR) frá 1. desember 1993. Ágreiningur reis um ráðningarkjör þeirra starfsmanna SVR hf. sem áður störfuðu hjá SVR. Er samningaviðræður báru ekki árangur boðaði Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (S), að undangenginni atkvæðagreiðslu, til vinnustöðvunar vagnstjóra hjá SVR hf. með kröfu um gerð nýs kjarasamnings. S var stéttarfélag skv. lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. SVR hf. var aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands og bundið af gildandi kjarasamningum þess við Alþýðusamband Íslands. Um þá kjarasamninga fór eftir lögum nr. 80/1093 um stéttarfélög og vinnudeilur. Félagsaðild starfsmanna SVR hf. í S og breytingar á lögum S breyttu þar engu um. Boðuð vinnustöðvun S hjá SVR hf. var dæmd ólögmæt. Sératkvæði. 153

Verkfall Flugvirkjafélags Íslands hjá Flugleiðum hf., sem boðað var með bréfi dags. 1. apríl 1994 og koma átti til framkvæmda 25. s.m., var dæmt ólögmætt. Hins vegar var sýknað af þeirri kröfu Flugleiða hf. að yfirvinnubann flugvirkja yrði dæmd ólögmætt. 178

Trúnaðarmannaráð Félags íslenskra atvinnuflugmanna tók ákvörðun um vinnustöðvun hjá Leiguflugi, Ísleifur Ottesen hf. án samþykkis félagsfundar. Ákvörðun um vinnustöðvunina var því ekki tekin með löglegum hætti, sbr. 15. gr. laga nr. 80/1938. Vinnustöðvunin var dæmd ólögmæt. 209

Samkomulag.

Dæmt var að samkvæmt samkomulagi Félags framreiðslumanna og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Sambands veitinga og gistihúsa 26. apríl 1992 skyldu framreiðslunemar njóta vaktaálags ofan á dagvinnulaun og yfirvinnugreiðslna eftir reglum kjarasamnings framreiðslumanna og samkomulagsins um iðnemakjör. 17

Samningsaðild.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) boðaði til verkfalls hjá Flugfélaginu Atlanta hf., sem ekki var aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands. Skyldi verkfallið ná til alls flugs félagsins. Sumir flugmanna þess voru meðlimir í FÍA en aðrir í Frjálsa flugmannafélaginu, sem hafði gert kjarasamning við flugfélagið. Flugfélagið

krafðist þess að verkfallsboðun FÍA yrði dæmd ólögmæt. Dæmt var að vinnustöðvun FÍA næði aðeins til félagsmanna þess sem ekki voru bundnir af kjarasamningi Frjálsa flugmannafélagsins við Flugfélagið Atlanta hf. Sératkvæði. 234
Sjá: Kjarasamningar. 411

Samráðsnefnd.

Sjá: Kjarasamningar. 626

Sektargreiðsla.

Sjá: Verkfall. 616
Sjá: Kjarasamningar. 646

Sératkvæði.

Einn dómari greiðir sératkvæði. 40, 65, 91, 111, 149, 153, 220, 228, 234, 260, 338, 347, 369, 394, 402, 429, 440, 534, 590, 603, 652, 673, 692
Tveir dómarar greiða sératkvæði. 50, 197, 282, 305, 313, 322, 453, 684

Sjómannadagur.

Sjá: Kjarasamningar. 646

Skaðabætur.

Sjá: Ólögmæt vinnustöðvun. 82
Sjá: Kjarasamningar. 190

Skiptakjör.

Sjá: Kjarasamningar. 197
Sjá: Kjarasamningar. 402

Staðgengilslaun.

Yfirþroskaþjálfi tók laun samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Hann gegndi starfi forstöðumanns sambýlis í forföllum hans. Fyrir það starf átti yfirþroskaþjálfinn rétt til launa þeirra sem forstöðumaðurinn naut. í starfinu. 94

Trúnaðarmenn.

Sarfsmaður Íslenskra aðalverktaka var tilnefndur trúnaðarmaður stéttarfélags síns, Iðnsveinafélags Suðurnesja. Fyrirtækið sagði honum upp starfi ásamt fleiri starfsmönnum. Stéttarfélagið taldi uppsögnina

brot á 11. gr. laga nr. 80/1938 og því ólögmæta. Í ákvæði 2. ml. 11. gr. laga nr. 80/1938 felst að trúnaðarmanni á ekki að segja upp starfi við fækkun starfsmanna, nema vinuveitandinn sýni fram á ríkar ástæður til þessí. Fyrirtækið hafði nægjanlegt svigrúm til að komast hjá uppsögninni og var hún dæmd ólögmæt. 65

Starfsmaður Prentsmiðjunnar Eddu hf. var tilnefndur trúnaðarmaður stéttarfélags sins, Félags bókagerðarmanna. Honum var sagt upp starfi. Stéttarfélagið taldi uppsögnina brot á 11. gr. laga nr. 80/1938. Í ákvæði 2. ml. 11. gr. laga nr. 80/1938 felst sú meginregla að trúnaðarmanni á ekki að segja upp starfi við fækkun starfsmanna, nema vinnuveitandinn sýni fram á ríkar ástæður til þess. Það var ekki gert. Uppsögnin var dæmd ólögmæt. 74

Uppsögn kjarasamninga.

Vinnuveitendasamband Íslands höfðaði mál til staðfestingar á því að uppsögn Verkalýðsfélagsins Baldurs á kjarasamningi væri ógild. Ákvæði í samningnum um skipun sáttanefndar til að fjalla um ágreining aðila hafði verið í kjarasamningum allt frá árinu 1949 en aðilar höfðu aldrei óskað eftir að slík nefnd yrði skipuð. Ákvæðið stóð ekki í vegi fyrir því að verkalýðsfélagið gæti borið undir Félagsdóm ágreining um gildi uppsagnarinnar og ekki var fallist á að verið væri að óska álits dómsins um lögfræðilegt álitefni. 467

Verkalýðsfélagið Baldur sagði upp kjarasamningi sínum við Vinnuveitendfélag Vestfjarða. Í kjarasamningnum var ákvæði um að sérstök nefnd skyldi fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð samtaka launþega og vinnuveitenda og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefðust á hverjum tíma. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki væru marktæk frávik frá forsendum kjarasamningsins og því væri ekki grundvöllur til uppsagnar hans. Verkalýðsfélagið taldi sig hafa sjálfstæðan rétt til að meta hvort forsendurnar hefðu staðist. Því var hafnað og uppsögn verkalýðsfélagsins á kjarasamningnum var dæmd ógild. . 475

Í kjarasamningi Verkalýðsfélagsins Dagsbrúnar við vinnuveitendur var ákvæði um að sérstök launanefnd skyldi fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð samtaka launþega og vinnuveitenda og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefðust á hverjum tíma. Verkalýðsfélagið taldi nefndina ekki hafa rétt til að meta sjálfstætt hvort forsendur samningsins hefðu staðist. Félagið taldi forsendur samningsins brostnar og

sagði honum upp 23. nóvember 1995. Vinnuveitendasamband Íslands krafðist staðfestingar á því að uppsögn kjarasamningsins væri óglögmæt og gildislaus. Launanefndin komst að þeirri niðurstöðu 30. nóvember 1995 að ekki væru marktæk frávik frá forsendum kjarasamningsins og því væri ekki grundvöllur til uppsagnar hans. Verkalýðsfélagið sýndi ekki fram á að þau frávik hefðu orðið á samningsforsendunum að það gæti gripið til uppsagnar kjarasamningsins. Uppsögn verkalýðsfélagsins var dæmd ógild. Gagnkröfu um að niðurstaða launanefndarinnar yrði dæmd ógild og óskuldbindandi fyrir stefnda var vísað frá Félagsdómi með vísan til 44. gr. laga nr. 80/1938 og 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991. 482

Í kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins við Verkamannasamband Íslands var ákvæði um að sérstök launanefnd skyldi fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefðust á hverjum tíma. Verkalýðsfélagið Eining sagði samningnum upp af sinni hálfu. Launanefndin komst að þeirri niðurstöðu 30. nóvember 1995 að ekki væru marktæk frávik frá forsendum kjarasamningsins og því væri ekki grundvöllur til uppsagnar hans. Í máli Vinnuveitendasambandsins á hendur Alþýðusambandi Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Einingar var krafist staðfestingar á því að uppsögn samningsins væri ógild og gildislaus. Verkamannafélagið sýndi ekki fram á að þau frávik hefðu orðið á samningsforsendunum að það gæti gripið til uppsagnar kjarasamningsins. Uppsögnin var dæmd ógild. Gagnkröfu stefnda um að niðurstaða launanefndarinnar yrði dæmd ógild var vísað frá Félagsdómi með vísan til 44. gr. laga nr. 80/1938 og 2. tl.18. gr. laga nr. 91/1991. 494

Í kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins við Verkamannasamband Íslands var ákvæði um að sérstök launanefnd skyldi fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefðust á hverjum tíma. Verkalýðsfélagið Hlíf sagði samningnum upp af sinni hálfu. Launanefndin komst að þeirri niðurstöðu 30. nóvember 1995 að ekki væru marktæk frávik frá forsendum kjarasamningsins og því væri ekki grundvöllur til uppsagnar hans. Í máli Vinnuveitendasambandsins á hendur Alkþýðusambandi Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Hlífar var krafist staðfestingar á

því að uppsögn samningsins væri ógild og gildislaus. Verkamannafélagið sýndi ekki fram á að þau frávik hefðu orðið á samningsforsendunum að það gæti gripið til uppsagnar kjarasamningsins. Uppsögnin var dæmd ógild. Gagnkröfu stefnda um að niðurstaða launanefndarinnar yrði dæmd ógild var vísað frá Félagsdómi með vísan til 44. gr. laga nr. 80/1938 og 2. tl. 18. gr. laga nr. 91/1991. .. 501

Í kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins við Verkamannasamband Íslands var ákvæði um að sérstök launanefnd skyldi fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefðust á hverjum tíma. Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur sagði samningnum upp af sinni hálfu. Launanefndin komst að þeirri niðurstöðu 30. nóvember 1995 að ekki væru marktæk frávik frá forsendum kjarasamningsins og því væri ekki grundvöllur til uppsagnar hans. Í máli Vinnuveitendasambandsins á hendur Alþýðusambandi Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðs- og sjómannnafélags Keflavíkur var krafist staðfestingar á því að uppsögn samningsins væri ógild og gildislaus. Verkalýðsfélagið sýndi ekki fram á að þau frávik hefðu orðið á samningsforsendunum að það gæti gripið til uppsagnar kjarasamningsins. Uppsögnin var dæmd ógild. 512

Með kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs við Starfsmannafélag ríkisstofnana 12. apríl 1995 var fyrri kjarasamningur framlengdur til 31. desember 1996 og skyldi þá falla úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Forsenda kjarasamningsins var að verðlagsþróun á samningstímanum í heild yrði áþekk því sem gerðist í helstu samkeppnislöndunum þannig að stöðugleiki í efnahagsmálum yrði tryggður. Þá var kveðið á um að á samningnstímabilinu kæmu fulltrúar samningsaðilanna saman til að meta hvort forsendur samnigsins hefðu staðist. Starfsmananfélagið sagði samningnum upp. Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs taldi ósannað að skilyrði væru til að segja samningnum upp. Starfsmannanfélagið sýndi ekki fram á að þau frávik hefðu orðið á samningsforsendunum að það gæti gripið til uppsagnar kjarasamningsins. Uppsögnin var dæmd ógild. 523

Með kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna Reykjalundar og St. Franciskuspítalans við Læknafélag Íslands 19. apríl 1995 var fyrri kjarasamningur framlengdur til 31. desember 1996. Forsenda kjarasamningsins var að verðlagsþróun á samningstímanum í heild yrði áþekk því sem gerðist í helstu samkeppnislöndunum þannig að stöðugleiki í efnahagsmálum yrði tryggður. Þá var kveðið á um

að á samningnstímabilinu kæmu fulltrúar samningsaðilanna saman til að meta hvort forsendur samningsins hefðu staðist. Læknafélagið sagði samningnum upp. Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs taldi ósannað að skilyrði væru til að segja samningnum upp. Læknafélagið sýndi ekki fram á að þau frávik hefðu orðið á samningsforsendunum að það gæti gripið til uppsagnar kjarasamningsins. Uppsögnin var dæmd ógild. 528

Uppsögn úr starfi.

Sjá: Trúnaðarmenn. 65
Sjá: Trúnaðarmenn. 74
Sjá: Kjarasamningar. 190
Sjá: Verkfall. 616

Úrskurðarnefnd.

Sjá: Kjarasamningar. 296

Vaktaálag.

Sjá: Samkomulag. 17

Vaktavinna.

Sjá: Kjarasamningar. 673
Sjá: Kjarasamningar. 684

Verkfall.

Verkfallsboðun Félags íslanskra hljómlistarmanna barst ríkissáttasemjara, samninganefnd ríkisins og þjóðleikhússtjóra milli kl. 15.10 og 15.35 mánudaginn 29. ágúst 1994 og skyldi verkfallið hefjast mánudaginn 5. september s.á. án nánari tímasetningar. Samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/1938 ber að tilkynna ákvörðun um vinustöðvun 7 sólarhringum áður en hún á að hefjast. Þegar upphafsdagur verkfalls er tilgreindur, án þess að getið sé um klukkustund eða önnur nánari tímamörk, verður að líta svo á að verkfallið eigi að hefjast þegar sá dagur gengur í garð, án tillits til þass hvenær daglegur vinnutími á að hefjast hjá þeim starfsmönnum sem í hlut eiga. Tímabilið frá verkfallsboðun þar til mánudagurinn 5. september rann upp náði ekki 7 sólarhringum. Verkfallsboðunin var dæmd ógild. 220
Flugfélagið Atlanta hf. var ekki aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands. Félag íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) boðaði til verkfalls hjá

flugfélaginu er skyldi ná til alls flugs félagsins. Sumir flugmanna þess voru meðlimir í FÍA en aðrir í Fjálsa flugmannafélaginu, sem hafði gert kjarasamning við flugfélagið. Flugfélagið krafðist þess að verkfallsboðun FÍA yrði dæmd ólögmæt. Dæmt var að vinnustöðvun FÍA næði aðeins til félagsmanna þess sem ekki voru bundnir af kjarasamningi Frjálsa flugmannafélagsins við Flugfélagið Atlanta hf. Sératkvæði. 234

Sýknað var af kröfu um yfirvinnulaun fyrir vinnu sjúkraliða sem kallaðir voru tímabundið til starfa í verkfalli skv. 20. gr. laga nr. 94/1986. Sératkvæði. 313

Fjórir skipverjar b/v Siglis töldu verkalýðsfélag sitt vera aðila að verkfalli Sjómannasambands Íslands og aðildarfélaga þess og töldu sér óheimilt að mæta til skips. Skipstjóri skipsins kvað útgerðina ekki vera aðila að Landssambandi íslenskra útvegsmanna og því næði verkfallið ekki til skipsins. Hann gaf skipverjunum fyrirmæli um að taka upp vinnu en þeir neituðu því. Skipverjunum var vikið úr starfi með vísan til 2. tl. 1. mgr. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Uppsögn skipverjanna braut gegn ákvæðum 4. gr. og 18. gr. laga nr. 80/1938. Útgerð skipsins var dæmd til að greiða sekt í ríkissjóð. Hafnað var gagnkröfu um að verkfallið yrði dæmt ólögmætt og að sóknaraðilum yrði gert að greiða skaðabætur. 616

Verkfallsheimild.

Sum þeirra starfa félagsmanna aðildarfélaga BSRB á nokkrum stofnunum ríkisins, sem tilgreind voru í skrá samkvæmt auglýsing nr. 27/1992 skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, féllu ekki undir nauðsynlegustu öryggisgæslu, heilbrigðisþjónstu eða öryggisþjónustu skv. 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 og var fjármálaráðherra því gert að afmá þau af skránni. 29

Sjúkraliðafélag Íslands fékk ekki lögboðinn frest til andmæla við skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94//1986 áður en hún var birt. Því var hafnað kröfu St. Jósefsspítala í Reykjavík um viðurkenningu á að þeim félagsmönnum sjúkraliðafélagsins, sem greindir vou í auglýsingunni, væri óheimilt að leggja niður störf í verkfalli sem félagið boðaði hjá sjúkrahúsinu. Sératkvæði. 260

Sjúkraliðafélag Íslands boðað til verkfalls á Ríkisspítölum sem kom til framkvæmda 10. nóvember 1994. Sjúkraliðafélagið hafði ekki nýtt sér í tæka tíð andmælarétt sinn við skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, sem birt var 23. janúar 1992 og var enn í gildi. Krafa fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um að sjúkraliðunum væri óheimil þátttaka í verkfallinu var tekin til greina. Sératkvæði. 282

BHMR krafðist þess að 23 stöður og starfsheiti yrðu felld af skrá nr. 62/1995, sem auglýst var 25. janúar 1995 skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um störf sem félagar í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Félagi íslenskra náttúrufræðinga gegndu á St. Jósefsspítala, Landakoti. Felld voru niður af skránni 21 starf og starfsheiti. Sératkvæði. 347

BHMR krafðist þess fyrir hönd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félags íslenskra náttúrufræðinga, Meinatæknafélags Íslands, Röntgentæknafélags Íslands og Stéttafélags sjúkraþjálfara i ríkisþjónustu að felldar yrðu úr gildi breytingar á skrá skv. auglýsingu nr. 27/1992 skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, sem gerðar voru með skrá er birt var með auglýsingu nr. 68/1995 27. janúar 1995. Fram kom að félagsmenn annarra félaga sinnntu störfum sem tilgreind voru á skránni, að tveimur undanskildum. BHMR hafði því aðeins umboð til málshöfðunar fyrir þá tvo og var kröfunum að öðru leyti vísað frá Félagsdómi. 381

Starf yfirhafnarvarðar var ekki talið til nauðsynlegustu öryggisgæslu skv. 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986. Reyðarfjarðarhreppi var gert að fella það af skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 að kröfu Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi. Sératkvæði. 394

Með auglýsingu nr. 94/1995 skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 lét fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs birta skrá yfir störf sem flugumferðarstjórum var skylt að sinna í verkfalli. Félag íslenskra flugumferðarstjóra krafðist breytinga á skránni. Engar breytingar voru á skránni frá fyrri skrá. Það olli ekki ógildi skrárinnar þótt ekki hefði verið haft samráð við félagið áður en hún var birt að nýju. Félagið átti rétt á að bera árlega fram andmæli við framlengdri skrá og skipti ekki máli þó að ekki hefði verið hreyft andmælum gegn aulýsingum fyrri ára. Félagsdómur hafði með dómi 22. mars 1987 dæmt að þáverandi félagsmenn, sem störfuðu sem flugumferðarstjórar, féllu fullkomlega undir ákvæði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Í þessu máli voru ekki lögð fram gögn um það af hálfu félagsins hvaða félagsmenn eða hve stór hluti þeirra ynni ekki að flugumferðarstjórn. Félagið færði ekki fram sönnur fyrir því að aðstæður hefðu breyst verulega frá því að dómurinn var kveðinn upp 22. mars 1987. Sýknað var af kröfu Félags íslenskra flugumferðarstjóra. Sératkvæði. 440

BHMR höfðaði mál f.h. Félags flugmálastarfsmanna rikisins, Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi, Sjúkraliðafélags Íslands, Starfsmannafélags Neskaupstaðar og Starfsmannafélags ríkisstofnana á hendur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Þess var krafist að

felld yrðu af skrá skv. auglýsingu nr. 68/1995, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, starfsheiti sem ekki féllu undir nauðsynlegustu öryggisgæslu eða heilbrigðisþjónustu. Kröfunni var hafnað að öðru leyti en því er varðaði störf sjúkraliða við eitt sjúkrahús á Austurlandi. Sératkvæði. 453

BHMR krafðist þess fyrir hönd nokkurra félaga sinna að felldar yrðu úr gildi breytingar á skrá samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem gerðar voru með nýrri skrá er birt var 27. janúar 1995 með auglýsingu nr. 68/1995. Af hálfu fjármálaráðherra var farið á svig við ákvæði í lögum nr. 94/1986 um skyldu til samráðs við gerð skránna. Krafa BHMR var tekin til greina. Sératkvæði. 534

Vinnslustöðvun.

Sjá: Kjarasamningar. 692

Yfirvinna.

Sjá: Samkomulag. 17
Sjá: Kjarasamningar. 174
Sjá: Verkfall. 313
Sjá: Kjarasamningar. 586

Yfirvinnubann.

Sjá: Ólögmæt vinnustöðvun. 178

Miðvikudaginn 20. janúar 1993.

Nr. 14/1992. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
gegn
Sjúkraliðafélagi Íslands
(Gestur Jónsson hrl.)

Ólögmæt vinnustöðvun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Jónas Gústavsson, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Eiríkur Helgason og Valtýr Sigurðsson

Málið, sem dómtekið var 12. janúar sl., að loknum málflutningi um efnishlið, var höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 3. desember og þingfestri 4. desember sl.

Stefnandi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Stefndi er Sjúkraliðafélag Íslands, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að vinnustöðvun félagsmanna í Sjúkraliðafélagi Íslands er starfa hjá Ríkisspítölum og á heilsugæslustöðvum í Reykjavík, er hófst með setu á kjaramálafundi hinn 1. desember 1992 kl. 7.30 og sem lauk hinn 3. desember kl. 8.00, sé ólögmæt aðgerð, sem brjóti í bága við ákvæði um verkföll í 14.-21. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda voru upphaflega þessar:

Aðallega er þess krafist að málinu verði vísað frá dómi.

Til vara krefst stefndi sýknu af kröfum stefnanda.

Stefndi krefst málskostnaðar að mati Félagsdóms.

Með úrskurði Félagsdóms uppkveðnum 15. desember 1992 var hafnað frávísunarkröfu stefnda. Sá úrskurður var staðfestur með dómi Hæstaréttar 7. janúar 1993.

I

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að Sjúkraliðafélagi Íslands hafi verið breytt í stéttarfélag árið 1990. Það sé nú bæði fagfélag og stéttarfélag, en hafi áður einungis verið fagfélag.

Fram til september 1990 hafi sjúkraliðar verið í ýmsum stéttarfélögum, s.s. Starfsmannafélagi ríkisstofnana og ýmsum bæjarstarfsmannafélögum. Flestir hafi þá gengið í Sjúkraliðafélag Íslands þó fáeinir hafi ekki breytt félagsaðild sinni.

Kjarasamningar eldri stéttarfélaga félagsmanna stefnda hafi ekki orðið lausir fyrr en 1. september 1991. Fyrst eftir þann tíma hafi Sjúkraliðafélag Íslands því öðlast samningsrétt fyrir þessa félagsmenn sína, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Fyrsti samningafundur samninganefndar ríkisins annars vegar og stjórnar Sjúkraliðafélags Íslands hafi verið haldinn 17. október 1991. Frá þeim tíma hafi verið haldnir fundir af og til án þess að kjarasamningur hafi náðst. Í lok apríl 1992 hafi flest önnur stéttarfélög sem stefnandi semji við samþykkt miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Tók hún gildi sem kjarasamningur þeirra 1. maí sl. Strax í kjölfarið hafi stefnandi boðið stefnda kjarasamning, er fæli í sér sömu kjarabætur og önnur stéttarfélög höfðu samþykkt. Því hafi stefndi hafnað.

Kjaradeilu aðila hafi síðan verið vísað til ríkissáttasemjara 19. nóvember 1992 að ósk stefnda. Allnokkrir fundir hafi verið haldnir með deiluaðilum að tilhlutan sáttasemjara og sá síðasti hinn 30. nóvember sl. Sá fundur hafi hafist kl. 16:00 og staðið til kl. 6:00 að morgni 1. desember sl.

Á fundi hjá ríkissáttasemjara hinn 23. nóvember 1992 hafi Sjúkraliðafélag Íslands lagt fram ályktun trúnaðarmanna félagsins, sem samþykkt hafði verið á fundi þeirra þann dag. Í ályktuninni sé mótmælt drætti, sem orðið hafi á gerð kjarasamnings fyrir sjúkraliða. Í niðurlagi ályktunarinnar komi fram, að trúnaðarmenn félagsins „leggja til, að viðsemjendum félagsins og sáttasemjara ríkisins verði gerð grein fyrir þeirri ákvörðun sjúkraliða að þeir muni grípa til aðgerða sem dugi til að knýja viðsemjendur félagsins til að ganga frá kjarasamningi."

Hinn 28. nóvember 1992 hafi trúnaðarráð Sjúkraliðafélags Íslands ritað bréf til forstöðumanna og hjúkrunarstjórnar Ríkisspítalanna

og fleiri sjúkrahúsa. Í upphafi bréfsins segi, að forysta Sjúkraliðafélags Íslands hafi undanfarna 15 mánuði leitað árangurslaust eftir kjarasamningum fyrir stéttina. Krafan hafi verið að sjúkraliðar nytu sömu og ekki lakari kjara en samið hafi verið um á sl. vori, þ.e. 1,7% hækkun launa frá 1. maí og 8.000 kr. orlofsauka. Telji sjúkraliðar sig eiga bæði siðferðilega og lagalega kröfu til þeirra kjarabóta. Síðar í bréfinu komi fram, að almennur fundur sjúkraliða haldinn 28. nóvember 1992 hafi samþykkt að fela trúnaðarmannaráði félagsins „að boða til almenns fundar með starfandi sjúkraliðum eigi síðar en þriðjudag 1. desember, þar sem staða mála yrði rædd. Ákveðið er að fundurinn hefjist kl. 07:30 og standi ótímabundið þar til sameiginleg niðurstaða fæst."

Í niðurlagi bréfsins sé rætt um réttindi „sjúkraliða til að leggja niður vinnu vegna vangoldinna launa." Í framhaldi af því segi, að trúnaðarráð sjúkraliða vilji með bréfinu koma á framfæri þeirri ákvörðun sjúkraliða að funda um sín mál og að þeir muni af þeim sökum vera fjarverandi frá störfum þar til fundi lýkur.

Bréf þetta hafi borist Ríkisspítölunum hinn 30. nóvember og afhent ríkissáttasemjara áður en fundur samningsaðila hófst þann dag. Bréf þetta hafi stefndi hins vegar ekki afhent stefnanda né samninganefnd hans.

Eftir að fundi aðila að morgni 1. desember hafi lokið, hafi samninganefnd stefnanda sent frá sér fréttatilkynningu, þar sem lýst sé þeirri afstöðu stefnanda til tilkynningar trúnaðarráðs Sjúkraliðafélags Íslands, um að sjúkraliðar hygðust leggja niður störf um ótiltekinn tíma frá 1. desember, að slík aðgerð fæli í sér ólögmæta vinnustöðvun.

Hinn 1. desember kl. 7:30 hafi síðan hafist sá kjaramálafundur sjúkraliða, sem ákveðið var að boða til með áðurnefndu bréfi dags. 28. nóvember sl. Sá fundur hafi staðið óslitið til 3. desember kl. 8:00. Hafi þessi aðgerð þeirra tekið til Landsspítalans, Kleppsspítala, Vífilsstaðaspítala, Kópavogshælis og heilsugæslustöðva í Reykjavík. Sjúkraliðar á þessum stofnunum hafi almennt ekki mætt til vinnu sinnar þann tíma, en setið fundinn eftir því sem vaktir þeirra sögðu til um í stað þess að mæta til vinnu. Þessi fundur hafi eftir því sem best sé vitað staðið daga og nætur þannig, að þeir sem hafi átt að vera í vinnu hafi setið fundinn hverju sinni. Eftir að

sjúkraliðar hafi snúið aftur til vinnu hafi ríkissáttasemjari boðað aðila til fundar hinn 3. desember kl. 14:00.

Stefnandi kveðst reisa málatilbúnað sinn á því, að umræddir starfsmenn, sem eru félagar í Sjúkraliðafélagi Íslands, hafi með samstöðu og eftir hvatningu frá stefnda, sammælst um að leggja niður störf með setu á kjaramálafundi í því skyni að knýja fram kjarasamning um breytt launakjör. Hér sé um að ræða samstöðu þeirra og samræmda aðgerð um vinnustöðvun að tilhlutan félagsins, sem standi fyrir skipulagningu og framkvæmd hennar. Í III. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna séu settar reglur um það með hvaða hætti heimilt sé að vinna að lausn kjaradeilu með vinnustöðvun. Við undirbúning og framkvæmd þessarar vinnustöðvunar hafi hins vegar ekki verið fylgt þeim reglum, er mæla fyrir um hvernig staðið skuli að löglegri vinnustöðvun til að stuðla að framgangi krafna í deilu um kjarasamning skv. 14. gr. laganna. Vinnustöðvun sjúkraliðanna hafi vegna þeirrar samstöðu um þá aðgerð falið í sér verkfall eða aðgerð, sem jafna megi til verkfalls sem hafi ekki getað opnað þeim aðra leið til að fara í vinnustöðvun en þá, sem lögtekin sé í III. kafla laganna. Stefnandi kveður vinnustöðvunina ólögmæta með því ákvörðun um hana, boðun hennar og framkvæmd hafi brotið í bága við ákvæði 14.–21. gr. laganna.

Stefnandi kveðst byggja málskostnaðarkröfu sína á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

II

Stefndi lýsir málavöxtum þannig, að kjaradeila hafi verið milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sjúkraliðafélags Íslands f.h. félagsmanna sinna sem starfi hjá stefnanda. Erfiðlega hafi gengið að ná samningum og hafi af þeirri ástæðu verið mikil og almenn óánægja meðal sjúkraliða. Hafi þeir haldið fundi dagana 1. til 3. desember sl. um stöðu mála og hafi þeir sjúkraliðar sem á fundunum voru ekki mætt til vinnu meðan þeir stóðu yfir. Ákvarðanir um fundi þessa hafi ekki verið teknar af stéttarfélaginu né neinum þeim aðila sem félagið beri ábyrgð á, heldur hafi fundirnir verið afsprengi óánægju almennra félagsmanna. Það hafi verið almennur fundur sjúkraliða, sem haldinn var 28. nóv. 1992, sem samþykkt hafi að fela trúnaðarmannaráði félagsins að boða til almenns fundar með starf-

andi sjúkraliðum eigi síðar en þriðjudag 1. desember. Stefndi tekur fram, að hinn almenni fundur sjúkraliða hafi ekki verið á vegum Sjúkraliðafélags Íslands og hafi ákvarðanir, sem þar voru teknar, því ekki verið ákvarðanir félagsins. Þá tekur stefndi fram, að ekkert trúnaðarmannaráð sé til innan Sjúkraliðafélags Íslands.

Stefndi kveður ágreining vera við stefnanda um málavaxtalýsingu í stefnu, en hefur enga grein gert fyrir því um hvaða atriði málavaxtalýsingar stefnanda er ágreiningur.

Stefndi mótmælir því að Sjúkraliðafélag Íslands, sem sé stéttarfélag í skilningi laga 94/1986, hafi staðið að þeirri „vinnustöðvun", sem stefnandi lýsi í kröfugerð sinni. Því geti ekki verið rétt að stefna félaginu til þess að þola dóm um meint ólögmæti „vinnustöðvunarinnar". Leiði aðildarskorturinn til sýknu.

Lögð hafi verið fram í málinu lög Sjúkraliðafélags Íslands og komi fram í lögunum með hverjum hætti sé hægt að taka ákvarðanir í nafni félagsins. Hvorki stjórn félagsins, kjaramálanefnd né fulltrúaþing, né nokkur annar aðili innan félagsins eða á vegum þess, hafi tekið ákvörðun um þær aðgerðir sem stefnandi telji ólögmætar. Aðrir aðilar geti ekki tekið ákvarðanir í nafni félagsins. Þegar af þeirri ástæðu eigi félagið ekki að þola dóm. Það hafi verið félagsmenn í Sjúkraliðafélags Íslands, sem hafi staðið að og tekið þátt í aðgerðunum, en ekki félagið sjálft, og beri félagið enga ábyrgð á þeim, heldur viðkomandi einstaklingar.

Kröfu sína um málskostnað byggir stefndi á 130. gr. laga 91/1991.

III

Stefndi í máli þessu byggir vörn sína alfarið á því að Sjúkraliðafélag Íslands sé ekki aðili að málinu.

Fundur trúnaðarmanna Sjúkraliðafélags Íslands var haldinn 23. nóvember 1992. Á fundi þessum var samþykkt harðorð ályktun um gang kjarasamninga sjúkraliða. Í lok ályktunarinnar segir: „Trúnaðarmenn SLFÍ leggja til, að viðsemjendum félagsins og sáttasemjara ríkisins verði gerð grein fyrir þeirri ákvörðun sjúkraliða að þeir muni grípa til aðgerða sem dugi til að knýja viðsemjendur félagsins til að ganga frá kjarasamningi." Ályktun þessa, sem rituð er á bréfsefni Sjúkraliðafélags Íslands, mun félagið hafa lagt fram á fundi hjá ríkissáttasemjara sama dag.

Almennur fundur sjúkraliða var haldinn 28. nóvember 1992 og

var þar samþykkt að fela trúnaðarmannaráði félagsins að boða til almenns fundar með starfandi sjúkraliðum eigi síðar en 1. desember s.á. Ekki er upplýst í málinu að hvers frumkvæði fundur þessi var boðaður, en sama dag sendi svokallað Trúnaðarráð SLFÍ forstöðumönnum og hjúkrunarstjórn Ríkisspítalanna, Borgarspítalans, Landakotsspítala og annarra þjónustudeilda á vegum sömu rekstraraðila bréf, þar sem kynntar eru ályktanir trúnaðarmannanna frá 23. nóvember og almenna fundarins frá 28. nóvember.

Í niðurlagi bréfsins segir m.a.: „Trúnaðarráð sjúkraliða vill með bréfinu koma á framfæri þeirri ákvörðun sjúkraliða að funda um sín mál og munu af þeim sökum vera fjarverandi frá störfum þar til fundi lýkur.“ Bréfið mun hafa verið afhent ríkissáttasemjara áður en samningafundur aðila hófst hinn 30. nóvember.

Stefndi fullyrðir í greinargerð sinni að ekkert trúnaðarmannaráð sé til innan Sjúkraliðafélags Íslands, en ekkert er upplýst í málinu um svokallað Trúnaðarráð SLFÍ.

Ljóst er af framansögðu, að hið stefnda félag hefur haft verulega afskipti af aðgerðum þeim sem mál þetta er sprottið af, en ekki verður hins vegar ráðið af gögnum málsins, að félagið hafi andmælt aðgerðum félagsmanna eða skorað á þá að gegna vinnuskyldu sinni. Verður því að telja að kröfum stefnanda sé réttilega beint að félaginu og að hafna beri sýknukröfu stefnda vegna aðildarskorts.

Ljóst er að markmið og tilgangur aðgerða félagsmanna Sjúkraliðafélags Íslands dagana 1. til 3. desember sl. var að knýja viðsemjendur þeirra til að ganga frá kjarasamningi. Verður að telja aðgerðir þessar ólögmæta vinnustöðvun, sem brjóti í bága við ákvæði III. kafla laga 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Samkvæmt framansögðu er dómkrafa stefnanda tekin til greina, en eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Vinnustöðvun félagsmanna í Sjúkraliðafélagi Íslands er starfa hjá Ríkisspítölum og á heilsugæslustöðvum í Reykjavík, er hófst með setu á kjaramálafundi hinn 1. desember 1992 kl. 7:30 og sem lauk hinn 3. desember kl. 8:00, er ólögmæt aðgerð,

sem brýtur í bága við ákvæði um verkföll í 14.–21. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 9. febrúar 1993.

Nr. 15/1992. **Alþýðusamband Íslands v/Sjómannasambands Íslands**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna
(Jón H. Magnússon hdl.)

Miðlunartillaga ríkissáttasemjara. Desemberuppbót. Orlofsuppbót.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem dómtekið var 28. janúar sl., höfðaði Alþýðusamband Íslands vegna Sjómannasambands Íslands fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefinni 2. des. 1992, gegn Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Landssambands Íslenskra útvegsmanna.

Dómkröfur stefnanda eru:

Aðallega, að 5. og 6. gr. miðlunartillögu ríkissáttasemjara, sem lögð var fram 26. apríl 1992 til lausnar kjaradeilu milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, verði skilin svo að sjómenn innan Sjómannasambands Íslands eigi rétt á sérstakri desemberuppbót, kr. 12.000, og orlofsuppbót, kr. 8.000, í formi eingreiðslu.

Til vara var gerð sama krafa og í aðalkröfu þó þannig að grunnkaup lækki um 2, 5 % frá launatöflu á dskj . 3.

Til þrautavara, að gr. 5 og 6 í umræddri miðlunartillögu verði skilin svo að sjómenn innan Sjómannasambands Íslands eigi rétt á sérstakri desemberuppbót, kr. 2.000, og sérstakri orlofsuppbót, kr. 1.000.

Við munnlegan málflutning var tekið fram að krafa stefnanda tæki til þeirra sjómanna innan Sjómannasambands Íslands sem samþykkt hafa umrædda miðlunartillögu.

Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda:

Aðalkrafa, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda.

Til vara, að kauptrygging og kaupliðir verði lækkaðir um 3,1% frá launatöflu á dskj. 4 ef aðalkrafa stefnanda verður tekin til greina.

Stefndi krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Við aðalmeðferð málsins komu fyrir dóm til skýrslugjafar þeir Hannes G. Sigurðsson aðstoðarframkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands og Jónas Haraldsson skrifstofustjóri Landssamband íslenskra útvegsmanna.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

Þann 26. apríl lagði ríkissáttasemjari fram miðlunartillögu til lausnar kjaradeilu milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands f.h. umbjóðenda sinna. Alþýðusamband Íslands fór m.a. með samningsumboð Sjómannasambands Íslands, en Vinnuveitendasamband Íslands með samningsumboð Landssambands íslenskra útvegsmanna. Tillagan var samþykkt af öllum þorra stéttarfélaga innan Sjómannasambands Íslands. Stuttu síðar kom í ljós ágreiningur milli Sjómannasambands Íslands annars vegar og LÍÚ hins vegar um greiðslu orlofs- og desemberuppbótar til sjómanna samkvæmt miðlunartillögunni. Samkvæmt 3. gr. miðlunartillögunnar skyldu laun og launatengdir liðir hækka um 1.7% hinn 1. maí 1992. Samkvæmt 5. gr. miðlunartillögunnar skyldu starfsmenn, sem hafa verið í fullu starfi allt árið í sama fyrirtæki og eru við störf í fyrirtækinu í síðustu viku nóvember eða fyrstu viku desember, fá desemberuppbót eigi síðar en 15. desember ár hvert, eingreiðslu kr. 12.000. Samkvæmt 6. gr. tillögunnar skyldi starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næst liðið orlofsár og er í starfi síðustu viku apríl eða fyrstu viku maí, fá við upphaf orlofs eða eigi síðar en 15. ágúst það ár greidda sérstaka orlofsuppbót, eingreiðslu kr. 8.000, miðað við fullt starf.

Sjómannasamband Íslands gaf út kaupskrá til samræmis við þau ákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara er snerta sjómenn, sbr. dskj. 3. Þar er ráð fyrir því gert að kauptrygging og kaupliðir hækki um 1,7% frá 1. maí í samræmi við 3. gr. miðlunartillögunnar. Þar eru tekin upp ákvæði miðlunartillögunnar hvað varðar orlofsuppbót og desemberuppbót, sbr. 5. og 6. gr. miðlunartillögunnar. Landssamband ísl. útvegsmanna gaf einnig út kaupskrá. Samkvæmt kaupskrá stefnda var gert ráð fyrir því að kauptrygging hækkaði um 2.3% „að teknu tilliti til orlofs og desemberuppbótar frá l. maí 1992 að telja

hjá þeim félögum innan Sjómannasambands Íslands sem samþykktu miðlunartillögu Ríkissáttasemjara". Forsenda stefnda fyrir umræddri 2,3% hækkun var sú að orlofs- og desemberuppbótin var metin 0,6% ofan á laun til viðbótar þeirri 1,7% grunnkaupshækkun, sem miðlunartillagan gerði ráð fyrir í 3. gr.

Stefnandi mótmælti reikningsaðferð stefnda hinn 6. júlí 1992. Þann 30. sama mánaðar svaraði stefndi því bréfi og vísaði þá til úrskurðar Hagstofu Íslands frá 29. apríl 1988 og einnig til fyrri kjarasamninga um meðferð þessara mála. Þar er vitnað til þess að í kjarasamningum málsaðila frá 15. janúar 1987 var ákvæði um að kauptrygging og kaupliðir sjómanna skyldu breytast til samræmis við launabreytingar fiskvinnslufólks. Í febrúar og mars árið 1988 var í fyrsta sinn samið um desemberuppbót milli VSÍ og Verkamannasambands Íslands, kr. 4.500 á ári. Ekki náðist samkomulag milli aðila um hvaða hækkanir skyldu falla sjómönnum í skaut á grundvelli ákvæðisins og kom því til úrskurðar Hagstofu Íslands, sem úrskurðaði að kauptrygging og kaupliðir skyldu hækka um 10,6% frá 1. apríl 1988.

Í almennum kjarasamningum landverkafólks, sem undirritaðir voru 1. maí 1989, var í fyrsta sinn samið um orlofsuppbót að fjárhæð kr. 6.500. Einnig var desemberuppbót hækkuð í kr. 9.000. Almennar grunnkaupshækkanir voru kr. 2.000 á mánuði og var það metið af heildarsamtökum sem 3,8% launahækkun á meðalmánaðarlaun. Þann 3. júní 1989 náðist samningur milli Sjómannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands þar sem kauptrygging og aðrir launaliðir voru hækkaðir um 6,2%. Þessi hækkun á launaliðum sjómanna átti sér m. a. þá skýringu að málsaðilar lögðu það sameiginlega mat á launabreytingar fiskvinnslufólks og þar með á orlof og desemberuppbót að hækkunin skyldi nema 6,2%, enda voru þá engin ákvæði í kjarasamningum Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna um sérstaka eingreiðslu orlofs- og desemberuppbótar eins og hjá öðrum stéttarfélögum landverkafólks.

Í febrúar 1990 var í heildarkjarasamningum samið um að laun skyldu hækka um 1,5% 1. febrúar og 1,5% 1. júní auk frekari hækkana síðar og að orlofsuppbót skyldi hækka úr kr. 6.500 í kr. 7.000 og desemberuppbót úr kr. 9.000 í kr. 10.000. Á grundvelli hins almenna samnings gerðu aðilar með sér kjarasamning 24. nóvember 1990. Þá

var samið um 3,2% hækkun á kauptryggingu og kaupliðum í samræmi við hækkanir á launum landverkafólks.

Rökstuðningur stefnanda.

Aðalkrafa stefnanda er rökstudd með því að samkvæmt 5. gr. miðlunartillögu ríkissáttsemjara skuli starfsfólk fá desemberuppbót, sérstaka eingreiðslu kr. 12.000, eigi síðar en 15. desember ár hvert. Samkvæmt 6. gr. sömu miðlunartillögu skuli starfsfólk fá orlofsuppbót, sérstaka eingreiðslu kr. 8.000, eigi síðar en 15. ágúst á orlofsárinu. Þessi miðlunartillaga hafi verið samþykkt af öllum þorra sjómannafélaganna innan Sjómannasambands Íslands og óumdeilt sé að hún sé gildandi kjarasamningur milli aðila í dag. Með samningi þessum hafi sjómenn innan vébanda Sjómannasambands Íslands í fyrsta sinn fengið bein ákvæði í kjarasamning um sérstaka eingreiðslu orlofs- og desemberuppbóta. Frá því á árinu 1989 hafi stefnandi Sjómannasamband Íslands alltaf gert þá kröfu við gerð kjarasamninga að fá eingreiðslu á orlofs- og desemberuppbót með sama hætti og launþegar í landi. Þegar samningurinn frá 24. nóv. 1990 var gerður hafi sú krafa ekki náðst fram, heldur aðeins meðaltalshækkun á grundvelli ákvæða um samanburð launa sjómanna við landverkafólk.

Reikningsaðferð sú sem stefndi noti í kaupskrá á dskj. 4 felist í því að meta orlofs- og desemberuppbót miðlunartillögunnar til 0,6% launahækkunar til viðbótar við þau 1,7% sem kauptrygging hækkaði og dreifa þannig orlofs- og desemberuppbótinni á 12 mánuði eins og áður meðan engin ákvæði voru í kjarasamningum aðila um þessar uppbætur í stað þess að efna skyldu sína samkvæmt beinu ákvæði í miðlunartillögunni. Aðferð stefnda sé því brot á skýru orðalagi kjarasamnings. Meginregla varðandi túlkun kjarasamnings sé sú að skýrt orðalag skuli ráða. Þess vegna sé dómkrafa stefnanda sú að stefnda verði dæmt skylt að greiða umrædda desember- og orlofsuppbót sem eingreiðslu í fullu samræmi við 5. og 6. gr. miðlunartillögu ríkissáttasemjara í samræmi við orðanna hljóðan. Kaupskrá stefnda frá 1. maí 1992 á dskj. 4 sé ógild og að engu hafandi.

Stefnandi telur sjómenn innan Sjómannasambands Íslands, sem taka laun eftir áðurnefndri miðlunartillögu, eiga rétt á fullri og óskertri desember- og orlofsuppbót samkvæmt áðurnefndum greinum og að grunnkaup hækki í staðinn um 1,7% en ekki 2,3% eins og

stefndi hafi tekið sér vald til að ákveða. Þessi mál hafi verið leyst með þeim hætti hvað sjómenn varðar allt frá árinu 1988 að hækka grunnkaup þeirra til samræmis við desemberuppbót landverkafólks og síðar orlofsuppbót einnig frá árinu 1989. Stefnandi telur að aðalkrafa máls þessa hafi ekki í för með sér að lækka verði grunnkaup sjómanna á ný að svo miklu leyti sem desember- og orlofsuppbót eru inni nú. En varakrafa stefnanda er á því byggð að þessi lækkun verði talin réttmæt. Miðlunartillaga ríkisáttsemjara hafi verið fortakslaus og skilyrðislaus hvað varðaði sjómenn. Hún hafi gert ráð fyrir grunnkaupshækkun, 1,7% ofan á þá gildandi grunnlaun og fullri desember- og orlofsuppbót til sjómanna í fyrsta sinn án þess að gert væri ráð fyrir neinum sérstökum frádrætti vegna meðferðar þeirra mála á undanförnum árum. Miðlunartillaga ríkissáttasemjara geri hins vegar ráð fyrir sérstakri meðferð hvað varðar iðnnema, sem bendi til þess með gagnályktun að allir aðrir eigi að njóta fullrar uppbótar í desember og í orlofi. Ef ætlunin hefði verið að taka öðru vísi á málum sjómanna en landverkafólks hvað þetta varðar, hefði það orðið að koma fram í miðlunartillögunni þannig að sjómenn hefðu vitað áður en atkvæðagreiðsla fór fram hvað í tillögunni fólst.

Ef dómurinn fellst ekki á aðalkröfu stefnanda og telur að sjómenn innan Sjómannasambands Íslands eigi ekki rétt á fullri desember- og orlofsuppbót, er sú þrautavarakrafa gerð að sjómenn eigi í öllu falli rétt á þeirri hækkun sem varð á þessum uppbótum með miðlunartillögu sáttsemjara, en það eru kr. 1.000 í orlofsuppbót og kr. 2.000 í desemberuppbót og er þá miðað við að í febrúar 1990 var orlofsuppbót kr. 7.000 en varð kr. 8.000 með miðlunartillögunni og desemberuppbót var kr. 10.000 en varð kr. 12.000 samkvæmt miðlunartillögunni.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Sýknukrafa stefnda er rökstudd með því, að stefndi hafi með hækkun kauptryggingar og kaupliða í kaupskrá nr. 1/1992 á dskj. 4 efnt að fullu samningsskyldur sínar við félagsmenn stefnanda.

Því er mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að miðlunartillagan frá 26. apríl 1992 sé sjálfstæð og óháð því sem áður hefur gerst varðandi útfærslu á greiðslu orlofs- og desemberuppbótar. Jafnframt er því mótmælt að félagsmönnum stefnanda beri að fá greiddar kr. 8.000 í orlofsuppbót og kr. 12.000 í desemberuppbót eða samtals kr. 20.000

til viðbótar því sem þeir hafa áður fengið á sama tíma og aðrir launþegar, sem miðlunartillagan náði til, fái samtals kr. 2.500 til viðbótar því sem þeir höfðu áður fengið.

Í upphafi miðlunartillögunnar sé tilgreint, að hún sé annars vegar byggð á bókuðu samkomulagi samningsaðila um allt meginefni kjarasamnings, en hins vegar á tillögu sáttasemjara um lausn á deilu aðila um launalið og samningstíma. Í 1. grein séu tilgreind þau stéttarfélög og stéttarfélagasambönd, sem tillagan nær til. Á þeirri upptalningu sjáist að tillagan taki til nær allra stéttarfélaga á almenna vinnumarkaðnum. Auk þess hafi samskonar tillaga verið lögð fyrir aðildarfélög BSRB, þar sem á sáttastigi voru samhliða viðræður við ASÍ og BSRB.

Aðilar hafi komið sér saman um alla aðra þætti en tímalengd samnings og launahækkun. Áður en miðlunartillagan var lögð fram hafi aðilar deilunnar komist að samkomulagi um hækkun á orlofs- og desemberuppbót. Sáttasemjari hafi skorið á þennan hnút og með 2. og 3. gr. miðlunartillögunnar hafi hann gert tillögu um lausn á því sem ekki hafði náðst samkomulag um á milli aðila með því að leggja til að síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengdust til 1. mars 1993 og að laun og launatengdir liðir hækkuðu um 1,7% frá 1. maí 1992. Einu breytingarnar sem gerðar hafi verið á desember- og orlofsuppbót hafi verið þær, að greiðslur þessar hafi verið hækkaðar frá því sem áður var. Í umfjöllun um þær breytingar milli fulltrúa ASÍ og vinnuveitenda hafi einungis verið tekist á um hækkun greiðslna en aldrei á það minnst af hálfu fulltrúa ASÍ að uppi væru hugmyndir eða kröfur um breytingu á framkvæmd varðandi einstaka hópa. Hefði slík hugmynd komið fram og samkomulag orðið um það milli aðila að breyta framkvæmd varðandi fiskimenn hefði orðið að ganga frá sérstöku samkomulagi bæði með tilliti til liðins tíma og ekki síður hins að ekki verði betur séð en að setja þyrfti sérstakar framkvæmdareglur varðandi fiskimenn, þar sem reglurnar miði við tímalaunuð störf og myndu án efa valda erfiðleikum í framkvæmd þar sem vinnufyrirkomulag fiskimanna sé afar ólíkt því sem gerist í landi.

Stefndi telur að ekki sé hægt að fallast á það með stefnanda að miðlunartillöguna beri að túlka samkvæmt orðanna hljóðan í þessu tilviki þar sem verið var að leysa í einu lagi deilu við nær öll stéttarfélög launþega á almenna vinnumarkaðnum og hluta af opinberum

starfsmönnum. Hefði átt að breyta þeirri framkvæmd, sem verið hefur frá því að orlofs- og desemberuppbætur komu til sögunnar, hefði það þurft að koma skýrt fram. Samkvæmt staðfestingu ríkissáttasemjara á dskj. 23 sé ekkert um það bókað hjá honum á sáttastigi deilunnar. Eins og fylgiskjöl nr. 41–44 á dskj. 23 og dskj. 26 beri með sér hafi samkomulag verið komið á milli LÍÚ og SSÍ um allt annað en launahækkun og tímalengd samnings og þau ágreiningsmál hafi sáttasemjari leyst með miðlunartillögunni. Samkomulag hafi tekist um olíuverðsviðmiðun, tímamörk sett varðandi gerð kjarasamninga vegna nýrra veiði og verkunargreina og síðast en ekki síst lausn á meginkröfu SSÍ varðandi þátttöku áhafnar í kvótakaupum. Samkomulag hafi náðst um framangreind ágreiningsmál þann 26. apríl, skömmu áður en miðlunartillagan var lögð fram. Það sé svo ekki fyrr en löngu seinna að stefnandi ákveði að gera greiðslufyrirkomulag orlofs- og desemberuppbótar að ágreiningsmáli.

Með úrskurði Hagstofu Íslands 29. apríl 1988 hafi verið lagður grunnur að útfærslu á greiðslu orlofs- og desemberuppbótar til fiskimanna sem svo hafi verið fram haldið og metið sameiginlega af hagfræðingum aðila í næstu samningum á eftir. Með því hafi þessi aðferð í framkvæmd verið orðinn hluti af kjarasamningi aðila og breytist því ekki af sjálfu sér. Stefndi hafi farið rétt að með útgáfu kaupskrár nr. 1/1992 á dskj. 4, þar sem framkvæmt var mat á hækkun uppbótanna á sama hátt og áður var gert. Ekki hafi komið fram athugasemdir við útreikninginn af hálfu stefnanda. Jafnframt er vísað til kjarasamninga yfirmanna á fiskiskipum, þar sem staðfestur er skilningur og mat stefnda á ígildi orlofs- og desemberuppbótar. Þess vegna beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda og staðfesta þar með að kaupskrá nr. 1/1992 á dskj. 4 sé rétt.

Uppbæturnar hafi ekki alls staðar verið framkvæmdar sem eingreiðsla og sem dæmi nefnir stefndi byggingamenn.

Þrautavarakröfu stefnanda er mótmælt sem rangri og óraunhæfri, þar sem engin rök séu fyrir því að hafa tvískiptar reglur varðandi orlofs- og desemberuppbót, enda þekkist það ekki hjá neinum launþegahópi. Önnur hvor aðferðin, þ.e. krónutölureglan eða hlutfallsreglan verði að gilda að fullu.

Ef sýknukrafa stefnda verði ekki tekin til greina og dómurinn telji sjómenn innan Sjómannasamband Íslands eiga rétt á fullri or-

lofs- og desemberuppbót í formi eingreiðslu er gerð sú krafa að kauptrygging og kaupliðir verði niðurfærðir um 3,1%, þ.e. sama hlutfall og þeir hafi hækkað um frá árinu 1988 vegna mats á ígildi uppbótanna.

Niðurstaða.

Við túlkun á miðlunartillögu ríkissáttasemjara frá 26. apríl 1988 þarf einkum að hafa þrennt í huga. Í fyrsta lagi, að tillagan var í meginatriðum byggð á samkomulagi um annað en launaliði og samningstíma. Í öðru lagi, að markmið tillögunnar var að leysa á sameiginlegum grundvelli kjaradeilu, sem mikill fjöldi stéttarfélaga átti aðild að. Í þriðja lagi, að tillagan stefndi að sömu kjarabótum fyrir alla.

Ákvæði 5. greinar miðlunartillögunnar um desemberuppbót að fjárhæð kr. 12.000 og 6. greinar um orlofsuppbót að fjárhæð kr. 8.000 ber að skilja sem hækkun á þessum greiðslum frá síðast gildandi kjarasamningum, en þar voru þessar greiðslur almennt kr. 10.000 í desemberuppbót og kr. 7.000 í orlofsuppbót. Þannig hækkaði desemberuppbótin með miðlunartillögunni um kr. 2.000 en orlofsuppbótin um kr. 1.000.

Hjá sjómönnum var málum þannig háttað að í síðast gildandi kjarasamningi þeirra sem og fyrri samningum voru hvorki ákvæði um desemberuppbót né orlofsuppbót. Í stað þessara uppbóta höfðu sjómenn og útvegsmenn samið um sérstaka hækkun á kauptryggingu og kaupliðum. Aðilar eru sammála um það að við gerð síðast gildandi kjarasamnings þeirra frá 24. nóvember 1990 hafi þessi sérstaka hækkun numið 2,5% af kaupi og átti hún að jafngilda desemberuppbót að fjárhæð kr. 10.000 og orlofsuppbót að fjárhæð kr. 7.000, en uppbótafjárhæðir þessar tíðkuðust þá almennt í kjarasamningum verkalýðsfélaga. Þannig nutu sjómenn þessara uppbóta þó með ólíkum hætti væri en hjá öðrum stéttarfélögum.

Í ljósi framangreindra staðreynda verður að líta svo á að með samþykkt miðlunartillögunnar af hálfu beggja aðila hafi sjómenn samkvæmt 5. og 6. grein tillögunnar einungis öðlast rétt til desemberuppbótar að fjárhæð kr. 2.000 og orlofsuppbótar að fjarhæð kr. 1.000.

Eftir að miðlunartillagan var samþykkt varð ekki samkomulag um að reikna þessar tilgreindu fjárhæðir inn í kaupið eins og áður. Útvegsmenn gerðu það að vísu einhliða og töldu að sérstök kaup-

hækkun í stað uppbótanna ætti að nema 0,6% en sjómannafélögin höfnuðu því að beita þessari aðferð og kröfðust fyllstu uppbóta samkvæmt texta miðlunartillögunnar.

Desemberuppbót og orlofsuppbót verður ekki breytt í hækkun almennra kaupliða nema með samþykki beggja aðila og því stendur réttur sjómanna til desemberuppbótar, kr. 2.000, og orlofsuppbótar, kr. 1.000, óhaggaður.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður þrautavarakrafa stefnanda tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Félagsmenn í þeim sjómannafélögum innan Sjómannasambands Íslands, sem samþykktu miðlunartillögu ríkissáttsemjara frá 26. apríl 1992, eiga samkvæmt 5. og 6. gr. tillögunnar rétt á desemberuppbót að fjárhæð kr. 2.000 og orlofsuppbót að fjárhæð kr. 1.000.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 11. febrúar 1993.

Nr. 16/1992. **Alþýðusamband Íslands**
vegna Iðnnemasambands Íslands
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands og
til réttargæslu Alþýðusambandi Íslands
f.h. Félags framreiðslumanna
(Jón H. Magnússon hdl.)

Samkomulag. Iðnnemar. Vaktaálag. Yfirvinna.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem dómtekið var 5. febrúar sl., höfðaði Alþýðusamband Íslands vegna Iðnnemasambands Íslands fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefinni 2. desember 1992, gegn Vinnuveitendasambandi Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að 11. gr. samkomulags málsaðila frá 26. apríl 1992, um iðnnemakjör, verði túlkuð svo að framreiðslunemar skuli njóta vaktaálags ofan á daglaun og yfirvinnugreiðslna eftir þeim reglum sem gilda um framreiðslumenn í kjarasamningi Félags framreiðslumanna og stefnda f.h. Sambands Veitinga- og gistihúsa. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Með réttargæslustefnu, útgefinni 30. desember 1992, stefndi Vinnuveitendasamband Íslands Alþýðusambandi Íslands f.h. Félags framreiðslumanna til þess að gæta þar réttar félagsmanna Félags framreiðslumanna í máli þessu. Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Sótt var þing af hálfu réttargæslustefnda en engar kröfur gerðar.

Leitað var um sáttir í málinu án árangurs.

Við aðalmeðferð málsins kom fyrir dóm til skýrslugjafar Kolbeinn Arngrímsson formaður Félags framreiðslumanna.

Málavextir, málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Í stefnu segir varðandi málavexti að byggt sé á kjarasamningi málsaðila um iðnnemakjör og því hvernig sá samningur tengist kjarasamningi Félags framreiðslumanna og stefnda vegna Sambands Veitinga- og gistihúsa. Í samkomulagi aðila um iðnnemakjör frá 26. apríl 1992 eru svohljóðandi ákvæði í 11. gr.:

„Iðnnemar njóti sömu réttinda og hlunninda og ákveðin eru í samningum um kjör sveina í viðkomandi iðngrein svo sem fæðispeninga, fatapeninga, ákvæða um fjarlægðarlínur o.þ.h. en ekki þeirra, sem áunnin eru eða umsamin fyrir meiri starfsmenntun, sérþjálfun eða ábyrgð sveina.

Greiðsla vegna fjarlægðarlínu og hliðstætt greiðist ekki þann tíma sem nemar sækja skóla."

Í a. lið 3. gr. samkomulags þessa er ákvæði þess efnis að öll yfirvinna og vaktaálög skuli greidd sem hlutfall af dagvinnulaunum iðnnema á fjórða ári fyrir unninn tíma.

Stefnandi telur framangreind ákvæði vísa til II. kafla í kjarasamningi milli Félags framreiðslumanna og stefnda f.h. Sambands veitinga- og gistihúsa. Í gr. 2.6.4. í þeim samningi sé ákvæði þess efnis, að þar sem einungis eru unnar kvöldvaktir reiknist 33% álag á tímabilinu kl. 17.00–02.00 mánudaga til föstudaga. Á öðrum vöktum reiknast 33% vaktaálag á tímabilið frá 07.30–08.00 og frá kl. 17.00 til 00. 30. Vinna á vöktum laugardaga og sunnudaga reiknast með 45% álagi. Í 2.6.5. segir ennfremur að á vinnu sem fellur utan ofangreindra tímamarka, svo og á vaktafrídaga og helgidaga samkvæmt l. og 2. mgr. reiknist yfirvinnukaup.

Kaup framreiðslumanna sé þannig uppbyggt að þeir fái laun sín greidd sem þjónustugjald, sbr. gr. l.l. í kjarasamningi Félags framreiðslumanna og VSÍ vegna Sambands veitinga- og gistihúsa. Almennt þjónustugjald skuli vera 15 % af verði veitinga til almennings að frátöldu þjónustugjaldi og virðisaukaskatti. Samkvæmt II. kafla kjarasamningsins skuli framreiðslumönnum tryggð lágmarkslaun á mánuði (þ.e. nettólaun að frádregnum greiðslum vegna nema og aðstoðarfólks samkvæmt uppgjöri). Vegna þess að heildarlaun framreiðslumanna byggi á þjónustugjaldi samkvæmt 1. gr. samningsins og þar með hlutdeild í tekjum veitingahúss sé starfsemi þeirra blönduð að því leyti að launakjör og réttarstaða gagnvart atvinnurekanda byggi á kjarasamningi, en starf þeirra sé þó sjálfstætt með

ágóðahlut eins og með verktöku eða sjálfstæða starfsemi væri að ræða. Þannig ráði framreiðslumenn iðnnema til sín í vinnu og greiði þeim laun af sínum hlut á grundvelli kjarasamnings milli ASÍ og VSÍ um iðnnemakjör. Félag framreiðslumanna sé innan Alþýðusambands Íslands en neiti allt til þessa að virða þau ákvæði í kjarasamningi sem hér er um deilt. Málssókn þessi sé nauðsynleg gegn Vinnuveitendasambandi Íslands vegna aðildar þess að málinu og til þess að fá dóm fyrir hinni réttu túlkun kjarasamningsins. Alþýðusamband Íslands hafi reyndar til margra ára eða allt frá árinu 1983 verið þeirrar skoðunar að framreiðslunemum beri vaktaálag, sbr. bréf ASÍ dags. 19. maí 1983 til Iðnnemasambands Íslands. Félag framreiðslumanna hafi hinsvegar hundsað þá afstöðu. Alþýðusamband Íslands geti ekki beitt agavaldi gagnvart Félagi framreiðslumanna, en veiti hins vegar heimild til málshöfðunar þessarar til þess að leysa þessa deilu.

Stefnandi byggir málshöfðunina á 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 enda sé hér um að ræða ágreining um skilning á vinnusamningi eða gildi hans. Kjarasamningur aðila um iðnnemakjör er gerður 26. apríl 1992 og hafi hann sama gildistíma og uppsagnarákvæði og hinir almennu kjarasamningar aðila frá sama tíma og taki sömu launabreytingum, sbr. 18. gr. Vinnuveitendasamband Íslands sé samkvæmt meginreglum vinnuréttar bundið af þessum kjarasamningi gagnvart Alþýðusambandi Íslands um kjör íslenskra iðnnema. Iðnnemasamband Íslands hafi ekki réttarstöðu stéttarfélags og komi því Alþýðusambandið fram f.h. Iðnnemasambandsins í þessu máli. Eins og fram komi í 3. gr. vinnulöggjafarinnar séu einstakir meðlimir félaga bundnir af löglegum samningum þeirra, þeirra á meðal Samband veitinga- og gistihúsa hvað varðar framreiðslunema. Í 11. gr., sbr. gr. 3. a í kjarasamningi um iðnnemakjör, séu skýr ákvæði þess, að iðnnemar skuli njóta sömu réttinda og hlunninda og ákvæðin eru í samningum um kjör sveina í viðkomandi iðngreinum og sérstaklega tekið fram að yfirvinna og vaktaálög skuli greidd sem hlutfall af dagvinnulaunum nema á 4. ári fyrir unninn tíma.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að fyrir nokkrum mánuðum hafi framkvæmdastjórar Alþýðusambandsins og Iðnnemasambandsins komið á fund fulltrúa stefnda og Sambands veitinga- og gistihúsa. Farið hafi verið fram á það að stefndi viðurkenndi að

framreiðslunemum bæri að fá greitt vaktaálag. Þá hafi fulltrúi stefnda krafist þess að fram kæmi sameiginleg afstaða ASÍ og aðildarfélags þess áður en stefndi tæki formlega afstöðu til kröfunnar, þar sem hún snerti fyrst og fremst félaga í aðildarfélagi stefnanda.

Framkvæmdin sé í grófum dráttum sú, að innheimt sé 15-20% þjónustugjald af öllum veitingum, sem seldar eru á veitingastöðum, hvort sem framreiðslumenn annist söluna og þjónustuna sjálfir eða salan og þjónustan sé innt af hendi af framreiðslunemum þeirra eða ófaglærðu aðstoðarfólki í þjónustu framreiðslumannanna. Viðkomandi framreiðslumaður fái allt þjónustugjaldið en greiði ófaglærðu aðstoðarfólki sínu og framreiðslunemum laun fyrir unninn tíma. Kaup ófaglærða fólksins og nemanna tengist ekkert tekjum af þjónustugjaldinu. Þau séu á föstu kaupi, sem sé það sama hvort sem salan er lítil eða mikil.

Eftir því sem best sé vitað hafi framreiðslumenn borið fyrir sig álit lögmanns félagsins þegar þeir hafa neitað nemum um greiðslu vaktaálags. Þessi deila sé því í raun innanbúðar vandamál hjá stefnanda, sem eðlilegast væri að leysa á þeim vettvangi. Þar sem aðildarfyrirtæki stefnda annist ekki launagreiðslur til framreiðslunema hafi stefndi og talið og telji reyndar enn eðlilegt að gera þá kröfu að Alþýðusambandið og aðildarfélag þess samræmdu afstöðu sína til málsins áður en stefndi er krafinn um formlega afstöðu.

Kröfur í máli þessu beinist í reynd að félögum í Félagi framreiðslumanna, sem er aðili að Alþýðusambandinu, þess vegna sé Alþýðusambandi Íslands stefnt til réttargæslu til þess að gæta réttar félagsmanna Félags framreiðslumanna.

Niðurstaða.

Eins og fram kemur í 1. mgr. 11. greinar í samkomulagi málsaðila um iðnnemakjör frá 26. apríl 1992, njóta iðnnemar sömu réttinda og hlunninda og ákveðin eru í samningum um kjör sveina í viðkomandi iðngrein. Í a-lið 3. greinar sama samkomulags eru ákvæði um að öll yfirvinna og vaktaálög skuli greidd sem hlutfall af dagvinnulaunum iðnnema á 4. ári fyrir unninn tíma.

Í greinum 2.6.4. og 2.6.5. í kjarasamningi Félags framreiðslumanna og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Sambands veitinga- og gistihúsa frá 1. febrúar 1990 er m.a. að finna ákvæði um vaktaálag og yfirvinnugreiðslur.

Með hliðsjón af skýru orðalagi fyrrgreindrar l. mgr. 11. greinar í

samkomulagi málsaðila og áðurnefndra ákvæða um vaktaálag og yfirvinnugreiðslur, telur dómurinn að fallast beri á dómkröfur stefnanda þannig, að 11. grein samkomulags málsaðila um iðnnemakjör verði túlkað svo, að framreiðslunemar skuli njóta vaktaálags ofan á dagvinnulaun og yfirvinnugreiðslna eftir ofangreindum reglum.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Framreiðslunemar skulu njóta vaktaálags ofan á dagvinnulaun og yfirvinnugreiðslna eftir reglum kjarasamnings framreiðslumanna og samkomulags um iðnnemakjör.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 12. mars 1993.

Nr. 1/1993. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Félags framreiðslumanna
(Brynjar Nielsson hdl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
f.h. Sambands veitinga- og gistihúsa
vegna Hótels Loftleiða
(Jón H. Magnússon hdl.)

Kjarasamningur. Ófaglært starfsfólk. Iðnréttindi.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem dómtekið var 16. febrúar sl., höfðaði Alþýðusamband Íslands f.h. Félags framreiðslumanna, Óðinsgötu 7, Reykjavík, fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefinn 4. janúar sl., gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Sambands veitinga- og gistihúsa, Garðastræti 42, vegna Hótels Loftleiða, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að dæmt verði, að stefndi hafi brotið gegn ákvæði greinar 5.1, gildandi kjarasamnings milli Vinnuveitendasambands Íslands vegna Sambands veitinga- og gistihúsa og Félags framreiðslumanna, með því að hafa ófaglært starfsfólk við framreiðslustörf án samþykkis Félags framreiðslumanna.
2. Að viðurkennt verði, að í iðn framreiðslumanna felist framreiðsla á öllum veitingum fyrir gesti sem á boðstólum eru á hótelum, veitingahúsum og öðrum þeim stöðum sem framreiðsla fer fram í atvinnuskyni.
3. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Við aðalmeðferð málsins komu fyrir dóm til skýrslugjafar þau Þórunn Reynisdóttir hótelstjóri á Hótel Loftleiðum og Haraldur Örn Tómasson framreiðslumaður.

Málavextir.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að viðræður hafi verið í gangi milli aðila um fastlaunasamninga og endurskoðun á þjónustugjaldi. Ekki hafi náðst samkomulag milli aðila. Stefndi hafi sagt öllum faglærðum framreiðslumönnum upp störfum l. september sl. Hafi þeir haft mismunandi langan uppsagnarfrest, frá einum upp í þrjá mánuði. Áður en uppsagnirnar komu til hafi 8 framreiðslumenn starfað við framreiðslu hjá stefnda auk 4 nema í framreiðslu þeim til aðstoðar. Einnig hafi starfað hjá stefnda 2 veitingastjórar sem eru félagsmenn í Félagi framreiðslumanna. Af framreiðslumönnunum hafi aðeins 3 verið endurráðnir þar af báðir veitingastjórarnir. Störf þeirra sem sagt var upp séu nú unnin af ófaglærðu starfsfólki stefnda án tilskilinna leyfa frá Félagi framreiðslumanna.

Af hálfu stefnda er málavöxtum lýst á þá leið, að verulegt tap hafi verið á veitingastarfsemi Hótels Loftleiða og á árinu 1992 hafi verið unnið að því að leita leiða til endurskipulagningar rekstursins og lækkunar kostnaðar. Tekjur hafi dregist verulega saman og ekki hafi verið útlit fyrir betri tíð á næstunni. Vorið 1992 hafi nýr hótelstjóri tekið við og um sumarið hafi hann rætt við starfsmenn eina og sér og í hópum um ástand og horfur í rekstri hótelsins. Meðal annars hafi verið haldinn hópfundur með framreiðslumönnum hótelsins í lok ágúst. Einn framreiðslumanna hafi skrifað minnisblað sem lagt hefur verið fram um fundinn. Ónákvæmt orðalag í niðurlagi minnisblaðsins, sem eignað var hótelstjóranum, hafi verið notað sem tylliástæða til þess að slíta viðræðum við Samband veitinga- og gistihúsa. Á þessum tíma hafi stjórnendur Hótels Loftleiða þegar tekið um það ákvörðun að breyta rekstrarfyrirkomulagi og/eða hætta veitingarekstri fyrir eigin reikning. Með tilliti til þess hafi verið talið rétt og eðlilegt að segja framreiðslumönnum upp störfum, þar sem þeir áttu allt að þriggja mánaða uppsagnarfrest og yrði á þeim tíma tekin ákvörðun um það hvert framhaldið yrði. Haldnir hafi verið nokkrir fundir með fulltrúum Félags framreiðslumanna, en þeir hafi ekki leitt til neinnar niðurstöðu, þar sem fulltrúar stéttarfélagsins voru ekki tilbúnir til að ræða um neitt annað en að krefjast þess að uppsagnir yrðu dregnar til baka.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á gildandi kjarasamningi aðila. Þar segir í V. kafla grein 5.1. að veitingahúsum sé óheimilt að hafa aðra við framreiðslu en þá, sem séu fullgildir meðlimir í Félagi framreiðslumanna, nema að fengnu leyfi félagsins. Samkvæmt þessu ákvæði kjarasamningsins njóti félagar í Félagi framreiðslumanna samningsbundins forgangsréttar til framreiðslustarfa. Að segja faglærðum framreiðslumönnum, sem eru félagar í Félagi framreiðslumanna, upp störfum og fela ófaglærðu fólki að sinna þeim störfum, sem þeir áður unnu, telur stefnandi ótvírætt brot á framangreindu forgangsréttarákvæði kjarasamningsins sem í gildi sé á milli aðila.

Í þessu sambandi sé nauðsynlegt að fá úr því skorið hvað felist í framreiðslustörfum. Hér vísar stefnandi fyrst og fremst í upphaf tillögu að námsskrá í framreiðsluiðn fyrir Hótel- og veitingaskóla Íslands, sem m.a. sé undirrituð af formanni Félags Veitinga og gistihúsa, en námsskrá þessi hefur nú verið staðfest af menntamálaráðuneytinu.

Stefnandi telur það engu breyta þó að ófaglærðir hafi unnið við iðnina að einhverju leyti sem aðstoðarmenn framreiðslumanna. Í iðnaðarlögum 8. gr. sé gert ráð fyrir því að ófaglært starfsfólk geti unnið við iðnaðarstörf undir stjórn iðnaðarmanns þegar sérstaklega stendur á og þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni. Í þessu felist ekki að stefndi geti breytt skilgreiningu á framreiðsluiðn vegna þess að ófaglært starfsfólk hafi unnið þessi störf að einhverju leyti undanfarin ár.

Um lagarök vísar stefnandi aðallega til gildandi kjarasamnings milli málsaðila, laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og iðnaðarlög nr. 42/1978. Einnig er vísað til dóma Félagsdóms.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnanda að dómkrafa skv. lið 2 væri lögð fyrir dóminn skv. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Því er mótmælt sem röngu og ósönnuðu að brotið hafi verið gegn forgangsréttarákvæði kjarasamnings framreiðslumanna með því að segja framreiðslumönnum upp störfum og fela ófaglærðu fólki að sinna þeim störfum sem þeir faglærðu sinntu áður.

Áður en endurskipulagning á rekstri veitingastarfsemi stefnda fór fram, þá hafi hún skipst í 4 vinnusvæði og hafi verkaskipting verið

stíf, þ.e. framreiðslumenn hafi ekki farið á milli vinnusvæða. Nánar tiltekið hafi skiptingin verið þessi: 1) Víkingasalur, 2) Blómasalur, 3) Lón og 4) Herbergjaþjónusta (Room service) og ráðstefnusalir.

Í Víkingasal og Blómasal hafi samtals starfað 8 framreiðslumenn. Í Blómasal, þar sem afgreitt var af matseðli og gestum þjónað til borðs, hafi 6 framreiðslumenn starfað auk nema og ófaglærðra. Þrír framreiðslumenn og framreiðslunemi hafi verið á vakt í einu. Þessir 8 framreiðslumenn hafi skipt með sér störfum þannig, að 6 voru í Blómasal og 2 í Víkingasal tvo mánuði í senn og svo hafi þetta gengið hringinn. Í Víkingasal hafi tveir framreiðslumenn verið og framreiðslunemi og hafi þeir kallað til ófaglært aðstoðarfólk til viðbótar eftir þörfum hverju sinni. Þeir ófaglærðu, sem unnu í Lóninu, hafi oft unnið í aukavinnu hjá framreiðslumönnunum í Víkingasal, í veislum á kvöldin og um helgar. Framreiðslumenn hafi ekki farið á milli sala, þ.e. framreiðslumenn hafi setið og beðið í hléum, en ekki komið til starfa í hinum salnum þó að þar væri þörf. Í Lóni hafi verið boðið upp á hlaðborð og matseðil dagsins og ófaglærðir starfsmenn hafi sinnt gestum þar, undir eftirliti veitingastjóra. Ófaglærðir hafi sinnt bæði afgreiðslu veitinga á herbergi og til ráðstefnugesta.

Lokun Blómasalar hafi leitt til fækkunar framreiðslumanna. Eftir breytinguna séu hverju sinni 1–2 framreiðslumenn á vakt í Lóni, auk nema og ófaglærðra. Sé þar um að ræða aukningu faglærðra í þeirri deild frá því sem áður var. Þegar erfidrykkjur eða veislur eru í Víkingasal, þá starfi þar framreiðslumenn, nemar og aðstoðarfólk, eins og áður.

Stefndi sé með þrjá fastráðna framreiðslumenn í sinni þjónustu og bæti við framreiðslumönnum eftir þörfum, einkum í veislur í Víkingasal. Ekki verði annað séð en að það sé í fullu samræmi við grein 5.1. í framlögðum kjarasamningi. Í greinum 5.2. og 5.3. í sama samningi sé gert ráð fyrir því að til viðbótar séu nemar og aðstoðarfólk. Samkvæmt áratuga venju hafi ófaglært fólk unnið jöfnum höndum við afgreiðslu á mat og drykk í veitingahúsum á Íslandi. Félög ófaglærða fólksins hafi um langan aldur haft kjarasamning um framreiðslu og afgreiðslustörf.

Því er mótmælt sem röngu og ósönnuðu að stefndi hafi brotið gegn 5. kafla kjarasamnings framreiðslumanna og ákvæðum 8. gr. laga nr. 42/1978.

Vegna tilvísunar stefnanda til ákvæða greinar 5.1. í kjarasamningi

um leyfisveitingar Félags framreiðslumanna til ráðninga ófaglærðra til framreiðslustarfa er skorað á stefnanda að upplýsa hve margar leyfisveitingar hafa verið á undanförnum 10 árum og hvers eðlis þær hafa verið, m.a. hvort iðnlærðir framreiðslumenn hafi verið fyrir á þeim stöðum sem sótt kunna að hafa um leyfi.

Um kröfu 2. Stefndi telur kröfu þessa óljósa og vanreifaða. Krafan sé byggð á dskj. 4, sem sé tillaga að námskrá í framreiðsluiðn fyrir Hótel- og veitingaskóla Íslands. Vafasamt verði að teljast að krafa þessi geti fallið undir úrlausn hins reglulega Félagsdóms, með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 44. gr., sbr. 3. mgr. (sic) 39. gr. laga nr. 80/1938. Í kröfu þessari virðist felast, að framreiðslumenn séu nú að gera kröfu til starfa, sem þeir hafi aldrei sinnt áður. Framreiðslumenn hafi ekki viljað vinna á kaffibörum og sjálfsafgreiðslustöðum, en virðist nú m.a. gera kröfu til starfa þar. Í Félagi starfsfólks í veitingahúsum (FSV), sem er félag ófaglærðra starfsmanna í veitingahúsum á stór Reykjavíkursvæðinu, séu um 900 félagsmenn. Í Félagi framreiðslumanna (FF), sem er landsfélag, séu rösklega 100 félagsmenn. FF virðist vera að gera kröfu til þess að taka yfir störf stórs hluta félagsmanna FSV og félagsmanna annarra stéttarfélaga ófaglærðra úti um land, sem sinnt hafa framreiðslu og afgreiðslu á matsölustöðum.

Niðurstaða.

Á sl. hausti var 10 framreiðslumönnum sagt upp á Hótel Loftleiðum, en þrír þeirra voru síðan endurráðnir. Þessi fækkun framreiðslumanna átti sér stað sökum samdráttar í rekstri og hagræðingar að sögn stefnda. Stefnandi telur þessar uppsagnir mun víðtækari en samdrátturinn gefi tilefni til og því sé augljóst að ófaglært fólk sinni nú hluta af þeim störfum sem framreiðslumennirnir gegndu áður. Jafnframt telur stefnandi að hér sé um að ræða brot gegn grein 5.1. í kjarasamningi aðila, en þar er fram tekið að veitingahúsum sé óheimilt að hafa aðra við framreiðslu en þá, sem séu fullgildir félagar í Félagi framreiðslumanna, nema að fengnu leyfi félagsins.

Á hinn bóginn segir stefndi að framreiðslumennirnir þrír, sem gegna áfram störfum, vinni nú til muna lengri vinnudag en áður auk þess sem lausráðnir framreiðslumenn starfi við veitingareksturinn þegar á þurfi að halda. Í Blómasalnum hafi áður starfað sex framreiðslumenn fyrir breytingarnar en nú sé rekstri þar hætt. Stefndi mótmælir því sem röngu og ósönnuðu að ófaglært fólk sinni nú

þeim störfum sem faglærðir sinntu áður enda hafi ófaglærðu starfsfólki við reksturinn einnig fækkað í kjölfar uppsagna til framreiðslumanna.

Í grein 5.2. í kjarasamningi aðila segir að framreiðslumenn skuli fá samþykki veitingamanns fyrir fjölda aðstoðarfólks og vinnutíma þess og ennfremur að aðstoðarfólk skuli ráðið á laun samkvæmt kjarasamningi Félags starfsfólks í veitingahúsum, en í þeim samningi er meðal annars gert ráð fyrir störfum við framreiðslu. Þá er í grein 2.1. í kjarasamningi aðila fjallað um uppgjör til framreiðslumanna að frádregnum greiðslum til nema og aðstoðarfólks. Þessi tvö samningsatriði sýna að það eru að jafnaði framreiðslumenn en ekki veitingastaðirnir sem ráða aðstoðarfólkið og greiða því laun.

Stefnandi hefir hvorki tilgreint þá ófaglærðu starfsmenn, sem eiga að hafa gengið inn í störf framreiðslumanna né hvar á vinnusvæðinu þeir starfi eða hverskonar framreiðslustörf þeir inni af hendi nánar tiltekið. Með þetta í huga ásamt hinu sérstaka vinnusambandi framreiðslumanna og aðstoðarfólks, sem að framan er lýst, telur dómurinn ósannað að stefndi hafi brotið gegn grein 5.1. í gildandi kjarasamningi aðila og því ber að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

Um kröfulið 2.

Undir þessum lið gerir stefnandi kröfu um viðurkenningu á því að í iðn framreiðslumanna felist framreiðsla á öllum veitingum fyrir gesti, sem á boðstólum eru á hótelum, veitingahúsum og öðrum þeim stöðum þar sem framreiðsla fer fram í atvinnuskyni. Þessi krafa er lögð fyrir dóminn sem ágreiningur um skilning á kjarasamningi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Í kjarasamningi aðila er hins vegar ekki að finna neina almenna skilgreiningu á framreiðslustörfum, enda ræðst umfang iðnréttinda ekki af kjarasamningum. Svo víðtæk og afdráttarlaus krafa um hvað felist í iðn framreiðslumanna eins og hér er gerð verður ekki til lykta leidd án atbeina þeirra stjórnvalda, sem fara með mál löggiltra iðngreina.

Framangreindar ástæður hafa það í för með sér að kröfunni verður að vísa frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Sambands veitinga- og gistihúsa vegna Hótels Loftleiða, skal vera sýkn af

fyrsta kröfulið stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Félags framreiðslumanna, í máli þessu.

Öðrum kröfulið stefnanda er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 25. mars 1993.

Nr. 1/1992.

BSRB f.h.
Fóstrufélags Íslands,
Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi,
Starfsmannafélags Akraness,
Starfsmannafélags Neskaupstaðar,
Ljósmæðrafélags Íslands,
Starfsmannafélags ríkisstofnana,
Félags íslenskra símamanna,
Sjúkraliðafélags Íslands,
Starfsmannafélags Húsavíkur,
Starfsmannafélags Keflavíkur,
Starfsmannafélags Sauðárkróks,
Starfsmannafélags Siglufjarðar,
Starfsmannafélags Vestmannaeyja,
Félags opinberra starfsmanna Austurlandi,
Félags opinberra starfsmanna Húnavatnssýslum,
Félags opinberra starfsmanna Vestfjörðum og
Starfsmannafélags Akureyrarbæjar
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Verkfallsheimild.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Eiríkur Helgason og Valtýr Sigurðsson.

Málið, sem dómtekið var 10. mars sl., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 28. febrúar 1992 og þingfestri 24. mars 1992. Það var að ósk lögmanna aðila að málinu var frestað frá 28. apríl 1992 og þar til í janúar 1993.

Stefnendur eru stéttarfélög þau, sem tilgreind eru í heiti málsins, en Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Grettisgötu 89, Reykjavík fer með málið í umboði þeirra fyrir dóminum.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Undir rekstri málsins gerðu aðilar með sér sátt sem m.a. felur í sér samkomulag um það að á skrá um forstöðumenn stofnana og

staðgengla þeirra sem óheimilt er að gera verkfall skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986, og birt var sem auglýsing nr. 28 í B deild Stjórnartíðinda þann 23. janúar 1992, að í stað orðanna „Tilraunastöðvar RALA" „bústjórar" komi „Tilraunastöðin Hesti, Borgarfirði" „bústjóri" og orðin „Húsameistari ríkisins" „skrifstofustjóri" falli niður.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru:

Að eftirtaldar breytingar verði gerðar á „skrá skv. 2. mgr. 19. gr. 1. nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna", sem birt var sem auglýsing nr. 27 í B deild stjórnartíðinda sem út kom 23. janúar 1992. Breytingin feli í sér að undirstrikuð orð undir „starf" falli út:

Stofnun.	*Starf/félag.*
Tilraunastöð HÍ að Keldum.	Framl. og dreifing lyfja.
Rannsóknarmaður (1) (SFR).	
Flugstöð Leifs Eiríkssonar.	*Öryggisverðir* (SFR).
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.	
Fæðinga- og kvensj.deild.	*Sjúkraliðar (2)* (STAK). Þess er krafist að 2 sjúkraliðar verði á morgunvakt, en 1 á kvöld- og næturvakt.
Handl. og bæklunard.	*Sjúkraliðar (3)* (STAK). Verði 3 sjúkral. á morgunvakt, 2 á kvöldvakt og 1 á næturvakt.
Lyflækningadeild.	*Sjúkraliðar (3)* (STAK). Verði 3 sjúkraliðar á morgunvakt, 2 á kvöldvakt og 1 á næturvakt.
Fjarskiptasvið.	*Starfsmenn.*
Barnaheimili.	*Fóstra* (FÍ/STAK).
Skóladagheimili.	*Fóstra/starfsmaður* (STAK).
Póst- og símamálastofnun,	
mælistofu Landsímans (FÍS).	*Símaverkstjóri ljósleiðaradeildar* (FÍS).
Umsýslusvið.	
Umdæmi I.	*Starfsmenn radíóflugþjónustu og strandstöðvar í Gufunesi* (FÍS).
Umdæmi IV.	*Varðstjóri talsímaafgreiðslu á* Egilsstöðum.(FÍS). *Starfsmenn strandarstöðvar Neskaupstað* (FÍS).

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað.

Dómkröfur stefnda eru:

Að þeim þætti í dómkröfum stefnanda er lítur að starfsheitunum:

Tilraunastöð HÍ að Keldum.	
Framl. og dreifing lyfja	*Rannsóknarmaður (1)* (SFR).
og	
Barnaheimili.	*Fóstra* (FÍ/STAK).

verði vísað frá dómi.

Verði frávísunarkrafan ekki tekin til greina er krafist sýknu af þessum kröfuliðum og öðrum kröfum stefnanda eins og þær liggja fyrir í nýrri kröfugerð hans, með þeim undantekningum er hér greinir:

Stefndi fellst á, að auglýst verði störf á þrem tilteknum legudeildum við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri eins og stefnandi gerir kröfu um.

Þá fellst stefndi á að fella af auglýstri skrá eftirtalin starfsheiti:

Skóladagheimili.	*Fóstra/starfsmaður* (STAK).
Póst- og símamálastofnun.	
Fjarskiptasvið.	*Símaverkstjóri ljósleiðaradeildar* (FÍS).
Umsýslusvið.	
Umdæmi IV.	*Varðstjóri talsímaafgreiðslu á Egilsstöðum (FÍS).* *Starfsmenn strandarstöðvar í Neskaupsstað (FÍS).*

Stefndi krefst þess að stefnendur verði in solidum dæmdir til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Ágreiningur aðila er þá í fyrsta lagi um frávísunarkröfu stefnda að því er varðar Tilraunastöð HÍ að Keldum.

Framl. og dreifing lyfja	*Rannsóknarmaður (1)* (SFR).
og	
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	
barnaheimili.	*Fóstra (FÍ/STAK).*
Í öðru lagi er efniságreiningur um:	
Flugstöð Leifs Eiríkssonar,	öryggisverði,
Starfsmenn Póst- og símamálastofnunar.	
Fjarskiptasvið	starfsmenn mælistofu Landsímans.
Umsýslusvið.	
Umdæmi I.	starfsmenn radíóflugþjónustu og strandstöðvar í Gufunesi.

Þá er efniságreiningur um þá þætti málsins sem krafist var frávísunar á, verði frávísunarkrafan ekki tekin til greina.

Aðild málsins og form.

Stefnandi segir málið eiga undir Félagsdóm skv. 2.mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Aðiljasamlag sé sóknarmegin enda öll félögin sem standa að málinu innan BSRB. Stefndi hefur samþykkt aðiljasamlagið.

Lögmenn aðila eru því samþykkir að fjallað sé í einu lagi um frávísunarkröfur stefnda og efniskröfur í málinu.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að opinberir starfsmenn hafi heimild til verkfalls. Undantekningar frá þeirri aðalreglu verði að styðjast við sérstakan rökstuðning frá stefnda, ef andmæli séu sett fram af hálfu viðkomandi stéttarfélags.

Samkvæmt orðalagi 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 skuli fjármálaráðherra birta skrár um störf sem undanskilin eru verkfallsheimild og andmæli gegn breytingum á skránum skuli borin fram fyrir 1. mars sama ár og ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm. Stefnandi hafi að þessu sinni lagt fram andmæli sín í formi stefnu málsins innan áskilinna tímamarka. Andmælin hafi ekki einungis náð til atriða sem breyst hafa frá síðustu skrá, heldur varði þau að hluta atriði sem jafnframt hafi verið á skránni 1991. Reyni því sjálfstætt á það í þessu máli, hvort andmælarétturinn sé bundinn við breytingar á skrá, þar sem stefndi hafi lýst því yfir við stefnanda að hann muni bera fyrir sig að andmælaréttur stefnanda nái einungis til breytinganna. Samkvæmt dómi Félagsdóms í máli nr. 1/1990 hafi andmælaréttur við skrá skv. 29. gr. laga nr. 38/1954 ekki verið bundinn við breytingar. Sömu rök eigi við í þessu máli þrátt fyrir mismun á orðalagi 19. gr. laga nr. 94/1986 og 29. gr. laga nr. 38/1954.

Auglýsingin sé óbreytt varðandi rannsóknarmenn við framleiðslu og dreifingu lyfja á Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Þessir starfsmenn séu nú sem fyrr félagsmenn í Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Að mati stefnanda falla störf rannsóknarmannanna ekki undir nauðsynlegustu öryggisgæslu eða heilsuþjónustu.

Fóstra á barnaheimili Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Það starf var á síðasta lista, en þá hafi félagsmaður í Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar gegnt starfinu. Nú sé starfsmaðurinn í Fóstrufélagi Íslands. Stefnandi telur að jafnvel þótt talið sé að almennt verði ein-

ungis komið að andmælum við breytingum á lista, þá geti slíkt ekki gilt þegar nýtt stéttarfélag fær andmælaréttinn vegna breytinga á stéttarfélagsaðild. Umrædd fóstra, sem sé félagsmaður í Fóstrufélagi Íslands, hafi tekið við starfi í júní 1991. Rekstur barnaheimilis telst að mati stefnanda ekki til nauðsynlegustu heilsugæslu.

Stefnandi telur að með því að fá dóm Félagsdóms um þessi tvö tilvik ætti að skapast skýrari línur um takmörk andmælaréttar stéttarfélaganna gegn birtum skrám.

Í öllum öðrum tilvikum sem andmælt er hafi stefndi einhliða breytt síðasta lista án þess að stefnandi fallist á að þar sé um nauðsynlegustu öryggisgæslu eða heilbrigðisþjónustu að ræða. Samkvæmt dómi Félagsdóms í málinu nr. 1/1990 þurfi stefndi að sýna fram á réttmæti breytinganna þegar andmæli séu borin fram. Félagsdómur taki svo afstöðu til andmælanna á grundvelli þeirra gagna sem stefndi geti lagt fram til stuðnings því að um nauðsynlegustu öryggisgæslu eða heilbrigðisþjónustu sé að ræða.

Þau störf sem andmælt er að séu á listanum teljist ekki til nauðsynlegustu öryggisgæslu eða heilbrigðisþjónustu. Ekki nægi að starf sé nauðsynlegt í þessu sambandi því lögin áskilji að einungis allra nauðsynlegustu störf séu undanskilin verkfallsheimildinni, eins og sjáist af orðalagi 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, þar sem orðið nauðsynlegur sé notað í hástigi. Í þessu sambandi undirstrikar stefnandi einnig að verkfallsrétturinn sé almenna reglan og því beri að túlka undantekningar frá honum þröngri lögskýringu. Við þetta mat beri einnig að líta til öryggisreglunnar í 20. gr. laganna, sbr. 21. gr., sem heimili að verkfallsmenn séu kallaðir til starfa tímabundið til þess að afstýra neyðarástandi.

Jafnframt er því haldið fram af hálfu stefnanda að hin auglýsta skrá sé um margt óljós en markmið með birtingu lista hljóti að vera það að tilgreina sem nákvæmlegast hver störf skuli unnin þrátt fyrir verkfall. Þannig að starfsmönnum sé ljóst í upphafi verkfalls hvort þeir hafi vinnuskyldu eða ekki. Hin birta skrá sé í heild sinni ekki skrá um störf eins og áskilið sé í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 heldur að verulegu leyti upptalning á starfsemi sem stefnandi telji nauðsynlega komi til verkfalls. Þá sé víða tilgreindur tiltekinn fjöldi starfsmanna af mörgum án þess að mögulegt sé að sjá hverjir starfsmannanna skuli undanskildir verkfallsheimild.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er frávísunarkrafa sem varðar rannsóknarmenn við Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum og fóstru við barnaheimili FÁS rökstudd með vísan til 3. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Samráð það sem ráðgert sé í þessu lagaákvæði hafi þróast þannig, að starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytis tilkynni viðkomandi stéttarfélögum þær breytingar sem fyrirhugaðar séu á hverjum tíma. Einstök stéttarfélög eigi rétt á að andmæla breytingum á skrám og sé þeim sett tímamark til 1. mars sama ár til þess að koma þeim á framfæri. Ljóst sé að hér sé viðkomandi stéttarfélögum settur tímabundinn frestur til andmæla og eftir atvikum málshöfðunar, en þann rétt hafi þau, í þeim tilvikum sem hér er fjallað um, ekki kosið að nota og beri því að vísa kröfum stefnanda frá að þessu leyti. Á það er einnig bent, að Félagsdómur skeri eingöngu úr ágreiningi um „breytingar", en hér sé ekki um þær að ræða.

Varðandi fóstru á barnaheimili Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri er tekið fram, að í janúar 1991 þegar stefndi leitaði umsagnar STAK um þessi stöðu hafi starfinu gegnt félagsmaður í því félagi og hafi því ekki komið til álita að leita umsagnar Fóstrufélags Íslands. Stefndi telur að þegar starf hefur verið auglýst eftir að leitað hefur verið umsagnar viðkomandi stéttarfélags þurfi ekki að leita eftir umsögn hjá öðru stéttarfélagi ári eða árum seinna vegna þess að félagsmaður í öðru stéttarfélagi kunni að hafa tekið við því. Stefndi hafi engin tök á að fylgjast með breytingum sem verða á félagsaðild manna í tilteknum störfum, enda verði að ætlast til að stéttarfélögin bindi hvert annað innbyrðis að þessu leyti.

Umboðsmaður stefnda telur tilvísun af hálfu stefnanda í dóm Félagsdóms í málinu nr. 1/1990 haldslausa þar sem í því máli hafi verið dæmt um ágreining um skrá skv. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986, og tekið fram að í 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. 1. gr. laga nr. 90/1986, sé ekki ákvæði um takmörkun á andmælarétti gagnvart gildandi lista.

Ef frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina er sýknukrafan rökstudd með sömu rökum og sett voru fram til stuðnings kröfu um frávísun. Jafnframt er sýknukrafa rökstudd með vísan til þeirrar nauðsynjar að starfrækja barnaheimili fyrir það fólk sem vinni í verkfalli. Ef þessi þjónusta sé ekki til staðar, sé ekki heldur

hægt að halda uppi þeim störfum sem annars sé samkomulag um að unnin séu í verkfalli.

Telji dómurinn að stéttarfélag eigi rétt á að fá skorið úr ágreiningi um störf sem birt hafa verið á skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, enda þótt ekki sé um breytingar frá fyrri skrá að ræða, er sýknukrafa rökstudd með því að störfin falli undir 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Vegna kröfu stefnanda varðandi Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum, framleiðslu og dreifingu lyfja, er af hálfu stefnda bent á bréf starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis til Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum, dags. 22. apríl 1992, og svarbréf Tilraunastöðvarinnar. Umboðsmaður stefnda telur að í svarbréfi komi fram rökstuðningur sem taki af tvímæli um að starfsemi þessi sé réttilega auglýst skv. 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Af hálfu stefnda er vísað til framlagðra bréfa varðandi mótmæli við því að fella öryggisverði í Flugstöð Leifs Eiríkssonar af listanum.

Kröfur stefnda vegna Póst- og símamálastofnunar eru rökstuddar með því að Félag íslenskra símamanna hafi með bréfi sínu, dags. 22. janúar 1992, fírrt sig rétti til þess að gera í stefnu kröfu um breytingar á auglýstri skrá, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda um brottfall starfsheita hjá Pósti og síma. Þar fyrir utan er því haldið fram, að öll umrædd störf heyri til nauðsynlegustu öryggisgæslu skv. 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 og beri því að sýkna stefnda.

Tilgreining í auglýsingu nr. 27/1992 varðandi Fjarskiptasvið, starfsmenn mælistofu Landssíma Íslands, sé ekki efnisbreyting frá fyrri auglýsingu. Í fyrri auglýsingu hafi verið tilgreindir „yfirdeildarstjóri mælistofu“ og „rafeindavirkjameistarar gervihnattafjarskipti, mælaborð“. Undir auglýsinguna eins og hún nú er falli aðeins 2 starfsmenn sem eru innan FÍS og beri þeir starfsheitin yfirdeildarstjóri og rafeindavirkjameistari.

Vegna kröfu stefnanda varðandi Umdæmi I, starfsmenn radíóflugþjónustu og strandstöðvar í Gufunesi, er því haldið fram af hálfu stefnda, að í eldri auglýsingu hafi störf á þessum deildum verið talin upp hvert um sig undir Radíóflugþjónustu í Gufunesi og Strandstöðvardeildina Gufunesi. Við þau störf sem þar voru talin hafi verið bætt 2 fulltrúum sem séu til aðstoðar við starfsemina og vinni úr ýmsum gögnum sem unnin séu á staðnum.

Niðurstaða.

Eins og að framan er rakið beinist frávísunarkrafa stefnda að starfsheitunum, rannsóknarmaður við framleiðslu og dreifingu lyfja á Tilraunastöð HÍ að Keldum og fóstra á barnaheimili Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Þrátt fyrir að andmæli hafi ekki komið fram við birtingu fyrri auglýsinga að því er varðar þessa starfsmenn, verður ekki talið girt fyrir það að stefnendur geti nú borið fram andmæli vegna starfsmanna, sem þar voru teknir á lista og eru enn á núgildandi skrá. Túlka verður andmælarétt stefnanda á þann veg, að þegar ný skrá kemur fram skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, gefist aðilum almennt kostur á að koma fram andmælum gegn skránni. Ágreining um breytingu má leggja fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.

Hvað varðar fóstru á barnaheimili Fjórðungssjúkrahúsins á Akureyri er fram komið að hér er um nýtt stéttarfélag að ræða.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið og þegar til þess er litið að stefnandi á lögvarða hagsmuni af því að fá úr því skorið hvort tilgreining þessara starfsheita á auglýsingu nr. 27/1992 er í samræmi við lög eða ekki, þá þykir bera að hafna frávísunarkröfu stefnda.

Verður því fjallað efnislega um starfsheiti þessi hér á eftir.

Með lögum nr. 94/1986 var lögfest sú meginregla að þeim starfsmönnum ríkisins sem lögin taka til sé heimilt að gera verkfall með þeim takmörkunum einum sem tilteknar eru í lögum. Af því leiðir að ákvæði um undantekningar frá þessari meginreglu lúta þrengjandi lögskýringu.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 94/1986 er stéttarfélögum, sem eru samningsaðilar samkvæmt lögunum, heimilt að gera verkfall og samkvæmt 18. gr. laganna tekur það til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitanda, sem verkfall beinist gegn, nema þeim sé óheimilt að gera verkfall samkvæmt lögunum. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna er þeim sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu óheimilt að gera verkfall. Fjármálaráðherra og sveitarfélög skulu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna birta skrá um störf þau sem m.a. falla undir 3. tl. 1. mgr. sömu greinar, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög.

Þar sem undantekningar frá meginreglunni um þátttöku í verkfalli lúta samkvæmt framansögðu þrengjandi lögskýringu, verður tilgreining á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna að vera ótvíræð þannig að ekki leiki vafi á við hvern er átt.

Í auglýsingu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 ber að tilgreina þau störf sem falla undir ákvæði 3. tl. 1. mgr. sömu greinar. Óheimilt er að semja um annars konar tilgreiningu eða vísa til þess að ákveðinni starfsemi eigi að sinna þrátt fyrir verkfall.

Verður nú fjallað um einstök starfsheiti.

Tilraunastöð HÍ að Keldum. Framl. og dreifing lyfja.	*Rannsóknarmaður (1).*

Þegar litið er til þess sem fram er komið um eðli starfs þessa eins og því er lýst í framlögðum gögnum, þá verður ekki talið að það falli undir nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu, sbr. 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 og ber því að fella tilgreininguna út af skrá samkvæmt auglýsingunni.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar.	*Öryggisverðir.*

Tilgreining þessi í auglýsingu nr. 27/1992 vísar hvorki til þess hvaða starfsmönnum er óheimilt að fara í verkfall samkvæmt auglýsingunni né hvaða störfum þeir gegna. Stefndi hefur ekki sýnt fram á að störf þessi falli undir nauðsynlegustu öryggisþjónustu, sbr. 3. tl. 19. gr. laganna. Ber því að fella tilgreininguna út af skrá samkvæmt auglýsingunni.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Fæðinga- og kvensj.deild.	*Sjúkraliðar (2).* Þess er krafist að 2 sjúkraliðar verði á morgunvakt en 1 á kvöld- og næturvakt.

Stefndi hefur fallist á kröfu stefnanda og þegar af þeirri ástæðu verður krafan tekin til greina.

Handl.- og bæklunard.	*Sjúkraliðar (3).* Verði 3 sjúkraliðar á morgunvakt, 2 á kvöldvakt og 1 á næturvakt.

Stefndi hefur fallist á kröfu stefnanda og þegar af þeirri ástæðu verður krafan tekin til greina.

Lyflækningadeild.	*Sjúkraliðar (3).* Verði 3 sjúkraliðar á morgunvakt, 2 á kvöldvakt og 1 á næturvakt.

Stefndi hefur fallist á kröfu stefnanda og þegar af þeirri ástæðu verður krafan tekin til greina.

Barnaheimili. *Fóstra.*

Ekki verður á það fallist að starf þetta falli undir nauðsynlegustu öryggis- og heilbrigðisþjónustu sbr. 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 og ber því að falla tilgreininguna út af skrá samkvæmt auglýsingunni.

Skóladagheimili. *Fóstra/starfsmaður.*

Stefndi hefur fallist á að fella starfsheiti þetta af auglýstri skrá. Þegar af þeirri ástæðu verður krafan tekin til greina.

Póst og símamálastofnun.
Fjarskiptasvið. *Starfsmenn mælistofu Landssímans.*

Tilgreining í auglýsingu nr. 27/1992 vísar hvorki til þess hvaða starfsmönnum er óheimilt að fara í verkfall samkvæmt auglýsingunni né hvaða störfum þeir gegna. Stefndi hefur ekki sýnt fram á að störf þessi falli undir nauðsynlegustu öryggisþjónustu, sbr. 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986. Ber því að fella tilgreininguna út af skrá samkvæmt auglýsingunni enda verður ekki á tómlætissjónarmið stefnda fallist.

Fjarskiptasvið. *Símaverkstjóri ljósleiðaradeildar.*

Stefndi hefur fallist á að fella starfsheiti þetta af auglýstri skrá. Þegar af þeirri ástæðu verður krafan tekin til greina.

Umsýslusvið.
Umdæmi I. *Starfsmenn radíóflugþjónustu og strandstöðvar í Gufunesi.*

Tilgreining í auglýsingu nr. 27/1992 vísar hvorki til þess hvaða starfsmönnum er óheimilt að fara í verkfall samkvæmt auglýsingunni né hvaða störfum þeir gegna.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á að störf þessi falli undir nauðsynlegustu öryggisþjónustu, sbr. 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986. Ber því að fella tilgreininguna út af skrá samkvæmt auglýsingunni enda verður ekki á tómlætissjónarmið stefnda fallist.

Umdæmi IV. *Varðstjóri talsímaafgreiðslu á Egilsstöðum (FÍS) Starfsmenn strandarstöðvar í Neskaupstað (FÍS).*

Stefndi hefur fallist á að fella starfsheiti þessi af auglýstri skrá. Þegar af þeirri ástæðu verður krafan tekin til greina.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem eftir atvikum telst hæfilega ákveðinn kr. 100.000.

Dómsorð:

Af skrá samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 skal fella niður eftirfarandi:

Tilraunastöð HÍ að Keldum.	
Framl. og dreifing lyfja.	Rannsóknarmaður (1).
Flugstöð Leifs Eiríkssonar.	Öryggisverðir.
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	
Barnaheimili.	Fóstra.
Skóladagheimili.	Fóstra/starfsmaður.
Póst- og símamálastofnun.	
Fjarskiptasvið.	Starfsmenn mælistofu Landssímans.
	Símaverkstjóri ljósleiðaradeildar.
Umsýslusvið.	
Umdæmi I.	Starfsmenn radíóflugþjónustu og strandstöðvar í Gufunesi.
Umdæmi IV.	Varðstjóri talsímaafgreiðslu á Egilsstöðum.
	Starfsmenn strandarstöðvar í Neskaupstað.

Tilgreining á skrá samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 varðandi Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri verður svo:

Fæðinga- og kvensj.deild.	2 sjúkraliðar á morgunvakt en 1 á kvöld og næturvakt.
Handl.- og bæklunard.	3 sjúkraliðar á morgunvakt, 2 á kvöldvakt og 1 á næturvakt.
Lyflækningadeild.	3 sjúkraliðar á morgunvakt, 2 á kvöldvakt og 1 á næturvakt.

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, BSRB, kr. 100.000 í málskostnað.

Fimmtudaginn 25. mars 1993.

Nr. 2/1993. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Verkamannasambands Íslands
vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar
(Atli Gíslason hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
f.h. Stálsmiðjunnar hf.
(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

Kjarasamningur. Föst yfirvinna. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem dómtekið var 2. mars sl., höfðaði Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúar, Lindargötu 9, Reykjavík, með stefnu þingfestri 5. febrúar sl. gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Stálsmiðjunnar hf., Mýrargötu 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru að rétturinn viðurkenni með dómi:

1a. Að Stálsmiðjan hf., sé bundin kjarasamningi um að tryggja verkamönnum í brautum, deild 4, fasta yfirvinnu, sjö klukkustundir á viku, sem heimilt sé að lækka í fimm klukkustundir á viku með hálfs mánaðar fyrirvara.

1b. Til vara við kröfu samkvæmt 1 a., að Stálsmiðjan sé bundin kjarasamningi um að tryggja verkamönnum í brautum, deild 4, að lágmarki 5 stunda yfirvinnu á viku.

2. Að uppsögn Stálsmiðjunnar hf., 30. september 1992 á fastri yfirvinnu verkamanna í brautum, deild 4, sé brot á gildandi kjarasamningi aðila.

3. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms auk virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefnda eru þær að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Við aðalmeðferð málsins gaf Skúli Jónsson, forstjóri Stálsmiðjunnar hf., skýrslu fyrir dóminum.

Málavextir.

Meginágreiningsefni í máli þessu eru eftirfarandi.

Í fyrsta lagi um gildi sérstaks kjarasamnings um vinnu verkamanna í brautum, sem gerður var 4. mars 1988 milli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Slippfélagsins hf., en samningi þessum fylgdi bókun um fasta yfirvinnu í 5 stundir á viku. Stefnandi heldur því fram að samningar þessi hafi gilt áfram gagnvart Stálsmiðjunni hf., sem yfirtók reksturinn á brautunum af Slippfélaginu hf. í ársbyrjun 1989. Þessari skoðun hafnar stefndi.

Í öðru lagi er deilt um skriflegt samkomulag, sem gert var 24. apríl 1991, milli Stálsmiðjunnar hf. og starfsmanna í brautum, er tryggir fasta yfirvinnu í 7 stundir á viku fram til 15. september 1991. Stefnandi telur þetta samkomulag vera kjarasamning, en stefndi lítur á það sem ráðningarsamning.

Í þriðja lagi er deilt um uppsögn Stálsmiðjunnar hf. frá 30. september 1992 á fastri yfirvinnu verkamanna. Þessa uppsögn telur stefnandi vera brot á gildandi kjarasamningi, en stefndi heldur því fram að uppsögnin sé heimil.

Málsástæður stefnanda.

Kröfur stefnanda eru á því byggðar að stefndi sé bundinn kjarasamningi um að tryggja starfsmönnum á brautum deild 4, 7 klukkustunda yfirvinnu á viku. Bindandi kjarasamningur hafi gilt um fasta yfirvinnu í fjölda ára, samningur sem margsinnis hafi verið framlengdur, meðal annars með samkomulagi dags. 24. apríl 1991. Það samkomulag hafi verið staðfesting á eldri kjarasamningi sem framlengst hafi með sama hætti og aðalkjarasamningur sem rann út 15. september 1991. Stefnandi segir að samningurinn hafi framlengst við gerð aðalkjarasamnings samkvæmt miðlunartillögu ríkissáttasemjara frá 26. apríl 1992 með gildistíma til 1. mars 1993. Uppsögn Stálsmiðjunnar 30. september 1992 sem miði við annan gildistíma sé ólögmæt. Fara beri eftir aðalkjarasamningi um uppsagnarfrest og skýlausu ákvæði annarrar greinar hans um framlengingu allra síðast gildandi kjarasamninga aðila til 1. mars 1993.

Í annan stað hafi samningar aðila allir verið milli Stálsmiðjunnar hf. eða fyrirrennara þess og ótiltekinna starfsmanna, en ekki samningar við tilgreinda verkamenn, þ.e. ráðningarsamningar. Nýir starfsmenn hafi notið umsaminna starfskjara um lágmarksyfirvinnu án þess að þurfa að semja um það við ráðningu, sérstaklega og ein-

staklingsbundið. Stefndi hafi tryggt umsamda fasta yfirvinnu sem lágmarkskjör. Aðeins hafi verið gerður einn skriflegur samningur milli aðila, en ekki ráðningarsamningar við alla starfsmenn. Þessum samningum hafi aldrei verið sagt upp með lögfullum hætti.

Í þriðja lagi hafi stefndi í orði og verki viðurkennt samninga aðila sem kjarasamninga og farið að þeim í einu og öllu til 31. desember 1992. Þannig hafi samningur aðila, dags. 24. apríl 1991, framlengst frá 15. september 1991 í framkvæmd og formlega við undirskrift síðari aðalkjarasamninga. Hér komi einnig til að Stálsmiðjan virðist segja samningi aðila upp með almennum þriggja mánaða uppsagnarfresti, en ekki með uppsagnarfresti samkvæmt ráðningarsamningi og starfstíma hvers starfsmanns. Starfsmenn sem hlut eigi að máli hafi áunnið sér uppsagnarfrest á ráðningarsamningum allt frá einni viku til fimm mánaða, en að minnsta kosti tveir viðkomandi verkamanna eigi lengri uppsagnarfrest en þrjá mánuði. Stálsmiðjan hafi einnig viðurkennt skriflega með reglum um stimplun og tímaskrift að um kjarasamninga sé að ræða. Þá sýni uppsögnin glöggt, að stefndi telji sjálfur að samkomulag aðila hafi framlengst 15. september 1991 og verið í fullu gildi allt árið 1992.

Í fjórða lagi beri stefndi sönnunarbyrði fyrir því að samningur aðila sé ekki kjarasamningur og þurfi með hliðsjón af tilurð samningsákvæðisins og langri venju um fasta yfirvinnu að bera halla af hugsanlegum vafa. Loks verði stefndi að bera halla af tómlæti sínu. Hann hafi engan fyrirvara gert 15. september 1991 eða við gerð núgildandi kjarasamnings. Þvert á móti hafi hann athugasemdalaust virt ákvæði kjarasamnings um lágmarks yfirvinnu allt til loka september 1992.

Varakröfu sína um fimm stunda lágmarks yfirvinnu byggir stefnandi á því að kjarasamningur Slippfélagsins í Reykjavík og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, dags. 4. mars 1988, um þessa yfirvinnu hafi framlengst óbreyttur með síðari aðalkjarasamningum, fyrst með kjarasamningi, dags. 1. maí 1989, síðan 1. febrúar 1990 og loks með kjarasamningi samkvæmt fyrrnefndri miðlunartillögu. Sé Stálsmiðjan bundin af þessum samningi og hafi fylgt honum í einu og öllu. Í umræddum kjarasamningi dags. 4. mars 1988 hafi verið tekið fram í 7. gr., að aðalkjarasamningur gilti um sérkjarasamninginn um það sem ekki væri tekið fram í þeim síðarnefnda. Síðari aðalkjarasamningar hafi framlengt sérkjarasamninginn óbreyttan þar á með-

al ákvæði um 5 stunda lágmarks yfirvinnu. Stefnandi áréttar, að þessu kjarasamningsákvæði hafi aldrei verið sagt upp af stefnda með lögformlegum hætti. Að öðru leyti vísar stefnandi til fyrri röksemda og samkomulags frá 24. apríl 1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að Stálsmiðjan hf. sé ekki bundin kjarasamningi um að tryggja þeim starfsmönnum sínum sem starfa í brautum fasta yfirvinnu. Stálsmiðjan hf. hafi aldrei yfirtekið sérkjarasamning stefnanda og Slippfélagsins hf. né heldur hafi Stálsmiðjan hf. síðar gert kjarasamning um fastar yfirvinnugreiðslur við stefnanda. Samningar þeir sem Stálsmiðjan hf. hafi gert við starfsmenn um fasta yfirvinnu séu ráðningarsamningar sem verði með engu móti jafnað til kjarasamninga og hafi því ekki réttaráhrif sem slíkir. Stéttarfélög séu lögformlegur samningsaðili um gerð kjarasamninga samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938. Uppsögn Stálsmiðjunnar hf. á fastri yfirvinnu starfsmanna sé breyting á persónubundnum kjörum þeirra sem tilkynnt hafi verið með lögmætum uppsagnarfresti í fullu samræmi við kjarasamning aðila.

Skuldbindingar Slippfélagsins hf. gagnvart stefnanda séu Stálsmiðjunni hf. með öllu óviðkomandi. Samningur Stálsmiðjunnar hf. og Slippfélagsins hf. sé fyrst og fremst kaupsamningur um yfirtöku eigna Slippfélagsins hf. við Mýrargötu. Slippfélagið hf. eigi enn og reki aðrar fasteignir sínar. Fullyrðingar stefnanda um sameiningu þessara fyrirtækja séu því úr lausu lofti gripnar. Stálsmiðjan hf. hafi ekki með fyrrgreindum samningi yfirtekið neinar skuldbindingar Slippfélagsins hf. gagnvart stefnanda þó félagið skuldbindi sig til að yfirtaka ráðningarsamninga Slippfélagsins hf. við starfsmenn. Í því hafi einvörðungu falist að Stálsmiðjan hf. tæki við skyldum Slippfélagsins hf. gagnvart starfsmönnum út uppsagnarfrest þeirra. Skyldi það gert með því að sjá þeim fyrir vinnu eða greiða laun þeirra þann tíma. Því til stuðnings bendir stefndi á að fyrrgreind skuldbinding taki einvörðungu til þeirra starfsmanna sem unnu við hinn selda rekstur á yfirtökudegi. Kaupsamningurinn lúti að kostnaðarskiptingu milli kaupanda og seljanda, en skapi ekki rétt fyrir starfsmenn.

Á því er byggt af hálfu stefnda að samningurinn frá 4. mars 1988 sé sérkjarasamningur sem gildi einvörðungu um störf starfsmanna

Slippfélagsins hf. á athafnasvæði þess félags. Bókunin með samningnum um fasta yfirvinnu hafi einungis haft gildi í samskiptum þeirra sem stóðu að henni, þ.e. Slippfélagsins hf. og stefnanda. Stálsmiðjan hf. sé sjálfstæður lögaðili óbundinn af skuldbindingum Slippfélagsins hf. nema því aðeins að um annað hafi verið samið. Stálsmiðjan hf. hafi hvorki gerst aðili að né skuldbundið sig til að fylgja fyrrgreindum sérkjarasamningi Slippfélagsins hf. Skúli Jónsson hafi á sínum tíma undirritað samninginn sem stjórnarmaður í Slippfélaginu hf.

Öllum fullyrðingum stefnanda um að bindandi kjarasamningur um fasta yfirvinnu hafi gilt í fjölda ára og hafi framlengst allt til þessa dags við gerð almennra kjarasamninga aðila er mótmælt. Kjarasamningurinn frá 4. mars 1988 gildi samkvæmt ákvæðum sínum um vinnu í brautum á athafnasvæði Slippfélagsins hf. Stefnandi hafi engan áskilnað gert eða haldið fram gildi kjarasamningsins við ráðningu starfsmanna til Stálsmiðjunnar hf. þegar félagið hóf rekstur dráttarbrautanna né heldur við endurnýjun kjarasamninga vorið 1989.

Stefndi byggir kröfugerð sína á því að öllum starfsmönnum í dráttarbrautum hafi verið sagt upp af hálfu Slippfélagsins hf. Þeir hafi síðan verið ráðnir til Stálsmiðjunnar hf. á öðrum kjörum en þeir höfðu áður verið á hjá Slippfélaginu hf. og á grundvelli aðalkjarasamnings aðila. Í fyrirheiti forsvarsmanna Stálsmiðjunnar hf. um að starfsmenn héldu áunnum réttindum hafi ekki annað falist en að þeim skyldi reiknaður til góða sá starfstími sem þeir höfðu áður með tilliti til áunninna réttinda svo sem veikindalaunagreiðslna, orlofs og uppsagnarfrests.

Stefndi mótmælir því eindregið að samkomulag Stálsmiðjunnar hf. við starfsmenn í brautum þann 4. maí 1990 og 24. apríl 1991 beri að skoða sem kjarasamninga eða jafngildi kjarasamninga. Kjarasamningur verði ekki gerður nema með aðild stéttarfélags, sbr. 6. gr. laga nr. 80/1938. Undirriti trúnaðarmaður slíkt samkomulag í starfi sínu fyrir stéttarfélagið þurfi það að koma ótvírætt fram í samkomulaginu. Vegna þeirra víðtæku réttaráhrifa sem kjarasamningar hafa samkvæmt lögum verði að gera kröfu til þess að fullljóst sé að um kjarasamning sé að ræða. Fyrrgreint samkomulag sé gert beint við starfsmenn en ekki við stefnanda og undirritað af einum starfsmanna fyrir hönd þeirra allra. Þegar af þeirri ástæðu að unnið var

eftir því og laun greidd samkvæmt því, hafi það orðið hluti af ráðningarsamningi hvers einstaks starfsmanns.

Þá er því mótmælt að Stálsmiðjan hf. hafi í einu og öllu viðurkennt fyrrgreinda samninga sem kjarasamninga og farið eftir þeim í einu og öllu fram til síðustu áramóta. Hin fasta yfirvinna hafi verið breytileg og farið niður í 3,5 tíma í febrúar 1992. Viðurkennt sé að vinnufyrirkomulagi hafi verið breytt eftir að Stálsmiðjan hf. hóf rekstur dráttarbrautanna. Ósannað sé að það hafi verið gert með samþykki stefnanda. Sama gildi um breytingu á vinnutíma í febrúar 1992.

Samkomulagið frá 24. apríl 1991 hafi fallið úr gildi samkvæmt ákvæðum sínum þann 15. september 1991 en efni þess hafi verið hluti ráðningarsamninga starfsmanna að því marki sem laun voru áfram greidd fyrir fasta yfirvinnu samkvæmt því. Uppsögn Stálsmiðjunnar hf. á fastri yfirvinnu hafi því verið breyting á persónubundnum kjörum starfsmanna sem gerð var með lögmætum hætti og að virtum samningsbundnum uppsagnarfresti þeirra starfsmanna sem lengstan uppsagnarfrest höfðu. Ákvæði í kjarasamningi aðila um lengri uppsagnarfrest eigi eingöngu við um uppsagnir sem ætlað er að leiða til starfsloka.

Reglur Stálsmiðjunnar hf. um tímaskrift geti ómögulega falið í sér neina viðurkenningu á kjarasamningsgildi þess samkomulags sem hér er deilt um eða haft þýðingu í því sambandi í máli þessu. Þær séu dagsettar 1. apríl 1988 eða fullum níu mánuðum áður en Stálsmiðjan hf. hóf rekstur dráttarbrautanna.

Þá mótmælir stefndi því að hann eigi sönnunarbyrði fyrir því að samkomulagið frá 24. apríl 1991 sé ekki kjarasamningur. Stefnandi verði að sanna aðild sína að samkomulaginu. Stefndi hafi fráleitt sýnt af sér tómlæti þó tímabundið samkomulag um breytingu á ráðningarkjörum hafi verið látið gilda áfram og þeim fyrst verið sagt upp þann 30. september 1992.

Stefndi byggir kröfur sínar einnig á tómlæti stefnanda. Samkomulag hafi verið um það þegar fyrir tveimur árum að stefnandi leitaði úrskurðar Félagsdóms á gildi sérkjarasamnings Slippfélagsins hf. gagnvart Stálsmiðjunni. Það hafi stefnandi ekki gert fyrr en nú þrátt fyrir áskoranir stefnda. Þá hafi stefnanda verið í lófa lagið að fá skorið úr ágreiningi þessum áður en hinar umdeildu uppsagnir tóku

gildi þann 1. janúar 1993. Hann verði því að bera halla af tómlæti sínu.

Málskostnaðarkrafa stefnda er einnig byggð á því að mál þetta sé fyrst og fremst höfðað nú til að réttlæta ólögmætar aðgerðir stefnanda á athafnasvæði Stálsmiðjunnar hf. þann 30. janúar sl. þegar sjósetning fiskiskipsins Júlíusar var hindruð af stefnanda.

Niðurstaða dómsins.

Hinn 4. mars 1988 gerðu Verkamannafélagið Dagsbrún og Slippfélagið hf. nýjan sérsamning um kjör verkamanna, sem vinna í brautum á athafnasvæði Slippfélagsins hf. í Reykjavík. Þar var meðal annars samið um kaupgjald og vinnutíma, en jafnframt fylgdi samningi þessum sem hluti hans bókun um lágmarkstímaskriftir á viku, 40 stundir í dagvinnu og 5 stundir í yfirvinnu, en það eru einkum yfirvinnustundir, sem eru ágreiningsefni í þessu máli. Annar þeirra manna sem undirrituðu þennan samning fyrir hönd Slippfélagsins hf. var Skúli Jónsson, stjórnarmaður í félaginu, en hann var jafnframt forstjóri Stálsmiðjunnar hf.

Sérsamningurinn var einnig undirritaður af hálfu Vinnuveitendasambands Íslands.

Þann 19. desember 1988 gerði Slippfélagið hf. sem seljandi og Stálsmiðjan hf. sem kaupandi samning um yfirtöku Stálsmiðjunnar hf. á tilgreindum eignum, réttindum og skyldum Slippfélagsins hf. Með kaupsamningi þessum, sem gekk í gildi 1. janúar 1989, tók Stálsmiðjan hf. meðal annars við þeirri starfsemi, er áðurgreindur sérsamningur Dagsbrúnar og Slippfélagsins hf. miðaðist við. Kaupverðið greiddi Stálsmiðjan hf. aðallega með hlutabréfum sínum í Slippfélaginu hf.

Bæði fyrirtækin Slippfélagið hf. og Stálsmiðjan hf. eru aðilar að Vinnuveitendasambandi Íslands.

Slippfélagið hf., Stálsmiðjan hf. og Vinnuveitendasambandið höfðu ekki ástæðu til að ætla að Dagsbrún vildi una því að hafa engan sérsamning í gildi um störf í brautum á viðkomandi athafnasvæði eftir að skipti urðu á rekstraraðila. Við gerð kaupsamningsins bar Slippfélaginu hf. annað hvort að tilkynna Dagsbrún að sérsamningurinn félli sjálfkrafa niður, þar sem fyrirtækið væri hætt umræddri starfsemi svo Dagsbrún gæfist kostur á að endurnýja samninginn við nýjan rekstraraðila, ellegar að búa svo um hnútana við kaupandann, Stálsmiðjuna hf., að sérsamningurinn héldi gildi sínu.

Með 5. gr. kaupsamningsins lofaði Stálsmiðjan hf. að svara skuldbindingum seljanda gagnvart verkamönnum, sem vinna við hinn selda rekstur á yfirtökudegi. Verður að líta svo á, að sérsamningurinn frá 4. mars 1988 falli undir þær skuldbindingar, enda kom það hvergi fram af hálfu Stálsmiðjunnar hf. á þeim tíma að fyrirtækið teldi sig óbundið af sérsamningnum um vinnu í brautum.

Þrátt fyrir það sem fram er komið um drátt af hendi stefnanda er ekki fallist á tómlætissjónarmið stefnda.

Hinn 24. apríl 1991 gerði Stálsmiðjan hf. samkomulag við starfsmenn í brautum, sem tryggði verkamönnum fasta yfirvinnu 7 stundir á viku fram til 15. september 1991. Líta verður á samkomulag þetta sem hópsamning um ráðningarkjör en ekki sem kjarasamning, þar sem samkomulagið var ekki undirritað fyrir hönd Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Af þessum ástæðum getur stefnandi ekki reist rétt sinn á því samkomulagi í máli þessu.

Uppsögn Stálsmiðjunnar hf. á fastri yfirvinnu verkamanna í brautum, sem gerð var með bréfi, dags. 30. september 1992, var andstæð ákvæði sérsamningsins frá 4. mars 1988 um 5 stunda yfirvinnutryggingu á viku, en sérsamningurinn fylgdi gildistíma aðalkjarasamnings Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands. Þessi uppsögn var því óheimil.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt framangreindu sú, að Stálsmiðjan hf. hafi orðið aðili að sérsamningnum við Dagsbrún í stað Slippfélagsins hf. og að uppsögn Stálsmiðjunnar hf. frá 30. september 1992 á fastri yfirvinnu í brautum sé ógild.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Stálsmiðjan hf., varð hinn 1. janúar 1989 aðili að sérsamningnum við Verkamannafélagið Dagsbrún í stað Slippfélagsins hf. sem tryggir verkamönnum í brautum að lágmarki 5 stunda yfirvinnu á viku. Uppsögn Stálsmiðjunnar hf. frá 30. september 1992 á fastri yfirvinnu verkamanna í brautum er ógild.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Gunnars Guðmundssonar.

Niðurstaða.

Þar sem sérkjarasamningar eru að ýmsu leyti frábrugðnir almennum kjarasamningum verður að telja það meginreglu að öllu jöfnu, að nýr eigandi sé ekki bundinn af sérkjarasamningi um viðkomandi atvinnurekstur þegar um er að ræða kaupsamning á atvinnustarfsemi ásamt meðfylgjandi tækjum og innréttingum.

Eins og komið hefir fram keypti Stálsmiðjan hf. þann 19. desember 1988 eignir Slippfélagsins í Reykjavík hf., þar á meðal dráttarbrautir og tók yfir reksturinn frá og með 1. janúar 1989. Skuldbatt stefndi sig samkvæmt kaupsamningi m.a. til þess að yfirtaka starfssamninga við starfsmenn og svara skuldbindingum Slippfélagsins í Reykjavík hf. gagnvart þeim. Er hér einungis átt við skuldbindingar samkvæmt ráðningarsamningum. Sérkjarasamningur sá sem Slippfélagið í Reykjavík hf. gerði við stefnanda Verkamannafélagið Dagsbrún þann 4. mars 1988 er samkvæmt ofansögðu óskuldbindandi fyrir stefnda Stálsmiðjuna hf.

Enginn sérkjarasamningur hefur verið undirritaður milli stefnda Stálsmiðjunnar hf. og stefnanda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar um vinnu í dráttarbrautum fyrirtækisins. Bar stéttarfélaginu að leita eftir slíkum kjarasamningi strax við yfirtöku stefnda Stálsmiðjunnar hf. á eignum Slippfélagsins í Reykjavik hf.

Telja verður að sú framkvæmd á yfirvinnu sem átt hefur sér stað hjá stefnda frá framangreindum yfirtökudegi byggist á ráðningarsamningum og hefir þeirri framkvæmd verið sagt upp á réttmætan hátt. Vísað er á bug staðhæfingu stefnanda, að samkomulag stefnda við starfsmenn í brautum þann 4. maí 1990 og 24. apríl 1991 beri að skoða sem kjarasamninga eða jafngildi þeirra, þar sem mun ríkari formkröfur eru gerðar til kjarasamninga en ráðningarsamninga.

Samkvæmt framangreindu ber því að sýkna stefnda Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Sambands málm- og skipasmiðja vegna Stálsmiðjunnar hf. af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Stálsmiðjunnar hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Alþýðusam-

bands Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 15. apríl 1993.

Nr. 3/1993. **Vinnuveitendasamband Íslands,**
f.h. Sambands málm- og skipasmiðja
vegna Stálsmiðjunnar hf.
(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands
f.h. Verkamannasambands Íslands
vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar
(Atli Gíslason hrl.)

Dómsvald Félagsdóms. Frávísunarkröfu hafnað. Sératkvæði.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 30. mars s.l. vegna frávísunarkröfu stefnda, höfðaði Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 5. febrúar s.l., f.h. Sambands málm- og skipasmiðja, Hallveigarstíg 1, Reykjavík vegna Stálsmiðjunnar hf., Mýrargötu 2, Reykjavík, fyrir Félagsdómi gegn Alþýðusambandi Íslands, Grensásvegi 16 í Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, Lindargötu 9, Reykjavík vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Lindargötu 9 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að aðgerðir formanns og félagsmanna stefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar á athafnasvæði stefnanda laugardaginn 30. janúar sl. þegar hindruð var sjósetning fiskiskipsins Júlíusar ÁR-111 verði dæmd ólögmæt vinnustöðvun af hálfu stefnda og brot á friðarskyldu samkvæmt kjarasamningi aðila frá 26. apríl 1992.
2. Að stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmdur til að greiða stefnda (sic.) kr. 113.396 í skaðabætur vegna hinnar ólögmætu vinnustöðvunar.
3. Að stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmdur til greiðslu sektar.
4. Að stefnda verði dæmt (sic.) að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru:

1. Að málinu verði vísað frá dómi, en til vara að kröfum samkvæmt kröfuliðum 2 og 3 í stefnu verði vísað frá dómi.

2. Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins að meðtöldum virðisaukaskatti.

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrlausnar.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að á hádegisflóði laugardaginn 30. janúar sl. hafi átt að sjósetja fiskiskipið Júlíus Ár-111, sem gert sé út frá Þorlákshöfn og hafi verið til viðgerðar í slipp Stálsmiðjunnar við Reykjavíkurhöfn. Á föstudeginum hafi verið óskað eftir því við verkamenn stefnanda, sem séu félagar í Verkamannafélaginu Dagsbrún, að 2-3 af 14 manna hópi verkamanna kæmu ásamt verkstjórum sínum til vinnu við sjósetningu skipsins á laugardeginum. Verkamennirnir hafi allir sem einn neitað því að koma til vinnu og hafi þá staðið til að verkstjórar stefnanda ynnu verkið, en þeir hafi unnið við slipptöku og sjósetningu skipa ásamt verkamönnum. Á milli kl. 11 og 12 á laugardagsmorgninum, þegar verið var að undirbúa verkið hafi verkamennirnir, sem neitað höfðu að koma til vinnu, verið komnir á vinnusvæðið, ásamt formanni stefnda Verkamannafélgsins Dagsbrúnar og fréttamönnum Ríkissjónvarpsins. Þegar skipverjar voru komnir um borð og hefja átti vinnu við að sjósetja skipið hafi verkamenn raðað sér fyrir þann stað í dráttarbrautinni sem komast þurfti að til að framkvæma verkið. Fremstur í flokki hafi verið Guðmundur J. Guðmundsson formaður stefnda og hafi hann skorað á stjórnendur stefnanda að hætta við verkið. Verkamenn væru í yfirvinnubanni og verkstjórar hefðu enga heimild til þess að vinna við sjósetninguna, því að það væri í verkahring Dagsbrúnarmanna. Hafi verkstjórum verið hótað því að ef þeir létu til skarar skríða þá yrði séð til þess að þeir yrðu reknir úr verkstjórafélaginu.

Formanni Dagsbrúnar hafi verið bent á það, bæði af framkvæmdastjóra stefnanda og lögmanni VSÍ, að stefndi gæti orðið skaðabótaskyldur ef hindruð væri sjósetning skipsins. Þá hafi formaður stefnda manað framkvæmdastjóra stefnanda og lögmann VSÍ til þess fara í skaðabótamál við Dagsbrún, en það yrði hvergi kvikað frá því að koma í veg fyrir að skipið yrði sjósett. Sjónvarpsmenn hafi fylgst vel með og myndað.

Formaður stefnda hafi lýst því yfir að sjósetning yrði ekki hindruð ef stefnandi greiddi verkamönnunum áfram fasta yfirvinnu, sem

sagt hefði verið upp með þriggja mánaða fyrirvara og féll niður frá 1. janúar sl. að telja. Deilu um yfirvinnugreiðslur hafi stefndi margoft gefið yfirlýsingar um að yrði stefnt fyrir Félagsdóm og spurt hafi verið hvort það væri ekki eðlilegt að láta af þessum ólögmætu aðgerðum og bíða niðurstöðu þess máls. Því hafi verið hafnað og endurtekin hafi verið í sjónvarpsviðtali áskorun formanns stefnda um að reyna bara að sækja stefnda til greiðslu skaðabóta.

Bent hafi verið á að stefndi hafi ekki boðað yfirvinnubann og gæti það reyndar ekki á þessum tíma, þar sem kjarasamningar hafi ekki verið lausir fyrr en 1. febrúar og að verkamenn stefnanda ásamt formanni stefnda væru með ólögmætum hætti að koma í veg fyrir að fiskiskipið Júlíus ÁR-111 yrði sjósett á hádegisflóðinu.

Í þessu stappi hafi staðið, þar til farið var að fjara út og of seint orðið að sjósetja skipið sem aðeins sé hægt að gera á flóði. Framkvæmdastjóri stefnanda hafi ákveðið að láta hætta við tilraunir við að koma skipinu á flot þar sem fyrir hafi legið að beitt yrði hnefarétti ef annað gæfi ekki betur og hafi félagsmenn stefnda verið í miklum meirihluta á svæðinu. Framkvæmdastjóri stefnanda hafi ekki viljað verða valdur að því að menn yrðu fyrir meiðslum og ákveðið að taka áskorun formanns stefnda og fá dómstóla til að útkljá það, hvort foryrstumönnum verkalýðsfélags væri heimilt að beita nær öllum ráðum til þess að stöðva atvinnurekstur þegar þeim sýndist svo.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 1. og 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga, byggir stefnandi kröfugerð sína á því að aðgerðir formanns og félagsmanna stefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar á athafnasvæði stefnanda laugardaginn 30. janúar sl. séu brot á kjarasamningi aðila og II. kafla laga nr. 80/1938 og séu því ólögmætar.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938 sé stéttarfélögum heimilt að efna til vinnustöðvunar í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett séu í lögunum.

Stefndi hafi brotið gegn friðarskyldu, sem hann sé bundinn af á gildistíma kjarasamnings. Stefnda sé ávallt óheimilt að hefja vinnustöðvun meðan kjarasamningur sé í gildi. Ágreining um túlkun kjarasamnings eigi að bera undir dómstóla, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr.,

sbr. 1. tl. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 80/1938. Stefndi hafi sagt upp kjarasamningum sínum og hafi þeir fyrst orðið lausir frá og með 1. febrúar sl. að telja. Formaður stefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi lýst því yfir að af hálfu félagsins ríkti yfirvinnubann hjá stefnanda. Hafi hann neitað því, að einungis væri um persónubundin mótmæli starfsmanna í því formi að þeir neituðu að vinna yfirvinnu, heldur hefði stefndi sett yfirvinnubann á stefnanda. Yfirvinnubann hafi hvorki verið tilkynnt áður né möguleiki á að gera það virkt á gildistíma kjarasamnings. Hafi stefndi því brotið gegn II. kafla laga nr. 80/1938 með þessu athæfi sínu.

Samkvæmt fortakslausu ákvæði 16. gr. laga nr. 80/1938 sé lögmæti vinnustöðvunar auk þess háð því skilyrði að gætt sé af hálfu boðanda vinnustöðvunar þeirrar tilkynningarskyldu, sem þar er boðin, þ.m.t. að tilkynna ríkissáttasemjara um fyrirhugaða vinnustöðvun með 7 sólarhringa fyrirvara. Þar sem þessa hafi ekki verið gætt sé vinnustöðvunin einnig af þeirri ástæðu ólögmæt.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Í greinargerð stefnda er varðandi málavexti m.a. tekið fram að verkamenn, sem eru starfsmenn í brautum hjá Stálsmiðjunni og Verkamannafélagið Dagsbrún hafi talið uppsögn Stálsmiðjunnar á fastri yfirvinnu ólögmæta og mótmælt henni. Þegar uppsögnin kom til framkvæmda um síðastliðin áramót hafi verkamenn, sem hlut áttu að máli, ákveðið að þeir myndu ekki vinna yfirvinnu. Þessi ákvörðun verkamannanna hafi verið tilkynnt þremur verkstjórum þeirra á fyrsta starfsdegi ársins. Stálsmiðjan hafi engum andmælum hreyft. Á þessa ákvörðun hafi fyrst reynt 15. janúar sl. þegar taka átti m/s Búðafell í slipp. Verkamennirnir hafi neitað að vinna verkið í yfirvinnu. Athugasemdum hafi ekki verið hreyft og hafi skipið verið tekið upp í slipp 18. janúar. Stefndi segir það óumdeilt að verkamannafélagið Dagsbrún hafi enga aðild átt að ákvörðun verkamannanna, tilkynningum og öðrum aðgerðum.

Föstudaginn 29. janúar hafi verkstjóri tilkynnt að það vantaði þrjá menn til þess að taka búkka og planka frá m/s Júlíusi ÁR-111 og sjósetja skipið á laugardeginum. Verk sem þetta sé unnið af þremur verkamönnum undir stjórn eins verkstjóra. Verkstjórinn hafi verið minntur á fyrri ákvörðun um yfirvinnu og jafnframt hafi því verið mótmælt að aðrir gengju í störf verkamanna við sjósetninguna. Síðar um daginn hafi verið haft samband við Skúla Jónsson,

forstjóra Stálsmiðjunnar og honum tilkynnt hvernig verkamennirnir litu á málið og að þeir myndu ekki sætta sig við að aðrir gengju inn í störf sem þeir hefðu samningsbundinn forgang til og að gildandi kjarasamningur skuldbindi menn ekki til helgarvinnu. Forstjórinn hafi tjáð verkamönnum að skipið yrði sjósett engu að síður með öðrum mannskap.

Eftir þessi samskipti hafi forstjórinn kallað til starfa á laugardeginum fjölmarga menn bæði starfsmenn Stálsmiðjunnar og aðra. Liðsafnaður forstjórans, einir tuttugu menn, hafi mætt á laugardeginum og ellefu verkamenn ásamt formanni Dagsbrúnar, sem hafi reynt að miðla málum og koma í veg fyrir brot á kjarasamningi. Þá hafi vélvirkjar þegar gengið í störf verkamannanna og tekið planka og búkka frá skipinu. Eftir nokkurt þóf og viðræður hafi forstjórinn ákveðið að hætta við áform um sjósetningu. Skipið hafi síðan verið sjósett með eðlilegum og venjubundnum hætti mánudaginn 1. febrúar.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að stefndi hafi sett yfirvinnubann á Stálsmiðjuna. Jafnframt er því mótmælt að legið hafi við að beitt yrði hnefarétti og að félagsmenn Dagsbrúnar hafi verið í miklum meirihluta á svæðinu. Verkamennirnir hafi mætt á svæðið til viðræðna um umsamda fasta yfirvinnu eins og oft hafi gerst áður. Ósannað sé að áhöfn skipsins hafi komið frá Þorlákshöfn umræddan dag í þeim tilgangi að sjósetja skipið.

Krafa um frávísun málsins er rökstudd með því að synjun verkamannanna á að vinna yfirvinnu og aðrar aðgerðir þeirra séu ekki verkfallsaðgerðir í skilningi II. kafla laga nr. 80/1938. Ágreiningur aðila falli ekki undir verkefni Félagsdóms eins og þeim er lýst í 44. gr. sömu laga. Er meðal annars vísað til fordæmis sem felst í dómi Félagsdóms árið 1950 á bls. 103 í dómasafni. Hér komi einnig til, að Verkamannafélagið Dagsbrún eigi ekki aðild að málinu.

Krafa um frávísun er einnig studd þeim rökum, að bæði skaðabóta- og sektarkrafa stefnanda sé vanreifuð. Þá sé skaðabótakrafan ekki sótt af eigendum hennar í sameiningu, sbr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Krafa um sekt sé einvörðungu rökstudd með vísun til 70. sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938 án tilgreiningar á málsástæðum eða frekari útlistunar. Málatilbúnaður stefnanda er að mati stefnda andstæður ákvæðum 50. gr. laga nr. 80/1938 og 80. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Meginkrafa stefnanda í máli þessu er, að hindrun á sjósetningu fiskiskipsins Júlíusar ÁR 111 verði dæmd ólögmæt vinnustöðvun af hálfu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Þessi krafa stefnanda er forsenda fyrir kröfum hans um sektir, skaðabætur og viðurkenningu á friðarskyldubroti. Á hinn bóginn gerir Stálsmiðjan hf. ekki kröfu um það að sú ákvörðun verkamanna, að neita allri yfirvinnu verði dæmd ólögmæt.

Með bréfum dags. 30. september 1992 sagði Stálsmiðjan hf. upp fastri yfirvinnu verkamanna sem vinna í brautum. Uppsagnirnar voru gerðar með þriggja mánaða fyrirvara og áttu því að ganga í gildi 1. janúar 1993. Þessum uppsögnum mótmælti Verkamannafélagið Dagsbrún með bréfi dags. 4. nóvember 1992. Taldi félagið uppsagnirnar vera brot á gildandi kjarasamningi og því óheimilar. Stálsmiðjan hf. svaraði með bréfi dags. 13. nóvember 1992 og hélt því fram að hér væri um lögmætar uppsagnir á persónubundnum ráðningarkjörum að ræða. Að þessi svari fengnu var sú framvinda eðlilegust, að Dagsbrún bæri ágreiningsefnið sem fyrst undir Félagsdóm, en málshöfðun dróst á langinn. Var stefna til Félagsdóms gefin út 3. febrúar 1993. Niðurstaða málsins varð á þann veg að uppsagnirnar voru dæmdar ógildar með dómi Félagsdóms uppkveðnum 25. mars 1993.

Í ársbyrjun 1993 felldi Stálsmiðjan hf. niður hinar föstu yfirvinnugreiðslur í samræmi við uppsagnarbréfin. Verkamenn tilkynntu fyrirtækinu að þeir myndu ekki inna af hendi neina yfirvinnu fyrr en hlutur þeirra hefði verið réttur. Ekkert er fram komið um það að Verkamannafélagið Dagsbrún hafi átt þátt í þessari ákvörðun. Stálsmiðjan hf. virðist hafa látið þessa ákvörðun afskiptalausa. Á þetta reyndi föstudaginn 15. janúar 1993 þegar taka átti m.s. Búðafell í slipp. Verkamenn neituðu að vinna verkið í yfirvinnu og það látið kyrrt liggja.

Laugardaginn 30. janúar dró til tíðinda í slippnum. Mönnum ber ekki saman um atburðarásina, en forráðamenn Stálsmiðjunnar hf. óttuðust að eigin sögn valdbeitingu, ef reynt yrði að setja skipið á flot. Var sjósetningu frestað til mánudags.

Miðað við málsatvik öll verður að líta á framgöngu verkamanna og formanns félags þeirra, laugardaginn 30. janúar sl., þegar þeir hindruðu utanfélagsmenn í því að taka upp störf Dagsbrúnar-

manna, sem sérstaka vettvangsaðgerð, er falli ekki undir ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Úrlausnarefnið er því utan valdsviðs Félagsdóms. Með þessu er ekkert um það sagt, hvort framangreind aðgerð kunni að fela í sér brot gegn öðrum lögum og bótaskyldu af hálfu stefnda af þeim sökum.

Samkvæmt framansögðu er frávísunarkrafa stefnda tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Úrskurð þennan kveða upp Auður Þorbergsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir og Jón Þorsteinsson.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Björns Helgasonar og Gunnars Guðmundssonar.

Samkvæmt 1. tl. 44. greinar laga nr. 80/1938 ber Félagsdómi m.a. að dæma í málum sem rísa út af brotum á lögunum og tjóni sem orðið hefur vegna ólögmætra vinnustöðvana. Samkvæmt 2. tl. (svo) nefndra laga er það verkefni Félagsdóms að skera úr um ágreining um skilning á ákvæðum kjarasamninga og brotum á þeim.

Í máli þessu er ágreiningur með aðilum bæði um það hvort til sé að dreifa ólögmætri vinnustöðvun sem sé félagsleg aðgerð í þeim tilgangi að þrýsta á framgang krafna launþega og hvort um sé að ræða brot á friðarskyldu samkvæmt kjarasamningi aðila.

Með vísan til krafna stefnanda og málsatvikalýsingar verður að telja, að ágreiningur sá sem mál þetta fjallar um falli undir þann réttarágreining sem Félagsdómur á úrskurðarvald um samkvæmt framangreindum ákvæðum.

Eins og málið liggur fyrir þykja því að svo vöxnu máli ekki efni til að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Ákvörðun um málskostnað bíður efnisdóms í málinu.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkrafa stefnda er ekki tekin til greina.

Dómur Hæstaréttar 27. maí 1993.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur með heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. apríl 1993, sem barst Hæstarétti 28. sama mánaðar. Hann krefst þess, að úrskurður Félagsdóms, upp kveðinn 15. apríl 1993, í máli sóknaraðila gegn varnaraðila verði úr gildi felldur og lagt fyrir Félagsdóm að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaður.

Ágreiningur málsaðila lýtur að því, hvort aðgerðir varnaraðila og félagsmanna hans á athafnasvæði sóknaraðila 30. janúar 1993 hafi verið brot á kjarasamningi aðila og hvort þær jafngildi vinnustöðvun. Þá er og deilt um ábyrgð varnaraðila á aðgerðunum. Kröfur sóknaraðila fyrir Félagsdómi eru byggðar á því, að starfsmenn sóknaraðila hafi neitað sameiginlega með þátttöku trúnaðarmanns varnaraðila og stuðningi formanns hans að vinna yfirvinnu umræddan dag. Hafi varnaraðili lýst yfir yfirvinnubanni og því verið fylgt eftir með verkfallsvörsluaðgerðum undir stjórn formanns og trúnaðarmanns varnaraðila. Verkefni Félagsdóms er að dæma um slík ágreiningsefni, sbr. 1. og 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, og fellur kröfugerð sóknaraðila samkvæmt efni sínu undir lögsögu dómsins. Ber því að fella hinn kærða frávísunarúrskurð úr gildi og leggja fyrir Félagsdóm að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir Félagsdóm að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 13. maí 1993.

Nr. 4/1993. **Landssamband lögreglumanna**
(Gylfi Thorlacius hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Dómsvald Félagsdóms. Frávísun.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 3. maí sl. vegna frávísunarkröfu stefnda, höfðaði Landssamband lögreglumanna, kt. 540574-0149, Grettisgötu 89, Reykjavík, fyrir Félagsdómi með stefnu, þingfestri 10. mars s.l., gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kt 550169-2829, Arnarhvoli við Lindargötu, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að dæmt verði að vinnufyrirkomulag það sem rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hefur sett á frá og með 1. febrúar 1993 hjá rannsóknarlögreglumönnum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins sé brot á kjarasamningi Landssambands lögreglumanna við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags. 24. 11.1992.
2. Að dæmt verði að skylt sé að semja við Landssamband lögreglumanna og eða starfsmannafélag rannsóknarlögreglumanna um yfirvinnufyrirkomulag starfsmanna rannsóknarlögreglunnar, kjósi rannsóknarlögreglustjóri að hafa annan hátt á yfirvinnu en greinir í kafla 2.3. í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna dags. 24. 11. 1992.
3. Að viðurkennt verði að bakvaktir séu ekki hluti af vinnuskyldu rannsóknarlögreglumanna án þess að sérstaklega sé um það samið.
4. Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru:

1. Að öllum kröfum stefnanda verði vísað frá dómi.
2. Að stefndi verði með eða án frávísunar á einstökum kröfuliðum, sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
3. Að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrlausnar.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að allt frá því er Rannsóknarlögregla ríkisins tók til starfa á árinu 1977, hafi vinnufyrirkomulag rannsóknarlögreglumanna verið dagvinna miðað við 40 vinnustundir og unnin á tímabilinu frá kl. 08.00 til kl. 16.00. Vegna starfsemi rannsóknarlögreglunnar sé nauðsynlegt að viðverutími starfsmanna sé lengri. Frá upphafi hafi því samkomulag verið milli starfsmannafélags rannsóknarlögreglumanna og yfirmanna stofnunarinnar um fyrirkomulag yfirvinnu. Síðasta samkomulag hafi verið gert í október 1982, sem hafi verið í gildi uns núverandi rannsóknarlögreglustjóri tilkynnti einhliða þann 28. október sl. um breyttan vinnutíma frá og með 1. febrúar 1993. Vinnufyrirkomulag hafi í stórum dráttum verið á þann veg fram til þessa að rannsóknarlögreglumenn hafi skipt á sig helgarvöktum, kvöldvöktum, morgunvöktum, símavöktum og eftirlitsvöktum. Í framkvæmd hafi lögreglumenn verið á bakvakt heima í framhaldi af helgarvöktum, kvöldvöktum og símavöktum, þannig að fyrirvaralaust hafi verið hægt að kalla í þá til vinnu. Þessu hafi nú rannsóknarlögreglustjóri breytt einhliða og lögreglumönnum sé gert að standa útkallsvaktir þ.e. „bakvaktir" virka daga nema næsta dag á undan almennum frídegi frá kl. 19.00 til kl. 8.00 að morgni næsta dags. Um helgar sé þessu háttað þannig að föst yfirvinna sé frá kl. 16.00 til kl. 19.00 næsta dag á undan frídegi og á frídögum frá kl. 9.00 til kl. 17.00 en síðan útkallsvakt í framhaldi af því. Sem dæmi mætti nefna þegar útkallsvakt er frá kl. 19.00 til kl. 9.00 (föstudag til laugardags), kl. 17.00 til kl. 9.00 (laugardag til sunnudags) og kl. 17.00 til kl. 8.00 (sunnudag til mánudags). Lögreglumenn sætti sig ekki við þetta vinnufyrirkomulag.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi telur að vinnureglur þær sem settar hafi verið hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins séu ekki í samræmi við kjarasamning Landssambands lögreglumanna hvað varðar kaflann um yfirvinnu né ákvæði um lágmarkshvíld, sé það talið að bakvakt teljist til vinnuskyldu, sem lögreglumenn telja að ekki sé. Ljóst sé að heimilt sé að breyta út frá vinnutímafyrirkomulagi því sem greini í samningnum, en ávallt sé gert ráð fyrir að það sé gert með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar og með skriflegu samþykki

samningsaðila, sbr. ákvæði um vinnutíma 2.1.2. og ákvæði um yfirvinnu 2.3.8.

Í ákvæði 2.1.2. segir: „Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar og með skriflegu samþykki samningsaðila."

Þá segir í ákvæði 2.3.8.: „Haldin skal spjaldskrá yfir þá aukavinnu, sem unnin er, og leitast skal við, að hún skiptist sem jafnast milli lögreglumanna í föstu starfi og skv. samkomulagi við viðkomandi lögreglufélag".

Í kjarasamningi lögreglumanna, í lögum um lögreglumenn nr. 56/1972, lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 108/1976 og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954 sé hvergi að finna ákvæði um að lögreglumönnum sé skylt að standa bakvaktir. Í kjarasamningi sé hins vegar ákvæði um greiðslur fyrir slíkar bakvaktir, liður 2.5., útkallsvaktir, en þar sé einungis fjallað um hvernig greiða skuli fyrir slíka vakt. Ljóst sé að samkvæmt 31. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sé lögreglumönnum skylt að vinna meiri yfirvinnu en öðrum opinberum starfsmönnum.

Stefnandi telur að bakvaktir falli ekki undir þessa vinnuskyldu heldur sé einungis átt við viðveruskyldu á vinnustað eða vettvangi. Bakvakt sem slík geti ekki talist vinna í sjálfu sér heldur fyrst og fremst kvöð um að vera ævinlega til taks á nóttu sem degi meðan bakvakt stendur. Aukin yfirvinnuskylda lögreglumanna sé sett vegna öryggissjónarmiða, ef sérstakar aðstæður skapist í þjóðfélaginu sem valdi því að nauðsyn sé á ríkara vinnuframlagi lögreglumanna en ella.

Af framansögðu sé ljóst að breytingar þær sem gerðar hafi verið á vinnutíma rannsóknarlögreglumanna samrýmist ekki kjarasamningi Landssambands lögreglumanna við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs né lögum, hvorki lögum nr. 56/1972, l. nr. 108/1976, l. nr. 38/1954 eða l. nr. 46/1980 eða annar staðar. Ekki verði því séð að lögreglumönnum sé skylt á meðan ekki sé um annað samið að standa bakvaktir utan reglulegs vinnutíma nema greitt sé fyrir það full yfirvinna. Verði á það fallist að bakvaktir séu vinnuskylda sé vinnutímafyrirkomulag rannsóknar- lögreglumanna brýnt brot á ákvæðum 52. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á

vinnustöðum, því samkvæmt núverandi vinnufyrirkomulagi fái lögreglumenn ekki lögbundinn hvíldartíma.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Í greinargerð stefnda er varðandi málavexti m.a. vakin sérstök athygli á umsögn rannsóknarlögreglustjóra til ríkislögmanns, dags. 24. mars sl. Í henni segir m.a. að hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins sé dagvinnufyrirkomulag, ekki vaktavinna, en aukavinna hafi verið skipulögð fyrirfram í nokkrum mæli. Þá er rakið í umsögninni hvernig útkallsvöktum, kvöldvöktum og helgarvöktum hefur verið háttað fram til 1. febrúar sl.

Í umsögninni kemur fram að sú eina breyting sem gerð var þann 1. febrúar sl. að ráða varðmenn til að sinna síma- og húsvörslu, sem rannsóknarlögreglumenn sinntu áður í aukavinnu, hafi verið skref í þá átt að færa aukavinnu til rannsóknarviðfangsefna frá verkefnum sem leysa megi af hendi með öðrum og hagkvæmari hætti. Breytingin hafi það í för með sér að um 3.700 aukavinnustundir rannsóknarlögreglumanna, sem árlega sé varið til símavörslu, nýtist við rannsóknarverkefni.

Af hálfu stefnda er bent á að vinnufyrirkomulag í einstökum atriðum hjá RLR hafi jafnan verið ákveðið einhliða af rannsóknarlögreglustjóra.

Í lýsingu rannsóknarlögreglustjóra á skipulagi og stjórn RLR frá 27. júní 1979 er lýst aðalstarfstíma starfsliðs RLR. Þá segir í reglum um vaktir og vaktskrá frá 22. október 1982, að reglurnar séu settar vegna nýskipan vaktamála. Reglum um starfstíma og aukavaktir var enn breytt með tilkynningu rannsóknarlögreglustjóra á skipulagi, stjórn og starfsliði RLR frá 11. janúar 1986. Með bréfi rannsóknarlögreglustjóra dags. 20. janúar 1989 hafi þágildandi morgunvaktakerfi verið fellt niður. Loks gerði rannsóknarlögreglustjóri breytingar á starfstíma rannsóknarlögreglumanna þann 28. október sl., sem tóku gildi 1. febrúar sl., svo sem að framan greinir.

Framangreindar ákvarðanir rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eru allar undirritaðar einhliða af honum.

Í rökstuðningi fyrir frávísunarkröfu sinni segir stefndi að krafa stefnanda í 1. og 2. lið stefnu sé allt of almenn til að teljast dómhæf. Þá sé fyrirkomulag yfirvinnu sem getið er í þessum liðum ekki samkvæmt lögum hluti kjarasamnings, heldur falli slíkt fyrirkomulag í einstökum atriðum undir stjórnunarhlutverk yfirmanns, sbr. t.d. 28.

gr. og 31. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Reglur sem að þessu lúta séu í samræmi við það gefnar út af yfirmanni stofnunarinnar, en ekki undirritaðar af aðilum kjarasamnings. Fyrirkomulag yfirvinnu falli þannig ekki undir ákvæði kjarasamnings aðila. Málið verði ekki borið undir Félagsdóm með því að ágreiningurinn lúti ekki valdsviði hans.

Eina ákvæði kjarasamnings aðila, grein 2.3.8., sem gæti, þrátt fyrir framansagt, talist ná til fyrirkomulags um yfirvinnu, snerti ekki ágreining í máli þessu. Sú grein staðfesti hins vegar að almennt sé fyrirkomulag um yfirvinnu og ákvörðun um það í höndum yfirmanns stofnunar. Ef unnt sé að líta á reglurnar um vaktir og vaktskrá frá 22. október 1982, skipulag, stjórn og starfslið RLR frá 27. júní 1979 og 11. janúar 1986 og tilkynningu rannsóknarlögreglustjóra frá 20. janúar 1989 svo og fyrirkomulag á eftirvinnu frá 1. febrúar sl. sem samninga af einhverju tagi, verði ekki á það fallist að um kjarasamning sé að ræða. Í því tilviki bæri að skoða þetta sem hópsamning um ráðningarkjör, sem aðilar kjarasamnings hafi ekki komið að. Það falli ekki undir valdsvið Félagsdóms að fjalla um túlkun slíkra samninga.

Stefndi reisir kröfuna um frávísun á kröfulið nr. 3 sérstaklega á því, að sú krafa feli í sér kröfur um lögfræðilega álitsgerð. Hér sé ekki um að ræða lögvarða hagsmuni í hendi stefnanda um úrlausn tiltekins sakarefnis. Skilyrði IV. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 séu ekki uppfyllt. Breytt fyrirkomulag á yfirvinnu sem taka átti gildi 1. febrúar sl. hjá RLR feli ekki í sér breytingar á fyrirkomulagi bakvakta stofnunarinnar. Breytingarnar lúti einungis að niðurfellingu svokallaðra símavakta, sem sé hluti yfirvinnu á vinnustað. Þá bendir stefndi ennfremur á varðandi kröfulið nr. 3 að í 31. gr. laga nr. 38/1954 segi, að starfsmönnum sé skylt að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega. Í þeirri yfirvinnuskyldu sem fjallað er um í nefndri lagagrein felist, að starfsmanni sé jafnframt skylt að þola þá bindingu, sem skipulagning yfirvinnu krefst. Bakvaktir séu í eðli sínu hluti af skyldu til að vinna yfirvinnu. Sú skipulagning á yfirvinnu sem felist í bakvöktum leiði jafnframt til hagræðis fyrir starfsmenn ekki síður en vinnuveitanda. Yfirvinnuskylduna í 31. gr. laga nr. 38/1954 beri því að skýra rúmum skilningi þannig að hún nái bæði til yfirvinnu á vinnustað og bakvakta. Í

þessu samhengi sé jafnframt á því byggt, að skyldan til að standa bakvaktir verði einnig leidd af eðli starfsins og venjum og sú kvöð hljóti að teljast hluti ráðningarkjara einstakra starfsmanna.

Niðurstaða.

Hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins eru störf aðallega unnin í dagvinnutíma kl. 8.00-16.00. Sú vinna er fram fer utan dagvinnutíma greinist samkvæmt kjarasamningi málsaðila frá 24. nóvember 1992 í yfirvinnu samkvæmt greinum 2.3. í samningnum og svonefndar útkallsvaktir samkvæmt greinum 2.5. Með útkallsvakt er átt við „að starfsmaður sé ekki við störf en reiðubúinn að sinna útkalli . . .“ eins og þar segir. Í greinum 2.3. í kjarasamningnum er ekki að finna ákvæði er tryggi starfsmönnum rétt til áhrifa um fyrirkomulag yfirvinnu í einstökum atriðum. Grein 2.3.8. sýnist ætlað að tryggja það eitt, að aukavinna skiptist sem jafnast milli lögreglumanna í föstu starfi. Grein 2.1.2. þykir ekki veita starfsmönnum samningsaðild að fyrirkomulagi eða framboði yfirvinnu. „Reglur um vaktir og vaktaskrá“ frá 22. október 1982 og síðari breytingar hafa ávallt verið settar einhliða af rannsóknarlögreglustjóra og eiga sér ekki stoð í kjarasamningi aðila. Breytir hér engu, þótt rannsóknarlögreglustjóri kunni að hafa haft samráð við rannsóknarlögreglumenn við setningu þeirra. Eiga því kröfur samkvæmt 1. og 2. tl. í stefnu ekki undir úrlausn Félagsdóms.

Um 3. kröfulið er þess að geta, að þar er krafist almennrar lögskýringar á tilteknu sviði, en raunverulegt sakarefni ekki lagt fyrir til úrskurðar. Auk þess byggist úrlausnin á skýringu á 31. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þykir krafan ekki dómtæk með vísun til 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða dómsins, að ágreiningur sá sem málið er af risið eigi ekki undir dómsvald Félagsdóms og ber því að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Stefnandi greiði stefnda 75.000 krónur í málskostnað.

Úrskurðarorð:

Krafa stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, um frávísun málsins er tekin til greina.

Stefnandi, Landsamband lögreglumanna, greiði stefnda 75.000 krónur í málskostnað.

Dómur Hæstaréttar 3. júní 1993.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. maí 1993, sem barst réttinum 24. sama mánaðar. Um kæruheimild vísar hann til 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann krefst þess, að úrskurði Félagsdóms, upp kveðnum 13. maí 1993, í máli sóknaraðila gegn varnaraðila verði hrundið og lagt fyrir Félagsdóm að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Kæruheimild er í 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. IV. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 10. júní 1993.

Nr. 5/1993. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Samiðnar vegna Iðnsveinafélags Suðurnesja
(Bryndís Hlöðversdóttir cand. jur.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
f.h. Íslenskra aðalverktaka s.f.
(Jón R. Pálsson hdl.)

Trúnaðarmaður. Uppsögn úr starfi. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem tekið var til dóms þann 26., maí sl., höfðaði stefnandi Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16 a, Reykjavík f.h. Málm- og skipasmiðasambands Íslands, kt.450269-3959, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, vegna Iðnsveinafélags Suðurnesja, kt. 660169-3269, Tjarnargötu 7. Keflavík, með stefnu, þingfestri 23. apríl sl., fyrir Félagsdómi gegn Vinnuveitendasambandi Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Íslenskra aðalverktaka s.f., kt. 660169-2379, Keflavíkurflugvelli.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að uppsögn Íslenskra aðalverktaka s.f., dags. í október 1992, sem taka átti gildi 1. febrúar 1993 en var frestað með bréfi, dags. 19. janúar 1993, til 1. apríl s.ár, er Pálma Hannessyni, kt. 100254-2559, Hólagötu 31, Njarðvík, sem var starfsmaður hjá nefndu fyrirtæki og trúnaðarmaður stéttarfélags síns þar, var sagt upp starfi, verði dæmd ólögmæt.
2. Að Íslenskum aðalverktökum s.f. verði gert að greiða sekt í ríkissjóð fyrir brot á 11. gr. laga nr. 80/1938.
3. Að Íslenskum aðalverktökum s.f. verði gert að greiða stefnanda málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru:

1. Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
2. Að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnaður að mati dómsins.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af lögmanni stefn-

anda, að Málm- og skipasmiðasamband Íslands hafi eftir höfðun málsins sameinast öðrum félögum undir nafninu Samiðn.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að í janúar árið 1986 hafi Pálmi Hannesson bifvélavirki ráðist til starfa á tækjaverkstæði Íslenskra aðalverktaka s.f. á Keflavíkurflugvelli og hafi hann starfað þar síðan. Þann 14. febrúar 1991 hafi Pálmi verið skipaður trúnaðarmaður stéttarfélags síns á grundvelli laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur til tveggja ára og þann 26. mars 1993 hafi hann enn á ný verið skipaður til að gegna trúnaðarmannstöðunni áfram. Í báðum tilvikum hafi Pálmi verið skipaður á lögformlegan hátt af stéttarfélagi sínu og að undangenginni kosningu á vinnustað, skv. ákvæðum kjarasamnings aðildarfélaga Málm- og skipasmiðasambands Íslands um trúnaðarmenn. Þann 27. október 1992 hafi fyrirtækið sent tilkynningu til Félagsmálaráðuneytisins um væntanlegar hópuppsagnir, samtals 112 einstaklinga hjá öllu fyrirtækinu. Í lok október sl. hafi komið til uppsagna starfsmanna á tækjaverkstæði fyrirtækisins en nokkrum mánuðum áður hafði 2 mönnum verið sagt upp á verkstæðinu á grundvelli samdráttar. Á tækjaverkstæðinu hafi á þessum tíma starfað 20 menn og hafi 7 þeirra fengið uppsagnarbréf og hafi Pálmi verið einn þeirra. Af þeim 7 mönnum sem sem fengu uppsagnarbréf í október séu 2 enn í starfi, en annar þeirra hafi haft 6 mánaða uppsagnarfrest og eigi því að hætta 1. maí 1993, en hinn hafi fengið framlengingu ráðningar sinnar um mánuð í senn. Hvað uppsagnarbréf Pálma varðar þá sé það ódagsett, aðeins sé tiltekið að það sé skrifað í október 1992 og sé ástæða uppsagnarinnar sögð niðurskurður fjárveitinga og óvissa í úthlutun á þegar umsömdum verkum. Pálma sé sagt upp með 3 mánaða fyrirvara og skuli síðasti vinnudagur vera 31. janúar 1993, en síðan hafi ráðningin verið framlengd til 31. mars s.ár. Pálmi hafi kvittað fyrir móttöku uppsagnarbréfsins með fyrirvara um lögmæti uppsagnarinnar. Pálmi hafi strax leitað til stéttarfélags síns, Iðnsveinafélags Suðurnesja, og hafi félagið þegar í stað sent skrifleg mótmæli til starfsmannastjóra Íslenskra aðalverkaka s.f með bréfi dagsettu 29. október sl. Í því mótmæli stjórn Iðnsveinafélag Suðurnesja uppsögn Pálma og lýsi því yfir að félagið telji hana ólöglega, auk þess sem þess sé óskað að hún verði dregin til baka. Viðbrögð við mótmælunum hafi aðeins verið þau að ráðning Pálma hafi verið framlengd um 2 mánuði, en

að öðru leyti ætlaði fyrirtækið að halda uppsögninni til streitu. Pálmi hafi ítrekað haft samband við forsvarsmenn fyrirtækisins og lýst yfir vilja sínum til að starfa áfram í þjónustu þess, en án árangurs. Hafi hann enga vinnu fengið enn þrátt fyrir tilraunir til þess, enda sé atvinnuástand á svæðinu með versta móti.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga, byggir stefnandi kröfugerð sína á því að uppsögn Pálma, sem var réttilega kjörinn og skipaður trúnaðarmaður stéttarfélags síns á vinnustað, sé brot á 11. gr. laga nr. 80/1938 og sé því ólögmæt. Í 11. gr. segi að umboðsmönnum þeirra sé óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmenn eða láta þá á nokkurn hátt gjalda þess, að stéttarfélag hafi falið þeim að gegna trúnaðarmannsstöðu fyrir sig. Þá segi í seinni málslið greinarinnar að þurfi atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum, skuli trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni. Telur stefnandi að uppsögnin brjóti í bága við 2. málslið 11. gr., þar sem hér sé um uppsagnir 7 manna að ræða af 20 manna hópi á tækjaverkstæðinu. Þá hafi ráðning eins þeirra verið framlengd, mánuð og mánuð í senn, auk þess sem einn sé enn á uppsagnarfresti. Því hafi í raun aðeins 5 menn hætt störfum af þessum 20 og sé fækkunin ekki það veruleg að uppsögn trúnaðarmanns hafi verið nauðsynleg. 11. gr. laga nr. 80/1938 sé ætlað að vernda trúnaðarmenn sérstaklega gegn uppsögnum, enda þeim ætlað að vernda félagslegan og borgaralegan rétt starfsbræðra sinna, sbr. 9. gr. laga nr. 80/1938. Pálmi hafi verið kjörinn og skipaður í samræmi við ákvæði kjarasamnings þar um. Þá hafi hann sinnt starfsskyldum sínum að öllu leyti vel og verið til fyrirmyndar í alla staði sem starfsmaður, enda hafi hann aldrei fengið áminningu um brot á starfsskyldum sínum. Það séu því engin þau atvik í málinu er réttlæti uppsögn Pálma og því sé þess krafist að uppsögnin verði dæmd ólögmæt.

Stefnandi vísar til stuðnings kröfum sínum til laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi kveður málavexti vera þá að vegna seinagangs og óvissu í úthlutun á þegar umsömdum verkum, sem fyrirhugað var að kæmu til framkvæmda á Keflavíkurflugvelli hafi Íslenskir aðalverktakar

orðið að skera niður starfsmannafjölda og hefja endurskipulagningu og uppstokkun á rekstri sínum. Í fyrstu hafi verið reynt að halda í horfinu og farið hægar í uppsagnir en ella í þeirri von að málin myndu skýrast á næstu mánuðum. Þær vonir hafi ekki gengið eftir og hafi ársverkum fækkað um 224 frá 1990 til dagsins í dag og hafi það bitnað á öllum deildum fyrirtækisins. Strax í júníbyrjun 1992 hafi Þorbjörn Guðmundsson bifvélavirki verið fluttur af tækjaverkstæði og gerður að verkstjóra á smurstöð, en skömmu áður hafi forveri hans í því starfi andast. Í ágúst s. ár hafi verið tekin ákvörðun um að fækka um 2 starfsmenn til viðbótar á dekkjaverkstæði og hafi annar þeirra, sem var rennismiður, og hinn, sem starfaði í almennum viðgerðum, fengið uppsagnarbréf sem miðaðist við 1. september það ár. Í september hafi verið ljóst að ekki yrði lengur frestað af hálfu fyrirtækisins að segja upp enn fleiri starfsmönnum vegna bágrar verkefnastöðu og algerrar óvissu um áframhaldandi framkvæmdir. Þessi staða hafi öllum verið ljós og af þessu tilefni hafi Iðnsveinafélags Suðurnesja sent bréf þann 14. september 1992 til starfsmannastjóra Íslenskra aðalverktaka s.f., þar sem sú ósk var borin fram að félagsmenn þess, sem búsettir væru á Suðurnesjum, gengju fyrir um vinnu, ef til fleiri uppsagna myndi koma hjá fyrirtækinu. Þegar ljóst var að fækka þyrfti mannskap í hinum ýmsu deildum hafi verið farið í saumana á verkefnastöðu á hverjum vinnustað. Á tækjaverkstæðinu hafi fyrirliggjandi viðgerðir verið metnar og bílanatíðni tækja áætluð miðað við umsvif fyrirsjáanlegra verka. Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og áætlana hafi yfirstjórn fyrirtækisins ákveðið að segja upp 10 mönnum á tækjaverkstæðinu.

Yfirverkstjóra og verkstjóra hafi verið falið að setja saman lista þeirra manna, sem þeir gætu síst án verið burtséð frá öðru en því að um lykilmenn væri að ræða á hverju sviði. Upphaflega hafi yfirstjórnin ætlað að segja upp 9 mönnum, en niðurstaðan hafi verið sú að 7 mönnum, að Pálma meðtöldum, var sent uppsagnarbréf. Það hafi verið gert vegna ábendinga verkstjóranna, sem ekki töldu sig geta komist af með færri starfsmenn vegna fjölbreyttrar starfsemi á verkstæðinu. Eftir samráð við framkvæmdastjórann hafi starfsmannastjóri fallist á röksemdir verkstjóranna. Í október 1992 hafi síðan 112 starfsmenn fengið uppsagnabréf, þar af 7 á tækjaverkstæði, en 3 starfsmenn á tækjaverkstæði hafi verið fyrir á uppsagnarfresti eða hættir störfum.

Með bréfi dags. 29. október 1992 hafi Iðnsveinafélags Suðurnesja einnig mótmælt nýtilkomnum uppsögnum á tækjaverkstæðinu, þar sem hvorki væri tekið tillit til búsetu manna eða fjölskylduástæðna. Jafnframt var uppsögn Pálma mótmælt sem ólöglegri skv. kjarasamningum. Í kjölfar þessara mótmæla hafi átt sér stað viðræður milli starfsmannastjóra Íslenskra aðalverktaka s.f. og formanns Iðnsveinafélags Suðurnesja án þess að niðurstaða fengist. Í viðræðunum hafi starfsmannastjóri ítrekað þá skoðun fyrirtækisins að uppsögn Pálma væri lögmæt.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að uppsögn Pálma Hannessonar hafi verið óviðkomandi trúnaðarmannsstarfi hans. Hún hafi því verið fyllilega lögmæt og hvorki brotið gegn ákvæðum kjarasamnings aðila eða laga nr. 80/1938, sbr. 9. og 11. gr. þeirra. Trúnaðarstörf Pálma í þágu stefnanda hafi ekkert komið uppsögn hans við. Uppsögnin hafi verið nauðsynleg vegna almennrar fækkunar starfsmanna hjá stefnda, sem leiddi af verkefnaskorti, sem stefnda verði ekki um kennt. Pálmi hafi ekki verið látinn gjalda starfa sinna sem trúnaðarmaður á nokkurn hátt, heldur lotið því lögmáli sem beitt var af verkstjórum, en á þeim hafi hvílt ábyrgð og ákvarðanataka um það, hvaða 7 mönnum skyldi sagt upp á tækjaverkstæði. Starfsemi á tækjaverkstæði sé fjölbreytt. Henni sé skipt upp í ákveðin svið eftir verkefnum og tækjum. Pálmi hafi starfað við almennar viðgerðir á tækjaverkstæði. Þeir samstarfsmenn hans, sem héldu störfum sínum, hafi hins vegar verið lykilmenn á sínu sviði og því ómissandi fyrir starfsemi stefnda að mati verkstjóra. Þessari lykilstöðu og sérhæfingu hafi þeir náð með áralangri reynslu í fyrirtækinu eða verið beinlínis ráðnir inn á verkstæðið vegna sérþekkingar sinnar á ákveðnum tækjum. Af þessum ástæðum einum hafi þeim ekki verið sagt upp störfum.

Stefnandi segist byggja málsókn sína á 2. málslið 11. gr. laga nr. 80/1938. Þessi lagatilvísun stefnanda fái ekki staðist miðað við málsatvik. Orðalag ákvæðisins banni ekki fortakslaust uppsagnir trúnaðarmanna, þegar fækka þurfi starfsmönnum vegna samdráttar, enda segi í greininni að þeir skuli að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda starfi. Ákvæðið hafi í laga- og dómaframkvæmd aldrei verið túlkað þannig að uppsögn trúnaðarmanns verði ólögmæt af þeirri ástæðu einni að starfsmaður er trúnaðarmaður. Stefnandi byggi málsókn

sína á ástæðum, sem séu óviðkomandi verndarákvæðum vinnulöggjafarinnar um trúnaðarmenn. Pálmi hafi hvorki verið fyrsti né síðasti maður, sem sagt var upp störfum, eins og ljóst sé af málavöxtum. Hann sé í hópi 7 manna, sem urðu að sæta því erfiða hlutskipti að fá uppsagnarbréf í október 1992. Aðeins einn þessara sjö manna gegni ennþá störfum sem verkfæravörður. Tímabundin framlenging ráðningarsamnings hans sé þessu máli óviðkomandi. Í ljós hafi komið að starf hans yrði ekki lagt niður nema með lengri fyrirvara.

Þá kveður stefndi að fullyrðingar stefnanda um það, að aðeins 5 af 20 mönnum hafi verið sagt upp séu beinlínis rangar eða misvísandi, því í þessum 20 manna hópi telji stefnandi með tvo lærlinga á námssamningi sem óheimilt sé að segja upp. Óumdeilt sé að Pálmi hafi aldrei verið áminntur sérstaklega vegna starfa sinna. Þær fullyrðingar stefnanda að Pálmi hafi í störfum sínum verið til fyrirmyndar sem starfsmaður virðist hins vegar umdeilanlegar.

Samkvæmt gr. 13.1. í kjarasamningi málmiðnaðarmanna skuli trúnaðarmenn eigi kosnir eða tilnefndir til lengri tíma en 2 ára í senn. Endurtilnefning Pálma í stöðu trúnaðarmanns hafi verið samningsbrot og í raun hrein markleysa eins og á stóð, þar sem hann var á framlengdum uppsagnarfresti. Framlenging uppsagnarfrestsins hafi haft það eina markmið að gera Pálma kleyft að ljúka tveggja ára starfstímabili sínu sem trúnaðarmaður samkvæmt kjarasamningi. Engin kosning hafi farið fram á vinnustaðnum heldur muni Pálmi hafa gengið á milli samstarfsmanna sinna og spurt hvort þeir mundu styðja sig í embættið.

Stefnandi byggi málsókn sína á 1. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938. Samkvæmt lögum nr. 80/1938, 9. gr. gildi sú regla að stjórn stéttarfélags sé rétt að tilnefna tvo menn til trúnaðarstarfa úr hópi þeirra starfsmanna, sem á staðnum vinna og skuli atvinnurekandi samþykkja annan þeirra. Starfsmannastjóri stefnda hafi tekið á móti tilnefningarbréfi Iðnsveinafélags Suðurnesja þann 26. mars 1993 með þeim fyrirvara að Pálmi myndi hætta störfum frá og með 1. apríl 1993. Frá sama tíma hafi Hermann Jakobsson, sem tilnefndur hafi verið varatrúnaðarmaður, í raun tekið við aðaltrúnaðarmannastarfi á tækjaverkstæði, enda hafi það verið fullkomlega eðlilegt miðað við það, að hann hafði verið varatrúnaðarmaður sl. tvö ár og m.a. sótt trúnaðarmannanámskeið á vegum stefnanda.

Stefndi segir að yfirlit um atvinnuástand, sem stefnandi leggi fram, hafi enga efnislega þýðingu um niðurstöðu málsins.

Sektarkrafa stefnanda sé vanreifuð og tilefnislaus miðað við málatilbúnað hans og málsatvik. Stefnanda sé jafn ljóst og stefnda að uppsögn Pálma Hannessonar fyrrverandi trúnaðarmanns byggist einungis á rekstrarlegum ástæðum.

Stefndi byggir málskostnaðarkröfu sína á 65. gr., sbr. 69. gr. l. 80/1938.

Niðurstaða.

Óumdeilt er að sumarið og fram á haust 1992 var svo komið fyrir Íslenskum aðalverktökum sf., vegna verkefnaskorts og óvissu í úthlutun á þegar umsömdum verkum, að fyrirtækið þurfti að fækka starfsmönnum.

Trúnaðarmanninum Pálma Hannessyni var sagt upp starfi í októbermánuði 1992. Uppsögnin átti að ganga í gildi l. febrúar 1993 eða tveimur vikum áður en tveggja ára tímabil hans sem trúnaðarmanns var á enda. Glöggt er af málavöxtum að uppsögnin átti ekki rót sína að rekja til þess, að Pálmi væri látinn gjalda starfa sinna sem trúnaðarmaður, sbr. 1. málslið 11. gr. laga nr. 80/1938. Á hinn bóginn nýtur trúnaðarmaður þess réttar, sbr. 2. málslið sömu lagagreinar, að hann skal að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni þegar atvinnurekandi þarf að fækka við sig starfsmönnum. Í þessu ákvæði felst sú meginregla, að trúnaðarmanni á ekki að segja upp störfum við fækkun starfsmanna, nema vinnuveitandinn sýni fram á ríkar ástæður til þeirrar ráðabreytni. Í þeim efnum duga ekki almennar staðhæfingar eins og stefndi beitir í þessu máli um lykilhlutverk þeirra starfsmanna, sem héldu vinnunni, enda hefur stefnandi mótmælt þessum staðhæfingum. Einnig verður að líta svo á með hliðsjón af þeim fjölda starfsmanna á tækjaverkstæði stefnda, er héldu áfram störfum, og hinna, er sagt var upp, að stefndi hafi haft nægjanlegt svigrúm til þess að komast hjá uppsögn Pálma Hannessonar, en ekki hafði verið fundið að störfum hans.

Þannig var uppsögnin ólögleg frá upphafi talið og gat því ekki orðið lögmæt við framlengingu.

Samkvæmt þessu ber að taka til greina kröfu stefnanda um að dæma uppsögn Íslenskra aðalverktaka s.f., sem beindist gegn Pálma Hannessyni, ólögmæta.

Svo sem réttarágreiningi í máli þessu er háttað eru hins vegar

ekki efni til þess að dæma Íslenska aðalverktaka s.f. til greiðslu sektar.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda kr. 70.000.- í málskostnað.

Dómsorð:

Uppsögn Íslenskra aðalverktaka s.f. í október 1992 á starfi Pálma Hannessonar, trúnaðarmanns, var ólögmæt.

Stefndi, Íslenskir aðalverktakar s.f., skal vera sýkn af kröfu stefnanda um greiðslu sektar.

Stefndi greiði stefnanda, Iðnsveinafélagi Suðurnesja, kr. 70.000.- í málskostnað.

Sératkvæði
Gunnars Guðmundssonar.

Niðurstaða.

Óumdeilt er að sumarið og fram á haust 1992 var svo komið fyrir Íslenskum aðalverktökum sf., vegna verkefnaskorts og óvissu í úthlutun á þegar umsömdum verkum, að fyrirtækið þurfti að fækka starfsmönnum.

Í október sama ár var samtals 112 starfsmönnum send uppsagnarbréf. Á tækjaverkstæði fyrirtækisins var 7 mönnum af 20 sagt upp störfum, þar á meðal Pálma Hannessyni bifvélavirkja, kt. 100254-2559, Hólagötu 31, Njarðvík. Af framangreindum 20 starfsmönnum voru 2 verkstjórnendur og 2 iðnnemar. Uppsögn Pálma átti að ganga í gildi 1. febrúar 1993 eða tveim vikum áður en tveggja ára tímabil hans sem trúnaðarmanns var á enda.

Eins og fram hefur komið var Pálma Hannessyni sagt upp vegna sannanlegs verkefnisskorts ásamt 111 starfsmönnum sama vinnuveitenda. Starf hans og annarra samstarfsmanna, sem höfðu sinnt almennum viðgerðum á tækjaverkstæði, var lagt niður. Telja verður í ljós leitt, að uppsögn þessi hafi verið af hálfu verkstjórnenda stefnda byggð á almennum efnislegum mælikvarða en hafi ekki stafað af persónulegum ástæðum trúnaðarmannsins eða starfs hans sem trúnaðarmaður.

Samkvæmt þessu þykir því mega líta svo á að uppsögn Íslenskra aðalverktaka sf. á Pálma Hannessyni sé lögmæt og ber af þeim sökum að fallast á sýknukröfu stefnda.

Eins og máli þessu er háttað eru ekki efni til að dæma stefnda Íslenska aðalverktaka sf. til greiðslu sektar.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f h. Íslenskra aðalverktaka sf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Samiðnar vegna Iðnsveinafélags Suðurnesja.

Stefndi skal vera sýkn af kröfu stefnanda um greiðslu sektar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 25. júní 1993.

Nr. 6/1993. **Félag bókagerðarmanna**
(Ástráður Haraldsson hdl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f.h.
Félags íslenska prentiðnaðarins
vegna Prentsmiðjunnar Eddu hf.
(Jón R. Pálsson hdl.)

Trúnaðarmaður. Uppsögn úr starfi.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem dómtekið var í gær, höfðaði Félag bókagerðarmanna fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefinn 27. apríl sl., gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins vegna Prentsmiðjunnar Eddu hf.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að uppsögn stefnda, Prentsmiðjunnar Eddu hf., dags. 30. október 1992, á starfi Baldurs H. Aspar verði dæmd brot á 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og ólögmæt af þeim sökum.
2. Að stefnda verði dæmd refsing samkvæmt 11. gr., sbr. 70. gr., laga nr. 80/1938.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru:

1. Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
2. Að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum, Baldur H. Aspar prentari, Örlygur Sigurbjörnsson prentari, Þorbergur Eysteinsson framkvæmdastjóri og Friðrik Friðriksson framleiðslustjóri.

Málavextir.

Á árinu 1992 var samdráttur í verkefnum hjá Prentsmiðjunni Eddu hf. og töluvert rekstrartap. Vegna þessa var starfsfólki í fyrir-

tækinu sagt upp störfum. Í september 1992 voru starfsmenn fyrirtækisins 39 en í maí 1993 hafði þeim fækkað í 31.

Í september til nóvember 1992 var 5 starfsmönnum sagt upp þar á meðal Baldri H. Aspar.

Baldur H. Aspar var kosinn trúnaðarmaður 27. október 1992 og daginn eftir tilnefndi Félag bókagerðarmanna hann til þess að gegna starfi trúnaðarmanns fyrir félagsmenn FBM í Prentsmiðjunni Eddu hf. til 31. desember 1994, nema annað verði tilkynnt, eins og segir í bréfi Félags bókagerðarmanna, dags. 28. október 1992. Bréf þetta afhenti Baldur H. Aspar framkvæmdastjóra Prentsmiðjunnar Eddu hf. 29. október 1992. Daginn eftir var Baldri sagt upp starfi með 6 mánaða fyrirvara.

Ekki var getið um það í framangreindu bréfi Félags bókagerðarmanna frá hvaða tíma Baldur H. Aspar skyldi gegna trúnaðarmannsstarfanum, en fram er komið að Örlygur Sigurbjörnsson prentari, sem tilnefndur var trúnaðarmaður 19. febrúar 1991 til 31. desember 1992, hafði sagt upp starfi sínu og rann uppsagnarfrestur hans út 31. október 1992. Örlygur hætti störfum 28. október þar sem hann kvaðst hafa átt ótekið orlof. Fram kom hjá framkvæmdastjóra Prentsmiðjunnar Eddu að búið hafi verið að ákveða um miðjan október að segja Baldri upp. En við val á þeim sem sagt skyldi upp hafi verið litið til starfsaldurs hjá fyrirtækinu. Baldur hafi verið með næst stystan starfsaldur prentara hjá fyrirtækinu þrátt fyrir langan starfsaldur í greininni. Þeim hafi báðum verið sagt upp Baldri og þeim prentaranum sem hafði stystan starfsaldur.

Með bréfi, dags. 10. nóvember 1992, mótmælti Félag bókagerðarmanna uppsögn Baldurs og taldi hana óheimila þar sem Baldur væri trúnaðarmaður í fyrirtækinu og njóti þess vegna sérstakrar verndar trúnaðarmanns skv. ákvæði í 11. grein vinnulöggjafarinnar frá 1938.

Bréfi þessu svaraði Vinnuveitendasamband Íslands með bréfi, dags. 20. nóv. 1992. Þar var því mótmælt að 2. mgr. 11. gr. laga nr. 80/1938 eigi við í þessu máli og tekið fram að Baldur hafi ekkert starfað sem trúnaðarmaður í fyrirtækinu áður en honum var sagt upp. Engin rök séu til að skýra greinina á þann hátt að nýlega tilnefndir trúnaðarmenn ættu að öðru jöfnu að njóta sérstakrar verndar gegn uppsögn umfram aðra starfsmenn. Uppsögn Baldurs hafi átt sér stað 30. október, þ.e. áður en hann hafði tekið við starfi trúnaðarmanns í fyrirtækinu með þeim réttindum og skyldum sem því

fylgja. Uppsögn Baldurs sé að áliti VSÍ lögmæt, enda hafi hún ekkert haft með tilnefningu hans í starf trúnaðarmanns að gera og hafi verið framkvæmd vegna samdráttar.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi segir málshöfðunina byggða á l.tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, enda sé hér um að ræða brot á þeim lögum. Með tilkynningu Félags bókagerðarmanna til stefnda, Prentsmiðjunnar Eddu hf., hinn 28. október og með því að Baldur H. Aspar afhenti framkvæmdastjóra prentsmiðjunnar hinn 29. október bréf frá Félagi bókagerðarmanna þar sem tilkynnt var um tilnefningu hans til trúnaðarmanns hjá fyrirtækinu hafi trúnaðarmaðurinn um leið notið verndar 11. gr. laga nr. 80/1938. Þar segi að atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra sé óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn hátt gjalda þess að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannastörfum fyrir sig. Þurfi atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum skuli trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni. Langvarandi hefð sé fyrir túlkun á 2. mgr. 11. gr. Með orðalaginu „að öðru jöfnu" sé átt við að trúnaðarmaður skuli að jafnaði vera sá síðasti sem sagt er upp störfum ef atvinnurekandi þurfi að fækka við sig verkamönnum og sé þá áskilið að trúnaðarmaður sé sambærilegur starfskraftur og aðrir. Ekki hafi verið bornar fram neinar sakir á umræddan trúnaðarmann og því sé ekki haldið fram af hálfu stefnda að hann hafi ekki staðið jafnfætis öðrum í vinnunni. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við kjör Baldurs Aspar sem trúnaðarmanns þegar tilkynning um það barst. Ástæðu uppsagnarinnar sé alls ekki getið í uppsagnarbréfinu og þar af leiðandi sé ekki annað að sjá en að trúnaðarmaðurinn sé látinn gjalda þess að hann fái þessa tilnefningu hinn 28. október. Starfslok starfsmannsins hafi orðið 30. apríl. Hinn 18. apríl hafi birst í Morgunblaðinu auglýsing frá stefnda, Prentsmiðjunni Eddu, þar sem óskað sé eftir reyndum prentara. Svo snögg hafi viðbrögð stefnda Prentsmiðjunnar Eddu hf. verið að nýja trúnaðarmanninum hafi verið sagt upp störfum umsvifalaust. Það sé rangt að tilnefning Baldurs Aspars hafi ekki tekið gildi fyrr en 30. október.

Stefnandi telur að hin sérstaka vinnuvernd trúnaðarmanns komi til jafnóðum og atvinnurekanda sé kunnugt um tilnefningu hans. Skipti þá í raun ekki höfuðmáli hvort trúnaðarmaður hafi verið tek-

inn að gegna starfinu eða ekki. Í þessu máli hafi að vísu hagað þannig til að fyrrverandi trúnaðarmaður hafi hætt störfum hinn 28. október eða sama dag og Baldur Aspar var tilnefndur og verði því að líta svo á að Baldur hafi tekið við trúnaðarmannsstarfinu deginum áður en honum var sagt upp. En jafnvel þótt svo yrði litið á í þessu máli að einhver vafi geti leikið á því hvaða dag Baldur Aspar tók við trúnaðarmannsstarfinu, sé þó a.m.k. ljóst að Baldur hafi verið kosinn trúnaðarmaður á vinnustaðnum hinn 27. október með vitund atvinnurekanda og að atvinnurekanda hafi verið tilkynnt um þetta val sérstaklega með bréfi dags. 28. október og með sérstakri afhendingu þeirra gagna af trúnaðarmanninum sjálfum hinn 29. október eða deginum áður en honum var sagt upp. Í flestum tilfellum hljóti mál sem þessi að bera þannig að, að atvinnurekanda sé tilkynnt um tilnefningu trúnaðarmanns með einhverjum fyrirvara. Brýn nauðsyn sé til þess að hin sérstaka vinnuvernd taki gildi um leið og hún berist atvinnurekanda, enda gæti hún verið gangslítil að öðrum kosti þar sem atvinnurekandi geti komið í veg fyrir tilnefninguna og hindrað kjör trúnaðarmanns og starfsemi hans með því að gripa til uppsagnar á tímabili milli tilnefningar og starfs eða í upphafi starfs, jafnvel samdægurs með þeim hætti sem hafi orðið í þessu máli, en auglýsa jafnframt eftir nýjum starfsmönnum fyrir sama tíma.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938 sé þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða sekt í ríkissjóð fyrir brot á 11. gr. laganna, sbr. 70. gr. sömu laga. Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi almennt til laga nr. 80/1938 svo og til þeirra réttarreglna sem almennt hafi verið taldar gilda á þessu sviði.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð að uppsögn Baldurs Aspars hafi verið fyllilega lögmæt og hvorki brotið gegn ákvæðum kjarasamnings aðila né laga nr. 80/1938, sbr. 9. og 11. gr. þeirra. Þetta sé augljóst þegar af þeirri ástæðu að Baldur Aspar hafi ekki öðlast réttarstöðu trúnaðarmanns þegar honum var sagt upp störfum þann 30. október 1992.

Í tilnefningarbréfi Baldurs frá 28. október 1992, sem afhent var framkvæmdastjóra stefnda 29. október, hafi ekki verið á það minnst frá hvaða tíma tilnefning Baldurs tæki gildi. Framkvæmdastjóri stefnda hafi því litið svo á að tilnefningin tæki fyrst gildi að liðnum

uppsagnarfresti Örlygs Sigurbjörnssonar trúnaðarmanns. Fullyrðingar Örlygs í framlögðu dómskjali um það að Baldur hafi tekið við trúnaðarmannsstarfi af honum 29. október séu nú fyrst bornar fram að hálfu stefnanda og hafi stefnda ekki verið um þær kunnugt. Sú ákvörðun Örlygs að segja upp störfum og hverfa síðan af vinnustað fyrir lok uppsagnarfrestsins þann 31. október, að eigin sögn vegna ótekin orlofs breyti engu um það að tilnefning hans sem trúnaðarmanns hafi gilt gangvart stefnda a.m.k. til loka uppsagnarfrest án samþykkis stefnda.

Jafnvel þótt litið verði svo á, að Baldur Aspar hafi öðlast réttarstöðu trúnaðarmanns fyrir 30. október, breyti það samt engu um lögmæti uppsagnar hans. Tilnefning Baldurs til trúnaðarstarfa í þágu stefnanda komi uppsögn hans í október 1992 nákvæmlega ekkert við. Uppsögnina hafi verið framkvæmd eingöngu vegna almennrar fækkunar starfsmanna hjá stefnda, sem hafi leitt af samdrætti í prentverkefnum og miklum fjárhagserfiðleikum í rekstri stefnda. Tap af rekstri stefnda á árinu 1992 hafi verið yfir 34 milljónir króna eins og framlagður ársreikningur sýni.

Baldur hafi ekki verið látinn gjalda þess á nokkurn hátt að hann hafi verið tilnefndur trúnaðarmaður, enda hafi ákvörðun um uppsögn hans verið tekin áður en hann var kosinn. Fullyrðingar stefnanda um það að stefndi hafi haft snögg handtök og umsvifalaust sagt nýja trúnaðarmanninum upp störfum séu tilhæfiíausar. Sú ákvörðun að segja upp 3 starfsmönnum í októberlok 1992 hafi verið tekin áður en Baldur var tilnefndur trúnaðarmaður, þótt sú ákvörðun hefði ekki verið tilkynnt neinum þessara starfsmanna fyrr en með uppsagnarbréfum, sem afhent voru 30. október 1992. Framkvæmdastjóra og framleiðslustjóra stefnda hafi ekki þótt réttlætanlegt að breyta þeirri ákvörðun gagnvart Baldri og segja öðrum upp í staðinn enda hafi verið litið þannig á málið að Örlygur Sigurbjörnsson væri trúnaðarmaður til síðasta starfsdags hans á uppsagnarfresti þann 31. október 1992.

Fullyrðingar stefnanda um það að auglýsing stefnda í Morgunblaðinu þann 18. apríl 1993 eftir nýjum prentara hafi tengst uppsögn Baldurs Aspar séu rangar. Engin tengsl hafi verið þar á milli.

Í prentsmiðjunni Eddu séu í notkun fjöllita prentvélar, fjögurra lita og tveggja lita. Áhöfn fjögurra lita vélarinnar sé 2 menn og í áhöfn tveggja lita vélarinnar sé 1 maður. Á þessum vélum hafi starf-

að 3 prentarar og hafi þeir skipst á að vinna við vélarnar á ca. þriggja mánaða fresti. Þessvegna verði þessir þrír menn að vera jafnvígir á báðar þessar vélar og vanir 4 lita offsetprentun. Einnig sé nauðsynlegt að þessir menn starfi vel saman. Þegar 5 starfsmönnum var sagt upp í september - nóvember 1992 hafi einn prentarinn á fjögurra lita vélinni verið í veikindafríi. Síðan hafi orðið ljóst upp úr síðustu áramótum að hann kæmi ekki aftur til starfa vegna veikindanna. Þá fyrst hafi orðið ljóst að ekki yrði lengur frestað að ráða nýjan prentara á þessa vél til frambúðar, auk þess sem sumarleyfistímabilið hafi farið í hönd. Þess vegna hafi verið farið að litast um eftir hæfum manni til starfans og m.a. auglýst í Morgunblaðinu 18. apríl sl. Þetta lausa starf, sem auglýst var í Morgunblaðinu hafi því ekki á neinn hátt verið tengt uppsögnunum í september–nóvember 1992 og eðli starfans vegna hafi aldrei komið til greina að endurráða Baldur Aspar í þetta starf, enda hafi hann ekki sótt um starfið.

Stefnandi segist byggja málsókn sína á 2. málslið 11. gr. laga nr. 80/1938. Þessi lagatilvísun stefnanda fái ekki staðist miðað við málsatvik. Orðalag ákvæðisins banni alls ekki fortaklaust uppsagnir trúnaðarmanna, þegar fækka þurfi starfsmönnum vegna samdráttar, enda segi í greininni að þeir skuli að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda starfi. Ákvæðið hafi í laga og dómaframkvæmd ekki verið túlkað þannig að uppsögn trúnaðarmanns verði ólögmæt af þeirri ástæðu einni að starfsmaður sé trúnaðarmaður. Fullyrðingar stefnanda þess efnis að trúnaðarmaður skuli ávallt vera með síðustu starfsmönnum sem sagt sé upp störfum eigi ekki stoð í lögum og samningum. Stefnandi hafi hvorki verið fyrsti né síðasti maður, sem sagt var upp störfum, eins og ljóst sé af málavöxtum. Baldur hafi verið í hópi manna, sem hafi orðið að sæta því hlutskipti að fá uppsagnarbréf haustið 1992.

Stefnandi byggi málssókn sína á 1. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938. Samkvæmt lögum nr. 80/1938 9. gr. gildi sú regla að stjórn stéttarfélags sé rétt að tilnefna tvo menn til trúnaðarstarfa úr hópi þeirra starfsmanna, sem á staðnum vinna og skuli atvinnurekandi samþykkja annan þeirra.

Sektarkrafa stefnanda sé vanreifuð og tilefnislaus miðað við málatilbúnað hans og málsatvik. Stefnanda sé jafnljóst og stefnda að uppsögn Baldurs Aspar hafi einungis verið framkvæmd vegna samdráttar og rekstrarerfiðleika stefnda.

Stefndi byggir málskostnaðarkröfu sína á 65. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 80/1938.

Niðurstaða.

Ágreiningur er með málsaðilum um það hvort Baldur H. Aspar hafi verið orðinn trúnaðarmaður 30. október 1992, þegar hann fékk uppsagnarbréfið.

Ekki var getið um það í bréfi Félags bókagerðarmanna til Prentsmiðjunnar Eddu hf., dags. 28. okt. 1992, frá hvaða tíma Baldur H. Aspar skyldi gegna trúnaðarmanns starfanum, en fram er komið að Örlygur Sigurbjörnsson prentari, sem tilnefndur var trúnaðarmaður 19. febrúar 1991 til 31. desember 1992, hafði sagt upp starfi sínu og rann uppsagnarfrestur hans út 31. október 1992. Örlygur hætti störfum í prentsmiðjunni 28. október 1992 þar sem hann kvaðst hafa átt ótekið orlof. Ekki var heldur getið um það í bréfi Félags bókagerðarmanna til Prentsmiðjunnar Eddu hf. frá hvaða tíma Örlygur Sigurbjörnsson skyldi gegna trúnaðarmannsstarfanum. Leggja verður til grundvallar að nýskipaður trúnaðarmaður taki við starfi sínu þegar fyrirrennari hans hættir störfum.

Eins og að framan hefur verið rakið var framkvæmdastjóra Prentsmiðjunnar Eddu hf. tilkynnt þann 29. október 1992, að Baldur H. Aspar hafði verið tilnefndur sem trúnaðarmaður, en það er daginn áður en honum var sagt upp starfi hjá prentsmiðjunni. Ekkert hefur komið fram um að kosning og tilnefning Baldurs H. Aspar sem trúnaðarmanns FBM í Prentsmiðjunni Eddu hf. hafi verið hagað með öðrum hætti en almennt hefur tíðkast um trúnaðarmenn.

Ekki skiptir máli við niðurstöðu máls þessa þótt tekin hafi verið ákvörðun um uppsögn Baldurs fyrir þennan tíma.

Ljóst er að Baldur H. Aspar var ekki látinn gjalda starfa sinna sem trúnaðarmaður, sbr. 1. málslið 11. gr. laga nr. 80/1938, en samkvæmt 2. málslið sömu lagagreinar nýtur trúnaðarmaður þess réttar, að hann skal að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni þegar atvinnurekandi þarfa að fækka við sig starfsmönnum. Í þessu ákvæði felst sú meginregla að trúnaðarmanni á ekki að segja upp störfum við fækkun starfsmanna, nema vinnuveitandinn sýni fram á ríkar ástæður til þeirrar ráðabreytni. Það þykir stefndi ekki hafa gert.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið ber að fallast á það með stefnanda að uppsögn Prentsmiðjunnar Eddu hf. á starfi Bald-

urs H. Aspar sé brot á 2. málslið 11. gr. laga nr. 80/1938 og því ólögmæt.

Svo sem réttarágreiningi í máli þessu er háttað eru hins vegar ekki efni til þess að dæma stefnda til greiðslu sektar.

Átelja ber stefnanda þessa máls fyrir að hefjast ekki handa um málssókn fyrr en um það bil hálfu ári eftir að réttarágreiningurinn lá fyrir.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 70.000.

Dómsorð:

Uppsögn Prentsmiðjunnar Eddu hf. 30. október 1992 á starfi Baldurs H. Aspar var ólögmæt.

Stefndi, Prentsmiðjan Edda hf., skal vera sýkn af kröfu stefnanda um greiðslu sektar.

Stefndi greiði stefnanda, Félagi bókagerðarmanna, kr. 70.000 í málskostnað.

Miðvikudaginn 13. október 1993.

Nr. 3/1993. **Vinnuveitendasamband Íslands**
f.h. Sambands málm- og skipasmiðja
vegna Stálsmiðjunnar hf.
(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands
f.h. Verkamannasambands Íslands
vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar
(Atli Gíslason hrl.)

Ólögmæt vinnustöðvun. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem dómtekið var 28. sept. sl., höfðaði Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 5. febrúar sl., f.h. Sambands málm- og skipasmiðja, Hallveigarstíg 1, Reykjavík vegna Stálsmiðjunnar hf., Mýrargötu 2, Reykjavík, fyrir Félagsdómi gegn Alþýðusambandi Íslands, Grensásvegi 16 í Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, Lindargötu 9, Reykjavík vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Lindargötu 9 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að aðgerðir formanns og félagsmanna stefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar á athafnasvæði stefnanda laugardaginn 30. janúar sl. þegar hindruð var sjósetning fiskiskipsins Júlíusar ÁR-111 verði dæmd ólögmæt vinnustöðvun af hálfu stefnda og brot á friðarskyldu samkvæmt kjarasamningi aðila frá 26. apríl 1992.
2. Að stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 113.396 í skaðabætur vegna hinnar ólögmætu vinnustöðvunar.
3. Að stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmdur til greiðslu sektar.
4. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins að meðtöldum virðisaukaskatti.

Upphaflega gerði stefndi aðallega kröfu um frávísun málsins og með úrskurði dómsins uppkveðnum 15. apríl sl. var málinu vísað frá dómi. Úrskurður þessi var kærður til Hæstaréttar og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 27. maí sl. var frávísunarúrskurðurinn úr gildi felldur og lagt fyrir Félagsdóm að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að á hádegisflóði laugardaginn 30. janúar sl. hafi átt að sjósetja fiskiskipið Júlíus Ár-111, sem gert sé út frá Þorlákshöfn og hafði verið til viðgerðar í slipp Stálsmiðjunnar við Reykjavíkurhöfn. Á föstudeginum hafi verið óskað eftir því við verkamenn stefnanda, sem séu félagar í Verkamannafélaginu Dagsbrún, að 2–3 af 14 manna hópi verkamanna kæmu ásamt verkstjórum sínum til vinnu við sjósetningu skipsins á laugardeginum. Verkamennirnir hafi allir sem einn neitað því að koma til vinnu og hafi þá staðið til að verkstjórar stefnanda ynnu verkið, en þeir hafi unnið við slipptöku og sjósetningu skipa ásamt verkamönnum. Á milli kl. 11 og 12 á laugardagsmorgninum, þegar verið var að undirbúa verkið hafi verkamennirnir, sem neitað höfðu að koma til vinnu, verið komnir á vinnusvæðið, ásamt formanni stefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og fréttamönnum Ríkissjónvarpsins. Þegar skipverjar voru komnir um borð og hefja átti vinnu við að sjósetja skipið hafi verkamenn raðað sér fyrir þann stað í dráttarbrautinni sem komast þurfti að til að framkvæma verkið. Fremstur í flokki hafi verið Guðmundur J. Guðmundsson formaður stefnda og hafi hann skorað á stjórnendur stefnanda að hætta við verkið. Verkamenn væru í yfirvinnubanni og verkstjórar hefðu enga heimild til þess að vinna við sjósetninguna, því að það væri í verkahring Dagsbrúnarmanna. Hafi verkstjórum verið hótað því að ef þeir létu til skarar skríða þá yrði séð til þess að þeir yrðu reknir úr verkstjórafélaginu.

Formanni Dagsbrúnar hafi verið bent á það, bæði af framkvæmdastjóra stefnanda og lögmanni VSÍ, að stefndi gæti orðið skaðabótaskyldur ef hindruð væri sjósetning skipsins. Þá hafi for-

maður stefnda manað framkvæmdastjóra stefnanda og lögmann VSÍ til þess að fara í skaðabótamál við Dagsbrún, en það yrði hvergi kvikað frá því að koma í veg fyrir að skipið yrði sjósett. Sjónvarpsmenn hafi fylgst vel með og myndað.

Formaður stefnda hafi lýst því yfir að sjósetning yrði ekki hindruð ef stefnandi greiddi verkamönnunum áfram fasta yfirvinnu, sem sagt hefði verið upp með þriggja mánaða fyrirvara og féll niður frá 1. janúar sl. að telja. Deilu um yfirvinnugreiðslur hafi stefndi margoft gefið yfirlýsingar um að yrði stefnt fyrir Félagsdóm og spurt hafi verið hvort það væri ekki eðlilegt að láta af þessum ólögmætu aðgerðum og bíða niðurstöðu þess máls. Því hafi verið hafnað og endurtekin hafi verið í sjónvarpsviðtali áskorun formanns stefnda um að reyna að sækja stefnda til greiðslu skaðabóta. Bent hafi verið á að stefndi hafi ekki boðað yfirvinnubann og gæti það reyndar ekki á þessum tíma, þar sem kjarasamningar hafi ekki verið lausir fyrr en 1. febrúar og að verkamenn stefnanda ásamt formanni stefnda væru með ólögmætum hætti að koma í veg fyrir að fiskiskipið Júlíus ÁR-111 yrði sjósett á hádegisflóðinu. Í þessu stappi hafi staðið, þar til farið var að fjara út og of seint orðið að sjósetja skipið sem aðeins sé hægt að gera á flóði. Framkvæmdastjóri stefnanda hafi ákveðið að láta hætta við tilraunir við að koma skipinu á flot þar sem fyrir hafi legið að beitt yrði hnefarétti ef annað gæfi ekki betur og hafi félagsmenn stefnda verið í miklum meirihluta á svæðinu. Framkvæmdastjóri stefnanda hafi ekki viljað verða valdur að því að menn yrðu fyrir meiðslum og ákveðið að taka áskorun formanns stefnda og fá dómstóla til að útkljá það, hvort forystumönnum verkalýðsfélags væri heimilt að beita nær öllum ráðum til þess að stöðva atvinnurekstur þegar þeim sýndist svo.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 1. og 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga, byggir stefnandi kröfugerð sína á því að aðgerðir formanns og félagsmanna stefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar á athafnasvæði stefnanda laugardaginn 30. janúar sl. séu brot á kjarasamningi aðila og II. kafla laga nr. 80/1938 og séu því ólögmætar.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938 sé stéttarfélögum heimilt að efna til vinnustöðvunar í þeim tilgangi að vinna að framgangi

krafna sinna í vinnudeilum með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett séu í lögunum.

Stefndi hafi brotið gegn friðarskyldu, sem hann sé bundinn af á gildistíma kjarasamnings. Stefnda sé ávallt óheimilt að hefja vinnustöðvun meðan kjarasamningur sé í gildi. Ágreining um túlkun kjarasamnings eigi að bera undir dómstóla, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr., sbr. 1. tl. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 80/1938. Stefndi hafi sagt upp kjarasamningum sínum og hafi þeir fyrst orðið lausir frá og með 1. febrúar sl. að telja. Formaður stefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi lýst því yfir að af hálfu félagsins ríkti yfirvinnubann hjá stefnanda. Hafi hann neitað því, að einungis væri um persónubundin mótmæli starfsmanna í því formi að þeir neituðu að vinna yfirvinnu, heldur hefði stefndi sett yfirvinnubann á stefnanda. Yfirvinnubann hafi hvorki verið tilkynnt áður né möguleiki á að gera það virkt á gildistíma kjarasamnings. Hafi stefndi því brotið gegn II. kafla laga nr. 80/1938 með þessu athæfi sínu.

Samkvæmt fortakslausu ákvæði 16. gr. laga nr. 80/1938 sé lögmæti vinnustöðvunar auk þess háð því skilyrði að gætt sé af hálfu boðanda vinnustöðvunar þeirrar tilkynningarskyldu, sem þar er boðin, þ.m.t. að tilkynna ríkissáttasemjara um fyrirhugaða vinnustöðvun með 7 sólarhringa fyrirvara. Þar sem þessa hafi ekki verið gætt sé vinnustöðvunin einnig af þeirri ástæðu ólögmæt.

Með vísan til 65., sbr. 8. gr., laga nr. 80/1938 er þess krafist að stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmt til að greiða stefnanda kr. 113.396 í skaðabætur vegna tjóns sem stefnandi, útgerðarmaður og skipshöfn Júlíusar ÁR-111 hafi orðið fyrir vegna ólögmætra aðgerða af hálfu formanns og félagsmanna stefnda. Stefndi hafi skipulagt og framkvæmt ólögmæta vinnustöðvun af ásetningi, án þess að skeyta hið minnsta um skyldur sínar skv. lögum og samningum.

Í skjölum málsins er kostnaður Stálsmiðjunnar hf. kr. 62.351 sundurliðaður þannig: vinnulaun fimm starfsmanna í 3 til 4 klst. kr. 21.166, mætingarbónus 5% kr. 1.058 og launatengd gjöld 20.72% kr. 4.605 eða samtals kr. 26.829 og kostnaður vegna starfsmanna í véladeild sem unnu við undirbúning sjósetningar á Júlíusi ÁR-111 og frágang þegar ekki varð af sjósetningu, laun fjögurra starfsmanna kr. 28.024, mætingarbónus 5% kr. 1.401 og launatengd gjöld 20,72% kr. 6.097. Jafnframt er í skjölum málsins samkomulag Stálsmiðjunn-

ar hf. og útgerðar Júlíusar ÁR-111, dags. 26. febrúar 1993, um uppgjör á kostnaði útgerðar Júlíusar Ár-111 vegna sendingar áhafnar skipsins til Reykjavíkur laugardaginn 30. janúar 1993. Þar er launakostnaður kr. 30.000, akstur kr. 5.000, fæðiskostnaður kr. 6.000 og vsk. 24.5% kr. 10.045 eða samtals kr. 51.045.

Stefnandi gerir kröfu til þess að stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmt til greiðslu sektar með vísan til 70., sbr. 8. gr., laga nr. 80/1938.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Í greinargerð stefnda er varðandi málavexti m.a. tekið fram að verkamenn, sem eru starfsmenn í brautum hjá Stálsmiðjunni, og Verkamannafélagið Dagsbrún hafi talið uppsögn Stálsmiðjunnar á fastri yfirvinnu ólögmæta og mótmælt henni. Þegar uppsögnin kom til framkvæmda um síðastliðin áramót hafi verkamenn, sem hlut áttu að máli, ákveðið að þeir myndu ekki vinna yfirvinnu. Þessi ákvörðun verkamannanna hafi verið tilkynnt þremur verkstjórum þeirra á fyrsta starfsdegi ársins. Stálsmiðjan hafi engum andmælum hreyft. Á þessa ákvörðun hafi fyrst reynt 15. janúar sl. þegar taka átti m/s Búðafell í slipp. Verkamennirnir hafi neitað að vinna verkið í yfirvinnu. Athugasemdum hafi ekki verið hreyft og hafi skipið verið tekið upp í slipp 18. janúar.

Stefndi segir það óumdeilt að verkamannafélagið Dagsbrún hafi enga aðild átt að ákvörðun verkamannanna, tilkynningum og öðrum aðgerðum.

Föstudaginn 29. janúar hafi verkstjóri tilkynnt að það vantaði þrjá menn til þess að taka búkka og planka frá m/s Júlíusi ÁR-111 og sjósetja skipið á laugardeginum. Verk sem þetta sé unnið af þremur verkamönnum undir stjórn eins verkstjóra. Verkstjórinn hafi verið minntur á fyrri ákvörðun um yfirvinnu og jafnframt hafi því verið mótmælt að aðrir gengju í störf verkamanna við sjósetninguna. Síðar um daginn hafi verið haft samband við Skúla Jónsson, forstjóra Stálsmiðjunnar og honum tilkynnt hvernig verkamennirnir litu á málið og að þeir myndu ekki sætta sig við að aðrir gengju inn í störf sem þeir hefðu samningsbundinn forgang til og að gildandi kjarasamningur skuldbindi menn ekki til helgarvinnu. Forstjórinn hafi tjáð verkamönnum að skipið yrði sjósett engu að síður með öðrum mannskap.

Eftir þessi samskipti hafi forstjórinn kallað til starfa á laugardeg-

inum fjölmarga menn bæði starfsmenn Stálsmiðjunnar og aðra. Liðsafnaður forstjórans, einir tuttugu menn, hafi mætt á laugardeginum og ellefu verkamenn ásamt formanni Dagsbrúnar, sem hafi reynt að miðla málum og koma í veg fyrir brot á kjarasamningi. Þá hafi vélvirkjar þegar gengið í störf verkamannanna og tekið planka og búkka frá skipinu. Eftir nokkurt þóf og viðræður hafi forstjórinn ákveðið að hætta við áform um sjósetningu. Skipið hafi síðan verið sjósett með eðlilegum og venjubundnum hætti mánudaginn 1. febrúar.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að stefndi hafi sett yfirvinnubann á Stálsmiðjuna. Jafnframt er því mótmælt að legið hafi við að beitt yrði hnefarétti og að félagsmenn Dagsbrúnar hafi verið í miklum meirihluta á svæðinu. Verkamennirnir hafi mætt á svæðið til viðræðna um umsamda fasta yfirvinnu eins og oft hafi gerst áður. Ósannað sé að áhöfn skipsins hafi komið frá Þorlákshöfn umræddan dag í þeim tilgangi að sjósetja skipið.

Verkamannafélagið Dagsbrún beri ekki ábyrgð á þeirri deilu sem upp er risin og aðgerðum verkamanna Stálsmiðjunnar, eigi ekki aðild. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda. Upphaf deilunnar megi rekja til brota Stálsmiðjunnar á kjarasamningi sem leitt hafi til þess að viðkomandi verkamenn hafi tekið ákvörðun um að vinna ekki yfirvinnu og hafi tilkynnt hana. Þeir hafi fylgt eftir þessari persónubundnu ákvörðun sjálfir án atbeina Dagsbrúnar. Dagsbrún geti ekki borið ábyrgð á meintum samningsrofum. Formaður félagsins hafi á síðustu stundu reynt að miðla málum og hvatt aðila til að leita til dómstóla með deiluna. Ekki varði það sektum, skaðabótum eða öðru áfelli, sbr. 8. gr. laga nr. 80/1938. Verði að túlka greinina þröngt og gera strangar kröfur til sönnunarfærslu stefnanda.

Í annan stað geti það hvorki talist ólögmæt vinnustöðvun né brot á friðarskyldu samkvæmt kjarasamningi ef starfsmenn neiti að koma til vinnu eftir að kjarasamningsbundinni dagvinnu er lokið, hvað þá um helgar. Virkur vinnutími skuli samkvæmt II. kafla gildandi kjarasamnings vera 37 klst. og 5 mín. og skuli hann unninn á tímabilinu 7.30 til 17.00. Um annað hafi ekki verið samið. Um skylduyfirvinnu sé ekki að ræða. Samkvæmt V. kafla sama samnings aðila sé áskilið að gildir meðlimir í Dagsbrún hafi forgangsrétt til allrar almennrar verkamannavinnu hjá stefnanda. Það sé andstætt anda og eðli kjarasamninga að atvinnurekandi geti sniðgengið for-

gangsréttarákvæði með því að kalla utanfélagsmenn til starfa á kvöldin og um helgar. Með því sé vegið gegn grundvelli kjarasamninga í landinu. Fái ekki staðist, að unnt sé að dæma stefnda brotlegan á grundvelli ólögmætra aðgerða stefnanda.

Í II. kafla laga nr. 80/1938 sé að finna ákvæði um verkföll og verkbönn. Ákvörðun verkamanna Stálsmiðjunnar um að vinna ekki yfirvinnu og viðræður þeirra við forsvarsmenn Stálsmiðjunnar laugardaginn 30. janúar 1993 falli ekki undir verkfall í skilningi laganna. Það sé andsvar þeirra við kjarasamningsbroti Stálsmiðjunnar og sé ekki ætlað að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör. Þegar af þeirri ástæðu geti háttsemi verkamannanna ekki talist brot á ákvæðum nefnds kafla. Það sé ljóst, að Stálsmiðjan hafi sagt upp fastri yfirvinnu, sem ætíð hafi verið unnin. Tilvísanir í stefnu til ákvæða 14., 16. og 17. gr. laga nr. 80/1938 eigi ekki við. Hér er einnig minnt á dóm Félagsdóms 1981 bls. 271 í dómasafni.

Forstjóri Stálsmiðjunnar hafi að ófyrirsynju og viljandi efnt til deilunnar. Engin ástæða hafi verið til sjósetningar skipsins þennan dag nema til að ögra verkamönnunum og koma á stað deilum. Það sjáist best á því að lóðsbátur hafi ekki verið ræstur út og umrætt skip hafi legið aðgerðalaust í Reykjavíkurhöfn allt til 10. febrúar. Forstjórinn hafi haft fulla vitneskju um það þegar þann 29. janúar, að verkamennirnir myndu ekki mæta til sjósetningar. Hann hafi undirbúið aðgerðir sínar af kostgæfni og meðal annars kallað til leiks lögfræðing sér til fulltingis. Sjósetning hafi aldrei verið reynd af alvöru enda hafi enginn haft hagsmuni af sjósetningu. Þvert á móti hafi verið hagkvæmara að sjósetja skipið í dagvinnu. Á framanritaðri háttsemi geti stefnandi ekki unnið rétt.

Í stefnu í Félagsdómsmáli nr. 2/1993 hafi forstjóri Stálsmiðjunnar staðhæft að hann hafi ekki brotið gegn kjarasamningi heldur sagt upp ráðningarsamningum. Ólögmæt uppsögn kjarasamnings og brot stefnanda á aðalkjarasamningi réttlæti háttsemi verkamannanna.

Krafist er sýknu af skaðabótakröfum frá eiganda m.s. Júlíusar þar sem hann eigi ekki aðild að málinu. Í stefnu komi fram, að tjón samkvæmt dskj. 13 sé tjón útgerðarmanns og skipshafnar. Ekki verði séð að Stálsmiðjan hafi orðið fyrir tjóni sem nemi kröfu eigandans. Ekki liggi fyrir að Stálsmiðjan hafi greitt kröfuna, innleyst hana með öðrum hætti eða fengið hana framselda. Kröfuliðum á dskj. 13 er öllum mótmælt sem röngum, ósönnuðum og óviðkom-

andi. Sama gildi um kostnaðaryfirlit Stálsmiðjunnar. Öll undirgögn skorti og skýringar vanti á því hvers vegna allir þessir starfsmenn voru kallaðir til. Ljóst sé að þeir hafi verið kallaðir út til að sinna öðrum verkum en sjósetningu meðal annars viðgerð á stýri og skrúfu skipsins, verkefnum í véladeild eða öðrum verkefnum óviðkomandi sjósetningu. Stefnandi geti ekki krafið um greiðslur bóta vegna fastakostnaðar Stálsmiðjunnar. Tímaskrift er mótmælt, tímakaupi og mætingabónus, sem aldrei sé greiddur í tilvikum sem þessum. Þá er sýknukrafan rökstudd með því að stefnanda hafi borið að takmarka tjón sitt eins og honum var framast kostur. Stefnandi hafi getað komið í veg fyrir allt tjón með því að fresta sjósetningu til mánudags vitandi um deilur sem í uppsiglingu voru og aðvaranir starfsmanna um að brjóta ekki á þeim samninga.

Kröfu stefnanda um sektargreiðslu er mótmælt með vísun til fyrri rökstuðnings. Þá geti meint brot stefnda alls ekki talist saknæmt með tilliti til framkomu stefnanda, sbr. einnig 65. gr. laga nr. 80/1938. Stefnandi beri alla ábyrgð á meintum samningsbrotum.

Niðurstaða.

Við framhaldsmeðferð málsins eftir að Hæstiréttur hnekkti frávísun Félagsdóms hefur málið skýrst töluvert og þá sérstaklega hvernig starfsmenn í dráttarbrautum stefnanda undir forystu formanns Verkamannafélagsins Dagsbrúnar komu í veg fyrir að fiskiskipið Júlíus ÁR-111 yrði sjósett þann 30. janúar 1993. Ennfremur þykir upplýst að áætluð sjósetning skipsins þann dag hafi ekki verið að þarflausu.

Eins og að framan hefur verið rakið felldi stefnandi við síðustu áramót niður fastar yfirvinnugreiðslur til starfsmanna í dráttarbrautum í samræmi við uppsagnarbréf, dags. 30. september 1992, en með þeim sagði stefnandi upp fastri yfirvinnu með þriggja mánaða fyrirvara. Verkamannafélagið Dagsbrún mótmælti þessum uppsögnum sem broti á sérkjarasamningi en án árangurs. Í janúarmánuði 1993 sammæltust framangreindir starfsmenn um að neita allri yfirvinnu uns þeir fengju leiðréttingu mála sinna.

Á þessa neitun starfsmanna reyndi ekki, svo sannað sé, fyrr en laugardaginn 30. janúar 1993 er starfsmenn synjuðu að sjósetja fiskiskipið Júlíus ÁR-111 þar sem um yfirvinnu væri að ræða. Stefnanda var tilkynnt þessi afstaða starfsmanna daginn áður, þann 29. janúar, m.a. af formanni Verkamannafélagsins Dagsbrúnar en þangað

höfðu starfsmenn farið til að leita ásjár til stuðnings málstað sínum. Var þeim þá ljóst að stefnandi ætlaði að láta verkstjóra og aðra starfsmenn, sem ekki voru félagar í Dagsbrún, annast sjósetninguna daginn eftir. Af því tilefni mætti þann dag hópur framangreindra starfsmanna í dráttarbrautum undir forystu formanns Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og komu þeir með athöfnum sínum og staðsetningu í veg fyrir að stefnanda væri kleift að sjósetja skipið. Taldi formaður stéttarfélagsins m.a. að óheimilt væri að stefnandi sjósetti skipið þar sem með því væri verið að ganga í störf félagsmanna Dagsbrúnar.

Það var ekki fyrr en þann 3. febrúar 1993, eða eftir framangreint atvik í dráttarbrautum stefnanda, að stéttarfélagið stefndi stefnanda fyrir Félagsdóm vegna réttarágreinings aðila um ætlaðar ólögmætar uppsagnir stefnanda á yfirvinnu starfsmanna í dráttarbrautum. Hefur Félagsdómur þegar skorið úr því ágreiningsefni aðila.

Af því sem fram kom við aðalmeðferð málsins má ráða að formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi haft veruleg afskipti af framangreindum aðgerðum er komið var í veg fyrir sjósetningu fiskiskipsins Júlíusar Ár-111. Ekki verður séð að formaðurinn hafi reynt að afstýra aðgerðum félagsmanna sinna. Ber því að hafna sýknukröfu stefnda vegna aðildarskorts.

Sameiginleg ákvörðun starfsmanna um að vinna ekki yfirvinnu var tekin þegar almennur kjarasamningur aðila var enn í gildi. Þeirri ákvörðun var síðan fylgt eftir með framangreindum aðgerðum þann 30. janúar sl. Ljóst er að sameiginleg markmið með aðgerðum þessum var að knýja á um að starfsmennirnir fengju úrbætur í kjaramálum sínum varðandi yfirvinnugreiðslur. Verður að telja aðgerðir þessar jafngilda ólögmætri vinnustöðvun er brjóti í bága við II. kafla 1. nr. 80/1938. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda bætur vegna þess tjóns sem hið ólögmæta atferli stefnda hefur valdið. Þegar litið er til kröfugerðar stefnanda svo og þess sem fram er komið um venjur við sjósetningu skipa og að hluti af áhöfn skipsins kom til Reykjavíkur vegna væntanlegrar vinnu við sjósetningu skipsins, þá þykir mega leggja til grundvallar við niðurstöðu málsins að tjón stefnanda hafi numið hinni umkröfðu fjárhæð og dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 113.396 í skaðabætur.

Eigi þykja efni til að taka til greina kröfu stefnanda um sekt á

hendur stefnda. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000.

Dómsorð:

Aðgerðir formanns og félagsmanna stefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar á athafnasvæði stefnanda laugardaginn 30. janúar 1993 jafngildir ólögmætri vinnustöðvun.

Stefndi skal vera sýkn af refsikröfu stefnanda í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Sambands málm- og skipasmiðja vegna Stálsmiðjunnar hf. kr. 113.396 í skaðabætur og kr. 100.000 í málskostnað.

Sératkvæði
Jóns Þorsteinssonar.

Málavextir hafa nokkuð skýrst við framhaldsmeðferð málsins eftir að Hæstiréttur hnekkti frávísun Félagsdóms.

Stefnandi Stálsmiðjan hf. lítur á aðgerðir formanns og félagsmanna stefnda Verkamannfélagsins Dagsbrúnar við fyrirhugaða sjósetningu m.s. Júlíusar laugardaginn 30. janúar 1993 sem ólögmæta vinnustöðvun og brot á friðarskyldu samkvæmt kjarasamningi. Eigi er þó vitnað í neina tiltekna grein kjarasamnings í þessu sambandi. Jafnframt telur stefnandi að Verkamannafélagið Dagsbrún eigi að greiða skaðabætur og sektir.

Við síðustu áramót felldi Stálsmiðjan hf. niður fastar yfirvinnugreiðslur til verkamanna í samræmi við uppsagnarbréf dags. 30. september 1992, en með þeim sagði smiðjan upp fastri yfirvinnu verkamanna, er starfa í brautum, með þriggja mánaða fyrirvara. Verkamannafélagið Dagsbrún mótmælti þessum uppsögnum sem broti á kjarasamningi en án árangurs. Félagið dró það hins vegar til 9. febrúar 1993 að höfða mál fyrir Félagsdómi út af ágreiningsefninu, en uppsagnirnar voru dæmdar ógildar með dómi Félagsdóms uppkveðnum 25. mars 1993.

Í upphafi janúarmánaðar 1993 tóku framangreindir verkamenn sig saman um það án atbeina Verkamannafélagsins Dagsbrúnar að neita allri yfirvinnu uns þeir fengju leiðréttingu mála sinni. Að sögn verkamanna var þessi ákvörðun tafarlaust tilkynnt munnlega til

þriggja verkstjóra Stálsmiðjunnar hf. Í hópi þessara verkamanna var trúnaðarmaður Dagsbrúnar á vinnustaðnum, en hann kveðst hafa tekið ákvörðun um þátttöku sem einstaklingur og án umboðs frá Dagsbrún.

Af framangreindu er ljóst að hér var ekki um verkfall í skilningi laga um stéttarfélög og vinnudeilur að ræða, þar sem stéttarfélagið átti ekki hlut að máli heldur einstakir verkamenn. Þetta var hópaðgerð, sem önnur lög kunna að taka til. Segja má að hér hafi verkamenn barist fyrir réttum málsstað með röngum aðferðum. Á hinn bóginn hefði átt sér stað brot gegn 1. tl. 17. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, ef Dagsbrún hefði tekið ákvörðun um yfirvinnubann eða hvatt til þess því óheimilt er samkvæmt tilvitnuðu lagaákvæði að leggja niður vinnu þegar ágreiningur er einungis um atriði sem Félagsdómur á úrskurðarvald um.

Verkamenn héldu fast við fyrri afstöðu sína þegar þeir neituðu að vinna yfirvinnu laugardaginn 30. janúar 1993 er setja átti m.s. Júlíus á flot. Höfðu þeir spurnir af því að Stálsmiðjan hf. ætlaði engu að síður að setja skipið á flot með aðstoð starfsmanna utan Dagsbrúnar, einkum verkstjóra. Leituðu þá verkamenn ásjár formanns Dagsbrúnar Guðmundar J. Guðmundssonar og báðu hann að mæta með þeim á vinnusvæðið þegar sjósetninguna átti að framkvæma.

Hér fyrir dómi hafa verið teknar skýrslur af nokkrum mönnum frá báðum aðilum, sem viðstaddir voru þegar skipið skyldi sjósett. Ber þeim lítt saman. Forstjóri stálsmiðjunnar hf., Skúli Jónsson, segir að verkamenn hafi staðsett sig þannig að þeir hafi sýnilega ætlað að koma í veg fyrir sjósetningu skipsins með því að beita valdi. Þessu neita fulltrúar verkamanna. Trúnaðarmaður Dagsbrúnar segir að formaður félagsins hafi verið kvaddur á vettvang til þess að miðla málum. Formaðurinn, Guðmundur J. Guðmundsson, segist hafa talið rétt að mæta vegna langvarandi reynslu sinnar af því að fást við ágreiningsefni á vinnustöðum af þessum toga. Ljóst er að verkamenn og formaður þeirra mótmæltu því sérstaklega að verkstjórar tækju að sér verkamannastörf. Málalok urðu þau að hætt var við sjósetningu skipsins á laugardeginum.

Líta verður svo á að tilraun Stálsmiðjunnar hf. til þess að koma skipinu á flot hafi verið lögmæt eins og á stóð. Að hinu leitinu er það ekki nægjanlega sannað að orð og athafnir formanns verkamannafélagsins Dagsbrúnar á vettvangi hinn 30. janúar 1993 hafi

verið með þeim hætti að draga megi félagið til ábyrgðar fyrir brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og brot á kjarasamningi. Því ber að sýkna stefnda Verkamannafélagið Dagsbrún af öllum kröfum stefnanda Stálsmiðjunnar hf. í máli þessu. En miðað við aðstæður þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Sambands málm- og skipasmiðja vegna Stálsmiðjunnar hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 2. nóvember 1993.

Nr. 8/1993. **Starfsmannafélag ríkisstofnana**
f.h. Kristrúnar Sigurjónsdóttur
(Gunnar Jónsson hdl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Staðgengilslaun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðmundur Skaftason og Eiríkur Helgason.

Stefnandi er Starfsmannafélag ríkisstofnana, Grettisgötu 89, Reykjavík, f.h. félagsmanns síns Kristrúnar Sigurjónsdóttur, kt. 130458-2709, Álfheimum 36, Reykjavík, deildarþroskaþjálfa á sambýlinu að Njörvasundi 2, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi að stefnda sé skylt að greiða stefnanda staðgengilslaun samkvæmt launaflokki 151-6 í kjarasamningi BHMR og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins fyrir tímabilið 03.07.92-14.08.92 og fyrir bakvaktir o.fl. tímabilið 16.06.92-03.07.92.
2. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt mati dómsins, þ.m.t. kostnað stefnanda af virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Aðallega að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins.

Til vara er þess krafist að einungis verði viðurkenndur réttur stefnanda til að fá greidd staðgengilslaun skv. þeim launaflokki, sem næstur kemst grunnlaunaflokki forstöðumanns, þ.e. launaflokki 249 samkvæmt samningi SFR. Ennfremur að málskostnaður verði felldur niður.

Til þrautavara er þess krafist að launaþrep ráðist af þeim kjarasamningi, sem ræður launaflokki stefnanda. Í því tilviki verði málskostnaður felldur niður.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að stefnandi, Kristrún Sigurjónsdóttir, var ráðin hjá stefnda sem yfirþroskaþjálfi við sambýlið Njörvasundi 2 með ráðningarsamningi dagsettum 10. apríl 1991. Ráðningarsamningurinn var staðfestur af fjármálaráðuneyti hinn 22. apríl 1991 og þá með þeirri breytingu að starfsheiti var tilgreint sem deildarþroskaþjálfi með launaflokki 238 í stað 240. Forstöðumaður sambýlisins að Njörvasundi 2 er Ingólfur Hrafnkell Jónsson. Stefnandi tók að sér að gegna starfi forstöðumannsins tímabilið 03.07.92 til 14.08.92 sem staðgengill. Einnig leysti stefnandi forstöðumanninn af á bakvöktum o.fl. frá 16.06.92 til 03.07.92. Stefnandi tekur laun samkvæmt kjarasamningi SFR, launaflokki 238-6 sem deildarþroskaþjálfi. Í afleysingum fyrir forstöðumanninn var stefnanda borgað eftir launaflokki 243-6, sem er launaflokkaröðun forstöðumanna á samningi SFR. Forstöðumaður sambýlisins, sem stefnandi leysti af, ber launaheitið yfirfélagsfræðingur og er honum raðað í launaflokk 151-7 eftir BHMR samningi, sem gefur mun hærri laun en launaflokkur 243-6. Stefnandi telur sig eiga rétt til launa samkvæmt launaflokki forstöðumannsins, þ.e. launaflokki 151-6 eftir BHMR samningi, fyrir þann tíma sem stefnandi var í starfi forstöðumanns.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því að ágreiningslaust sé með aðilum að um kaup og kjör stefnanda fari eftir kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana og fjármálaráðherra frá 1. maí 1992. Þá sé ágreiningslaust að stefnandi gegni ekki launuðu staðgengilsstarfi og hafi því grein 9.3. í kjarasamningnum átt við um rétt hennar til launa meðan hún gegndi staðgengilsstarfinu. Skilningur stefnanda á greininni sé sá að stefnandi eigi rétt til launa samkvæmt launaflokki þess sem hún leysi af. Dómur Félagsdóms þann 30.12.91 í máli nr. 6/1991 kveði á um að ríkisstarfsmaður, sem eigi undir kjarasamning SFR, eigi fortakslaust að taka laun samkvæmt launaflokki þess starfsmanns er hann leysi af samkvæmt grein 9.3. í kjarasamningnum. Fjármálaráðuneytið vilji hins vegar gera undantekningu á hér vegna þess að staðgengillinn og yfirmaðurinn séu hvor í sínu stéttarfélaginu og þiggi því laun eftir mismunandi kjarasamningum. Það skilyrði sé hins vegar hvergi að finna í kjarasamningi SFR og ríkisins, hvorki í grein 9.3. né annars staðar. Bæði staðgengillinn og yfirmaðurinn séu ríkisstarfsmenn og vinnuveitandinn sé því sá sami. Það sé því ekkert

sem hindri að staðgengillinn geti tekið laun samkvæmt kjarasamningi yfirmanns, svo sem grein 9.3. í kjarasamningi SFR og ríkisins bjóði fortakslaust. Því hljóti stefnandi í þessu máli, rétt eins og stefnandi í Félagsdómsmáli 6/1991, „samkvæmt afdráttarlausu orðalagi greinar 9.3.1. í gildandi aðalkjarasamningi SFR og stefnda taka laun eftir launaflokki yfirmanns, . . .".

Algengt sé að samstarfsmenn hjá ríkisstofnunum njóti kjara samkvæmt mismunandi kjarasamningum. Staðgengilsstaða þar sem tveir kjarasamningar skarist sé því hvorki óvanaleg né ófyrirsjáanleg. Tekið er fram að aðrir kjarasamningar ríkisstarfsmanna hafi lengi haft sambærileg ákvæði. Þegar ríkið semji fortakslaust í kjarasamningi um að greiða starfsmanni laun samkvæmt launaflokki þess sem hann leysi af í staðgengilsstörfum hljóti að vera átt við raunveruleg laun yfirmannsins samkvæmt launaflokki yfirmannsins. Annar aðili kjarasamnings geti ekki upp á sitt eindæmi breytt honum eins og stefndi vilji gera hér. Hefði átt að fara um laun staðgengla á þann hátt sem stefndi telur hlyti áskilnaður um slíkt að verða að koma fram í kjarasamningnum. Fram að ofangreindum dómi hafi sá skilningur er ríkið vilji nú leggja í grein 9.3., ekki komið fram. Ríkið hafi hins vegar áður reynt að fara á svig við kjarasamningsákvæðið m.a. með því að beita svokallaðri 7 flokka reglu, sem felld hafi verið úr gildi með fyrrnefndum dómi Félagsdóms. Ríkið hafi einnig tekið þá afstöðu að staðgengilslaun, þegar staðgengill sé í SFR en yfirmaður í BHM, séu að fullu greidd með því að greiða laun yfirmanns, að frádregnum 5%. Þessum skilningi hafi verið mótmælt af SFR. Greina megi ákveðið ferli hjá ríkinu, þar sem leitast sé við að losna undan grein 9.3. í kjarasamningum við BSRB, sem hafi verið efnislega óbreytt frá árinu 1977. Óviðunandi sé að annar aðili kjarasamningsins breyti samningnum þvert á hljóðan hans. Því sé þess krafist að fjármálaráðuneytið greiði stefnanda full laun yfirmanns síns þann tíma sem hún hafi gengt störfum hans.

Stefnandi byggir á gildandi kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 1.5. 1992, grein 9.3., sem hljóðar svo: „Starfsmaður, sem ekki er í stöðu staðgengils yfirmanns, en er falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars hærra launaðs starfsmanns, skal taka laun eftir launaflokki hins forfallaða starfsmanns þann tíma, er hann gegnir starfi hans."

Málskostnaðarkrafan er reist XXI. kafla eml. nr. 91/1991 og einnig 65. gr. laga nr. 80/1938. Við ákvörðun málskostnaðar þurfi að taka tillit til áhrifa virðisaukaskatts á lögmannsþjónustu sem stefnandi kaupi, þar sem stefnandi hafi ekki frádráttarrétt vegna skattsins.

Starfsmannafélag ríkisstofnana rekur málið fyrir hönd félagsmanns síns samkvæmt heimild í 27. gr. l. nr. 94/1986. Málið er rekið fyrir Félagsdómi samkvæmt heimild í 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram varðandi málavexti að í gildistíma kjarasamninga fyrir 1987 hafi einungis gilt tvær launatöflur ríkisstarfsmanna. Hafi önnur gilt fyrir félög innan BSRB, en hin fyrir félög innan BHMR. Um þetta er vísað til 5. og 6. gr. þágildandi laga nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og 7. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga BSRB. Samkvæmt þessum lagaákvæðum hafi heildarsamtökin samið um launatöflur og meginviðmiðanir við röðun í launaflokka. Einstöku félög hafi síðan átt að útfæra launaflokkaröðun í sérkjarasamningum sínum. Með lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafi samningsumboð að öllu leyti verið sett í hendur hinna einstöku félaga í stað heildarkjarasamninga bandalaganna áður. Í samræmi við þetta semji nú hvert einstakt félag m.a. um sína eigin launatöflu. Nú sé svo komið að í stað þess að launatöflur séu einungis tvær séu þær orðnar a.m.k. 25. Að þessu leyti sé staðan orðin gjörbreytt frá því sem hún hafi verið í gildistíð þeirra gömlu kjarasamninga, sem stefnandi hafi lagt fram. Hver samningur sé með sínu móti. Erfitt sé að finna samsvörun milli launaflokka og launaþrepa milli kjarasamninga. Þess sjáist dæmi í þeim kjarasamningum sem hér um ræðir, annars vegar kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana, sem er innan BSRB og hins vegar Félags íslenskra félagsvísindamanna, sem er innan BHMR. Í kjarasamningi SFR sé sérhverju starfsheiti raðað í launaflokka, en í hinum samningnum sé ekki um það að ræða að starfsheitum sé raðað sérstaklega, heldur séu þar almenn launaheiti með skilgreiningum. Verði síðan að meta hvernig starf falli hverju sinni undir ákveðna skilgreiningu í samningnum. Samkvæmt hinum fyrrnefnda kjarasamningi ráðist réttur til launaþreps af starfsreynslu. Samkvæmt hinum síðari af því, hvenær fyrsta háskólaprófi væri lokið.

Samkvæmt framansögðu byggir stefndi á því sjónarmiði að sé

yfirmaður í öðru félagi en sá sem leysir af, sé í raun ókleift með öllu að raða staðgengli í launaflokk samkvæmt sínum eigin kjarasamningi þannig að hann fái sömu krónutölu og yfirmaður. Að þessu leyti sé staðan gjörbreytt frá því, sem áður hafi verið. Í því máli, sem dæmt hafi verið í Félagsdómi 30. desember 1991 hafi verið um það að ræða að staðgengill og yfirmaður hafi tekið laun samkvæmt sama kjarasamningi. Í því máli, sem hér sé til úrlausnar sé því ekki svo farið. Þegar af þeirri ástæðu geti sá dómur ekki verið til leiðsagnar um úrlausn málsins.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á eftirgreindum málsástæðum:

a) Í því kjarasamningsákvæði, sem deilt er um sé gert ráð fyrir að starfsmaður taki laun samkvæmt launaflokki hins forfallaða starfsmanns. Ekkert sé minnst á að hann skuli taka laun samkvæmt kjarasamningi hans. Ekki sé þar heldur minnst á launaþrep. Eftir dóm Félagsdóms 30/12 1991 hafi staðgengilslaunum eins og áður verið hagað svo að staðgengli sé haldið inni á sínum kjarasamningi á sinni eigin launatöflu. Launaflokkur sé hins vegar ákveðinn sá sem næst komist launaflokki yfirmanns. Þetta sé hins vegar ekki gert, ef starfinu sé sérstaklega raðað í kjarasamningi viðkomandi staðgengils, þ.e. að starfsheiti yfirmannsins sé jafnframt raðað þar í launaflokk. Við þær aðstæður sé staðgengill settur í hinn umsamda launaflokk. Í tilfelli stefnanda sé þannig beinlínis um það samið í kjarasamningi SFR, hver laun stefnandi skuli taka, leysi hún yfirmann sinn af hólmi og gegni forstöðumannsstarfi á sambýli fatlaðra. Því til enn frekari áréttingar er vakin athygli á því að hinn 15. mars sl. hafi stefnandi ráðist til starfa sem forstöðumaður sambýlis að Tindaseli 1, Reykjavík. Í samræmi við kjarasamning SFR sé stefnanda þar raðað í launaflokk 243, þ.e. hinn sama og hún hafi tekið laun eftir meðan hún leysti forstöðumann sambýlisins að Njörvasundi 2 af í forföllum hans sumarið 1992.

b) Verði ekki á þetta fallist er því engu að síður haldið fram af stefnda að niðurstaðan verði hin sama, þ.e. sýkna. Í 2. mgr. ráðningarsamnings stefnanda segir svo: „Um launagreiðslur, launaflokk og starfsaldur til launa fer eftir því sem í samningi þessum greinir og samkvæmt kjarasamningi þess stéttarfélags sem tilgreint er að ofan ... enda sé starfið á samningssviði stéttarfélagsins ...“ Stéttarfélag það sem hér um ræðir sé SFR. Það sé þannig alveg ljóst að samkvæmt ráðningarsamningi stefnanda fari um kjör hennar samkvæmt

kjarasamningi eigin stéttarfélags, þ.e. SFR. Forstöðumannsstarfinu sé, rétt eins og eigin starfi stefnanda, raðað innan samnings SFR og sé á samningssviði þess stéttarfélags. Ráðningarsamningurinn taki því af öll tvímæli, að hvað sem öðru líði geti stefnandi aldrei átt kröfu til launa samkvæmt kjarasamningi annars stéttarfélags. Slíkt væri enda eðli máls samkvæmt afar óeðlileg niðurstaða, enda hafi slíkt félag aldrei tekið að sér að semja um laun fyrir stefnanda, hvorki tímabundið né til lengri tíma.

Varðandi þrautavarakröfu sem snýr að launaþrepi er eftirfarandi tekið fram: Það kjarasamningsákvæði, sem stefnandi beri fyrir sig fjalli um launaflokk. Um launaflokka sé fjallað í grein 1.3. í kjarasamningi SFR, en um launaþrep sé nú fjallað í grein 1.2. í kjarasamningi SFR. Röðun í launaþrep ráðist ekki af sömu atriðum og röðun í launaflokka markist af og mismunandi sjónarmið séu þar lögð til grundvallar eftir kjarasamningum. Stefnanda yrði raðað í launaþrep 5 miðað við starfstíma og menntun við töku staðgengilslauna forstöðumanns samkvæmt kjarasamningi hans.

Niðurstaða:

Ágreiningslaust er með aðilum að um kaup og kjör stefnanda fari eftir kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana og fjármálaráðherra frá 1. maí 1992. Þá er ágreiningslaust að stefnandi gegndi ekki launuðu staðgengilsstarfi og óumdeilt er einnig það tímabil sem launakrafa stefnanda tekur til. Þá er ekki á því byggt í málinu að forstöðumaður Sambýlisins við Njörvasund, Ingólfur Hrafnkell Ingólfsson, hafi ekki verið til þess bær að fela stefnanda, Kristrúnu Sigurjónsdóttur, staðgengilsstörf þau er í málinu greinir.

Í gr. 9.3. í framlengdum aðalkjarasamningi ríkisins við Starfsmannafélag ríkisstofnana segir að starfsmaður sem ekki sé í stöðu staðgengils yfirmanns, en sé falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars hærra launaðs starfsmanns, skuli taka laun skv. launaflokki hins forfallaða starfsmanns þann tíma, er hann gegnir starfi hans. Skýra ber þetta ákvæði svo að staðgengli beri þau laun, sem hinn forfallaði yfirmaður eða starfsmaður naut samkvæmt launaflokki og launaþrepi síns stéttarfélags. Vegna hins fortakslausa orðalags ákvæðisins þykir mismunandi stéttarfélagsaðild og launakjör ekki skipta máli. Því geta lakari kjör samkvæmt ákvæðum í ráðningarsamningi starfsmanns, eins og stefndi byggir á, heldur eigi svipt hann rétti samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags

hans eftir gr. 9.3., sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o.fl.

Ber því samkvæmt framansögðu að fallast á að stefnda sé skylt að greiða stefnanda umkrafin staðgengilslaun samkvæmt launaflokki 151-6 í kjarasamningi BHMR og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins fyrir tímabilin 3. júlí 1992 til 14. ágúst 1992 og 16. júní 1992 til 3. júlí 1992.

Þá ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 60.000. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, er skylt að greiða stefnanda, Kristrúnu Sigurjónsdóttur, umkrafin staðgengilslaun samkvæmt launaflokki 151-6 í kjarasamningi BHMR og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins fyrir tímabilin 3. júlí 1992 til 14. ágúst 1992 og 16. júní 1992 til 3. júlí 1992.

Stefndi greiði stefnanda kr. 60.000,- í málskostnað.

Mánudaginn 22. nóvember 1993.

Nr. 9/1993. **Félag íslenskra símamanna**
f.h. Dóru Halldórsdóttur
(Gunnar Jónsson hdl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Kjarasamningur.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Guðmundur Skaftason og Eiríkur Helgason.

Stefnandi er Félag íslenskra símamanna (FÍS), kt. 530169-7669, Landsímahúsinu við Austurvöll, Reykjavík, f.h. félagsmanns síns Dóru Halldórsdóttur, kt. 140247-4649, Ástúni 14, Kópavogi, talsímavarðar við langlínumiðstöð Pósts- og símamálastofnunarinnar í Reykjavík, kt. 500269-6779.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kt. 540269-6459, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi að Dóra Halldórsdóttir falli enn undir þann hóp vaktavinnumanna sem getið er í grein 2.6.6. í kjarasamningi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins og FÍS frá 21.04.1987 og að stefnda sé því skylt að greiða stefnanda laun samkvæmt þeirri grein frá 01.03.1988.
2. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt mati dómsins.
3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða virðisaukaskatt af málskostnaði.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara er þess krafist að stefndu verði ekki dæmt skylt að greiða Dóru Halldórsdóttur laun skv. grein 2.6.6. í kjarasamningi fjármálaráðherra og FÍS frá fyrri tíma en 7. september 1989. Í varakröfu felst ennfremur að málskostnaður verði felldur niður.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að stefnandi, Dóra Halldórsdóttir, starfaði hjá Póst- og símamálastofnun í vaktavinnu sem talsímavörður við langlínumiðstöðina í Reykjavík tímabilið 03.04.1967 til 31.07.1980, frá þeim tíma til 12.08.1983 starfaði hún sem skrifstofumaður við skrifstofu umdæmisstjóra en hætti þá störfum að eigin ósk. Tímabilið 01.07.1984 til 31.07.1984 starfaði hún sem talsímavörður við langlínumiðstöðina, tímabilin 01.07.1985 til 31.07.1985 og 01.07.1986 til 31.08.1986 sem talsímavörður við Upplýsingar 03. Frá 01.03.1988 hefur Dóra starfað samfellt við langlínumiðstöðina í vaktavinnu. Um 100% starf var að ræða í öllum tilvikum. Dóra hefur alltaf tekið laun samkvæmt kjarasamningi BSRB, FÍS og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins.

Stefnandi telur Dóru Halldórsdóttur falla undir þann hóp vaktavinnumanna sem getið er í grein 2.6.6. í kjarasamningi FÍS og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins frá 21.04.1987 og að stefnda beri því að greiða henni laun samkvæmt þeirri grein.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því að ágreiningslaust sé með aðilum að um kaup og kjör stefnanda fari eftir kjarasamningi FÍS og fjármálaráðherra frá 21. apríl 1987. Spurningin sem hér liggi fyrir sé, hvort Dóra Halldórsdóttir falli undir grein 2.6.6. í kjarasamningi FÍS og fjármálaráðherra, sem er svohljóðandi:

„Um vinnutíma þeirra vaktavinnumanna, er fyrir gildistöku kjarasamnings fjármálaráðherra og BSRB frá 19. desember 1970 unnu 36 og 37 klukkustunda vinnuviku, skal eftirfarandi gilda: Þegar skylduvinna er unnin kl. 24:00-08:00, á laugardögum eftir kl. 12:00 á hádegi eða sunnudögum, teljast 50 mínútur jafngilda einni klukkustund. Regla þessi gildir einungis um þá starfsmenn persónulega, sem fullnægja ofangreindum kröfum um vinnutíma, enda leggi FÍS fram lista með nöfnum þeirra einstaklinga, sem þessara sérstöku réttinda njóta. Ákvæði þetta tekur einungis til þeirra manna, er voru í starfi 1. janúar 1971."

Dóra Halldórsdóttir fullnægi öllum skilyrðum sem gerð séu í ákvæðinu. Hún hafi verið í starfi sem vaktavinnumaður þann 1. janúar 1971 og unnið 36 eða 37 klst. vinnuviku og hennar hafi verið getið á lista FÍS yfir nöfn þeirra einstaklinga sem njóti þeirra sérstöku réttinda sem getið sé í greininni. Kjarasamningurinn afmarki

einfaldlega þann hóp sem njóti þessara sérstöku réttinda og Dóra Halldórsdóttir falli tvímælalaust innan þeirrar afmörkunar. Samkvæmt því telur stefnandi að samkvæmt fortakslausu ákvæði kjarasamningsins hljóti Dóra Halldórsdóttir enn að falla undir ákvæði kjarasamningsins. Fjármálaráðuneytið vilji taka réttindin af Dóru þar sem hún hafi horfið frá störfum um tíma. Óslitið starf sé hins vegar ekki gert að skilyrði í greininni sjálfri og fjármálaráðuneytið hafi í verki sýnt að sú krafa sé ekki gerð í öllum tilfellum. Sé það að sjálfsögðu óþolandi mismunun.

Grein sú sem hér um ræðir hafi fyrst komið inn í kjarasamning BSRB og ríkisins þann 19. 12. 1970. Fleiri hafi verið felldir undir ákvæðið en upphaflega hafi verið gert ráð fyrir, með sérstöku samkomulagi hverju sinni. Þessar auknu heimildir hafi m.a. fellt undir ákvæðið vaktavinnumenn sem horfið hafi frá störfum um sinn. Við gerð fyrsta sérkjarasamnings FÍS og fjármálaráðherra þann 15. maí 1974 hafi þeir, sem hófu störf að nýju fyrir 1. janúar 1974 og fullnægðu skilyrðum ákvæðisins að öðru leyti en því að hafa verið við störf 1. janúar 1971, verið felldir undir ákvæðið. Með samþykkt samstarfsnefndar FÍS og fjármálaráðuneytisins frá 28. 12. 1981 hafi verið ákveðið að veita réttindin þeim vaktavinnumönnum, sem snúið hafi aftur til starfa fyrir 1. nóvember 1981, hafi verið í störfum á þeim tíma og fullnægt skilyrðum ákvæðisins að öðru leyti en því að hafa verið við störf 1. janúar 1971, að því gefnu að þeir hefðu að minnsta kosti þriggja ára starfsaldur sem vaktavinnumenn fyrir 1. janúar 1974. Þessi tvö tilvik sýni að krafan um samfellt og óslitið starf sé ekki algild. Í samþykkt samstarfsnefndarinnar frá 28. 12. 1981 hafi verið tekið fram að um „endurráðningar eftir 01.11. 1981 gildir 50 mínútna reglan ekki, og verði viðkomandi aðilum gerð grein fyrir því." Á grundvelli þessa ákvæðis samþykktarinnar sé það sem fjármálaráðuneytið vilji ekki viðurkenna rétt Dóru Halldórsdóttur.

Þetta ákvæði samþykktarinnar eigi sér hvergi stoð í sjálfum kjarasamningnum. Sem áður sagði afmarki hann einungis hópinn, sem hafi réttinn til frambúðar og til þess hóps, eins og hann sé skilgreindur í kjarasamningnum, teljist Dóra Halldórsdóttir. Rétturinn hafi áunnist þessum hópi persónulega í störfum þeirra fyrir stefnda og hafi þeir ekki ástæðu til að ætla annað en að hann haldist þótt tímabundin hlé verði á störfum. Rétturinn til þess að falla undir „50 mínútna regluna" sé sambærilegur öðrum áunnum réttindum, s.s.

rétti til launaflokkahækkana, aukinna orlofsréttinda o.fl. Engum dytti í hug að halda því fram að þau réttindi glötuðust ef hlé yrðu á störfum hjá sama vinnuveitanda. Því síður verði því haldið fram að samstarfsnefnd FÍS og fjármálaráðuneytisins geti afsalað vaktavinnumönnum réttindum skv. „50 mínútna reglunni". Samstarfsnefndin hafi hvorki haft umboð né heimild til þess að afsala vaktavinnumönnum, sem snúið hafi aftur til starfa eftir 01. 11. 1981, þeim réttindum sem kjarasamningurinn hafi veitt þeim. Nefndin hafi því ekki verið bær til þess að afsala réttinum til að falla undir 50 mínútna regluna fyrir hönd Dóru Halldórsdóttur.

Á þeim tíma, er samþykktin var gerð, hafi FÍS verið að berjast við að ná sem flestum félagsmönnum undir greinina. Þegar talið var að ekki yrði lengra komist hafi það orðið úr að fórna hagsmunum þeirra sem ekki voru í starfi, er samþykktin var gerð, í þeirri trú að meiri hagsmunir fengjust fyrir, þ.e. færri yrðu af hugsanlegum réttindum en hinir sem réttindin fengju. Það sé í sjálfu sér eðlilegur hugsanagangur en eigi bara við þar sem samningsaðilar hafi forræði á samningsefninu, sem samstarfsnefndin hafi ekki haft. Fjármálaráðuneytinu hafi mátt vera ljóst að samstarfsnefndin hafi ekki getað með einfaldri yfirlýsingu, fórnað réttindum einstaklinga úr þeim hópi sem öðlast höfðu réttindin með kjarasamningi. Ákvæði 2.6.6. hafi svo aftur verið tekið upp í kjarasamning FÍS og fjármálaráðherra óbreytt þann 21. apríl 1987. Samkvæmt hljóðan gildandi kjarasamnings eigi „50 mínútna reglan" nú einungis við um upprunalega hópinn. Samt sem áður nái reglan í framkvæmd einnig til þeirra sem sérstaklega hafi samið sig undir ákvæðið. Sýni það best hversu laus í reipunum framkvæmd fjármálaráðuneytisins hafi verið.

Því sé gerð krafa um að grein 2.6.6. í kjarasamningi FÍS og fjármálaráðuneytisins verði túlkuð samkvæmt fortakslausu orðalagi sínu á samsvarandi hátt og lagður hafi verið til grundvallar í áðurnefndum samþykktum frá 1974 og 1981, þannig að Dóra Halldórsdóttir teljist enn falla undir þann hóp vaktavinnumanna sem þar sé nefndur þegar hún hóf störf að nýju 01.03.1988.

Byggt er á gildandi kjarasamningi FÍS og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 21.04.1987, grein 2.6.6.

Málskostnaðarkrafan er reist XXI. kafla eml. nr. 91/1991 og einnig 65. gr. laga nr. 80/1938. Við ákvörðun málskostnaðar þurfi að taka

tillit til áhrifa virðisaukaskatts á lögmannsþjónustu sem stefnandi kaupir, þar sem stefnandi hafi ekki frádráttarrétt vegna skattsins.

Félag íslenskra símamanna rekur málið fyrir hönd félagsmanns síns samkvæmt heimild í 27. gr. l. nr. 94/1986. Málið er rekið fyrir Félagsdómi samkvæmt heimild í 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram varðandi málavexti að með kjarasamningi BSRB og fjármálaráðherra frá 19. desember 1970 hafi verið tekin upp sú regla í 1. mgr. 4. gr. að vinnutími allra ríkisstarfsmanna skuli vera 40 stundir á viku. Með þessu hafi verið gerð mjög róttæk breyting frá því sem áður var, en samkvæmt eldri kjarasamningi hafi vinuvika hinna ýmsu stétta ríkisstarfsmanna verið mjög mislöng. Samkvæmt samningnum frá því í desember 1970 hafi vinnuvika allra starfsmanna ríkisins verið færð í 40 stundir, en hafði áður verið 36, 37, 38, 42 eða 44 stundir. Vinnuvika sumra hafi þannig lengst, en styst hjá öðrum. Með samkomulaginu, sem var fylgiskjal með kjarasamningi í desember 1970 hafi verið ætlunin að bæta hlut þeirra starfsmanna, sem urðu að skila lengri vinnuviku frá ársbyrjun 1971. Þetta sérákvæði hafi þó aðeins tekið til vaktavinnumanna og þar með alls ekki til allra, sem gert hafi verið í samningnum að skila lengri vinnuviku en áður. Þá hafi hún aðeins gilt hjá þremur tilteknum stofnunum. Þessi svokallaða „50 mínútna regla" hafi átt að stytta vinnutíma þeirra með tilteknum hætti og með því að koma til móts við þá vegna lengingar vinnutímans a.m.k. um sinn. Þetta hafi einungis átt við meðan þeir hafi verið áfram í sama starfinu. Þetta hafi náð til þess ráðningarsamnings, sem í gildi hafi verið 1. janúar 1971. Ef starfsmaður léti af störfum og sliti ráðningarsambandi, afsalaði hann sér þar með þessum sérkjörum. Hið sama gilti að sjálfsögðu einnig um ráðningarslit að frumkvæði vinnuveitanda. Þessi skilningur hafi ætíð verið undirskilinn af hálfu stefnda, fjármálaráðherra.

Í aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og BSRB frá því í desember 1973 sé í bókun V áréttað samningsákvæðið frá 1970 um svonefnda „50 mínútna reglu". Efnislega sé samningsákvæðið því óbreytt frá því, sem var í fyrri samningi. Í 4. mgr. segir: „Ákvæði þetta tekur einungis til þeirra manna, sem voru í starfi 1. janúar 1971." Í gögnum málsins komi fram að um þetta hafi nokkuð verið tekist á í samningsgerðinni. Af hálfu fjármálaráðherra hafði sú

krafa verið gerð að fella þetta sérákvæði niður með öllu, þannig að vinnuvika allra væri jafn löng. BSRB hafði hins vegar gert þá kröfu að heimfæra regluna á alla vaktavinnumenn, en ekki einungis þá sem hennar hafi notið við þrjár tilteknar stofnanir eftir 1971. Niðurlagsákvæði samningsins hafi ótvírætt falið í sér, að einungis þeir sem hafi verið komnir í starf 1. janúar 1971 hafi haldið þessum sérréttindum.

Í sérkjarasamningi fjármálaráðherra og FÍS, dags. 15. maí 1974, sé 50 mínútna reglunnar ekki getið. Um sama leyti hafi komið fram óánægja hjá símamönnum. Í ljós hafi komið að framkvæmd ráðningarsamninga af hálfu Pósts og síma hafði ekki verið í réttu fari á tímabilinu 1. janúar 1971 til sama tíma 1974. Hafði þeim, er réðust nýir til starfa verið hleypt inn á svokallaða 50 mínútna reglu. Þeir hafi þá staðið frammi fyrir því að missa þau sérréttindi. Þeim samskiptum fjármálaráðherra og umræddra starfsmanna hafi lokið svo að ráðherra hafi fallist á að í framkvæmdinni skyldi 50 mínútna reglan af framangreindum ástæðum einnig ná til þeirra vaktavinnumanna, sem ráðist höfðu til starfa hjá Pósti og síma á tímabilinu 1. janúar 1971 – 1. janúar 1974. Hér hafi verið um að ræða einhliða ákvörðun ráðherra. Hún muni hafa átt sér stað skömmu eftir gerð sérkjarasamnings í maí 1974.

Hið síðasta sem gerst hafi í máli þessu sé bókun sú sem gerð hafi verið á fundi samstarfsnefndar FÍS og fjármálaráðuneytisins hinn 28. desember 1981. Í upphafi bókunarinnar segi að á fundi þessum hafi verið til umræðu mál þeirra starfsmanna hjá Póst- og símamálastofnun, sem komið hafi í starf eftir 1. janúar 1974, en höfðu fyrir þann tíma starfað skv. svokallaðri 50 mínútna reglu vaktavinnumanna. Í bókuninni fallist aðilar á að þeir sem þannig hafi verið ástatt um og hafi verið í starfi hinn 1. nóvember 1981 og höfðu fyrir 1. janúar 1974 a.m.k. 3 ára starfsaldur við vaktavinnu, skyldu falla undir „50 mínútna regluna“. Síðan segir: „Við nýráðningar og endurráðningar eftir 01.11.1981 gildir 50 mínútna reglan ekki . . .“ Með þessu hafi stefndi vissulega verið að láta undan ákveðnum þrýstingi, sem fyrir hendi hafi verið og samið um að fleiri féllu nú undir „50 mínútna regluna“ en áður hafi átt rétt á henni. Sá skilningur hafi tvímælalaust verið fyrir hendi að með þessu væri þetta mál í eitt skipti fyrir öll afgreitt út úr heiminum. Um þetta sýnist hafa ríkt friður næstu 10 árin eða því sem næst eða þar til Félag íslenskra

símamanna hafi enn á ný farið af stað með sömu kröfu og áður og nú vegna Dóru Halldórsdóttur og fleiri einstaklinga.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á eftirgreindu:

a) Þegar við samningsgerð 1970 hafi sá skilningur verið lagður til grundvallar af hálfu stefnda að undir „50 mínútna regluna" féllu einungis þeir, sem hafi verið í starfi 1. janúar 1971 og hafi haldið starfssamningi sínum óslitnum. Hér sé um að ræða mjög óvenjulega sérreglu, sem í raun feli í sér mismunun gagnvart öllum öðrum. Þegar af þeirri ástæðu megi ljóst vera að samanburður stefnanda á þessum rétti annars vegar og hins vegar almennum réttindum allra starfsmanna ríkisins til launaþrepahækkana, aukins orlofsréttar og þess háttar við hækkandi starfsaldur, eigi ekki rétt á sér. Um hafi verið að ræða óvenjuleg sérréttindi, sem átt hafi að hverfa með þeim, sem þá voru í starfi og ekki slitu sínum starfssamningi. Þessi afstaða stefnda hafi reyndar komið enn frekar í ljós við næstu samningsgerð á eftir, þ.e. 1973, þegar sú krafa hafi verið gerð að þessi óvenjulegu sérréttindi yrðu felld niður með öllu. Það hafi ekki tekist. Hins vegar hafi ekkert breyst með þeim samningi frá því sem áður hafði verið, sbr. niðurlag bókunar V, þar sem segir að sérreglan „tekur einungis til þeirra manna, er voru í starfi 1. janúar 1971".

Sú staðreynd að í framkvæmd hafi reglan einnig verið látin ná til þeirra, sem réðust til starfa næstu 3 árin hafi ekki byggst á samningi. Hún hafi byggst á einhliða ákvörðun fjármálaráðherra.

Efnislega hafi þetta samningsákvæði ekki breyst í formlegum kjarasamningum. Ákvæði í kjarasamningi FÍS frá 1987 sé tekið óbreytt upp úr aðalkjarasamningi BSRB frá 1986, en eftir þann tíma hafi aðalkjarasamningar heildarsamtakanna tilheyrt liðinni tíð.

Samkvæmt framansögðu sé ljóst að þótt Dóra Halldórsdóttir hafi óumdeilanlega notið þessa réttar 1. janúar 1971, þá hafi þeim ráðningarkjörum lokið með uppsögn hennar á árinu 1980 en þá hafi hún látið af störfum sem vaktavinnumaður. Um hafi verið að ræða sérreglu, sem hafi skapast vegna tiltekinna breytinga á vinnutíma hóps starfsmanna. Henni hafi verið ætlað að hverfa jafnharðan og viðkomandi einstaklingar hættu störfum tímabundið eða færu í annað starf. Þessum afbrigðilegu starfskjörum hafi ekki verið ætlað að lifna við færi svo að umræddir starfsmenn réðust aftur til þessara tilteknu starfa, en ekki einhverra annarra.

b) Verði ekki fallist á sjónarmið, sem rakin séu að framan verði

niðurstaðan engu að síður sú sama, þ.e. sýkna. Hafi þetta ekki falist í fyrri samningum aðila, þá leiði það ótvírætt af síðari samningi. Þar sé vísað til bókunar samstarfsnefndar FÍS og fjármálaráðherra á fundi 28. desember 1981. Þar segir: „Við nýráðningar og endurráðningar eftir 01.11.1981 gildir 50 mínútna reglan ekki . . . .“ Dóra Halldórsdóttir hafi ekki endurráðist til starfs síns sem vaktavinnumaður fyrr en eftir þetta tímamark.

Í stefnu sé vefengt að umboð nefndarinnar hafi verið fyrir hendi. Dóra Halldórsdóttir sé ekki bundin af þessum ákvörðunum samstarfsnefndar. Þessu er harðlega mótmælt. Túlkun og fylling kjarasamninga sé starfsemi sem í raun fari fram allt árið á milli hinnar formlegu kjarasamningsgerðar. Milli þess, sem samninganefndir einstakra félaga og fjármálaráðherra geri hina formlegu kjarasamninga hafi það verið hlutverk samstarfsnefnda að halda uppi stöðugu starfi við túlkun og framkvæmd samninga og fyllingu þeirra um einstök atriði. Öll félög innan BSRB og BHMR hafi myndað slíkar samstarfsnefndir með viðsemjandanum, fjármálaráðherra. Í kjarasamningi FÍS frá 1980 komi fyrst inn ákvæði um samstarfsnefnd þess félags. Hlutverk nefndarinnar sé þar markað, en alls ekki tæmandi, svo sem sjáist glöggt á orðunum „meðal annars“.

Samningsákvæði um verkefni samstarfsnefnda séu orðuð með ýmsum hætti í hinum mörgu kjarasamningum ríkisstarfsmanna. Í reynd hafi það almennt verið svo að nefndirnar hafi oftlega tekið sér víðtækt vald, þótt úr því hafi dregið í seinni tíð. Þær hafi í raun ekki aðeins túlkað samninga, heldur einnig beinlínis breytt þeim með bókunum sínum og fundargerðum, hafi aðilar orðið á slíkt sáttir. Í slíkar samstarfsnefndir veljist alla jafna formenn félaganna og/eða aðrir helstu trúnaðarmenn þeirra. Svo hafi einnig verið um samstarfsnefnd FÍS á þeim tíma, sem hér um ræðir. Í henni hafi setið formaður félagsins auk annars stjórnarmanns.

Því er eindregið haldið fram að nefndin hafi haft það samningsumboð, sem hún hafi tekið sér með greindri bókun. Það gildi um fulltrúa beggja samningsaðila. Hafi annar aðilinn, í þessu tilfelli FÍS ekki viljað una gerðum fulltrúa sinna vegna umboðsleysis, hafi stjórn félagsins eða samninganefnd ótvírætt borið að gefa þá afstöðu upp til gagnaðilans án tafar. Ekkert slíkt hafi gerst. Þegar af þeirri ástæðu sé önnur niðurstaða ótæk en sú, að félagið hafi, hvað sem öllu líði, orðið bundið við þessa samningsgerð. Höfnun FÍS á

gerðum síns eigin formanns tíu árum seinna sé marklaus með öllu. Með greindri bókun hafi enn fleirum verið hleypt inn á „50 mínútna regluna" en áður höfðu átt þar heima. Þar hafi hins vegar líka verið með ótvíræðum hætti skorið á þannig að við endurráðningar eða nýráðningar eftir 1. nóvember 1981 hafi enginn nýr getað undir hana fallið. Einnig af þeirri ástæðu megi ljóst vera að Dóra Halldórsdóttir eigi ekki rétt á að kjör hennar ráðist af umræddri reglu.

c) Í þriðja lagi sé byggt á algjöru tómlæti stefnanda við að halda fram kröfum sínum. Frá því að greind bókun hafi verið gerð hafi liðið sem næst 10 ár áður en stefnandi, FÍS, hafi hreyft þessum kröfum sínum. Á þessu tímabili hafi verið gerðir margir kjarasamningar milli aðila. Með þessu hafi hann sýnt þvílíkt tómlæti að einnig af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda.

d) Fari hins vegar svo að aðalkröfu verði hafnað þrátt fyrir allar framangreindar sýknuástæður geti krafa stefnanda aldrei átt rétt á sér lengra aftur í tímann en miðað við 7. september 1989. Er þá miðað við 4 ára fyrningartíma launakrafna.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er með aðilum að um kaup og kjör stefnanda fari eftir kjarasamningi Félags íslenskra símamanna og fjármálaráðherra frá 21. apríl 1987. Hins vegar er um það deilt í málinu hvort grein 2.6.6. í þeim kjarasamningi varðandi svonefnda „50 mínútna reglu" eigi enn við um starfskjör hennar.

Á fundi samstarfsnefnda málsaðila 28. desember 1981 var til umræðu mál þeirra starfsmanna hjá Póst-og símamálastofnun, sem komið höfðu í starf eftir 1. janúar 1974 en höfðu áður starfað samkvæmt svokallaðri 50 mínútna reglu vaktavinnumanna. Fyrir fundinum lá listi frá 1. nóvember 1981 yfir þá starfsmenn sem hafið höfðu störf að nýju eftir 1. janúar 1974 en höfðu þá a.m.k. þriggja ára starfsaldur.

Á fundi þessum var gerð eftirfarandi samþykkt: „Starfsmenn samkvæmt þessum lista og aðrir sem af misgáningi ekki eru á honum en ættu að vera það, þ.e. voru í starfi 01.11.1981 og höfðu fyrir 01.01.74 þriggja ára starfsaldur við vaktavinnu samkvæmt 36 vinnustunda vinnuskyldu eða 50 mínútna reglu skulu falla undir 50 mínútna regluna. Við nýráðningar og endurráðningar eftir 01.11.1981 gildir 50 mínútna reglan ekki, og verði viðkomandi aðilum gerð grein fyrir því. . . ."

Samþykkt þessi var gerð á gildistíma laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í 39. gr. þeirra segir: „Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skal nefna tvo menn í samstarfsnefnd og fjármálaráðherra tvo. Hlutverk nefndarinnar skal vera að stuðla að samræmingu á framkvæmd laga þessara. Þá skal leggja fyrir nefndina deilumál sem upp kunna að rísa. Verði samkomulag í samstarfsnefnd um atriði skal það bindandi fyrir báða aðila. Heimilt er að koma á fót sérstökum samstarfsnefndum einstakra félaga og fjármálaráðherra til að fjalla um ágreiningsmál sem upp koma."

Telja verður að ágreiningnum um gildi „50 mínútna reglunnar" við nýráðningar og endurráðningar hafi að fullu verið ráðið til lykta svo bindandi sé með greindri samþykkt samstarfsnefnda aðila. Stefnandinn Dóra Halldórsdóttir sleit með uppsögn ráðningarsamningi sínum í ágústmánuði 1983, en var aftur fastráðin frá 1. mars 1988. Naut hún við þá ráðningu ekki góðs af hinni umdeildu „50 mínútna reglu".

Af framangreindum ástæðum ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Dæma ber stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.000,–.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Félags íslenskra símamanna f.h. félagsmanns síns Dóru Halldórsdóttur, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 60.000,– í málskostnað.

Sunnudaginn 5. desember 1993.

Nr. 11/1993. **Vinnuveitendasamband Íslands f.h.**
Hf. Eimskipafélags Íslands
(Jón H. Magnússon hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands
f.h Sjómannasambands Íslands
vegna Sjómannafélags Reykjavíkur
(Gunnar Jónsson hdl.)

Ólögmæt vinnustöðvun. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Hf. Eimskipafélags Íslands, kt. 510169-1829, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Sjómannasambands Íslands, kt. 570269-2249, Borgartúni 18, Reykjavík, vegna Sjómannafélags Reykjavíkur, kt. 570269-1359, Lindargötu 9, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að vinnustöðvun sú, sem tilkynnt var Hf. Eimskipafélagi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands af Sjómannafélagi Reykjavíkur þann 26. nóvember 1993, verði dæmd ólögmæt.
2. Að stefndi Sjómannafélag Reykjavíkur verði dæmdur til greiðslu sektar.
3. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda og stefnda dæmdur málskostnaður að mati dómsins. Verði stefnda dæmdur málskostnaður er ennfremur gerð krafa til þess að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefnda kostnað sem á hann fellur vegna virðisaukaskatts af lögmannsþjónustu.

Málavextir.

Stefnandi kveður málavexti vera þá að kjarasamningur Sjómannafélags Reykjavíkur við Vinnuveitendasamband Íslands og

Vinnumálasamband samvinnufélaganna frá 10. nóvember 1991 hafi orðið laus þann 31. desember 1992 og Sjómannafélagið hafi lagt fram kröfugerð í byrjun maí 1993. Í maí síðastliðnum þegar unnið var að gerð heildarkjarasamnings ASÍ og VSÍ, sem undirritaður var 21. maí, hafi stefnandi hafið viðræður við stéttarfélög yfirmanna og undirmanna á kaupskipum. Félög yfirmanna séu innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem standi utan Alþýðusambands Íslands. Jafnhliða hafi verið kannað hvort Sjómannafélagið, sem er í ASÍ, myndi ekki taka samninga ASÍ og VSÍ til umfjöllunar og afgreiðslu, en það hafi lagt fram sjálfstæða kröfugerð 6. maí sl. Viðræður við Sjómannafélagið hafi átt sér stað samhliða viðræðum við önnur aðildarfélög ASÍ, en eftir að kjarasamningar höfðu tekist og verið samþykktir af öðrum ASÍ félögum hafi Sjómannafélagið ekki séð ástæðu til frekari viðræðna.

Fljótlega eða nánar tiltekið þann 26. maí 1993 hafi tekist samningar við stéttarfélög yfirmanna á kaupskipum. Hafi viðræður við stéttarfélögin snúist að verulegu leyti um þá fækkun skipa og starfa sem orðið hafi undanfarin ár. Hafi talsmenn stéttarfélaga yfirmanna lagt megináherslu á það að unnið yrði að stofnun alþjóðlegrar íslenskrar skipaskrár á sama hátt og gert hafi verið í nágrannalöndunum. Fylgi samningnum bókun um að samningurinn sé gerður í trausti þess að samgönguráðherra muni beita sér fyrir því að lagt verði fram frumvarp til laga um alþjóðlega íslenska skipaskráningu. Þá séu jafnframt ákvæði um það í 5. gr. samningsins að félögin geti sagt samningnum upp ef frumvarp um alþjóðlega íslenska skipaskrá hafi ekki verið lagt fram á Alþingi fyrir 1. maí 1994. Hafi samningarnir verið samþykktir í félögum yfirmanna að undanskildu Skipstjórafélagi Íslands.

Í viðræðum við Sjómannafélag Reykjavíkur hafi komið í ljós að það væri á öndverðum meiði við félög yfirmanna um hugmyndir um alþjóðlega íslenska skipaskrá og hafi því ekkert orðið af þeirri ósk vinnuveitenda að samtímis yrði gengið frá kjarasamningum við stéttarfélög yfirmanna og undirmanna á kaupskipum. Viðræður við fulltrúa Sjómannafélagsins hafi einkum snúist um erlend leiguskip á vegum skipafélaganna og hafi af hálfu Sjómannafélagsins verið krafist upplýsinga um fyrirhugað fyrirkomulag á Ameríkusiglingum. Hafi þetta snúið fyrst og fremst að Eimskip og Samskip, en þá hafi ekki verið ljóst hvort félagið fengi flutninga fyrir varnarliðið. Af

hálfu vinnuveitenda hafi verið á það bent að það væri ekki á samningssviði aðila að fjalla um áhafnir erlendra leiguskipa. Hafi fulltrúar Sjómannafélagsins hafnað því að gera kjarasamning og gefið í skyn að þeir vildu vera með lausa samninga og óbundnar hendur, m.a. vegna fyrirhugaðs frumvarps um alþjóðlega íslenska skipaskrá.

Vegna kröfunnar sem beint er sérstaklega að Eimskip er tekið fram að öll skip félagsins í reglubundnum siglingum til og frá landinu, að undanteknu m.s. „Europe Feeder", sem nú annist farmflutninga félagsins á Ameríkuleið ásamt m.s. Skógafossi, séu mönnuð Íslendingum. Á Ameríkuleið félagsins hafi flutningsmagn á undanförnum árum verið mjög sveiflukennt og þess vegna hafi reynst nauðsynlegt að skipta oft um annað tveggja þeirra skipa sem annist flutninga á þessari leið. Útflutningur hafi farið vaxandi að undanförnu, en innflutningur minnkandi. Nauðsynlegt hafi verið að finna hentugt skip, sem gæti mætt aukinni útflutningsþörf og gæti m.a. flutt umtalsvert magn af frystigámum. Erfitt hafi reynst að finna skip sem uppfyllti þarfir Eimskips á þessari leið. Ekki hafi verið hægt að fá skip á þurrleigu fyrir svo skamman tíma, þar sem almenna reglan sé sú að ekki sé hægt að fá skip á þurrleigu til skemmri tíma en tveggja ára. Eftir margra mánaða leit hafi loks tekist að fá nýtt skip, m.s. „Europe Feeder", sem er stórt gámaskip og henti vel til þessara flutninga. Hafi skipið verið tekið á svokallaða tímaleigu til 10 mánaða, en í því felist að skipið sé leigt með öllum búnaði og áhöfn. Hafi skipið leyst af hólmi annað óhentugra skip, m.s. „Anglia", sem Eimskip hafði á tímaleigu.

Frá því í maí sl. hafi Vinnuveitendasambandið ekkert heyrt frá Sjómannafélagi Reykjavíkur og ekki hafi verið óskað eftir viðræðum við Vinnuveitendasambandið um gerð nýs kjarasamnings eftir að Sjómannafélagið hafi hafnað gerð nýs kjarasamnings í maí. Hafi þannig ekkert heyrst frá þeim í nærfellt hálft ár. Fulltrúar stefnda hafi snúið sér til Eimskipafélagsins í liðinni viku og gert kröfu til þess að íslenskir hásetar yrðu ráðnir á m.s. „Europe Feeder" og hótað verkfalli ella. Þessi viðhorf hafi framkvæmdastjóri Sjómannafélagsins ítrekað í viðtali við fréttamann á Stöð 2 föstudaginn 26. nóvember sl. Síðdegis þann dag hafi stefnanda borist bréf undirritað af Jónasi Garðarssyni, framkvæmdastjóra stefnda, þar sem tilkynnt sé um boðun verkfalls á skipum Eimskipafélagsins frá og með kl. 18 mánudaginn 6. desember 1993. Í bréfi þessu segir m.a. að

stjórn og trúnaðarmannaráð Sjómannafélags Reykjavíkur hafi á fundi sínum 25. nóvember sl. ákveðið að boða verkfall á skipum í rekstri Eimskipafélagsins til að framfylgja fyrirliggjandi kröfugerð félagsins.

Komi verkfallið til framkvæmda valdi það verulegri röskun á ferðum skipa, einkum þeirra skipa sem séu í áætlunarsiglingum og geti þar af leiðandi valdið verulegu tjóni.

Stefnandi hafi mótmælt lögmæti framangreindrar verkfallsboðunar með bréfi dags. 26. nóvember 1993. Í því hafi stefnandi skorað á stefnda að aflýsa boðaðri vinnustöðvun fyrir kl. 10 mánudaginn 29. nóvember 1993 ella áskildi Vinnuveitendasambandið Hf. Eimskipafélagi Íslands allan rétt vegna þessarar ólögmætu verkfallsboðunar, þar á meðal til skaðabóta. Engin svör hafi borist frá Sjómannafélagi Reykjavíkur og sé stefnandi knúinn til þess að hefja málssókn fyrir Félagsdómi á hendur félaginu.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Í máli þessu sem stefnandi höfðar á grundvelli 1. og 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga, byggir hann kröfugerð sína á því, að verkfallsboðun Sjómannafélags Reykjavíkur sé brot á II. kafla sömu laga og fari í bága við ákvæði síðast gildandi kjarasamnings aðila og sé andstætt eðlilegum starfsháttum á þessu kjaramálasviði og sé því ólögmætt.

Stefnandi telur að í 14. gr. laga nr. 80/1938 séu taldar þær aðferðir og ástæður sem til greina geta komið og réttlætt geta ákvörðun um vinnustöðvun. Í greininni segi að stéttarfélögum sé heimilt að gera verkföll í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og til verndar rétti sínum samkvæmt lögunum. Stefnandi telur að þessi heimild byggi á tveimur veigamiklum forsendum. Í fyrsta lagi að vinnustöðvun miði að því að ljúka kjaradeilu með gerð kjarasamnings. Því þurfi kröfur að liggja ljóst fyrir og vera á þann veg að viðsemjandi eigi þess kost að ganga að þeim án þess að brjóta lög eða samninga á öðrum. Með öðrum orðum að óheimilt sé að knýja viðsemjendur til samningsrofa eða lögbrota með vinnustöðvun. Þá sé ekki síður mikilvæg forsenda að sá sem vinnustöðvun beiti hafi gert allar tilraunir til að ná fram samningi með samningaviðræðum áður en til vinnustöðvunar er gripið. Vinnustöðvun sé svo alvarlegt inngrip í atvinnustarfsemina og geti valdið svo miklu tjóni og röskun fyrir aðila sem utan við standa að ríkar kröfur

verði að gera til þeirra sem hlut eiga að máli um að beita henni því aðeins að öll önnur ráð séu fullreynd. Því verði að gera þá lágmarkskröfu til stefnda að hann óski viðræðna. Af málavaxtalýsingu sé ljóst að stefndi hafi ekki uppfyllt þessi skilyrði. Viðræður hafi hvorki farið fram né hafi kröfugerð verið skýrð. Engar viðræður hafi átt sér stað síðan í maí að stefndi hafi slitið viðræðum og hafi ekki enn óskað eftir viðræðum við Vinnuveitendasambandið um gerð nýs kjarasamnings. Stefndi hafi síðan skyndilega og án þess að fara fram á viðræður boðað verkfall á skipum Eimskipafélagsins. Kröfur stefnda, sem lagðar hafi verið fram og ræddar á fundum aðila í maí síðastliðnum, hafi verið gerðar sameiginlega á hendur kaupskipaútgerðum innan Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna, en ekki á eina tiltekna útgerð eins og nú sé gert. Þá hafi framkvæmdastjóri Sjómannafélagsins í viðtali við fréttamann á Stöð 2 lýst því yfir að Eimskipafélagið gæti leyst sig undan vinnustöðvuninni með því að ráða íslenska undirmenn á leiguskip sitt á Ameríkurútunni. Vinnustöðvunin sé því ekki boðuð til að vinna að framgangi krafna um kaup og kjör félagsmanna stefnda til endurnýjunar kjarasamningi heldur til að reyna að þvinga fram ráðningu íslenskra undirmanna á erlent skip sem Eimskipafélagið sé með á tímaleigu, þ.e. skip, sem leigt sé til ákveðins tíma með öllum búnaði og skipverjum sem séu starfsmenn leigusala. Enginn í áhöfn skipsins sé félagsmaður stefnda svo ekkert vinnuréttarsamband sé milli stefnda og skipverja á hinu erlenda leiguskipi og því hvorki á færi hans að ráða þangað menn né láta reka þá, svo sem krafa sé nú gerð um. Krafa um að manna tímaleiguskip með félagsmönnum stefnda sé því utan samningssviðs aðila. Með kröfunni sé því í raun verið að krefjast forgangsréttar félagsmanna stefnda hjá öðrum vinnuveitanda og beinist krafan því að röngum aðila. Geri maður verksamning, eins og tímaleigusamningur skips sé, þá taki verktakinn að sér verk fyrir verkkaupa og ábyrgist framkvæmd og skil verksins og vinni það með sínu fólki. Verkkaupinn hafi ekkert með það að gera hvaða starfsmenn vinni verkið og geti ekki gert kröfu til þess að verktakinn noti starfsmenn verkkaupans til að framkvæma verkið. Þá sé það utan samningssviðsins að reyna að knýja á um að Eimskip hafi einungis eigin skip í förum til að annast þá flutninga sem félagið taki að sér. Meginkrafa stefnda nú sé krafa um íslenska háseta á erlent skip, sem Eim-

skipafélagið hafi á tímaleigu, þ.e.a.s. skip sem leigt sé með áhöfn. Stéttarfélagi sé heimilt að vinna að kjaramálum og hagsmunamálum á vinnuréttarsviði fyrir hönd félagsmanna sinna, en því sé ekki heimilt að þvinga fyrirtæki til aðgerða á rekstrarsviðinu. Þegar af þeirri ástæðu uppfylli stefndi ekki skilyrði 14. gr. laga nr. 80/1938 og séu boðaðar aðgerðir því ólögmæt vinnustöðvun.

Við skýringu á 14. gr. þurfi að líta til nokkurra annarra greina í lögunum, sem tengist henni. Í 5. gr. komi fram að stéttarfélagið sé lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna. Í 6. gr. segi að kjarasamningar skuli vera skriflegir og fjalla um kaup og kjör. Stefndi hafi því einungis heimild samkvæmt lögum 80/1938 til að krefjast þess að gerður sé vinnusamningur fyrir hönd félagsmanna sinna á eigin skipum stefnanda. Verksamningur stefnanda við erlent fyrirtæki um flutninga hafi verið fyllilega lögmætur og á engan hátt brotið gegn lögum eða gildandi samningi aðila, þ.m.t. forgangsréttarákvæðum. Sú krafa sem stefndi hafi uppi jafngildi því að verksamningi þessum verði rift án lögmætrar ástæðu. Krafan sé því ósamrýmanleg grundvallarreglum íslensks réttar og því óheimilt að fylgja henni eftir með verkfalli. Kjarasamningur Sjómannafélags Reykjavíkur sé við Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna, en ekki einstakar kaupskipaútgerðir. Beri því stéttarfélagi að beina kröfum sínum að gagnaðilanum, þ.e. VSÍ, en ekki einstökum fyrirtækjum. Í 16. gr. sé tekið fram að tilkynna skuli sáttasemjara um ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja eigi í þeim tilgangi að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör. Þessi ákvæði takmarki það hvaða kröfum sé hægt að framfylgja með verkfalli. Það sé ljóst að þau nái ekki til þess að fylgja fram kröfu um afsal á stjórnunarrétti vinnuveitanda eða hvernig hann hagi rekstri fyrirtækis síns.

Stefnandi telur sannað samkvæmt framlögðum gögnum og málsatvikum að verkfall stefnda hafi ekki verið boðað til að knýja fram ákveðnar kaupkröfur. Stefnandi telur að stefndi hafi ekki gefið skýlaust til kynna hvaða kröfu hann sé að framfylgja með vinnustöðvuninni. Engar viðræður hafi átt sér stað síðan í maí og ekki beðið um viðræður og varði það ólögmæti vinnustöðvunarinnar. Í II. kafla laga nr. 80/1938 felist ströng skilyrði fyrir beitingu verkfallsvopnsins, en með því hafi löggjafinn viljað hindra misnotkun verkfallsréttarins og tryggja vandaða ákvörðun.

Sektarkröfu sína styður stefnandi með vísun til 70. gr., sbr. 65. gr., 1. nr. 80/1938, en Félagsdómur hafi í sambærilegum málum beitt sektum.

Þá er áskilinn réttur til að krefja um skaðabætur í sérstöku máli vegna þess tjóns sem kunni að hljótast af hinni ólögmætu verkfallsboðun.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málavexti að fundi aðila hjá ríkissáttasemjara hinn 17. maí 1993 hafi lokið án árangurs og hvorugur aðila hafi þá óskað eftir frekari fundahöldum. Það sé hins vegar ekki rétt að stefndi hafi slitið viðræðum. Hið sama mætti rétt eins segja um gagnaðilann. Á greindum fundi hjá ríkissáttasemjara hafi enginn árangur náðst og viðsemjendur stefnda hafi í engu verið reiðubúnir til þess að ræða kröfugerð hans, sem er alveg skýr, þrátt fyrir fullyrðingar stefnanda um annað. Hvor aðila um sig geti hvenær sem er óskað eftir því við ríkissáttasemjara hvenær sem er að til nýs fundar verði boðað. Ekki verði séð að það sé frekar hlutverk stefnda en stefnanda.

Stefndi hafi hins vegar staðið í óformlegum viðræðum við Eimskipafélagið, en reyndin hafi ávallt verið sú í kjaraviðræðum að þær hafi verið á milli stefnda og hinna einstöku útgerða, allt þar til samningar hafi náðst í megindráttum og sé þá fyrst leitað til VSÍ. Viðræður stefnda og Eimskipafélagsins sl. sumar og haust hafi sérstaklega snúist um mönnun skipa sem séu í þjónustu íslenskra útgerða, enda alveg ljóst að stefndi telji það grundvallaratriði að slík skip séu mönnuð Íslendingum. Eimskipafélagið hafi einnig borið fram óskir um breytingar, bæði á mannahaldi og vinnufyrirkomulagi. Því sé það ekki rétt sem segi í stefnu að engar viðræður hafi farið fram um kröfur stefnda síðan á fundinum hjá ríkissáttasemjara sl. vor. Viðræður hafi átt sér stað við Eimskipafélagið, sérstaklega um mönnun skipanna, sem reynt hafi mest á gagnvart Eimskipafélaginu. Það félag sé að auki langstærsta farskipaútgerð á Íslandi og náist samkomulag við það félag fylgi önnur félög á eftir. Þann 25. nóvember sl. hafi verið síðasti fundur fulltrúa stefnda með fulltrúum Eimskipafélagsins. Á þeim fundi hafi fulltrúar stefnda orðið þess fullvissir að enginn sáttagrundvöllur væri að svo stöddu. Fundur hafi verið boðaður hjá trúnaðarmannaráði stefnda þann sama dag. Stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur eigi öll sæti í trúnaðar-

mannaráði félagsins. Niðurstaða þess fundar, sem 23 af 27 trúnaðarmönnum stefnda hafi sótt, hafi verið verkfallsboðun, enda hafi menn talið einsýnt að annað dygði ekki til að knýja á um kröfugerðina sem lögð hafi verið fram þann 6. maí 1993. Eigi það jafnt við um mönnun skipanna og annað sem þar sé gerð krafa um. Ákveðið hafi verið að beina verkfallsboðun eingöngu að Eimskipafélaginu vegna þess að krafan um að skip í íslenskri þjónustu verði mönnuð Íslendingum snúi að því félagi fyrst og fremst og það félag sé ráðandi á íslenskum kaupskipamarkaði.

Stefndi byggir á því að kjarasamningur milli aðila séu laus, viðræður hafi ekki borið árangur og stefndi telji útséð um að samningar náist án aðgerða og grípi því til lögverndaðs réttar síns til verkfallsboðunar.

Verkfallsrétturinn sé tryggður með 14. gr. l. 80/1938. Samkvæmt henni megi gera verkfall til að knýja á um framgang krafna í vinnudeilum. Þar komi og fram að verkfallsrétturinn verði aðeins takmarkaður með lögum. Í 15. gr. laganna sé ákvæði um það hvernig ákvörðun um verkfall verði tekin. C-liður 15. gr. laganna geri ráð fyrir að einstök stéttarfélög geti heimilað trúnaðarmannaráðum sínum að boða verkföll, enda sé það samþykkt af 3/4 hluta greiddra atkvæða á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi. Í 24. gr. laga stefnda sé ákvæði um trúnaðarmannaráð. Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. sé trúnaðarmannaráð skipað 27 mönnum. Í 3. mgr. 24. gr. sé kveðið á um að fundur sé lögmætur ef hann sé sóttur af minnst 15 af 27 trúnaðarmönnum. Í 4. mgr. sé kveðið á um að trúnaðarmannaráð hafi vald til að ákveða og boða vinnustöðvun (verkfall), enda sé það samþykkt af a. m. k. 3/4 atkvæða á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi. Fund trúnaðarmannaráðs stefnda þann 25. nóvember sl., þar sem verkfallsboðunin hafi verið samþykkt, hafi 23 trúnaðarmenn sótt og hafi þeir samþykkt verkfallsboðunina samhljóða. Samkvæmt þessu hljóti að teljast ljóst að formlega hafi verið rétt að verkfallsboðuninni staðið. Spurningin sé því sú hvort einhverjar lögákveðnar takmarkanir á verkfallsréttinum eigi hér við. Ekki verði séð af stefnu að svo sé. Ljóst sé að tilkynning um verkfallsboðunina fullnægi þeim kröfum, sem gerðar séu í 16. gr. l. 80/1938 og því geti takmörkun á verkfallsréttinum ekki byggst á þeirri grein. Takmarkanir á verkfallsréttinum samkvæmt 17. gr. l. 80/1938 eigi ekki við um hina umstefndu verkfallsboðun og sú grein takmarki verkfallsréttinn því

ekki heldur. Verkföll megi gera í því skyni að vinna að framgangi krafna í vinnudeilum. Það sé rangt hjá stefnanda að kröfugerð stefnda í kjaraviðræðunum hafi ekki verið skýr. Stefndi hafi þvert á móti lagt fram mjög skýrar kröfur þann 6. maí sl., sem fullnægi þeim kröfum sem lög 80/1938 gera. Þá sé það rangt hjá stefnanda að kröfugerðin hafi beinst gegn röngum aðila. Kröfugerðin beindist að VSÍ og VMS, svo sem framlögð gögn beri með sér. Hins vegar sé ljóst að Eimskipafélagið sé leiðandi aðili í íslenskri kaupskipaútgerð og jafnframt sá eini sem stefndi eigi í raunverulegum útistöðum við varðandi þann þátt krafna sinna sem lúti að mönnun skipa. Þess vegna og til þess að valda ekki óþarfa röskun beinist verkfallsboðunin að því félagi einu. Hið meira hljóti að fela í sér hið minna á þann hátt að sé stefnda heimilt að boða verkfall hljóti að mega takmarka það við ákveðnar útgerðir eins og hér sé gert. Það sé heldur ekki rétt að engar viðræður hafi átt sér stað milli aðila. Viðræður hafi farið fram hjá sáttasemjara svo og óformlegar viðræður við forsvarsmenn Eimskipafélagsins, en þær séu í samræmi við þann hátt sem hafi tíðkast í kjarasamningsgerð á milli aðila. Þessar viðræður hafi leitt til þess að stefndi telji sig hafa fullreynt að ekki verði komið til móts við hann nema gripið verði til aðgerða og frekari viðræður á þessu stigi þjóni því engum tilgangi. Enginn annar en stefndi geti lagt mat á stöðu mála fyrir hann. Stefndi telur að fullreynt sé um samninga án þess að kröfum sé fylgt eftir með aðgerðum. Mat hans á því hljóti að ráða.

Stefnandi haldi því fram að verkfallið sé í raun aðeins til þess að knýja á um að íslenskir hásetar verði ráðnir á „Europe Feeder", sem nú sé í þjónustu Eimskipafélagsins. Sé sú skoðun reist á því að framkvæmdastjóri stefnda hafi lýst því yfir að ekki komi til verkfalls verði það skip mannað íslenskum hásetum. Framkvæmdastjóri félagsins geti að sjálfsögðu ekki einn tekið ákvarðanir um að boða eða afboða verkföll, þarna sé um að ræða persónulega skoðun framkvæmdastjórans. Það sé hins vegar öllum ljóst að krafan um að kaupskip í þjónustu íslenskra útgerða verði mönnuð Íslendingum sé grundvallarkrafa stefnda. Hún sé hins vegar ekki eina krafan sem gerð sé. Kröfugerð stefnda í kjaraviðræðum sýni líka að þessi staðhæfing stefnanda standist ekki. Stefnandi hljóti að bera sönnunarbyrði fyrir staðhæfingu sem andstæð sé gögnum málsins. Stefndi telur ennfremur ljóst að krafan um að kaupskip í íslenskri þjónustu

verði mönnuð Íslendingum sé þess eðlis að heimilt sé að knýja á um hana með verkfalli. Verulegt atvinnuleysi sé nú meðal félagsmanna stefnda og af þeirri ástæðu enn brýnna en ella að ná samkomulagi um það að skip í íslenskri þjónustu séu mönnuð Íslendingum. Sá skilningur stefnda að kröfugerð skuli nánast einskorðast við kaupkröfur fái ekki staðist.

Stefnandi byggi málsókn sína ennfremur á því að kröfur sem gerðar séu í tengslum við kjarasamninga verði að vera þess eðlis að hægt sé að ganga að þeim án þess að brjóta lög eða gerða samninga. Kröfum stefnda telur stefnandi ekki þannig farið. Sú skoðun er á því byggð að þegar hafi verið gerður tímaleigusamningur um „Europe Feeder" og honum verði ekki breytt án þess að það teljist samningsrof. Stefndi geti í sjálfu sér fallist á þá skoðun að kröfugerð skuli vera þannig að gagnaðili geti skrifað upp á og þar með sé kominn á samningur. Jafnframt megi fallast á að sá samningur skuli hvorki brjóta lög né aðra samninga sem gerðir hafi verið. Stefndi sjái hins vegar ekki að kröfugerð hans standist ekki þessi próf. Hér sé ekki verið að tala um afturvirkan samning. Stefndi hafi ekki krafist þess að gerðir samningar verði vanefndir. Framtíðarsamningar yrðu hins vegar að miðast við ákvæðið um að kaupskip í íslenskri þjónustu skuli mönnuð Íslendingum. Skipafélögin gætu þá einfaldlega gert ráð fyrir því þegar þau gerðu leigusamninga um skip, en á því sviði gildi samningsfrelsi rétt eins og á flestum öðrum sviðum einkaréttarins og því alls ekki utan samningssviðs aðila hér eins og stefnandi heldur fram að semja um að skip í íslenskri þjónustu verði mönnuð Íslendingum. Það sé einnig rangt hjá stefnanda að meginkrafan hér lúti að því að manna íslenskum hásetum skip sem Eimskipafélagið hafi nú á tímaleigu. Sú krafa hafi hvergi komið fram heldur einungis almenna krafan um að skip í íslenskri þjónustu verði mönnuð Íslendingum. Fyrirtæki hljóti iðulega að verða að aðlaga rekstur sinn breytingum, sem verði vegna kjarasamninga. Kröfur í kjaraviðræðum geti ekki talist ólögmætar þó þær knýji fyrirtæki til einhverra slíkra breytinga. Nýir kjarasamningar hljóti alltaf að leiða til einhverra breytinga í rekstri, út á það gangi kjarasamningarnir í raun, launþegarnir leitist við að stærri hluti kökunnar renni til þeirra í formi launa, bætts aðbúnaðar og aukinna rétttinda.

Með vísan til framangreinds rökstuðnings um lögmæti verkfalls sé kröfu stefnanda um sektir vísað á bug. Verði verkfallsboðunin hins

vegar talin ólögmæt telur stefndi það afsakanlegt að hafa talið sig í fullum rétti, enda hafi öllum formskilyrðum verið fullnægt og því ekki hægt að búast við því að hann gerði sér grein fyrir því að um verkfallsbrot væri að ræða.

Niðurstaða.

Kjarasamningur Sjómannafélags Reykjavíkur við Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna varð laus 31. desember 1992. Að tilhlutan VSÍ og VMS var kjaradeilu milli þessara aðila vísað til ríkissáttasemjara með bréfi dags. 30. apríl 1993.

Í kröfugerð Sjómannafélags Reykjavíkur, sem sett var fram í bréfi félagsins til Vinnuveitendasambands Íslands þann 6. maí 1993 voru settar fram eftirfarandi kröfur:

„1. Skip í þjónustu íslenskra útgerða verði mönnuð íslenskum sjómönnum.
2. Grunnlaun hækki um 3%.
3. Uppsagnarfrestur verði 3 mánuðir.
4. Breytt verði grein 2.5. „vinna háseta á vakt" í síðasta kjarasamningi þar sem nú stendur: Þegar sjóvökur eru staðnar, skulu þeir menn sem eru á verði á tímabilinu 20.00 til 06.00. Í stað 20.00 til 06.00 standi 17.00 til 08.00."

Á samningafundi hjá ríkissáttasemjara þann 17. maí 1993 voru kröfurnar ræddar milli deiluaðila. Fundi þessum lauk án samkomulags og ekki var óskað eftir frekari fundahöldum í bráð, eins og segir í fundargerð ríkissáttasemjara. Eftir þann fund áttu engar formlegar viðræður sér stað milli aðila, en hinn 25. nóvember sl. var haldinn fundur með fulltrúum Sjómannafélags Reykjavíkur og Hf. Eimskipafélags Íslands. Á þeim fundi virðist einungis hafa verið rætt um það hvernig mönnun væri háttað á leiguskipinu Europe Feeder, sem mannað er erlendri áhöfn. Síðla sama dag var á fundi stjórnar og trúnaðarmannaráðs Sjómannafélags Reykjavíkur samþykkt samhljóða að boða verkfall á skipum í rekstri Eimskipafélags Íslands, sem hefjast skyldi kl. 1800 mánudaginn 6. desember 1993 „til að framfylgja fyrirliggjandi kröfugerð Sjómannafélags Reykjavíkur". Í fundargerð segir eingöngu svo um samþykkt þessa: „Rætt um mönnunarmál á leiguskipi Eimskipafélagsins Europe Trader (svo) sem mannaður er pólskum hásetum og er í áætlanaferðum Ís-

land USA, þar sem Eimskipafélagsmenn hafa staðfastlega neitað að manna skipið íslenskum hásetum."

Af framangreindu er ljóst að hin raunverulega ákvörðunarástæða verkfallsboðunarinnar var sú, að leiguskipið Europe Feeder var ekki mannað íslenskum hásetum. Til verkfallsins var því boðað til að framfylgja kröfu um að skipið skyldi mannað íslenskum hásetum. Fyrir liggur að Eimskipafélagið hefur gert tímaleigusamning til 10 mánaða um skip þetta og af því leiðir að félagið hefur engan íhlutunarrétt um ráðningu skipverja. Um greinda kröfu verður ekki samið í kjarasamningi aðila og verður henni því ekki framfylgt með verkfalli.

Ber því að taka til greina þá kröfu stefnanda, að vinnustöðvun sú, sem tilkynnt var Hf. Eimskipafélagi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands af Sjómannafélagi Reykjavíkur þann 26. nóvember 1993, sé ólögmæt.

Ekki þykja efni til að dæma stefnda, Sjómannafélag Reykjavíkur, til greiðslu sektar.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 70.000,-.

Dómsorð:

Vinnustöðvun sú, sem tilkynnt var Hf. Eimskipafélagi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands af Sjómannafélagi Reykjavíkur þann 26. nóvember 1993, er ólögmæt.

Stefndi á að vera sýkn af kröfu stefnanda um greiðslu sektar.

Stefndi greiði stefnanda kr. 70.000,- í málskostnað.

Sératkvæði
Jóns Þorsteinssonar.

Kröfur Sjómannafélags Reykjavíkur um breytingar á síðastgildandi kjarasamningi varðandi kaupskipaflotann voru settar fram í fjórum liðum í bréfi félagsins til Vinnuveitendasambands Íslands dags. 6. maí 1993. Þetta eru skýrar og málefnalegar kröfur. Það er fyrsti liðurinn í þessari kröfugerð, sem er undirstaða ágreinings í þessu máli, en hann hljóðar svo:

„Skip í þjónustu íslenskra útgerða verði mönnuð íslenskum sjómönnum."

Það er engum vafa undirorpið að hér er á döfinni mikilvægt hagsmunamál félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur. Krafa þessi er fyrst og fremst stefnumarkandi, en möguleikarnir á að hrinda henni í framkvæmd eru meðal annars háðir því hvers konar leigusamninga kaupskipaútgerðirnar gera um notkun erlendra skipa til flutninga. Eigi verður þessi krafa Sjómannafélagsins skilin á þá lund að með henni sé þess farið á leit við vinnuveitendur að þeir efni til samningsrofa eða lögbrota gagnvart erlendum skipaleigum.

Á fundi hjá ríkissáttasemjara þann 17. maí 1993 var kröfugerð Sjómannafélagsins rædd. Þar kom fram að framkvæmdastjóri félagsins taldi nauðsynlegt að fá fram kjarabætur samkvæmt öllum kröfuliðum en hafnaði kröfu vinnuveitenda um að ganga frá málum á sama hátt og Alþýðusamband Íslands. Á þessum fundi voru ekki borin fram nein andmæli af hálfu vinnuveitenda þess efnis að krafan um mönnun skipa væri utan samningssviðs aðila og til þess fallin að þvinga kaupskipaútgerðir til samningsrofa. Það er ekki fyrr en mörgum mánuðum síðar eftir að verkfall hafði verið boðað að þessi sjónarmið koma fram hjá Vinnuveitendasambandi Íslands.

Að loknum þessum árangurslausa sáttafundi gat Sjómannafélag Reykjavíkur hvenær sem var með einnar viku fyrirvara boðað til verkfalls hjá einni kaupskipaútgerð eða fleirum til framgangs krafna sinna, sbr. II. kafli laga nr. 80/1938. En málin þróuðust á þann veg næstu mánuðina að engir samningafundir fóru fram hjá ríkissáttasemjara, þar sem báðir aðilar munu hafa talið viðræður þýðingarlausar eins og sakir stóðu, og Sjómannafélagið lét hjá líða að boða til verkfalls. Á hinn bóginn fullyrðir Sjómannafélagið að á þessu tímabili hafi stöku sinnum farið fram óformlegar viðræður milli fulltrúa félagsins og fulltrúa Eimskip um mönnun skipa. Þessar viðræður hafi ekki borið árangur, andstætt því sem gerðist í viðtölum við Samskip, og á viðræðufundi 25. nóvember 1993 hafi endanlega komið í ljós að samkomulagsgrundvöllur væri ekki til staðar að svo stöddu, en þá hafi Eimskip staðfastlega neitað því að láta manna erlent skip með íslenskum hásetum, en skip þetta hafði félagið þá nýtekið á tímaleigu til Ameríkusiglinga.

Síðar þennan sama dag, 25. nóvember 1993, hélt trúnaðarmannaráð Sjómannafélagsins fund og samþykkti samhljóða að boða verk-

fall hjá Eimskip, er hefjast skyldi 6. desember 1993. Ljóst er af málavöxtum að vonbrigði ráðamanna Sjómannafélagsins með þá afstöðu Eimskip að ráða ekki íslenska háseta á skipið, sem tekið var á leigu til Ameríkusiglinga, er hvatinn að ákvörðun trúnaðarmannaráðs um boðun verkfalls. Þessi aðdragandi verkfallsins veldur ekki ólögmæti þess. Í málflutningi kom það fram af hálfu Sjómannafélagsins að krafan um mönnun skipa með íslenskum hásetum stefnir að framtíðarlausn þessara mála en miðar ekki að því að knýja Eimskip til að rifta þegar gerðum samningum um skipaleigu. Þá er þess að gæta að í verkfallsboðuninni er fram tekið að verkfallið verði gert „til að framfylgja fyrirliggjandi kröfugerð Sjómannafélags Reykjavíkur."

Í sjónvarpsviðtali 26. nóvember s.l. segir framkvæmdastjóri Sjómannafélags Reykjavíkur að Eimskip geti leyst sig frá vinnustöðvuninni með því að ráða íslenska áhöfn á leiguskip sitt á Ameríkurútunni. Aðspurður fyrir rétti segir framkvæmdastjórinn að þarna hafi hann lýst sínum persónulegu skoðunum. Fram komið tilboð hans hefir því ekkert gildi.

Með skírskotun til þess, sem hér að framan er rakið, verður að líta svo á að Sjómannafélag Reykjavíkur hafi boðað lögmætt verkfall. Því ber að sýkna félagið af öllum kröfum stefnanda í þessu máli, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 16. desember 1993

Nr. 7/1993 **Alþýðusamband Íslands f.h.**
Rafiðnaðarsambands Íslands
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)
gegn
Haraldi og Sigurði h.f.
(Gestur Jónsson hrl.)

Aðild. Frávísun.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 30. f.m. vegna frávísunarkröfu stefnda, hefur Alþýðusamband Íslands f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands, kt. 440472-1099, Háaleitisbraut 68, Reykjavík, höfðað fyrir Félagsdómi gegn Haraldi og Sigurði h.f. kt. 470486-0159, Faxafeni 12, Reykjavík, með stefnu þingfestri 29. júní 1993.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að stefndi hafi gerst brotlegur við 7. gr. l. nr. 80/1938 og kjarasamning Rafiðnaðarsambands Íslands við vinnuveitendur, með því á árinu 1992 að notast ekki við ákvörðun ákvæðisvinnu við ákvæðisvinnugrundvöll rafiðna.
2. Viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að sú háttsemi stefnda á árinu 1992 að láta hjá líða að mæla verk í nýbyggingu samkvæmt ákvæðisvinnugrundvelli rafiðna, sé brot á 7. gr. l. nr. 80/1938 og kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands og vinnuveitenda.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Dómkröfur stefnda eru:

1. Að málinu verði vísað frá dómi.
2. Til vara að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiðslu málskostnaður.

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrlausnar.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að stefndi sé hlutafélag, sem reki sjálfstæða rafverktakaþjónustu. Starfssvið fyrirtækisins sé raflagnir, raflagnateikningar, loftræstikerfi o. fl. Starfandi hjá fyrirtækinu séu löggiltir rafverktakar. Fyrirtækið hafi unnið talsvert við

raflagnir í nýbyggingum. Fyrirtækið eigi hvorki aðild að Landssambandi íslenskra rafverktaka (LÍR) né Vinnuveitendasambandi Íslands (VSÍ).

Ákvæðisvinnustofa rafiðna (ÁR) fylgist með að öll verk er falli undir ákvæðisvinnugrundvöll séu reiknuð út og greitt sé fyrir þau eins og segir til um í ákvæðisvinnugrundvelli og kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands (RSÍ) við VSÍ og LÍR. Ákvæðisvinnugrundvöllur sé gefinn út af ÁR og tiltaki hann verkeiningar við eðlilegan vinnuhraða og góðar starfsaðstæður. Hann sé ætlaður til ákvörðunar á launum rafvirkja, sem starfi hjá rafverktaka. Þessar verkeiningar séu svo notaðar til að margfalda svokallaða reiknitölu ákvæðisvinnu sem sé að finna í kjarasamningi rafiðnaðarmanna. Þannig fáist laun rafiðnaðarmanna í ákvæðisvinnu. Samkvæmt samkomulagi aðila skuli ákvæðisvinna unnin við öll rafvirkjastörf í nýbyggingum.

Þeir aðilar, sem aðild eigi að samkomulagi um ákvæðisvinnugrundvöll, séu Landsamband íslenskra rafverktaka, VSÍ og RSÍ fyrir hönd aðildarfélaga sinna. Samningurinn hafi sama gildistíma og kjarasamningur þessara sömu aðila.

Stefndi, sem unnið hafi að mestu við nýlagnir, hafi látið mæla upp verk hjá ÁR.

Þann 13. desember 1991 hafi LÍR, VSÍ og RSÍ gert með sér sérstakt samkomulag um ákvæðisvinnu þess efnis að ný grein skyldi koma inn í hinn almenna kjarasamning þessara sömu aðila, sem grein 11.2. Samkvæmt henni skuli vinnuveitendur greiða 1% af útborguðum launum rafvirkja til ákvæðisvinnustofu rafiðna. Einnig hafi gr. 4.2. í samningi aðila um ákvæðisgrundvöll verið breytt og skoðunargjald verið lækkað úr 5,6% í 2,1% af einingarverði rafvirkja með orlofi.

Stefndi hafi alfarið hafnað kröfu ÁR um að láta mæla verk í nýbyggingu eins og samningur aðila vinnumarkaðarins á sviði rafiðnaðar geri ráð fyrir.

Þrátt fyrir kröfu þar um hafi stefndi neitað að greiða gjald til ÁR og hafi borið því við að þar sem hann eigi ekki aðild að LÍR, sé hann ekki samningsbundinn til greiðslu þess. Bréf hafi verið sent stefnda þann 14. október sl. en því hafi ekki verið svarað.

Sá kjarasamningur sem í gildi var árið 1992 hafi haft að geyma ákvæði um reiknitölu og ákvæðisvinnu. Hann hafi verið gerður í

febrúar 1990 og gilt til 15. september 1991 og síðan hafi samningur í apríl 1992 tekið við þeim samningi.

Stefnandi telur það brot á kjarasamningi rafiðnaðarmanna að notast ekki við ákvæðisvinnugrundvöll.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi byggir á því í efnisþætti málsins að stefndi noti ekki ákvæðisvinnugrundvöll við útreikning launa og gerð verktilboða en það sé honum skylt þar sem kjarasamningur þeirra rafiðnaðarmanna er hjá honum starfa byggist m.a. á ákvæðisvinnugrundvelli. Hann hafi auk þess ekki látið mæla verk eins og fyrir er lagt í ákvæðisvinnugrundvelli.

Í grein 2.4. í ákvæðisvinnugrundvelli segir: „Ákvæðisvinnugrundvöllur þessi er ætlaður til ákvörðunar á launum rafvirkja sem starfa hjá rafverktaka."

Af ákvæðinu sé ljóst að á engan hátt sé hægt að aðskilja þessa tvo samninga, þ.e. kjarasamning RSÍ annars vegar og samning um ákvæðisvinnugrundvöll hins vegar. Þetta sé enn frekar áréttað í grein 5.1. í ákvæðisvinnugrundvelli þar sem segir: „Að loknu ákvæðisvinnuverki skal reikna út útkomu þess, sbr. gr. 6. hér á eftir, og greiða rafvirkja kaupauka eftir því sem sú grein segir fyrir um".

Í gr. 6.1. segir : „Telja skal saman skv. ákvæðisvinnugrundvellinum, hve margar einingar verkið er metið á. Þennan einingafjölda skal margfalda með einingaverði skv. launalið kjarasamnings".

Í lokaákvæði gr. 14.1. í kjarasamningi rafiðnaðarmanna, sem fjallar um ákvæðisvinnu, sé að öðru leyti vísað til samnings um ákvæðisvinnugrundvöll.

Þá sé gildistími samnings um ákvæðisvinnugrundvöll sá sami og gildistími kjarasamnings milli RSÍ og vinnuveitenda.

Af þessu megi ljóst vera að á engan hátt sé hægt að aðskilja þessa tvo samninga þar sem í þeim séu ákvæði sem sameiginlega myndi grundvöll fyrir launum rafvirkja þegar um mælingarvinnu sé að ræða. Með því að nota ekki ákvæðisvinnugrundvöllinn séu brotin ákvæði í kjarasamningi rafiðnaðarmanna þess efnis að þeir eigi að fá greitt fyrir ákvæðisvinnu eftir grundvellinum. Sé annar grundvöllur notaður þá sé það einnig brot á samningum þar sem kjarasamningur rafiðnaðarmanna leyfi einungis viðmiðun við einn ákveðinn ákvæðisvinnugrundvöll.

Það að notast ekki við grundvöllinn leiði til þess að ekki sé hægt

að gera sér grein fyrir því hvort greidd laun í ákvæðisvinnu séu í samræmi við það sem greiða eigi og lágmarkskjör hverju sinni. Slíkt teljist brot á meginreglunni í 7. gr. l. nr. 80/1938, sem segir að einstakir samningar atvinnurekenda og launþega, sem fari í bága við samninga stéttarfélagsins séu ógildir. Þessir samningar fari augljóslega í bága við þá samninga sem í gildi séu og leiði til þess að ekki sé unnt að ganga úr skugga um að viðkomandi starfsmenn fái rétt reiknuð laun fyrir ákvæðisvinnu.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Í greinargerð stefnda er varðandi málavexti m.a. bent á að stefndi sé hlutafélag, sem reki alhliða byggingastarfsemi. Stór hluti starfseminnar sé verktaka, m.a. á sviði rafiðnaðar. Hjá félaginu starfi menn úr mörgum iðngreinum m.a. rafvirkjar. Hluti af verkefnum stefnda sé við nýbyggingar, en jafnframt sé unnið að öðrum verkefnum, svo sem viðhaldi og endurbótum. Stefndi sé ófélagsbundinn samtökum vinnuveitenda og sé þannig hvorki aðili að LÍR né VSÍ.

Rafvirkjar sem vinni hjá stefnda fái greidd laun ýmist samkvæmt ákvæðisvinnu eða tímavinnu. Tímavinna sé yfirleitt notuð í viðhaldsverkefnum en ákvæðisvinna sé meginreglan þegar um nýbyggingar er að ræða. Útreikningur endurgjalds fyrir ákvæðisvinnu sé í höndum sveina, sem skili til stefnda mælingu á hverju einstöku verki. Mælingin sé yfirfarin af stefnda. Tímagjald sé alltaf lágmark, þótt um ákvæðisvinnu sé að ræða, þ.e. tímavinnan gildi ef mælingin gefi sveininum lægri laun en tímavinna hefði gert. Launagreiðslur stefnda til rafvirkjasveina séu í öllum tilvikum jafnháar eða hærri en umsamið er samkvæmt kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands við vinnuveitendur.

Fyrirkomulag það sem að framan sé lýst sé almennt á markaðinum, þ.e. launakerfi rafvirkja sé yfirleitt sambland af tíma- og ákvæðisvinnu. Ákvæðisvinna sé yfirleitt mæld á hverjum vinnustað sérstaklega án afskipta Ákvæðisvinnustofu rafiðna (ÁR). Einföld tölvuforrit séu fáanleg til útreiknings á endurgjaldi fyrir ákvæðisvinnu rafvirkja og afskipti eða aðstoð ÁR af mælingum því yfirleitt óþörf.

Stefndi kveður ranga þá fullyrðingu stefnanda í málavaxtalýsingu hans að ÁR fylgist með að öll verk er „falli undir“ ákvæðisvinnugrundvöll séu reiknuð út og greitt fyrir þau eins og segi til um í

ákvæðisvinnugrundvellinum. Starfsemi ÁR sé, eftir því sem stefndi best viti, í molum og þar fari nú nánast engin starfsemi fram.

Stefndi reisir kröfuna um frávísun á eftirfarandi atriðum:

1. Að mati stefnda eru dómkröfur stefnanda svo óskýrar að á þær verði ekki lagður dómur. Í fyrstu kröfu sé ætluðu broti stefnda lýst þannig að hann hafi gerst brotlegur við lög og kjarasamning: „með því á árinu 1992 að notast ekki við ákvörðun ákvæðisvinnu við ákvæðisvinnugrundvöll rafiðna." Í annarri kröfu sé krafist viðurkenningar á því að sú „háttsemi" stefnda á árinu 1992 að láta hjá líða að mæla verk í nýbyggingu samkvæmt ákvæðisvinnugrundvelli rafiðna teljist brot á lögum og kjarasamningi. Hvergi sé að finna lýsingu á tilteknu tilviki þar sem stefndi eigi að hafa gerst brotlegur, en slíkt sé skilyrði samkvæmt t.d. d. lið 80. gr. eml.
2. Þá felist í dómkröfum stefnanda að dómurinn láti stefnanda í té lögfræðilega álitsgerð um ætlaðar skyldur stefnanda aftur í tímann, þ.e. á árinu 1992 og um ætluð brot hans á sama ári, án þess að séð verði að slíkt sé nauðsynlegt til úrlausnar um ákveðna kröfu í dómsmáli. Þetta sé andstætt 1. tl. 25. gr. eml.
3. Stefndi sé ekki félagsmaður í Vinnuveitendasambandi Íslands og ekki aðili að Landssambandi íslenskra rafverktaka. Þar af leiðandi sé stefndi ekki aðili að kjarasamningi þeim, sem stefnandi heldur fram að hann hafi brotið gegn. Stefndi geti ekki brotið gegn samningi sem hann er ekki aðili að.

Stefndi bendir á að hins vegar séu þeir kjarasamningar sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um lágmarksviðmiðun í ráðningarsamningum einstakra launþega og vinnuveitenda, að því marki sem þar sé fjallað um laun og önnur starfskjör. Þessi regla sé lögbundin í 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks. Ef svo væri að ráðningarkjör rafvirkja hjá stefnda teldust lakari en gerist ef miðað væri við kjarasamning Rafiðnaðarsambandsins og VSÍ væri slíkt ekki brot á kjarasamningi heldur óleyfilegt vegna laganna um starfskjör launþega. Álitaefni um það hvort brotið hafi verið gegn þeim lögum eigi ekki undir Félagsdóm heldur almenna dómstóla. Þá eigi málið heldur ekki undir Félagsdóm með vísan til þess að brotið hafi verið gegn 7. gr. laga nr. 80/1938. Sú grein eigi því aðeins við að verið sé að fjalla um samninga einstakra verkamanna við at-

vinnurekanda að svo miklu leyti sem þeir fari í bága við samninga stéttarfélagsins við atvinnurekandann. Í þessu tilviki sé ekki og hafi ekki verið í gildi samningur milli atvinnurekandans og stefnanda. Ákvæðið eigi því ekki við og málið falli því ekki undir Félagsdóm.

Af hálfu stefnanda hefur þess verið krafist í þessum þætti málsins að kröfu um frávísun sé hrundið, málið verði tekið til efnislegrar meðferðar og stefnanda tildæmdur málskostnaður.

Stefnandi mótmælti framkominni frávísunarkröfu og þeim rökum sem hún byggir á. Benti stefnandi m.a. á að ágreiningslaust væri að stefndi ætti ekki aðild að kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands við vinnuveitendur, en ágreiningsefnið snerist um túlkun á þeim kjarasamningi, sem Félagsdómi bæri að leysa úr. Kröfur þær sem stefnandi hafi sett fram byggi einnig á ákvæðisvinnugrundvelli, sem fjallaði um kaup og kjör. Landsamband íslenskra rafverktaka, Vinnuveitendasamband Íslands og Rafiðnaðarsamband Íslands fyrir hönd aðildarfélaga sinna eigi aðild að samkomulaginu um ákvæðisvinnugrundvöll og hafi samningurinn sama gildistíma og kjarasamningur þessara sömu félaga.

Brot á samningi um slíkan ákvæðisvinnugrundvöll ætti undir 7. gr. l nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Ágreiningur um túlkun á því ákvæði ætti því undir Félagsdóm.

Niðurstaða.

Stefnandi máls þessa er Alþýðusamband Íslands f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands, sem er heildarsamtök íslenskra rafiðnaðarmanna. Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938 eru það sambönd verkalýðsfélaga og atvinnurekenda sem reka fyrir hönd meðlima sinna mál fyrir Félagsdómi. Mál þetta er hins vegar höfðað af Rafiðnaðarsambandinu sjálfu, en ekki vegna sérstaks stéttarfélags innan þess. Er sú sóknaraðild ekki í réttu formi samkvæmt greindu lagaákvæði.

Við málshöfðun fyrir Félagsdómi ber stefnanda að hafa hliðsjón af skilyrðum 80. gr. laga nr. 91/1991 um skýrar dómkröfur og málsástæður. Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru óglöggar og ekki er gerð nánari grein fyrir þeim tilvikum, sem þar um ræðir, eða hverjir áttu þar hlut að máli. Eigi kemur heldur fram hvað þeir starfsmenn stefnda báru úr býtum í reynd, sem áttu að njóta ákvæðisvinnugrundvallarins að áliti stefnanda. Þessi málatilbúnaður stefnanda er ófullnægjandi og andstæður d- og e-liðum 80. gr. laga nr. 91/1991.

Málsaðila greinir ekki á um það að enginn kjarasamningur er til þeirra í millum. Þegar svo hagar til ber það ekki undir Félagsdóm að dæma um brot á kjarasamningi eða um skilning á 7. gr. laga nr. 80/1938, en sú lagagrein á einungis við þegar vinnuveitandinn er bundinn af kjarasamningi.

Framangreind atriði leiða til þess að taka ber til greina kröfu stefnda um frávísun máls þessa frá Félagsdómi. Eftir atvikum þykir rétt að stefnandi greiði stefnda kr. 60.000,- í málskostnað.

Úrskurð þennan kveða upp Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Valgeir Pálsson.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Rafiðnaðarsambands Íslands, greiði stefnda, Haraldi og Sigurði h/f, kr. 60.000 í málskostnað.

Dómur Hæstaréttar 13. janúar 1994.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. desember 1993, sem barst réttinum 29. sama mánaðar. Kæruheimild er í 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Sóknaraðili krefst þess, að frávísunarúrskurður Félagsdóms 16. desember 1993 verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir dóminn að taka málið til efnislegrar meðferðar. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Óumdeilt er, að varnaraðili á enga aðild að þeim kjarasamningi, sem sóknaraðili telur hann hafa brotið gegn. Málsefnið verður eigi borið undir Félagsdóm á grundvelli 7. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 44. gr. laganna. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Alþýðusamband Íslands f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands, greiði varnaraðila, Haraldi og Sigurði hf., 60.000 krónur í kærumálskostnað.

Fimmtudaginn 30. desember 1993.

Nr. 13/1993. **Vinnuveitendasamband Íslands**
f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna
(Jón R. Pálsson hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Reykjavíkur o.fl.
(Arnmundur Backman hrl.)

Ólögmæt vinnustöðvun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, fyrir hönd Landssambands íslenskra útvegsmanna, kt. 420269-0649, Hafnarhvoli v. Tryggvagötu í Reykjavík, vegna aðildarfélaga þess.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Sjómannasambands Íslands, kt. 570269-2249, Borgartúni 18, Reykjavík, vegna Sjómannafélags Reykjavíkur, kt. 570269-1359, Reykjavík, Sjómannafélags Hafnarfjarðar, kt. 570269-2839, Hafnarfirði, Verkalýðsfélags Akraness, vélstjóradeild/sjómannadeild, kt. 680269-6889, Akranesi, Verkalýðs- og sjómannafélags Skagastrandar, kt. 490272-3219, Skagaströnd, Verkamannafélagsins Fram, kt. 560169-1169, Sauðárkróki, Sjómannafélags Eyjafjarðar, kt. 570269-0899, Akureyri, Verkalýðsfélagsins Vöku, kt. 670269-5669, Siglufirði, Verkalýðsfélags Húsavíkur, kt. 680269-7349, Húsavík, Verkalýðsfélags Raufarhafnar, kt. 680269-5999, Raufarhöfn, Verkalýðsfélagsins Árvakurs, deild kt. 490272-4029, Eskifirði, Verkalýðsfélags Norðfirðinga, kt. 490272-3649, Neskaupsstað, Verkalýðsfélags Vopnafjarðar, sjómannadeild kt. 490272-3569, Vopnafirði, Verkalýðsfélagsins Jökuls, kt. 490272-5189, Höfn Hornafirði, Sjómannafélagsins Jötuns, kt. 670169-2439, Vestmannaeyjum, Verkalýðsfélagsins Bárunnar, kt. 540775-0289, Eyrarbakka, Verkalýðsfélagsins Boðans, kt. 620485-0399, Þorlákshöfn, Verkalýðsfélags Gerðahrepps, kt. 490272-3489, Garði, Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur, kt. 581078-0139, Grindavík, Verkalýðsfé-

lags Keflavíkur, sjómannadeild kt. 680269-5729, Keflavík, Matsveinafélags Íslands, kt. 690975-4839, Verkalýðs- og sjómannafélags Stöðvarfjarðar, kt. 490272-2679, Stöðvarfirði, Sjómannafélags Ólafsfjarðar, kt. 610183-0269, Ólafsfirði, Verkalýðsfélags Fáskrúðsfjarðar, kt. 490272-2919, Fáskrúðsfirði, Verkalýðsfélagsins Þórs, kt. 460172-2259, Selfossi, Verkalýðs- og sjómannafélags Djúpavogs, kt. 490272-2759, Djúpavogi, Verkalýðsfélags Breiðdalsvíkur, kt. 490272-3139, Breiðdalsvík, Verkalýðsfélags Reyðarfjarðar, kt. 490272-2089, Verkalýðsfélagsins Jökuls, kt. 500387-2549, Ólafsvík, Verkalýðsfélagsins Aftureldingar, kt 690975-0929, Hellissandi, Verkalýðsfélags Stykkishólms, kt. 490272-2839, Stykkishólmi.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að vinnustöðvun stefnda á fiskiskipum stefnanda, sem koma á til framkvæmda á tímabilinu frá miðnætti 1. janúar til og með 5. janúar 1994, verði dæmd ólögmæt.
2. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þær, að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda og stefnda dæmdur málskostnaður að mati dómsins og að tekið verði tillit til virðisaukaskatts af lögmannsþjónustu í þeim málskostnaði.

Mál þetta var þingfest hinn 22. desember sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 29. desember sl.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að flestir kjarasamningar sjómannafélaga innan Sjómannasambands Íslands við Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna hafi orðið lausir þann 1. febrúar 1993. Sjómannasambandið hafi lagt fram kröfugerð í byrjun febrúar 1993. Þann 5. febrúar hafi verið haldinn fundur fulltrúa Sjómannasambands Íslands og LÍÚ. Engin niðurstaða hafi fengist á þeim fundi og seinni fundum aðila, og hafi LÍÚ þá ákveðið á stjórnarfundi þann 18. febrúar 1993 að vísa kröfugerð Sjómannasambandsins til VSÍ. Viðbrögð Sjómannasambandsins við þessu hafi verið þau að vísa deilunni til ríkissáttasemjara með bréfi, dags. 22. febrúar 1993. Haldnir hafi verið samningafundir deiluaðila hjá sáttasemjara seinni hluta febrúar og í byrjun mars, en án árangurs.

Á fundi formanna aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands þann

2. apríl 1993 hafi síðan verið samþykkt að fresta öllum frekari viðræðum við VSÍ og LÍÚ uns framvinda efnahagsmála myndi skýrast og hafi stefnanda verið tilkynnt þetta með bréfi 5. apríl sl.

Þann 21. maí 1993 hafi VSÍ og ASÍ skrifað undir kjarasamning, sem gilda eigi til ársloka 1994, án kauphækkana, fyrir hönd aðildarfélaga sinna og einstakra félagsmanna. Forystumenn Sjómannasambands Íslands hafi hins vegar neitað að skrifa undir þennan samning með vísan til þess að samninganefnd þeirra hafi verið leyst upp þann 2. apríl sl.

Í stað þess að ganga til viðræðna við stefnanda hafi forystumenn samtaka sjómanna sameiginlega, þ.e. bæði yfirmenn og undirmenn, þ.m.t. stefndi, skipulagt og haldið fundi um land allt. Á fundum þessum hafi verið blásið í herlúðra og vinnustöðvunum hótað vegna svokallaðs kvótabrasks ótilgreindra félagsmanna stefnanda, auk ásakana um meint samningsbrot félagsmanna stefnanda. Hafi fjölmiðlar flutt landsmönnum ítarlegar fregnir af fundaherferðinni, sem staðið hafi yfir frá því í október sl. og fram í desember.

Föstudaginn 10. desember sl. hafi forystumenn samtaka sjómanna, þ.m.t. stefnda, komið í höfuðstöðvar VSÍ og LÍÚ í fylgd fréttamanna og athent framkvæmdastjóra VSÍ og skrifstofustjóra LÍÚ verkfallsboðun, sem koma eigi til framkvæmda kl. 24:00 þann 1. janúar 1994. Fáein félög hafi sent tilkynningu um vinnustöðvanir þann 14. desember sl., sem koma muni til framkvæmda á tímabilinu frá 3. - 5. janúar 1994. Komi verkfallið til framkvæmda muni það valda stöðvun á nánast öllum fiskiskipaflotanum og af því muni leiða rekstrarstöðvun fiskvinnslunnar alls staðar nema á Vestfjörðum, en sjómenn þar taka ekki þátt í þessum aðgerðum. Í kjölfarið muni fylgja atvinnubrestur fiskvinnslufólks um nær allt land.

Fyrsti samningafundur aðila eftir hið langa hlé hafi verið haldinn hjá sáttasemjara þann 13. desember sl., þar sem ástæður verkfallsboðunarinnar hafi verið kynntar fyrir stefnanda og ríkissáttasemjara. Á þeim fundi hafi komið skýrt fram af hálfu samtaka sjómanna að ástæða verkfallsboðunarinnar væri sú að stuðla að lagasetningu til að tryggja gildi kjarasamninga þeirra. Engar formlegar viðræður hafi þá átt sér stað milli samningsaðila frá því í mars 1993.

Stefnandi hafi á fundi samningsaðila hjá ríkissáttasemjara þann 16. desember sl. mótmælt lögmæti framangreindrar verkfallsboðun-

ar og áskilið sér allan rétt til að kanna lögmæti hennar fyrir dómstólum.

Viðbrögð stefnda við þessari fyrirætlun hafi komið fram í sameiginlegri fréttatilkynningu til fjölmiðla þann 17. desember sl. frá samtökum sjómanna. Þar hafi verið tilkynnt að samtökin myndu hafa allan fyrirvara um framhald viðræðna við stefnanda, ef hann legði málið fyrir Félagsdóm.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 1. og 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga, byggir hann kröfugerð sína á því, að verkfallsboðun stefnda sé brot á II. kafla laga nr. 80/1938 og fari í bága við ákvæði síðast gildandi kjarasamnings aðila og sé andstæð eðlilegum starfsháttum á þessu kjaramálasviði og sé því ólögmæt.

Stefnandi telur að í 14. g. laga nr. 80/1938 séu taldar þær aðferðir og ástæður, sem til greina geta komið og réttlætt geta ákvörðun um vinnustöðvun. Í greininni segir að stéttarfélögum sé heimilt að gera verkföll í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og til verndar rétti sínum samkvæmt lögunum. Þessi verkfallsheimild byggi á þeirri grundvallarforsendu að vinnustöðvun miði að því að ljúka kjaradeilu með gerð kjarasamnings. Því þurfi kröfur aðila að liggja ljósar fyrir og vera á þann veg að viðsemjandi eigi þess kost að ganga að þeim.

Stefnandi bendir á þá staðreynd, að þann 26. apríl 1992 hafi aðilar samið um það sín á milli í kjarasamningum, að sameiginleg kvótakaup útgerðar og áhafnar væru óheimil. Aðilar hafi því þegar samið um bann við sameiginlegum kvótakaupum, auk þess sem stefndi, sem og hin sjómannasamtökin hafi marglýst því yfir í yfirstandandi kjarasamningsviðræðum, að frekari samningsákvæði milli aðila um bann við sameiginlegum kvótakaupum séu þýðingarlaus, þar sem gildandi ákvæði haldi ekki, þótt það sé skýrlega orðað.

Af þessu sé fullljóst og hafi stefndi ekki dregið dul á það, að kröfur stefnda um bann við sameiginlegum kvótakaupum, „kvótabraski", beinist alfarið að stjórnvöldum. Tilgangur verkfallsboðunarinnar sé því sá, að þrýsta á stjórnvöld um að þau beiti sér fyrir breytingum á lögum um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, þannig að heimild til framsals aflaheimilda verði felld niður eða takmörkuð

verulega, þannig að hægt verði að koma í veg fyrir allt „kvótabrask."

Kröfur stefnda lúti þannig að atriðum, sem ekki séu á færi stefnanda að verða við. Vinnustöðvunin sé því ekki boðuð til að vinna að framgangi krafna um kaup og kjör félagsmanna stefnda til endurnýjunar kjarasamnings, eins og 14. gr. laganna heimilar, heldur sé markmið hennar að reyna að þvinga fram þær breytingar á gildandi lögum, sem séu stefnda að skapi. Megintilgangur verkfallsboðunarinnar hafi þannig ekkert með samningsákvæði að gera, enda séu samningsákvæði, sem banni kvótakaup sjómanna nú þegar í samningi aðila. Stefndi haldi nú hins vegar öðru fram, eins og ljóst sé af fréttatilkynningu stefnda frá 17. desember sl. Þessi ákvörðunarástæða stefnda fyrir verkfallsboðuninni kom fram í fjölmörgum viðtölum við forystumenn stefnda á sl. mánuðum. Þessi tilgangur stefnda hafi síðan verið sérstaklega bókaður á fundi sáttasemjara þann 15. desember sl. með stefnanda. Sameiginleg bókun sjómannasamtakanna frá 16. desember sl. breyti engu í þessu efni, enda verði þau orð og athafnir, sem lágu til grundvallar verkfallsboðun stefnda í upphafi, ekki tekin aftur. Augljóst sé að stefndi hafi áttað sig á ólögmæti athafna sinna, eins og fyrrgreind bókun frá 16. desember og fréttatilkynning frá 17. desember sýni best.

Samkvæmt l. tl. 17. gr. laga nr. 80/1938 sé óheimilt að hefja vinnustöðvun ef ágreiningur sé einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um nema til fullnægingar úrskurðum hans. Í 2. tl. séu á sama hátt þær vinnustöðvanir lýstar ólögmætar, sem hafi það markmið að þrýsta á stjórnvöld til að framkvæma athafnir eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt sé skylt eða óskylt að framkvæma. Af þeim gögnum og yfirlýsingum, sem forráðamenn stefnda hafi gefið, megi ljóst vera að stefndi vilji að stjórnvöld beiti sér fyrir þeim breytingum á kvótakerfinu og fiskveiðistjórnun, sem séu þeim að skapi. Kröfum stefnda sé því í raun inni beint gegn röngum aðila og stefnanda sé ómögulegt og óleyfilegt að verða við þeim. Kröfur stefnda lúti einnig að því að gildandi kjarasamningar aðila séu haldnir. Þessi krafa verði fráleitt knúin fram með verkfalli, enda sé þá vandséð hvaða tilgangi kjarasamningur þjóni. Þessi krafa falli afdráttarlaust undir lögsögu Félagsdóms og sé stefnda óheimilt að hefja og réttlæta vinnustöðvun

vegna meintra samningsbrota félagsmanna stefnanda, eins og hann hafi ítrekað tilkynnt.

17. gr. laga nr. 80/1938 hafi verið til þess sett að vernda stjórnskipun ríkisins. Tilgangur greinarinnar sé að tryggja það, að Alþingi geti unnið í friði að lagasetningu og framkvæmdavaldið, sem hafi það hlutverk að framkvæma lagafyrirmæli í stjórnarframkvæmd, sinni því verki. Beinn eða óbeinn þrýstingur á lögmæt stjórnvöld með verkfallsboðun, eins og stefndi hafi skipulagt, sé því ólögmætur.

Það sé óheimilt og utan samningssviðs aðila að reyna að knýja á um það með verkfallsboðun að framkvæmdavald og löggjafarvald setji lög um ákveðið efni, sem landsréttur nái þegar yfir. Stéttarfélagi sé heimilt að vinna að framgangi kjaramála og hagsmunamála á vinnuréttarsviði fyrir hönd félagsmanna sinna, en því sé ekki heimilt að þvinga stjórnvöld og fyrirtæki til aðgerða og samninga, sem ekki séu í samræmi við gildandi lög. Framsal og sala á óveiddum kvóta, sem útgerðarmönnum hafi verið úthlutað á skip sín sé stefnda mikill þyrnir í augum. Slíkt framsal sé þó eitt grundvallaratriði fiskveiðistjórnunar samkvæmt gildandi lögum. Sala veiðiheimilda brjóti því á engan hátt gegn lögum heldur sé beinlínis gert ráð fyrir henni. Kjarakröfur sem hafi það að markmiði að breyta gildandi lögum sé óheimilt að knýja fram með verkfalli gagnvart stefnanda. Þegar af þeirri ástæðu uppfylli stefndi ekki skilyrði 14., 15. og 17. gr. laga nr. 80/1938 og séu boðaðar aðgerðir því ólögmæt vinnustöðvun.

Í II. kafla laga nr. 80/1938 felist ströng skilyrði fyrir beitingu verkfallsvopnsins, en með því hafi löggjafinn viljað hindra misnotkun verkfallsréttarins gagnvart lögmætum stjórnvöldum og tryggja vandaða og lögmæta ákvörðunartöku.

Þá er áskilinn réttur til að krefja um skaðabætur í sérstöku máli vegna þess tjóns sem kann að hljótast af hinni ólögmætu verkfallsboðun.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi segir málavexti vera þá að flestir kjarasamningar milli málsaðila, þ.e. Sjómannasambands Íslands við LÍÚ, hafi orðið lausir hinn 1. febrúar 1993. Hinn 5. febrúar hafi stefndi lagt fram kröfugerð í fjórum liðum. Fyrsti liður hafi verið krafa um skýr ákvæði í kjarasamninga varðandi samskipti útvegsmanna og sjómanna um ráðstöfun aflans og það fiskverð sem greitt sé til sjómanna. Önnur

krafa hafi verið um olíuverð. Þriðja krafa hafi verið um samninga fyrir ýmsar veiðigreinar sem ekki hafi verið í kjarasamningi, en með þeirri kröfu hafi verið lagt fram vinnuplagg með 12 atriðum. Þann 5. febrúar sl. hafi verið haldinn fundur málsaðila um umræddar kröfur. Engin niðurstaða hafi fengist á þeim fundi og seinni fundum aðila og hafi þá stefndi vísað þessari deilu til ríkissáttasemjara með bréfi og kjarakröfum. Haldnir hafi verið samningafundir deiluaðila hjá sáttasemjara seinni hluta febrúar og í byrjun mars og maí, en án árangurs.

Á fundi formanna aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands þann 2. apríl 1993 hafi verið samþykkt að fresta öllum viðræðum um gerð nýrra kjarasamninga fyrir fiskimenn um óákveðinn tíma, enda sé ljóst að vilji félagsmanna standi til þess að bíða með átök þar til framvinda efnahagsmála skýrist. Ákvörðun þessi hafi verið tilkynnt Alþýðusambandi Íslands þannig að ljóst væri að Sjómannasamband Íslands yrði ekki í samfloti ASÍ við samningagerðina vegna almennra kjarasamninga landverkafólks. ASÍ mun hafa tilkynnt VSÍ ákvörðun Sjómannasambandsins og engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu VSÍ vegna þeirrar ákvörðunar stefnda.

Fulltrúar SSÍ hafi verið boðaðir til fundar hjá ríkissáttasemjara þann 19. maí sl. að beiðni VSÍ og LÍÚ. Vinnuveitendur hafi þar óskað eftir því að SSÍ yrði aðili að væntanlegum heildarkjarasamningum ASÍ en þeirri málaleitan hafi verið hafnað. Sömu aðilar hafi enn verið kvaddir á fund sáttasemjara að beiðni VSÍ að kvöldi hins 20. maí og hafi sömu beiðni VSÍ þá verið hafnað aftur. Næst hafi verið haldinn sáttafundur hjá ríkissáttasemjara hinn 26. maí 1993. Á þeim fundi hafi fulltrúi SSÍ tilkynnt að sjómenn væru reiðubúnir til samningagerðar, en þá yrði 1. kröfuliður þeirra að vera ræddur fyrst og niðurstaða að fást áður en haldið yrði áfram við kröfulið 3. Þá yrði Farmanna- og fiskimannasambandið að koma til samninga samhliða varðandi 1. kröfuliðinn, enda hefði SSÍ og FFSÍ gefið út sameiginlega yfirlýsingu varðandi skýrslu tvíhöfðanefndar. Á þessum fundi hafi samninganefndir aðila verið sammála um að tilgangslaust væri að halda fundi á næstunni. Ákveðið hafi verið að ríkissáttasemjari boðaði ekki til fundar fyrr en annar hvor samningsaðila eða báðir óskuðu eftir því. Af þessum fundi sé hins vegar ljóst að meginkrafa sjómanna hafi verið sú að tryggja með ítarlegri ákvæðum um fiskverð að sjómenn yrðu ekki hlunnfarnir og nauðugir látnir taka þátt

í kaupum á óveiddum fiski, enda löngu orðið ljóst að yfirlýsingin frá 24. apríl 1992 hafi verið haldlaus gagnvart útgerðarmönnum og þverbrotin víðast hvar með vitund og vilja forsvarsmanna stefnanda.

Það sé því rangt sem segir í stefnu að engar formlegar viðræður hafi átt sér stað milli samningsaðila frá því í mars 1993.

Á áttunda fundi framkvæmdastjórnar SSÍ hinn 24. maí sl. komi fram að þátttaka sjómanna í kvótakaupum útgerða yrði sett á oddinn í komandi kjaraviðræðum.

Í samræmi við niðurstöðu fundarins hjá ríkissáttasemjara hinn 26. maí sl. hafi ekki orðið frekari samningaviðræður að sinni. Hinn 15. október 1993 hafi fundur formanna aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands samþykkt ályktun um kjaramál. Þar segir, að brýnt sé orðið að ljúka gerð kjarasamninga fyrir veiðigreinar sem engir kjarasamningar séu til fyrir, auk þess sem nauðsynlegt sé að endurskoða ýmis réttindamál sjómanna. Í stað þess að sýna vilja til að leysa kjaramál við sjómenn hafi færst í vöxt að útgerðarmenn brjóti kjarasamninga á sjómönnum m.a. með því að þvinga þá til þátttöku í kvótakaupum útgerðarinnar. Í mörgum tilfellum hafi útgerðir lækkað laun sjómanna í skjóli kvótakaupa. Slík framkoma verði ekki liðin lengur og virðist eina leiðin til lausnar málum sjómanna vera að beita útgerðarmenn þrýstingi.

Öllum aðildarfélögum SSÍ hafi verið send bréf varðandi stöðu mála og bent á þá staðreynd að viðræður við útvegsmenn fari ekki af stað fyrr en verkfallsvopninu verði veifað. Eins og fram komi í fundargerð framkvæmdastjórnar og samninganefndar SSÍ hinn 10. desember sl. hafi verið samþykkt að boða vinnustöðvun kl. 24 þann 1. janúar 1994 og greint frá því að öflun verkfallsheimildar hefði verið nauðsynleg til þess að efla samstöðu meðal sjómanna til að mögulegt væri að ljúka kjarasamningum og koma í veg fyrir að sjómenn tækju þátt í kvótakaupum útgerðarinnar. Verkfallsboðunin hafi í öllum tilfellum verið send Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. umbjóðenda sinna þar sem ekki hafi tekist kjarasamningar fyrir sjómenn á fiskiskipum. Verkfallsboðunin sé því almenn og nái til allra viðsemjenda stefnda.

Fyrsti samningafundur aðila hafi verið haldinn hjá sáttasemjara þann 13. desember 1993. Þar hafi komið fram af hálfu fulltrúa stefnda að grundvallaratriði til lausnar deilunni væri að tekið yrði

með öllu fyrir þátttöku sjómanna í kvótakaupum í samræmi við gildandi kjarasamninga og yfirlýsingu með kjarasamningi frá 26. apríl 1992, en misbrestur hafi orðið á því að við þetta væri staðið. Ennfremur yrði að fá lausn á frágangi samninga vegna nýrra veiðigreina. Fulltrúar sjómanna hafi talið á þessum fundi að ekki væri hægt að tryggja framgang áðurnefndrar yfirlýsingar um kvótakaup á annan veg en með lagasetningu og inntu viðsemjendur sína eftir því hvort þeir væru ásamt sjómönnum reiðubúnir til þess að beita sér fyrir slíkri lausn við stjórnvöld. Eins og vitað sé séu lög um stjórn fiskveiða nú til endurskoðunar hjá stjórnvöldum. Hin svokallaða tvíhöfðanefnd hafi skilað skýrslu sinni um málið sl. vor og hafi málið síðan verið til umfjöllunar í þjóðfélaginu. Farið hafi verið fram á álit sjómannasamtakanna á niðurstöðum nefndarinnar og liggur það álit frammi í málinu. Afstaða stefndu til fyrirliggjandi frumvarpsdraga liggi og fyrir. Ekki hafi verið hlustað á óskir sjómannasamtakanna varðandi nýtt frumvarp til laga um stjórn fiskveiða. Þess vegna hafi sjómannasamtökin freistað þess á samningafundi málsaðila hinn 13. desember sl. að ná samkomulagi um sameiginlega tillögu til stjórnvalda um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða hvað þetta hreina kjaraatriði varðar. Ekki hafi verið vilji fyrir þessu hjá fulltrúum stefnanda og þess vegna ljóst að sjómannasamtökin yrðu að leggja allan þunga hvað þetta varðar á fyrirliggjandi kröfur samtakanna á 1. lið kröfugerðarinnar eins og alltaf hafði staðið til. Það sé því rangt sem segir í stefnu að á fundinum hinn 13. desember sl. hafi komið skýrt fram af hálfu samtaka sjómanna að ástæða verkfallsboðunarinnar væri sú að stuðla að lagasetningu til að tryggja gildi kjarasamninga þeirra. Bókunin beri greinilega með sér að grundvallaratriði til lausnar deilunnar sé að tekið verði með öllu fyrir þátttöku sjómanna í kvótakaupum í samræmi við gildandi kjarasamning og yfirlýsingu með kjarasamningi frá 26. apríl 1992. Staðreyndin sé sú að yfirlýsingin frá 26. apríl 1992 hafi reynst haldlaus. Hún sé ekki inni í sjálfum kjarasamningi málsaðila. Forsvarsmenn LÍÚ hafi hundsað hana og barist gegn henni leynt og ljóst frá því hún var gerð, en þar að auki feli fyrirliggjandi frumvarp stjórnvalda í sér hættu á enn stórfelldara kvótabraski en nú sé. Í ljósi þess beri að skoða seinni málsgrein bókunar frá 13. desember sl., en alls ekki þannig að fallið sé frá kröfum á hendur útgerðarmönnum í þessu efni.

Í tillögu til lausnar á fiskverðsmálum (dskj. 11) sé þess vegna nánari útfærsla sjómannasamtakanna á kröfulið 1. Þar séu tengd saman ákvæði um fiskverð og kvótakaup, eins rammlega og hægt sé að gera í kjarasamningi. Afstaða stefnda komi ljóslega fram samkvæmt fréttatilkynningu frá 17. desember sl.

Frá því að verkfall var boðað og þar til 20. desember s.l. hafi fjórir fundir verið haldnir og þ.á m. ræddir sérsamningar stefnda vegna nýrra veiði- og verkunargreina þannig að ljóst sé að fram á síðustu stundu, eða þar til stefnandi hafi ákveðið að vísa lögmæti verkfallsboðunarinnar til Félagsdóms, hafi farið fram raunverulegar viðræður milli málsaðila um öll atriði í kröfugerð stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Allt frá því áhrifa laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða hafi tekið að gæta í þjóðfélaginu, hafi sjómannasamtökin reynt að koma í veg fyrir svokallað kvótabrask með þátttöku sjómanna í kvótakaupum. Þrátt fyrir ákvæði gr. 1.24. í kjarasamningi málsaðila frá 24. nóvember 1990, sem leggur þá skyldu á herðar útgerðarmanni að tryggja hæsta gangverð fyrir fiskinn og þrátt fyrir ákvæði 1. gr. l. nr. 24/1986 um skiptaverðmæti, sem kveður á um að 75% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir aflann, skuli koma til hlutaskipta og þrátt fyrir gr. 1.36. í umræddum kjarasamningi, sem bannar útgerðarmanni og einstökum skipverjum eða skipshöfnum að semja í bága við kjarasamninginn og þar með hlutaskiptakjör, hafi hið frjálsa framsal veiðiheimilda samkvæmt lögum nr. 38/1990 leitt til þess að íslenskir sjómenn hafi í stórum stíl verið þvingaðir til þátttöku í kvótakaupum eða kvótaleigu útgerðarmanna með vitund og vilja forsvarsmanna þeirra. Kveði svo rammt að þessum viðskiptum að talið sé að hátt í þriggja milljarða verðmæti af óveiddum fiski í sjónum gangi kaupum og sölum. Útgerðarmenn selji hver öðrum kvóta, fiskmarkaðir kaupi kvóta og dæmi séu um að fiskveiðikvóti sé kominn í hendur á útlendingum. Aflinn við Íslandsstrendur sé takmörkuð auðlind og gefi því auga leið að sá útgerðarmaður sem selji kvóta, verði að kaupa eða leigja kvóta í staðinn. Þannig hafi kerfið keðjuverkun. Hinir verr stæðu í hópi útgerðarmanna selji þeim sem betur standi kvótann og veiði þess í stað fyrir kaupandann á láns- og leigukjörum á kostnað sjómanna. Við uppgjör aflans sé verð kvótaleigunnar dregið frá heildaraflaverðmæti því sem komi til skipta og sjómenn þannig hlunnfarnir í stórum stíl.

Gegn þessu ástandi hafi sjómannasamtökin reynt að sporna. Í fyrsta lagi með ítarlegri og fyllri ákvæðum í kjarasamningum málsaðila, en í öðru lagi með þátttöku í nefndarstarfi og reynt þannig að hafa áhrif á fiskveiðistefnuna sjálfa.

Þrátt fyrir staðreyndir um kjarahlið málsins, sem sýni og sanni að krafa um fiskverð og kvótamál hafi verið aðalkjarakrafan frá því í febrúar sl., sé því nú haldið fram af stefnanda að hin raunverulega ástæða verkfallsins sé sú að knýja fram breytingu á lögum um fiskveiðistjórnun. Það sé rangt og því harðlega mótmælt. Engin vinnustöðvun eða þvingun hafi verið sett á stjórnvöld af þessum ástæðum. Hins vegar sé ljóst og fyrir því áratuga reynsla að málsaðilar þessarar deilu hefðu getað náð samkomulagi um að leita til stjórnvalda um lagabreytingu hvað þetta hreina kjaraatriði varðar. Slíkt samkomulag hefði hugsanlega getað leyst þennan hluta kjarakröfunnar, þ.e. 1. liðinn um fiskverð og kvótaþátttöku. Slíkt samkomulag málsaðila gæti einungis verið í formi sameiginlegra tilmæla til stjórnvalda, en alls ekki að löggjafinn sé þvingaður til eins eða neins og þess vegna ekki skilyrði út af fyrir sig að stjórnvöld fari að tilmælum sjómanna og útvegsmanna. Fyrir þessu hafi hins vegar ekki verið vilji hjá VSÍ.

Auk hinnar eiginlegu kjaradeilu við stefnenda, hafi samtök sjómanna tekið þátt í mótun fiskveiðistefnunnar sjálfrar með þátttöku í nefndarstarfi og sem umsagnaraðilar um frumvörp. Sé engin launung á því að sjómannasamtökin hafi barist þar gegn frjálsu framsali kvóta, sem hafi aftur leitt af sér þær kjaraskerðingar sem útgerðarmenn beiti nú gegn sjómönnum.

Sjómannasamtökin hafi, samhliða hinni eiginlegu kjarabaráttu gegn stefnanda þessa máls, staðið í stríði út af sjálfri sjávarútvegsstefnunni. Fyrir liggur afstaða sjómannasamtakanna til tillögu „tvíhöfðanefndarinnar" og sameiginleg tillaga sjómannasamtakanna til sjávarútvegsráðherra um breytingu á kvótalögum vegna þess frumvarps sem nú liggur fyrir til athugunar hjá öllum hagsmunaaðilum í sjávarútvegi.

Grundvallaratriðið í afstöðu sjómannasamtakanna sé veruleg takmörkun á framsali varanlegs kvóta.

Eins og kunnugt sé hafi flestar kjaradeilur á undanförnum áratugum leyst með eins konar þríhliða samkomulagi, þ.e. milli deiluaðila á vinnumarkaði og með samkomulagi við framkvæmdavald og

löggjafarvald. Hvað íslenska sjómenn varðar sé ljóst, að engin starfsstétt í landinu sé eins háð löggjafarvaldinu um kjör. Verulegur hluti starfskjara sjómanna fari eftir sjómannalögum nr. 35/1985, t.d. slysa- og veikindaréttur, sbr. gr. 1.19. í kjarasamningi. Um skiptaverð aflans fari eftir l. nr. 24/1986, sbr. gr. 1.24. í kjarasamningi. Um líf- og örorkutryggingar sjómanna fari eftir siglingalögum nr. 34/1985, sbr. gr. 1.20 í kjarasamningi, og svo mætti lengi telja. Sjómannafrádráttur sé í skattalögum og kjaraatriði í lögum um greiðslumiðlun. Það hafi því verið hlutskipti sjómannastéttarinnar öðrum fremur að taka þátt í undirbúningi lagasetningar með nefndastörfum og með því að beita áhrifum sínum gagnvart stjórnvöldum og löggjafarvaldinu. Í ljósi þessa verði að skoða dskj. nr. 13 til og með 41, dskj. nr. 43, dskj. nr. 45, sem öllum er mótmælt sem óstaðfestum og röngum að ýmsu leyti. Þar sé um að ræða túlkanir blaðamanna á atburðum síðustu mánaða, ónákvæmar endursagnir af fundum sjómannasamtakanna, þar sem bæði voru til umfjöllunar kjaramálin og svo fiskveiðistefnan. Sjávarútvegsráðherra hafi lýst sig reiðubúinn til að aðstoða við lausn kjaradeilunnar með lagasetningu ef menn væru með eitthvað tilbúið. Það gefi auga leið að sjávarútvegsráðherra beiti sér ekki fyrir lagasetningu til þess að liðka fyrir kjarasamningum nema deiluaðilar séu sammála. Í því ljósi beri að skoða málaleitan sjómannasamtakanna hvað varðar lagasetningu. Á það er einnig bent að Sjómannasamband Íslands fari með samningsumboð og umboð til verkfallsboðunar f.h. aðildarfélaga sinna sem eru um fjörutíu talsins. Sjómannasambandið sé því framkvæmdaaðili í málinu. Það séu hins vegar aðildarfélögin sjálf sem taki ákvörðun um hvort farið skuli í verkfall. Aðildarfélögin taki sínar ákvarðanir á grundvelli kjarasamninga og kjarakrafna þeirra sem fyrir liggja. Þau verði ekki gerð ábyrg þótt forystumenn Sjómannasambands Íslands sem sjá eiga um framkvæmd málsins tali um lagasetningar í sömu andránni og hina eiginlegu kjaradeilu. Tilvitnanir í ummæli forystumanna Sjómannasambands Íslands og annarra forystumanna sjómannasamtakanna hafi því enga þýðingu varðandi úrlausn þessa máls. Að lokum er á það bent að umdeilt verkfall hafi verið boðað hinn 10. desember sl., en mál þetta ekki þingfest fyrr en 22. desember sl. Hinn sérstaklega langi þriggja vikna boðunarfrestur verkfalla sjómanna hafi verið nýttur að töluverðu leyti til að undirbúa málssókn þessa af hálfu stefnanda og þar með að tína úr fjölmiðlum yfir

þrjátíu tilvitnanir sem henti til sóknar málsins, en varnarmegin sé af hálfu dómsins úrskurðaður svo skammur frestur að ekki séu nokkur tök á því að kemba fjölmiðla með sama hætti. Jafnræði sé því ekki með málsaðilum.

Heimildir til boðunar verkfalla séu ekki flóknar að íslenskum lögum. Samkvæmt 14. gr. l. 80/1938 er stéttarfélögum heimilt að gera verkföll í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og til verndar rétti sínum samkvæmt lögum þessum með þeim skilyrðum og takmörkunum einum sem sett eru í lögum.

Takmarkanir vinnulöggjafarinnar sjálfrar er að finna í 17. gr. laganna. Verkfallsheimildir samkvæmt greininni séu aðallega með þrennum hætti. Samkvæmt 3. tl. 17. gr. sé með gagnályktun ljóst að samúðarverkföll séu heimil með lögmætum verkföllum.

Með gagnályktun af 2. tl. 17. greinarinnar hafi verið litið svo á að verkfalli megi beita gegn stjórnvöldum til að knýja þau til að fara að lögum. Eitt dæmi sé til um slíka vinnustöðvun. Á árinu 1975 sigldi gjörvallur fiskveiðiflotinn í land til þess að knýja stjórnvöld til að ákveða opinbert fiskverð. Samkvæmt lögum og reglugerð átti fiskverð að liggja fyrir um áramót, en ákvörðunin dróst hins vegar hátt í tvo mánuði.

Í þriðja lagi sé með gagnályktun af 1. tl. 17. gr. fengin reglan um svokallaða friðarskyldu með samanburði við 44. gr. laganna. Friðarskyldan byggist á því að verkföllum megi því aðeins beita að kjarasamningar séu lausir. Í 15. og 16. gr. laganna séu auk þess ákvæði sem lúti að ákvörðuninni um verkfall og um tilkynningu til ríkissáttasemjara.

Það sé ljóst að umdeilt verkfall sjómanna nú uppfyllir öll lagaskilyrði. Aðildarfélög innan Sjómannasambands Íslands hafi ekki boðað vinnustöðvun gegn stjórnvöldum á grundvelli 2. tl. 17. gr. vinnulöggjafarinnar. Það sé ljóst að kjarasamningar málsaðila séu lausir og friðarskyldan því ekki því til fyrirstöðu að boða megi verkfall, sbr. 1. tl. 17, gr. Í málinu sé enginn ágreiningur um að verkfallið hafi verið boðað innan tilskilins frests og að kröfugerð hafi verið beint til ríkissáttasemjara með lögmætum hætti, sbr. 16. gr. laganna. Enginn ágreiningur sé um hvort ákvörðun um verkfall hafi verið tekin með réttum hætti, sbr. 15. gr. laganna. Einasta haldreipi stefnanda í þessu máli sé að kröfur stefndu í málinu séu ekki kjarakröfur í eiginlegum skilningi samkvæmt 14. gr. vinnulöggjafarinnar. Þessi sér-

kennilega málsástæða stefnanda sé annars vegar byggð á blaðafregnum um forystumenn Sjómannasambandsins, en þeir komi auðvitað hvergi nálægt ákvarðanatöku aðildarfélaganna um verkföll. Hins vegar byggir stefnandi á bókun hjá ríkissáttasemjara hinn 13. desember 1993. Sú bókun sé gerð þrem dögum eftir verkfallsboðun og hafi þar af leiðandi enga þýðingu í máli þessu og hafi fráleitt verið ákvörðunarástæða aðildarfélaga Sjómannasambandsins fyrir komandi verkfalli. Svo kynlega bregði við að á sama tíma sem stefnandi byggir á bókun frá 13. desember sl. hafni hann bókun sjómannasamtakanna frá 16. desember sl. með sömu rökum sem eiga vissulega við um báðar bókanirnar, að þau orð og athafnir sem lágu til grundvallar verkfallsboðun stefnda skipti aðeins máli.

Allar kröfur stefnda í yfirstandandi kjaradeilu séu kjarakröfur og hafi legið fyrir frá 5. febrúar sl. Mestur þungi sé á 1. kröfulið um ráðstöfun aflans, fiskverð og þátttöku sjómanna í kvótakaupum. Hvað sem segja megi um sjálfa fiskveiðistefnuna og afstöðu sjómannasamtakanna til hennar sé ljóst að útgerðarmenn virði að vettugi yfirlýsinguna frá 26. apríl 1992 bæði í orði og verki. Nýtt og endurbætt ákvæði um fiskverð og kvótakaup eigi því erindi inn í væntanlegan kjarasamning. Ljóst sé að krafa 1 um fiskverð og kvótakaup útgerðarmanna yrði sett á oddinn í komandi viðræðum við útgerðarmenn. Í samningaviðræðum eftir að verkfall hafi verið boðað hafi krafa þessi verið útfærð nánar eins og dskj. nr. 11 beri með sér. Verkfall stefnda sé því löglegt.

Niðurstaða.

Flestir kjarasamningar sjómannafélaga innan Sjómannasambands Íslands við Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna urðu lausir þann 1. febrúar 1993. Á fundi fulltrúa Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna hinn 5. febrúar 1993 setti SSÍ fram eftirtaldar kröfur sem umræðugrundvöll við gerð nýrra kjarasamninga:

„1. Skýr ákvæði verði í kjarasamningi varðandi samskipti útvegsmanna og sjómanna um ráðstöfun aflans og það fiskverð sem greitt er til sjómanna.
2. Endurskoðun á olíuverðsviðmiðun kjarasamninganna.
3. Lokið verði við gerð samninga fyrir veiðigreinar sem ekki er til samningur fyrir.

4. Lagfæringar verði gerðar á orðalagi einstakra greina samningsins til að gera hann skýrari."

Sjómannasamband Íslands áskildi sér rétt til að bæta við og breyta framangreindum atriðum, ef tilefni gæfist til.

Af hálfu LÍÚ var tekin sú ákvörðun hinn 18. febrúar 1993 að vísa kröfugerð SSÍ til VSÍ. Af hálfu samninganefndar SSÍ var málinu síðan vísað til ríkissáttasemjara með bréfi dags. 22. febrúar 1993 og fylgdi því bréfi framangreind kröfugerð ásamt nánari útfærslu á 3. tl. hennar. Af hálfu LÍÚ voru settar fram kröfur um breytingar í fimm liðum á kjarasamningum aðila.

Samningafundir deiluaðila voru haldnir hjá ríkissáttasemjara seinni hluta febrúar og í byrjun mars 1993, en þeir báru ekki árangur. Á fundi formanna aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands þann 2. apríl 1993 var samþykkt að fresta öllum viðræðum um gerð nýrra kjarasamninga fyrir fiskimenn um óákveðinn tíma og það tilkynnt VSÍ með bréfi dags. 5. apríl 1993.

Á fundum hjá ríkissáttasemjara 19. og 20. maí 1993 var þess óskað af hálfu vinnuveitenda að Sjómannasambandið yrði aðili að væntanlegum heildarkjarasamningum við ASÍ. Því var hafnað af hálfu Sjómannasambands Íslands, en kjarasamningur milli VSÍ og ASÍ var undirritaður hinn 21. maí 1993.

Á sameiginlegum fundi ríkissáttasemjara með samninganefndum SSÍ, FFSÍ, VSFÍ og VSÍ hinn 26. maí 1993 voru kröfur sjómanna ræddar án þess að niðurstaða fengist um þær.

Á fundi formanna aðildarfélaga SSÍ, sem haldinn var 15. október 1993, var samþykkt að beina því til aðildarfélaganna að þau öfluðu sér verkfallsheimilda. Með bréfi SSÍ til aðildarfélaganna, dags. 29. nóvember 1993, var farið fram á það að aðildarfélögin veittu Sjómannasambandi Íslands umboð til verkfallsboðunar.

Á fundi framkvæmdastjórnar og samninganefndar SSÍ hinn 10. desember 1993 var ákveðið að boða til vinnustöðvunar f.h. tilgreindra aðildarfélaga SSÍ frá og með þeim degi að telja þannig að vinnustöðvunin kæmi til framkvæmda frá kl. 24:00 þann 1. janúar 1994. Tilkynning þessi um vinnustöðvun var athent fulltrúum VSÍ og LÍÚ samdægurs. Fáein félög tilkynntu um vinnustöðvanir þann 14. desember 1993, sem koma eiga til framkvæmda á tímabilinu frá 3.–5. janúar 1994.

Í öllum framangreindum tilkynningum er tekið fram að ástæða

fyrir hinum boðuðu vinnustöðvunum sé sú að kjarasamningar hafi ekki tekist.

Framangreindar kröfur Sjómannasambands Íslands eru kjarakröfur, sem heimilt er að framfylgja með verkfalli samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938. Það breytir engu í þessu efni þótt sjómenn og samtök þeirra hafi með fundasamþykktum og yfirlýsingum í fjölmiðlum reynt að hafa áhrif á stjórnvöld og löggjafarvald að því er tekur til endurskoðunar laga um stjórn fiskveiða, en löggjöf þessi varðar meðal annars þýðingarmikla hagsmuni sjómannastéttarinnar.

Samkvæmt framansögðu, og með vísan til þess að ágreiningslaust er að vinnustöðvun stefnda hafi verið tilkynnt og að henni staðið með formlega réttum hætti, verður talið að boðuð vinnustöðvun stefnda sé lögmæt. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000,-. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna tilgreindra aðildarfélaga þess, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 100.000,- í málskostnað.

Laugardaginn 15. janúar 1994.

Nr. 1/1994.

Vinnuveitendasamband Íslands
f.h. Strætisvagna Reykjavíkur hf.
(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)
gegn
Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja vegna
Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
og til réttargæslu
(Gestur Jónsson hrl.)
Alþýðusambandi Íslands f.h.
Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis,
Landssambands íslenskra verslunarmanna
vegna Verslunarmannafélags Reykjavíkur og
Verkamannasambands Íslands vegna
Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og
Verkakvennafélagsins Framsóknar og
Verkstjórasambandi Íslands f.h.
Verkstjórafélags Reykjavíkur
(Lára V. Júlíusdóttir hdl.)

Félagsdómur. Sératkvæði.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var tekið til úrskurðar hinn 14. þ.m. vegna kröfu stefnda um að sá dómenda í Félagsdómi, sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, víki sæti í málinu.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu þingfestri 12. janúar 1994.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að vinnustöðvun vagnstjóra hjá Strætisvögnum Reykjavíkur hf. sem boðuð var af stefnda Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 10. janúar 1994 og koma á til framkvæmda kl. 24:00 mánudaginn 17. janúar 1994 verði dæmd ólögmæt.
2. Að stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar verði dæmdur til greiðslu sektar.
3. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Dómkröfur stefnda eru:

A. Um skipan dómsins.

Gerð er krafa um að Jón Þorsteinsson hrl., sá dómenda í Fé-

lagsdómi sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, víki sæti í þessu máli og í hans stað verði stefnda gefinn kostur á að tilnefna mann í dóminn eða forseti Félagsdóms tilnefni dómara í hans stað.

B. Efniskröfur.

Gerð er krafa um sýknu af kröfum stefnanda. Þess er krafist að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar til handa stefnda.

Krafa stefnda um skipan dómsins er hér til úrlausnar.

Stefndi byggir á því í þessum þætti málsins að samkvæmt 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu eigi aðili að deilu um réttindi eða skyldur rétt til þess að leggja mál sitt fyrir óhlutdrægan, lögmæltan dómstól. Ísland hafi fullgilt sáttmálann og hafi hann í reynd lagagildi á Íslandi eins og ýmsar úrlausnir Hæstaréttar á síðustu árum beri með sér, svo sem t.d. HRD 1990:2 og 1992:174. Í síðari dómnum hafi settu íslensku lagaákvæði verið vikið til hliðar með tilvísun til e-liðs 3. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Stefnandi þessa máls sé VSÍ sem tilnefnt hafi einn af fimm dómendum skv. 39. gr. laga 80/1938. Réttargæslustefndi ASÍ hafi tilnefnt dómarann Jón Þorsteinsson hrl. Fyrir liggi í málinu sú afstaða ASÍ að sambandið taki undir sjónarmið og kröfur stefnanda þess efnis að forgangsréttarákvæði kjarasamninga aðildarfélaga ASÍ og VSÍ gildi um þau störf sem unnin séu hjá SVR h/f og að atvinnurekendum sé óheimilt að hafa aðra starfsmenn í starfi á samningssviði aðildarfélaga ASÍ en þá sem séu félagar í þeim samtökum. Það geti ekki samrýmst reglunni um að aðili dómsmáls eigi rétt á umfjöllun hlutlauss dómstóls að gagnaðilum hans í deilu sé gefinn kostur á því að tilnefna tvo dómendur af fimm, en hann sé án tilnefningarréttar. Til þess að jafnræðis sé gætt með aðilum sé óhjákvæmilegt að sá dómari sem tilnefndur hafi verið af ASÍ víki sæti í málinu og stefnda verði gefinn kostur á að tilnefna einn dómara. Teljist sá kostur ekki tækur verði að krefjast þess að forseti dómsins tilnefni dómara í stað Jóns Þorsteinssonar hrl., með hliðsjón af lagareglunni í 39. gr. l. 80/1938 i.f.

Á það er bent að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi komist að þeirri niðurstöðu í máli, sem sé efnislega hliðstætt þessu álitaefni, að skipan dómsins samrýmist ekki 6. gr. Mannréttindasáttmálans. Er vísað til dóms frá 22. júní í málinu Langborger gegn Svíþjóð. Dómurinn sé reifaður í bók Vincents Berger sem heitir Case Law, European Court of Human Rights, II. bindi 1988-90. Atvik voru

þau í stuttri endursögn að Langborger var bundinn leigusamningi þar sem leigufjárhæð gat sætt endurskoðun hjá gerðardómi á vegum samtaka leigusala og leigutaka. Leigufjárhæðin var endurskoðuð af gerðardómnum og var Langborger ósáttur við niðurstöðuna. Hann bar niðurstöðuna undir sænskan sérdómstól (leigudómstól). Tveir dómenda voru tilnefndir en hinir voru embættisdómarar. Tilnefndu dómararnir voru annars vegar tilnefndir af samtökum leigusala og hins vegar samtökum leigutaka, þ.e. sömu samtökum og tilnefndu menn í gerðardóminn. Langborger tapaði máli sínu fyrir dómstólnum. Hann kærði málsmeðferðina til Mannréttindadómstóls Evrópu sem komst að þeirri niðurstöðu að skipan dómsins stæðist ekki kröfu 6. gr. sáttmálans um hlutleysi, þar sem ekki væri fyrirfram hægt að útiloka að þau samtök sem tilnefndu dómarana hefðu sameiginlegra hagsmuna að gæta af niðurstöðunni.

Stefnandi hafnar kröfu stefnda um það að sá dómenda í Félagsdómi, sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, víki sæti í málinu. Þá kröfu sína rökstyður stefnandi með því að lagaheimild skorti samkvæmt lögum nr. 80/1938 til þess að sú krafa nái fram að ganga. Þá mótmælir stefnandi fordæmisgildi tilvitnaðra dóma af hálfu stefnda og byggir á því að Mannréttindasáttmáli Evrópu hafi ekki lagagildi hér á landi.

Af hálfu réttargæslustefndu eru engar kröfur gerðar í þessum þætti málsins.

Niðurstaða.

Krafa stefnda um það að Jón Þorsteinsson hrl., sá dómenda í Félagsdómi sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, víki sæti í þessu máli, er ekki byggð á því að sá dómari uppfylli eigi almenn eða sérstök hæfisskilyrði. Krafan er á því reist að réttargæslustefndi, Alþýðusamband Íslands, hafi tekið undir sjónarmið stefnanda í málinu, eins og að framan greinir, og séu því í raun tveir dómarar af fimm tilnefndir af gagnaðilum stefnda, en hann sé án tilnefningarréttar. Sé jafnræðis því ekki gætt og með þessari skipan sé því ekki að treysta að málið sé rekið fyrir óhlutdrægum dómstól.

Á það er fallist með stefnda að í málsgögnum komi fram sjónarmið af hálfu réttargæslustefnda, Alþýðusambands Íslands, um þýðingarmikil atriði varðandi sakarefnið, sjónarmið sem eiga samstöðu með viðhorfum stefnanda í málinu. Er þar um að ræða atriði sem varða samningsaðild og forgangsrétt til vinnu og kunna að skipta

máli við efnisúrlausn málsins. Við þessar sérstöku aðstæður er á það fallist með stefnda að ekki sé rétt að dómari sem Alþýðusambband Íslands hefur tilnefnt sitji í dóminum í máli þessu. Telja verður að sú niðurstaða samræmist 39. gr. laga nr. 80/1938, sem skýra ber nú með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 6. gr. Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Ber því dómaranum Jóni Þorsteinssyni hrl., sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, að víkja sæti í málinu. Eftir atvikum þykir rétt að forseti Félagsdóms tilnefni dómara í hans stað.

Úrskurð þennan kveða upp Eggert Óskarsson, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, og Gunnar Guðmundsson.

Úrskurðarorð:

Jón Þorsteinsson hrl., sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, víkur sæti í máli þessu. Forseti Félagsdóms tilnefnir dómara í hans stað.

Sératkvæði
Jóns Þorsteinssonar.

Í 59. gr. stjórnarskrárinnar segir að skipan dómsvaldsins verði eigi ákveðin nema með lögum. Mælt er fyrir um skipan Félagsdóms í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986. Hvergi í lögum þessum eða öðrum settum lögum er að finna heimild til þess að skipa Félagsdóm með þeim hætti, sem stefndi gerir kröfu til í máli þessu. Því verður að synja kröfu stefnda um að dómari tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands víki sæti en í hans stað verði stefnda, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, gefinn kostur á að tilnefna mann í dóminn eða að forseti Félagsdóms geri það. Til áréttingar þessari niðurstöðu vísast til úrskurðar Félagsdóms í málinu nr. 2/1939 á bls. 5-6 í I. bindi dómasafns.

Miðvikudaginn 19. janúar 1994.

Nr. 1/1994. **Vinnuveitendasamband Íslands**
f.h. Strætisvagna Reykjavíkur hf.
(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)
gegn
Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja vegna
Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
(Gestur Jónsson hrl.)
og til réttargæslu
Alþýðusambandi Íslands
f.h. Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis,
Landssambands íslenskra verzlunarmanna
vegna Verslunarmannafélags Reykjavíkur og
Verkamannasambands Íslands vegna
Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og
Verkakvennafélagsins Framsóknar og
Verkstjórasambandi Íslands
f.h. Verkstjórafélags Reykjavíkur
(Lára V. Júlíusdóttir hdl.)

Ólögmæt vinnustöðvun. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Eiríkur Helgason og Gunnar Guðmundsson.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, fyrir hönd Strætisvagna Reykjavíkur hf., kt. 621093-2159, Borgartúni 35, Reykjavík.

Stefndi er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, kt. 440169-0159, Grettisgötu 89, Reykjavík vegna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, kt. 620269-2989, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Réttargæslustefndu eru Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis, kt. 600269-2409, Skipholti 50A, Reykjavík, Landssambands íslenskra verzlunarmanna, kt. 420269-0489, Hverfisgötu 105, Reykjavík vegna Verslunarmannafélags Reykjavíkur, kt. 690269-2015, Kringlan 7, Reykjavík, og Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Lindargötu 9, Reykjavík, vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar,

kt. 500169-4949, Lindargötu 9, Reykjavík og Verkakvennafélagsins Framsóknar, kt. 560169-1679, Skipholti 50A, Reykjavík, svo og Verkstjórasamband Íslands, kt. 680269-7699, Síðumúla 29, Reykjavík, f.h. Verkstjórafélags Reykjavíkur, kt. 680269-6619, Skipholti 3, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að vinnustöðvun vagnstjóra hjá Strætisvögnum Reykjavíkur hf. sem boðuð var af stefnda Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 10. janúar 1994 og koma á til framkvæmda kl. 24:00 miðvikudaginn 19. janúar 1994 verði dæmd ólögmæt.
2. Að stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar verði dæmdur til greiðslu sektar.
3. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Dómkröfur stefnda eru:

Að sýknað verði af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar til handa stefnda.

Af hálfu réttargæslustefndu eru ekki hafðar uppi kröfur í máli þessu, nema af hálfu Verkstjórasambands Íslands f.h. Verkstjórafélags Reykjavíkur, sem gerir kröfu um málsvarnarlaun úr hendi stefnanda.

Mál þetta var þingfest hinn 12. janúar sl. Af hálfu stefnda var gerð sú krafa að Jón Þorsteinsson hrl., sá dómenda í Félagsdómi sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, víki sæti í þessu máli, og í hans stað verði stefnda gefinn kostur á að tilnefna mann í dóminn eða forseti Félagsdóms tilnefni dómara í hans stað. Með úrskurði uppkveðnum 15. janúar sl. var fallist á þá kröfu og var Eiríkur Helgason tilnefndur af forseta dómsins til þess að taka sæti í dóminum. Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 17. janúar sl.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að með samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur þann 26. ágúst 1993 hafi verið ákveðið að stofna hlutafélagið Strætisvagna Reykjavíkur hf. sem tæki við rekstri Strætisvagna Reykjavíkur. Í samþykktinni segi að um kjör og réttindi þeirra starfsmanna SVR sem taki boði um endurráðningu hjá SVR hf. fari með þeim hætti sem fram kemur í skýrslu fram-

kvæmdastjóra lögfræði- og stjórnsýsludeildar til Borgarráðs dags. 27. júlí 1993.

Með bréfum dagsettum 27. ágúst hafi öllum starfsmönnum SVR verið sagt upp störfum samhliða því að þeim var boðið starf hjá hinu nýja hlutafélagi. Í bréfinu segir að samkvæmt samþykkt borgarstjórnar skuli atvinnuöryggi, laun, launakjör og önnur réttindi tryggð með þeim hætti sem fram kemur í nefndri skýrslu framkvæmdastjóra lögfræði- og stjórnsýsludeildar. Þar komi m.a. fram að heimildir hins nýja hlutafélags muni að öllu leyti verða sambærilegar við það sem almennt tíðkast hjá sambærilegum aðilum á almennum vinnumarkaði. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (St.Rv.) hafi sent greinargerð þessa til allra starfsmanna. Samkvæmt bréfinu skyldu þeir starfsmenn sem kysu að taka starfi hjá hinu nýja félagi með þessum kjörum skila hjálögðu samriti undirrituðu til skrifstofu SVR eigi síðar en 30. september 1993. Hafi allir þeir starfsmenn SVR sem tóku boði um ráðningu hjá SVR hf. gengið að þessum kjörum með undirritun sinni á umsókn um ráðningu.

Stefndi hafi síðan boðað til aukaaðalfundar þann 25. nóvember 1993. Hafi þar verið samþykkt breyting á lögum félagsins með það að markmiði að opna félagið starfsmönnum fyrirtækja sem starfa í almannaþágu og hafi verið í eigu borgarinnar, en séu nú rekin af öðrum aðilum.

Hlutafélagið SVR hf. sem sé beinn aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands hafi síðan tekið við starfsemi SVR þann 1. desember 1993. Þá hafi verið ráðnir til starfa hjá hinu nýja fyrirtæki nær tvö hundruð starfsmenn, en þorri þeirra hafi starfað áður hjá SVR.

Ágreiningur hafi verið um ráðningarkjör þeirra starfsmanna SVR hf. sem áður störfuðu hjá SVR. Af hálfu stefnanda hafi því verið tekin saman greinargerð um ráðningu og ráðningarkjör starfsmanna. Greinargerðin hafi verið rædd á fundi með stefnda, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og Alþýðusambandi Íslands þann 2. desember, m.a. að því er varðar spurningar um félagsaðild starfsmanna. Af hálfu Vinnuveitendasambandsins var skýrt tekið fram á fundinum að kjarasamningur St.Rv. og Reykjavíkurborgar hefði ekkert gildi eftir 1. desember 1993, þar sem hið nýja félag væri óbundið af þeim samningi. Hafi stefnandi staðið í þeirri trú að stefndu St.Rv. og ASÍ ætluðu að ræða þessi mál frekar sín á milli og hafa síðan samband við stefnanda að nýju. Þann 9. desember hafi

stefndi St.Rv. hins vegar ritað stjórn SVR hf. bréf og krafist kjarasamnings við félagið. Jafnframt hafi stefndi ritað borgarstjóranum í Reykjavík bréf þann 4. desember og efnt til blaðamannafundar þann 6. s.m. til að skýra kröfur sínar. ASÍ hafi brugðist við með greinargerð til St.Rv. um kjör og hagsmuni starfsmanna Strætisvagna Reykjavíkur hf., dags. 10. desember 1993. Í greinargerðinni komi skýrt fram sú afstaða ASÍ að forgangsréttarákvæði kjarasamninga aðildarfélaga ASÍ og VSÍ gildi um þau störf sem unnin séu hjá SVR hf. og að atvinnurekendum sé óheimilt að hafa aðra starfsmenn í starfi á samningssviði aðildarfélaga ASÍ en þá sem séu félagar í þeim samtökum.

Stjórn SVR hf. hafi svarað umleitan St.Rv. um samningaviðræður þann 13. desember með því að ógerningur væri að verða við þeim óskum félagsins. Slíkur samningur færi augljóslega í bága við samningsskuldbindingar fyrirtækisins gagnvart þeim aðildarfélögum ASÍ sem hér ættu hlut að máli. Að frumkvæði St.Rv. hafi síðan verið haldinn fundur með stefnanda og stefndu, BSRB og St.Rv. 21. desember 1993 þar sem afstaða beggja aðila var rædd. Með bréfi dagsettu 4. janúar 1994 hafi St.Rv. enn krafist gerðar kjarasamnings og SVR hf. jafnframt kynnt niðurstaða atkvæðagreiðslu um heimild til verkfallsboðunar. Daginn eftir þann 5. janúar hafi stjórn SVR hf. gert samþykkt sem send var starfsmönnum þar sem afstaða stjórnarinnar til deilunnar sé rakin og lögð áhersla á að hið nýja félag starfi á almennum vinnumarkaði samkvæmt þeim reglum sem þar gildi og því óhjákvæmilegt að breyting verði á aðild starfsmanna að St.Rv. Jafnframt hafi þeim tilmælum verið beint til starfsmanna að ljúka staðfestingu ráðningarsamninga sinna fyrir 15. janúar. Hafi það verið gert í þeirri von að það myndi leiða til þess að friður næðist um þessi mál en með ráðningarsamningum hafi réttindi hvers og eins starfsmanns verið tryggð í samræmi við þau fyrirheit um einstaklingsbundin áunnin réttindi sem gefin hafi verið með samþykkt borgarstjórnar, 26. ágúst 1993. Stór hluti starfsmanna hafi þá þegar gengið frá skriflegum ráðningarsamningi við SVR hf. á grundvelli kjarasamninga aðildarfélaga ASÍ. Við verkfallsboðun stefnda hafi rúmlega 90 starfsmenn gert slíka ráðningarsamninga.

St.Rv. hafi síðan vísað deilunni til ríkissáttasemjara með bréfi dags. 7. janúar 1994. Bréfinu hafi fylgt kröfugerð þar sem þess hafi verið krafist að gerður yrði kjarasamningur milli St.Rv. og SVR hf.

sem byggi eftir því sem við geti átt á kjarasamningi milli St.Rv. og Reykjavíkurborgar er gilti um kjör starfsmanna SVR. Inn í kjarasamninginn yrðu einnig tekin ákvæði um réttindi samhljóða þeim sem áður giltu fyrir starfsmenn SVR skv. lögum, reglugerð, einhliða ákvörðunum Reykjavíkurborgar eða öðrum heimildum. Af hálfu stefnanda hafi því verið svarað þann 10. janúar 1994 að ekki væri kjaradeila milli aðila og því engin efni til fundahalda hjá sáttasemjara. Um klukkustund síðar hafi verkfallsboðun sú sem mál þetta snýst um borist stefnanda. Stefnandi hafi þegar mótmælt lögmæti verkfallsboðunarinnar og skorað á stefnda St.Rv. að draga hana til baka. Því hafi verið hafnað, sbr. bréf stefnda dags. 11. janúar 1994, og því sé málshöfðun þessi óhjákvæmileg.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi tjáir mál þetta höfðað á grundvelli 1. og 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga. Byggir hann kröfugerð sína á því, að verkfallsboðun stefnda sé brot á II. kafla laga nr. 80/1938 og fari í bága við ákvæði gildandi kjarasamninga stefnanda og réttargæslustefndu, aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands og Verkstjórasambands Íslands, og sé andstætt eðlilegum starfsháttum á þessu kjaramálasviði og sé því ólögmætt.

Stefnandi bendir á að verkfall stefnda sé boðað með einnar viku fyrirvara skv. 16. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur til að knýja á um gerð kjarasamnings fyrir meginþorra allra starfsmanna SVR hf., skrifstofufólk, verkstjóra, vagnstjóra, starfsmenn þvottastöðvar o.fl. Samkvæmt 2. gr. sömu laga njóti stéttarfélag því aðeins réttinda og verndar samkvæmt lögunum að það sé opið öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, sem aldrei má vera minna en eitt sveitarfélag. Stefndi uppfylli ekki þetta skilyrði og sé því ekki lögformlegur samningsaðili fyrir starfsmenn SVR hf., skv. 5. gr. nefndra laga. Félaginu sé því óheimilt að gera verkfall til að knýja á um kröfur sínar samkvæmt II. kafla laganna. Vísar stefnandi máli sínu til stuðnings til dóms Félagsdóms 5. júlí 1984 í máli nr. 6/1984.

Stefnandi byggir kröfu sína einnig á því að hann sé bundinn af gildandi kjarasamningum við réttargæslustefndu, aðildarfélög ASÍ og Verkstjórasamband Íslands. Kjarasamningar þessir taki til allra þeirra starfa og starfsmanna sem stefndi krefst kjarasamnings fyrir á sama hátt og starfsmanna annarra aðildarfyrirtækja Vinnuveitenda-

sambands Íslands. Í kjarasamningum þessum séu ýmist aðildarskyldu- eða forgangsréttarákvæði, sem kveði á um að starfsfólki því sem samningurinn taki til sé skylt að vera félagar í viðkomandi stéttarfélagi eða tryggi félagsmönnum viðkomandi stéttarfélags forgang til starfa umfram aðra starfsmenn. Verkfalli verði ekki beitt gagnvart stefnanda til að knýja á um gerð kjarasamnings þar sem hann sé þegar bundinn af gildandi kjarasamningum. Það sé grundvallarregla að hafi stéttarfélag náð samningi um forgangsrétt félagsmönnum sínum til handa megi stéttarfélag í sömu starfsgrein ekki beita verkfalli til að knýja sama vinnuveitanda til að veita sér sama rétt, sbr. Fd. VII. bls. 154. Þá sé stefnanda ennfremur ómögulegt efnislega að verða við þeirri grundvallarkröfu stefnda að tryggja starfsmönnum sínum réttarstöðu opinberra starfsmanna.

Stefnandi vísar til ákvæða um aðildarskyldu skrifstofufólks í V. kafla kjarasamnings Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og kveður liggja skýrt fyrir að SVR hf. sé bundið af að hafa ekki aðra skrifstofumenn í vinnu en þá sem séu félagar í því stéttarfélagi. Þá kveður stefndi sig einnig vera bundinn af forgangsréttarákvæðum í kjarasamningum verkamanna og verkstjóra. SVR hf. starfi sem sérleyfishafi með áætlunarferðir í Reykjavík. Samkvæmt gr. 5.1. í kjarasamningi Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis sé stefnanda óheimilt að taka eða hafa aðra bifreiðastjóra til aksturs sérleyfis- eða hópferðabifreiða en þá sem séu félagar stéttarfélags innan ASÍ. Þá hafi Verkamannafélagið Dagsbrún einnig samning um kaup og kjör bifreiðastjóra, sem m.a. taki til hópferðabifreiðastjóra og hafi nokkrir af vagnstjórum SVR hf. leitað eftir aðild að því félagi. Með vísan til þessa sé stefnanda því ómögulegt að verða við kröfum stefnda nema brjóta gegn samningskuldbindingum sínum.

Samkvæmt 17. gr. l. nr. 80/1938 er sérstaklega tekið fram að óheimilt sé að hefja vinnustöðvun, ef ágreiningur sé einungis um atriði sem Félagsdómur eigi úrskurðarvald um. Í 1. og 2. tölulið 44. gr. l. nr. 80/1938 segir að það sé verkefni Félagsdóms að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á lögunum og ágreiningi um skilning á kjarasamningi eða gildi hans.

Í máli þessu sé deilt um skilning á ákvæði 2. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur og einnig áhrif kjarasamninga stefnanda og réttargæslustefndu. Stefnda hafi því borið skylda til og átt rétt á að fá úr ágreiningi aðila skorið fyrir Félagsdómi. Þann rétt hafi stefndi

ekki nýtt sér, heldur boðað ólögmæta vinnustöðvun til að knýja stefnanda til gerðar sérstaks kjarasamnings við sig, sem yrði í andstöðu við þegar gerða kjarasamninga í sömu starfsgreinum.

Þá kveðst stefnandi skora á stefnda að upplýsa hvaða starfsmenn SVR hf. hann krefjist kjarasamnings fyrir. Tæplega helmingur starfsmanna félagsins hafi áður en til verkfallsboðunar stefnda hafi komið skrifað undir ráðningarsamninga á grundvelli kjarasamninga réttargæslustefndu ASÍ eða Verkstjórasambands Íslands og hafi gerst félagar í þeim félögum. Þessir starfsmenn séu bundnir lögmætum kjarasamningum og beri því ekki skylda til og sé jafnframt óheimilt að hlýða verkfallsboði stefnda, þó svo að einhverjir þeirra kunni jafnframt að vera félagsmenn hans.

Af hálfu stefnanda sé einnig byggt á því að skv. 3. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur verði félagsmenn stefnda því aðeins bundnir af samþykktum hans að þær hafi verið löglega gerðar. Ekki hafi verið farið að lögum við samþykkt breytinga þeirra sem gerðar voru á 2. gr. laga stefnda á aukaaðalfundi félagsins þann 25. nóvember 1993. Breytingar þessar sem ætlað hafi verið að gera aðild starfsmanna SVR hf. að félaginu mögulega séu því ógildar og að engu hafandi. Engin heimild sé í lögum stefnda til boðunar slíks aukaaðalfundar. Félagslögin heimili aðeins einn aðalfund sem sé æðsta vald í málefnum félagsins, sbr. 13. gr. félagslaganna. Verkefni aðalfundar séu einnig skýrt afmörkuð í þeirri grein. Af ákvæðum nefndrar 13. gr. og 3. mgr. 14. gr. megi ráða svo óyggjandi sé að aðalfundur sé einungis einn ár hvert og að ekki sé unnt eða heimilt að boða til sérstaks aukaaðalfundar.

Fyrrgreindur aukaaðalfundur hafi verið ólögmætur. Samþykkt fundarins um breytingu á lögum félagsins sé því jafnframt ólögmæt. Að auki því þá heldur sem breytingar á lögum stefnda megi skv. 2. mgr. 14. gr. einungis gera á aðalfundi. Orðalag þess ákvæðis útiloki að lagabreytingum sé ráðið á aukaaðalfundi. Þá byggir stefnandi ennfremur á því að ekki hafi verið boðað til fundarins með lögformlegum hætti með þriggja sólarhringa fyrirvara, eða hann auglýstur réttilega, sbr. 12. gr. félagslaga stefnda. Samkvæmt framansögðu hafi ekki löglega verið gerðar þær breytingar á lögum stefnda sem heimili félaginu að hafa aðra en starfsmenn Reykjavíkurborgar innan sinna vébanda.

Þá er skorað á stefnda að upplýsa hvernig staðið hafi verið að

ákvörðun og framkvæmd atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun. Hverjir verið hafi á kjörskrá, hvar og hve lengi atkvæðagreiðslan hafi staðið og hvernig áskilin leynd hafi verið tryggð, skv. a-lið 15. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Þá byggir stefnandi á því að með atkvæðagreiðslunni hafi samninganefnd og félagstjórn ekki verið gefið fullnægjandi umboð til verkfallsboðunar og skorar á stefnda að upplýsa hvernig og á hvaða grundvelli samninganefnd sé skipuð.

Stefndi hefur enga aðra kröfu gert á hendur stefnanda en þá að stefnandi gerði sérstakan kjarasamning við sig vegna alls þorra starfsmanna SVR hf. Stefnanda sé eins og þegar hafi verið rakið óheimilt og ómögulegt að verða við þessari kröfu. Fyrir þessar löglausu athafnir og háttsemi, þ.e. þvingun í formi verkfallsboðunar til að reyna að knýja stefnanda til samningsbrota gagnvart réttargæslustefndu, beri skilyrðislaust að dæma stefnda til sektar lögum samkvæmt, sbr. 70. gr., sbr. 65. gr. l. 80/1938.

Þá er áskilinn réttur til að krefja um skaðabætur í sérstöku máli vegna þess tjóns sem hljótast kunni af hinni ólögmætu verkfallsboðun.

Málavaxtalýsing stefnda.

Reykjavíkurborg hafi um árabil annast rekstur SVR (Strætisvagna Reykjavíkur) og hafi flestir starfsmenn fyrirtækisins, þ.m.t. allir vagnstjórar, verið félagar í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar (St.Rv.). Á nýliðnu ári hafi verið tekin ákvörðun um að borgin stofnaði sérstakt hlutafélag, SVR hf., um rekstur strætisvagnanna. Borgarsjóður og Aflvaki Reykjavíkur hf., sem séu í eigu borgarsjóðs, séu eigendur alls hlutafjár í SVR hf. þannig að hlutafélagið sé að öllu leyti eign borgarsjóðs.

Nokkur aðdragandi hafi verið að stofnun hlutafélagsins. Hafi fljótt gætt óvissu hjá starfsmönnum SVR um hvert hlutskipti þeirra kynni að verða við formbreytingu á rekstri strætisvagnanna. Til þess að eyða óvissu í þessu efni hafi Markús Örn Antonsson, borgarstjóri, og Sveinn Andri Sveinsson, stjórnarformaður SVR, skrifað persónulegt bréf til allra starfsmanna SVR þar sem gerð hafi verið grein fyrir þeim breytingum sem í vændum væru. Í bréfinu segir:

„... Forsenda þessara breytinga er að allir starfsmenn SVR haldi störfum sínum og laun og réttindi þeirra verði hin sömu fyrir og eftir breytingar."

Á grundvelli þessarar yfirlýsingar borgarstjóra hafi starfsmenn talið hag sínum borgið, þ.e. formbreytingin yrði ekki til þess að skerða laun eða starfskjör þeirra að neinu leyti.

Þann 15. júní 1993 hafi fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lagt fram í borgarráði tillögu í ráðinu um fyrirhugaða breytingu á rekstri SVR. Í lið B.1. segir:

„Breyting þessi komi á engan hátt niður á launum, kjörum eða lífeyrisréttindum þeirra starfsmanna SVR sem taka til starfa hjá SVR hf."

Þann 29. júní 1993 hafi borgarráð Reykjavíkur samþykkt að stefna að stofnun SVR hf. í samræmi við meginatriði tillögu Sjálfstæðismanna í borgarráði. Hafi jafnframt verið gerð tillaga um samráðshóp til þess að fjalla um réttindi, kjör og atvinnuöryggi starfsmanna, sem skyldi ljúka störfum fyrir 1. ágúst 1993.

Samráðshópurinn hafi engri niðurstöðu skilað sem slíkur, en framkvæmdastjóri lögfræði- og stjórnsýsludeildar Reykjavíkurborgar, sem hafði stýrt störfum hópsins, hafi skilað greinargerð til borgarráðs dags. 27. júlí 1993, þar sem fjallað var um réttindi, kjör og atvinnuöryggi starfsmanna við mögulega breytingu á rekstrarformi SVR.

Stjórn St. Rv. hafi gert veigamiklar athugasemdir við efni skýrslunnar í bréfi til borgarstjóra dags. 5. ágúst 1993. Hafi stjórnin minnt borgarstjóra á gefin fyrirheit til starfsmanna um óbreytt laun og starfskjör og bent á hugmyndir um veruleg frávik þar frá sem fram kæmu í greinargerð framkvæmdastjórans. Hafi einkum verið bent á lífeyrismál, biðlaunaréttindi og þá staðreynd að í skýrslunni var gjarnan talað um „sambærileg" réttindi þar sem fyrirheitið hafði verið um „sömu" réttindi. Hafi stjórn St. Rv. bent á þann möguleika að starfsmenn SVR yrðu áfram starfsmenn Reykjavíkurborgar á óbreyttum kjarasamningi og byggju við óbreytt réttindakerfi, en launakostnaður, hvað þá varðaði, yrði síðan uppgjörsatriði milli borgarsjóðs og SVR hf. Með þessum hætti mætti tryggja starfsmönnum óbreytt laun og réttindi í samræmi við fyrirheit borgarstjóra og formanns stjórnar SVR. Hafi félagið óskað eftir samráði við borgaryfirvöld um framhald málsins.

Ekki var orðið við þessum hugmyndum af hálfu borgaryfirvalda.

Þann 26. ágúst 1993 hafi verið stofnað hlutafélagið SVR hf. með samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur. Í samþykkt borgarstjórnar

komi fram að félagið skyldi tryggja starfsmönnum SVR starf hjá nýja félaginu í samræmi við greinargerð framkvæmdastjóra lögfræði- og stjórnsýsludeildar frá 27. júlí 1993.

Næstu vikur hafi starfsmenn SVR og forsvarsmenn St. Rv. reynt að fá borgaryfirvöld til þess að breyta afstöðu sinni þannig að fyrirheit borgarstjóra um óbreytt laun og réttindi yrðu virt. Það hafi ekki tekist. Viðbrögð yfirgnæfandi meirihluta starfsmanna SVR hafi verið þau að óska eftir því að vera áfram félagsmenn í St. Rv. eftir formbreytinguna í hlutafélag og jafnframt óskað eftir því að St. Rv. kæmi fram fyrir þeirra hönd sem stéttarfélag í samningum við SVR hf. Í september 1993 hafi 134 starfsmenn SVR skrifað undir beiðni til St.Rv. um áframhaldandi aðild að stéttarfélaginu, eftir formbreytinguna á rekstri SVR. Þetta hafi nánast verið allir félagsmenn St. Rv. sem starfað hafi hjá SVR. Þeim til viðbótar hafi 16 nýir starfsmenn SVR hf. ritað undir inngöngubeiðni í St. Rv. í desember 1993. Til þess að mæta óskum þessara félagsmanna hafi verið samþykkt tillaga á fundi í fulltrúaráði St. Rv. þann 11. október 1993. Þar hafi því verið lýst yfir að stjórn og fulltrúaráð St. Rv. ætluðu að beita sér fyrir breytingu á 2. gr. félagslaga á næsta aðalfundi félagsins þannig að áframhaldandi réttur starfsmanna SVR til aðildar að félaginu orkaði ekki tvímælis.

Fram hafi komið athugasemdir um að viljayfirlýsing fulltrúaráðs og stjórnar St. Rv. nægði ekki til þess að heimila áframhaldandi félagsaðild starfsmanna SVR. Hafi því verið haldinn nýr fundur í fulltrúaráðinu þann 22. nóvember 1993 þar sem samþykkt hafi verið að boða til aukaaðalfundar í félaginu þann 25. nóvember 1993 þar sem lögð yrði fram tillaga um breytingar á 2. gr. félagslaga um félagsaðild og tilgang félagsins.

Aukaaðalfundurinn hafi svo verið haldinn þann 25. nóvember s.l. og hafi tillaga stjórnar og fulltrúaráðs um breytingu á félagslögum verið samþykkt með 102 atkvæðum gegn 2. Lagabreytingin hafi verið um að opna félagið fyrir starfsmönnum fyrirtækja sem starfa í almanna þágu og hafa verið í eigu borgarinnar sem nú eru rekin af öðrum aðilum. Þá hafi tilgangur félagsins verið útvíkkaður þannig að félagið færi jafnframt með kjarasamningsfyrirsvar þeirra félagsmanna sinna sem störfuðu á almennum vinnumarkaði, sbr. lög nr. 80/1938. Félagið sé samkvæmt þessu opið öllum starfsmönnum í viðkomandi starfsgrein og félagssvæði þess ekki takmarkað.

Borgarráði hafi verið tilkynnt um þá ætlun St.Rv. að breyta lögum félagsins til þess að geta orðið við óskum starfsmannanna um áframhaldandi félagsaðild. Af því tilefni hafi borgarráð samþykkt bókun þar sem segir m.a.:

„Það væri íhlutun í félagafrelsi starfsmanna SVR hf, ef borgaryfirvöld hefðu afskipti af því hvernig starfsmenn fyrirtækisins skipuðu málum sínum í þessu tilliti. Borgaryfirvöld gera ekki fyrir sitt leyti athugasemd við að starfsmennirnir verði deild í Starfsmannafélagi Reykjavíkur".

Á fundum sem haldnir hafi verið með starfsmönnum SVR síðustu dagana í nóvember hafi starfsmenn talið sig fá yfirlýsingar frá forsvarsmönnum SVR hf. og borgaryfirvöldum um að við fyrirheit um óbreytt laun og starfskjör yrði staðið. Hafi félagsmenn St. Rv. gengið til starfa hjá SVR hf. í þeirri trú.

Að ósk VSÍ hafi verið haldinn fundur með fulltrúum VSÍ, stjórnar SVR hf. og fulltrúum St.Rv. þann 2. desember 1993. Á fundinum hafi verið lögð fram greinargerð VSÍ um ráðningu- og ráðningarkjör starfsmanna SVR hf. Í framhaldi af fundinum hafi forsvarsmenn St.Rv. skrifað starfsmönnum SVR hf. bréf dags. 4. des. 1993 þar sem þeir hafi lýst niðurstöðu fundarins þannig að það væri ekki ætlun VSÍ og forsvarsmanna SVR hf. að standa við gefin fyrirheit um óskert laun og ráðningarkjör. Hafi borgarstjóra jafnframt verið ritað bréf sama dag þar sem þess var óskað að hann beitti sér fyrir því að staðið yrði við fyrirheit borgaryfirvalda gagnvart starfsmönnum SVR. Þá hafi St. Rv. ítrekað óskað eftir því við stjórn SVR hf. að gerður yrði kjarasamningur milli aðila um störf félagsmanna St.Rv. sem hjá SVR hf. starfa.

Þessum óskum félagsins hafi verið hafnað. Hafi því verið borið við af hálfu SVR hf. og borgaryfirvalda að ekki væri hægt að semja við St. Rv. þar sem SVR hf. sé gengið í Vinnuveitendasamband Íslands og hafi þar með skuldbundið sig til þess að semja einungis við stéttarfélög innan ASÍ um þau störf sem unnin séu hjá SVR hf. Sé þar skírskotað til forgangsréttarákvæða ýmissa kjarasamninga. Virðast forsvarsmenn borgarinnar og SVR hf. telja að loforð gefin VSÍ, við inngöngu SVR hf. í þau samtök, séu af einhverri ástæðu gildari en loforð til starfsmanna fyrirtækisins um óbreytt launakjör og afskiptaleysi af stéttarfélagsaðild. Hafi forsvarsmenn SVR hf. í framhaldinu gengið mjög ríkt eftir því við starfsmenn SVR hf. að

þeir undirrituðu persónulega ráðningarsamninga við SVR hf., þar sem fram komi að um kjör þeirra fari eftir kjarasamningi stéttarfélags innan ASÍ. Hafi starfsmönnum ítrekað verið gefið í skyn að framtíð þeirra sem starfsmanna SVR hf. væri í húfi ef þeir færu ekki að óskum fyrirtækisins um að undirrita slíka ráðningarsamninga. Hafi ýmsir félagsmanna St.Rv undirritað slíka samninga. Tekið er fram að starfsmennirnir hafi ekki sagt sig úr St.Rv. og forsvarsmönnum stefnda sé ókunnugt um að þeir hafi sótt um félagsaðild að stéttarfélögum innan ASÍ. Er því mótmælt að svo sé. Sérstaklega er mótmælt sem röngu framlögðu yfirliti stefnanda um skiptingu starfsmanna SVR hf. í stéttarfélög. Er annars vegar bent á skriflega og samþykkta ósk starfsmannanna um aðild að St. Rv. og hins vegar á regluna í 1. mgr. 4. gr. félagslaga St.Rv. um að úrsögn úr félaginu skuli vera skrifleg með 3ja mánaða fyrirvara.

Að mati forsvarsmanna stefnda sé sú framkoma forsvarsmanna SVR hf. að reyna að hafa áhrif á óskir starfsmanna um stéttarfélagsaðild, með skilyrðum í ráðningarsamningum, brýnt brot á 4. gr. laga nr 80/1938 og samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 og 98, sem Ísland sé aðili að.

Borgaryfirvöld og forsvarsmenn SVR hf. hafi neitað að ræða við St. Rv. um gerð kjarasamnings fyrir félagsmenn sem starfi hjá SVR hf. þrátt fyrir kröfur félagsins þar um. St.Rv. hafi vísað málinu til sáttasemjara, en stefnandi neitað að sækja sáttafund með þeim rökstuðningi að hann ætti ekki í kjaradeilu við stefnda. Að því svari fengnu hafi stefndi boðað til verkfalls vagnstjóra hjá SVR hf. sem væru félagsmenn í St.Rv.

Málsástæður og lagarök stefnda.

1. Stefnandi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því að krafa stefnda um gerð kjarasamnings sé brot á II. kafla l. 80/1938 og fari í bága við ákvæði gildandi kjarasamninga stefnanda og réttargæslustefndu og sé andstæð eðlilegum starfsháttum á þessu kjaramálasviði.

Þessu er mótmælt. Stefndi sé samkvæmt. lögum sínum stéttarfélag starfsmanna SVR hf. sem séu í félaginu og hafi fyrir þeirra hönd gert kröfu um gerð kjarasamnings við vinnuveitanda þeirra. Verkfallið sé boðað til þess að vinna að framgangi kröfunnar um gerð kjarasamnings og því heimilt samkvæmt 14. gr. laga 80/1938.

Störf vagnstjóra hjá SVR séu með þeim hætti að ekkert aðildarfélaga ASÍ hafi samið um forgangsrétt við VSÍ um þau störf. Kjara-

samningur Sleipnis innihaldi forgangsréttarákvæði varðandi akstur sérleyfis- eða hópferðabifreiða (grein 5.1). SVR hf. hafi ekkert sérleyfi og SVR hf. annist ekki hópferðir. Það sé því rangt að VSÍ sé bundið forgangsréttarákvæði varðandi störf vagnstjóra hjá SVR hf.

Þessu til viðbótar verði að skýra heimildir samtaka vinnuveitenda og launþega til þess að gera forgangsréttarákvæði um einstök störf þröngt því þau ákvæði stangist á við grundvallarreglu íslenskra laga um félagafrelsi og rétt manna til þess að stofna stéttarfélög skv. 1. gr. vinnulöggjafarinnar og rétt stéttarfélaga til þess að skipa málum sínum sjálf skv. 3. gr. l. nr. 80/1938.

Að auki beri að skýra íslensk lög til samræmis við skuldbindingar Íslands skv. sáttmálum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess og samþykktar nr. 98, um grundvallarregluna um rétt manna til þess að stofna félög og semja sameiginlega. Ísland hafi fullgilt báða þessa sáttmála.

Sú afstaða stefnanda að halda því fram að stefndi geti ekki komið fram fyrir félagsmenn sína sem stéttarfélag í kjaradeilu sé ósamrýmanleg 2. og 3. gr. samþykktar nr 87 og 1. og 2. gr. samþykktar nr 98. Sérstaklega er vakin athygli á því að Ísland hafi skuldbundið sig til þess að veita verkamönnum vernd fyrir því að ráðning þeirra til vinnu sé bundin skilyrði um að þeir gangi ekki í stéttarfélag eða segi sig úr slíku félagi (1. tl. 1. gr. samþ. nr. 98) og til þess að veita félögum verkamanna vernd gegn afskiptum samtaka vinnuveitenda af stofnun þeirra, starfsemi eða stjórn, hvort sem þau afskipti séu bein eða framkvæmd af umboðsmönnum eða meðlimum slíkra félaga (1.tl. 2. gr. samþ. nr. 98). Íslenskum dómstólum beri að skýra íslenskar réttarreglur til samræmis við þessar skuldbindingar.

2. Í öðru lagi telur stefnandi að St.Rv. fullnægi ekki skilyrðum 2. gr. l. nr. 80/1938 um að vera opið öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu. Þetta sé rangt. Félagið sé opið öllum starfsmönnum fyrirtækja sem starfa í almannaþágu sem áður hafi verið rekin á vegum Reykjavíkurborgar. Á þessu sé sérstaklega hnykkt í 2. gr. laga félagsins eins og hún sé eftir breytingu á aðalfundi 25. nóvember 1993 með því að tilgreina að félagið starfi að gerð kjarasamninga skv. lögum 80/1938. Sú tilvísun ein nægir til þess að tryggja að óheimilt sé að takmarka aðgang viðkomandi starfsmanna að félaginu.

3. Í þriðja lagi byggir stefnandi kröfur sínar á því að hann sé

bundinn kjarasamningum við félög innan VSÍ um þau störf sem unnin séu hjá SVR hf.

Eins og rakið er undir 1. sé þetta rangt varðandi langfjölmennasta hópinn sem starfi hjá SVR hf., þ.e. vagnstjórana. Er vísað til þess sem þar segir um þetta atriði. Fyrrum starfsmenn SVR hafi verið félagsmenn stefnda og hafi skriflega óskað eftir framhaldandi félagsaðild að því félagi. Félagið hafi breytt tilgangi sínum og reglum um félagsaðild til þess að verða við óskum starfsmannanna og félagið hafi allt frá stofnun SVR hf. gert kröfu um kjarasamning fyrir félagsmenn sína gagnvart SVR hf. Vegna áskorunar lögmanns stefnanda í stefnu um að stefndi upplýsi fyrir hverja starfsmenn SVR hf. hann gerir kröfu um kjarasamning skuli upplýst að það séu þeir félagsmenn hans sem hjá félaginu starfi, sbr. framlagða lista með eiginhandarundirritunum félagsmannanna.

Sú ákvörðun stjórnar SVR hf. að ganga í VSÍ geti ekki svipt starfsmennina eða stéttarfélag þeirra réttinum til þess að krefjast kjarasamnings um þau störf sem þeir gegni hjá SVR hf. Slíkt sé andstætt þeim grundvallarreglum, sem að framan er lýst.

Þessu til viðbótar er bent á að algengt sé að forgangsréttarákvæði kjarasamninga stéttarfélaga innan ASÍ skarist. Þannig semji VSÍ t.d. við Verslunarmannafélag Reykjavíkur og Dagsbrún um störf bílstjóra og ótal önnur dæmi séu til um að forgangsréttarákvæði í kjarasamningum skarist.

4. Í fjórða lagi byggir stefnandi á því að honum sé ómögulegt efnislega að verða við þeirri „grundvallarkröfu" stefnda að tryggja starfsmönnunum réttarstöðu opinberra starfsmanna.

Það sé misskilningur hjá stefnanda að stefndi krefjist réttarstöðu opinberra starfsmanna fyrir starfsmenn SVR hf. Krafan sé um gerð kjarasamnings þar sem tryggt verði að laun og önnur starfskjör verði óbreytt frá því sem verið hafi í starfi hjá fyrri vinnuveitanda. Augljóst sé að af þeirri ástæðu einni, að SVR hf. sé hlutafélag, geti réttarstaða starfsmanna félagsins aldrei orðið hin sama. Mögulegt gjaldþrot hlutafélagsins geri eitt og sér þennan mun.

5. Í fimmta lagi virðist stefnandi byggja á því að núverandi lög St.Rv. séu ekki löglega gerð. Þessu er mótmælt. Lagabreytingin hafi verið samþykkt á aukaaðalfundi í félaginu með 102 atkvæðum gegn 2. Til aukaaðalfundarins hafi verið boðað samkvæmt reglum félagsins og lagabreytingin hafi engum andmælum sætt af hálfu fé-

lagsmanna stefnda. Skv. 1. mgr. 3. gr. l. nr 80/1938 ráði stéttarfélög málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum sem settar séu í lögunum. Stefnandi eigi enga aðild að máli um félagslög stéttarfélagsins og beri því að hafna slíkri kröfu eða vísa kröfu hans um breytingar á lögum stefnda frá dómi án kröfu.

Stefnandi virðist telja að félagsreglur St.Rv. um aðalfund geri það að verkum að ekki sé hægt að boða til aukaaðalfundar. Þessu er stefndi ósammála. Félagsreglurnar leggi þá skyldu á stjórn félags að halda aðalfund, en þær banni ekki að til aukaaðalfunda sé boðað. Algengt sé í félögum að boða til aukaaðalfunda þegar upp komi mál sem einungis verði ráðið til lykta á aðalfundi, ef málefnið geti ekki beðið reglulegs aðalfundar. Aðalatriðið sé að félagsmönnum sé gert ljóst í fundarboði að um aðalfund sé að ræða og þeim þannig kynnt þau málefni sem þar skuli fjallað um. Þessa hafi vandlega verið gætt í þessu tilviki. Til fundarins hafi verið boðað með auglýsingu í sjónvarpi og með því að hengja upp fundarboð á vinnustöðum.

Um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar um verkfallsboðun skuli upplýst, af gefnu tilefni í stefnu, að á kjörskrá hafi verið félagsmenn stefnda sem starfi hjá SVR hf. Um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar er vísað til greinargerðar frá kjörstjórn St.Rv. Ekki sé vafi á því að við framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hafi verið gætt mun betur formskilyrða, t.d. um leynd og kjörskrá, en almennt gerist hjá stéttarfélögum þegar tekin sé afstaða til verkfallsboðunar. Er t.d. bent á fordæmi hjá Dagsbrún þar sem ákvörðun um boðun verkfalls sé tekin á opnum fundum þar sem félagsmenn greiði atkvæði með handauppréttingu. Slíkur háttur á boðun verkfalls hafi verið talinn lögmætur.

6. Stefnandi gerir kröfu um að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu vegna verkfallsboðunarinnar. Þegar af þeirri ástæðu að stefndi hafi farið að lögum við boðun verkfallsins beri að hafna þessari kröfu stefnanda.

7. Krafa stefnda um málskostnað styðst við 129. og 130. gr. eml.

Að mati stefnda leiða allar framangreindar málsástæður og lagarök til þess að taka ber sýknu- og málskostnaðarkröfu hans til greina.

Af hálfu réttargæslustefnda Alþýðusambands Íslands er ekki gerð athugasemd við málavaxtalýsingu í stefnu, en til viðbótar því sem þar er rakið skuli upplýst að fulltrúar frá Alþýðusambandi Ís-

lands og hlutaðeigandi aðildarfélögum þess hafi í samvinnu við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og fulltrúa starfsmanna SVR hf. reynt að finna lausn á kjaramálum og aðildarmálum starfsmanna fyrirtækisins. Allan tímann hafi það verið meginmarkmið afskipta ASÍ af þessu máli að tryggja svo sem kostur væri hagsmuni starfsmanna Strætisvagna Reykjavíkur við þá formbreytingu sem gerð hafi verið, bæði þeirra sem voru í starfi hjá SVR og tækju ráðningu hjá hinu nýja fyrirtæki og þeirra starfsmanna sem ráðnir yrðu nýir hjá fyrirtækinu. Þrátt fyrir marga fundi síðastliðið haust hafi þessum aðilum ekki tekist sameiginlega að ná fram ásættanlegri niðurstöðu í málinu þann 1. desember 1993, þegar Strætisvögnum Reykjavíkur hafi verið breytt í SVR hf. Þessu til áréttingar hafi forseti ASÍ ritað starfsmönnum SVR hf. bréf dags. 21. desember sl. og sagt þar jafnframt að ASÍ myndi ásamt hlutaðeigandi félögum leitast við að gera kjarasamninga við VSÍ vegna starfsmanna SVR. Vegna verkfallsboðunar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar hafi ASÍ og aðildarfélög þess ekki enn hafið þessa vinnu.

Þar sem kröfur séu ekki gerðar á hendur réttargæslustefndu geti niðurstaða þessa máls ekki haft áhrif á réttarstöðu þeirra eða þá kjarasamninga sem þeir hafi gert. Svo sem fram komi í framlögðu bréfi forseta ASÍ til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar gildi forgangsréttarákvæði kjarasamninga ASÍ og VSÍ um þau störf sem unnin séu hjá SVR hf. með sama hætti og um störf starfsmanna annarra aðildarfyrirtækja VSÍ. Þar með teljist störf vagnstjóra, starfsmanna þvottastöðvar, skrifstofufólks og starfsmanna bifreiðaverkstæðis. Með vísan til Félagsdóms 9. mars 1989 í málinu nr. 2/1989, VSÍ f.h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja vegna ÍSNO hf. gegn Alþýðusambandi Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélags Vestmannaeyja, hljóti gildandi kjarasamningar milli ASÍ og hlutaðeigandi aðildarfélaga þess við VSÍ að binda starfsmenn SVR hf.

Af hálfu réttargæslustefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar er tekið fram að stefnandi geri ekki kröfur á hendur honum í máli þessu. Kröfur og rökstuðningur stefnanda og hugsanleg niðurstaða málsins geti því ekki skuldbundið réttargæslustefnda eða haft áhrif á réttarstöðu hans samkvæmt gildandi kjarasamningum. Verði niðurstaða málsins sú að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar eigi ekki samningsrétt fyrir hönd starfsmanna Strætisvagna Reykjavíkur

hf. og boðað verkfall teljist ólögmætt muni réttargæslustefndi ganga til viðræðna við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og viðkomandi starfsmenn um félagaskipti og félagsaðild að Verkamannafélaginu Dagsbrún, réttindi þeirra og skyldur.

Af hálfu réttargæslustefnda Verkstjórasambands Íslands er tekið fram að hann standi ekki að greindri verkfallsboðun og dómsniðurstaða í máli þessu varði ekki félagsmenn réttargæslustefnda. Þar sem um sé að ræða verkfallsboðun vagnstjóra og enginn þeirra sé félagsmaður réttargæslustefnda, telur réttargæslustefndi Verkstjórasamband Íslands ekki ástæðu til frekari afskipta af málinu.

Niðurstaða.

Svo sem fram er komið samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur á fundi sínum hinn 26. ágúst 1993 að stofna hlutafélag, Strætisvagna Reykjavíkur hf., sem yfirtaka skyldi eignir og rekstur Strætisvagna Reykjavíkur frá 1. desember 1993. Í samþykkt þessari er tekið fram að öllum starfsmönnum Strætisvagna Reykjavíkur skuli boðið starf hjá hinu nýja hlutafélagi og skuli atvinnuöryggi þeirra, laun og launakjör, önnur kjör og réttindi svo og lífeyrisréttindi tryggð með þeim hætti, sem fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra lögfræði- og stjórnsýsludeildar til borgarráðs dags. 27. júlí 1993. Stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar (St.Rv.) gerði athugasemdir við efni þeirrar skýrslu í bréfi til borgarstjóra dags. 5. ágúst 1993, svo sem varðandi lífeyrismál og biðlaun, en einnig var að því fundið að í skýrslunni komi fram að laun og önnur starfskjör skuli vera sambærileg, en ekki þau sömu, eins og starfsmönnum hafi verið heitið. Með bréfum dagsettum 27. ágúst 1993 var öllum starfsmönnum SVR sagt upp störfum samhliða því að þeim var boðið starf hjá hinu nýja hlutafélagi. Í september 1993 undirrituðu fjölmargir starfsmenn SVR, félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, yfirlýsingu þar sem þeir óskuðu eftir að vera áfram fullgildir félagsmenn í því félagi eftir yfirtöku SVR hf. á rekstri fyrirtækisins. Þetta leiddi til þess að stefndi boðaði til aukaaðalfundar þann 25. nóvember 1993. Á þeim fundi voru samþykktar breytingar á 2. gr. laga félagsins þess efnis að félagið væri einnig stéttarfélag starfsmanna fyrirtækja sem starfa í almannaþágu og hafa verið í eigu borgarinnar, en eru nú rekin af öðrum aðilum og að félagið færi jafnframt með kjarasamningsfyrirsvar þeirra starfsmanna samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938.

Með aðilum hefur verið ágreiningur um ráðningarkjör þeirra starfsmanna SVR hf. sem áður störfuðu hjá SVR og um félagsaðild þeirra. Viðræður aðila ásamt fulltrúum Alþýðusambands Íslands og fulltrúum Vinnuveitendasambandsins báru ekki árangur. SVR hf. byggir á því að kjarasamningur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar við Reykjavíkurborg hafi ekkert gildi eftir 1. desember 1993, þar sem hið nýja félag sé óbundið af þeim samningi. Ekki sé hægt að semja við St. Rv. þar sem SVR hf. hafi með inngöngu sinni í Vinnuveitendasamband Íslands þar með skuldbundið sig til þess að semja einungis við stéttarfélög innan ASÍ um þau störf sem unnin eru hjá SVR hf. Er í því efni skírskotað til forgangsréttarákvæða ýmissa kjarasamninga.

Með bréfi dagsettu 4. janúar 1994 krafðist samninganefnd St.Rv. f.h. starfsmanna SVR hf., félagsmanna í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, viðræðna um gerð nýs kjarasamnings. Jafnframt var SVR hf. kynnt niðurstaða atkvæðagreiðslu um heimild til verkfallsboðunar. Í samþykkt stjórnar SVR hf. dags. 5. janúar 1994 sem send var starfsmönnum kemur fram að breyting verði á aðild starfsmanna að Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og að starfsmenn SVR hf. muni ekki falla undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar vísaði deilunni til ríkissáttasemjara með bréfi dags. 7. janúar 1994. Bréfinu fylgdi svofelld kröfugerð:

„Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, fyrir hönd félagsmanna sinna, sem starfa hjá SVR hf. gerir hér með kröfu um að gengið verði frá kjarasamningi milli aðila.

Gerður verði samningur milli St.Rv. og SVR h.f., sem byggi, eftir því sem við getur átt, á kjarasamningi milli St. Rv. og Reykjavíkurborgar, er gilti um kjör starfsmanna SVR h.f. meðan þeir voru borgarstarfsmenn.

Inn í kjarasamninginn verði tekin ákvæði um réttindi samhljóða þeim, sem starfsmenn SVR h.f. nutu sem borgarstarfsmenn, hvort sem þau réttindi byggðust á lögum, reglugerðum, einhliða ákvörðunum borgarinnar, ákvörðunum í Starfskjaranefnd eða öðrum heimildum.

Meginmarkmið með gerð kjarasamnings er að tryggja félagsmönnum St.Rv., sem nú starfa hjá SVR h.f., lágmarkskjör á grund-

velli kjarasamnings þau laun, réttindi og önnur ráðningarkjör, sem áður giltu hjá SVR."

Í bréfi stefnanda til ríkissáttasemjara hinn 10. janúar 1994 segir að ekki sé kjaradeila milli aðila og því engin efni til fundahalda hjá sáttasemjara. Samdægurs barst stefnanda verkfallsboðun sú sem mál þetta snýst um. Þar segir svo: „Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar vegna félagsmanna sinna, sem starfa hjá SVR hf. boðar hér með verkfall vagnstjóra hjá SVR hf. Verkfallið hefst kl. 24.00 mánudaginn 17. janúar 1994 og er boðað til þess að knýja á um gerð kjarasamnings milli St.Rv. og SVR h.f. Verkfallsboðunin var samþykkt á fundi stjórnar St.Rv. og samninganefndar þeirra félagsmanna St.Rv. sem starfa hjá SVR h.f., í dag 10.01.1994 á grundvelli heimildar í skriflegri atkvæðagreiðslu hjá viðkomandi félagsmönnum."

Með bréfi stefnanda dags. 11. janúar var verkfallsboðun stefnda mótmælt sem ólögmætri jafnframt því sem skorað var á stefnda að endurskoða þá afstöðu sína og afturkalla verkfallsboðun sína. Því var hafnað með bréfi stefnda dags. 11. janúar 1994.

Undir rekstri máls þessa samþykkti stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og samninganefnd starfsmanna SVR hf., félagsmanna í St.Rv., að áður boðuðu verkfalli vagnstjóra hjá SVR hf., sem hefjast átti kl. 24.00 þann 17. janúar 1994 yrði frestað til kl. 24.00, þann 19. janúar 1994.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar er stéttarfélag samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 4. gr. laganna. Strætisvagnar Reykjavíkur hf. er aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands og þar með bundið af gildandi kjarasamningum þess við aðildarfélög Alþýðusambands Íslands. Um þá kjarasamninga fer eftir lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Það er álit dómsins að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar uppfylli ekki það skilyrði 2. gr. laga nr. 80/1938 að vera opið öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæði þess og geti því ekki verið lögformlegur samningsaðili samkvæmt 5. gr. þeirra laga. Félagsaðild starfsmanna SVR hf. í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og framangreindar breytingar á lögum félagsins fá engu breytt í því efni.

Ber því að taka til greina þá kröfu stefnanda að vinnustöðvun vagnstjóra hjá Strætisvögnum Reykjavíkur hf. sem boðuð var af

stefnda, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, með bréfi dags. 10. janúar 1994 og koma á til framkvæmda kl. 24:00 miðvikudaginn 19. janúar 1994 verði dæmd ólögmæt.

Ekki þykja efni til að dæma stefnda, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, til greiðslu sektar.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda kr. 80.000,- í málskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Málskostnaðarkröfu réttargæslustefnda, Verkstjórasambands Íslands, er hafnað.

Dómsorð:

Vinnustöðvun vagnstjóra hjá Strætisvögnum Reykjavíkur hf., sem boðuð var af stefnda, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, með bréfi dags. 10. janúar 1994 og koma á til framkvæmda kl. 24:00 miðvikudaginn 19. janúar 1994, er ólögmæt.

Stefndi á að vera sýkn af kröfu stefnanda um greiðslu sektar.

Stefndi greiði stefnanda kr. 80.000,- í málskostnað.

Málskostnaðarkröfu réttargæslustefnda, Verkstjórasambands Íslands, er hafnað.

Sératkvæði
Eiríks Helgasonar

Í málinu liggur fyrir að yfirgnæfandi meirihluti starfsmanna Strætisvagna Reykjavíkur hf. hefur skriflega óskað eftir aðild að Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og jafnframt að félagið komi fram sem stéttarfélag þeirra í kjarasamningum við vinnuveitandann. Á aukaaðalfundi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar 25. nóvember 1993 voru gerðar breytingar á lögum félagsins til þess að verða við framangreindri ósk starfsmanna. Skýra ber 2. laga nr. 80 frá 1938 með hliðsjón af 73. gr. stjórnarskrár um félagafrelsi, 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess og nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega. Fyrir liggur í málinu að samkvæmt lögum sínum er Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar opið öllum starfsmönnum sem starfa hjá fyrirtækjum sem starfa í almannaþágu og hafa verið í eigu

borgarinnar sem nú eru rekin af öðrum aðilum. Þá er félagssvæði ekki takmarkað. Það hefur ekki þýðingu varðandi þessa niðurstöðu að félagið er jafnframt stéttarfélag annarra félagsmanna sem hafa samningsrétt samkvæmt lögum nr. 94/1986.

Með skírskotun til þessa tel ég Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar uppfylla öll skilyrði laga nr. 80/1938 til þess að vera stéttarfélag þeirra félagsmanna sinna sem starfa hjá Strætisvögnum Reykjavíkur hf. skv. 2. sbr. 5. gr. laganna og þar sem staðið var með réttum hætti að kosningu um heimild til boðunar verkfalls tel ég verkfallsboðun stefnda lögmæta.

Þriðjudaginn 1. febrúar 1994.

Nr. 12/1993. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Stýrimannafélags Íslands**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Hf. Eimskipafélags Íslands
(Jón H. Magnússon hdl.)

Kjarasamningur. Yfirvinna.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, kt. 520169-3509, Borgartúni 18, Reykjavík vegna Stýrimannafélags Íslands kt. 630268-1999, sama stað.

Stefndi er Vinnuveitendasambandi Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, vegna Hf. Eimskipafélags Íslands, kt. 510169-1829, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að Hf. Eimskipafélagi Íslands verði dæmt skylt að greiða félagsmönnum Stýrimannafélags Íslands, sem í þjónustu þess eru, yfirvinnu skv. B taxta, „þegar þeir ganga í störf háseta" skv. grein 3.4.1. í kjarasamningi aðilanna, jafnvel þótt þeir á sama tíma fái greiðslur skv. yfirvinnutaxta A, sbr. grein 3.5.1. í sama samningi. Krafist er málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda eru þær að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo að í kjarasamningum aðilanna alla tíð frá 1974 hafi verið ákvæði þess efnis, að stýrimenn fengju greiðslur samkvæmt svokölluðum yfirvinnutaxta B fyrir vinnu sem þeir vinni á vöktum sínum, þegar þeir gangi í störf háseta að ósk skipstjóra. Um þetta sé nú fjallað í grein 3.4. í kjarasamningi aðilanna. Jafnframt að stýrimenn fengju greitt fyrir vaktir umfram 8 klst. á sólarhring yfirvinnu samkvæmt yfirvinnutaxta A, sbr. grein 3.5.1. Á vakt sinni beri stýrimanni að annast þau störf er tilheyri

stöðu hans um borð og hann þurfi sérstaka menntun til og skírteini. Samkvæmt grein 3.4.1. beri stýrimönnum að ósk skipstjóra að ganga í störf háseta ef þörf sé á á vakt sinni og eigi þá óumdeilt eins og áður segi að fá greiðslur samkvæmt yfirvinnutaxta B. Hf. Eimskipafélag Íslands hafi ekki viljað greiða yfirvinnu B á sama tíma og stýrimenn fái greidda yfirvinnu A fyrir framlengda vakt. Stefnandi telur hins vegar að greiðsla samkvæmt A taxta skipti ekki máli um greiðsluskyldu samkvæmt B taxta, enda sé stýrimaður á vakt sinni þótt hann hafi orðið að standa hana lengur en samningar segja til um og að sjálfsögðu tekið greiðslur samkvæmt samningum. Aðrir viðsemjendur stefnanda hafi litið þetta sömu augum og stefnandi.

Mál þetta sé höfðað fyrir Félagsdómi, þar sem um sé að ræða ágreining um skilning á vinnusamningi, sbr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Um rök fyrir kröfum er vísað til kjarasamnings aðilanna frá 1. maí 1992 og almennra reglna um túlkun samninga. Málskostnaðarkrafan er studd við 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 131. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram að ákvæði kjarasamnings stýrimanna um greiðslu yfirvinnutaxta B fyrir nánar tilgreinda vinnu á vakt að ósk skipstjóra hafi verið í kjarasamningnum allt frá 1974. Vinna við lestun skipa hafi tekið miklum breytingum frá því ákvæðið kom fyrst í samning 1974. Í dag sé nánast einungis um lestun stórra eininga að ræða. Varan sé aðallega flutt í gámum og hafi vinna við lestun breyst í það að hafa á hendi stjórn tækja, en ekki verið að bera vöruna á höndum sér við lestun og losun eins og algengt hafi verið árunum í kring um 1974.

Af hálfu viðsemjenda stefnanda hafi ákvæði greinar 3.4.1. ætíð verið túlkað á þann veg að yfirvinna B greiddist stýrimanni til viðbótar fastakaupi þegar hann sé að skila 8 stunda vinnuskyldu sinni á sjóvakt eða í dagvinnu, en ætti ekki við þegar komið væri yfir í hreina yfirvinnugreiðslu fyrir vinnu umfram 8 stundir.

Kröfugerð stefnanda sé aftur á móti byggð á því að stýrimenn eigi rétt á því að fá greidda yfirvinnu samkvæmt A og B taxta samtímis. Þessu mótmælir stefndi sem rangri túlkun á ákvæði greinar 3.4.1. í kjarasamningi stýrimanna. Með hugtakinu vakt í grein 3.4.1. sé átt við 8 klst. sjóvakt/vinnu á sólarhring, sbr. grein 5.3.2., og hafnarvakt, sbr. grein 11.1.1. Aukagreiðsla samkvæmt grein 3.4.1. sé undan-

tekning frá aðalreglu um greiðslu fyrir vinnuskil og beri því að túlka ákvæði greinarinnar þröngt.

Hliðstæð ákvæði séu í grein 3.4.2. í samningi vélstjóra, en vélstjórar og stýrimenn hafi í gegn um árin haft nána samvinnu um gerð kjarasamninga við stefnda og séu því mörg kjaraákvæði hópanna hliðstæð, þar á meðal það sem deilt sé um í þessu máli. Í vélstjórasamningi sé tekið fram að yfirvinnutaxti B greiðist fyrir þar tilgreinda vinnu, þegar hún sé unnin í dagvinnutíma eða á sjóvöku viðkomandi manns. Þá sé einnig tilgreint í grein 3.4.1. að yfirvinna B greiðist vélstjórum fyrir nánar tiltekna vinnu, þó unnin sé í reglulegum vinnutíma. Túlkun þessara ákvæða hafi verið ágreiningslaus við Vélstjórafélagið og engar kröfur komið fram um það að fá greidda yfirvinnu A og B samtímis.

B-taxti samsvari dagvinnutaxta, sbr. grein 3.1.1., en A-taxti sé 1,0385% af grunnkaupi á mánuði eða sem svarar 80% álagi á dagvinnutaxta. Þegar ákvæði um B-taxta greiðsluna hafi komið inn í kjarasamning stýrimanna, sbr. 16. gr., hafi A-taxti verið 60% álag á dagvinnu, sbr. 13. gr.

Stefnandi geri kröfu vegna stýrimanns á tveggja stýrimanna skipi, sem gangi vakt frá kl. 00:00 til 06:00 og kl. 12:30 til 18:30, þegar sjóvökur séu staðnar. Hann hafi lokið 8 tíma skilum sínum fyrir mánaðarkaupinu kl. 14:30 og fái greidda yfirvinnu A fyrir tímabilið frá kl. 14:30 til 18:30 eða samtals 4 klst. á dag meðan sjóvökur eru staðnar. Vegna óljósrar lýsingar í stefnu á því hvaða störfum stýrimanni beri að gegna á vakt sinni er vísað til greinar 5.3. Í meginatriðum séu störf stýrimanns að annast siglingu skips, skipuleggja og vinna við lestun og losun skips og sjá um að gengið sé tryggilega frá farminum.

Fullyrðingu stefnanda um það að aðrir viðsemjendur stefnanda séu sömu skoðunar og stefnandi varðandi greiðslu B-taxta er mótmælt sem rangri og ósannaðri og er vísað til túlkunar Vinnumálasambandsins og Samskipa hf. í því efni samkvæmt framlagðri yfirlýsingu þeirra.

Niðurstaða.

Ljóst er af kjarasamningi málsaðila að yfirvinnutaxti B er ekki greiddur fyrir lengdan vinnutíma heldur er um að tefla viðbótargreiðslu til stýrimanns fyrir sérstök störf, sem hann innir af hendi í almennum vinnutíma sínum þegar á þarf að halda. Taxtinn er í raun

mánaðargrunnkaup fyrir 40 stunda vinnuviku umreiknað til tímakaups.

Yfirvinnutaxti B er greiddur þegar stýrimaður gengur í störf háseta á vakt sinni, sbr. grein 3.4.1. í kjarasamningi. Vaktir stýrimanns geta verið umfram 8 stundir á sólarhring svo sem glögglega kemur fram í grein 3.5. í kjarasamningi en vaktirnar eru 12 stundir á sólarhring á skipum með einn stýrimann eða tvo. Skilja verður orðin: „á vakt sinni" í áðurnefndri grein 3.4.1. í kjarasamningi aðila þannig að átt sé við raunverulegan vaktatíma en ekki aðeins 8 stunda vaktir. Það raskar ekki þessum skilningi þótt launagreiðsla fyrir vaktir umfram 8 stundir sé tvískipt, þ.e. annars vegar mánaðarkaup og hins vegar yfirvinna samkvæmt A-taxta.

Með framangreindar röksemdir í huga verður að líta svo á að stýrimaður, er gengur í störf háseta á þeim hluta vaktartímabils, sem greiddur er með yfirvinnutaxta A, eigi samtímis rétt á greiðslu samkvæmt yfirvinnutaxta B, enda mundi önnur niðurstaða leiða til launamisræmis. Þá hefur eigi verið sýnt fram á að venja hafi skapast um annan skilning á deiluefninu.

Ber því að taka til greina kröfu stefnanda í máli þessu, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Eftir atvikum þykir við hæfi að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Skylt er Hf. Eimskipafélagi Íslands að hlíta því að stýrimaður á vakt, sem gengur í störf háseta samkvæmt grein 3.4.1. í kjarasamningi, eigi rétt á greiðslu samkvæmt yfirvinnutaxta B, þótt hann á sama tíma taki laun samkvæmt yfirvinnutaxta A.

Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 23. apríl 1994.

Nr. 5/1994. **Vinnuveitendasamband Íslands**
f.h. Flugleiða hf.
(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands
f.h. Flugvirkjafélags Íslands
(Lára V. Júlíusdóttir hdl.)

Ólögmæt vinnustöðvun. Yfirvinnubann.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Flugleiða hf., kt. 601273-0129, Reykjavíkurflugvelli, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16A, Reykjavík, f.h. Flugvirkjafélags Íslands, kt. 550169-0109, Borgartúni 22, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að verkfall stefnda, Flugvirkjafélags Íslands, hjá Flugleiðum hf. sem boðað var af stefnda með bréfi dags. 15. apríl 1994 og koma á til framkvæmda kl. 05:00 mánudaginn 25. apríl 1994 verði dæmt ólögmætt.
2. Að yfirvinnubann stefnda sem kom til framkvæmda hjá Flugleiðum hf. þann 15. apríl 1994 verði dæmt ólögmætt.
3. Að stefndi Flugvirkjafélag Íslands verði dæmdur til greiðslu sektar.
4. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda Flugvirkjafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Aðallega að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda, en komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að kjarasamningur hafi komist á milli aðila 28. júlí 1993, er gerð sú krafa til vara, að honum sé vikið til hliðar sem kjarasamningi, og samningurinn hafi einungis gildi sem einkaréttarlegur samningur milli aðila. Þá er þess krafist að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar til handa stefnda.

Mál þetta var þingfest hinn 19. apríl sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 21. apríl sl.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að aðilar hafi gert með sér samkomulag þann 28. júlí 1993. Samkomulag þetta hafi verið samþykkt á félagsfundi stefnda að kvöldi sama dags og af framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambandsins 17. ágúst 1993. Með samkomulaginu hafi kjaradeila aðila verið til lykta leidd og hafi stefndi í framhaldi af því aflétt yfirvinnubanni hjá Flugleiðum hf.

Forsaga fyrrgreinds samkomulags sé að kjarasamningur aðila hafi runnið út í lok árs 1992. Stefndi hafi lagt fram kröfugerð þann 16. mars 1993 og krafist verulegra kauphækkana m.a. með tilvísun til þess að félagsmenn hans hefðu orðið fyrir verulegri kjaraskerðingu vegna samkomulags aðila um uppbyggingu viðhaldsþjónustu hér á landi, en byrjað hafi verið að greiða laun samkvæmt því við flutning starfseminnar í nýtt flugskýli í byrjun árs 1993. Nokkrir samningafundir hafi verið haldnir með aðilum og deilunni síðan verið vísað til ríkissáttasemjara ásamt öðrum kjaradeilum aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands. Stefndi hafi talið samningaviðræður Alþýðusambands Íslands sér óviðkomandi og hafi þann 19. maí 1993 boðað þriggja daga verkfall er koma skyldi til framkvæmda viku síðar. Alþýðusamband Íslands hafi síðan gert kjarasamninga vegna aðildarfélaga sinna þann 21. sama mánaðar án kauphækkana og skyldu þeir gilda til ársloka 1994. Allar tilraunir til viðræðna við stefnda hafi verið árangurslausar. Stefndi hafi síðan afboðað verkfallið þar sem hann hafi talið að komið gæti til setningar bráðabirgðalaga gegn því.

Nokkrir samningafundir hafi síðan verið haldnir fyrst hjá ríkissáttasemjara en síðan án milligöngu hans. Af hálfu stefnanda hafi komið skýrt fram að ekki væri hægt að ljá máls á neinum launabreytingum, nema sem lið í hagræðingaraðgerðum, sem báðir aðilar hefðu hag af. Stefndi hafi þá boðað yfirvinnubann frá 10. júlí 1993. Kjarasamningur hafi hins vegar tekist með aðilum þann 26. júlí 1993. Í samningnum hafi verið samið um samstarf um könnun möguleika á afkastahvetjandi launakerfi, samvinnu um erlend verkefni, verkfærapeninga og nokkur önnur atriði. Samningur þessi hafi verið felldur á félagsfundi daginn eftir. Þann 28. júlí 1993 hafi formaður stefnda og starfsmannastjóri Flugleiða hf. náð samkomulagi

sem að meginefni til sé samhljóða fyrrgreindum samningi. Bætt hafi verið inn atriðum svo sem um úttekt á lífeyrissjóði stefnda, að stefndi heiti því að ekki komi til vinnustöðvunar í nokkurri mynd í erlendum verkefnum eða verkefnum fyrir þriðja aðila og nánari skilgreining á því hvenær inna skyldi af hendi greiðslur til verkfærakaupa. Þá hafi einnig verið sett inn ákvæði um að yfirfara skuli heildarkjarasamninginn og gefa hann út með áorðnum breytingum. Sleppt hafi verið úr textanum ákvæði um gildistíma og uppsögn en jafnframt hafi verið frágengið með aðilum að með samkomulaginu væri tryggt að unnið yrði samkvæmt kjarasamningum aðila truflunarlaust með sama hætti og gerðist annars staðar á vinnumarkaðinum.

Síðan þá hafi verið unnið samkvæmt samkomulaginu og nú sé verið að kanna útfærslu á afkastahvetjandi launakerfi í samræmi við það. Friður hafi þannig verið milli aðila þó áhersla hafi verið lögð á það af hálfu formanns stefnda að finna þyrfti lausnir sem gætu skilað flugvirkjum kjarabótum sem allra fyrst. Hinn 12. febrúar 1994 hafi Flugleiðum hf. hins vegar borist bréf frá stefnda þar sem mótmælt sé kjarasamningi sem gerður hafi verið við Félag íslenskra atvinnuflugmanna í desember 1993 og lýst sé fullri ábyrgð á hendur stjórnendum Flugleiða hf. um afleiðingar sem þetta gæti leitt af sér. Í kjölfar þess hafi stefndi tilkynnt að kosin hafi verið samninganefnd og óskað eftir viðræðum við stefnanda. Starfsmannastjóri Flugleiða hf. hafi þá þegar tjáð formanni samninganefndarinnar að stefnandi liti svo á að í gildi væri kjarasamningur milli aðila. Stefnandi væri hins vegar ávallt tilbúinn til að ræða við stefnda sem og önnur félög starfsmanna um hagræðingu sem gæti komið báðum aðilum til góða.

Haldnir hafi verið tveir viðræðufundir með aðilum. Á fyrri fundinum sem haldinn var 12. apríl 1994 hafi stefndi lagt fram kröfugerð þar sem farið sé fram á kauphækkanir sem skipti tugum prósenta. Stefnandi hafi þá ítrekað að í gildi væri kjarasamningur milli aðila og væri vinnu við ábataskiptakerfi það sem þar hafi verið samið um ekki lokið. Stefnandi hafi lýst sig sem fyrr tilbúinn til viðræðna um hugsanleg hagræðingaratriði. Annar fundur hafi síðan verið haldinn sl. föstudag, 15. apríl 1994, þar sem möguleg hagræðingaratriði hafi verið rædd. Hafi honum lokið án þess að til tíðinda drægi eða minnst væri á aðgerðir af neinu tagi. Hafi aðilar orðið ásáttir um að

hafa samband sín á milli strax eftir helgina til að ákveða annan fund í þeirri viku. Fulltrúum stefnanda til mikillar furðu hafi þeim borist þau tíðindi þegar þeir komu út af fundinum að boð hefðu komið frá samninganefnd stefnda, væntanlega í fundarhléi, um að yfirvinna yrði ekki unnin eins og áætlað var hvorki þann dag, föstudag, né laugardag, daginn eftir. Í samræmi við þau boð hafi félagsmenn stefnda gengið út við lok dagvinnutíma kl. 15:30. Klukkan 15:43 þennan sama dag hafi stefnanda borist verkfallsboðun. Þar hafi komið fram að stjórn og trúnaðarmannaráð hafi á fundi sínum þann 13. apríl 1994 samþykkt að boða til vinnustöðvunar félagsmanna sinna hjá Flugleiðum hf. frá kl. 05:00 mánudaginn 25. apríl til kl. 20:00 laugardaginn 30. apríl 1994 til að knýja á um gerð nýs kjarasamnings. Stefnandi hafi samdægurs mótmælt lögmæti vinnustöðvunarinnar sem broti á friðarskyldu samkvæmt gildandi samningi. Jafnframt hafi verið skorað á stefnda að afturkalla boðaðar aðgerðir sem og fyrrgreint yfirvinnubann að öðrum kosti yrði málinu skotið til úrlausnar dómsstóla. Stefndi hafi ekki orðið við þeirri áskorun og sé málssókn þessi því óhjákvæmileg.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi tjáir mál þetta höfðað á grundvelli 1. og 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga. Byggir hann kröfugerð sína á því, að verkfallsboðun stefnda sé brot á friðarskyldu samkvæmt gildandi kjarasamningi aðila og II. kafla laga nr. 80/1938 og sé því ólögmæt.

Með samkomulagi aðila þann 28. júlí 1993 hafi komist á kjarasamningur milli þeirra. Samningur þessi sem gerður hafi verið með venjulegum fyrirvara hafi hlotið afgreiðslu beggja samningsaðila. Með því sé stefnandi bundinn friðarskyldu á samningstímanum og því óheimilt að boða til verkfalls eða annarra aðgerða til stuðnings kröfum sínum. Þó samningstíminn hafi ekki verið tilgreindur sérstaklega í samningnum hafi það verið skilningur aðila að þeir væru að gera samkomulag með sama gildistíma og almennir kjarasamningar Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, þ.e. til ársloka 1994. Í ljósi aðstæðna hafi aðilum hins vegar ekki þótt rétt að taka það fram berum orðum í samningnum. Verði ekki fallist á þann skilning sé ljóst að um gildistíma samningsins fari samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938.

Ljóst sé þegar litið sé til aðdraganda og tilgangs samningsgerðar-

innar að með samkomulagi þessu hafi verið bundinn endi á kjaradeilu aðila og samningar framlengdir samkvæmt venju. Því til sönnunar megi benda á að í framhaldi af samþykkt samkomulagsins hafi stefndi aflétt yfirvinnubanni því sem hann hafði sett á til að knýja á um gerð nýs kjarasamnings. Þá bendir stefnandi á að í samkomulaginu sé ákvæði um að yfirfara skuli heildarkjarasamninginn og gefa hann út með áorðnum breytingum. Til lítils væri að gefa út samning sem ekki væri í gildi. Hafi það ekki verið tilgangur aðila að binda samninga og þeir talið sig óbundna af friðarskyldu á gildistíma samningsins hefði það þurft að koma skýrt fram í samningnum sjálfum. Enginn slíkur fyrirvari hafi verið gerður.

Stefnda hafi ekki dulist að stefnandi hafi litið svo á að stofnast hafi gildur og bindandi kjarasamningur milli aðila. Um þetta sé réttarágreiningur milli aðila og hafi stefndi ekki reynt að fá úr þeim ágreiningi skorið áður en boðað hafi verið til vinnustöðvunar og brjóti það gegn meginreglu 17. gr. laga nr. 80/1938.

Þá er á því byggt af hálfu stefnanda að engar slíkar breytingar hafi orðið á samningstímanum að forsendur fyrir samkomulaginu hafi brostið. Stefnandi hafi verið fús til viðræðna við stefnda á sama grundvelli og félög annarra starfsmanna um ábataskipti á grundvelli hagræðingaraðgerða. Slíkar viðræður hafi staðið yfir þegar stefndi hafi skyndilega tilkynnt verkfallsboðun. Um almennar launabreytingar umfram ábataskipti hafi ekki verið samið við önnur stéttarfélög starfsmanna.

Önnur krafa stefnda styðst við sömu rök en auk þess er byggt á því að ekki hafi verið gætt ákvæða 15. og 16. gr. laga 80/1938 um ákvarðanatöku og boðun yfirvinnubanns þess sem kom til framkvæmda þann 15. apríl 1994. Félagsmenn stefnda hafi sameiginlega og í þeim tilgangi að fylgja eftir kröfum sínum neitað að vinna yfirvinnu umræddan dag og laugardaginn næstan á eftir eins og til hafi verið ætlast. Neitun þessi hafi verið að boði stefnda.

Um sektarkröfuna vísast til 70. gr., sbr. 65. gr. l. 80/1938.

Þá er áskilinn réttur til að krefja um skaðabætur í sérstöku máli vegna þess tjóns sem hljótast kann af hinni ólögmætu verkfallsboðun. Um málskostnað vísast til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málavaxtalýsing stefnda.

Flugvirkjafélag Íslands hafi átt í kjaradeilu við Flugleiðir hf. um langt skeið. Samningar aðila hafi runnið út í lok árs 1992 og hafi félagið lagt fram kröfugerð dags. 15. febrúar 1993. Þrátt fyrir nokkra samningafundi vorið 1993 hafi ekki náðst samkomulag og hafi félagið þá boðað til þriggja daga verkfalls, sem koma skyldi til framkvæmda 27. maí 1993. Áður en að því kom hafi félagið aflýst verkfallinu. Í framhaldi af þessu hafi verið haldnir nokkrir fundir með aðilum án þess að árangur næðist og hafi FVFÍ boðað yfirvinnubann frá 10. júlí 1993. Þann 26. júlí 1993 hafi verið undirritað hjá ríkissáttasemjara samkomulag aðila í tveimur liðum, annars vegar hafi verið um að ræða kjarasamning, þar sem kveðið hafi verið á um að kjarasamningur aðila framlengdist óbreyttur til 31. 12. 1994 og með sömu uppsagnarákvæðum og í samningi ASÍ og VSÍ, og hins vegar hafi verið um að ræða samstarfssamning í 6 liðum. Þar hafi verið kveðið á um samstarf aðila aðallega við upptöku á afkastahvetjandi launakerfi. Þessi samningur hafi verið felldur á félagsfundi flugvirkja þann 27. júlí 1993. Daginn eftir, þann 28. júlí 1993, hafi formaður Flugvirkjafélagsins og starfsmannastjóri Flugleiða átt fund. Hafi starfsmannastjóri Flugleiða hf. tilkynnt ríkissáttasemjara þann dag símleiðis að ótímabundið samkomulag hefði náðst milli fyrirtækisins og FVFÍ, og væri því engin ástæða til frekari afskipta sáttasemjara af málinu. Samkomulagið sem náðist þann 28. júlí 1993 hafi verið borið upp á félagsfundi þann 29. júlí 1993 og verið samþykkt af hálfu félagsins. Í framhaldi af því hafi verið samþykkt að aflýsa yfirvinnubanni flugvirkja hjá Flugleiðum hf. Samkomulagið hafi verið í 8 liðum, og að verulegu leyti byggt á samstarfssamningi sem aðilar höfðu gert og felldur hafði verið daginn áður, en kjarasamningurinn hafði verið felldur út úr samkomulaginu.

Aðilar hafi unnið eftir þessu samkomulagi um að kanna útfærslu á afkastahvetjandi launakerfi og fleiru, en ekki hafi verið gengið frá samningi um það launakerfi. Þegar ljóst hafi verið að Flugleiðir hf. höfðu gert kjarasamning við flugmenn í desember sl. sem fól það meðal annars í sér að flugmenn færu inn á verksvið flugvirkja hafi flugvirkjar mótmælt með bréfi dags. 12. febrúar 1994 og lýstu fullri ábyrgð á hendur Flugleiðum hf. Í bréfi Flugleiða hf. dags. 9. mars 1994 hafi fyrirtækið lýst því yfir að verulegs misskilnings gætti með

aðilum. Í kjölfar þessa hafi FVFÍ kosið samninganefnd og óskað eftir viðræðum við Flugleiðir hf.

Á viðræðufundi 12. apríl 1994 hafi starfsmannastjóri stefnanda lýst þeirri skoðun sinni að í gildi væri kjarasamningur milli aðila, en fulltrúum Flugvirkjafélagsins hafði ekki verið þessi afstaða ljós fyrr en þá. Fundur í stjórn og trúnaðarráði félagsins hafi samþykkt 13. apríl 1994 verkfallsboðun og hafi verið ákveðið að verkfall flugvirkja hjá Flugleiðum hf. skuli hefjast kl. 05.00 mánudaginn 25. apríl 1994 og standa til kl. 20.00 laugardaginn 30. apríl 1994. Þessi verkfallsboðun hafi verið tilkynnt þann 15. apríl 1994 kl. 15.43. Þann dag hafi aðilar átt annan viðræðufund, sem hafi orðið árangurslaus. Flugleiðir hf. hafi stefnt Flugvirkjafélaginu fyrir Félagsdóm vegna verkfallsboðunar félagsins með stefnu útgefinni 18. apríl 1994. Áður en að þingfestingu málsins kom, þann 19. apríl 1994, hélt ríkissáttasemjari samningafund með aðilum, sem einnig varð árangurslaus.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefnandi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því að verkfallsboðun stefnda sé brot á friðarskyldu samkvæmt gildandi kjarasamningi aðila og II. kafla laga nr. 80/1938 og sé því ólögmæt.

Þessu er mótmælt. Enginn kjarasamningur sé í gildi með aðilum. Kjarasamningar hafi runnið út um áramót 1992 og nýir kjarasamningar hafi ekki komist á síðan þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir stefnda til að koma á slíkum samningum. Kjarasamningur sem borinn var undir félagsfund 27. júlí 1993 hafi verið felldur. Það samkomulag sem gert hafi verið og staðfest á félagsfundi stefnda þann 29. júlí 1993 sé ekki kjarasamningur. Þar sé um að ræða samkomulag um samstarf aðila til að vinna að tilteknum málum, sem þar séu tilgreind. Stefndi telur það samkomulag vera í fullu gildi sem slíkt, en það eigi ekkert skylt við kjarasamning skv. ákvæðum l. nr. 80/1938.

Með samanburði á kjarasamningi og samstarfssamningi þeim, sem felldur hafi verið á félagsfundi 27. júlí 1993 og samkomulagi aðila dags. 28. júlí 1993 komi skýrt í ljós að síðara samkomulagið byggir á fyrra skjalinu að öðru leyti en því að búið er að fella út kjarasamning aðila, og eingöngu gert samkomulag um samstarfssamning. Þarna komi í ljós sá ásetningur aðila að þetta samkomulag yrði ekki kjarasamningur og hefði ekki gildi sem slíkt. Þessi skilningur komi vel fram í fundargerð stefnda dags. 29. júlí 1993, þar sem formaður stefnda, sem hafi verið eini fulltrúi stefnda sem tekið hafi þátt í gerð

samkomulagsins, hafi lýst breytingum á þessum tveimur samningum þannig að:

„nú væri ekki uppi á borðinu kjarasamningur heldur samkomulag til að aflétta yfirvinnubanni flugvirkja ... aðalbreytingarnar voru fólgnar í því að nú var ekki um kjarasamning að ræða heldur samkomulag milli aðila ...“

Samkomulagið sé í 8 liðum og hafi engan sérstakan gildistíma. Þar sé á einum stað kveðið á um að aðilar setji á stofn nefnd, sem kanni möguleika og upptöku afkastahvetjandi launakerfa. Þar sé líka fjallað um úttekt á Lífeyrissjóði stefnda, um samvinnu aðila um erlend verkefni og um samstarfsnefndafundi. Allir þessi þættir lúti að samstarfi aðila og beri engin einkenni kjarasamningsákvæða. Í samkomulaginu séu einnig áréttuð atriði, sem nú þegar séu í kjarasamningi aðila en hafi valdið túlkunarágreiningi. Áttundi töluliður um að aðilar séu sammála um að yfirfara heildarkjarasamninginn og gefa hann út með áorðnum breytingum verði alls ekki skilinn þannig að kjarasamningur sé í gildi með aðilum. Algengt sé að samningsaðilar geri um það samkomulag að koma skikki á kjarasamninga með því að yfirfara þá, fella inn í texta ný ákvæði og lagfæra önnur. Þessi vinna þurfi alls ekki að tengjast með neinum hætti því að í gildi sé samningur milli aðila.

Þetta samkomulag hafi ekki verið tilkynnt embætti ríkissáttasemjara, svo sem 4. gr. l. nr. 33/1978 mæli fyrir um að gert skuli við kjarasamninga, sbr. dóm Félagsdóms 26. október 1992 í málinu ASÍ f.h. Málm- og skipasmiðasambands Íslands vegna Félags málmiðnaðarmanna Akureyri gegn VSÍ f.h. Málms, samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, þar sem kjarasamningur var ekki talinn bindandi meðal annars vegna þess að hann hafði ekki verið tilkynntur embætti ríkissáttasemjara.

Þar sem samkomulagið fól í sér ákveðna niðurstöðu í ýmsum ágreiningsmálum aðila hafi verið eðlilegt að yfirvinnubanni væri aflýst og er því mótmælt að sá verknaður að aflétta verkfalli eða yfirvinnubanni þýði að aðilar hafi gert kjarasamning. Stéttarfélag hafi fullt forræði á því hvernig það beitir ákvæðum 2. kafla laga nr. 80/1938 og geti afturkallað aðgerðir að eigin frumkvæði hvenær sem er.

Stefnda hafi ekki verið ljóst fyrr en á fundi aðila 12. apríl 1994 að það væri skilningur stefnanda að kjarasamningur væri í gildi. Það sé

í andstöðu við það sem aðilum hafi farið á milli við gerð samkomulagsins þann 28. júlí 1993, en þá hafi þess verið sérstaklega gætt að samkomulagið væri ekki kjarasamningur. Ýmislegt bendi til þess að það hafi einnig verið skilningur stefnanda að umdeilt samkomulag hafi ekki verið kjarasamningur. Í blaðagreinum vegna samkomulagsins komi hvergi fram að um kjarasamning hafi verið að ræða, og alls staðar talað um samkomulag. Sú staðreynd að stefnandi hafi tekið við kröfugerð og fallist á samningaviðræður við aðila bendi ótvírætt til þess að stefnandi hafi talið samninga lausa.

Annar liður í kröfugerð stefnanda lúti að yfirvinnubanni. Stefndi hafi ekki lýst yfir neinu yfirvinnubanni og mótmælir því alfarið þessari kröfu. Engin skylda sé samkvæmt kjarasamningi aðila að vinna yfirvinnu, og hverjum og einum starfsmanni í sjálfsvald sett hvort hann vinni yfirvinnu eða ekki. Það hvort einstakur starfsmaður kærir sig ekki um að vinna yfirvinnu sé alfarið hans mál og félaginu með öllu óviðkomandi. Samkvæmt 8. gr. l. nr. 80/1938 beri stéttarfélag ábyrgð á samningsrofum þeim sem félagið sjálft eða löglega skipaðir trúnaðarmenn þess gerist sekir um, en ekki á samningsrofum einstakra meðlima sinna. Eins og að framan sé greint hafi stefndi ekki boðað neitt yfirvinnubann og sé krafa stefnanda því tilhæfulaus.

Varakrafa stefnda er byggð á 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að kjarasamningur hafi stofnast með aðilum með samkomulaginu sem gert hafi verið 28. júlí 1993 er þess krafist að honum sé vikið til hliðar sem kjarasamningi og hafi einungis gildi sem einkaréttarlegur samningur aðila. Svo sem fram komi í fundargerð félagsfundar þann 29. júlí 1993 hafi félagsmönnum verið talin trú um það að þeir væru ekki að gera kjarasamning og formaður stefnda hafi verið í þeirri trú, þegar hann hafi gert samkomulagið að það hefði ekki gildi sem kjarasamningur. Hér eigi því við þau sjónarmið sem lýst er í 36. gr. samningalaga, einkum 2. mgr., þar sem líta ber til stöðu aðila og atvika við samningagerð. Tekið er fram að starfsmannastjóri Flugleiða hf. sé löglærður, en formaður FVFÍ ekki.

Í samkomulaginu sé ekki tekið fram að kjarasamningar aðila framlengist. Það sé því í hæsta máta óeðlilegt að hægt sé að binda félag friðarskyldu ótímabundið með því að gera samkomulag um örfá atriði, sem lúti að samskiptum aðila.

Þar sem enginn kjarasamningur sé í gildi milli aðila hafi stefnda verið fullkomlega heimilt að boða til vinnustöðvunar til að fylgja eftir kröfum sínum í kjaradeilu aðila. Ákvörðun um verkfallsboðun hafi verið tekin á löglegum fundi stjórnar og trúnaðarráðs sem haldinn var 13. apríl 1994, svo sem fundargerð beri með sér. Í trúnaðarráði eigi sæti 11 manns, 5 stjórnarmenn, 2 varastjórnarmenn og 4 trúnaðarráðsmenn. Níu manns hafi verið á fundinum.

Stefnandi gerir kröfu um að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu vegna verkfallsboðunarinnar. Þegar af þeirri ástæðu að stefndi hefur farið að lögum við boðun verkfallsins beri að hafna þessari kröfu stefnanda.

Krafa stefnda um málskostnað styðjist við 130. gr. eml.

Að mati stefnda leiða allar framangreindar málsástæður og lagarök til þess að taka ber sýknu- og málskostnaðarkröfu hans til greina.

Gefið hafa skýrslur fyrir dóminum, Már Gunnarsson, starfsmannastjóri Flugleiða hf., Baldur Bragason, yfirflugvirki, Ragnar Kjærnested, flugvirki, Hálfdán Hermannsson, formaður Flugvirkjafélags Íslands og Ragnar Karlsson, flugvirki.

Niðurstaða.

Um kröfulið nr. 1.

Úrlausn um lögmæti verkfalls flugvirkja, sem á að hefjast 25. apríl 1994, veltur á því hvort í gildi sé bindandi kjarasamningur milli málsaðila.

Kjarasamningur aðila rann út í árslok 1992. Var samningurinn laus allan fyrrihluta ársins 1993. Stefndi, Flugvirkjafélag Íslands, lagði fram kröfur 16. mars 1993. Í kjölfarið fylgdu samningaviðræður, aðallega á vegum ríkissáttasemjara, sem báru ekki árangur. Til að fylgja eftir kröfum sínum boðaði Flugvirkjafélag Íslands til ótímabundins yfirvinnubanns, sem hófst 10. júlí 1993. Kjaradeilunni lyktaði svo með samkomulagi gerðu 28. júlí 1993, sem báðir aðilar staðfestu. Um þýðingu þess samkomulags er ágreiningur í málinu.

Framangreint samkomulag er í átta liðum. Að hluta til er þar ótvírætt um kjaraatriði að ræða svo sem að því er tekur til verkfærapeninga, greiðslu fyrir mætingar í Reykjavík og fæðishlunninda. Að öðru leyti fjallar samkomulagið um samstarfsfyrirætlanir aðila varðandi afkastahvetjandi launakerfi, lífeyrissjóðsmál og erlend verkefni, en öll þessi atriði tengjast kjarahagsmunum í víðtækum skiln-

ingi. Í niðurlagi samkomulagsins lýsa aðilar sig sammála um að yfirfara heildarkjarasamninginn og gefa hann út með áorðnum breytingum, væntanlega einnig með þeim breytingum, sem samkomulagið hafði í för með sér.

Líta verður svo á að framangreint samkomulag sé bæði að efni og formi gildur kjarasamningur, sem feli í sér framlengingu á síðastgildandi heildarkjarasamningi málsaðila. Svo sem málavöxtum er háttað mátti stefnda vera ljóst að stofnað var til þessa gernings af hálfu stefnanda í trausti þess að skapa vinnufrið til frambúðar, enda var yfirvinnubanni stefnda aflýst um leið og samkomulagið var staðfest á félagsfundi 29. júlí 1993. Ekki verður fallist á að ákvæði 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 eigi við um þetta samkomulag aðila og ber því að hafna varakröfu stefnda.

Sá annmarki er á samkomulaginu frá 28. júlí 1993 að þar er hvorki getið um gildistíma né uppsagnarfrest. Stefnandi, Flugleiðir hf., lítur svo á að samkomulagið eigi að gilda til ársloka 1994 eins og almennir kjarasamningar í landinu. Á þetta verður ekki fallist því að Flugvirkjafélag Íslands felldi á fundi 27. júlí 1993 tillögu að nýjum kjara- og samstarfssamningi þar sem lagt var til að kjarasamningur aðila framlengdist til 31. desember 1994. Líta verður svo á, sbr. 6. gr. laga nr. 80/1938, að samkomulagið frá 28. júlí 1993, sem fól í sér framlengingu heildarkjarasamnings, gildi í eitt ár eða til 28. júlí 1994 og sæti þriggja mánaða uppsagnarfresti. Samkvæmt þessu er kjarasamningur nú í gildi milli málsaðila. Óheimilt er að knýja fram breytingar á honum með verkfalli meðan svo standa sakir. Ber því að fallast á þá kröfu stefnanda að verkfall stefnda, Flugvirkjafélags Íslands, sem boðað var 15. apríl 1994 og koma á til framkvæmda kl. 05:00 mánudaginn 25. apríl 1994, sé ólögmætt.

Um kröfulið 2.

Frá og með föstudeginum 15. apríl 1994 hafa flugvirkjar neitað því að vinna yfirvinnu hjá Flugleiðum hf. Hefur þessi óvænta neitun valdið erfiðleikum í flugrekstrinum. Flugvirkjar hafa ekki gefið neina skýringu á þessari afstöðu sinni aðra en þá að hverjum flugvirkja fyrir sig sé frjálst að ákveða hvort hann tekur að sér yfirvinnustörf eða ekki. Augljóst er að hér er um samantekin ráð flugvirkja að tefla, sem tengjast kjaradeilu málsaðila, en flugvirkjar hættu að mæta til yfirvinnu sama dag og Flugvirkjafélag Íslands tilkynnti fyrirhugað verkfall hjá Flugleiðum hf. Á hinn bóginn er ekki

nægilega sannað að Flugvirkjafélag Íslands hafi átt hlut að þessum aðgerðum eða hvatt til þeirra og því verður ekki hjá því komist að sýkna stefnda af þessari kröfu stefnanda.

Ekki þykja efni til að dæma stefnda, Flugvirkjafélag Íslands, til greiðslu sektar og ber að sýkna af þeirri kröfu stefnanda.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 90.000,–.

Dómsorð:

Verkfall stefnda, Flugvirkjafélags Íslands, hjá stefnanda, Flugleiðum hf., sem boðað var af stefnda með bréfi dags. 15. apríl 1994 og koma á til framkvæmda kl. 05:00 mánudaginn 25. apríl 1994, er ólögmætt.

Stefndi skal vera sýkn af kröfu stefnanda um að tilgreint yfirvinnubann, sem hófst 15. apríl 1994, verði dæmt ólögmætt.

Stefndi á að vera sýkn af kröfu stefnanda um greiðslu sektar.

Stefndi greiði stefnanda kr. 90.000,– í málskostnað.

Þriðjudaginn 31. maí 1994.

Nr. 2/1994. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Flugvirkjafélags Íslands
vegna Finns Björnssonar
(Bjarki H. Diego hdl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
f.h. Flugleiða h/f
(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

Kjarasamningur. Hámarksaldur. Uppsögn úr starfi. Skaðbætur.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16A, Reykjavík, f.h. Flugvirkjafélags Íslands, kt. 550169-0109, Borgartúni 22, Reykjavík, vegna Finns Björnssonar, kt. 140725-3319, Bjarmalandi 10, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Flugleiða h/f, kt. 601273-0129, Reykjavíkurflugvelli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að stefnanda hafi, skv. 5. gr. kjarasamnings milli Flugvirkjafélags Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. hins vegar, frá 11. sept. 1990 (þjóðarsátt), borið 6 mánaða uppsagnarfrestur þá er honum var sagt upp störfum með bréfi dags. 26. júní 1992, og að áðurgreind uppsögn Flugleiða hf. hafi brotið í bága við greinda 5. gr. kjarasamningsins.

Að stefndi, Flugleiðir hf., verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.259.841,– með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 af kr. 114.531 frá 14.8. 1992 til 28. 8. 1992, en af kr. 229.062 frá þeim degi til 11. 9. 1992, en af kr. 343.593 frá þeim degi til 25. 9. 1992, en af kr. 458.124 frá þeim degi til 9. 10. 1992, en af kr. 572.655 frá þeim degi til 23. 10. 1992, en af kr. 687.186 frá þeim degi til 6. 11. 1992, en af kr. 801.717 frá þeim degi til 20. 11. 1992, en af kr. 916.248 frá þeim degi til 4. 12. 1992, en af kr. 1.030.779 frá þeim degi til 18.

12. 1992, en af kr. 1.145.310 frá þeim degi til 31. 12. 1992, en af kr. 1.259.841 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. mati dómsins, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara að bótakrafa stefnanda verði lækkuð verulega. Að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Mál þetta var þingfest hinn 1. mars sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 20. maí sl.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

1. Stefnandi kveður málavexti vera þá að hann hafi starfað hjá Flugleiðum hf. sem flugvirki um árabil. Með bréfi dags. 26. júní 1992, hafi honum verið sagt upp störfum hjá félaginu frá og með 31. júlí 1992, eða með rúmlega mánaðar fyrirvara. Í nefndu bréfi hafi verið vísað til þess að hámarksaldur flugvirkja í starfi hjá félaginu miðaðist við 67 ára aldur, en stefnandi hafi orðið 67 ára þann 14. júlí 1992.

Samkvæmt 5. gr. kjarasamnings milli Flugvirkjafélags Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. hins vegar (svokallaðs „þjóðarsáttarsamnings"), frá 11. sept. 1990, sé uppsagnarfrestur flugvirkja sem orðnir séu 63 ára og starfað hafa í a.m.k. 10 ár hjá Flugleiðum hf. 6 mánuðir.

Telur stefnandi því, með vísan til áðurgreinds kjarasamningsákvæðis, að hann eigi ótvíræðan og skilyrðislausan rétt til 6 mánaða uppsagnarfrests, enda hafi hann starfað sem flugvirki hjá Flugleiðum hf. í meira en 10 ár og sé orðinn 63 ára, þá er honum var sagt upp störfum.

Þannig telur stefnandi að áðurgreind uppsögn Flugleiða hf. þar sem einungis hafi verið um að ræða rúmlega mánaðar uppsagnarfrest, sé brot á 5. gr. fyrrgreinds kjarasamnings, þar sem skýrlega sé kveðið á um það að stefnandi eigi rétt á 6 mánaða uppsagnarfresti.

Telur stefnandi að þrátt fyrir að starfsaldurslok hafi verið fyrirhuguð af hálfu Flugleiða hf. hafi þurft að tilkynna uppsögn með þeim fyrirvara sem 5. gr. áðurgreinds samnings geri ráð fyrir, enda hafi við samningu greinds kjarasamningsákvæðis fyrst og fremst verið fjallað um uppsagnarfrest vegna starfsloka.

Með vísan til ofangreinds mótmælir stefnandi þeim skilningi

Flugleiða hf., sem fram kemur í framlögðu bréfi félagsins til lögmanns stefnanda um að fyrirhuguð starfsaldurslok leiði til þess að rétt sé að víkja frá skýrum ákvæðum áðurgreinds kjarasamnings, enda komi ekkert fram um það, hvorki í samningum né lögum, að flugvirkjar skuli láta af störfum við 67 ára aldur, heldur virðist sem einungis sé um að ræða e.k. „innanhússreglu" hjá Flugleiðum hf. Verði ekki talið að slík einhliða hámarksaldursviðmiðun Flugleiða hf. breyti nokkru varðandi skýran samningsbundinn uppsagnarfrest starfsmanna félagsins.

2. Stefnandi kveður fjárhæð skaðabótakröfu sinnar miðast við full laun í uppsagnarfresti. Við útreikning þessa séu lagðir til grundvallar tveir síðustu launaseðlar stefnanda, en hann kveðst hafa fengið útborguð laun hjá Flugleiðum h/f hálfsmánaðarlega. Samkvæmt áðurgreindum launaseðlum, sem lagðir séu fram í málinu, hafi stefnandi haft í laun fyrir síðasta mánuðinn sem hann hafi unnið hjá Flugleiðum hf., kr. 118.710,– fyrir tímabilið 3.–17. júlí 1992 og kr. 110.352,– fyrir tímabilið 17.–31. júlí 1992, eða kr. 114.531,– að jafnaði, og sé sú fjárhæð lögð til grundvallar þegar reiknaðar séu skaðabætur vegna hinnar ólögmætu uppsagnar.

Stefnandi kveður að samkvæmt framansögðu hafi honum verið sagt upp störfum með rúmlega mánaðar uppsagnarfresti, þegar Flugleiðum hafi í raun borið að segja honum upp með 6 mánaða uppsagnarfresti. Með hliðsjón af því hafi hann átt rétt til launa hálfsmánaðarlega fyrir tímabilið 1. júlí 1992–1. janúar 1993, þegar ráðningarslitin hafi með réttu átt að taka gildi, eða í alls 13 skipti, en stefnandi kveður að hann hafi einungis fengið greidd laun til 31. júlí 1993. Telur stefnandi sig því hafa átt rétt til launagreiðslna hálfsmánaðarlega fyrir tímabilið 1. ágúst 1992–1. janúar 1993, eða samtals í 11 skipti. Nemi dómkrafa stefnanda í máli þessu því samtals kr. 1.259.841,– (11 x 114.531).

Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi til 5. gr. kjarasamnings milli Flugvirkjafélags Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. hins vegar (þjóðarsáttar), en samkvæmt afdráttarlausu orðalagi ákvæðisins hafi stefnandi átt rétt á 6 mánaða uppsagnarfresti.

Skaðabótakröfu sína styður stefnandi við almennar reglur um skaðabætur vegna ólögmætrar uppsagnar og reglur um laun í uppsagnarfresti.

Um heimild til þess að krefjast skaðabóta fyrir Félagsdómi vísar stefnandi til 65. gr. laga nr. 80/1938.

Dráttarvaxtakröfu byggir stefnandi á III. kafla laga nr. 25/1987, en kröfu um málskostnað á 130. gr. l. nr. 91/1991.

Krafa um virðisaukaskatt af málskostnaði er byggð á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsynlegt að fá skattinn dæmdan úr hendi stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málsatvik að haustið 1989 hafi Flugleiðir hf. sett nýjar reglur um starfslok stjórnenda og tæknimanna, þ.á.m. flugvirkja félagsins, sem miðast við að þeir láti af störfum við 67 ára aldur. Við endurnýjun flugflota félagsins sem hófst vorið 1989 hafi orðið veruleg fækkun flugvirkja hjá félaginu. Flugvélstjórar sem verið höfðu í áhöfn á eldri gerðum flugvéla hafi átt samkvæmt kjarasamningi stefnanda forgangsrétt til starfa sem flugvirkjar. Samstaða hafi því orðið með aðilum að leitast við að draga úr uppsögnum yngri flugvirkja. Hafi lækkun hámarksaldurs flugvirkja verið eitt af þeim ráðum sem beitt hafi verið af hálfu Flugleiða hf. Sú aðgerð hafi verið rædd á fundum með stefnanda FVFÍ án þess að nokkrum mótmælum væri hreyft, en samsvarandi hafði áður gilt um starfslok flugvélstjóra. Ákvörðun Flugleiða hf. hafi jafnframt verið kynnt starfsmönnum í nóvember 1989 með tilkynningu í Flugleiðafréttum, blaði starfsmanna, sem Flugleiðir hf. hafi sent öllum starfsmönnum, þ. á m. stefnanda. Einnig hafi verið fjallað um fyrrgreinda starfslokareglu í Fréttabréfi stefnanda FVFÍ í desember 1991. Í samræmi við þetta hafi þeir flugvirkjar, sem náðu 67 ára aldri, látið af störfum um næstu mánaðarmót þar á eftir. Með bréfi dags. 28. október 1991 var stefnanda boðin þátttaka í námskeiði um verklok og væntingar sem ætlað sé starfsfólki, sem er að láta af störfum vegna aldurs. Sama bréf hafi einnig verið sent öðrum flugvirkja sem einnig nálgaðist starfslok og hafi hann nýtt sér námskeiðsboðið. Þar sem stefnandi hafi orðið 67 ára í lok júlí 1992 hafi starfslok hans orðið í lok þess mánaðar, sbr. framlagða tilkynningu Flugleiða hf. þar um.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að sömu formkröfur verði ekki lagðar til grundvallar við starfslok vegna aldurs og gilda við uppsögn úr starfi. Stefnandi hafi vitað með a.m.k. tveggja ára fyrirvara að samkvæmt reglum Flugleiða h/f skyldi hann láta af starfi við

67 ára aldur. Uppsagnarfrestur sé aftur á móti ætlaður til að gefa starfsmönnum umþóttunartíma til að leita að nýju starfi og jafnframt að tryggja að þeir fái tímanlega vitneskju um þá breytingu sem í vændum sé. Þar sem eldri starfsmönnum reynist oft erfiðara en þeim sem yngri eru að fá annað starf hafi verið samið um lengingu á uppsagnarfresti þeirra í kjarasamningum ASÍ og VSÍ þann 1. febrúar 1990. Fyrirsögn samningsgreinarinnar endurspegli þennan tilgang hennar. Þetta ákvæði hafi síðan verið tekið upp óbreytt í 5. gr. kjarasamnings aðila frá 11. september það ár. Sé því eindregið mótmælt að ákvæðinu hafi verið ætlað að gilda um starfslok vegna aldurs enda ekki tilgangur samningsaðila að breyta eldri framkvæmd hvað það varði. Í tilvikum sem þessu, þegar menn viti með áralöngum fyrirvara að starfslok verði við ákveðinn aldur, eigi fyrrgreint ákvæði ekki við. Reyndin sé líka sú að starfsmönnum sé sjaldnast sagt upp starfi með formlegum hætti í slíkum tilvikum. Uppsagnarreglum 5. gr. áðurgreinds samnings aðila verði því ekki beitt um starfslok stefnanda hjá Flugleiðum hf.

Þá er í öðru lagi á því byggt af hálfu stefnda að tilkynningarskyldu hans sé fullnægt með bréfinu, þar sem stefnda er tilkynnt um starfslok.

Að því er varðar skaðabótakröfu stefnanda er einnig á því byggt að hann hafi ekki boðið fram vinnuframlag sitt þann tíma sem bóta er krafist vegna og tekið við lokauppgjöri án athugasemda.

Varakrafa stefnanda er byggð á því að laun stefnanda fyrir viku 27-30 verði ekki lögð til grundvallar útreikningi bótafjárhæðar. Föst laun stefnanda hafi numið kr. 125.510,– á mánuði. Stefnandi hafi ekki átt samningsbundinn rétt til yfirvinnu og engin sönnun sé fyrir hendi um að honum hefði verið falin yfirvinna ef ekki hefði komið til starfsloka. Bílagreiðslur séu kostnaðarliður sem ætlað sé að mæta kostnaði stefnanda af að koma sér til vinnu. Er því mótmælt að stefnandi hafi átt rétt til launa í heil 11 launatímabil.

Um málskostnað er vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Í máli þessu reynir á ákvæði 5. gr. kjarasamnings milli Flugvirkjafélags Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. hins vegar. Ákvæði þetta, sem ber yfirskriftina „Starfslok", hljóðar svo: „Sé flugvirkja sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára

samfellt starf hjá félaginu, er uppsagnarfrestur 4 mánuðir ef flugvirki er orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann er orðin 60 ára og 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára. Flugvirki getur hins vegar sagt upp starfi sínu með 3 mánaða fyrirvara."

Ágreiningslaust er að stefnandi hafði áunnið sér 6 mánaða uppsagnarfrest samkvæmt samningsákvæði þessu.

Fyrir liggur að viðmiðunarregla Flugleiða hf. um að starfslok flugvirkja verði við 67 ára aldur var tekin upp og kynnt af hálfu félagsins seint á árinu 1989. Þar sem sú regla er hvorki bundin í lögum né kjarasamningi aðila getur hún eigi vikið til hliðar ótvíræðu ákvæði 5. gr. kjarasamnings aðila um 6 mánaða uppsagnarfrest, sem stefnanda bar samkvæmt framansögðu, enda var stefnda í lófa lagið að beita greindri viðmiðunarreglu án þess að víkja frá uppsagnarákvæði kjarasamningsins. Ber því að fallast á það með stefnanda að honum hafi borið 6 mánaða uppsagnarfrestur, í samræmi við tilgreint kjarasamningsákvæði, þá er honum var tilkynnt um starfslok með bréfi stefnda dags. 26. júní 1992, og að tilkynning með svo skömmum fyrirvara hafi brotið í bága við framangreint ákvæði kjarasamnings aðila.

Varðandi bótafjárhæð ber að leggja til grundvallar dagvinnulaun stefnanda fyrir 11 launatímabil, kr. 62.755,– fyrir hvert tímabil, en ekki er fallist á kröfu hans um yfirvinnu, sem hann átti ekki samningsbundinn rétt til og ekki er nægilega í ljós leitt að til hefði komið á því tímabili, sem hér um ræðir. Þá verður ekki heldur á það fallist að honum beri, eins og hér stendur á, réttur til bílagreiðslu, sem er útlagður kostnaður við að komast á vinnustað. Frá bótakröfu stefnanda ber að draga atvinnuleysisbætur að fjárhæð kr. 119.877,–. Samkvæmt framansögðu verður bótakrafa stefnanda tekin til greina með kr. 570.428,– (62.755 x 11-119.877) og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1993 til greiðsludags.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000,–. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefnanda, Finni Björnssyni, bar samkvæmt 5. gr. kjarasamnings milli Flugvirkjafélags Íslands annars vegar og Vinnu-

veitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. hins vegar frá 11. sept. 1990 6 mánaða uppsagnarfrestur þá er honum var tilkynnt um starfslok með bréfi stefnda dags. 26. júní 1992, og braut sú tilkynning í bága við framangreint ákvæði kjarasamnings aðila.

Stefndi, Flugleiðir hf., greiði stefnanda, Finni Björnssyni, kr. 570.428,– með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalagalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1993 til greiðsludags og kr. 100.000,– í málskostnað.

Fimmtudaginn 7. júlí 1994.

Nr. 6/1998. **Alþýðusamband Íslands f.h.**
Sjómannasambands Íslands
v/Sjómannasambands Hafnarfjarðar
(Björn L. Bergsson hdl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f.h.
Landssambands ísl. útvegsmanna
v/Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar
v/Hvals hf.
(Jónas Haraldsson hdl.)

Kjarasamningur. Skiptakjör. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Gunnar Sæmundsson og Valgeir Pálsson.

Málið, sem dómtekið var 29. júní sl., höfðaði Alþýðusamband Íslands, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Sjómannasambands Íslands, Borgartúni 18, Reykjavík, v/Sjómannasambands Hafnarfjarðar gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna, Hafnarhvoli v/Tryggvagötu, v/Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar v/Hvals hf., Reykjavíkurvegi 46–48, Hafnarfirði fyrir Félagsdómi með stefnu þingfestri 25. maí sl.

Dómkröfur:

Dómkröfur stefnanda eru, að dæmt verði að réttur sé sá skilningur stefnanda að ákvæði gildandi kjarasamnings málsaðila um síldveiðar þegar afli er frystur um borð í kafla 6.2, verði talinn gilda um síldveiðar b/v Venusar HF 519 þegar hann stundar síldveiðar með vörpu og frystir aflann um borð. Jafnframt er þess krafist að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Málavextir.

Haustið 1993 fékk útgerð b/v Venus HF 519, sem er frystitogari, leyfi sjávarútvegsráðuneytisins til að stunda í atvinnuskyni síldveiðar með vörpu og frysta aflann um borð. Í veiðiferðum skipsins í nóvember – desember 1993 var síldaraflinn frystur um borð.

Þann 10. nóv. 1993 sendi lögmaður og skrifstofustjóri LÍÚ Hólmgeiri Jónssyni framkvæmdastjóra Sjómannasambands Íslands símbréf. Í bréfi þessu segir m.a.: „Kristján Loftsson vill að þið svarið því strax hvort þið ætlið að fylgja þessum nótaveiðisamningi eftir þannig að mannskapurinn fengi um 50% með öllu. Sé svarið já, ætlar hann að kalla togarann strax inn og hætta þessu því hann nennir ekki að standa í svona rugli og ég ekki heldur." Sjómannasamband Íslands sendi útgerð skipsins bréf 11. nóvember 1993 þar sem bent var á að í kjarasamningi milli SSÍ og LÍÚ kafla VI á bls. 47 sé sagt til um skiptakjör o.fl. fyrir síldveiðar þegar veiðiskip frystir eigin afla um borð. Þar sem enginn annar kjarasamningur sé í gildi fyrir síldveiðar þegar aflinn er frystur um borð líti Sjómannasamband Íslands svo á að sá samningur gildi vegna síldveiða b.v. Venusar HF-519. Samningurinn gildi nema um annað verði samið. Í svarbréfi útgerðarinnar, dags. 16. nóvember 1993, segir svo: „Vér mótmælum skilningi yðar hvað varðar skiptakjör er gert verður upp við áhöfn frystitogara vors, Venus HF 519, vegna veiða og frystingar síldar um borð. Sá kafli er þér vísið til í téðu bréfi yðar á við um venjubundin nótaskip með áhöfn um 15 menn. Hvað varðar frystitogarann Venus HF 519 þá eru skiptakjör áhafnarinnar samkvæmt kafla 5.2. á blaðsíðu 39 í kjarasamningsbók útgefinna af SSÍ og LÍÚ (prentun 1991) en þar segir eftirfarandi: „5.2 frystitogarar. 5.21 Togari sem frystir aflann um borð."„ Í áhöfn frystitogarans Venus HF 519 eru 26 menn. Það getur varla verið ætlan Sjómannasambands Íslands að sagt verði upp um 11 manns úr áhöfn Venusar HF 519?"

Ágreiningur málsaðila er um það, hvort ákvæði um frystitogara gr. 5.2. í kjarasamningi S.S.Í. og L.Í.Ú. taki til síldveiða frystitogarans Venusar HF 519 eins og L.Í.Ú. heldur fram eða hvort ákvæði samningsins um síldveiðar, þegar afli er frystur um borð, gr. 6.2 taki yfir þessar veiðar eins og S.S.Í. heldur fram.

Útgerð frystitogarans Venus HF 519 gerði upp við áhöfnina skv. kafla 5.2. í kjarasamningi aðila.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að fordæmi séu fyrir því að frystitogarar, sem venjulega frysti bolfisk um borð, fari á rækjuveiðar hluta ársins þar sem þeir hafi veiðiheimildir á rækju. Hingað til hafi verið ágreiningslaust milli málsaðila að þegar frystitogari skipti yfir á rækjuveiðar gildi kjarasamningur um rækjuveiðar þegar aflinn

er frystur um borð. Á frystitogurum greiðist 10% álag á aflahlut sjómanna þegar bolfiskur er unninn og frystur um borð. Á rækjuveiðum greiðist hins vegar ekki 10% álag á aflahlut þótt afli sé frystur um borð. Sjómannasamband Íslands telji skilning málsaðila varðandi uppgjör til manna þegar frystitogari skipti yfir á rækjuveiðar vera fordæmi fyrir því að fara eigi eftir þeim samningi sem gildi fyrir viðkomandi veiðar en ekki eftir því hvaða skip eigi í hlut og beita beri síldarkafla samningsins með sama hætti. Í tilviki b/v Venusar HF 519 ætti því kjarasamningur fyrir síldveiðar þegar afli er frystur um borð að gilda vegna síldveiða skipsins, enda þótt það flokkist sem frystitogari að öðru leyti.

Samkvæmt kjarasamningi fyrir frystitogara sem frystir bolfisk um borð sé skiptaprósentan 32,5% þegar 26 menn eru í áhöfn, sbr. gr. 5.22. Auk þess greiðist 10% álag á aflahlut hvers og eins, sbr. gr. 5.27. Samkvæmt kjarasamningi um síldveiðar þegar afli er frystur um borð er skiptaprósentan 31% þegar 15 menn eru í áhöfn, sbr. gr. 6.21. í kjarasamningi. Fyrir hvern mann umfram 15 í áhöfn skipsins hækki skiptaprósentan um 1,3. Miðað við 26 menn í áhöfn sé skiptaprósentan því 45,3%. Ekkert álag sé greitt á aflahlut á síldveiðum þegar afli er frystur um borð.

Á tímabilinu 5. nóvember til 22. nóvember 1993 hafi verið fryst um borð í b/v Venusi 331.236 kg af síld. Heildaraflaverðmæti síldar miðað við fob söluskilmála hafi verið kr. 22.679.627. Skiptaverðmæti samkvæmt kjarasamningi séu 74,5% af fob verðmæti aflans eða kr. 16.896.322. Með því að gera upp við hvern háseta á grundvelli þeirra ákvæða kjarasamnings að um sé að ræða bolfisk sem frystur er um borð og að teknu tilliti til 10% álags vegna sjófrystingar sé aflahlutur hvers háseta kr. 255.951 með orlofi. Sé hins vegar miðað við þau ákvæði kjarasamnings sem gilda um síldveiðar þegar afli er frystur um borð verði sami háseta hlutur kr. 324.325. Það er því mikill munur á launum háseta eftir því hvaða ákvæði kjarasamnings eru notuð.

Stefnandi byggir á því að í gildandi kjarasamningi málsaðila séu ákvæði um almennar veiðar (bolfiskveiðar) frystitogara í gr. 5.2. Hins vegar séu einnig ákvæði í samningnum um sérveiðar, sbr. VI. kafla um síldveiðar með hringnót, sbr. gr. 6.01., um síldveiðar með flotvörpu, sbr. 6.02., um síldveiðar með reknetum, sbr. gr. 6.03., og sérákvæði um síldveiðar þegar afli er frystur um borð, sbr. gr. 6.2.

Ákvæði kjarasamnings um síldveiðar í VI. kafla taki þess vegna til allra síldveiða, en þar að auki séu í gr. 6.2. sérákvæði um síldveiðar þegar afli er frystur um borð. Stefndi Hvalur hf. byggi hins vegar á því, sbr. bréf dags. 16. nóvember 1993, að samningur málsaðila um síldveiðar þegar afli er frystur um borð eigi aðeins við um venjubundin nótaskip með áhöfn um 15 menn. Þessu er mótmælt. Eins og fram komi í umræddum samningi, gildi hann um „síldveiðar þegar afli er frystur um borð". Hvergi sé orði að því vikið í samningnum að hér sé fyrst og fremst átt við nótaveiðar, en ekki síldveiðar þegar frystitogari á í hlut. Grundvallaratriði þessa máls sé að í gildi sé milli aðila kjarasamningur sem taki til þeirra veiða sem stundaðar eru á b/v Venusi. Samningurinn sjálfur geri ráð fyrir því að skiptaprósentan hækki um 1,3 prósentustig fyrir hvern mann umfram 15, án þess að fjöldi skipverja sé takmarkaður á einn eða annan hátt. Það sé að vísu rétt að hin venjubundna síldveiði sé nótaveiði. Ef frystitogarar fái hins vegar leyfi til þess að stunda síldveiðar með sínum aðferðum og frysta aflann um borð, sé augljóst að um þær veiðar skuli fara eftir gr. 6.2. í kjarasamningi. Öðrum ákvæðum um þessar veiðar sé ekki til að dreifa í kjarasamningi aðila og fráleitur sá skilningur stefnda að sérákvæði kjarasamnings um frystitogara eigi við í þessu tilfelli. Þau ákvæði taki til hefðbundinna bolfiskveiða, sem lýsi sér m.a. í því að á þeim veiðum sé álag á aflahlut 10% vegna sjófrystingar, sem ekki eigi við í þessu tilfelli.

Stefnandi byggir á því að þó nokkur reynsla sé komin á það hvernig beri að túlka svipuð tilvik þegar frystitogarar eiga í hlut. Er þar bent á rækjuveiðar. Stefnandi heldur því fram, að þegar frystitogari skiptir yfir á rækjuveiðar skuli sérákvæði kjarasamnings um rækjuveiðar gilda þegar aflinn er frystur um borð. Hefðbundnar rækjuveiðar fari fram með öðrum hætti en þeim að frystitogarar eigi í hlut. Hins vegar séu sérákvæði gildandi kjarasamnings um rækjuveiðar fyrst og fremst um veiðarnar sjálfar og skiptakjör á rækjuveiðum, en ekki um tegund báta eða veiðarfæra sem veiðarnar stunda. Niðurstaða Félagsdóms í þessu máli hljóti þannig að snerta sjómenn á frystitogurum almennt, sem tímabundið stunda aðrar veiðar en hefðbundnar bolfiskveiðar, svo sem eins og á rækju.

Stefnandi byggir á þeirri grundvallarreglu varðandi túlkun kjarasamninga að orðalag þeirra skuli gilda nema báðir aðilar hafi ætlað annað. Í gildandi samningi um síldveiðar þegar afli er frystur um

borð séu tæmandi talin öll kjaraatriði. Hafi það verið ætlun stefnda að undanskilja einhverjar síldveiðar sérstaklega, þegar afli er frystur um borð, hefði það átt að koma fram í samningnum sjálfum. Áður en veiðar þessar hófust hafi stefndi enga tilraun gert til þess að leita hófanna um sérstakan samning vegna þessara veiða, sem hefði auðvitað verið rétt ef hér var einhver afgerandi nýjung á ferðinni. Hins vegar sé fráleitt að fella þessar veiðar undir hefðbundnar bolfiskveiðar frystitogara, enda verði almenn ákvæði kjarasamnings að víkja fyrir sérákvæðum þegar þau eru ekki samhljóða. Stefndi Hvalur hf. hafi hins vegar tekið einhliða upp hjá sér að miða uppgjör þessara umdeildu síldveiða við hefðbundin frystitogarakjör þegar bolfiskur er frystur um borð og skeyti þar með ekki um sérsamninga um síldveiðar.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að engar kröfur eða kvartanir hafi borist frá skipverjum á frystitogaranum hvorki fyrr né síðar. Þar sem ekkert svar hafi borist frá S.S.Í. við bréfi skrifstofustjóra L.Í.Ú. 10. nóvember hafi síldarfrystingu verið haldið áfram í trausti þess að fallið hefði verið frá því að krefjast þess að gert yrði upp skv. síldarbátasamningum og að nú sem endranær yrði farið eftir frystitogarasamningnum.

Af hálfu stefnda er þeim fullyrðingum stefnanda að málsaðilar séu sammála um að þegar frystitogari skiptir yfir á rækjuveiðar þá skuli sérákvæði kjarasamnings um rækjuveiðar gilda þegar afli er frystur um borð, mótmælt. Því er mótmælt að dæmi um slíkt, ef til eru, kunni að hafa hugsanlegt fordæmisgildi í þessu ákveðna dómsmáli.

Þann 13. apríl 1982 hafi verið gerður á Akureyri kjarasamningur milli L.Í.Ú. annars vegar og hins vegar S.S.Í., F.F.S.Í. og V.S.F.Í. um kaup og kjör á skuttogurum, sem frysta aflann um borð. Kjarasamningur þessi, sem síðar hafi verið felldur inn í rammasamning L.Í.Ú. og sjómannasamtakanna með einhverjum breytingum hafi verið almennur samningur og skyldi gilda, þegar afli væri frystur um borð í frystitogara. Í samningnum sé ekki tekið fram, að hann gildi eingöngu, þegar sumar fisktegundir eru frystar, en ekki þegar aðrar fisktegundir eru frystar. Hafi þessi samningur verið notaður, þegar hinar ýmsu fisktegundir hafa verið frystar, t.d. úthafskarfi, sem sé veiddur utan 200 sjómílna landhelginnar. Megi segja, að ekki hafi

hvarflað að mönnum árið 1982 að frystitogararnir ættu eftir að stunda úthafskarfaveiðar. Engin krafa hafi komið fram um sérstakan samning um veiðar og vinnslu úthafskarfa um borð í frystitogurum, frekar en um aðrar tegundir, sem frystitogarar fóru síðar að veiða í miklum mæli, eins og t.d. grálúðu og blálöngu. Árið 1993 hafi Venus HF-519 fryst 19 fisktegundir.

Síðla sumars 1988 hafi útgerðarmaður nótaskipsins Jóns Finnssonar RE-506 gert sérsamning við S.S.Í. og F.F.S.Í. um veiðar á síld, þegar aflinn er frystur um borð. Hafi verið samið m.a. um það, að skipstjórinn hefði 6,4% í hlut, eins og á öðrum nótaveiðum, sem er rúmlega þrír hásetahlutir. Skipstjórar á öllum öðrum fiskiskipum hafi tvo hluti. Ákvæði 3. og 4. töluliðar þessa samnings hafi verið hafður á þeim tíma í samræmi við frystitogarasamninginn, og tekið þar fram, að öðru leyti skuli gilda hin almennu ákvæði frystitogarasamningsins. Samkomulag þetta hafi gilt til 31. desember 1988. Þetta hafi verið einstaklingsframtak útgerðarmannsins án samráðs við L.Í.Ú. og orðið til þess að á næsta aðalfundi L.Í.Ú. í nóvember 1988 hafi verið samþykkt eftirfarandi breyting á samþykktum L.Í.Ú. „Útvegsmannafélagi eða einstökum útvegsmönnum skal óheimilt að gera kjarasamning við samtök sjómanna eða einstakar skipshafnir án samráðs við og með samþykki stjórnar sambandsins".

Þann 13. október 1989 hafi L.Í.Ú. og sjómannasamtökin gert með sér kjarasamning um þessar veiðar nótabáta, sem frysta aflann um borð, en auk Jóns Finnssonar RE-506, hafi nótaskipið Stafnes KE-130 og fleiri nótaskip stundað síldveiðar og fryst aflann um borð. Jón Finnsson RE–506 hafi stundað nótaveiðar og fryst síld árin 1988-1990, en árið 1991 hafi síldarkvótinn verið tekinn af skipinu. Enginn frystitogari hafi stundað síldveiðar, fyrr en Venus HF-519 árið 1993, eingöngu nótaskip.

Helstu rök stefnda fyrir sýknukröfu sinni eru þessi:

Fyrir liggi almennur frystitogarasamningur, þar sem engin einstök fisktegund sé undanskilin. Ekki heldur frysting á síld. Til þess að annar samningur geti gilt fyrir síldveiðar en hinn almenni frystitogarasamningur þurfi að liggja fyrir að til sé slíkur sérsamningur um síldarfrystingu frystitogara. Engir sérsamningar um frystingu á einstökum fisktegundum sé til varðandi frystitogara og gildi því almenni frystitogarasamningurinn um allar veiðar þeirra, hvaða fisktegund sem veidd er, nema samið verði sérstaklega um annað.

Til sé sérsamningur um síldarfrystingu, þar sem samið sé sérstaklega og eingöngu um síldarfrystingu nótabáta. Þótt ekki sé það berlega nefnt í heiti samningsins, þ.e. haus samningsins. Sé samningsaðilum þetta fullljóst, þ.m.t. framkvæmdastjóra stefnanda, sem sjálfur hafi tekið þátt í samningum um síldarfrystingu nótabáta 1989. Virðist þessi málshöfðun vera sett fram fyrst og fremst til þess að setja samningspressu á L.Í.Ú., enda hafi það verið krafa S.S.Í. að L.Í.Ú. geri sérsamninga um ýmsar veiðar við S.S.Í., sem ekki hafi gengið eftir undanfarin misseri, nema að hluta.

Þótt það standi ekki berum orðum, að átt sé við síldarbáta, en ekki frystitogara, þá komi það fram með einum eða öðrum hætti í kjarasamningabókinni milli S.S.Í. og L.Í.Ú. útgefinni 1991. Megi nefna sem dæmi:

1. Að greiða skipstjóra 6.4% í hlut, sem geri þrjá hásetahluti þekkist ekki nema á síldar- og loðnubátum, sem stunda nótaveiðar.
2. Á frystitogurum starfa 24-26 menn, en á bátum, sem stunda síldveiðar í nót og frysta aflann um borð starfa 14-16 menn. Útilokað sé að samið hafi verið um aðeins 15 menn sem viðmiðun í áhöfn á frystitogara, sem fari á síldveiðar, ef 24-26 menn þurfi til að geta stundað veiðar og fryst aflann.
3. Útilokað sé, að samningamenn L.Í.Ú. semji um gersamlega óraunhæfa mannatölu og skiptaprósentu um leið, sem hleypi launakostnaðinum upp í tæp 50% af fob-verðmæti aflans á móti rúmlega 35% á frystitogurunum þannig að ekki verði hægt að gera út frystitogarann.
4. Eigi síldarfrystisamningur síldarbáta, sbr. 6.2. gr. að gilda yfir frystitogarana, þá leiði það til þess, að ekki gildi lengur almenn ákvæði samningsins varðandi frystitogarana, heldur almenn ákvæði bátakjarasamninganna um síldveiðar, sbr. gr. 6.24. Sjá í þessu sambandi gr. 7.2 um frystingu loðnu á loðnuskipum, sbr. gr. 7.24. Sjá gr. 5.4. um báta, sem frysta bolfisk um borð, sbr. gr. 5.47. Í öllum þessum þremur tilvikum sé um að ræða báta, sem frysta aflann, enda vísað varðandi þessa báta í almenn ákvæði bátakjarasamninga viðkomandi veiðigreina, þ.e. síld, loðnu eða botnvörðu.
5. Eigi frystitogarasamningurinn ekki við varðandi frystitogarann Venus HF-519, þegar hann stundar síldarfrystingu, þá yrði að fara alfarið eftir almennu bátakjarasamningunum varðandi síld-

veiðar. Það þýði, að gert yrði upp mánaðarlega, eins og á bátunum, sbr. 1. mgr. gr. 1.09. um tryggingatímabil, en ekki eftir hverja veiðiferð, eins og er á frystitogurum, sbr. gr. 5.26. Ekki verði þá lengur um að ræða 48 klst. frí eftir hverja veiðiferð, eins og á frystitogurunum, heldur eins og segir í gr. 6.05. Ekkert 10% álag á aflahlut greiðist þá, eins og á frystitogurunum. Engir hlífðarfatapeningar greiðist og aukahlutir þeirra sem annast fiskvinnsluvélarnar detti út o.s.frv., sé ekki farið lengur eftir frystitogarasamningnum.

Þá bendir stefndi á, að í síðustu veiðiferðinni, sem hófst þann 8. desember og lauk þann 23. desember 1993 hafi frystitogarinn Venus HF-519 veitt í sömu veiðiferðinni bæði síld og annan fisk sem allt hafi verið gert upp eftir frystitogarakjörum eins og allur afli sem frystitogarinn veiðir. Ógerningur hefði verið að notast bæði við frystitogarasamning og síldarbátasamning í sömu veiðiferðinni varðandi uppgjör, hafnarfrí, frystiálag, aukahluti, jólafrí o.fl.

Sú grundvallarregla hljóti að gilda, að ákvæði almenns samnings gildi, nema hægt sé að sýna fram á og sanna, að sérsamningur sé til sem taki yfir hið tilgreinda samningssvið. Síldarveiðisamningurinn sem stefnandi vitni til taki ekki til frystitogara, heldur hafi eingöngu verið samið, fyrst árið 1988 og síðan 1989, um veiðar báta sem stunda síldveiðar í nót og frysta aflann um borð og miðað við nótaveiðar. Fari frystitogari á síldveiðar, þá gildi hinn almenni frystitogarasamningur að öllu leyti, nema samningsaðilar semji sérstaklega, að á frystitogurum, sem frysta síld skuli gilda önnur kjör, en hinn almenni frystitogarasamningur segir. Slíkur samningur hafi ekki verið gerður milli L.Í.Ú. og sjómannasamtakanna. Sé þar af leiðandi ekki hægt að viðurkenna dómkröfu stefnanda.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum þeir Gísli Jóhannesson útgerðarmaður Jóns Finnssonar RE-506 og Hólmgeir Jónsson framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands.

Fram kom hjá Gísla Jóhannessyni að lítill munur sé á vinnu við að frysta rækju um borð og síldarfrystingu. Nótaskipið Jón Finnsson sé 800 tonn að stærð.

Fram kom hjá Hólmgeiri Jónssyni, að þegar frystitogarar fara tímabundið á rækjuveiðar þá sé farið eftir rækjuveiðisamningi. Hólmgeir nefndi sem dæmi b/v Hrafn Sveinbjarnarson. Venjulega sé áhöfnin á skipinu 24-26 menn en þegar rækja er fryst hafi mönn-

um verið fækkað í 16. Sama sé um b/v Hólmadrang þegar hann fari tímabundið á rækjuveiðar þá sé mönnum fækkað úr 26 í 16. Nýlega hafi menn farið að veiða humar í tvíburatroll og hafi þá verið fjölgað í áhöfn úr 6 í 9 en ekki hafi skiptaprósenta til áhafnar verið hækkuð þess vegna heldur vísað í gildandi samning.

Niðurstaða.

Málið snýst um túlkun á gildandi kjarasamningi aðila sem lagður hefur verið fram sem dskj. 12. Í I. kafla samningsins eru almenn ákvæði. Í köflum II til XII eru sérákvæði um ýmiskonar veiðar og er þar miðað við mismunandi veiðifæri í köflum II til V og mismunandi veiðigreinar í köflum VI – XII, svo sem línuveiðar í II. kafla, netaveiðar í III. kafla, veiðar með dragnót í IV. kafla, botnvörpuveiðar í V. kafla, síldveiðar í VI. kafla, loðnuveiðar í VII. kafla, humarveiðar í VIII. kafla, rækjuveiðar í IX. kafla og svo framvegis. Í sérveiðigreinunum rækjuveiðum, síldveiðum og loðnuveiðum eru mismunandi kjör eftir því hvernig gengið er frá afla.

V. kafli kjarasamningsins er um botnvörpuveiðar og skiptist í fjóra undirkafla, þ.e. 5.0. um bátaveiðar, 5.1. um skuttogara, 5.2. um frystitogara, 5.4. um báta sem frysta bolfisk um borð. Í gr. 5.22. eru tilgreind skiptakjör áhafnar á frystitogara, sem stundar botnvörpuveiðar og frystir aflann um borð. Greinin er svohljóðandi:

„5.22 Um skiptakjör.

30.5% miðað við 20 menn

31.0% miðað við 21 mann

31.5% miðað við 22 menn

31.5% miðað við 23 menn

31.5% miðað við 24 menn

Fyrir hvern mann sem er um borð umfram framangreindan fjölda skal skiptaprósentan hækka um 0.5% til og með 31. manni".

VI. kafli samningsins skiptist í tvo undirkafla, þ.e. 6.01. til 6.11. almenn ákvæði um síldveiðar með hringnót, flotvörpu og reknetum og kafli 6.2. sérákvæði um síldveiðar þegar afli er frystur um borð. Í gr. 6.21. eru tilgreind skiptakjör áhafnar á síldveiðum þegar afli er frystur um borð. Greinin er svohljóðandi:

„6.21. Um skiptakjör.

Á síldveiðum þegar afli er frystur um borð skal hlutur skipverja af skiptaverðmæti vera sem hér segir.

Á skipum 111–300 rúml., 31,0% í 13 staði

Á skipum 301–500 rúml., 31,0% í 14 staði

Á skipum > 500 rúml., 31,0% í 15 staði.

Séu fleiri menn á skipi en að ofan greinir, hækkar skiptaprósentan um 1,3 prósentustig fyrir hvern mann, sem umfram er."

Fram er komið að þá er gildandi kjarasamningur var gerður voru ekki og höfðu ekki verið stundaðar síldveiðar á frystitogurum. Strax í fyrstu síldveiðiferð b/v Venusar HF 519 var ágreiningur um kjör skipverja, þ.e. hvort um skiptakjör þeirra skyldi fara eftir grein 6.21. í kjarasamningi aðila eða grein 5.22. Gert var upp við skipverja samkvæmt grein 5.22.

Fyrir liggur að hinar umdeildu síldveiðar voru nýjung að því leyti að frystitogarar höfðu ekki stundað slíkar veiðar. Hefur stefndi haldið því fram að skiptakjör skv. gr. 6.21. séu óeðlileg vegna mönnunar skipsins og ákvæði kjarasamningsins rækjust á með tilliti til uppgjörstímabila, fría o.fl. og uppgjör blandaðs afla yrði illframkvæmanlegt. Í þessu sambandi er rétt að fram komi, að óumdeilt er að haga má mönnun með tilliti til veiða og einnig að um uppgjör fer að öllu leyti eftir ákvæðum um viðkomandi veiðigrein ef afli er blandaður. Þá er upplýst um dæmi þess að farið hefur verið eftir IX. kafla kjarasamningsins um rækjuveiðar þegar frystitogarar stunda slíkar veiðar. Að þessu virtu þykja hvorki nein eðlisrök né framkvæmd geta leitt til þess að umræddur kjarasamningur verði skýrður á annan hátt en skv. orðan sinni varðandi deiluefnið.

V. kafli kjarasamningsins gildir um botnvörpuveiðar og VI. kaflinn um síldveiðar. Hér var um að ræða síldveiðar í flotvörpu en ekki botnvörpuveiðar. Þegar af þeirri ástæðu og samkvæmt skýlausum ákvæðum kjarasamningsins falla hinar umdeildu veiðar undir VI. kafla hans og þar sem afli var frystur um borð gilda ákvæði kafla 6.2. í kjarasamningnum enda eru ekki ákvæði um stærðartakmarkanir á skipum sem notuð eru við þessar veiðar.

Niðurstaða málsins verður því sú að kröfur stefnanda eru teknar til greina.

Samkvæmt 130. gr. laga nr. 91/1991 ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 80.000.

Dómsorð:

Ákvæði kafla 6.2, um síldveiðar þegar afli er frystur um borð, í kjarasamningi milli Sjómannasambands Íslands og

Landssambands ísl. útvegsmanna gilda um síldveiðar b/v Venusar HF 519 með vörpu þegar afli er frystur um borð.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna v/Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar v/Hvals hf. greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands v/Sjómannafélags Hafnarfjarðar, kr. 80.000 í málskostnað.

Sératkvæði
Björns Helgasonar og Valgeirs Pálssonar.

Með sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins fór frystitogarinn Venus HF-519 þrjár veiðiferðir síðla árs 1993, þar sem einkum var veidd síld til frystingar um borð í skipinu. Aðila greinir á um það hvort laun sjómanna í þessum veiðiferðum skuli ákveðin samkvæmt kafla 5.2. eða kafla 6.2. í gildandi kjarasamningi.

Í kafla 5.2. er samkvæmt yfirskrift kaflans fjallað um ákvörðun launa (þ.m.t. skiptaprósentu) sjómanna um borð í frystitogurum. Þessi kafli samningsins er að stofni til kjarasamningur frá 1982 um launakjör háseta um borð í frystitogurum, er útgerð slíkra skipa hófst hér á landi. Er óumdeilt að Venus er frystitogari og kjör sjómanna fara að jafnaði eftir þessum kafla kjarasamningsins, þegar skipið er við bolfiskveiðar og með botnvörpu.

Í kafla 6.2. er fjallað um kjör sjómanna á síldveiðum, þegar afli er frystur um borð. Upphaflega var þessi kafli í kjarasamningnum samkomulag, sem gert var árið 1988 á milli annars vegar Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og hins vegar útgerðar Jóns Finnssonar RE-506. Jón Finnsson, sem er nótaveiðiskip, var þá að hefja í fyrsta sinn síldveiðar í hringnót með það fyrir augum að frysta aflann um borð. Þegar samningur þessi var gerður á sínum tíma og hann síðan felldur inn í heildarkjarasamning aðila var ekki haft í huga að þessi hluti heildarkjarasamningsins skyldi ennfremur eiga við um kjör sjómanna á frystitogurum við síldveiðar, enda var þá ekki fyrirséð að til þess ætti eftir að koma, að síldveiðar til frystingar um borð yrðu stundaðar á frystitogurum.

Nokkurrar ónákvæmni virðist gæta í rökvissri uppbyggingu heild-

arkjarasamningsins, m.a. varðandi heiti aðalkafla og undirkafla og niðurröðun einstakra samninga í þá. Er hér væntanlega við báða aðila að sakast. Er varhugavert að láta heiti kafla láta ráða úrslitum um gildissvið hvers kafla eða undirkafla.

Í áhöfn Venusar HF-519 eru að jafnaði 26 manns, en á nótaveiðiskipum eins og Jóni Finnssyni RE-506 eru á hinn bóginn um 15 til 16 manns. Þegar litið er til þessa, forsögu og skilnings samningsaðila við gerð hinna umdeildu samningsákvæða eru öll eðlisrök, sem hníga að því að ákvæði í kafla 5.2. eigi að gilda um veiðar frystitogara, jafnvel þótt um sé að ræða síldveiðar og frystingu aflans um borð. Ákvæði kafla 6.2., sem fyrst og fremst eiga við um síldveiðar nótaveiðiskipa, eru svo eðlisólík þeim samningsákvæðum, sem gilda um frystitogara, bæði hvað varðar sögulegan bakgrunn og fjölda áhafnarmeðlima, að ótækt er að láta þann kafla kjarasamningsins gilda um síldveiðar frystitogara. Þessu getur ekki breytt þótt hinum upphaflega frystitogarasamningi hafi verið fundinn staður í þeim kafla (5. kafla) heildarkjarasamningsins, sem fjallar um botnvörpuveiðar, enda var endanlegt leyfi sjávarútvegsráðuneytisins til útgerðar Venusar HF-519 bundið við veiðar í vörpu en ekki í nót.

Upplýst er í málinu, að útgerðir tveggja til þriggja frystitogara hafi fallist á að miða við ákvæði kjarasamningsins um rækjuveiðar, þegar skip þessi hafa verið á rækjuveiðum. Ósannað er að útgerðir þessara skipa hafi samið um þessi atriði með vitund eða samþykki Landssambands íslenskra útvegsmanna. Ákvarðanir einstakra útgerðarmanna um kjör á frystitogurum geta því ekki talist bindandi fyrir aðrar útgerðir og ekki verður séð að með þessum fáu dæmatilvikum hafi skapast fordæmi eða venja, sem útgerð Venusar getur verið bundin af.

Verður að telja samkvæmt því sem nú hefur verið rakið, að kafli 5.2. í kjarasamningi eigi að gilda um launakjör sjómanna um borð í Venusi HF-519, er skipið stundar síldveiðar með vörpu og afli er frystur um borð. Því ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og dæma stefnanda til að greiða stefnda kr. 80.000,00 í málskostnað.

Mánudaginn 11. júlí 1994.

Nr. 7/1994. **Leiguflug, Ísleifur Ottesen hf.**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Félagi íslenskra atvinnuflugmanna F.Í.A.
(Atli Gíslason hrl.)

Ólögmæt vinnustöðvun.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Gunnar Guðmundsson og Gunnar Sæmundsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ.m., höfðaði Leiguflug, Ísleifur Ottesen, kt. 591291-1229, Reykjavíkurflugvelli, Reykjavík, fyrir Félagsdómi á hendur Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, F.Í.A., kt. 530169-3839, Háaleitisbraut 68, Reykjavík með stefnu útgefinni 5. þ.m. og þingfestri sama dag.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að ákvörðun stefnda um að boða verkfall hjá stefnanda er tekin var á félagsfundi í hinu stefnda félagi hinn 28. júní sl. og hefjast skal hinn 7 þ.m. kl. 00.01. verði dæmd ólögmæt.
2. Að framkvæmd boðaðs verkfalls hjá stefnanda verði dæmd ólögmæt.
3. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda:

Upphaflega krafðist stefndi þess að málinu verði vísað frá dómi en undir rekstri málsins breytti hann kröfu sinni á þann veg að krefjast þess að 2. lið í dómkröfu stefnanda verði vísað frá dómi.

Í öðru lagi er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Jafnframt er krafist málskostnaðar með virðisaukaskatti úr hendi stefnanda að mati dómsins hver sem úrslit málsins kunna að verða.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst á þá leið að stefnandi reki lítið flugfélag og séu verkefni þess einkum leiguflug og flugkennsla. Stefnandi, sem ekki sé aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands, hafi ekki kjarasamning við stefnda, en hafi gert starfssamninga, persónubundna ráðningarsamninga, við starfsmenn sína. Hafi stefnandi

gætt þess að kjör starfsmanna hans væru eigi lakari en lámarkslaun er aðilar vinnumarkaðarins hafa samið um fyrir sambærileg störf. Flugmenn í þjónustu stefnanda hafi framan af ekki verið aðilar að hinu stefnda félagi en hafi gerst aukafélagar í því fyrr á þessu ári með takmörkuðum félagsréttindum. Eftir þetta hafi hið stefnda félag leitað eftir því með vaxandi þunga að stefnandi gerði kjarasamning við félagið um kjör flugmanna í þjónustu hans, en stefnandi hafi hafnað slíkri samningsgerð og talið hana óþarfa þar eð starfssamningar flugmanna í þjónustu hans svo og lög um starfskjör launþega, auk ýmissa annarra laga og almennar reglur vinnuréttarins tryggðu með fullnægjandi hætti kjör og starfsöryggi starfsmanna hans. Þá henti þeir kjarasamningar sem stefndi leitaði eftir að gera, ekki því rekstrarformi, sem stefnandi viðhafi í rekstri sínum. Stefndi hafi boðað til félagsfundar er halda skyldi hinn 28. júní sl. og hafi fundurinn verið boðaður með dreifibréfi til félagsmanna, sem virðist hafa verið sent félagsmönnum hinn 24. júní og með auglýsingum í fjölmiðlum líklega 26.-27. júní. Fyrsta mál á dagskrá samkvæmt fundarboði hafi verið „staða samningamála við Leiguflug h.f. og tillaga stjórnar um verkfallsboðun“ . Fundurinn hafi verið haldinn að kvöldi 28. júní, en ekki hafist fyrr en nær 2 klst. eftir boðaðan tíma vegna þess að fundarsókn hafi ekki náð tilskyldu lágmarki skv. félagslögum fyrr en eftir að kallað hafi verið eftir mönnum að mæta á fundinn. Á fundi þessum hafi verið samþykkt með atkvæðagreiðslu, sem fram hafi farið með handauppréttingum, tillaga stjórnar um að boða verkfall hjá Leiguflugi h.f. Hafi þessi ákvörðun verið samþykkt á fundi trúnaðarráðs daginn eftir og muni tilkynning um þetta stíluð á Leiguflug h.f., merkt Ísleifi Ottesen, hafa verið boðsend hinn 29. júní sl. Stefnandi hafi mótmælt fyrirhugðu verkfalli sem ólögmætu með hraðskeyti hinn 1. þ. m. Hinn 4. júlí hafi aðilar verið boðaðir til fundar hjá Ríkissáttasemjara en fundurinn árangurslaus.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að ákvörðun félagsfundar um boðun umrædds verkfalls hafi verið ólögmæt þar eð hún fari í bága við ákvæði 15. gr. l. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Skv. tilvitnuðu ákvæði, sem talið sé geyma tæmandi upptalningu á þeim aðferðum við ákvarðanatöku sem gæta þurfi til að vinnustöðvun teljist heimil, geti félagsfundur ekki ákveðið að félag hefji vinnu-

stöðvun nema fram hafi farið almenn leynileg atkvæðagreiðsla í félaginu. Í máli þessu hafi ekki verið viðhöfð leynileg atkvæðagreiðsla heldur handaupprétting. Staðfesting trúnaðarráðs á ákvörðun félagsfundarins á fundi þess hinn 29.06. sl. hafi enga þýðingu. Samkvæmt lögum F.Í.A. 22. gr. hafi trúnaðarráð ekki heimild til að boða til vinnustöðvunar nema að fenginni heimild félagsfundar. Heimild c-liðar 15. gr. 1. 80/1938 eigi því ekki við í máli þessu enda hafi félagsfundurinn sjálfur ákveðið verkfallið með fyrrgreindum hætti. Umboð fundarins til trúnaðarráðs hafi ekki tekið til boðunar verkfalls hjá Leiguflugi h.f. enda hafi fundurinn þegar ákveðið það verkfall. Þá verði að ætla, að geti félagsfundur veitt trúnaðarráði umboð til verkfallsboðunar verði það að gerast með leynilegri atkvæðagreiðslu, sbr. b-lið 15. gr. l. 38/1980.

Stefnandi telur auk framanritaðs að efast megi um lögmæti marganefnds félagsfundar bæði vegna þess að hann hafi verið boðaður með afbrigðilegum hætti og styttum fyrirvara án þess að sýnilegt sé að brýna nauðsyn hafi borið til, svo og vegna þess að á boðuðum fundartíma hafi ekki verið mættur tilskilinn lágmarksfjöldi félagsmanna eða umboðsmanna þeirra. Félagsfundur geti ekki haft umboð til þess að boða verkfall, sem einvörðungu sé ætlað að taka til aukafélaga, sem hafi stórlega skert félagsréttindi og séu ekki atkvæðisbærir í félaginu, sér í lagi þegar fyrir liggi, að umræddir aukafélagar séu mótfallnir fyrirhuguðu verkfalli. Verði að telja að í b-lið 2. gr. félagslaga F.Í.A. sé átt við fullgilda félagsmenn einvörðungu, sbr. þann mun sem gerður sé í lögunum á félagsmanni, sbr. 11. gr. og aukafélaga, sbr. 6. og 7. gr. félagslaganna.

Ómálefnaleg og ólögmæt sjónarmið virðist ráða gerðum stefnda þegar hann ákveði að efna til verkfalls hjá einum litlum flugrekstraraðila úr hópi allnokkurs fjölda slíkra aðila, sem stefndi hafi ekki náð samningum við, sbr. 2. tl. í fundarboði stefnda dskj. nr. 3. og 4.

Ekki sé fullnægt skilyrðum 14. gr. 1. nr. 80/1938 fyrir verkfallsaðgerðum því að verkfallið sé ekki boðað til að vinna að framgangi krafna í vinnudeilum eða til verndar öðrum lögvörðum hagsmunum skv. lögum nr. 80/1938. Ekki sé um neina vinnudeilu að ræða, því í gildi séu ráðningarsamningar milli stefnanda og þeirra starfsmanna, sem eigi að fara í verkfallið. Þeim samningum hafi hvorki verið sagt upp, þeim rift eða þeir vanefndir. Fyrirhugað verkfall sé því brot á

friðarskyldu, sem almennt sé talin gilda í samskiptum aðila um kaup og kjör.

Stefndi hafi beint öllum athöfnum sínum, ályktunum og bréfaskriftum að Leiguflugi h.f. Félag með því nafni sé undir gjaldþrotaskiptum en núverandi flugrekstraraðili, sem stefndi ætli augljóslega að beina aðgerðum sínum að beri annað heiti, sbr. dskj. nr. 10. og 11. Þetta misræmi leiði til þess að ákvörðun um, boðun og framkvæmd fyrirhugaðs verkfalls hjá stefnanda fái ekki staðist og sé ólögmæt.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Samkvæmt 2. grein félagslaga Félags íslenskra atvinnuflugmanna, FÍA, sé það einn megintilgangur félagsins að gera samninga fyrir hönd félagsmanna sinna um kaup og kjör við alla sem kunni að ráða flugmenn til starfa. Hafi félagið gert fjölda kjarasamninga við stærri og smærri flugrekstraraðila. Eftir að stefnandi hóf starfsemi hafi verið leitað hófana um gerð kjarasamnings. Hafi stefnanda meðal annars verið ritað bréf 17. desember 1993 þar sem óskað var eftir kjarasamningsviðræðum. Í bréfinu hafi einnig verið minnt á skyldur stefnda við flugrekstraraðila, sem stefndi hafi gert kjarasamninga við, um að gera svipaða samninga við aðra með vísan til jafnræðis- og samkeppnissjónarmiða. Bréfinu hafi ekki verið svarað. Starfsmenn stefnanda hafi einnig leitað liðsinnis stefnda, átt viðræður við talsmenn FÍA og óskað eftir félagsaðild. Hafi verið orðið við þeim óskum. Jafnframt hafi starfsmenn stefnanda mætt á formlegan fund þann 17. janúar 1994 með forsvarsmönnum FÍA, lögmanni félagsins og fleiri flugmönnum smærri flugrekstraraðila þar sem farið hafi verið yfir félagslega stöðu flugmanna, kjarasamninga, réttindi og skyldur FÍA og félagsmanna og margt fleira. Hafi verið einhugur meðal fundarmanna um að knýja á um gerð kjarasamnings við nýja flugrekstraraðila sem ekki hafi verið samið við fyrr. Komi þar til skert starfsöryggi og fjölmörg kjaraatriði, sem þessir starfsmenn og starfsmenn annarra flugfélaga hafi talið að væri áfátt. Síðari samtöl við Ísleif Ottesen, framkvæmdastjóra stefnanda, hafi engan árangur borið.

Stefnanda hafi enn verið ritað bréf 14. júní og skorað á hann að semja um og gera kjarasamning sem ekki fæli í sér lakari kjör en kjarasamningur FÍA við Flugleiðir hf. Áður hafi stefnanda verið send tillaga að kjarasamningi og kjarasamningur FÍA og Flugleiða hf., en stefndi hafi verið reiðubúinn til að taka tillit til sérþarfa

stefnanda um öll kjaraatriði. Enn hafi stefnandi ekki séð ástæðu til að svara stefnda. Hafi stefndi því ekki átt aðra úrkosti en að knýja á um gerð kjarasamnings með boðun verkfalls. Hafi stjórn félagsins ákveðið að boða til félagsfundar til að kanna vilja félagsmanna og afla heimildar samkvæmt félagslögum til handa trúnaðarráði til verkfallsboðunar, eins og glöggt komi fram í fundarboðum á dskj. nr. 3 og 4 og fundargerð á dskj. nr. 17. Að dómi stjórnar hafi samkvæmt 33. grein félagslaga verið nauðsynlegt að afla verkfallsheimildar og boða til félagsfundar og fundar trúnaðarráðs hið allra fyrsta þar sem í hönd hafi farið háannatími og verkfallsaðgerðir líklegar til að leiða til gerðar kjarasamnings á mjög stuttum tíma og með sem allra minnstum erfiðleikum og tekjutapi fyrir báða aðila. Hafi verið boðað til félagsfundarins með auglýsingum í dagblaði og útvarpi 26. júní 1994 með úthringingum til félagsmanna gegnum hraðboðunarkerfi félagsins og auk þess með bréfum póstsendum 24. júní 1994. Með þessu hafi verið tryggt, að félagsmenn fengju fundarboð einum þremur sólarhringum fyrir fyrirhugaðan fund. Félagsfundurinn hafi verið haldinn 28. júní 1994 og hafi fundurinn samþykkt að heimila trúnaðarráði boðun verkfalls, eins og nánar sé lýst í fundargerð á dskj. nr. 17. Á fundinum hafi sérstaklega verið samþykkt að boða til verkfalls hjá stefnanda og ennfremur almenn heimild til trúnaðarráðs til að boða verkfall hjá þeim aðilum sem ósamið var við. Í þeim hópi sé stefnandi. Um fundinn og boðun hans hafi farið að félagslögum og hafi hann verið lögmætur. Á fundi trúnaðarráðs 29. júní 1994 hafi vinnustöðvun hjá stefnanda síðan verið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum fundarmanna, tólf trúnaðarráðsmanna af þeim sautján sem eigi sæti í trúnaðarráði, sbr. einnig fundargerð á dskj. nr. 18. Í fundargerðinni sé fjallað um verkfallssamþykktir félagsfundarins og tekið fram, að lögum skv. þurfi trúnaðarráð að samþykkja verkfallsboðun.

Vinnustöðvunin hafi verið tilkynnt stefnanda með bréfi dags. 29. júní 1994 og símskeyti dags. sama dag. Ennfremur hafi ríkissáttasemjara verið tilkynnt ákvörðun stefnda um vinnustöðvunina með því að senda honum afrit af bréfi til stefnanda. Tilkynningin hafi borist báðum aðilum með góðum skilum. Stefnandi hafi strax brugðist við boðuninni með hraðskeyti og jafnframt bréfi, dags. 1. júlí 1994, þar sem meðal annars var mótmælt ákvarðanatöku um verkfallið og boðun þess sem ólögmætri. Enginn misskilningur hafi

verið um það gegn hverjum vinnustöðvunin beindist, en framkvæmdastjóra stefnanda, sem móttók boðunina, hafi verið kunnugt um að hverju stefndi allt frá því er félagsfundurinn var auglýstur, en á fundinum hafi hann látið tvo starfsmenn sína skrá niður fundargerð fyrir sig, sbr. dskj. nr. 7.

Stefndi rökstuddi frávísunarkröfu sína einkum með því að kröfur stefnanda séu ekki dómtækar. Fyrri efniskrafa stefnanda byggi á þeim misskilningi, að endanleg ákvörðun um verkfall hafi verið tekin á félagsfundi. Jafnvel þótt stefndi féllist á þessa kröfu standi það fast að verkfall muni hefjast á grundvelli samþykktar trúnaðarráðs samkvæmt heimild í c lið 15. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeildur. Efnisdómur, sem gengi stefnanda í hag, breytti engu þar um. Dómurinn geti ekki á grundvelli kröfugerðar stefnanda, eins og hún sé orðuð, tekið á því hvort boðun trúnaðarráðsins sé lögmæt eða ekki og mun ekki fela í sér lyktir á deilu aðila, nema sýknudómur gangi. Megi segja að stefnandi sé að leita fræðilegs álits, sem ekki sé nauðsynlegt að gefa eins og hagar til með fyrri efniskröfu stefnanda.

Önnur efniskrafa stefnanda sé svo almenns eðlis, að efnisdómi á grundvelli hennar verði ekki fullnægt. Slíkur dómur skapaði fleiri vandamál en hann leysti. Krafan sé sett fram áður en verkfallið komi til framkvæmda og ekkert liggi fyrir um það hvað sé ólögmætt við framkvæmd verkfallsins. Virðist stefnandi ætla dóminum að sjá fyrir óorðna framkvæmd verkfalls.

Hvorug efniskrafa stefnanda fullnægi þeim réttarfarskröfum sem gera verði, sbr. einkum 1. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr. og d og f lið 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og einnig 50. gr. og 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Stefndi féllst á, að málið sé flutt í einu lagi um form- og efniskröfur, sbr. 2. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991.

Rökstuðningur fyrir sýknukröfum felist að verulegu leiti í lýsingu atvika hér að framan. Meginsjónarmið stefnda sé að boðun vinnustöðvunarinnar hafi í einu og öllu farið að c lið 15. gr. laga nr. 80/1936 sbr. 22., 32., 33., 30. og 34. gr. félagslaga stefnda á dskj. nr. 10. Þessi lögbundna aðferð hafi verið tíðkuð við nánast allar verkfallsboðanir um áratugaskeið án nokkurra andmæla frá félögum atvinnurekenda. Í þessu sambandi vísar stefndi til yfirlýsingar Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og úrdráttar úr félagslögum félagsins á dskj. nr.

25. Jafnframt er vísað til greinargerðar með frumvarpi að lögum nr. 80/1938 og fordæma sem rakin verði við aðalflutning málsins.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 80/1938 sé stefndi lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna. Flugmenn stefnanda séu félagsmenn stefnda. Hafi stefndi samningsrétt fyrir þá sem og aðra félagsmenn sína sem í framtíðinni kunni að hefja störf hjá stefnanda. Væri stefnda jafn heimilt að gera kröfu um kjarasamning hvort sem félagsmenn starfi hjá viðkomandi atvinnurekanda eða ekki. Sú sé grundvallarhugsun laga nr. 80/1938. Fyrir liggi, að stefnandi hafi hvorki gert kjarasamning né sé félagi í Vinnuveitendasambandi Íslands eða öðrum félögum atvinnurekenda sem hafi gert kjarasamninga sem nú eru í gildi. Stefndi hafi sett fram skýrar kröfur í vinnudeilu sinni við stefnanda, þess efnis að stefnandi gangi inn í gildandi kjarasamning. Hér sé um brýna kröfu að ræða sem varði miklu fyrir hagsmuni stefnda sem stéttarfélags. Krafan snúist um grundvallarréttindi stéttarfélaga, samningsréttinn. Stefnandi hafi ekki séð ástæðu til að svara þessum ítarlegu og sundurliðuðu kröfum og alls ekki leitað eftir að gera kjarasamning sem hentaði honum eins og ranglega sé fullyrt í stefnu. Stefnda sé því heimilt samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938 að beita verkfalli til að þvinga fram lausn á deilunni. Þá sé skýrt, að stefnandi hafi þverskallast við öllum tilmælum um kjarasamningsviðræður. Það eitt réttlæti verkfallsaðgerðir gegn honum. Aðrir samningsaðilar hafi sest að samningum. Stefndi minnir á þá meginreglu vinnuréttar, að beita megi verkfalli, nema það sé ótvírætt bannað með lögum. Stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á að verkfall stefnda sé andstætt lögum. Allra formreglna hafi verð gætt um boðun og tilkynningar.

Flugmenn hjá stefnanda séu fullgildir meðlimir í FÍA, sbr. 3., 4. og 5. grein félagslaga á dskj. nr. 10. Þeir starfi hjá flugrekstraraðila sem sé viðsemjandi FÍA. Stefnandi sé viðsemjandi stefnda hvort sem samningar hafi tekist eða ekki. Þá sé rétt að taka fram, að félagslög FÍA gildi í einu og öllu um svonefnda aukafélaga og njóti þeir allra réttinda og beri skyldur að öðru leyti en því að þeir hafi ekki atkvæðisrétt og kjörgengi, sbr. 6. grein félagslaganna. Stefndi mótmælir því að ómálefnaleg og ólögmæt sjónarmið hafi ráðið boðun verkfalls hjá stefnanda. Þvert á móti ráði þar skyldur og jafnræðissjónarmið gagnvart öðrum viðsemjendum og samkeppnisaðilum stefnanda. Kjarasamningar séu í gildi við allflesta flugrekstraraðila

og í burðarliðnum gagnvart öðrum samkeppnisaðilum stefnanda, svo sem Flugtaki. Framkvæmd verkfalla sé á valdi stéttarfélaga. Stéttarfélög geti boðað verkföll gagnvart einum eða fleirum atvinnurekanda á starfssvæði sínu, takmarkað verkfall við útflutning, bensínafgreiðslu eða byggingarstaði svo dæmi séu nefnd.

Af hálfu stefnda er þeim skilningi stefnanda mótmælt, að meintir ráðningarsamningar geti komið í stað kjarasamnings og leitt til þess að boðað verkfall sé brot á friðarskyldu. Ráðningarsamningar séu einstaklingsbundnir en kjarasamningar félagslegir. Félagslegur samningur hafi ekki verið gerður milli aðila málsins í skilningi laga nr. 80/1938 og þar með sé friðarskylda ekki fyrir hendi. Stefnandi hafi ekki gert skriflega ráðningarsamninga við starfsmenn sína, sbr. einnig yfirlýsingu á dskj. nr. 22. Stefnandi hafi aldrei velkst í vafa um að verkfallið beindist gegn honum. Hafi hann móttekið bæði bréf og símskeyti þar sem tilkynnt sé um vinnustöðvunina. Hafi vinnustöðvunin verið tilkynnt þeim sem hún beinist aðallega gegn í skilningi 16. gr. laga nr. 80/1938. Stefnandi kjósi sjálfur að stunda starfsemi sína undir nafninu Leiguflug hf., samkvæmt skráningu í símaskrá og á bréfsefni. Einnig sé talað um Leiguflug hf. í stefnu og í svokallaðri fundargerð starfsmanna stefnanda á dskj. nr. 7. Verkfallsboðun stefnda hafi verið stíluð á Leiguflug hf., Ísleif Ottesen, sbr. dskj. 19 og 5, og verði ekki mistúlkuð nema fyrir ómálefnalegar hártoganir, sem dómur verði ekki byggður á.

Dskj. nr. 7, 8 og 9 er mótmælt sem röngum, óstaðfestum og þýðingarlausum fyrir úrslit málsins. Flugmenn stefnanda hafi ekki samið um fjölmörg þýðingarmikil kjaraatriði, sem einkum lúti að starfsöryggi þeirra. Hér megi nefna starfsaldurslista, tryggingar, vinnutímareglur, reglur um útköll og bakvaktir, orlof, lífeyri, félagsgjöld, sjúkrasjóð, starfsmenntun, dagpeninga, einkennisföt, leiguflug erlendis, uppsagnir, veikindi og fleira, eins og dskj. 27 og 28 beri með sér. Stefnandi vilji vera einráður um kaup og kjör starfsmanna sinna og ráða þá og reka að eigin geðþótta. Hann virði samningsrétt stefnda að vettugi, rétt sem talinn sé til mannréttinda, sbr. 23., 24. og 25. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og félagsmálasáttmála Evrópu, einkum I. kafla tl. 5 og 6 og 5., og 6. gr. II. kafla.

Krafa um málskostnað er rökstudd með vísun til XXI. kafla laga

nr. 91/1991 og um virðisaukaskatt með vísun til laga nr. 50/1988, en stefndi reki ekki virðisaukaskattskylda starfsemi.

Niðurstaða.

Í 15. gr. laga nr. 80/1938 er tæmandi talið með hvaða hætti ákvörðun um vinnustöðvun skuli tekin. Er um þrjár mismunandi leiðir að ræða og er vinnustöðvun, sem samþykkt er á annan hátt, ólögmæt.

Í öðrum lið kröfugerðar stefnanda er þess krafist að framkvæmd boðaðs verkfalls hjá stefnanda verði dæmd ólögmæt. Krafa þessi er ekki svo ljóst orðuð sem skyldi en í málflutningi lögmanns stefnanda kom fram, að um væri að ræða kröfu um, að verkfall það sem hefjast skyldi 7. þ.m. kl. 00.01 yrði dæmt ólögmætt. Með vísan til 56. gr. laga nr. 80/1938 þykir mega skýra kröfuna á þann veg enda fer slík skýring ekki í bága við orðalag í stefnu. Ekki er því ástæða til að vísa þessum kröfulið frá dómi svo sem stefndi krefst.

Fram er komið, að ákvörðun stefnda var hvorki tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu samkvæmt a. lið 15. gr. laga nr. 80/1938 né af samninganefnd eða félagsstjórn, sem fengið hafði umboð til að taka ákvörðun um vinnustöðvun samkvæmt b. lið sömu lagagreinar. Af þessu er ljóst að ákvörðun um vinnustöðvun verður ekki tekin á félagsfundi. Þetta fær enn frekari stoð í meðferð frumvarps til laga nr. 80/1938 á Alþingi.

Kemur þá til athugunar hvort gild ákvörðun um vinnustöðvun hjá stefnanda hafi verið tekin samkvæmt c. lið 15. gr. laga nr. 80/1938. Sá stafliður heimilar að ákvörðun um vinnustöðvun sé tekin „af trúnaðarmannaráði, ef lög viðkomandi félags fela því slíkt vald, enda hafi vinnustöðvunin verið samþykkt með a.m.k. 3/4 hlutum greiddra atkvæða á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi."

Félagslög stefnda hafa að geyma eftirfarandi ákvæði í 22. gr. um ákvörðun trúnaðarráðs um vinnustöðvun: „Trúnaðarráð hefur heimild til að boða vinnustöðvun að fenginni heimild félagsfundar, sbr. 32. grein. Trúnaðarráð hefur heimild til að létta af vinnustöðvun." Þá segir svo um lögmæti funda trúnaðarráðs og atkvæðameirihluta til gildrar ákvarðanatöku: „Lögmætir eru fundir ráðsins sé helmingur þess mættur og ræður meirihluti atkvæða, nema í vinnudeilum. Þarf þá 3/4 hluta greiddra atkvæða til boðunar aðgerða en meirihluta til afboðunar. Slík ákvörðun er þá lögmæt og bindandi fyrir alla félagsmenn." 32. gr. félagslaganna hljóðar svo: „Til að

heimila trúnaðarráði verkfallsboðun skv. 22. gr. þarf samþykki 2/3 hluta félagsmanna á lögmætum félagsfundi."

Ákvörðun um verkfallsboðun hjá stefnanda var tekin á almennum félagsfundi stefnda, sem haldinn var 28. júní sl. Samkvæmt framlagðri fundargerð þessa fundar stefnda var samþykkt fundarins um verkfallsboðun þessa, sem óumdeilt er að gerð var með handauppréttingu, svohljóðandi:

„Félagsfundur FÍA haldin þann 28.06 1994 samþykkir að boða verkfall hjá Leiguflugi h.f. frá og með 7. júlí 1994."

Hinn 29. júní sl. var haldinn fundur í trúnaðarráði stefnda. Í framlagðri fundargerð trúnaðarráðsins kemur fram, að aðeins eitt mál var á dagskrá fundarins eða eins og segir í fundargerðinni:

„Verkfallsboðun hjá leiguflugi Ísleifs Ottesen.

Félagsfundur haldin 28. júní samþykkti verkfallsboðun hjá leiguflugi Ísleifs frá 7. júlí 1994, en lögum samkvæmt þarf trúnaðarráð að samþykkja verkfallsboðun.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Fundur trúnaðarráðs FÍA þann 29. júní '94 samþykkir boðun vinnustöðvunar hjá leiguflugi h.f./Flugmennt frá og með 7. júlí 1994.

Litlar umræður um tillöguna og hún því borin undir atkvæði og samþykkt með 12 atkvæðum."

Ekki verður ráðið af gögnum málsins, að boðun til umræddrs félagsfundar stefnda hafi út af fyrir sig verið áfátt, sbr. 33. gr. félagslaga stefnda, eða að fundur þessi hafi af öðrum ástæðum verið ólögmætur. Af fyrrgreindum ákvæðum félagslaga stefnda leiðir hins vegar, að trúnaðarráði stéttarfélagsins er ekki falið óskilyrt vald til að taka ákvörðun um vinnustöðvun samkvæmt félagslögunum., Er og óumdeilt, að trúnaðarráðið er ekki bært til að taka ákvörðun um vinnustöðvun nema með samþykki félagsfundar. Þegar þetta er virt og ákvörðun nefnds félagsfundar stefnda um hina umdeildu vinnustöðvun hjá stefnanda, verður ekki talið að ákvörðun um vinnustöðvunina hafi verið tekin með þeim hætti, sem mælt er fyrir um í c. lið 15. gr. laga nr. 80/1938.

Samkvæmt framansögðu hefur fyrirmæla 15. gr. laga nr. 80/1938 því ekki verið gætt við ákvörðun um hina umdeildu vinnustöðvun. Ber því að taka til greina þær kröfur stefnanda að ákvarðanir stefnda um vinnustöðvun þessa, sem boðuð var með bréfi, dags. 29.

júní 1994, og hefjast átti kl. 00:01 fimmtudaginn 7. júlí 1994, verði dæmdar ólögmætar.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

D ó m s o r ð:

Kröfu stefnda um frávísun annars liðs í stefnu er hafnað.

Vinnustöðvun hjá stefnanda, Leiguflugi, Ísleifur Ottesen hf., sem boðuð var af stefnda, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, með bréfi, dags. 29. júní 1994, og hefjast skyldi kl. 00:01 fimmtudaginn 7. júlí 1994, er ólögmæt.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 5. september 1994.

Nr. 9/1994. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Gunnar Björnsson cand. jur.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands
vegna Félags íslenskra hljómlistarmanna
(Lára V. Júlíusdóttir hdl.)

Verkfall. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Guðmundur Skaftason og Jón Þorsteinsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ.m., höfðaði Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra Reykjavík, f.h. ríkissjóðs, kt. 540269-6459, fyrir Félagsdómi á hendur Alþýðusambandi Íslands, Grensásvegi 16, Reykjavík, kt. 420169-6209, vegna Félags íslenskra hljómlistarmanna, kt. 530169-5539, Rauðagerði 27, Reykjavík með stefnu birtri 2. þ.m. .

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að ólögmæt sé verkfallsboðun sú sem tilkynnt var samninganefnd ríkisins hinn 29. ágúst 1994 af Félagi íslenskra hljómlistarmanna vegna þeirra félagsmanna hans, er starfa sem lausráðnir hljóðfæraleikarar hjá Þjóðleikhúsinu og hefjast skal hinn 5. september 1994.
2. Að viðurkennt verði með dómi, að verkfall, er kann að vera komið til framkvæmda á grundvelli verkfallsboðunarinnar, þegar dómur Félagsdóms fellur, sé ólögmætt.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda:

Krafa um sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar til handa stefnda.

Málavextir.

Með bréfi dagsettu 20. júní 1994 óskaði Félag íslenskra hljómlistarmanna eftir viðræðum um kjarasamning. Stefnandi féllst á að taka upp slíkar viðræður. Í kjölfar þess voru haldnir þrír formlegir samningafundir. Hinn fyrsti 4. ágúst 1994. Í framhaldi af honum

voru haldnir tveir samningafundir, 8. ágúst sl. og 18. ágúst sl. Ákveðinn var fundur 23. ágúst 1994 en sá fundur var afboðaður. Með bréfi dags. 23. ágúst, sem móttekið var í fjármálaráðuneytinu þann 24. ágúst, boðaði Félag íslenskra hljómlistarmanna verkfall frá og með 1. september 1994. Sú verkfallsboðun var hins vegar aldrei tilkynnt til ríkissáttasemjara, sbr. 16. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Hinn 29. ágúst sl. afhenti Félag íslenskra hljómlistarmanna samninganefnd ríkisins, ríkissáttasemjara og þjóðleikhússtjóra bréf dags. þann sama dag. Bréfið var móttekið hjá ríkissáttasemjara kl. 15:10, hjá samninganefnd ríkisins kl. 15:30 og hjá þjóðleikhússtjóra kl. 15:35. Með því bréfi boðaði Félag íslenskra hljómlistarmanna til verkfalls. Í því bréfi segi m.a. orðrétt:

„Þar sem komið hefur í ljós við nánari eftirgrennslan að verkfall það sem boðað var til þann 23.8. sl. var ekki boðað með lögformlegum hætti, þar sem bréf var ekki sent til sáttasemjara, er boðað hér með að nýju til verkfalls í dag 29.8., með bréfi þessu til sáttasemjara ríkisins og hefst verkfall 5. september 1994."

Í kjölfar þessa bréfs ritaði formaður samninganefndar ríkisins Félagi íslenskra hljómlistarmanna bréf hinn 31. ágúst 1994. Í því bréfi er vakin athygli á því að verkfallsboðunin hafi verið móttekin síðdegis á mánudeginum 29. ágúst og því verði ekki liðnir 7 sólarhringar á miðnætti aðfararnótt mánudagsins 5. september 1994, en samkvæmt hefð hefjist verkföll við upphaf tiltekins mánaðardags nema annað hafi verið tekið fram. Taldi samninganefnd ríkisins að verkfallsboðunin væri ógild, þar sem hún hefði ekki verið tilkynnt með lögboðnum 7 sólarhringa fyrirvara, sbr. 16. gr. laga nr. 80/1938.

Með bréfi dagsettu 31. ágúst 1994 mótmælti lögmaður Félags íslenskra hljómlistarmanna þessari afstöðu samninganefndarinnar. Í bréfi lögmannsins er því haldið fram að vinnutími félagsmanna í Félagi íslenskra hljómlistarmanna hjá Þjóðleikhúsinu hefjist kl. 19:00 að kvöldi 5. september. Verði þá sannanlega a.m.k. 7 sólarhringar liðnir frá móttöku verkfallsboðunar.

Ágreiningur aðila er um það hvort verkfallsboðun Félags íslenskra hljómlistarmanna hjá Þjóðleikhúsinu hafi verið tilkynnt með nægum fyrirvara skv. 16. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst reisa málatilbúnað sinn á því að í 16. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur felist að vinnustöðvun skuli

tilkynna a.m.k. 7 sólarhringum áður en hún eigi að hefjast. Í verkfallsboðun Félags íslenskra hljómlistarmanna frá 29. ágúst 1994 sé ekki tekið sérstaklega fram á hvaða stundu verkfall skuli hefjast hinn 5. september 1994. Samkvæmt því verði að túlka verkfallsboðunina orðum sínum samkvæmt svo, að hún komi til framkvæmda þegar við upphaf þess dags. Samkvæmt því hljóti að felast í tilkynningunni að verkfall skv. henni skuli hefjast á miðnætti milli 4. og 5. september. Tilkynning þessi hafi hins vegar ekki verið afhent stefnanda og ríkissáttasemjara með hinum tilskylda lágmarksfyrirvara skv. 16. gr. laga nr. 80/1938. Stefnandi hafi þannig fengið hana í hendur 29. ágúst kl. 15:30 en ríkissáttasemjari tuttugu mínútum áður. Af því leiði að verkfallsboðunin hafi verið tilkynnt með of skömmum fyrirvara. Hið boðaða verkfall sé því ólöglegt.

Í 16. gr. felist sú krafa til verkfallsboðunar að hún beri skýrlega með sér öll þau atriði sem máli skipta um framkvæmd vinnustöðvunar. Gildi það m.a. um, hvenær nákvæmlega verkfall eigi að hefjast, hverjir séu verkfallsboðendur og gegn hverjum verkfalli sé beint. Mikilvægt sé að nákvæmlega liggi fyrir hvenær vinnustöðvun hefjist nokkru áður en hún byrjar. Viðsemjanda kjarasamnings, vinnuveitendum, svo og öllum þeim er vinnustöðvun kann að hafa áhrif á, þurfi að vera ljóst strax af orðalagi verkfallsboðunarinnar sjálfrar, nákvæmlega hvenær vinnustöðvun skv. henni skuli hefjast. Verkfallsboðun beri því skv. 16. gr. laga nr. 80/1938 að túlka út frá þeim skilningi sem felst í orðalagi hennar sjálfrar á þeirri stundu sem hún er afhent þeim aðilum sem lög áskilja. Ekki eigi að þurfa að leita út fyrir orðalag verkfallsboðunar við skýringu þess hvenær verkfall skv. henni skuli hefjast.

Samkvæmt orðalagi verkfallsboðunar stefnda feli hún í sér að starfsmenn innan vébanda stéttarfélags hans leggi niður störf miðað við upphaf 5. september og þeir muni ekki mæta til vinnu frá og með þeim tíma. Gildi þá einu hvenær þeir hefðu almennt átt að hefja vinnu þann dag sem verkfallsboðun tekur til, eða skv. áður tekinni sérstakri ákvörðun um upphaf vinnutíma þann dag.

Stefnandi telji þannig að ekki fái staðist að leita þurfi upplýsinga út fyrir það sem fram kemur í tilkynningunni sjálfri, við skýringu á því hvenær dags vinnustöðvun hefst eða það geti verið háð óvissum og tilviljanakenndum atvikum sem samningsaðilar kjarasamningsins hafi ekkert forræði yfir né vitneskju um. Alveg sé þannig ljóst að

ekki fái staðist að upphaf vinnustöðvunar geti ráðist af þeirri tilviljun hvenær innan sólarhrings einstakir starfsmenn innan vébanda stéttarfélags kunni eða eigi að hefja störf á þeim degi sem vinnustöðvun er ætlað að hefjast. Gagnvart gagnaðila kjarasamnings verði upphaf vinnustöðvunar skv. verkfallsboðun heldur ekki látið ráðast af því hvenær innan sólarhringsins verkfallsboðandi nær að afhenda gagnaðila og sáttasemjara verkfallsboðun sína. Ólögmæt verkfallsboðun verði heldur ekki lögmæt við tilkynningu verkfallsboðanda eftirá um að ekki sé tilætlunin að hefja vinnustöðvun fyrr en fullum 7 sólarhringum frá því tókst að afhenda þar til bærum aðilum tilkynningu.

Samkvæmt því telur stefnandi að við túlkun á því hvort verkfallsboðun hafi verið tilkynnt innan tilskilins 7 sólarhringa lágmarksfrests geti engin slík atriði komið til skoðunar heldur beri að túlka verkfallsboðun svo, að hún komi til framkvæmda þegar í upphafi viðkomandi dags. Frá því verði ekki gerð frávik nema það sé sérstaklega og skýrt tekið fram í verkfallsboðuninni sjálfri. Af hálfu stefnanda er því talið að túlkun skv. orðanna hljóðan leiði til þess að í verkfallsboðun stefnda felist að vinnustöðvun skuli hefjast þegar við upphaf 5. september. Slíka túlkun telur stefnandi ennfremur styðjast við áralanga framkvæmd í hliðstæðum tilvikum.

Jafnvel þó hið gagnstæða yrði lagt til grundvallar og talið að leggja mætti til grundvallar að verkfall hefjist á þeirri stundu er venjulegur daglegur vinnutími hefst telur stefnandi allt að einu að verkfallsboðunin sé ólögmæt. Í þessu tilviki hagi svo til að engum slíkum föstum vinnutíma sé til að dreifa er gagnaðili kjarasamnings geti með neinu móti gengið út frá. Upphaf daglegs vinnutíma sé þannig mismunandi frá einum degi til annars. Framlögð gögn, kjarasamningur og yfirlit yfir æfingar sýni ótvírætt að föstum vinnutíma sé ekki fyrir að fara. Þvert á móti hefjist vinnutími ýmist að morgni, um miðjan dag eða kvöldi og slíkt geti verið ákveðið með tiltölulega skömmum fyrirvara hverju sinni.

Verkfallsboðun stefnda sé hvað svo sem öðru líður hvorki nægilega glögg né skýr til að hún uppfylli þá kröfu sem gerð er skv. 16. gr. laganna að hún hafi verið tilkynnt 7 sólarhringum áður en tilætlunin var að hún hæfist. Stéttarfélag sem hyggi á verkfallsaðgerðir hafi í hendi sér að gera verkfallsboðunina þannig úr garði að ljóst sé

um öll þau atriði sem hún skal geyma og verði því að bera hallann af öllum vafaatriðum í þeim efnum.

Málskostnaðarkrafa stefnanda er byggð á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að við þá verkfallsboðun, sem hér er deilt um. hafi stéttarfélag verið að boða vinnustöðvun á einum afmörkuðum vinnustað vegna samnings þess vinnustaðar sem deilur höfðu staðið um lengi. Í öllu hafi verið farið eftir ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur við boðunina. Hún hafi verið skýr og tilgreint þau atriði sem lögin kveða á um. Hún hafi verið tilkynnt þeim aðilum sem 16. greinin tilskilur 7 sólarhringum áður en vinnustöðvun hefjist. Fyrir hafi legið um nokkurt skeið hvenær æfing skyldi verða, það er kl. 19.30 um kvöldið og því hafi liðið 7 lögákveðnir sólarhringar frá því að verkfall var sannanlega boðað og þar til vinnustöðvun fyrst gat hafist. Báðum samningsaðilum hafi verið fullkomlega ljóst að verkfallsboðunin náði aðeins til Þjóðleikhússins og að vinna hljóðfæraleikara þann dag hafi verið ákveðin kl. 19.30 um kvöldið. Þetta hafi verið tilkynnt munnlega og staðfest síðan skriflega á æfingu þann 31. ágúst sl. Hafi ekkert verið við þennan hátt að athuga samkvæmt kjarasamningi, sem kveði á um það í grein 6.1. að leitast skuli við að boða æfingar með að minnsta kosti einnar viku fyrirvara.

Stefnandi haldi því fram að þar sem ekki hafi verið getið tímasetningar hvenær verkfall skyldi hefjast í verkfallsboðuninni, verði að líta svo á að verkfall hefjist á miðnætti. Vísi hann til áralangrar framkvæmdar og fullyrði að sé ekki annað fram tekið í verkfallsboðun hefjist verkfall á miðnætti. Þessu er alfarið mótmælt. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að venja hafi skapast um að verkföll skuli hefjast á miðnætti sé annað ekki tekið fram. Hvergi í fræðibókum íslenskum eða dönskum sé að finna slíka reglu eða í dómum Félagsdóms. Það hvenær verkfall hefjist ráðist af því hvenær sólarhrings inna á þá vinnu af hendi sem til stendur að leggja niður. Verkfall getur einfaldlega ekki hafist fyrr en menn leggja niður vinnu. Verkfall hafi því ekki getað hafist fyrr en kl. 19.30 um kvöldið.

Þegar stéttarfélög boði verkföll fyrir ótiltekinn fjölda fólks sé oft

tekið fram í verkfallsboðun frá hvaða tíma sólarhrings verkfall skuli hefjast og þá oft miðað við miðnætti, enda geti félögin ekki séð fyrirfram hvenær sólarhrings vinna samkvæmt kjarasamningi er innt af hendi. Slík verklagsregla sé góðra gjalda verð, en verði ekki að sjálfstæðri réttarheimild ein og sér sem geri það að ófrávíkjanlegri reglu að verkfall hefjist á miðnætti. Slík verklagsregla skerði ekki rétt stéttarfélaga til að boða vinnustöðvun með 7 sólarhringa fyrirvara. Eins og öllum atvikum hafi verið háttað í því tilviki sem hér um ræðir hafi ekki verið um neinn slíkan vafa að ræða hvenær vinna skyldi hefjast. Engir félagsmenn FÍH sem verkfallsboðunin nái til verði í vinnu í Þjóðleikhúsinu á öðrum tíma en æfingunni kl. 19.30 um kvöldið.

Því er einnig mótmælt að verkfallsboðunin hafi verið óskýr og stefndi skuli bera hallann af því. Vinnuna hafi samkvæmt áætlun sem fyrir lá ekki átt að hefja fyrr en kl. 19.30 um kvöldið. Verkfallið var boðað á Þjóðleikhúsið og öllum sem til þekktu hafi verið ljóst og mátt vera ljóst að verkfallinu væri ætlað að ná til þessarar æfingar.

Í athugasemdum vinnulöggjafarnefndar 1938 sé ekki að finna neina takmörkun á rétti stéttarfélaga til að tilkynna verkfall með sjö sólarhringa fyrirvara. Enginn Félagsdómur hafi heldur gengið sem feli í sér takmörkun á þeim rétti.

Þar sem annars staðar í löggjöf er veittur frestur sem talinn er í sólarhringum, svo sem í almennum hegningarlögum og einkamálalögum, þar sem fjallað er um stefnufresti, sé alls staðar miðað við það að sólarhringur sé samfelldar 24 klukkustundir, en ekki bundið við að hann þurfi að hefjast og honum að ljúka á miðnætti. Verði fallist á kröfur stefnanda í máli þessu myndi það í raun þýða að verið væri að lengja þann frest sem þurfi til verkfallsboðunar samkvæmt lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur. Þá nægðu ekki sjö sólarhringar, heldur yrði að boða með eins dags fyrirvara við sjö sólarhringana. Niðurstaðan yrði alls ekki í samræmi við skýrt ákvæði laganna.

Verkfallsboðunin hafi eins og áður greini uppfyllt öll skilyrði 16. gr. um framsetningu og skýrleika. Verkfall hafi verið boðað á einn vinnustað, þar sem fyrir hafi legið hvenær vinna skyldi hefjast þann dag sem verkfall var boðað. Engum hafi átt að geta dulist að hér hafi verið rétt að málum staðið.

Málskostnaðarkrafa stefnda er byggð á 130. gr. eml.

Niðurstaða.

Verkfallsboðun stefnda barst ríkissáttasemjara, samninganefnd ríkisins og þjóðleikhússtjóra milli kl. 15.10 og 15.35 mánudaginn 29. ágúst 1994 og skyldi verkfallið hefjast mánudaginn 5. september s.á. án nánari tímasetningar.

Í 16. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir, að ákvörðun um vinnustöðvun beri að tilkynna nánar tilgreindum aðilum 7 sólarhringum áður en tilætlun er að vinnustöðvun hefjist.

Þegar upphafsdagur verkfalls er tilgreindur í verkfallsboðun án þess að getið sé um klukkustund eða önnur nánari tímamörk, svo sem hér átti sér stað, verður að líta svo á að verkfallið eigi að hefjast þegar viðkomandi almanaksdagur gengur í garð án tillits til þess hvenær daglegur vinnutími á að hefjast hjá þeim starfsmönnum sem í hlut eiga.

Tímabilið frá því að verkfallsboðun var afhent 29. ágúst uns mánudagurinn 5. september rann upp nær ekki 7 sólarhringum og er verkfallsboðun stefnda því ógild skv. 16. gr. laga nr. 80/1938.

Með vísan til 130. gr. eml. ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 50.000.

D ó m s o r ð:

Verkfallsboðun Félags íslenskra hljómlistarmanna sem tilkynnt var samninganefnd ríkisins 29. ágúst 1994 vegna þeirra félagsmanna sem starfa sem lausráðnir hljóðfæraleikarar hjá Þjóðleikhúsinu og hefjast skyldi hinn 5. september 1994 er ólögmæt.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands vegna Félags íslenskra hljómlistarmanna, greiði stefnanda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kr. 50.000 í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i
Guðmundar Skaftasonar.

Ég er sammála dómsorði meirhluta dómenda með eftirgreindri athugasemd:

Orðið sólarhring í 16. gr. laga nr. 80/1938 þykir eiga að skýra sem

almanaksdag, reiknaðan frá miðnætti til miðnættis og þannig fastsettan tímalega kl. 0 til kl. 24. Í orðum greinarinnar er ekki gert ráð fyrir að brot úr sólarhring hafi áhrif á lengd frestsins. Þurfa því að líða a.m.k. 7 óskiptir eða heilir sólarhringar milli boðunar vinnustöðvunarinnar og til upphafs hennar. Telst þannig ekki það brot sólarhrings, þegar vinnustöðvun er boðuð eða vinnustöðvun er tilætluð, til frestsins.

Í máli þessu var verkfall boðað 29. ágúst sl. sem hefjast skyldi 5. september sl. Liðu þannig aðeins 6 heilir sólarhringar frá boðun verkfallsins til þess tíma er það skyldi hefjast, þ.e. sólarhringarnir 30. ágúst til og með 4. september sl.

Mánudaginn 10. október 1994.

Nr. 11/1994. **Flugfélagið Atlanta hf.**
(Jóhannes Rúnar Jóhannesson cand. jur.)
gegn
Félagi íslenskra atvinnuflugmanna
(Atli Gíslason hrl.)

Félagsdómur. Sératkvæði.

Úrskurður Félagsdóms.

Úrskurðinn kveða upp Auður Þorbergsdóttir, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Valgeir Pálsson og Gunnar Sæmundsson.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 7. þ.m., er höfðað með stefnu útgefinni 30. sept. sl. og þingfestri 3. þ.m.

Stefnandi er Flugfélagið Atlanta hf., kt. 431269-0589, Álafossvegi, Mosfellsbæ.

Stefndi er Félag íslenskra atvinnuflugmanna, kt. 530169-3839, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að ólögmæt sé verkfallsboðun sú sem tilkynnt var Flugfélaginu Atlanta hf. með bréfi, dags. 23. september 1994, af Félagi íslenskra atvinnuflugmanna sem nái til alls flugs félagsins til og frá Íslandi og hefjast skal mánudaginn 10. október 1994 kl. 12:00 á hádegi.

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að verkfall, er kann að vera komið til framkvæmda á grundvelli verkfallsboðunarinnar þegar dómur Félagsdóms fellur, sé ólögmætt.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Að viðurkennt verði með dómi að stefndi sé réttur aðili til að semja við stefnanda um kaup og kjör félagsmanna sinna.

Að viðurkennt verði með dómi að stefnda sé heimilt að gera verkfall hjá stefnanda til að vinna að framgangi krafna sinna og til verndar rétti sínu.

Að Gunnar Sæmundsson, dómari Félagsdóms tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, víki sæti og að stefndi tilnefni dómara í staðinn.

Að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati Félagsdóms að teknu tilliti til virðisaukaskatts hver sem úrslit málsins verði.

Krafa stefnda um skipan dómsins er hér til úrlausnar.

Krafa stefnda um að Gunnar Sæmundsson víki sæti sem dómari er byggð á jafnræðis- og hæfissjónarmiðum. Stefnandi hafi tilnefnt dómara í Félagsdóm í máli þessu sem talsmann sjónarmiða sinna. Gerir stefndi kröfu til þess að sitja við sama borð. Þá hafi Gunnar Sæmundsson gætt hagsmuna minnihluta sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði FÍA og félaga í FÍA gegn sjóðsstjórn og stjórn félagsins og vefengi ákvarðanir sem teknar hafi verið við gerð kjarasamninga og á vettvangi Eftirlaunasjóðsins að tilhlutan stjórnar stefnda. Af hálfu stefnda er vísað til 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um hlutleysi dómstóla, 39. gr. laga nr. 80/1938, Hrd. 1990:2 og 1992:81, til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu 22. júní 1989 Langborger gegn Svíþjóð og til niðurstöðu Félagsdóms í máli nr. 1/1994 varðandi vanhæfi dómara tilnefnda af Alþýðusambandi Íslands. Tekið er fram að í málum sem þessum beri að túlka vafa stefnda í hag. Stefndi dragi óhlutdrægni dómarans í efa, sbr. 5. gr. laga nr. 91/1991.

Við munnlegan málflutning um þessa kröfu stefnda var gerð varakrafa af hálfu stefnda á þann veg að krefjast þess að báðir tilnefndir dómarar í Félagsdómi víki sæti og dómurinn tilnefni í þeirra stað tvo dómara.

Af hálfu stefnanda var ekki tekin afstaða til kröfu stefnda um að Gunnar Sæmundsson víki sæti en verði krafan tekin til greina er þess krafist að forseti Félagsdóms tilnefni dómara í stað Gunnars. Verði fallist á kröfu stefnda um að hann hafi rétt til þess að tilnefna mann í dóminn í stað Gunnars þá áskilur stefnandi sér rétt til að mótmæla tilnefningu stefnda.

Varakröfu stefnda var mótmælt sem of seint fram kominni, auk þess hafi hún ekki lagastoð.

Niðurstaða.

Í 39. gr. laga nr. 80/1938 er kveðið á um það ef atvinnurekandi sem er málsaðili er ekki meðlimur í Vinnuveitendasambandi Íslands skuli dómari sá sem tilnefndur er af því víkja sæti, en í staðinn tilnefnir atvinnurekandinn dómara í málinu. Sambærilegur réttur er ekki til handa stéttarfélögum sem ekki eru meðlimir í Alþýðusambandi Íslands. Í 27. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfs-

manna nr. 94/1986 er stéttarfélögum utan heildarsamtaka sem eru aðilar máls fyrir Félagsdómi veitt heimild til tilnefningar í dóminn, þannig að þar er jafnræði aðila að þessu leyti virt.

Við niðurstöðu í þessu efni þykir og bera að líta til breytinga sem orðið hafa á hæfisskilyrðum dómara skv. 36. gr. laga nr. 85/1936 og svo skv. 5. gr. laga nr. 91/1991 sérstaklega g. liður.

Með lögum nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu var Evrópusamningi um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, ásamt áorðnum breytingum samkvæmt tilgreindum samningsviðaukum, veitt lagagildi hér á landi og gengu lögin í gildi 30. maí 1994. Sá munur á rétti málsaðila til tilnefningar dómara sem felst í 39. gr. laga nr. 80/1938, þykir fela í sér slíkt ójafnræði aðila að stefndi hafi ástæðu til að draga í efa að mál hans sæti meðferð fyrir óvilhöllum dómstóli hlutlægt séð, njóti hann ekki réttar til tilnefningar dómara til jafns við stefnanda, sbr. 1. mgr. 6. gr. fyrrgreinds samnings. Þessi skipan 39. gr. laga nr. 80/1938 er varðar tilnefningar dómara í Félagsdóm þykir ekki uppfylla þær kröfur sem telja verður að felist í 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða dómsins að dómaranum Gunnari Sæmundssyni sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands til setu í dóminum beri að víkja sæti og stefndi tilnefni dómara til setu í dóminum.

Að þessari niðurstöðu fenginni þykir ástæðulaust að taka afstöðu til sérstaks hæfis dómarans Gunnars Sæmundssonar.

Úrskurðarorð:

Gunnar Sæmundsson hrl., sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, víkur sæti í máli þessu.

Stefndi, Félag íslenskra atvinnuflugmanna, tilnefni dómara í hans stað eigi síðar en kl. 14:00 miðvikudaginn 12. október nk.

Sératkvæði
Gunnars Sæmundssonar.

Hér er til úrlausnar sú krafa stefnda að Gunnar Sæmundsson, dómari Félagsdóms tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands víki sæti og að stefndi tilnefni dómara í staðinn. Við munnlegan flutning um þessa kröfu gerði lögmaður stefnda þá varakröfu að bæði dómari sá

sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands og dómari sá sem stefnandi hefur tilnefnt víki sæti í málinu og dómurinn tilnefni menn í þeirra stað.

Af hálfu stefnanda er ekki tekin afstaða til kröfu um að Gunnar Sæmundsson víki sæti en gerð sú krafa að verði á hana fallist tilnefni forseti dómsins mann í hans stað. Verði fallist á þá kröfu stefnda að hann fái að tilnefna mann í stað Gunnars, áskilur stefnandi sér rétt til að mótmæla þeirri tilnefningu. Varakröfu stefnda mótmælir hann sem of seint fram kominni og þar sem hún eigi ekki lagastoð.

Kröfu sína um að Gunnar Sæmundsson víki sæti sem dómari kveðst stefndi byggja á jafnræðis- og hæfissjónarmiðum. Stefnandi hafi tilnefnt dómara í Félagsdóm í máli þessu sem talsmann sjónarmiða sinna og kveðst stefndi vilja sitja við sama borð. Þá hafi Gunnar gætt hagsmuna minnihluta sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði F.Í.A. og félaga í F.Í.A. gegn sjóðsstjórn og stjórn félagsins og vefengi ákvarðanir sem teknar hafa verið við gerð kjarasamninga og á vettvangi Eftirlaunasjóðsins, að tilhlutan stjórnar stefnda. Máli sínu til stuðnings vísar stefndi til 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um hlutleysi dómstóla, 39. gr. laga nr. 80/1938, Hæstaréttardóma 1990:2 og 1992:81, til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu 22.6.1989 og til niðurstöðu Félagsdóms í máli nr. 1/1994 varðandi vanhæfi dómara tilnefnds af Alþýðusambandi Íslands. Loks dregur stefndi óhlutdrægni dómarans í vafa, með réttu, að því er hann segir í greinargerð sinni og vísar til 5. gr. laga nr. 91/1991. Af hálfu stefnanda hefur því verið mótmælt að hann hafi tilnefnt dómara sem talsmann sinna sjónarmiða.

Með vísan til jafnræðissjónarmiða virðist stefndi eiga við þau ákvæði 1. mgr. 39. gr. laga nr. 80/1938, að sé atvinnurekandi sem er aðili máls í Félagsdómi ekki meðlimur Vinnuveitendasambands Íslands skuli dómari sá sem tilnefndur er af því, víkja sæti en í staðinn tilnefni atvinnurekandinn dómara í málinu og skuli hann gera það áður en hálfur stefnufrestur er liðinn, ella tilnefni forseti dómarann. Samsvarandi regla er ekki lögmælt þegar stéttarfélag, sem ekki er í Alþýðusambandi Íslands rekur mál fyrir dóminum. Gagnályktun frá tilvitnuðu ákvæði leiðir til þess að dómari tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands víki ekki sæti þegar svo stendur á. Fyrir þeim skilningi er áratuga hefð og felst ekki í úrskurði dómsins í máli nr.

1/1994 frávik frá þeirri reglu. Í þeim úrskurði byggðist niðurstaða á því að Alþýðusamband Íslands hafði látið uppi sjónarmið í málinu sem áttu um þýðingarmikil atriði samstöðu með viðhorfum Vinnuveitendasambandsins. Slíku er ekki til að dreifa í þessu máli.

Ekki verður fallist á þá kenningu lögmanns stefnda sem fram kom í málflutningi, að dómarar þeir sem tilnefndir eru í Félagsdóm af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands séu talsmenn þeirra samtaka. Þeir menn sem valdir eru til setu í dóminum eru ekki komnir þangað til málflutnings. Málflutningur fer fram fyrir dóminum en ekki innan hans.

Af sératkvæðum í ýmsum dómum Félagsdóms kann að mega draga þá ályktun að samúð þess dómara sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands sé fremur með málstað launþega og félaga þeirra og samúð dómarans sem Vinnuveitendasambandið tilnefnir með málstað vinnuveitenda. Af því verður á engan hátt dregin sú ályktun að seta dómara tilnefnds af Alþýðusambandi Íslands í dóminum í máli þessu valdi því að dómurinn sé ekki sjálfstæður og óvilhallur, heldur hið gagnstæða. Þessi skipan dómsins er og ákveðin með lögum. Ákvæði 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 gera því ekki rétt né skylt að Gunnar Sæmundsson víki sæti í máli þessu.

Fram er komið af hálfu stefnda að Gunnar Sæmundsson hafi gætt hagsmuna minnihluta sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði F.Í.A. og félaga í F.Í.A. gegn sjóðstjórn og stjórn félagsins og vefengi ákvarðanir sem teknar hafi verið við gerð kjarasamninga á vettvangi Eftirlaunasjóðsins að tilhlutan stjórnar stefnda. Dómendur hafa getað kynnt sér gögn héraðsdómsmálsins Ö-2/1994 sem rekið er fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og er sá þáttur málsins sem er fyrir dómstólum. Þar kemur fram að Gunnar fer með málið sem lögmaður 55 sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði F.Í.A. sem gera þá kröfu að stjórn Eftirlaunasjóðsins verði úrskurðað skylt að tilnefna gerðarmann af sinni hálfu í gerðardóm skv. 22. gr. reglugerðar sjóðsins en gerðardóminum er ætlað að fjalla um þessar kröfur sóknaraðila:

Að dæmt verði að áunninn lífeyrisréttur þeirra í Eftirlaunasjóði F.Í.A. hafi við gildistöku núgildandi reglugerðar sjóðsins verið skertur umfram lífeyrisrétt þeirra sjóðfélaga sem ekki áttu svonefnd skilorðsbundin stig.

Að dæmt verði að sú umframskerðing hafi falið í sér brot á jafnræðisreglu og því verið ólögmæt gagnvart þeim.

Að kveðið verði á um hve mörgum stigum umframskerðing þessi hafi numið hjá hverjum þeirra.

Að gagnaðila, stjórn Eftirlaunasjóðs F.Í.A. f.h. sjóðsins, verði dæmt að greiða allan kostnað af gerðardómsmálinu, þar með talinn hæfilegan málskostnað sóknaraðilum til handa, að mati gerðarmanna.

Eftirlaunasjóður F.Í.A. er lífeyrissjóður með skylduaðild skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, sem starfar skv. sérstakri reglugerð staðfestri af fjármálaráðuneytinu og hefur sérstaka stjórn. Sjóðfélagar eru ekki nauðsynlega félagar í F.Í.A. þótt nærri helmingur umbjóðenda Gunnars í héraðsdómsmálinu Ö-2/1994 séu einnig félagar í F.Í.A. Stjórn sjóðsins er skipuð fimm mönnum, þremur tilnefndum af F.Í.A. og tveimur af vinnuveitendum í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur þeirra til sjóðsins. Ekki þykir þessi tilnefning stjórnarmanna sjóðsins skapa þau tengsl við F.Í.A. að málssókn á hendur sjóðnum jafngildi hagsmunagæslu gegn F.Í.A. eða stjórn þess og eins og kröfugerð er háttað í málinu verður hún ekki heldur talin beinast að F.Í.A. Lögmannsstörf dómarans fyrir umrædda sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði F.Í.A. valda því ekki vanhæfi hans til meðferðar máls þessa.

Fallast verður á það með lögmanni stefnanda að varakrafa stefnda eigi ekki lagastoð.

Samkvæmt framansögðu verður krafa stefnda um að Gunnar Sæmundsson, dómari tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands víki sæti í máli þessu ekki tekin til greina. Rétt þykir að ákvörðun málskostnaðar vegna þessa þáttar málsins bíði efnisdóms í málinu.

Mánudaginn 17. október 1994.

Nr. 11/1994. **Flugfélagið Atlanta hf.**
(Hreinn Loftsson hrl.)
gegn
Félagi íslenskra atvinnuflugmanna
(Atli Gíslason hrl.)

Samningsaðild. Verkfall. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Valgeir Pálsson og Ástráður Haraldsson.

Málið var þingfest 3. okt. sl. og dómtekið 14. þ.m.

Stefnandi er Flugfélagið Atlanta hf., kt. 431269-0589, Álafossvegi, Mosfellsbæ.

Stefndi er Félag íslenskra atvinnuflugmanna, kt. 530169-3839, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að ólögmæt sé verkfallsboðun sú, sem tilkynnt var Flugfélaginu Atlanta hf. með bréfi, dags. 23. september 1994, af Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, sem nái til alls flugs félagsins til og frá Íslandi og hefjast skal mánudaginn 17. október 1994 kl. 12:00 á hádegi.
2. Að viðurkennt verði með dómi, að verkfall, er kann að vera komið til framkvæmda á grundvelli verkfallsboðunarinnar, þegar dómur Félagsdóms fellur, sé ólögmætt.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati Félagsdóms, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Að viðurkennt verði með dómi, að stefndi sé réttur aðili til að semja við stefnanda um kaup og kjör félagsmanna sinna.

Að viðurkennt sé með dómi að stefnda sé heimilt að gera verkfall hjá stefnanda til að vinna að framgangi krafna sinna og til verndar rétti sínum.

Upphaflega boðaði stefndi verkfall sem hefjast skyldi mánudag-

inn 10. október kl. 12:00 á hádegi en undir rekstri málsins var verkfallinu frestað til mánudagsins 17. október n.k., kl. 12:00 á hádegi.

Með úrskurði Félagsdóms, uppkveðnum 10. þ.m., var krafa stefnda um að Gunnar Sæmundsson dómari í Félagsdómi tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands viki sæti, tekin til greina. Í stað hans tilnefndi stefndi Ástráð Haraldsson í dóminn en áður hafði stefnandi tilnefnt Valgeir Pálsson.

Stefnandi kveður ágreining máls þessa snúast um það að verkfallsboðun Félags íslenskra atvinnuflugmanna sé óheimil á grundvelli 14. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, boðun verkfallsins sé auk þess ekki í samræmi við áskilnað 15. gr. laganna og jafnframt sé um réttarágreining að ræða sem Félagsdómur eigi úrskurðarvald um og sé verkfallsboðunin því óheimil á grundvelli 1. tl. 17. gr. laganna. Stefnandi kveður þennan ágreining eiga undir dómsvald Félagsdóms og vísar í því sambandi til 1. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Með bréfi, dags. 8. desember 1993, hafi Félag íslenskra atvinnuflugmanna óskað eftir viðræðum við Flugfélagið Atlanta hf. um gerð kjarasamnings og um greiðslur iðgjalda í Eftirlaunasjóð FÍA ásamt félagsgjöldum. Í bréfinu hafi því verið haldið fram að Atlanta hf. stundaði umfangsmikla flugstarfsemi frá landinu í samkeppni við aðila sem FÍA hefði gert samning við. Væri ekki um jafnstöðu flugrekstraraðila að ræða að þessu leyti né varðandi réttindi flugmanna og launakjör öll. Í bréfinu hafi og verið vísað til 1. gr., 5. gr., 7. gr. og 14. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Þá hafi í bréfinu verið vísað til þess, að stefnandi væri að lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyristrygginga skuldbundinn til að standa skil á iðgjaldi til viðkomandi lífeyrissjóðs og halda eftir iðgjaldi til viðkomandi stéttarfélags.

Stefnandi telur að í bréfi þessu hafi gætt töluverðs misskilnings á rekstri Flugfélagsins Atlanta hf. Félagið starfi að meginstefnu til í leiguverkefnum á erlendum vettvangi. Ætla megi, að verkefni í leiguflugi á Íslandi séu aðeins um 5% af heildarverkefnum félagsins á þeim rúmu fimm árum sem það hafi starfað. Vegna mikillar samkeppni á erlendum leiguflugsmarkaði sé mikilvægt fyrir félagið að geta með skömmum fyrirvara boðið í verkefni sem bjóðast. Af þeim sökum hafi verið leitað til erlendra áhafnaleiga, sem séð hafi stefn-

anda fyrir áhöfnum í þessi verkefni, en slíkt fyrirkomulag sé mjög algengt erlendis meðal samkeppnisaðila stefnanda. Eigendur flugfélagsins hafi á hinn bóginn lagt á það áherslu að sem flestir Íslendingar starfi að verkefnum á vegum félagsins erlendis. Vegna eðlis verkefnanna og þeirra flugvéla, sem verkefnin hafa krafist, hafi þó oft reynst nauðsynlegt að fá erlenda aðila í verkefni enda hafi þá engir íslenskir aðilar verið tiltækir eða með reynslu í slík verkefni. Lengi framan af hafi það því verið stefna eigenda flugfélagsins að vera ekki með áhafnir í vinnu. Telji þeir, að slíkt gæti leitt til þess, að félagið yrði ekki samkeppnisfært á alþjóðlegum markaði.

Flugfélagið Atlanta hf. hafi því svarað áðurnefndu bréfi FÍA með bréfi, dags. 22. desember 1993, þar sem í stuttu máli hafi verið vikið að sérstöðu flugrekstrar flugfélagsins sem væri t.d. mjög frábrugðinn flugrekstri á vegum Flugleiða hf. Í bréfinu hafi komið fram að með hliðsjón af þeirri staðreynd að flugmenn væru ekki á launaskrá flugfélagsins, heldur væru þeir með samning við áhafnaleigu, yrði ekki talið, að grundvöllur væri fyrir viðræðum um gerð kjarasamnings. Ákvæði 1. gr., 5. gr., 7. gr. eða 14. gr. laga nr. 80/1938 og lög nr. 55/1980 vörðuðu einfaldlega ekki þá starfsemi, sem fram færi á vegum flugfélagsins.

Fyrirkomulagið á rekstri flugfélagsins feli í sér að flugmenn á vélum stefnanda séu í raun verktakar. Á síðastliðnum vetri hafi komið upp tilvik þar sem skattayfirvöld hafi gert athugasemdir við framtöl einstakra flugliða. Í kjölfarið hafi orðið vart áhuga flugmanna á að komast á launaskrá flugfélagsins. Jafnframt hafi forystumenn FÍA haldið áfram kröfu sinni um gerð kjarasamnings og fylgt bréfum sínum eftir með símtölum og heimsóknum í höfuðstöðvar flugfélagsins. Þessum beiðnum hafi jafnan verið neitað af hálfu eigenda flugfélagsins sem hafi talið það engan veginn fært að breyta fyrirkomulagi flugrekstrar síns í harðri alþjóðlegri samkeppni. Hafi forráðamenn FÍA sent eigendum flugfélagsins „drög að samningi um kaup og kjör“, sem í öllum aðalatriðum hafi verið byggð á kjarasamningi FÍA við Flugleiðir hf. Hafi FÍA m.a.s. yfirsést að færa inn rétt nafn flugfélagsins, m.a.s. komi nafn Flugleiða hf. fyrir í „drögunum“. Skýrt hafi komið fram á þessum tíma, þ.e. sl. vor og sumar, af hálfu eigenda Atlanta hf. að þeir væru ekki með neina flugmenn í starfi hjá félaginu og bæri því ekki nokkur skylda til þess að ræða slíka samningsgerð og jafnframt hafi enn verið bent á hve ólíku væri

saman að jafna, þ.e. flugrekstri Flugleiða annars vegar og Atlanta hins vegar.

Síðsumars hafi eigendur flugfélagsins falið lögmanni sínum að fara til fundar við formann stjórnar FÍA til að skýra afstöðu flugfélagsins. Þessi fundur hafi farið fram 16. ágúst sl. á skrifstofu FÍA. Skömmu áður hafi formaður FÍA fullyrt við eigendur flugfélagsins að ákveðinn fjöldi flugmanna á flugvélum flugfélagsins hefði ritað FÍA, óskað inngöngu og falið félaginu umboð til að fjalla um kjaramál sín gagnvar flugfélaginu. Forráðamenn FÍA hefðu þó aldrei lagt fram nein skjalleg gögn til staðfestingar á slíku umboði. Á fundinum hafi fyrri afstaða flugfélagsins verið ítrekuð, þ.e. að ekkert beint samningssamband væri milli flugmanna og flugfélagsins, svo og að ekki kæmi til greina að fara yfir í það kerfi sem Flugleiðir hf. búa við. Fráleitt væri að taka samning FÍA við Flugleiðir hf. og skipta út nöfnum flugfélaganna. Hugur eigenda flugfélagsins stæði til þess, að halda óbreyttu fyrirkomulagi með samningum við áhafnaleigur. Á hinn bóginn hafi á fundinum verið greint frá því að flugfélagið væri reiðubúið gagnvart íslenskum flugmönnum, ef verkefnastaða vetrarins leyfði það að taka þá á launaskrá flugfélagsins með persónubundnum ráðningarsamningi. Fundi þessum hafi síðan verið fylgt eftir með bréfi, dags. 16. ágúst sl., til upplýsingar hafi fylgt með bréfinu sýnishorn slíks ráðningarsamnings.

FÍA hafi svarað bréfi flugfélagsins með bréfi, dags, 18. ágúst sl., þar sem krafa um gerð kjarasamnings hafi verið ítrekuð. Jafnframt hafi verið tilkynnt að FÍA myndi leita til embættis ríkissáttasemjara til lausnar málsins og einnig áskilið sér rétt til að boða vinnustöðvun. Með bréfi, dags. 19. ágúst sl., hafi FÍA leitað til embættis ríkissáttasemjara vegna árangurslausra tilrauna til að fá flugfélagið til viðræðna um gerð kjarasamnings. Hafi það verið gert á grundvelli 5. gr. laga nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum. Í kjölfarið hafi ríkissáttasemjari boðað fulltrúa flugfélagsins Atlanta til fundar vegna kröfu FÍA. Skýrt hafi verið tekið fram af hálfu fulltrúa flugfélagsins við ríkissáttasemjara að engin skuldbinding fælist í slíkri fundarsókn af hálfu Atlanta gagnvart kröfu FÍA. Jafnframt að ekkert lægi fyrir um umboð FÍA til slíkra viðræðna né heldur hvort flugfélagið gæti í raun talist samningsaðili þar sem flugmennirnir væru á samningi hjá írskri áhafnaleigu og ekki starfsmenn flugfélagsins. Forsenda fyrir fundarsókn af hálfu flugfélagsins væri virð-

ing fyrir embætti sáttasemjara þar sem halda mætti því fram að flugfélagið væri ekki í neinu samningssambandi við flugmenn og ekki í neinni kjaradeilu við FÍA. Ennfremur stæði vilji eigenda flugfélagsins til þess, að hlýða á viðhorf og rökstuðning á kröfum FÍA. Aðeins með þeim hætti væri unnt að taka afstöðu til röksemda FÍA.

Fyrsti fundurinn á vegum embættis ríkissáttasemjara hafi verið haldinn 30. ágúst sl. Ekki hafi verið um sameiginlegan fund að ræða heldur hafi Geir Gunnarsson, vararíkissáttasemjari borið skilaboð á milli manna. Eigendur flugfélagsins hafi ekki verið viðstaddir þennan fund og hafi fulltrúar FÍA farið fram á það að aftur yrði boðað til fundar þar sem aðaleigendur flugfélagsins væru viðstaddir. Hafi það líklega verið vegna þeirra skilaboða frá fulltrúum flugfélagsins að vandséð væri hvað réttlætti kröfu FÍA um gerð kjarasamnings. Til að mynda hafi ekkert legið fyrir um samningsumboð FÍA. Hefði slíkt umboð legið fyrir, en ríkissáttasemjari hafi upplýst að hann hefði ekki slíkt umboð undir höndum, hefði réttur viðsemjanda FÍA verið írsk áhafnaleiga. Ákveðið hafi verið að halda annan fund þar sem Geir Gunnarsson hafi talið rétt að verða við beiðni fulltrúa FÍA þess efnis að fá tækifæri til að hitta aðalstjórnanda flugfélagsins, Arngrím Jóhannsson. Hafi verið afráðið að halda þann fund 5. september sl. Á síðustu stundu hafi Arngrímur tafist vegna vinnu sinnar en hann hafi þá verið staddur í Asíu, og hafi ekki getað mætt til fundarins. Hafi verið reynt á síðustu stundu að fá fundartímanum breytt, en stjórnarmaður í flugfélaginu Þóra Guðmundsdóttir, hafi þó farið til fundarins ásamt flugrekstrarstjóra félagsins aðallega í þeim tilgangi að fá fundinum frestað. Hafi þessar tafir orðið tilefni bókunar af hálfu FÍA. Í bókuninni hafi „framkomu forráðamanna Atlanta“ verið harðlega mótmælt og jafnframt tekið fram, „að verði áframhaldandi undansláttur af hálfu Atlanta og þar með frekari tafir á samningsgerð mun stjórn FÍA sjá sig tilneydda að boða til nauðsynlegra aðgerða gegn félaginu“. Eigi að síður hafi verið ákveðið að halda fund að Arngrími viðstöddum og hafi hann farið fram 8. september sl. Á fundinum hafi Arngrímur látið bóka mótmæli við bókun FÍA þar sem m.a. komi fram eftirfarandi: „Flugfélagið Atlanta hf. hefur ekki skorast undan því að hitta fulltrúa FÍA að máli og hlýða á þeirra sjónarmið enda hefur svo verið gert. Verður að gera þá kröfu til FÍA að forráðamenn félagsins sýni stillingu og hafi

skilning á því að undirritaður verður oft að dveljast erlendis bæði sem framkvæmdastjóri og flugmaður Atlanta hf.".

Fundurinn 8. september sl. hafi farið þannig fram, að Geir Gunnarsson hafi gengið með skilaboð á milli fundarherbergja og rætt einslega við hvorn hópinn fyrir sig. Á fundi, sem Arngrímur hafi haldið einslega með einum úr hópi talsmanna FÍA, hafi hann ítrekað fyrri afstöðu og séð öll tormerki á gerð kjarasamnings vegna eðlis flugrekstrar félagsins. Algjör forsenda þess að unnt væri að ganga til viðræðna við FÍA væri t.d. fortakslaus viðurkenning á sérstöðu flugfélagsins. Hafi fulltrúar FÍA farið fram á annan fund, sem haldinn skyldi viku síðar, þar sem þeir myndu greina frá afstöðu sinni varðandi skilyrði þess, að flugfélagið tæki flugmenn á launaskrá. Hafi þeir m.a. vísað til þess að hvorki formaður né varaformaður væru viðstaddir. Hafi verið orðið við þeim óskum. Jafnframt hafi verið haldinn fundur 14. september sl. með flugrekstrarstjóra Atlanta og fulltrúum FÍA þar sem settar hafi verið fram spurningar af hálfu flugfélagsins sem svara skyldi á fundinum sem ætlunin hafi verið að halda 16. september sl.

Áður en til þess fundar hafi komið hafi orðið þau tíðindi að stofnað hafi verið nýtt stéttarfélag, Frjálsa flugmannafélagið, en að því stæðu íslenskir flugmenn sem flogið hafi flugvélum á vegum Flugfélagsins Atlanta hf. Formlega hafi verið gengið frá stofnun þess félags 14. september sl. en aðdragandi félagsstofnunarinnar muni hafa verið talsvert lengri. Hafi flugmennirnir talið að hag sínum væri betur borgið í nýju stéttarfélagi fremur en í FÍA. Hafi þeir þegar farið fram á gerð kjarasamnings við flugfélagið skv. tillögu þar að lútandi sem hafi borist eigendum flugfélagsins 14. september sl. Hafi forráðamenn flugfélagsins ákveðið að verða við þeirri beiðni enda hafi hún tekið tillit til sérstöðu flugrekstrar félagsins. Hafi formlega verið gengið frá kjarasamningi 16. september sl. og hafi FÍA og embætti ríkissáttasemjara verið greint frá þeirri niðurstöðu með bréfi sama dag. Á fundi hjá ríkissáttasemjara daginn eftir, þ.e. 17. september, hafi talsmönnum FÍA og ríkissáttasemjara ennfremur verið greint frá þessari niðurstöðu. Niðurstaða fundahalda á vegum ríkissáttasemjara hafi þá verið sú að þreifingar þær hefðu mistekist sem þar hefðu farið fram af hálfu FÍA í því skyni að fá eigendur flugfélagsins til að ganga til samningaviðræðna. Í kjölfarið megi búast við að íslenskir flugmenn verði teknir á launaskrá

flugfélagsins á grundvelli kjarasamningsins við Frjálsa flugmannafélagið, þ.e. þegar þeir losna undan samningsskyldum sínum við hina írsku áhafnaleigu og eftir því sem verkefnastaða flugfélagsins leyfir.

Með bréfi, dags. 23. september 1994, hafi Tryggvi Baldursson, formaður f.h. stjórnar FÍA, tilkynnt um verkfallsboðun hjá stefnanda sem nái til alls flugs á vegum félagsins til og frá Íslandi. Verkfallið muni hefjast mánudaginn 10. október 1994 kl. 12:00 á hádegi. Hafi þetta verið samþykkt á fundi trúnaðarráðs FÍA, sem haldinn hafi verið sama dag, svo og hafi verkfallsboðunin verið samþykkt á fundi stjórnar FÍA á grundvelli umboðs sem stjórninni hafi verið veitt í almennri atkvæðagreiðslu sem haldin hafi verið dagana 21.–28. júlí 1994 samkvæmt ákvæðum b-liðar 15. gr. laga nr. 80/1938.

Stefnandi hafi mótmælt verkfallsboðun þessari með bréfi, dags. 27. september 1994, þar sem hann telji hana ólögmæta. Jafnframt hafi hann áskilið sér allan rétt til að verjast þeirri ólögmætu árás á hagsmuni sína, sem felist í verkfallsboðuninni, og tilkynnt að hann muni halda FÍA ábyrgu fyrir öllu hugsanlegu tjóni sem af henni gæti hlotist.

Stefnandi kveður sér nauðsynlegt að höfða mál fyrir Félagsdómi til að fá úr því skorið, hvort verkfallsboðun Félags íslenskra atvinnuflugmanna fái staðist að lögum.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Verkfallsboðun Félags íslenskra atvinnuflugmanna standist ekki að lögum vegna þess að engir félagsmenn í FÍA hafi verið eða séu fastráðnir launtakar hjá stefnanda. Verkfallsboðunin sé því markleysa þar sem ekkert samningsréttarlegt samband hafi verið eða sé á milli FÍA og stefnanda. Enginn félagsmaður FÍA verði á launaskrá hjá stefnanda þegar verkfallsboðunin komi til framkvæmda. Allir núverandi flugmenn á flugvélum stefnanda séu samningsbundnir írskri áhafnaleigu og losni fyrst undan samningsskyldum sínum gagnvart áhafnaleigunni 1.-10. október næstkomandi. Stefnandi geti því ekki talist lögformlegur samningsaðili gagnvart félagsmönnum FÍA í skilningi laga nr. 80/1938. Þótt viðurkennt yrði að FÍA teldist lögformlegur samningsaðili félagsmanna sinna skv. 5. gr. laganna hafi stefnanda ekki verið skylt að ganga til samningaviðræðna við FÍA þegar þess var beiðst þar sem hann var ekki í beinu samningssambandi við félaga þess. Nær hefði verið fyrir FÍA að

snúa til þess aðila sem flugmennirnir voru sannanlega í samningssambandi við, þ.e. írsku áhafnaleigunnar. Stefnanda hafi ekki borið nein skylda til þess að lögum að ræða breytingar á fyrirkomulagi rekstrar síns við FÍA enda hafi stefnandi aldrei ljáð máls á því að gera það. FÍA hafi ekki átt neinn rétt á slíkum viðræðum í skilningi 14. gr. laga nr. 80/1938 en það sé skilyrði lögmætrar verkfallsboðunar samkvæmt greininni.

Stefnandi kveður tilgang verkfallsboðunar FÍA ekki vera þess eðlis að honum verði fylgt fram með verkfalli. Stefnandi kveðst vera sjálfstæður samningsaðili sem ekki verði gert skylt að gerast aðili að kjarasamningi við FÍA. Stefnandi kveðst hafa gert fullgildan kjarasamning við Frjálsa flugmannafélagið en það sé stéttarfélag í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 80/1938 og jafnframt lögformlegur samningsaðili í skilningi 5. gr. laganna. Í þeim kjarasamningi sé ákvæði sem veiti félagsmönnum þess félags forgangsrétt til vinnu hjá stefnanda. Réttur til stofnunar slíkra félaga sé víða varinn í íslenskri löggjöf og hvíli reyndar á grundvallarreglu 73. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Fjölmargir dómar Félagsdóms styðji þessa niðurstöðu og ekkert sé því til fyrirstöðu að fleiri en eitt stéttarfélag sé í sömu starfsgrein. Í Frjálsa flugmannafélaginu séu 23 flugmenn sem flogið hafi á flugvélum stefnanda. Eftir því sem einstakir flugmenn losni undan samningsskyldum sínum gagnvart hinni írsku áhafnaleigu standi þeim til boða að koma inn á launaskrá stefnanda á grundvelli kjarasamningsins. Slíkt sé þó á valdi einstakra flugmanna og fari einnig eftir verkefnastöðu flugfélagsins á hverjum tíma. Margoft hafi komið fram af hálfu FÍA, að tilgangur verkfallsboðunarinnar sé að knýja stefnanda til samninga svo og að brjóta Frjálsa flugmannafélagið á bak aftur. Stefnandi telur hvoruga þá forsendu verkfallsboðunarinnar standast að lögum. Stéttarfélag geti ekki boðað verkfall á félagsmenn annars stéttarfélags í sömu starfsgrein, sem gert hafi löglegan kjarasamning við vinnuveitanda á viðkomandi félagssvæði í þeim tilgangi að knýja fram kjarasamning við þann sama vinnuveitanda. Í þeim einu tillögum, sem stefnandi hafi séð frá FÍA, sé gert ráð fyrir forgangsrétti félagsmanna þess félags til vinnu hjá stefnanda. FÍA eigi því engan rétt á gerð kjarasamnings við stefnanda skv. 14. gr. laga nr. 80/1938. Þessi meginregla hafi verið staðfest af Félagsdómi, sbr. Fd. VII. bls. 154.

Stefnandi færir ennfremur þau rök fyrir málatilbúnaði sínum að

FÍA hafi aldrei lagt fram kröfugerð gagnvart stefnanda með rökstuðningi um réttmæti hennar eða sönnun þess að félagið hefði umboð til að ræða slíka kröfugerð. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938 sé slík kröfugerð skilyrði fyrir því, að verkfall eða verkfallsboðun sé heimil. FÍA hafi að vísu lagt til embættis ríkissáttasemjara drög að einhvers konar samningi en þau drög hafi ekki verið afhent stefnanda og kynnt honum á þann veg að um kröfugerð væri að ræða. Hér hafi verið um að ræða útdrátt úr kjarasamningi FÍA við Flugleiðir hf. enda komi nafn þess félags víða fyrir í drögum þessum, t.d. þar sem fjallað er um greiðslur í Eftirlaunasjóði FÍA. Ekki verði ráðið annað af þeirri grein í drögunum en að Flugleiðum sé ætlað að greiða í sjóðinn fyrir aðila þessa samnings eða tillögu að samningi. Þá sé þeim samningi ætlað að ná til félags að nafni „Air Atlanta Icelandic h.f." sem ekki geti verið stefnandi. Rétt nafn stefnanda sé „Flugfélagið Atlanta hf." Drög þessi hafi verið send stefnanda einhvern tíma sl. sumar og þá sem einhvers konar umræðugrundvöllur en það hafi verið með óformlegum hætti og ávallt verið hafnað af hálfu stefnanda að ganga til samningaviðræðna við FÍA.

Verði hins vegar litið svo á að samningsdrög þessi teljist kröfugerð í skilningi laga, þótt hún hafi ekki verið kynnt stefnanda sem slík, þá sé stefnanda ómögulegt að verða við henni. Í drögunum sé krafist forgangsréttar til handa félagsmanna FÍA til flugmannsstarfa hjá stefnanda, en stefnandi hafi gert samning við Frjálsa flugmannafélagið sem feli í sér forgangsrétt félagsmanna þess til flugmannsstarfa á launaskrá stefnanda og sé fullgildur kjarasamningur í skilningi laga nr. 80/1938. FÍA yrði að fá þann kjarasamning ógiltan með dómi áður en krafa um forgangsrétt næði fram að ganga. FÍA eigi engan rétt á því að brjóta niður rétt annars stéttarfélags það sé andstætt ákvæði 14. gr. laga nr. 80/1930 og verkfallsboðunin því ólögmæt af þeirri ástæðu.

Stefnandi kveðst og byggja málatilbúnað sinn á því, að um réttarágreining sé að ræða. Ágreiningurinn lúti m.a. að því hvort stefnanda sé skylt að ganga til viðræðna við FÍA um gerð kjarasamnings. Aldrei hafi farið fram neinar kjarasamningsviðræður milli þessara aðila. Þetta sé í andstöðu við áskilnað 17. gr. laga nr. 80/1938 en þar segir í 1. tl. greinarinnar að óheimilt sé að hefja vinnustöðvun ef ágreiningur er einungis um atriði sem Félagsdómur eigi úrskurðar-

vald um. Ágreiningur aðila lúti einmitt að atriðum sem Félagsdómur einn geti leyst úr og verði ekki leystur öðruvísi að lögum.

Þá kveðst stefnandi byggja á því að verkfallsboðun FÍA sé ekki í samræmi við áskilnað 15. gr. laga nr. 80/1938. Í bréfi lögmanns FÍA til lögmanns stefnanda, dags. 28. september 1994, sé upplýst að í almennri atkvæðagreiðslu félagsmanna FÍA, sem staðið hafi yfir dagana 21.-28. júlí sl., hafi stjórn FÍA verið veitt umboð „til að taka ákvörðun um verkfall hjá þeim flugrekstraraðilum sem ósamið var við". Hér liggi fyrir, að félagsmenn FÍA hafi ekki greitt atkvæði um heimild til þeirrar verkfallsboðunar sem mál þetta snýst um. Umboðið hafi verið alltof almennt og auk þess ótímabundið. Svo almennt umboð sé öndvert við áskilnað 15. gr. laganna, sbr. t.d. Fd. II. bls. 48. Ef þetta teldist eðlileg framkvæmd væri ekkert í veginum fyrir stjórn FÍA að boða til verkfalls á grundvelli hennar á þessu, næsta eða þarnæsta ári eða jafnvel á næstu öld. Svo almenn og víðtæk heimild standist ekki áskilnað 1. mgr., 15. gr. laganna því þar sé talað um almenna atkvæðagreiðslu um „vinnustöðvun", þ.e. einstaka aðgerð, en ekki vinnustöðvanir. Jafnframt segi í tilvitnaðri lagagrein, að vinnustöðvun sé þá því aðeins heimil, að ákvörðun um hana hafi verið tekin með almennri atkvæðagreiðslu, enda hafi verið auglýst nægilega hvar og hvenær atkvæðagreiðslan um vinnustöðvunina skuli fara fram. Í málinu liggi fyrir að engin almenn atkvæðagreiðsla hafi átt sér stað um þessa tilteknu vinnustöðvun, sem FÍA hefur boðað, meðal félagsmanna FÍA og svo einnig að hún hafi ekki verið auglýst með þeim hætti að félagsmenn FÍA væru sér meðvitaðir um það að vinnustöðvunin beindist að stefnanda fremur en einhverjum öðrum. Þá liggi ekkert fyrir varðandi ákvörðun trúnaðarmannaráðs FÍA um verkfallsboðun þessa að haldinn hafi verið lögmætur félagsfundur í FÍA um fyrirhugaða vinnustöðvun en trúnaðarráðið sé ekki bært til að taka ákvörðun um vinnustöðvun nema með samþykki lögmæts félagsfundar, sbr. 22., 32. og 33. gr. félagslaga FÍA.

Loks kveðst stefnandi byggja á því að verkfallsboðun stefnda sé hvað svo sem öðru líður svo óskýr að nauðsynlegt sé að ógilda hana. Þannig sé ekki vitað hvaða aðilar eigi að fara í verkfall og hafi félagið ekki upplýst stefnanda um það þrátt fyrir áskorun þar að lútandi. FÍA hljóti að bera skylda til þess að gera verkfallsboðunina

þannig úr garði að ekki leiki vafi á um innihald hennar og verði því að bera hallann af öllum vafaatriðum í þeim efnum.

Stefnandi kveðst byggja málskostnaðarkröfu sína á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Samkvæmt 2. gr. félagslaga stefnda sé það einn megintilgangur félagsins að fara með samninga fyrir hönd félagsmanna um kaup og kjör. Hafi félagið gert fjölda kjarasamninga við stærri og smærri flugrekstraraðila. Í kjölfar viðtala við forsvarsmenn stefnanda um gerð kjarasamnings var stefnanda ritað formleg bréf dags. 8. desember 1993, sbr. dskj. nr. 3, og óskað eftir viðræðum. Hafi m.a. verið vísað til jafnræðissjónarmiða í samkeppni flugrekstraraðila en stefnda beri óskráð skylda gagnvart viðsemjendum sínum að mismuna þeim ekki varðandi kjarasamninga. Muni stefnandi líklega hafa haft hvað mesta markaðshlutdeild í leiguflugi til og frá Íslandi síðastliðin tvö til þrjú ár. Virðist sem stefnandi hafi komist hjá að greiða lögbundin launatengd gjöld, bæði til stéttarfélaga og ríkisins, sem leitt hafi til afskipta skattyfirvalda af rekstri fyrirtækisins. Það hafi ennfremur verið og sé mat stefnda að samkeppnisaðilar stefnanda erlendis greiði laun samkvæmt kjarasamningum sem séu svipaðir eða hagstæðari flugmönnum en gildandi kjarasamningur stefnda. Með bréfi stefnanda dags. 22. desember 1993 hafi því verið borið við að flugmenn á vélum Atlanta væru ekki á launaskrá stefnanda heldur starfsmenn írskrar áhafnaleigu. Stefndi mótmælir því og skorar á stefnanda að leggja fram samninga við umrædda áhafnaleigu, en samkvæmt upplýsingum stefnda muni aðeins einn flugmaður hafa undirritað samning við erlenda áhafnarleigu. Viðræðum hafi ekki verið hafnað en talið af stefnanda, að naumast væri grundvöllur fyrir viðræðum um gerð kjarasamnings.

Á næstu mánuðum hafi átt sér stað viðræður milli forsvarsmanna stefnda og stefnanda. Hafi þeir átt fund saman formaður stefnda og stjórnarformaður stefnanda. Einnig hafi verið haldinn fundur í starfsstöð stefnanda með stjórnarformanninum, fjármálastjóra og yfirflugstjóra stefnanda. Þar hafi kjarasamningur stefnda við Flugleiðir hf. verið lagður fram sem kröfugerð gagnvart stefnanda og grundvöllur áframhaldandi kjarasamningsviðræðna. Á fundinum hafi nýr fundur verið ákveðinn og hafi fulltrúar stefnda mætt til

hans. Fundur þessi hafi fallið niður þar sem stjórnarformaður stefnandi mætti ekki vegna dvalar erlendis. Fullt samráð hafi verið haft við flugmenn stefnanda sem og við flugmenn annarra flugrekstraraðila sem ósamið var við og haldnir sameiginlegir fundir. Í kjölfar viðræðna á nefndum fundum og óformlegra viðræðna, þar sem jafnt var fjallað um einstök sem almenn kjaraatriði, hafi stefnanda verið kynnt ný kröfugerð í júlí 1994 sem er að finna á dskj. nr. 20. Í þessari nýju kröfugerð hafi verið tekið tillit til ýmissa sjónarmiða og eðlis flugrekstrar stefnanda og stefndi reiðubúinn sem fyrr að ræða öll sér sjónarmið. Ekki liggi annað fyrir en að flugmenn stefnanda hafi verið réttir og sléttir launtakar sem hafa sjálfir gert hópsamning um launakjör og aðstöðu starfsfólks. Það hnekki eitt sér fullyrðingum um að ekki hafi verið samningssamband milli stefnanda og flugmanna.

Fjöldi flugmanna hjá stefnanda hafi um langt skeið verið félagsmenn stefnda auk þess sem aðrir hafi sótt um félagsaðild í kjölfar kjarasamningsviðræðnanna. Hluti þessara flugmanna hafi falið stefnda með beinum hætti umboð til meðhöndla málefni þeirra um kaup og kjör. Samningsumboð stefnda hafi í sjálfu sér ekki verið véfengt, enda lögbundið.

Á sama tíma og viðræður við stefnanda fóru fram hafi átt sér stað viðræður milli stefnda og margra annarra flugrekstraraðila um gerð kjarasamninga. Í tengslum við þessar viðræður, jafnt við stefnanda sem aðra, hafi stjórn stefnda ákveðið á grundvelli b. liðar 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 að afla sér umboðs frá félagsmönnum með almennri leynilegri atkvæðagreiðslu til að taka ákvörðun um verkfall hjá þeim flugrekstraraðilum sem ósamið var við. Tilhögun atkvæðagreiðslunnar, sem fram fór dagana 21. til 28. júlí 1994, og efni hafi verið í samræmi við áratuga framkvæmd slíkra atkvæðagreiðslna og ekki sætt andmælum viðsemjenda sem allir hafi vitað af henni. Tillaga um að veita félagsstjórn umboð til að taka ákvörðun um verkfall hafi verið samþykkt í atkvæðagreiðslunni.

Enn hafi verið fram haldið viðræðum við stefnanda um gerð kjarasamnings og haldinn óformlegur fundur 11. ágúst 1994 þar sem ákveðinn var formlegur samningafundur 16. ágúst 1994. Á þeim fundi, sem haldinn var í starfsstöð stefnda, hafi talsmenn stefnanda gert tillögu um að í stað kjarasamnings yrðu gerðir persónulegir ráðningarsamningar við flugmenn félagsins. Þessir ráðningarsamn-

ingar séu keimlíkir þeim samningi sem stefnandi gerði síðar við hluta flugmanna sinna og kalli nú kjarasamning. Þessu tilboði hafi verið hafnað sem lausn á kjaradeilunni með bréfi stefnda dags. 18. ágúst 1994. Í bréfinu hafi verið kynntur sá ásetningur stefnda að vísa málinu til ríkissáttasemjara og áskilinn réttur til verkfallsboðunar. Í bréfinu sé rætt um verkfallsboðun, en stefnanda hafi þá verið kunnugt um umboð sem stjórn stefnda hafði verið veitt við fyrrnefnda atkvæðagreiðslu. Kjaradeilunni hafi síðan verið vísað til ríkissáttasemjara með bréfi, dags. 19. ágúst, sbr. einnig 3. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1978, en þegar hér var komið sögu hafi stefnandi tafið með ýmsum hætti gerð kjarasamnings, slegið úr og í og mætt illa til boðaðra funda. Kjarasamningsviðræðum hafði þó aldrei verið hafnað og á formlegum og óformlegum fundum rætt um efnisatriði kjarasamnings, svo sem starfsaldur, þjálfunarreglur, uppsagnarákvæði, tímabundnar ráðningar, launakostnað og margt fleira. Aldrei hafi komið upp vafi á því að stefnandi væri ekki samningsaðili sem flugrekstraraðili með flugmenn í vinnu. Breyti þar engu hvernig ráðningarfyrirkomulag flugmanna var, sbr. einnig 5. gr. laga nr. 80/1938.

Flugmenn hafi verið ráðnir til starfa af stefnanda sjálfum sem launtakar. Stefnandi hafi einnig sagt starfsmönnum upp og farið með stjórnunarrétt eins og almennt tíðkist. Stefnandi hafi lagt til flugvélar, áhöld, einkennisbúninga og annað sem fylgi flugrekstri og hirt hagnað og borið tap af rekstrinum. Af skattalegum ástæðum virðist stefnandi hafa kosið að fá millilið til að inna af hendi launagreiðslur. Þessum þætti verði gerð nánari skil síðar en öllum hugleiðingum um verktöku eða ráðningarsamband flugmanna við önnur fyrirtæki mótmælt sem röngum.

Fyrsti fundur hjá ríkissáttasemjara hafi verið haldinn 30. ágúst 1994 og síðan hafi verið haldnir fundir undir verkstjórn hans 5. september, 8. september og 17. september 1994. Einnig hafi verið haldinn vinnufundur 14. september 1994 í húsakynnum ríkissáttasemjara. Þessir fundir hafi verið haldnir samkvæmt lögum nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum og engar athugasemdir eða fyrirvarar bókaðir af stefnanda um að ekki væri um kjaradeilu að ræða og kjarasamningsviðræður. Á fundunum hafi legið fyrir ný kröfugerð FÍA og undir sáttameðferð ríkissáttasemjara hafi stefnandi lagt fram gagnkröfur. Enn hafi talsmenn stefnda verið reiðubúnir að ræða öll sérmál við stefnanda, svo sem leiguflug erlendis, en um slík mál hafi

stefndi samið við aðra viðsemjendur. Vegna ýmiss konar undansláttar og tafa af hálfu talsmanna stefnanda, sem meðal annars hafi orðið til þess að fresta varð fundum, hafi stefndi ítrekað áskilnað um boðun verkfalls með bókun gerðri 5. september 1994. Á síðasta fundi aðila, sem haldinn var 17. september 1994, hafi verið ætlunin að stefndi svaraði gagnkröfum stefnanda. Áður en til þess kom hafi talsmenn stefnanda tilkynnt að þeir hefðu gert kjarasamning við nýstofnað félag hluta flugmanna stefnanda og þá fyrst hafi frekari kjaraviðræðum verið hafnað. Í bréfinu felist staðfesting á að kjarasamningsviðræður hafi farið fram. Þetta háttalag stefnanda hafi komið stefnda algjörlega í opna skjöldu. Virðist sem stefnandi hafi ákveðið að fara á bak við stefnda með þessum ódrengilega hætti í þeim tilgangi að komast hjá eðlilegum og sanngjörnum kjarakröfum stefnda og leitast þannig við að vinna rétt. Í kjölfarið hafi hluti flugmanna stefnanda sagt sig úr FÍA, en úrsagnirnar hafa ekki verið samþykktar, sbr. 8. gr. félagslaga, sbr. 3. gr. laga nr. 80/1938.

Umrætt félag virðist hafa verið stofnað af lögmanni félagsins í umboði félagsmanna. Virðist sem mikill meirihluti félagsmanna hvorki hafa verið viðstaddir félagsstofnunina né samningsgerð. Lög félagsins eru tekin orðrétt uppúr lögum stefnda og meintur kjarasamningur uppúr kröfugerð stefnda nánast með þeim breytingum einum sem stefnandi hafði gert kröfu um í gagnkröfum. Virðist sem stefnandi hafi átt allt frumkvæði um félagsstofnunina og samningsgerðina og ráðið ferðinni í krafti áhrifa sinna. Gangi háttsemi stefnanda þvert á tilgang vinnulöggjafarinnar, sbr. einnig 4. gr. laga nr. 80/1938, og sé fjandsamleg verkalýðshreyfingunni. Er áskilinn réttur til að gera gagnkröfur á hendur stefnanda varðandi þetta háttalag hans. Samningurinn sé að mati stefnda atlaga gegn grundvallarréttindum verkalýðsstéttarinnar og launtaka almennt og feli meðal annars í sér brot á lögum nr. 55/1980. Í honum sé starfsöryggi flugmanna varpað fyrir róða auk fleiri alvarlegra annmarka sem áskilinn er réttur til að gera nánari skil síðar.

Vegna háttalags stefnanda hafi stefndi ekki átt aðra úrkosti til verndar samningsrétti sínum og til að knýja á um gerð kjarasamnings en að boða til verkfalls. Var það gert með bréfi dags. 23. september 1994. Bréfinu hafi fylgt samþykkt stjórnar um boðun verkfalls á grundvelli umboðs og sjálfstæðrar samþykktar trúnaðarráðs. Verkfallið hafi verið boðað aðallega á grundvelli samþykktar stjórn-

ar samkvæmt nefndu umboði, en til vara á grundvelli samþykktar trúnaðarráðs. Ákvörðun trúnaðarráðsins hafi verið tekin millilíðalaust og óskilyrt.

Auk framanritaðra röksemda byggir stefndi sýknukröfur sínar á því, að hann sé lögformlegur samningsaðili samkvæmt 5. gr. laga nr. 80/1938 og sé heimilt samkvæmt 14. gr. sömu laga að gera verkfall í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna og ekki síður til verndar rétti sínum til samninga sem þverbrotinn hafi verið með óheilindum stefnda. Þá byggir stefndi á því að verkfallið sé löglega boðað, aðallega að fyrirmælum b. liðar 15. gr. laga nr. 80/1938 en til vara á grundvelli c. liðar 15. gr. sömu laga og ákvörðun og boðun í samræmi við áratuga langa átölulausa framkvæmd og hefðir.

Á því er byggt að stefndi eigi samningsrétt fyrir hönd meðlima sinna hvernig sem samningssambandi þeirra við viðkomandi atvinnurekanda sé háttað. Fjölmargir flugmanna stefnanda séu fullgildir félagsmenn stefnda. Hafi stefndi samningsrétt fyrir þá og aðra meðlimi sína sem kunni að hefja störf hjá stefnanda. Stéttarfélög eigi samningsrétt um kaup og kjör og þessi lögbundni réttur, sem teljist til mannréttinda, verði ekki frá stéttarfélagi tekinn með samningum atvinnurekanda við erlenda áhafnaleigu. Það gangi einnig þvert gegn tilgangi laga 80/1938 og flugrekstrarleyfi stefnanda sem byggi á því að stefnandi ráði íslenska flugmenn. Telji stefnandi sig umkominn til að gera kjarasamning við félag hluta flugmanna sinna, þrátt fyrir meint samningssamband þeirra við írska áhafnarleigu, hljóti hann að geta gert kjarasamning við stefnda. Þá mótmælir stefndi því sem röngu að nefndir flugmenn séu bundnir samningsskyldum við írska áhafnaleigu og skorar á stefnanda að sanna þær fullyrðingar með því að leggja fram samninga flugmanna sinna þar að lútandi og sjálfstæða samninga stefnanda við áhafnaleiguna. Þá er skorað á stefnanda að leggja fram launaframtal sitt gjaldárið 1994 vegna rekstrarársins 1993 ásamt lögskipuðum fylgigögnum.

Stefndi mótmælir því að hið svonefnda Frjálsa flugmannafélag geti talist stéttarfélag og samningur þess við stefnanda kjarasamningur í skilningi laga nr. 80/1938. Það er skoðun stefnda, sem njóti stuðnings Alþýðusambands Íslands og fjölmargra stéttarfélaga- og stéttarfélagasambanda, að félagið vinni gegn hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt. Það sýni svonefndur kjarasamningur glöggt. Geti stefnandi virt þann samning að vettugi

með því að ráða til sín starfsmenn í gegnum erlendar áhafnaleigur að vild. Svonefnt forgangsréttarákvæði samningsins sé markleysa og óskuldbindandi fyrir stefnda. Þá sé brotið gegn lagaákvæðum um lífeyrissjóði og unnið gegn viðurkenndum lífeyrissjóði starfsstéttarinnar. Ekkert tillit sé tekið til þeirrar staðreyndar að flugmenn verði að hætta störfum 60 ára að aldri. Einnig séu uppsagnarákvæði andstæð lögum. Áskilinn er réttur til að rekja fleiri atriði samningsins sem að mati stefnda brjóta í bága við 1. gr. laga nr. 55/1980, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938, 10. gr. laga nr. 19/1979 og önnur lagaákvæði. Umræddur kjarasamningur, eins og hann er úr garði gerður, sé ekki löglegur. Verði að meta samninginn sem ráðningarsamning starfsmanna og eða vinnustaðasamning hluta starfsmanna en ekki sem kjarasamning starfsgreinar í skilningi vinnulöggjafarinnar. Önnur niðurstaða sé andstæð réttarþróun þróun sem feli í sér fækkun stéttarfélaga og fjölmennari hópa viðsemjanda.

Stefndi rökstyður kröfur sínar með því að samningur Frjálsa flugmannafélagsins og stefnanda geti ekki komið í veg fyrir að stefndi nýti lögbundinn rétt sinn til samninga fyrir hönd meðlima sinna, bæði meðlima sem nú starfa hjá stefnanda og eins þeirra sem hugsanlega ráði sig til starfa hjá honum. Byggir stefndi á því í þessu sambandi að innan vébanda FÍA séu meðlimir sem ekki hafi gerst félagar í Frjálsa flugmannafélaginu. Séu þeir ótvírætt óbundnir af samningi við stefnanda og verði þeirra mannréttindi til samninga ekki frá þeim tekin einhliða, sbr. einnig Fd. VII. bls. 154. Jafnframt byggir stefndi á því að úrsagnir annarra séu ekki gildar samkvæmt ákvæðum félagslaga og 3. gr. laga 80/1938 sem hafi verið sett á sínum tíma ásamt 4. gr. laganna til að útiloka áhrif atvinnurekanda á afskipti starfsmanna að stéttarfélögum og vinnudeilum og til að koma í veg fyrir að atvinnurekendur geti komið sér hjá samningum við lögformlega samningsaðila með bolabrögðum. Samningaviðræður hafi ótvírætt verið hafnar áður en stefnandi gerði samninga við Frjálsa flugmannafélagið. Geti stofnun þess ekki haft afturvirk áhrif að þessu leyti.

Því er eindregið mótmælt að stefndi hafi ekki lagt fram kröfugerð gagnvart stefnanda. Bent er á að kröfugerð stefnda hafi verið svo afmörkuð og skýr að stefnandi hafi getað notað kröfugerðina sem orðréttan grunn samnings við Frjálsa flugmannafélagið. Að gefnu tilefni er upplýst, að ný kröfugerð stefnda hafi verið stíluð á

enskt nafn á fyrirtæki stefnanda, nafn sem hann noti sjálfur í viðskiptum sínum innanlands sem utan og í flugrekstrarhandbók sem flugrekstrarleyfi grundvallast á. Sú staðreynd liggi fyrir, að stefnandi hafi fengið kröfugerð stefnda senda bréflega og um hana hafi verið fjallað á formlegum samningafundum. Aðilar málsins hafi átt saman fjölmarga samningafundi til lausnar kjaradeilu og stefnandi hafi fyrst hafnað viðræðum með bréfi dags. 16. september 1994. Kröfugerð stefnda sé mun ítarlegri og afmarkaðri en almennt tíðkist og samningaviðræður hafi gengið fram með hefðbundnum hætti aðila vinnumarkaðarins, þar með talið fyrir ríkissáttasemjara. Stefnandi hafi sönnunarbyrði fyrir öðrum sjónarmiðum. Dæmalaus vinnubrögð stefnanda og baktjaldamakk geti ekki skapað rétt og útilokað samningsrétt stefnda. Þá væri illa komið fyrir samskiptum verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda og afleiðingarnar óheillavænlegar. Minnt er á að einberri kröfu um viðurkenningu á samningsrétti hafi verið fylgt eftir með verkfallsaðgerðum sem taldar hafi verið lögmætar. Sjá Fd. VII. bls. 167 um þennan þátt málsins og röksemdir stefnanda er lúta að 17. gr. laga 80/1938.

Því er mótmælt sem röngu og órökstuddu að milli aðila sé réttarágreiningur í skilningi 17. gr. laga nr. 80/1938. Jafnframt er minnt á að samnings- og verkfallsrétturinn sé grundvallarréttur og ekki bundinn öðrum skilyrðum og takmörkunum en sett eru með beinum lagaákvæðum. Þessi réttur verði ekki takmarkaður á annan veg. Þá séu fjölmörg fordæmi fyrir boðun verkfalls í sambærilegum tilvikum. Ágreiningur aðila sé hagsmunaágreiningur eins og glöggt komi fram af skjölum málsins.

Um ákvörðun og boðun verkfalls stefnda hjá stefnanda er aðallega vísað til þess sem fyrr er rakið um það efni. Um áratugaskeið hafi ákvarðanir um verkföll verið teknar án þess að tilgreint væri við ákvarðanatökuna til hverra verkfallið ætti að taka. Hafi slíkar ákvarðanir verið almennar og snúið að viðsemjendum. Verkalýðsfélögum hafi síðan verið í sjálfsvald sett hvernig og gagnvart hverjum þau framkvæma verkföll. Nægi að tilkynna sáttasemjara ákvörðunina og þeim sem verkfallið beinist aðallega gegn, sbr. 16. gr. laga nr. 80/1938. Við ákvörðun um verkfall hjá stefnanda hafi verið viðhöfð almenn leynileg atkvæðagreiðsla og til vara tekin ákvörðun af trúnaðarráði. Tillaga um verkfallið hafi lotið að því að það næði til flugrekstraraðila sem ósamið var við. Þessi ákvörðun hafi verið tek-

in í beinu samhengi við samningaviðræður við stefnanda og að gefnu tilefni í viðræðunum. Sé hefðbundið að verkalýðsfélög afli verkfallsheimildar í kjarasamningaviðræðum til að knýja enn frekar á um samninga með nákvæmlega sama hætti og stefndi gerði. Því miður hafi verkfallsheimildin leitt stefnanda til örþrifaráða sem séu einsdæmi í samskiptum atvinnurekanda og verkalýðsfélags. Ómótmælt sé að stefnanda og ríkissáttasemjara hafi borist verkfallsboðunin sem einnig sé hefðbundin og lögum samkvæm. Stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á að ekki hafi verið staðið löglega að ákvörðun og boðun verkfallsins. Um væntanlega framkvæmd verkfallsins verði ekki dæmt í þessu máli.

Um lagarök fyrir gagnkröfum vísar stefndi til 5. og 14. gr., sbr. 53. gr. laga nr. 80/1938, auk fyrri lagatilvísana. Ennfremur vísar stefndi til 23., 24. og 25. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, félagsmálasáttmála Evrópu, einkum I. kafla, tl. 5 og 6 og 5. og 6. gr. II. kafla og til 2. til 6. gr. samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 frá 9. júlí 1948 um samningsrétt sinn. Stefndi byggir málskostnaðarkröfu sína á XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 129. og 130. gr., sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Krafa um virðisaukaskatt styðjist við 3., 11. og 14. gr. laga nr. 50/1988, en stefndi reki ekki virðisaukaskattskylda starfsemi.

Niðurstaða.

Hinn 8. desember 1993 óskaði stefndi eftir því við stefnanda að gerður yrði kjarasamningur milli aðila. Í svari sínu, dags. 22. desember 1993, taldi stefnandi naumast grundvöll fyrir viðræðum um kjarasamning þar sem flugmenn á vélum hans væru ekki á launaskrá hjá honum heldur væru þeir starfsmenn erlends áhafnaleigufyrirtækis. Að því er framhald málsins varðar hefur stefnandi haldið því fram að ekki hafi verið um kjaraviðræður að ræða heldur hafi tilgangur stefnanda með þeim viðræðum, sem óumdeilt er að fóru fram við stefnda, verið sá einn að skýra afstöðu sína og sérstöðu. Stefndi telur hins vegar að formlegar kjaraviðræður hafi verið í gangi og telur sig hafa lagt fram kröfugerð í formi draga að kjarasamningi milli stefnda og stefnanda. Í skýrslutökum hér fyrir dómi hafa gjaldkeri stefnda og flugrekstrarstóri stefnanda lýst samskiptum aðila sl. vetur sem „þreifingum". Fram hefur komið að í júlí- og ágústmánuði sl. áttu aðilar viðræður. Í framhaldi af fundi 16. ágúst

1994 bauð stefnandi stefnda það bréflega að gerðir yrðu persónubundnir ráðningarsamningar við flugmenn og fylgdu bréfinu drög að slíkum samningi. Þessu var hafnað af hálfu stefnda með bréfi, dags. 18. ágúst 1994, og þess krafist að gerður yrði kjarasamningur milli aðila er síðan mætti byggja ráðningarsamninga á. Þá tók stefndi fram að hann hygðist vísa deilunni til ríkissáttasemjara og áskildi sér jafnframt rétt til að boða vinnustöðvun bæru viðræður hjá ríkissáttasemjara ekki árangur. Með bréfi, dags. 19. ágúst 1994, vísaði stefndi deilunni síðan til ríkissáttasemjara enda hefðu viðræður aðila um gerð kjarasamnings reynst árangurslausar. Voru fundir haldnir hjá ríkissáttasemjara 30. ágúst, 5., 8. og 17. september 1994 auk óformlegs vinnufundar aðilanna sem haldinn var í aðsetri embættisins 14. september 1994. Ljóst er að fyrrgreind drög að kjarasamningi lágu þá fyrir og hafa verið rædd, sbr. meðal annars framsettar spurningar og sjónarmið af hálfu stefnanda í tilefni af samningsdrögum þessum, en þetta gagn frá stefnanda liggur fyrir í málinu.

Þegar það er virt, sem hér hefur verið rakið, verður að telja að stefnanda hafi ekki mátt dyljast að hann tók þátt í kjaraviðræðum. Stefndi er lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna samkvæmt 5. gr. laga nr. 80/1938 og er heimilt að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum með verkfalli samkvæmt II. kafla laga þessara. Standa ákvæði 1. tl. 17. gr. laganna ekki í vegi fyrir því að stefndi framfylgi þessum rétti sínum.

Með bréfi, dags. 23. september 1994, tilkynnti stefndi stefnanda um hina umdeildu vinnustöðvun. Þegar hér var komið sögu hafði stefnandi gert kjarasamning við nýstofnað stéttarfélag flugmanna, Frjálsa flugmannafélagið, og var sá samningur undirritaður 15. september 1994. Tilkynnti stefnandi stefndu um þau málalok með bréfi, dags. 16. september 1994, og jafnframt að ekki væri ástæða til frekari viðræðna við stefnda. Ákvörðun sína um vinnustöðvun hjá stefnanda tók félagsstjórn stefnda á fundi sínum 23. sept. sl. . Var ákvörðunin byggð á umboði sem stjórninni var veitt með almennri leynilegri atkvæðagreiðslu í stéttarfélaginu sem haldin var 21. júlí til 28. júlí 1994. Á þessum grundvelli var stefnda vinnustöðvunin heimil, sbr. b. lið 15. gr. laga nr. 80/1938 og ekki þykja neinir þeir annmarkar vera á ákvörðun stefnda um vinnustöðvun þessa og boðun hennar að telja beri hana ólögmæta af þeim sökum.

Hið boðaða verkfall stefnda nær til flugs stefnanda til og frá Íslandi. Ljóst er að verkfallið tekur þannig aðeins til lítils hluta af starfsemi stefnanda, sem stundar leiguflug aðallega á erlendum vettvangi. Fyrir liggur þó að leiguflug til og frá Íslandi hefur verið á vegum stefnanda og verður áfram. Fyrir það flug sem verkfallið nær til, hafa flugmenn fengið greitt beint frá stefnanda en ekki í gegnum áhafnaleigu. Þessu flugi hefur verið jafnað niður á starfsmenn, en deilt er um hversu starfssambandi hefur verið háttað að því er flug þetta varðar. Benda gögn málsins frekast til þess að um vinnusamninga sé að ræða í þessum efnum. Eigi hefur verið sýnt fram á að þeim vinnusamböndum hafi verið slitið.

Frjálsa flugmannafélagið var stofnað hinn 14. september 1994. Liggja stofnskjöl og félagslög þess félags fyrir í málinu. Ekki verður dregið í efa, að félag þetta sé fullgilt stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938, sbr. 1. og 2. gr. laganna. Það var því lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna samkvæmt 5. gr. laga nr. 80/1938 og því bært til að gera þann kjarasamning við stefnanda sem fyrr greinir og undirritaður var 15. september 1994. Meðlimir þessa stéttarfélags eru því bundnir af þessum kjarasamningi við stefnanda. Af þeim sökum er þátttaka þeirra í vinnustöðvun stefnda, sem beinist gegn stefnanda, ólögmæt og þykir ekki skipta máli í þeim efnum, hvort þessir meðlimir hins nýja stéttarfélags hafi sagt sig formlega úr stefnda eða ekki, enda geta þeir verið í báðum félögunum.

Vinnustöðvun sú sem stefndi hefur boðað hjá stefnanda er lögmæt en nær aðeins til þeirra félagsmanna stefnda sem ekki eru bundnir af kjarasamningi stefnanda við Frjálsa flugmannafélagið.

Málskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Vinnustöðvun sú sem stefndi, Félag íslenskra atvinnuflugmanna, hefur boðað til hjá stefnanda, Flugfélaginu Atlanta hf., er lögmæt en nær aðeins til þeirra félagsmanna stefnda sem ekki eru bundnir af kjarasamningi Frjálsa flugmannafélagsins við stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Valgeirs Pálssonar.

Ég geri ekki ágreining um niðurstöðu meirihluta dómenda hvað varðar lögmæti boðunar hins umdeilda verkfalls og jafnframt að það geti ekki náð til flugmanna innan vébanda stefnda sem þegar eru bundnir af kjarasamningi Frjálsa flugmannafélagsins.

Flugmenn (íslenskir og erlendir) eru fengnir til starfa í gegnum írska áhafnaleigu vegna verkefna í þágu stefnanda erlendis, en þar er starfsvettvangur þess fyrst og fremst. Á það verður að fallast með stefnanda að slíkt fyrirkomulag er eðlilegt þegar litið er til þess hvers eðlis rekstur hans er. Leiguflug fyrir íslenska aðila hefur bæst við en verið óverulegur hluti starfseminnar (u.þ.b. 5%). Um þessar mundir felst það samkvæmt gögnum málsins í leiguflugi fyrir ferðaskrifstofuna Samvinnuferðir-Landsýn hf. Önnur leiguflugsverkefni hefur stefnandi ekki með höndum og ekkert áætlunarflug er á þess vegum. Aðstæður hér eru því mjög sérstakar og ekki hægt að leggja þær að jöfnu við það hvernig háttar hjá fyrirtækjum, sem alfarið hafa starfsvettvang sinn hér á landi. Verður ekki hjá því komist að hafa þessar sérstöku aðstæður í huga þegar skoðað er með hvaða hætti starfslok verða hjá flugmönnum vegna þeirra verkefna, sem þeir eru fengnir til í gegnum áhafnaleigur. Hið sama gildir um þátt þeirra í leiguflugi frá Íslandi.

Meðan íslensku flugmennirnir hafa verið í leyfum hér á Íslandi hefur þeim verið gefinn kostur á að fljúga einstakar ferðir í leiguflúginu frá Íslandi ef þeir hafa viljað og þörf hefur verið fyrir þá. Aðilar munu engar skyldur hafa gagnvart hvor öðrum í þeim efnum. Flugmennirnir hafa einungis verið fengnir til starfa fyrir hvert einstakt flug og greitt hefur verið sérstaklega fyrir hverja ferð. Verður að líta svo á að um tímabundinn samning hafi verið að ræða við hvern einstakan flugmann í hverju tilviki, sem hefst við upphaf ferðar og lýkur í ferðalok. Í þessu sambandi getur ekki skipt máli hvort flugmenn fljúgi hverja ferð sem launtakar hjá stefnanda eða verktakar. Að því marki sem samningi er til að dreifa þá takmarkast hann við hverja flugferð sem flugmaður tekur að sér.

Í málinu hafa verið lagðar fram félagaskrár stefnda og Frjálsa flugmannafélagsins. Á félagaskrá stefnda hafa verið auðkenndir þeir flugmenn, sem flogið hafa á vegum stefnanda. Við samanburð

á félagaskrám stefnda og Frjálsa flugmannafélagsins kemur í ljós að sex tilteknir flugmenn eru meðlimir stefnda en hafa ekki gengið í Frjálsa flugmannafélagið og eru af þeim sökum ekki bundnir af kjarasamningum þess félags. Tveir þessara flugmanna hættu störfum í þágu stefnanda í septemberlok og einn 11. október, er lokið var verkefnum á vegum stefnanda erlendis og þeir störfuðu við. Hinir þrír eru starfandi í Túnis til loka október að verkefnum þar, en þá lýkur þessum verkefnum samkvæmt framkomnum upplýsingum frá stefnanda. Um leið hætta þeir störfum í þágu stefnanda. Ekki verður séð að flugmönnum innan stefnda en utan Frjálsa flugmannafélagsins hafi verið mismunað þegar verkefnum á vegum stefnanda hefur lokið og flugmenn hætt störfum í þess þágu. Þeir hafa hætt, jafnt sem flugmenn innan Frjálsa flugmannafélagsins, um leið og verkefnum hefur lokið hjá stefnanda. Þá verður heldur ekki séð að starfslok þeirra hafi að öðru leyti borið að með ólögmætum hætti. Vegna forgangsréttar flugmanna í Frjálsa flugmannafélaginu til starfa í þágu stefnanda eiga þessir flugmenn ekki rétt til starfa að nýju hjá stefnanda meðan þeir standa utan Frjálsa flugmannafélagsins.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður ekki séð, að flugmenn innan vébanda stefnda sem standa utan Frjálsa flugmannafélagsins séu í slíku ráðningarsambandi við stefnanda vegna flugs til og frá Íslandi að þeir eigi kjarasamningskröfur á hendur félaginu, sem þeir geti knúð fram með verkfalli. Um aðrar réttindakröfur er ekki að tefla sem stefndi getur fengið framgengt í hinu boðaða verkfalli. Skilyrði til verkfalls af hálfu stefnda eru því ekki fyrir hendi samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga nr. 80/1938. Verður því að líta svo á að hið boðaða verkfall stefnda sé ólögmætt og ber því að taka kröfur stefnanda til greina og dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað að fjárhæð kr. 100.000.

Föstudaginn 11. nóvember 1994.

Nr. 13/1994. **Sjómannadagurinn í Reykjavík og Hafnarfirði**
gegn
(Oddný M. Árnadóttir cand. jur.)
Sjúkraliðafélagi Íslands
(Ragnar H. Hall hrl.)

Félagsdómur.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var tekið til úrskurðar hinn 10. þ.m. vegna kröfu stefnanda um, að sá dómari í Félagsdómi, sem tilnefndur er af fjármálaráðherra víki sæti í málinu.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu þingfestri 10. nóvember 1994.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að eftirtöldum starfsmönnum stefnanda, sé óheimilt að gera verkfall samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt ákvörðun Félagsdóms, og við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Við þingfestingu málsins var af hálfu stefnanda gerð sú krafa að sá dómari í Félagsdómi, sem tilnefndur er af fjármálaráðherra, Guðmundur Skaftason, víki sæti og ákveðið verði að stefnandi fái að tilnefna mann í dóminn af sinni hálfu í máli þessu.

Af hálfu stefnda eru ekki gerðar athugasemdir við skipan dómsins.

Krafa stefnanda um skipan dómsins er hér til úrlausnar.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til þess að fá viðurkenningu Félagsdóms fyrir því að vegna 3. töluliðar 19. gr. laga nr. 94/1986 sé skylt að manna ákveðin störf á þeim tveimur hjúkrunarheimilum, sem stefnandi á og rekur. Þess vegna telur stefnandi að tilgreindum fjölda félagsmanna í stefnda, (Sjúkraliðafélagi Íslands), sé óheimil þátttaka í verkfalli því sem félagið hafi boðað til frá og með miðnætti 10. nóvember 1994.

Stefnandi sé samtök sem félög sjómanna á félagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hafi stofnað til. Stefnandi sé því samband almennra, frjálsra félaga. Stefnandi eigi og reki víðtæka starfsemi í þágu velferðar og heilbrigðis, þ.m.t. Hrafnistuheimilið í Reykjavík og Hrafnistuheimilið í Hafnarfirði, sem eru hjúkrunarheimili fyrir aldraða sjómenn og ekkjur þeirra. Séu heimili þessi í sjálfu sér rekin í almanna þágu.

Stefnandi skipi sjálfur stjórn þessara stofnana og eigi íslenska ríkið þar ekki fulltrúa. Stefnandi njóti hins vegar daggjaldagreiðslna úr ríkissjóði. Stefnandi hafi litið svo á, að hann geti fallið undir 2. gr. laga nr. 94/1986 sé það ákvæði skýrt rýmkandi lögskýringu og muni nú á þeim grundvelli ganga til kjarasamninga við stefnda, Sjúkraliðafélag Íslands.

Krafa stefnanda um að Guðmundur Skaftason víki sæti sem dómari er byggð á því að jafnræðis við skipan Félagsdóms verði ekki gætt, nema hann fái að tilnefna mann í dóminn af sinni hálfu. Heildarsamtök þau, sem stefndi eigi aðild að, BSRB, tilnefni samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 mann í dóminn af sinni hálfu. Samkvæmt sama ákvæði hafi fjármálaráðherra tilnefnt mann af sinni hálfu í stað þess sem Vinnuveitendasamband Íslands tilnefnir samkvæmt 39. gr. laga nr. 80/1938.

Svo sem rakið hafi verið sé stefnandi ekki ríkisstofnun heldur samtök frjálsra félaga sjómanna á tilteknu svæði.

Stefnandi telur að 39. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sem fjallar um skipan Félagsdóms, sbr. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 byggi á þeirri grundvallarreglu að tveir af fimm dómendum Félagsdóms séu tilnefndir af málsaðilum eða heildarsamtökum þeim, sem þeir eiga aðild að. Hafi þetta verið viðurkennt af Félagsdómi, sbr. dóma í málum nr. 1/1994 og nr. 11/1994. Túlkun þessi samrýmist skýringu á 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um óháðan og óhlutdrægan dómstól.

Stefnandi byggir á því að hann sé í engum þeim tengslum við íslenska ríkið að eðlilegt sé að telja að dómari sá sem tilnefndur sé af fjármálaráðherra skipi dóm í máli þessu.

Niðurstaða.

Fyrir liggur að um kjarasamningsgerð aðila fer samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, en samkvæmt 2. gr. þeirra á stofnun sem uppfyllir skilyrði greinarinnar völ á því,

hvort þau lög skuli taka til kjarasamninga hennar við og starfsmennina. Fyrir liggur í málinu kjarasamningur dags. 8. janúar 1993 milli Hrafnistu DAS í Reykjavík og Hafnarfirði annars vegar og Sjúkraliðafélags Íslands hins vegar. Í 2. gr. þess samnings segir: „Um kjör starfsmanna Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði sem samningur þessi tekur til, skal farið eftir kjarasamningi SLFÍ og fjármálaráðherra frá 8. desember 1992." Aðrar greinar samningsins bera með sér að starfskjör sjúkraliða hjá stofnuninni eru sniðin eftir starfskjörum sjúkraliða í þjónustu ríkisins, m.a. að um réttindi og skyldur þeirra skuli fara eftir ákvæðum laga nr. 38/1954. Stefnandi hefur lýst yfir því að hann muni ganga til samninga við Sjúkraliðafélag Íslands á grundvelli 2. gr. laga nr. 94/1986. Þannig hefur hann fellt sig undir ákvæði þeirra laga.

Samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 dæmir Félagsdómur í málum sem rísa milli samningsaðila um hverjir falli undir ákvæði 3.–6. tl. 19. gr. Um það snýst efniságreiningur málsins.

Í 27. gr. laga nr. 94/1986 segir að þegar Félagsdómur dæmir í málum sem greinir í 26. gr. nefna annars vegar viðkomandi heildarsamtök stéttarfélaga og hins vegar fjármálaráðherra eða Samband íslenskra sveitarfélaga dómara til setu í dóminum í stað þeirra sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Sé stéttarfélag utan heildarsamtaka aðili máls fyrir Félagsdómi nefnir það sjálft dómara í það mál. Samsvarandi regla er ekki um þær stofnanir sem 2. gr. laganna tekur til. Hjúkrunarheimili þau sem stefnandi rekur njóta daggjalda úr ríkissjóði. Verður því ekki annað séð, en hagsmunir stefnanda og ríkisins fari þar saman. Þegar til alls þessa er litið verður ekki talið að ójafnræði sé með aðilum um tilnefningu dómara þannig að stefnandi hafi ástæðu til að draga í efa að mál hans sæti meðferð fyrir óvilhöllum dómstóli.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins að dómaranum Guðmundi Skaftasyni, sem tilnefndur er af fjármálaráðherra til setu í dóminum, beri ekki að víkja sæti.

Málskostnaður dæmist ekki í þessum þætti málsins.

Úrskurð þennan kveða upp Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Guðmundur Skaftason og Sveinn Sveinsson.

Úrskurðarorð:

Guðmundur Skaftason, sem tilnefndur er af fjármálaráðherra, víkur ekki sæti í máli þessu.

Þriðjudaginn 15. nóvember 1994.

Nr. 12/1994. **St. Jósefsspítali**
(Kristján Þorbergsson hdl.)
gegn
Sjúkraliðafélagi Íslands
vegna þeirra félagsmanna stefnda
sem starfa hjá stefnanda
(Ragnar H. Hall hrl.)

Verkfallsheimild. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Guðmundur Skaftason og Sveinn Sveinsson.

Stefnandi er St. Jósefsspítali, kt. 710169-5949, Landakoti, Reykjavík. Stefndi er Sjúkraliðafélag Íslands, kt. 560470-0109, Grettisgötu 89, Reykjavík, vegna þeirra félagsmanna stefnda, sem hjá stefnanda starfa. Stefndi er aðildarfélag Bandalags starfsmanna ríkis og bæja kt. 440169-0159, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Aðalkröfur.

1. Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi, að stefnda sé skylt að hlíta þeim fyrirmælum 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, að þeim félagsmönnum hans sem starfa að nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu hjá stefnanda sé óheimilt að leggja niður störf í verkfalli stefnda boðuðu frá 11. nóvember n.k., þrátt fyrir að skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laganna hafi ekki verið birt fyrir 1. febrúar 1994 og að eftirtöldum félagsmönnum stefnda sé samkvæmt því óheimilt að leggja niður störf í verkfallinu:

a) Á hjúkrunardeild í Hafnarbúðum 11 einstaklingar í 8,4 stöðugildum.

Stöður raðist þannig:

3 stöður morgunvakt – 2 stöður kvöldvakt – 1 staða næturvakt.

Nafn:	*kt.*	*vinnuhlutfall*
Anna Þuríður Kristjánsdóttir	160654-2799	80
Ásdís Þorbjörnsdóttir	230855-5289	100
Bente Jensen	151159-6059	80

Guðrún María Snæbjörnsdóttir	020233-7619	60
Hallveig Elín Indriðadóttir	131252-3079	70
Hulda S. Kristinsdóttir	260168-2909	80
Ingibjörg Kristjánsdóttir	210128-2559	70
Lilja B. Þorsteinsdóttir	070870-4019	80
Mardís Malla Andersen	020459-2989	80
Svava Björgólfsdóttir	010535-5819	60
Vilborg Guðlaugsdóttir	040651-7569	80.

b) Á hjúkrunardeild gangi 1A 12 einstaklingar í 9,9 stöðugildum.
Stöður raðist þannig:
3 stöður morgunvakt – 3 stöður kvöldvakt – 1 staða næturvakt.

Nafn:	*kt.*	*vinnuhlutfall*
Auður Steingrímsdóttir	190956-5559	60
Ásrún Guðmundsdóttir	190463-5329	100
Elín K. Ólafsdóttir	090251-2369	100
Elín Óskarsdóttir	171153-5659	60
Guðrún Sv. Gunnlaugsdóttir	151268-3749	80
Heiða Hauksdóttir	261255-4999	60
Helga Ósk Kúld	280642-4449	80
Ingibjörg Júlíusdóttir	080455-4889	70
Jónheiður Haraldsdóttir	310751-3599	100
Margrét Pollý Baldvinsdóttir	060931-2409	80
Pálína Ósvald	250744-2269	100
Valgerður Reginsdóttir	010457-4089	100.

c) Á barnadeild 4 einstaklingar í 3,5 stöðugildum.
Stöður raðist þannig:
0,5 staða morgunvakt – 1,0 staða kvöldvakt – 1,0 staða næturvakt.

Nafn:	*kt.*	*vinnuhlutfall*
Birte Jensen	290941-7099	80
Elínborg Jónmundsdóttir	200750-7569	100
Margrét Hinriksdóttir	030144-3689	100
Sigurðína Þorgrímsdóttir	161246-2129	70.

d) Á augndeild á gangi 1B 5 einstaklingar í 3,9 stöðugildum.
Stöður raðist þannig:
0,8 staða morgunvakt – 1,0 staða kvöldvakt – 1,0 staða næturvakt.

Nafn:	*kt.*	*vinnuhlutfall*
Hallfríður Guðmundsdóttir	130736-2899	100
Magnea Sigmarsdóttir	130743-3399	80
Sigrún A. Kaaber	111132-2919	50
Sædís Þorleifsdóttir	291263-8019	90
Þóra Jenný Hendriksdóttir	190246-3109	70.

Á göngudeild augndeildar einn einstaklingur í einni stöðu.

Nafn:	*kt.*	*vinnuhlutfall*
Bára Sigurjónsdóttir	250737-2629	100.

e) Á handlækningadeild, gjörgæslu 4 einstaklingar í 4,0 stöðugildum.
Stöður raðist þannig:
0,8 staða morgunvakt – 1,0 staða kvöldvakt – 1,0 staða næturvakt.

Nafn:	*kt.*	*vinnuhlutfall*
Erla Gísladóttir	040438-4919	100
Guðrún Emilsdóttir	160727-2929	100
Margrét Teitsdóttir	310837-5049	100
Sigríður Jónsdóttir	100334-3059	100.

f) Á lyflækningadeild á gangi 3B 5 einstaklingar í 3,4 stöðugildum.
Stöður raðist þannig:
0,4 staða morgunvakt – 1,0 staða kvöldvakt – 1,0 staða næturvakt.

Nafn:	*kt.*	*vinnuhlutfall*
Guðný Pálsdóttir	040851-4889	90
Guðrún Guðmundsdóttir	010354-4559	50
Ingibjörg Ingólfsdóttir	211054-5069	40
Jóhanna Ragnarsdóttir	131138-4319	80
Kristín Bjarnadóttir	210550-3139	80.

g) Á skurðstofum 2 einstaklingar í 2 stöðugildum.
Stöður raðist þannig:
2 stöður morgunvakt.

Nafn:	*kt.*	*vinnuhlutfall*
Áslaug Faaberg	100252-7599	100
Ósk Sofusdóttir	200130-3759	100.

2. Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi heimild stefnanda til að kalla aðra félagsmenn stefnda, sem hjá stefnanda starfa, til vinnu meðan á verkfallinu stendur, forfallist þeir félagsmenn sem upp eru taldir í 1. tl. frá vinnu vegna veikinda eða slysa, eða geti ekki sinnt störfum sínum í verkfallinu af öðrum óviðráðanlegum orsökum.

Varakrafa.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi, að stefnda sé skylt að hlíta þeim fyrirmælum 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 að þeim félagsmönnum hans sem starfa að nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu hjá stefnanda, sé óheimilt að leggja niður störf í verkfalli stefnda boðuðu frá 11. nóvember n.k., þrátt fyrir að skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laganna hafi ekki verið birt fyrir 1. febr. 1994 og að samkvæmt því sé félagsmönnum stefnda sem samtals gegna 36,1 stöðugildi hjá stefnanda, svo skipt á deildir sem að neðan greinir, óheimilt að leggja niður störf í verkfallinu og enn fremur að staðfestur verði réttur stefnanda til að ákveða hvaða félagsmenn stefnda vinni í þeim stöðugildum í samræmi við ráðningarsamninga sína:

a) Á hjúkrunardeild í Hafnarbúðum 8,4 stöðugildi.
Stöður raðist þannig:
3 stöður morgunvakt – 2 stöður kvöldvakt – 1 staða næturvakt.

b) Á hjúkrunardeild gangi 1A 9,9 stöðugildi.
Stöður raðist þannig:
3 stöður morgunvakt – 3 stöður kvöldvakt – 1 staða næturvakt.

c) Á barnadeild 3,5 stöðugildi.
Stöðurnar raðist þannig:
0,5 staða morgunvakt – 1,0 staða kvöldvakt – 1,0 staða næturvakt.

d) Á augndeild á gangi 1B 3,9 stöðugildi.
Stöður raðist þannig:
0,8 staða morgunvakt – 1,0 staða kvöldvakt – 1,0 staða næturvakt.
Á göngudeild augndeildar eitt stöðugildi.

e) Á handlækningadeild, gjörgæslu, 4,0 stöðugildi.
Stöður raðist þannig:
0,8 staða morgunvakt – 1,0 staða kvöldvakt – 1,0 staða næturvakt.

f) Á lyflækningadeild 3,4 stöðugildi.
Stöður raðist þannig:
0,4 staða morgunvakt – 1,0 staða kvöldvakt – 1,0 staða næturvakt.

g) Á skurðstofum 2 stöðugildi.

Stöður raðist þannig:

2 stöður morgunvakt.

Þrautavarakrafa.

Til þrautavara gerir stefnandi sömu dómkröfu og samkvæmt varakröfu að öðru leyti en því að Félagsdómur ákveði fjölda stöðugildanna og skiptingu þeirra eftir deildum

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru þessar.

Aðalkröfur:

1. Að aðalkröfu stefnanda nr. 2, varakröfu hans og þrautavarakröfu verði vísað frá Félagsdómi.
2. Að aðal- og varakröfum stefnanda verði hafnað að svo miklu leyti sem þessum kröfum verði ekki vísað frá dómi.

Varakrafa:

Að því verði slegið föstu með dómi Félagsdóms að einungis eftirtaldir félagsmenn stefnda sem starfa hjá stefnanda falli undir ákvæði 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 og megi því ekki leggja niður störf í verkfalli sem stefnda hefur boðað hjá stefnanda og á að hefjast 11. nóvember 1994, og að samkvæmt því verði stöður þá mannaðar svo sem greint er hér á eftir:

a. Á hjúkrunardeild í Hafnarbúðum:

Enginn félagsmaður stefnda.

b. Á deild 1-A á Landakotsspítala:

1,5 stöðugildi á morgunvakt – 1,5 stöðugildi á kvöldvakt – 1,0 stöðugildi á næturvakt.

Eftirtaldir félagsmenn stefnda gegni þessum stöðum:

Ásrún Guðmundsdóttir, kt. 190463-5329 – 1,0 stöðugildi

Auður Steingrímsdóttir, kt. 190956-5559 – 0,6 stöðugildi

Elín K. Ólafsdóttir, kt. 090251-2369 – 1,0 stöðugildi

Jenný Jóna Sveinsdóttir, kt. 051160-2159 – 0,5 stöðugildi

Jónheiður Haralds, kt. 310751-3599 – 1,0 stöðugildi.

c. Á barnadeild á Landakotsspítala:

0,0 stöðugildi á morgunvakt – 0,5 stöðugildi á kvöldvakt – 1,0 stöðugildi á næturvakt.

Eftirtaldir félagsmenn stefnda gegni þessum stöðum:

Björg Kristjánsdóttir, kt. 301156-3089 – 0,8 stöðugildi

Sigurðína Þorgrímsdóttir, kt. 161246-2129 – 0,7 stöðugildi.

d. Á augndeild á gangi 1B á Landakotsspítala: Enginn félagsmaður stefnda.

Á göngudeild augndeildar Landakotsspítala: Enginn félagsmaður stefnda.

e. Á handlækningadeild og gjörgæslu á Landakotsspítala: Enginn félagsmaður stefnda.

f. Á lyflækningadeild á gangi 3B á Landakotsspítala:

0,5 stöðugildi á morgunvakt – 0,5 stöðugildi á kvöldvakt – 1,0 stöðugildi á næturvakt.

Eftirtaldir félagsmenn stefnda gegni þessum störfum:

Sigríður Rut Hreinsdóttir, kt. 270857-2809 – 0,4 stöðugildi

Guðný J. Pálsdóttir, kt. 040851-4889 – 0,9 stöðugildi

Jóhanna Ragnarsdóttir, kt. 131138-4319 – 0,8 stöðugildi.

g. Á skurðstofum á Landakotsspítala: Enginn félagsmaður stefnda.

Málskostnaðarkrafa:

Stefndi krefst þess að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati Félagsdóms.

Mál þetta var þingfest hinn 8. nóvember sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 12. nóvember sl.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að þann 8. desember 1992 hafi stefnandi og stefndi gert með sér kjarasamning þar sem fram komi í 6. gr. að um gerð kjarasamninga og vinnudeilur skuli fara skv. ákvæðum laga nr. 94/1986. Heimild til þessa sé í 2. gr. laganna, en stefnandi er sjálfseignarstofnun.

Stefnandi kveður kjarasamning aðila lausan og stefndi hafi með bréfi dags. 24. okt. 1994, boðað verkfall, sem hefjast skuli við upphaf föstudagsins 11. nóvember n.k.

Þann 26. okt. sl. kveðst stefnandi hafa skrifað stefnda bréf, sem fylgdi listi yfir þá félagsmenn stefnda, sem stefnandi æskti að sinntu áfram störfum sínum í verkfallinu og hafi þess verið farið á leit í nefndu bréfi að stefndi gerði athugasemdir við listann fyrir 29. október.

Bréfi þessu segir stefnandi stefnda hafa svarað með bréfi dags. 28. október, þar sem fram komi að stefndi telji sig óbundinn af takmörkunarreglum ákvæða 19. gr. laga nr. 94/1986 á verkfallsrétti félagsmanna sinna, með því að listi spítalans sé of seint fram kominn.

Í bréfinu komi fram að stefndi telji stjórnendur St.Jósefsspítala hafa brugðist skyldum sínum með því að birta ekki verkfallslista, skv. ákvæðum tilvitnaðrar 19. gr.

Stefnandi kveðst hafa óskað eftir viðræðum til að reyna að ná samkomulagi við stefnda um gerð lista yfir þá starfsmenn sem óhjákvæmilega hlytu að þurfa að starfa áfram í verkfallinu, áður en til bréfaskipta þessara hafi komið, en stefndi hafi hafnað slíkum viðræðum og lýst stefnanda ábyrgan fyrir því sem stefndi telji vanrækslu stefnanda.

Ástæður þess, að skrá skv. ákvæðum 2. mgr. 19. gr. hafi ekki verið birt fyrr segir stefnandi vera sjálfheldu sem það mál hafi verið í, fram til þess að lög nr. 95/1994 um breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda nr. 64/1943 hafi tekið gildi þann 3. júní sl. Slíkum skrám hafi skv. athugasemdum með frumvarpi að lögum nr. 94/1986 verið ætlaður birtingarstaður í B-deild Stjórnartíðinda, en lagaheimild til birtingar þar skort allt að einu, fram til gildistöku breytingarinnar, þegar sveitarstjórnir og sjálfseignarstofnanir áttu í hlut. Skírskotar stefnandi til bréfs dómsmálaráðuneytisins dags. 4. nóv. 1994 þessu til staðfestu.

Svo sem að framan er rakið kveðst stefnandi hafa leitað eftir samráði við stefnda um gerð skrár skv. ákvæðum 2. mgr. 19. gr., en stefndi neitað öllu samráði. Því kveðst stefnandi hafa tekið saman skrá og sent til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda í tilefni verkfalls stefnda. Dómsmálaráðuneytið hafi nú fallist á birtingu skrárinnar með vísan til hinnar nýgerðu lagabreytingar.

Stefnandi kveður kröfur sínar varða 7 af 12 deildum spítalans og skiptist fjöldi félagsmanna og stöðugilda á þær deildir með þeim hætti, sem hér á eftir greini.

Í verkfallinu verði svo dregið úr starfsemi, svo sem forsvarsmenn spítalans ítrast treysti sér til.

Stefnukröfur máls þessa grundvallist á mati hjúkrunarforstjórans Rakelar Valdimarsdóttur á því hvaða lágmarksmönnun þurfi að vera til staðar í verkfallinu svo ekki skapist neyðarástand og heilbrigði þeirra sjúklinga sem ekki verða útskrifaðir, verði ekki stefnt í voða. Þetta mat hjúkrunarforstjóra sé einhliða mat hans, þar sem félagsmenn stefnda hafi hafnað öllu samráði svo sem fyrr greini og neitað að leggja lið, við mat þetta.

Stefnandi tjáir að á tveimur hjúkrunardeildum spítalans séu alls

45 rúm, sjúklingar í þeim öllum, aldrað fólk, sem ekki eigi í önnur hús að venda. Sjúklingar þessir séu meira og minna ósjálfbjarga, þá þurfi að mata og þrífa. Þar af leiðandi sé ekki um það að ræða að útskrifa þá og óhjákvæmilega þurfi lágmarksfjölda félagsmanna stefnda til að sinna þeim í verkfallinu.

Á hjúkrunardeildunum starfi 34 félagsmenn stefnda í 26 stöðugildum. Mat hjúkrunarforstjóra sé, að í verkfallinu sé þörf 23 félagsmanna stefnda við störf í 18,3 stöðugildum.

Á barnadeild spítalans segir stefnandi vera 26 rúm. Þar leggist inn börn með ýmsa sjúkdóma. Barnadeild sinni bráðavöktum 7–9 vöktum í mánuði, þ.e. að 1/3 á móti barnadeild Landspítalans. Þar starfi að jafnaði 9 félagsmenn stefnda í 6,3 stöðugildum. Mat hjúkrunarforstjóra sé, að þar þurfi 4 félagsmenn stefnda að manna 3,5 stöðugildi í verkfallinu.

Legudeild augndeildar spítalans segir stefnandi hýsa 16 rúm. Deildin þjóni öllu landinu varðandi bráða augnsjúkdóma og slys á augum. Þar starfi að jafnaði 7 félagsmenn stefnda í 5,2 stöðugildum, en mat hjúkrunarforstjóra sé, að í verkfallinu þurfi 5 félagsmenn í 3,9 stöðugildum að vera við störf.

Á göngudeild augndeildar, augnskoðun, starfa eftir því sem stefnandi tjáir, 2 félagsmenn stefnda í 1,9 stöðugildi, en mat hjúkrunarforstjóra sé, að annar þeirra þurfi að vera við störf í verkfallinu.

Stefnandi segir 22 rúm vera á handlækningadeild, þar af 6 rúm með gjörgæslubúnaði. Í rúm deildarinnar séu lagðir sjúklingar sem fari í almennar skurðaðgerðir og þeir sjúklingar sem fái óvænta fylgikvilla eftir aðgerðir. Að jafnaði starfi þar 14 félagsmenn stefnda í 10,2 stöðugildum. Mat hjúkrunarforstjóra sé að í verkfallinu þurfi 4 félagsmenn í jafn mörgum stöðugildum að vera við störf.

Á lyflækningadeild segir stefnandi vera 16 rúm. Á deildinni sé aðallega sinnt sjúklingum með meltingarfærasjúkdóma og krabbamein. Þeir sjúklingar sem fengið hafa meðferð á deildinni hafi aðgang að deildinni allan sólarhringinn ef upp komi óvæntir fylgikvillar, eða sjúkdómur versni. Þar starfi að jafnaði 13 félagsmenn stefnda í 6,2 stöðugildum, en mat hjúkrunarforstjóra sé, að í verkfallinu þurfi 5 þeirra í 3,4 stöðugildum að vera við störf.

Stefnandi segir 4 skurðstofur vera á skurðdeild spítalans. Þar séu gerðar margvíslegar skurðaðgerðir og speglanir. Þá sinni deildin bráðavöktum barnadeildar. Þar starfi að jafnaði 5 félagsmenn

stefnda í 4,2 stöðugildum, en mat hjúkrunarforstjóra sé að í verkfallinu sé þörf 2 félagsmanna í jafnmörgum stöðum við störf.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi styður kröfur sínar með vísan til 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, þar sem segi að verkfallsheimild nái ekki til þeirra sem starfi við nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Telur stefnandi, að það geti vart verið umdeilanlegt að störf sjúkraliða falli undir skilgreiningu þessa. Stefnandi geri þó ekki kröfu til, að allir félagsmenn stefnda sem hjá spítalanum starfi verði áfram við störf í boðuðu verkfalli, heldur muni hann draga svo úr starfsemi sinni í verkfallinu sem hann telur ítrast forsvaranlegt út frá sjónarmiðum sem varði öryggi og heilbrigðisástand sjúklinga sinna, sem á spítalanum verði að dveljast þrátt fyrir verkfall stefnda. Stefnandi, sem hafi leitað samráðs við stefnda um þennan niðurskurð starfseminnar, en fengið höfnun þess, sé nú til þess knúinn að leita viðurkenningardóms Félagsdóms á heimildum sínum í þessum efnum, svo neyðarástandi verði forðað.

Stefnandi viðurkennir að skrá skv. 2. mgr. 19. gr. var ekki birt fyrir 1. febrúar 1994, svo sem lagaákvæðin ráðgera en bendir á þau vandkvæði sem stóðu í vegi fyrir birtingu skrárinnar í B-deild Stjórnartíðinda. Eftir að lagabreyting hafi tekið gildi í júnímánuði sl. geti stofnanir og sveitarstjórnir fengið skrár skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Skrá stefnanda hafi verið send til birtingar, og telur stefnandi að samkvæmt því megi byggja á henni undanþágur frá boðuðu verkfalli stefnda, enda sé kröfugerðin í samræmi við skrána. Telji dómurinn hins vegar skrána eða birtingarmáta hennar ófullnægjandi, byggir stefnandi kröfugerð sína á því, að birting skrár fyrir 1. febrúar 1994 sé ekki úrslitaatriði gagnvart því, hvort félagsmönnum stefnda sé skylt að sinna störfum að nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu í boðuðu verkfalli.

Stefnandi telur að í 2. mgr. 19. gr. felist verklagsregla sem hafi það að markmiði að draga úr deilum og forða ágreiningi um hina eiginlegu efnisreglu, sem sett sé með 3. tl. 1. mgr. 19. gr., þ.e. að heimild til verkfalls taki ekki til þeirra sem starfi við nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Verklagsreglan takmarki ekki með neinum hætti efnisinnihald hinnar eiginlegu efnisreglu. Jafnframt telur stefnandi að fráleitt sé að halda því fram, að efnisreglan skuli ekki teljast gilda, þótt ekki takist að framfylgja fyrirmælum verklagsreglunnar.

Afleiðingar þess að ekki sé fylgt fyrirmælum lagaákvæðisins um verklag, telur stefnandi vera þær, að sannarlega tapist það hagræði, sem verklagsreglunni sé ætlað að stuðla að, en náist ekki samkomulag með deiluaðilum um inntak efnisreglunnar í slíkum tilvikum, sé Félagsdómi, skv. ákvæðum 5. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 falið það hlutverk að skera úr um ágreininginn. Skírskotar stefnandi sérstaklega til þessa ákvæðis til stuðnings málshöfðunarheimild sinni og kröfugerð.

Varakröfur sínar kveðst stefnandi gera með tilliti til þess, að hugsanlegt sé að dómurinn telji það ekki á sínu verksviði að taka afstöðu til vinnuskyldu nafngreindra einstaklinga. Er í varakröfunni miðað við að mat stefnanda að því er varðar fjölda stöðugilda, verði lagt til grundvallar, en þrautarvarakrafan sett fram ef dómurinn fallist ekki á það mat.

Stefnandi tjáir að enginn munur sé á störfum þeirra félagsmanna stefnda, sem fara í verkfall og þeirra sem vinna munu í verkfallinu verði dómkröfur hans teknar til greina. Það sem liggi hins vegar vali stefnanda til grundvallar segir hann vera mat hjúkrunarforstjóra síns á því hvernig verði með haganlegasta móti komist af með lágmarks mannafla í verkfallinu. Hafi þá verið tekið tillit til starfshlutfalls og vaktafyrirkomulags. Í sumum tilvikum hafi að sönnu verið tveggja eða fleiri kosta völ. Í ljósi stjórnunarskyldna sinna og í því ljósi að stefndi hafi hafnað samráði lýsir stefndi sig hafa verið knúinn til að taka af skarið með það, hverjir af félagsmönnum stefnds skyldu vinna og hverjir ekki. Stefnandi áréttar sérstaklega að í tilnefningum hans á félagsmönnum stefnds til starfa, felist engin yfirlýsing um að hann meti tiltekna félagsmenn stefnds betri starfsmenn en aðra. Þaðan af síður felist nokkur vanþóknun á störfum þeirra sem hann reiknar með að leggi niður störf í vali hans.

Málsatvik, málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi telur lýsingu málavaxta í stefnu ekki alls kostar nákvæma. Þykir hagfellt að fjalla í senn um málsatvik og málsástæður og verður hér á eftir sérstaklega vakin athygli á tilvikum þar sem ágreiningur er um slík atriði.

Ekki er um það deilt að leysa beri úr ágreiningi aðila á grundvelli laga nr. 94/1986. Stefnandi hafi við úrlausn málsins stöðu vinnuveitandans en stefndi stöðu stéttarfélags. Kjarasamningur málsaðila sé runninn út vegna uppsagnar, en þó beri að fara eftir honum þar

til nýr kjarasamningur hafi verið gerður, sbr. 2. mgr. 12. gr. laganna. Stefndi hafi boðað verkfall með lögmætum hætti til að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um efni nýs kjarasamnings. Eftir þá verkfallsboðun hafi komið upp ágreiningur milli aðila máls þessa um það hverjir félagsmanna stefnda megi ekki gera verkfall samkvæmt undantekningarákvæði 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. laganna.

Um 1. aðalkröfu stefnanda:

Af hálfu stefnda er á því byggt að sú meginregla gildi samkvæmt lögum nr. 94/1986 að þeim starfsmönnum sem þau lög taki til sé heimilt að gera verkfall með þeim takmörkunum einum sem tilteknar séu í lögum. Af því leiði að ákvæði um undantekningar frá þessari reglu lúti þrengjandi lögskýringu. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. laganna sé þeim sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu óheimilt að gera verkfall. Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. skulu vinnuveitendur sem lögin taka til birta fyrir 15. janúar (sic) ár hvert skrár um þau störf sem falla undir 3. tölul. 1. mgr. greinarinnar, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög. Verði ágreiningur um slíkar skrár megi leggja hann undir úrlausn Félagsdóms.

Í málavaxtalýsingu stefnanda sé gefið í skyn að stefndi eigi sök á því að ekki hafi orðið til skrár um störf þau sem falla undir ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. nefndra laga, en fyrirmæli um gerð og birtingu slíkrar skrár séu í 2. mgr. sömu lagagreinar. Þetta telur stefndi með öllu tilhæfulaust. Þvert á móti hafi því oftar en einu sinni allt frá því fyrir síðustu áramót verið beint til stjórnenda stefnanda að þeir þyrftu að hlutast til um gerð slíkrar skrár, en þeim ábendingum ekki verið sinnt.

Af málatilbúnaði stefnanda sé ljóst að honum sjálfum hafi verið kunnugt um skyldu sína til að hlutast til um gerð slíkrar skrár. Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar í þá átt hafi hann í engu skeytt um gerð hennar fyrr en eftir að úrslit atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun stefnda lágu fyrir. Þá fyrst var eins og hann hafi áttað sig á nauðsyn skrárinnar. Stefndi telur skrá sem til verður við aðstæður eins og hér séu fyrir hendi og gerð er með þeim hætti sem raun beri vitni ekki geta haft sama eða hliðstætt gildi við úrlausn málsins og skrá sem gerð hefði verið eftir fyrirmælum 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Samvinna við gerð skrárinnar sé ófrávíkjanlegt gildisskilyrði slíkrar skrár. Stefndi mótmælir því harðlega að stefnandi hafi með þeim

hætti sem hann viðhafði við gerð skrárinnar uppfyllt þær skyldur sínar sem séu gildisskilyrði slíkrar skrár samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 og taka mótmælin bæði til þeirrar aðferðar sem viðhöfð hafi verið við gerð hennar og til þess á hvaða tíma hún hafi verið gerð og birt. Þá er skrá þessari einnig mótmælt á þeirri forsendu að þar sé alls ekki tilgreint hvaða félagsmenn stefnda það séu sem óheimilt sé að gera verkfall.

Í lýsingu málsástæðna í stefnu segi að skrá stefnanda hafi verið send til birtingar og telji stefnandi að samkvæmt því megi byggja á henni undanþágur frá boðuðu verkfalli stefnda. Þetta telur stefndi algerlega út í hött, enda fjalli skrár samkvæmt 2. mgr. 19. gr. ekki um undanþágur frá verkfalli.

Af hálfu stefnda er á því byggt að ekki sé til gild skrá, gerð eftir fyrirmælum 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, yfir þá félagsmenn stefnda sem starfa hjá stefnanda og óheimilt sé að gera verkfall samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. sömu greinar, sem lögð verði til grundvallar niðurstöðu í máli þessu. Með því að engin slík skrá sé til og í gildi, teljist allir félagsmenn stefnda sem starfa hjá stefnanda mega gera verkfall. Stefnandi geti ekki með því að sniðganga fyrirmælin um gerð skrárinnar öðlast þá stöðu, vegna ímyndaðra og/eða heimatilbúinna erfiðleika, að fá sjálfur að velja eftir geðþótta sínum þá félagsmenn stefnda sem honum sýnist til vinnu í löglega boðuðu verkfalli. Þvert á móti telur stefndi að við þær aðstæður sem nú séu uppi verði stefnandi að neyta þeirra úrræða sem honum séu tryggð samkvæmt 20. og 21. gr. laganna til að kalla til vinnu tímabundið starfsmenn sem séu í verkfalli og afstýra með þeim hætti neyðarástandi.

Stefndi mótmælir sem hreinni fjarstæðu málatilbúnaði stefnanda um að stefnanda verði ekki kennt um að skráin hafi ekki orðið til þar sem ekki hafi verið hægt að birta slíka skrá í B-deild Stjórnartíðinda. Ekki séu fyrirmæli um það í lagatextanum að skrárnar skuli birtar á þessum tiltekna stað, þótt ráðagerðir séu að vísu um það í greinargerð með frumvarpi er varð að þessum lögum. Stefndi telur nauðsyn á gerð skrárinnar ekki ráðast af því með hverjum hætti hún fáist birt, þótt auðvitað skipti birtingarmátinn miklu máli. Hitt skipti miklu meira máli að skráin sé gerð með þeim hætti sem lögin mæla fyrir um. Stefndi telur stefnanda alls ekki hafa verið í aðstöðu til að láta reyna til fullnustu á synjun um birtingu skrárinnar fyrr en

hún hafi verið til orðin. Ef þá hefði verið synjað um birtinguna hefði vafalaust mátt fá hana birta annars staðar með jafntryggum hætti, t. d. með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

Af hálfu stefnda er einnig á því byggt að sú skrá sem stefnandi nú hefur tekið saman og birt sé í B-deild Stjórnartíðinda 3. nóvember 1994, nr. 573/1994, hafi ekkert gildi við úrlausn máls þessa. Skráin sé ekki gerð í samvinnu við stefnda, svo sem lögboðið sé í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Hún hafi ekki verið gerð og birt í tæka tíð til þess að stefndi fengi ráðrúm til að leita úrlausnar um ágreiningsatriði varðandi efni hennar. Þá sé hún byggð þannig upp að engin leið sé að ráða af henni hverjir félagsmanna stefnda sem starfa hjá stefnanda megi ekki gera verkfall samkvæmt skránni. Slíka skrá beri að gera þannig úr garði að ekki sé vafi á því við hvaða starfsmenn sé átt. Þess hafi í engu verið gætt við gerð þessarar skrár.

Fari svo að dómurinn telji að taka megi aðalkröfu sóknaraðila til greina, er einnig á því byggt af hálfu stefnda að sú skrá sem stefnandi leggur til grundvallar kröfugerð sinni sé miklu víðtækari en lög heimila og því mótmælt að hún verði lögð til grundvallar niðurstöðu í máli þessu. Vísast í því sambandi til þess sem að framan greinir um þrönga skýringu á lagaákvæðum er fela í sér takmörkun á heimild starfsmanna til að gera verkfall. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. nái heimild til verkfalls ekki til þeirra *„... sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu."*

Af þessu orðalagi og áðurnefndri lögskýringarreglu leiði að hér sé um algjörar undantekningar að ræða frá meginreglunni. Kröfugerð stefnanda sé augljóslega ekki við það miðuð, heldur virðist hún taka mið af því að sem minnst röskun verði á starfsemi hans meðan boðað verkfall stendur. Á þessu tvennu telur stefndi vera reginmun. Í málsútlistun stefnanda komi fram að listinn sé byggður á mati hjúkrunarforstjóra stefnanda og verði ekki séð að aðrir hafi verið kvaddir þar til samráðs. Ekki verði heldur séð af sóknargögnum út frá hvaða forsendum hjúkrunarforstjórinn hafi unnið þetta svokallaða mat sitt. Mótmælir stefndi því að mat þetta, ef mat skyldi kalla, hafi hina minnstu þýðingu í málinu. Þá sé í málatilbúnaði stefnanda engin grein gerð fyrir því hvers vegna svo brýn þörf sé fyrir svo marga sjúkraliða í verkfallinu eða með hverjum hætti stjórnendur stefnanda hyggist bregðast við þeirri stöðu sem upp kemur í starfseminni eftir að verkfallið skellur á. Fyrir stórhátíðar

virðist hugsað fyrir slíku, jafnvel mánuði fram í tímann og virðist þá engum vandkvæðum bundið að loka deildum svo vikum skiptir, en nú þegar verkfall hafi verið yfirvofandi í margar vikur virðist ekkert hugað að slíku. Þá sé hvergi að því vikið í sóknargögnum málsins hvernig annað vinnuafl spítalans muni nýtast við þær aðstæður sem skapast í verkfallinu. Verði ekki annað séð af framsetningunni en að ætlun stefnanda sé sú að halda uppi sem næst óbreyttum rekstri á spítalanum, þrátt fyrir verkfall.

Stefnandi telur vart geta verið umdeilanlegt að störf sjúkraliða falli undir „nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu“ í skilningi 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, þó svo að hann telji ekki alla sjúkraliða falla beint undir þetta ákvæði. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að stefnandi hafi ekki gengið út frá þessu viðhorfi sínu í framkvæmd. Þannig sé t.d. enginn sjúkraliði á bakvöktum á spítalanum, hvorki um helgar, stórhátíðar eða í annan tíma. Í ljósi þessa mótmælir stefndi því að störf annarra sjúkraliða en þeirra sem varakrafa stefnda tekur til flokkist undir störf við nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu í skilningi þessa lagaákvæðis.

Varakrafa stefnda er á því byggð að telji Félagsdómur fært á grundvelli málatilbúnaðar stefnanda að slá því föstu að einhverjir félagsmanna stefnda sem starfa hjá stefnanda hafi þrátt fyrir allt ekki heimild til að fara í verkfall vegna margnefnds 3. töluliðs, þá beri að leggja til grundvallar niðurstöðu í málinu sjónarmið stefnda um það hvernig mæta megi kröfunni um nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu í verkfallinu. Beri að skýra þessa varakröfu stefnda svo að í henni felist krafa um að fella brott af lista stefnanda þau störf sem þar séu talin og séu umfram það sem gengið sé út frá í varakröfu þessari. Fari hér á eftir rökstuðningur varðandi hvern einstakan staflið varakröfunnar. Í þessari framsetningu sé fylgt sömu skipan eftir stafliðum og gert sé í aðalkröfu stefnanda. Um sérhvern þessara liða gegni að þörfin fyrir vinnuframlag félagsmanna stefnda sé metin út frá þeirri forsendu að spítalinn geti haldið uppi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu þrátt fyrir verkfallið.

a. Stefndi telur að eðlilegt sé við þessar aðstæður að loka hjúkrunardeildinni í Hafnarbúðum. Það ætti að vera hægt að útskrifa þá sem njóti svokallaðrar hvíldarinnlagnar, svo og þá sem ættingjar ættu að geta tekið við meðan verkfallið stendur. Aðra sjúklinga

mætti flytja inn á deild 1A á Landakotsspítala meðan verkfallið stendur. Minnt skal á það hér að margsinnis hafi komið til tals að loka Hafnarbúðum alveg þegar rætt hafi verið um niðurskurð í starfsemi spítalans. Á það er einnig bent að dagdeild Hafnarbúða starfi ekki um helgar eða stórhátíðar og sé því ekki ástæða til að hafa hana opna á öðrum tímum þegar lögbundið sé að aðeins skuli sinnt nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu.

b. Að því er varðar deild 1-A á Landakotsspítala er á því byggt að hægt sé að útskrifa talsverðan fjölda sjúklinga með sama hætti og greint hafi verið um Hafnarbúðir. Þannig mætti taka við þeim sjúklingum sem ekki sé hægt að útskrifa af Hafnarbúðum og sinna þeim með þeim mannafla sem hér sé gert ráð fyrir. Rétt sé að vekja athygli á því að það séu ekki aðeins sjúkraliðar sem hafi með höndum umönnun við þessa sjúklinga, heldur einnig annað starfslið stefnanda.

c. Að því er varðar barnadeild Landakotsspítala er hér á því byggt að við þessar aðstæður eigi að miða við að aðeins sé sinnt bráðavöktum en ekki kallaðir inn nýir sjúklingar.

d. Að því er varðar augndeild á gangi 1B á Landakotsspítala er hér á því byggt að sameina beri starfsemina deild 3-B við þessar aðstæður, svo sem gert sé um helgar og stórhátíðar.

Hið sama gildi um göngudeild augndeildar Landakotsspítala og um augndeildina á gangi 1B.

e. Á handlækningadeild starfi engir sjúkraliðar á stórhátíðum. Þess sé því ekki frekar þörf við þær aðstæður sem hér séu til umfjöllunar.

Að því er varði gjörgæslu hefur hjúkrunarforstjóri stefnanda tjáð aðaltrúnaðarmanni stefnda að engin slík deild sé lengur við lýði á spítalanum þó svo að tæki til slíks séu fyrir hendi. Þetta mun m. a. koma til af því að spítalinn sinnir ekki lengur bráðaþjónustu svo sem hann áður gerði.

f. Stefndi telur að við þessar aðstæður beri að draga úr starfsemi lyflækningadeildar á gangi 3B með því að sinna eingöngu krabbameinssjúklingum og þeim sjúklingum sem þangað yrðu fluttir af augndeild 1B og deild 2B. Þetta sé gert þegar það þyki henta stjórnendum spítalans, t. d. um stórhátíðar. Því fremur beri að hafa þennan hátt á þegar lögbundið sé að aðeins skuli sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu.

g. Á skurðstofugangi á Landakotsspítala starfi engir sjúkraliðar um helgar eða á stórhátíðum. Þess sé því ekki frekar þörf við þær aðstæður sem nú eru uppi.

Um 2. aðalkröfu stefnanda:

Stefnandi geri í 2. tölulið aðalkröfu sinnar kröfu um viðurkenningu á rétti stefnanda til að kalla aðra félagsmenn stefnda, sem hjá honum starfa, til vinnu meðan á verkfallinu stendur í forfallatilvikum. Stefnandi geri í stefnu enga tilraun til að útlista það hvar lagastoð sé fyrir þessari kröfu sinni. Engan stafkrók sé að finna í útlistun stefnanda um þessa kröfu í þeim kafla stefnunnar sem geymir annars útlistun um málsástæður og lagarök. Ekki sé þar heldur að finna tilgreiningu lagaheimildar til að bera þessa kröfu undir Félagsdóm. Stefndi telur þau ágreiningsefni tæmandi talin í 26. gr. laga nr. 94/1986, sem lögð verði fyrir Félagsdóm milli þeirra aðila sem gera kjarasamning eftir þeim lögum. Það ákvæði beri að skýra þröngri lögskýringu. Álitaefni eins og það sem 2. aðalkrafa stefnanda í máli þessu taki til falli ekki innan neins ákvæðis 26. gr. laganna. Þegar af þeirri ástæðu beri að vísa þessari kröfu frá dóminum. En jafnvel þótt dómurinn teldi ákvæði 26. gr. ekki eiga að leiða til frávísunar, væri óhjákvæmilegt að vísa kröfunni frá dóminum vegna vanreifunar, sbr. f-lið 1. mgr. 80. gr. og 1. og 2. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991.

Verði ekki fallist á frávísunarkröfu stefnda að því er þessa kröfu varðar er á því byggt að henni beri að hafna þar sem hún hafi enga lagastoð. Stefndi telur augljóst að fara verði eftir ákvæðum 20. og 21. gr. laga nr. 94/1986 ef kalla verði tímabundið til vinnu starfsmenn, sem séu í verkfalli, í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi.

Um varakröfu stefnanda:

Varakrafa stefnanda lúti að því að viðurkennt verði með dómi að hópur félagsmanna stefnda, sem samtals sé í 36,1 stöðugildi hjá stefnanda, megi ekki gera verkfall heldur eigi að vinna í verkfallinu og stefnandi eigi að ákveða hverjir þessir starfsmenn séu og hvaða störfum þeir gegni. Um þessa kröfu vísar stefnandi til margnefnds ákvæðis 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Segir um þessa kröfu í þeim kafla stefnunnar sem inniheldur lýsingu málsástæðna og lagaraka að hún sé gerð „... *með tilliti til þess að hugsanlegt sé að dómurinn telji það ekki á sínu verksviði að taka afstöðu til vinnuskyldu nafngreindra einstaklinga ...*“

Af hálfu stefnda er á því byggt að hér sé stefnandi heldur betur að snúa hlutverkum við. Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 eigi Félagsdómur að dæma í málum sem rísa milli samningsaðila um hverjir falli undir ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. laganna. Gera verði þá kröfu til þeirra sem leggja mál sitt fyrir dóminn að þeir tilgreini svo ekki verði um villst hverjir þeir menn séu sem þeir telja kröfur sínar í dómsmáli snúast um.

Stefndi heldur því fram að tilgreining starfa á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna verði að vera ótvíræð þannig að ekki leiki vafi á við hvern sé átt. Í auglýsingu samkvæmt þessu lagaákvæði beri að tilgreina þau störf sem falli undir ákvæði 3. tölul. 1. mgr. sömu greinar, og sé óheimilt að semja um annars konar tilgreiningu eða vísa til þess að ákveðinni starfsemi eigi að sinna þrátt fyrir verkfall. Stefnandi geti ekki komist fram hjá þessum lágmarksskilyrðum um tilgreiningu starfa með því að hundsa fyrirmæli laganna um gerð listans. Ef Félagsdómur eigi að ganga svo langt að búa til lista fyrir stefnanda með dómi í máli þessu, hljóti dómurinn að verða að gera þá lágmarkskröfu til þess sem um það biður, að hann tilgreini með jafnskýrum hætti og gera ætti á listanum sjálfum þá aðila sem ætlast sé til að falli undir þá ákvörðun dómsins. Sú varakrafa stefnanda sem hér um ræðir sýnist byggja á því að með því að sniðganga reglur um gerð skrár samkvæmt 2. mgr. 19. gr. eigi stefnandi að fá frjálsari hendur um nýtingu vinnuafls félagsmanna stefnda en hann hefði, ef hann hefði farið eftir fyrirmælunum um gerð skrárinnar. Þetta nái auðvitað engri átt. Í málatilbúnaði stefnanda sé engin tilraun gerð til að finna þessari kröfu lagastoð, enda stefnanda augljóslega erfitt um vik í því efni. Þessi krafa sé því svo vanreifuð að óhjákvæmilegt sé að vísa henni frá dómi.

Um þrautavarakröfu stefnanda:

Þrautavarakrafa stefnanda sýnist á því byggð að þar sem stefnandi hafi vanrækt skyldu sína um gerð skrár samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 beri Félagsdómi að hlaupa í skarðið og gera skrána fyrir hann. Ekki sé hér fremur en í útlistun um varakröfu stefnanda gerð nein tilraun til að finna þessari kröfu lagastoð. Með sömu rökum og tilgreind voru fyrir kröfum stefnda um frávísun 2. aðalkröfu stefnanda er á því byggt hér að 26. gr. laganna veiti stefnda ekki heimild til að leggja kröfu sem þessa til úrlausnar

Félagsdóms. Þá sé þessi krafa algerlega vanreifuð og ætti það einnig að leiða til þess að kröfunni verði vísað frá dómi.

Stefndi vekur að auki sérstaklega athygli á ákvæðum 20. og 21. gr. laganna, sem hafa að geyma fyrirmæli um það hvernig brugðist skuli við til að afstýra neyðarástandi meðan verkfall stendur. Þar sé ekki gert ráð fyrir að Félagsdómur komi til skjalanna. Verkfall það sem sé tilefni máls þessa verði skollið á áður en málflutningur í máli þessu fari fram fyrir Félagsdómi. Við þær aðstæður geti dómurinn ekki annað en vísað til þeirra úrræða sem 20. og 21. gr. kveði á um. Vísast um rökstuðning fyrir því til umfjöllunar um aðalkröfu stefnda hér að framan.

Um málskostnaðarkröfu stefnda:

Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefndi til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og til 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Telur stefndi augljóst að til málarekstrarins hafi aðeins komið vegna skeytingarleysis stefnanda sjálfs um málefni sem honum beri að sjá til að séu í lögboðnu horfi. Við ákvörðun málskostnaðarfjárhæðar ber að taka tillit til þess að stefndi rekur ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi og ber því kostnað af málflutningþóknun lögmanns síns.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. tl. aðalkröfu sinnar krefst stefndi frávísunar á tilgreindum kröfum stefnanda í málinu. Er af hálfu stefnda einkum á því byggt í því efni að lagastoð skorti fyrir þeirri kröfugerð stefnanda. Ágreiningsefnið í máli þessu varðar skrár eða lista um það hvaða starfsmönnum stefnanda, sem eru félagsmenn stefnda, sé óheimilt að leggja niður störf í verkfalli stefnda, sem hófst á miðnætti fimmtudaginn 10. nóvember 1994. Um það deiluefni gilda lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna samkvæmt samkomulagi aðila frá 8. desember 1992, sbr. 2. gr. laganna. Hafa aðilar brýna hagsmuni af því að fá úr því álitaefni skorið að því marki, sem það fellur undir verksvið Félagsdóms. Þykja því ekki efni til að fallast á frávísunarkröfur stefnda í málinu.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 skulu fjármálaráðherra og sveitarfélög fyrir 1. febrúar ár hvert, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög, birta skrár um störf þau, sem falla undir ákvæði 3.–6. tölul. fyrri málsgreinar þessarar lagagreinar. Skýra verður ákvæði þetta svo að sama gildi, þegar sjálfseignarstofnun á í

hlut, sbr. 2. gr. laganna, og er út af fyrir sig óumdeilt að lagaskylda þessi taki til stefnanda.

Fyrir liggur að ekki hefur verið samin og birt skrá í samræmi við 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 af hálfu stefnanda vegna þeirra félagsmanna stefnda, sem falla undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna. Með bréfi dags. 26. október 1994 var stefnda sendur listi stefnanda yfir þá sjúkraliða, sem ekki væri heimilt að fara í verkfall með vísan til 3. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, en stefnanda hafði deginum áður borist verkfallsboðun stefnda. Af hálfu stefnanda var þess óskað að gerðar yrðu athugasemdir við listann fyrir 29. október 1994. Listi þessi var móttekin af hálfu stefnda samdægurs með fyrirvara um þann tímafrest sem settur var til þess að gera athugasemdir. Með bréfi stefnda til stefnanda dags. 28. október 1994 var framlögðum lista stefnanda mótmælt sem gildum verkfallslista og hann talinn of seint fram kominn m.t.t. ákvæða 19. gr. laga nr. 94/1986. Með bréfi stefnanda til stefnda dags. 3. nóvember var sendur endanlegur listi yfir þá sjúkraliða, sem teljast falla undir 3.tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Sá listi var svo birtur sem skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 í B-deild Stjórnartíðinda, sem út kom 7. nóvember 1994, sbr. auglýsingu nr. 573 frá 3. nóvember 1994.

Í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 er gert ráð fyrir samráði aðila við gerð þeirra skráa, sem þar um ræðir, enda er tilgangur ákvæðisins sá, að með samkomulagi aðila um stefnumarkandi skrár og samráð, að draga úr hættu á ágreiningi um viðkvæm og vandasöm mál. Í lagaákvæði þessu er og kveðið á um mánaðarfrest til að bera fram andmæli gegn breytingum á skrám. Með hliðsjón af því verður að telja að sá frestur sem stefnda var veittur til að gera athugasemdir við framlagðan lista stefnanda hafi verið alltof skammur. Stefnandi heldur því fram að ekki hafi verið unnt að birta skrá samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 í B-deild Stjórnartíðinda fyrr en lög nr. 95/1994 um breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda nr. 64/1943 tóku gildi hinn 3. júní 1994. Engu að síður gat stefnandi eftir þann tíma gert skrá og birt hana með þessum hætti að undangengnu samráði við stefnda.

Með því, samkvæmt framansögðu, að hvorki voru uppfyllt fyrirmæli 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um tímamörk né samráð við gerð skráar, verður ekki talið að í verkfalli því, sem í málinu greinir, sé við gilda skrá að styðjast.

Með 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 er kveðið á um að þeim sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu sé ekki heimilt að taka þátt í verkfalli. Hliðstætt ákvæði var áður í 26. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þar var sérstakri nefnd, kjaradeilunefnd, falið að úrskurða hverjir skyldu starfa á grundvelli þess ákvæðis. Í stað þess ber nú, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, að birta ár hvert skrár um störf þessi, enda var tilgangurinn með þeirri verklagsreglu að losna við þær deilur sem urðu samkvæmt eldra fyrirkomulagi, eins og skýrt fram kemur í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 94/1986.

Samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 dæmir Félagsdómur í málum um það hverjir falli undir ákvæði 3.-6. tl. 19. gr. laganna. Þegar ákvæði þetta er skýrt með hliðsjón af 2. mgr. 19. gr. laganna, sbr. og athugasemdir við 26. gr. í fyrrgreindu lagafrumvarpi, er það ekki hlutverk Félagsdóms að gera þær skrár, sem hér um ræðir, heldur fyrst og fremst, að skera úr ágreiningi, sem rísa kann um breytingar á þeim skrám.

Samkvæmt framansögðu verður ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum stefnanda í málinu og af því leiðir að ekki kemur til álita að fjalla sérstaklega um varakröfu stefnda.

Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000,-. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Dómkröfum stefnanda, St. Jósefsspítala, í máli þessu, er hafnað.

Stefnandi, greiði stefnda, Sjúkraliðafélagi Íslands, kr. 100.000,– í málskostnað.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar.

Skrár þær eða verkfallslistar, sem boðið er að gera samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986 komu fyrst fram við verkfallsboðun. Stefnandi vanrækti gerð þeirra og allt samráð við viðsemjanda sinn eftir lögboðnum hætti. Skipta skrár þessar því ekki máli hér. Þess í

stað lagði hann kröfur sínar beint fram í dómsmáli fyrir Félagsdómi. Með því sniðgekk hann tilgang 2. mgr. 19. gr. laganna, sem er sá að koma í veg fyrir ágreining um framkvæmd verkfalls þegar í byrjun árs, ef á það kynni að reyna síðar.

Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94 1986 ber Félagsdómi að dæma um hverjir falli undir 3.-6. tl. 19. gr. laganna, þar á meðal að hvaða marki verkfall skuli taka til fólks, sem starfar að öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu. Enda þótt ekki hafi verið fylgt lagafyrirmælum um gerð verkfallslistanna og birtingu þeirra, er dóminum skylt allt að einu að taka efnisafstöðu til þess, hvort ákvæði 3.-6. tl. eigi við um tiltekin störf, ef ágreiningur um þau er undir hann borinn. Ekki eru í lögunum ákvæði, sem fortakslaust banna dóminum úrlausn á slíkri kröfu, sjá til hliðsjónar dóm Félagsdóms IX bindi bls. 173.

Hvorugur málsaðila hefur lagt fyrir dóminn mat óháðra aðila á því, hvaða mönnun þurfi að vera fyrir hendi hjá stefnanda til að fullnægt sé skilyrði 3. tl. 19. gr. um nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Úr því sem komið er og með hliðsjón af þeim skamma tíma sem Félagsdómi er ætlaður til úrslausnar málsins, þykir eigi fært að kveða á um slíkt mat nú.

Að gefnu tilefni þykir rétt að gera þá athugasemd, að 20. gr. laganna byggir á því að fyrir liggi gildir verkfallslistar. Sé svo ekki telst eðlilegast að skýra hana út frá hugtakinu „nauðsynlegasta heilbrigðisþjónusta". Einnig er til þess að líta, að í hlut á hjúkrunarstofnun aldraðra með margt örvasa gamalmenna. Í tveggja manna nefnd skv. 21. gr. laganna – sinn maðurinn tilnefndur af hvorum verkfallsaðila -, skal taka ákvarðanir um kvaðningu fólks til vinnu og skal ákvörðun tekin „með atkvæðum beggja nefndarmanna og eru þær endanlegar". Líta verður svo á, að hvor aðilanna sem er, hafi neitunarvald í nefndinni. Að þessu athuguðu kann stofnuninni í raun að verða synjað um þá vernd, sem dómstóllinn kann að veita, ef um undanþágur fer alfarið eftir 20. og 21. gr. Í nefndarskipuninni fellst því ekki það öryggi, sem nauðsynlegt má telja til að gæta ákvæðis 3. tl. 19. gr.

Í aðalkröfu sinni 1. gerir stefnandi kröfu um tiltekna mönnun á deildum sjúkrahússins sbr. 3. tl. 19. gr. laganna.

Stefndi gerir í 2. lið aðalkröfu, kröfu um að framangreindri kröfu

stefnanda verði hafnað, en setur jafnframt fram varakröfu um mönnun sjúkrahússins, ef aðalkröfu hans verði hafnað.

Við úrslausn málsins ber að hafa í huga, að stefnandi gætti ekki réttar síns með gerð verkfallslistanna svo sem lögboðið er og honum nauðsynlegt og hefir ekki í málinu lagt fram mat óháðra sérfræðinga um sjúkrahúsrekstur um mönnunarþörf sína samkvæmt 3. tl. 19. gr. Varakrafa stefnda telst ekki fara bersýnilega í bága við 3. tl. 19. gr. laganna að öðru en því er snertir a-lið hennar um mönnun hjúkrunardeildar í Hafnarbúðum. Af fyrirliggjandi, efnislega óvefengdum gögnum, má sjá að flestir vistmanna þar eru langlegu sjúklingar, örvasa gamalmenni. Ekki þykir það samrýmast nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu að loka Hafnarbúðum vegna verkfalls og ráðstafa vistmönnunum á aðrar sjúkrastofnanir. Þykir því bera að taka þennan kröfulið stefnanda til greina. Að því er varðar aðra kröfuliði stefnda þykir ekki augljóst að þeir fari í bága við 3. tl. 19. gr. laganna. Að öðru leyti þykja ekki efni til að fjalla um kröfugerðir aðila.

Ekki telst rétt, að dómurinn taki afstöðu til þess hvaða einstakir sjúkraliðar vinni á meðan verkfall varir. Ákvörðun um það er fólgin í stjórnunarrétti stefnanda.

Samkvæmt öllu framanrituðu ber að taka til greina a-lið aðalkröfu stefnanda um mönnun hjúkrunardeildar Hafnarbúða en að öðru leyti mönnun samkvæmt varakröfu stefnda, kröfuliðum b – g, og þá aðeins að því er tekur til stöðugilda á hverri deild.

Ég er sammála meiri hluta dómara um ákvörðun málskostnaðar.

Föstudaginn 9. desember 1994.

Nr. 15/1994. **Fjármálaráðherra f.h. ríkisins**
(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)
gegn
Sjúkraliðafélagi Íslands
(Gestur Jónsson hrl.)

Verkfallsheimild. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Guðmundur Skaftason og Sveinn Sveinsson.

Málið, sem dómtekið var 6. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefinni, birtri og þingfestri 25. nóvember sl.

Stefnandi er Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra, með starfsstöð í Arnarhváli, Reykjavík, fyrir hönd ríkisins, kt. 540269-6459.

Stefndi er Sjúkraliðafélag Íslands, kt. 560470-0109, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að eftirtaldir sjúkraliðar á eftirtöldum deildum ríkisspítala falli undir 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 í yfirstandandi verkfalli og sé þeim því óheimil þátttaka í verkfallinu.

Á handlækningadeild 12 G: Ásta Karladóttir, Elísabet Inga Ingólfsdóttir, Guðbjörg Jónsdóttir, Guðlaug Hólmfr. Þorbergsdóttir, Heiða Dögg Helgadóttir, Hellen S. Benónýsdóttir, Herdís Halldórsdóttir, Inga Hafdís Ólafsdóttir, Sólveig Einarsdóttir og Þóra Björk Baldursdóttir.

Á handlækningadeild 11 G: Guðrún Sigurfinnsdóttir, Ingunn Pálsdóttir, Kristrún Marvinsdóttir, Margrét Thorl. Friðriksdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir, Sólveig Baldursdóttir, Steinþóra Jónsdóttir, Svandís Tryggvadóttir, Vilborg Salóme Birgisdóttir, Þorbjörg Einarsdóttir, Þórdís Anna Skúladóttir og Þórleif V. Friðriksdóttir.

Á lyflækningadeild 14 G: Auður Pétursdóttir, Bryndís Pétursdóttir, Erla Axelsdóttir, Guðlaug Magnúsdóttir, Guðríður Vilhjálmsdóttir, Ingibjörg Maríusdóttir, Jóhanna Jónsdóttir, Karítas Kristín Ólafsdóttir og María Finnbogadóttir.

Á öldrunarlækningadeild 1: Bryndís D. Björgvinsdóttir, Guðríður Haraldsdóttir, Hrefna J. Thorsteinsson, Jóna Margrét Baldursdóttir,

Kristín Guðbjörg Haraldsdóttir, Sigrún Anna Jónsdóttir, Sigrún Halldórsdóttir og Þórdís Másdóttir.

Á öldrunarlækningadeild 2: Arnfríður Eysteinsdóttir, Áslaug Ó. Þórarinsdóttir, Guðrún E. Kjerulf, Halldór Sverrir Arason, Ingibjörg H. Halldórsdóttir, Jóhanna Guðmundsdóttir, Sólveig H. Ágústsdóttir, Svanlaug Ragna Þórðardóttir og Þórhildur Sæmundsdóttir.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda eru að öllum kröfum stefnanda verði hafnað og stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Hinn 15. janúar 1992 hafi stefnandi sent stefnda bréf og óskað umsagnar um breytingu á auglýsingu nr. 33/1991 sem þá gilti um undanþágur frá verkföllum opinberra starfsmanna. Hafi breytingin lotið að því að bætt yrði við tveimur legudeildum á Ríkisspítölum þar sem þeir hefðu yfirtekið bráðamóttöku St. Jósefsspítala. Þar sem ekki hafi borist skriflegt svar við bréfinu hafi stefnandi haft samband símleiðis við forráðamenn stefnda þann 20. janúar sama ár og óskað eftir viðbrögðum félagsins við nefndum tillögum. Forráðamenn stefnda hafi þá hafnað munnlega þeim óskum um breytingu á skránni sem fram hafi komið í fyrrnefndu bréfi. Hafi stefnandi því horfið frá hinum boðuðu breytingum og þannig tekið fullt tillit til sjónarmiða stefnda. Að undangengnu þessu samráði við hið stefnda félag hafi skráin verið birt samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 í B-deild stjórnaratíðinda þann 23. janúar 1992 sem auglýsing nr. 27/1992.

Með stefnu, birtri 28. febrúar 1992, hafi Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fyrir hönd stefnda og 16 annarra stéttarfélaga höfðað mál fyrir Félagsdómi, þar sem krafist var tiltekinna breytinga á hinni tilgreindu skrá. Hafi stefnandi verið varnaraðili í því máli. Hafi stefndi þá ekki haft uppi neinar kröfur um hina birtu skrá, hvorki að því er varðaði þær deildir Ríkisspítala sem þar eru tilgreindar sem undanþægar verkfalli né um efni skrárinnar að öðru leyti.

Á Ríkisspítölum séu starfræktar fimm handlækningadeildir, fimm lyflækningadeildir og þrjár öldrunardeildir. Um árabil hafi sjúkraliðum jafnt sem öðrum er á ríkisspítölum starfa verið ljóst og venja

á það komin, að ekki væri mögulegt að tilgreina með nákvæmari hætti þá starfsemi sem nauðsynlegt væri að halda uppi samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, en greinir í auglýsingu nr. 27/1992. Forráðamönnum stefnda hafi því verið ljóst að ekki væri unnt að leggja til grundvallar nákvæmari tilgreiningu á hinum umþrættu deildum í hinni birtu skrá, sökum hinnar fjölþættur starfsemi og deildaskiptingar á Ríkisspítölum. Efnnfremur hafi stefnda verið það ljóst að á Ríkisspítölum sé mjög mismunandi hvaða deildum verði að halda opnum í verkföllum, eftir því hvaða stéttarfélag eða starfsemi þar eigi í hlut. Til dæmis megi nefna að í verkfalli Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga á vormánuðum 1989 hafi ekki í öllum tilvikum sömu deildir verið opnar og í yfirstandandi verkfalli sjúkraliða. Hafi stefnandi því ætíð litið svo á að ekki væri ágreiningur um það að tilgreiningin samkvæmt skránni væri með þeim hætti að forráðamenn ríkisspítala hefðu ákveðið val um það hvaða handlækninga-, lyflækninga- og öldrunardeildir Ríkisspítala yrðu starfræktar ef til verkfalls kæmi. Gegn þessum skilningi stefnanda hafi ekki verið hafðar uppi sérstakar kröfur eða andmæli, hvorki í Félagsdómsmálinu nr. 1/1992 né nr. 3/1992. Stefnandi hafi talið að með dómi Félagsdóms í máli nr. 1/1992 hafi gengið fullnaðarúrskurður um ágreining vegna hinnar umþrættu skráar samkvæmt niðurlagsákvæði 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 að því er varðaði stefnda sérstaklega.

Með bréfi stefnda, dags. 24. október 1994, hafi verið boðað til vinnustöðvunar er hefjast skyldi hinn 10. nóvember 1994, kl. 24:00 á þeim stofnunum sem fjármálaráðherra fer með samningsumboð fyrir.

Með bréfi starfsmannastjóra ríkisspítala, dags. 26. október 1994, hafi stefnda verið sendur listi yfir nöfn þeirra sjúkraliða sem gert var ráð fyrir að starfa myndu á áðurnefndum deildum Ríkisspítala í hinu boðaða verkfalli. Hafi það verið gert umfram þá skyldu sem felist í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, í því skyni að stefnda gæti komið á framfæri nauðsynlegum leiðréttingum er stöfuðu af leyfum eða forföllum einstakra sjúkraliða. Hafi bréfið verið móttekið með „fyrirvara um tímasetningu um athugasemdir v/listans". Í svarbréfi stefnda, dags. 1. nóvember 1994, hafi verið óskað eftir viðræðum við stjórnendur sjúkrahússins um efni listans, þar sem félagið teldi hann „ekki koma heim og saman við hugmyndir sjúkraliða", eins og þar

hafi sagt. Hafi félagið þá einnig lýst því viðhorfi að það teldi það ekki á valdi Ríkisspítala að ákveða einhliða skipan mála eða túlkun listans og vísað til 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Engu að síður hafi verið haldnir tveir fundir og nokkrar leiðréttingar gerðar eftir ábendingum af hálfu stefndu. Þeir fundir hafi verið haldnir 7. og 8. nóvember síðastliðinn. Viðstaddir á fundunum hafi verið þrír trúnaðarmenn stefnda á Ríkisspítölum, auk Kristínar Á. Guðmundsdóttur formanns stefnda og Gunnars Gunnarssonar, framkvæmdastjóra stefnda. Af hálfu Ríkisspítala hafi þar mætt Bjarni Ingvarsson, starfsmannastjóri, Guðlaug Björnsdóttir, yfirviðskiptafræðingur, Vigdís Magnúsdóttir, hjúkrunarforstjóri og Anna Stefánsdóttir, hjúkrunarframkvæmdastjóri. Hafi einnig komið til umræðu, vegna fyrirspurna af hálfu stefnda, á hvaða forsendum val Ríkisspítala á því hvaða handlækninga-, lyflækninga- eða öldrunarlækningadeildir skyldu starfræktar byggði. Ekki hafi verið gerðar formlegar athugasemdir við gefnar skýringar á þessum fundum. Dagana 9. og 10. nóvember hafi Anna og Vigdís einnig átt óformlegar viðræður við formann stefnda að hennar ósk. Hafi formaðurinn þá sett fram þau sjónarmið að það væri mat stefnda að fjöldi rúma á Ríkisspítölum sem þjóna ætti í verkfallinu væri of mikill. Ef fallist yrði á fækkun þeirra myndi félagið ekki gera athugasemdir við það hverjar af nefndum deildum yrðu starfræktar.

Á miðnætti 10. nóvember 1994 hafi verkfall Sjúkraliðafélags Íslands á Ríkisspítölum komið til framkvæmda. Hafi þá komið á daginn að sjúkraliðar mættu ekki til vinnu á handlækninga-, lyflækninga- og öldrunarlækningadeildum þrátt fyrir auglýsingu nr. 27/1992. Af þessu tilefni hafi með bréfi forstjóra Ríkisspítala, dags. 16. nóvember síðastliðinn, verið skorað á þá starfsmenn sem vinna áttu, að mæta þá þegar til vinnu, en að öðrum kosti væri um að ræða óheimila fjarvist af þeirra hálfu. Vegna þessara áskorana hafi formlega verið upplýst af hálfu stefnda, með bréfi dags. 17. nóvember, að félagið stæði að þessari umdeildu aðgerð, en ekki væri um að ræða fjarvistir á ábyrgð einstakra starfsmanna.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður ágreining máls þessa snúast um það hvort lögmætt sé af hálfu stefnda að standa að því að framangreindir félagsmenn þess mæti ekki til vinnu á öllum þeim deildum Ríkisspítala sem undanþágu njóti frá yfirstandandi verkfalli á grundvelli

3. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, en stefndi hafi í máli fyrir Félagsdómi nr. 1/1992, í hverju dómur var uppkveðinn hinn 25. mars 1993, endanlega viðurkennt lögmæti þá þegar birtrar skrár, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Hafi einnig verið viðurkennt af hálfu stefnda að sú skrá eigi að gilda í hinu yfirstandandi verkfalli.

Að því er varðar dómsvald Félagsdóms er vísað til 5. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Stefnandi byggir mál þetta á því að hann hafi aldrei haft réttmæta ástæðu til að ætla að ágreiningur væri við stefnda um þá skrá sem birt hafi verið með auglýsingu nr. 27/1992 hinn 23. febrúar 1992 og varðaði það hvaða deildir Ríkisspítala væru undanþægar eða mætti undanþiggja ef til verkfalls kæmi af hálfu stefnda. Sérstaklega hafi verið bent á í bréfi félagsins frá 17. nóvember að sú skrá hefði gildi í því verkfalli sem nú standi yfir og verði því að leggja til grundvallar að ekki hafi verið deilt um það atriði. Stefnandi sé ennfremur sammála þeirri skoðun stefnda, að nafnalisti sá sem Ríkisspítalarnir sendu félaginu sé ekki skrá í skilningi 19. gr. laga nr. 94/1986. Nafnalistanum hafi einungis verið ætlað það hlutverk að stefndi gæti komið að nauðsynlegum ábendingum varðandi einstaka starfsmenn þá er verkfall væri á næsta leiti. Nafnalistinn hafi því verið sendur hinu stefnda félagi án þess að skylt væri lögum nr. 94/1986.

Að því er varðaði frágang og gerð skráar samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 hafi viðkomandi stéttarfélag notið þess réttar að ekki mætti birta skrána án undangengins samráðs við það. Slíkt samráð hafi þegar fram farið á árinu 1992 svo sem lög geri ráð fyrir. Í 2. mgr. 19. gr. nefndra laga sé kveðið á um að hafi stéttarfélag uppi andmæli varðandi breytingar á þegar birtri skrá skuli það gert fyrir 1. mars sama ár og skrá er birt og skuli Félagsdómur úrskurða í málinu til fullnustu. Að því er varðaði breytingar á skránni og andmæli gegn þeim hafi því endanlega verið skorið úr öllum ágreiningi með dómi Félagsdóms í máli nr. 1/1992. Hafi stefnandi þess máls, BSRB fyrir hönd Sjúkraliðafélags Íslands, haft sérstaklega uppi þá kröfu að andmælaréttur væri ekki einungis bundinn við breytingar á skrá heldur næði einnig til atriða sem jafnframt hafi verið á áður birtri skrá. Í því máli hafi þá hinu stefnda félagi verið í lófa lagið að hafa uppi andmæli gegn þeirri tilgreiningu sem hér er deilt um. Slík andmæli hafi stefndi þó ekki haft uppi. Með úrskurði Félagsdóms um

þá skrá hafi verið komin endanleg niðurstaða. Skráin hafi þá framlengst um eitt ár í senn og hafi stefndi þar að auki viðurkennt að hún skyldi lögð til grundvallar í því verkfalli sem stendur yfir.

Skráin hafi því þegar verið í samræmi við 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, bæði hvað varðar tilurð hennar, efni og tilgreiningu um undanþæg störf, löngu áður en til yfirstandandi verkfalls stefnda kom. Verði niðurstaða dómsins í nefndu máli ekki skilin öðru vísi en svo að þar hafi stefndi átt að bera endanlega fram öll þau andmæli sem hafa mátti uppi varðandi skrána. Því hafi ekki verið unnt þegar til verkfalls kom að hafa uppi slík andmæli. Slík háttsemi hljóti að brjóta gegn ákvæðum III. kafla laga nr. 94/1986.

Tilgangur 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 hljóti að vera sá að þegar lögmælt birting skráar og málarekstur um breytingar á henni sé um garð genginn megi atvinnurekandi treysta því fullkomlega að ekki sé uppi vafi um undanþæg störf þegar til verkfalls kemur. Hafi stefnandi því mátt ætla að ekki væri ágreiningur með aðilum varðandi undanþæg störf sjúkraliða á Ríkisspítölum. Aldrei hafi komið til mótmæla gegn efni hinnar birtu skrár eða hún vefengd fyrr en verkfall var í þann mund að hefjast. Þvert á mót hafi hið stefnda félag lagt sitt af mörkum til að ekki væri vafi um það hvaða einstaklingar skyldu koma til vinnu og hverjir skyldu sitja heima, eftir að starfsmannastjóri Ríkisspítala hafi sérstaklega vakið máls á því.

Þannig er því mótmælt sem fram kemur í bréfi stefnda, dags. 23. nóvember sl., að fyrir liggi að félagið hafi borið fram andmæli gegn því að nafnalistarnir væru í samræmi við birtar skrár. Þvert á móti hafði áður verið komið til móts við Ríkisspítala um að leiðréttar yrðu augljósar villur af hálfu Ríkisspítala um það hvaða einstaklingar skyldu starfa eða ekki. Stefnandi telur því að sú aðgerð sem gripið var til af hálfu stefnda og um er deilt, þá er verkfall var að hefjast og að halda uppi andófi gegn þeirri skrá sem það hefur talið að gilda ætti í verkfallinu og ekki gert athugasemdir við á lögmætan hátt, feli í sér ólögmæta framkvæmd á hinu yfirstandandi verkfalli. Aðgerð stefnda hafi ekki komið til fyrr en rétt í þann mund er verkfallið hófst án þess að stefnandi hefði réttmæta ástæðu til að ætla að til slíkra aðgerða kæmi, hvað þá að stefndi hefði lögmæta ástæðu til.

Auk framangreindra röksemda vísar stefnandi til 5. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 sem gerir ráð fyrir að Félagsdómur geti með dómi skorið

úr um það hvort hinir tilgreindu einstaklingar falli undir undanþágu samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi telur óhjákvæmilegt að gera verulegar athugasemdir við lýsingu málavaxta í stefnu.

Í fyrsta lagi sé frásögn stefnanda af Félagsdómsmálinu nr. 1/1992 mjög ónákvæm og stafar sennilega af ónógum upplýsingum. Umrætt mál hafi verið höfðað af BSRB f.h. 17 aðildarfélaga sinna. Þeirra á meðal var SLFÍ. Stefna hafi verið útgefin 28. feb. 1992 og málið þingfest 7. apríl 1992. Aðalkrafa stefnanda hafi verið að skrá skv. 2. mgr. 19. gr., sem var nr. 27/1992, yrði dæmd ógild í heild sinni. Í samandregnu máli hafi krafan verið rökstudd með því að skráin væri ekki tilgreining starfa sem unnin skyldu í verkfalli eins og áskilið væri í lögunum heldur yfirlit yfir starfsemi sem ríkið vildi halda uppi kæmi til verkfalls. Í varakröfu voru gerðar víðtækar athugasemdir við einstaka liði í skrá 27/1992.

Stefndi hafi lagt fram greinargerð sína í málinu 28. apríl 1992. Í greinargerðinni hafi verið gerðar frávísunarkröfur á ýmsum forsendum og einnig miklar efnislegar athugasemdir við sjónarmið stéttarfélaganna. M.a. hafi verið krafist frávísunar aðalkröfu sem hafi verið byggð á því að krafan varðaði starfsheiti stéttarfélaga innan BSRB og BHMR sem ekki stæðu að málssókninni og hefði ekki verið stefnt í málinu. Þar sem verkfall var ekki yfirvofandi hafi málsaðilar ákveðið að fresta málinu ótiltekið og reyna að ná samkomulagi eftir því sem tök væru á. Hafi náðst samkomulag um ýmis atriði þar á meðal um að stefnandi félli frá aðalkröfu sinni um að skráin í heild sinni yrði dæmd ógild en þess í stað yrðu borin undir Félagsdóm nokkur lykilatriði varðandi það hvernig gerð skráa skyldi háttað. Hafi verið sameiginleg ætlun aðila að sækja með þeim hætti leiðbeiningu til Félagsdóms um það hvernig staðið skyldi að skrám í framtíðinni.

Niðurstaða Félagsdóms hafi fengist 25. mars 1993. Í forsendum dómsins komi fram ákveðin svör um að:

Andmælaréttur gegn einstökum atriðum á skrá sé fyrir hendi þótt viðkomandi atriði sé óbreytt frá síðustu skrá.

Nýtt stéttarfélag starfsmanns geti borið fram andmæli óháð afstöðu fyrra stéttarfélags hans.

Meginregla laga 94/1986 sé um verkfallsrétt starfsmanna ríkisins og allar undantekningar þar frá sæta þrengjandi lögskýringu.

Þar sem undantekningar frá verkfallsheimild lúti þrengjandi lögskýringu verði tilgreining á skrá skv. 2. mgr. 19. gr. að vera ótvíræð þannig að ekki leiki vafi á við hvern er átt.

Í auglýsingu skv. 2. mgr. 19. gr. beri að tilgreina þau störf sem falla undir 3. tl. 1. mgr. sömu greinar. Óheimilt sé að semja um annars konar tilgreiningu eða vísa til þess að ákveðinni starfsemi eigi að sinna þrátt fyrir verkfall.

Á grundvelli framangreindra forsenda hafi Félagsdómur fallist m.a. á að tilgreiningar eins og Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Öryggisverðir. Póstur og sími, fjarskiptasvið. Starfsmenn mælistofu Landssímans. Póstur og sími, umsýslusvið. Starfsmenn radíóflugþjónustu og strandstöðvar í Gufunesi væru ófullnægjandi og hafi fellt þær af skrá nr. 27/1992.

SLFÍ hafi átt hlut að upphaflegri aðalkröfu og þess sé því getið í nafni málsins. Það sem endanlega var lagt undir Félagsdóm hafi í engu tilviki varðað félagsmenn SLFÍ beint. Félagið hafi átt hlut að máli með að fara þá leið sem samkomulag varð um. Í því hafi að sjálfsögðu engin viðurkenning falist á því að tilgreiningar í skrá nr. 27/1992 væru fullnægjandi.

Í öðru lagi sé gefið í skyn í málavaxtalýsingu stefnanda að stefndi hafi fallist á það fyrirkomulag að forráðamenn ríkisspítala hefðu val um það hvaða sjúkrahúsdeildir yrðu opnar ef til verkfalls kæmi og verkfallsréttur starfsmanna viðkomandi deilda færi eftir ákvörðun sjúkrahússtjórnarinnar hverju sinni um hvaða deildum yrði haldið opnum. Segir í málavaxtalýsingunni að slíkt kunni að ráðast af því hvaða stéttarfélag sé í verkfalli hverju sinni.

Það sé út af fyrir sig rétt að sjúkrahússtjórnin ræður því í verkfalli hvaða deildir skuli opnar og hverjar ekki, en það sé alrangt að með því geti hún ákveðið hverjir starfsmanna séu undanþegnir verkfalli og hverjir ekki. Þvert á móti sé það grundvallaratriði að ljóst sé í upphafi verkfalls hverjir hafi ekki verkfallsheimild. Þetta eigi að vera ljóst af birtri skrá skv. 2. mgr. 19. gr., en ekki helgast af ákvörðunum vinnuveitandans eða stéttarfélagsins þegar út í verkfall er komið. Stefndi hafi alla tíð haldið sig við lögin og túlkun þeirra eins og hún birtist í dómum Félagsdóms, sbr. dskj. 14. Stefndi telji að allir félagsmenn stéttarfélagsins séu bundnir af verkfalli nema þeir

sem sérstaklega eru undanskildir á birtri skrá og að þeir einir teljist vera á skrá sem þar eru tilgreindir með ótvíræðum hætti þannig að enginn vafi geti verið á við hvern sé átt. Stefnandi haldi því ekki einu sinni fram, enda væri slíkt út í hött, að þeir 48 sjúkraliðar sem mál þetta snýst um séu tilgreindir með ótvíræðum hætti í skrá nr. 27/1992.

Í þriðja lagi segi loks í málavaxtalýsingu stefnanda að stefndi hafi móttekið nafnalistann á dskj. 6 þann 26. okt. s.l. Rakin séu samskipti aðila í framhaldi þess. Í kafla um málsástæður virðist því haldið fram að viðbrögð stefnda megi túlka sem einhvers konar samþykki við nafnalistanum.

Af hálfu stefnda er þessu mótmælt. Nokkrir fundir hafa verið haldnir með aðilum um nafnalistann. Fyrsti fundur hafi verið haldinn 5. nóv., sá næsti daginn eftir og loks hafi verið haldinn fundur þann 10. nóv. Það sé ekki ástæða til þess að rekja efni þessara funda nákvæmlega að öðru leyti en því að SLFÍ hafi aldrei viðurkennt að nafnalistinn sé rétt tilgreining þeirra starfsmanna sem eru undanþegnir verkfallsheimild skv. auglýsingu nr. 27/1992. Því fari reyndar víðsfjarri. Félagið hefur frá upphafi andmælt nefnalistanum og því gildi sem ríkisspítalar hafi viljað gefa honum. Megi vísa til bréfa félagsins á dskj. nr. 10 og 12 um það efni. Þess sé e.t.v. rétt að geta að upphaflega tilurð listans hafi verið vegna þess að ríkisspítalar hafi verið að skilja á milli félagsmanna SLFÍ við útborgun þann 1. nóv. s.l. eftir því hvort þeir ættu að fá útborgað fyrirfram eða ekki vegna verkfallsboðunarinnar.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Að mati stefnda er kröfugerð stefnanda illskiljanleg í ljósi þeirra fordæma sem Félagsdómur hefur sett um túlkun á skrám skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 í dómum sínum, einkum í málum nr. 1/1992, 3/1992 og nú síðast 12/1994:

Í þessum dómum hefur verið slegið föstu að:

Tilgreining á skrá skv. 2. mgr. 19. gr. verði að vera ótvíræð, svo að ekki leiki vafi á við hvern er átt.

Í auglýsingu skv. 2. mgr. 19. gr. ber að tilgreina þau störf eða starfsmenn sem falla undir ákvæði 3. tl. 1. mgr. sömu greinar. Óheimilt sé að semja um annars konar tilgreiningu eða vísa til þess að ákveðinni starfsemi eigi að sinna þrátt fyrir verkfall. .

Það sé ekki hlutverk Félagsdóms að gera skrá um þá sem falla

undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr., heldur fyrst og fremst að skera úr ágreiningi, sem rísa kann um breytingar á þeim skrám.

Stefndi fái ekki séð af málatilbúnaði stefnanda að því sé nokkurs staðar haldið fram, að ótvíræð tilgreining þeirra 48 einstaklinga, sem hann haldi fram að eigi ekki að vera í verkfalli, liggi fyrir í gildandi skrá nr. 27/1992. Því virðist heldur ekki haldið fram að störf þessara einstaklinga séu tilgreind í auglýsingunni. Slíkt sé þó nauðsynleg forsenda þess að umræddir einstaklingar séu ekki í verkfalli.

Upphaflega hafi þess verið krafist að viðurkennt yrði með dómi Félagsdóms að tilteknir 48 félagsmenn SLFÍ skyldu mæta til vinnu á tilgreindum deildum Ríkisspítala í yfirstandandi verkfalli, sbr. 3. tl. 1. mgr. 19. gr. l. nr. 94/1986.

Kröfunni hafi nú verið breytt þannig að krafist er viðurkenningar Félagsdóms á því að ofangreindir sjúkraliðar á ofangreindum deildum ríkisspítala falli undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 í yfirstandandi verkfalli.

Einstaklingar innan SLFÍ séu þá og því aðeins undanskildir verkfallsskyldu á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna að fyrir liggi skrá skv. 2. mgr. sömu greinar þar sem störf þeirra eða þeir sjálfir eru tilgreindir með ótvíræðum hætti. Fyrir liggi að skrá skv. 2. mgr. hafi verið birt. Störf hinna tilgreindu einstaklinga séu þar ekki tiltekin og þeir eru ekki tilgreindir með „ótvíræðum" hætti. Í málaatilbúnaði stefnanda sé ekki einu sinni reynt að halda því fram að svo sé.

Í dómi Félagsdóms frá 15. nóv. 1994 sé því slegið föstu að það sé ekki hlutverk dómsins að gera þær skrár sem hér um ræðir. Sú niðurstaða gildir augljóslega einnig í þessu máli. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af varakröfu stefnanda.

Ef Félagsdómur telji þrátt fyrir framangreint rétt að kanna hvort umræddir einstaklingar uppfylli lagaskilyrði um að teljast sinna „nauðsynlegustu" heilbrigðisþjónustu þá er á því byggt að allar forsendur skorti til þess að Félagsdómur geti metið slíkt. Stefnandi hafi enga tilraun gert til þess að sýna fram á það að umræddir starfsmenn starfi við „nauðsynlegustu" heilbrigðisþjónustu. Stefnandi hafi sönnunarbyrðina fyrir því að undanþáguskilyrðin séu fyrir hendi og gegn andmælum stefnda verði það ekki lagt til grundvallar.

Undir rekstri málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum þær Anna Stef-

ánsdóttir hjúkrunarframkvæmdarstjóri, Vigdís Magnúsdóttir hjúkrunarforstjóri og Kristín Guðmundsdóttir formaður stefnda.

Niðurstaða.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 94/1986 er stéttarfélögum sem eru samningsaðilar samkvæmt lögunum heimilt að gera verkfall og samkvæmt 18. gr. laganna tekur það til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitanda sem verkfall beinist gegn nema þeim sé óheimilt að gera verkfall samkvæmt lögunum. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna er þeim, sem starfa við nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu, óheimilt að gera verkfall. Fjármálaráðherra og sveitarfélög skulu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna birta skrá um störf þau sem m.a. falla undir 3. tl. 1. mgr. sömu greinar að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög.

Hinn 23. janúar 1992 var birt í Stjórnartíðindum auglýsing nr. 27 um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 þar sem meðal annars eru talin þau störf sem falla undir 3. tl. 1. mgr. tilvitnaðrar lagagreinar. Þar sem ekki hafa verið gerðar aðrar skrár eftir 1992 er skráin skv. framangreindri auglýsingu gildandi skrá sbr. 2. mgr. 19. gr. tilvitnaðra laga. Enda hefur því verið lýst yfir af hálfu stefnda að engin ágreiningur sé um það að skráin sé í fullu gildi.

Í skrá þessari eru m.a. talin störf tiltekinna starfsmanna ríkisspítalanna sem óheimilt er að fara í verkfall svo og deildir ríkisspítalanna sem starfræktar skulu þrátt fyrir verkfall. Þar á meðal eru taldar lyflækningadeildir (2) þ.e. hjartadeild 14E og ein önnur lyflækningadeild, handlækningadeildir (2) og öldrunarlækningadeildir (2) í Hátúni.

Fallast ber á það með stefnda að tilgreining þessi sé ófullnægjandi og ónákvæm. Hér hefði átt að tilgreina með ótvíræðum hætti hvaða tvær öldrunarlækningadeildir, hvaða tvær handlækningadeildir og hvaða lyflækningadeild önnur en hjartadeild 14E skuli starfræktar þrátt fyrir verkfall. Samt voru af hálfu stefnda ekki höfð uppi önnur andmæli við skrá þessari fyrir 1. mars 1992 en þau að standa að máli sem BSRB höfðaði f.h. stefnda og 16 annarra aðildarfélaga BSRB fyrir Félagsdómi. Undir rekstri þess máls féll stefnandi frá aðalkröfu sinni um að skráin í heild sinni skyldi dæmd ógild. Aðrar kröfur höfðu ekki verið gerðar af hálfu Sjúkraliðafélags Íslands með þeirri málssókn. Túlka ber 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 á þann veg að árlega hafi stefndi átt rétt á að bera fram andmæli við

hvort heldur nýrri skrá eða framlengdri á tímabilinu 1. febrúar til 1. mars. Þennan andmælarétt nýtti stefndi sér ekki á tilskildum fresti og verður því að telja stefnda hafa sætt sig við hina ónákvæmu tilgreiningu í skránni. Andmæli stefnda gegn skránni eru of seint fram komin. Bindur hún því báða aðila málsins.

Af málflutningi stefnda og gögnum málsins verður ekki séð að listi stefnanda yfir þá einstaklinga sem 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 tekur til fari í bága við auglýsingu nr. 27/1992. Hér munu taldir allir sjúkraliðar sem á deildum þeim starfa sem stjórn ríkisspítala hefur ákveðið að starfræktar skuli í verkfalli. Fram er komið að á þeim deildum, sem óumdeilt er að starfræktar skuli þrátt fyrir verkfall, vinna allir þeir sjúkraliðar sem eru starfsmenn á þeim deildum.

Ber með vísan til þess sem að framan er ritað að taka kröfur stefnanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Kröfur stefnanda, fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, eru teknar til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar.

Ég er sammála dómsorði meirihluta dómsins en geri athugasemd í tilefni af forsendum.

Auglýsing nr. 27 1992 var birt í B-deild Stjórnartíðinda 23. janúar það ár. Hún framlengdist síðan um eitt ár í senn. Að boðuðu verkfalli 24. október s.l. rituðu Ríkisspítalarnir 26. s.m. stefnda bréf ásamt tveimur skrám, annars vegar fyrir þá sjúkraliða sem undanþægir væru verkfallsskyldu samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986 og hins vegar þá sjúkraliða er verkfallsskylda tæki til. Jafnframt var viðkomandi sjúkraliðum tilkynnt um vinnuskylduna. Lágu því þá þegar fyrir upplýsingar um vinnuskyldu sjúkraliða. Ekki er um það deilt í málinu, að sjúkrahússtjórnin ráði því hvaða sjúkradeildir skuli vera opnar og hverjar ekki. Sjúkrahúsið hefur valið um,

að sumar deildir á ákveðnu sviði séu fullmannaðar af sjúkraliðum, en aðrar ekki mannaðar sjúkraliðum. Vinnusamningar stefnanda og sjúkraliðanna á viðkomandi deildum rofnuðu ekki af völdum verkfallsins. 19. gr. laga nr. 94 1986 mælir aðeins fyrir um birtingu „skrár um störf", en ekki einstaklinga sem 3.-6. tl. 19. gr. tekur til, enda ókleyft að tilgreina einstaklinga á skrá, sem gildir svo langt fram í tímann. Stefnandi tilgreindi störfin svo á hinum umþrættu deildum, að „allir starfsmenn" skyldu vinna, ef þeir væru ekki sérstaklega undanþegnir, þ.e. að öll störf sjúkraliða skyldu fullskipuð. Undanþágu fyrir sjúkraliða er ekki að finna. Ég tel að lagaheimild skorti fyrir Félagsdóm að kveða á um, að í auglýsingu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. skuli tilgreint hvaða einstakar deildir á Ríkisspítulunum skuli vera opnar í verkfalli.

Samkvæmt framanrituðu er vinnuskylda þeirra ótvíræð og tilgreining í auglýsingunni fullnægjandi.

Sératkvæði
Sveins Sveinssonar.

Ég er sammála fyrstu málsgrein í niðurstöðu meirihluta dómenda.

Mál þetta snýst um það hvort ákveðnir einstaklingar, sem eru félagsmenn í Sjúkraliðafélagi Íslands skuli vinna, þrátt fyrir yfirstandandi verkfall.

Til þess að hver og einn starfsmaður sem upp er talinn í stefnu hafi vinnuskyldu í verkfalli, þarf skýrt og ótvírætt að koma fram í undanþágum frá 18. gr. laga nr. 94/1986 að viðkomandi einstaklingur skuli vinna í verkfallinu.

Hinn 23. janúar 1992 var birt í stjórnartíðindum skrá um þá sem vinna skuli í verkfalli í samræmi við 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Af hálfu stefnda hefur því verið lýst yfir að enginn ágreiningur sé um það að skráin sé í fullu gildi og hefur hann ekki gert við hana athugasemdir.

Óumdeilt er að starfsmenn þeir, sem tilgreindir eru í stefnu, vinna á þeim deildum sem þar koma fram. Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu stefnanda að þessir starfsmenn séu undir það seldir að eiga að vinna í verkfallinu. Ekki er hægt að lesa það út úr skránni að það skuli vera þessir ákveðnu einstaklingar sem eiga að vinna í

verkfallinu, en ekki þeir sem vinna á öðrum þremur handlækningadeildum, fjórum lyflækningadeildum eða einni öldrunarlækningadeild í eigu stefnanda.

Það er réttur starfsmannanna að undanþágur frá því að vera í verkfalli séu svo skýrar að á því geti enginn vafi leikið hvaða einstaklingar skuli vera í verkfalli og hverjir ekki þegar til þess er boðað. Ónákvæmni í undanþágum getur ekki bitnað á einstaka starfsmanni. Á sama hátt getur stefnandi ekki haft um það sjálfdæmi þegar til verkfalls hefur verið boðað hvaða einstaklingar vinna í verkfalli.

Með vísan til 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 er í málinu of mikil óvissa hverjir starfsmanna stefnanda á hinum sex lyflækningadeildum, fimm handlækningadeildum og þremur öldrunarlækningadeildum eiga að vinna í verkfalli til að hægt sé að taka kröfu stefnanda til greina.

Ber því með vísan til þess sem að framan er rakið að hafna kröfum stefnanda. Stefnandi greiði stefnda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 100.000.

Dómsorð:

Kröfum stefnanda, fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, er hafnað.

Stefnandi greiði stefnda, Sjúkraliðafélagi Íslands, kr. 100.000 í málskostnað.

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 18/1994. **Vélstjórafélag Íslands**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Landhelgisgæslu Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Kjarasamningur. Úrskurðarnefnd.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Guðmundur Skaftason og Arnmundur Backman.

Málið, sem var dómtekið 13. þ.m., var þingfest 16. des. sl. Stefnandi er Vélstjórafélag Íslands, kt. 690269-3419, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndu eru Landhelgisgæsla Íslands, kt. 710169-5869, Seljavegi 32, Reykjavík og fjármálaráðherra f.h. ríkisjóðs kt. 540269-6459, Sölvhólsgötu 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

Að dæmt verði að stefndu sé skylt að tilnefna mann í nefnd um kjarabreytingar skv. grein 14.1.2. í kjarasamningi aðila frá 6. apríl 1988 og hlíta úrskurði nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. hins tilvitnaða ákvæðis kjarasamningsins.

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru:

Að stefndu verði sýknaðir af kröfum stefnanda.

Að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað að mati Félagsdóms.

Með samningi milli Landhelgisgæslu Íslands annars vegar og Félags bryta, Stýrimannafélags Íslands og Vélstjórafélags Íslands hins vegar dags. 6. apríl 1988 var gerður samningur á milli ofangreindra aðila um kjör bryta, stýrimanna, vélstjóra og vélavarða í þeim störfum hjá Landhelgisgæslu Íslands, sem tilgreind eru í grein 1.1. í samningnum. Samkvæmt grein 1.3. fer um starfsskyldur yfirmanna skv. lögum nr. 25/1967 en skv. 7. gr. þeirra laga er starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands óheimilt að gera verkfall eða taka þátt í

verkfallsboðunum. Að sögn stefnanda hefur samningsstaða þessara starfsmanna því jafnan verið erfið en í stórum dráttum hafa breytingar á kjörum þeirra dregið dám af þeim breytingum sem orðið hafa á kjörum yfirmanna á farskipum skv. kjarasamningum kaupskipaútgerða við félög yfirmanna að því marki sem um sambærileg störf er að ræða. Á þetta fyrirkomulag sér stoð í 10. gr. laga 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands. Með samkomulagi dags. 29. mars 1986 var samið um þessa viðmiðun, en jafnframt að gerðardómur skyldi fjalla um sérkröfur þessara starfsmanna hjá Landhelgisgæslu Íslands. Í 14. gr. kjarasamnings aðila frá 6. apríl 1988 lið 1.2. var og kveðið svo á að á gildistíma samningsins skyldi Landhelgisgæsla Íslands tryggja þeim yfirmönnum, sem samningurinn tæki til sambærilegar kjarabreytingar og á sama tíma yrðu hjá yfirmönnum kaupskipaútgerða innan V.S.Í. og V.M.S. Þá var svo kveðið á í ákvæðinu að ef ekki næðist samkomulag um kjarabreytinguna innan mánaðar frá því ósk um hana kæmi fram skyldi nefnd, skipuð skv. ákvæði greinarinnar, skera úr um ágreininginn. Lýtur krafa stefnanda í máli þessu að því, að þessi nefnd taki til úrlausnar ágreining um tilteknar kröfur stefnanda um aðlögun að hinum almenna samningi kaupskipaútgerða.

Samningur aðila frá 6. apríl 1988, sem gilti til 1. janúar 1990, var endurskoðaður að því er launaliði varðar og breytt með samningi dags. 11. júlí 1989. Með samningi dags. 18. júlí 1990 var gildistími samningsins framlengdur til 15. september 1991 með tilteknum breytingum á launaliðum, uppbótum o.fl.

Haustið 1992 gerðu aðilar máls þessa tilraun til að endurnýja samninga sína, sem þá höfðu verið lausir frá 15. september 1991. Samningar tókust ekki og var ágreiningi aðila vísað til gerðadóms skv. áðurgreindu samkomulagi frá 29. mars 1986. Hinn 31. mars 1993 kvað gerðardómur upp dóm í málinu og var flestum kröfuliðum sóknaraðila vísað frá gerðardóminum á þeirri forsendu að valdsvið gerðardómsins væri einungis að fjalla um sérkröfur, en ekki kjaraatriði sem ættu að ákvarðast af hinum almenna kjarasamningi á farskipum.

Að fenginni niðurstöðu gerðardómsins tóku aðilar upp viðræður á ný og lauk þeim með gerð kjarasamnings hinn 30. júlí 1993, sem gilti til 31. desember 1994. Samningi þessum fylgdi bókun stefnanda þar sem Vélstjórafélag Íslands áskilur sér rétt vegna ágreinings aðila

um túlkun á niðurstöðu áðurnefnds gerðardóms og um réttarstöðu aðila.

Eftir þetta var leitað eftir viðræðum við stefndu um ágreining aðila og ítrekuð krafa um skipun fulltrúa í nefnd skv. gr. 14.1.2 í samningi aðila. Var forstjóra Landhelgisgæslu Íslands ritað bréf af þessu tilefni hinn 5. apríl 1994 þar sem óskað var viðræðna um málið. Er þess getið í bréfinu að verði ekki teknar upp viðræður verði leitað úrlausnar Félagsdóms um ágreining aðila. Ekkert varð af viðræðum. Þykir stefnanda nauðsyn bera til að fá niðurstöðu um ágreining aðila um skipan nefndar skv. gr. 14.1.2 í kjarasamningi áður en kemur til nýrra samningaviðræðna aðila.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að skv. 1. gr. samkomulags aðila frá 29. mars 1986 skuli kjör vélfræðinga (vélstjóra) ákvarðast af hinum almenna kjarasamningi farmanna. Gerðardómur, sem fjallaði um kjaradeilu málsaðila, hafi vísað kröfum um aðlögun að hinum almennu samningum við farskipaútgerðir frá dómi með vísan til þess, að þessi réttur sé með samkomulaginu tryggður sóknaraðila og heyri ekki undir lögsögu dómsins. Stefnandi telur að samkvæmt þessari niðurstöðu sé stefndu skylt að taka upp í kjarasamning aðila ákvæði er lúta að störfum vélstjóra við viðgerðir m. a. þegar skip eru í heimahöfn. Stefndu hafa ekki fallist á kröfur stefnanda í þessu efni og hefur stefnandi því krafist þess að úr þessum ágreiningi aðila verði skorið með úrskurði nefndar skv. gr. 14.1.2. í kjarasamningi aðila. Stefndu hafa borið því við, að gr. 14.1.2. sé úr gildi fallin, enda hafi ákvæðið verið bundið og takmarkað við gildistíma kjarasamnings aðila frá 6. apríl 1988 en hann gilti til 1. janúar 1990. Stefnandi telur ákvæðið hins vegar enn í gildi og byggir þá skoðun sína á því, að gildistími umrædds samnings hafi verið framlengdur fyrst til 15. september 1991 með samningi dags. 18. júní 1990 og síðar með samningi dags. 30. júlí 1993, með gildistíma til 31. desember 1994. Samningur aðila frá 6. apríl 1988 sé síðasti gildi heildarsamningur milli þeirra þar sem tekið er á öllum kjaraatriðum og atriðum er lúta að réttindum og skyldum viðkomandi starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands. Samningarnir tveir, sem síðar hafa verið gerðir, víkja einungis að launabreytingum og minniháttar réttarbótum en feli að öðru leyti í sér framlengingu á gildistíma samningsins frá 6. apríl 1988. Hvergi sé í síðari samningum aðila vikið að því að einstök

ákvæði samningsins frá 1988 skuli falla niður. Telur stefnandi að taka hefði þurft fram berum orðum ef ætlunin hefði verið að fella úr gildi jafn veigamikið ákvæði og ákvæðið í gr. 14.1.2. Stefnandi telur synjun stefndu um tilnefningu fulltrúa í umsamda nefnd ómálefnalega enda sé ætlan stefnanda einungis sú að leita úrlausnar um það hvort taka eigi upp í samning aðila hliðstæða bókun og fallist var á í samningi stefnanda við stefnda fjármálaráðherra vegna vélstjóra er starfa á skipum Hafrannsóknarstofnunar. Telur stefnandi að misræmi það, sem fram kemur í afstöðu ríkisins til samnings vegna Hafrannsóknarstofnunar Íslands annars vegar og Landhelgisgæslu Íslands hins vegar, ekki stutt neinum efnisrökum, heldur eigi það rót að rekja til þeirrar staðreyndar að starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa ekki verkfallsrétt en þann rétt hafa hins vegar starfsmenn Hafrannsóknarstofnunar.

Mál þetta er höfðað á þeim grundvelli að í gildi sé samningur aðila um að nefnd skv. ákvæði 14.1.2. í kjarasamningi skuli úrskurða um tiltekinn ágreining. Ekki er því í þessu máli leitað úrlausnar um hinn efnislega ágreining aðila um það hvernig laga eigi samning aðila að hinum almenna kjarasamningi farskipaútgerða enda sé það skilningur stefnanda að úrlausn þessa ágreinings eigi að vera í höndum umræddrar nefndar. Verði niðurstaða Félagsdóms hins vegar sú, að samningur aðila um úrskurðarnefnd skv. grein 14.1.2. sé ekki lengur í gildi áskilur stefnandi sér rétt til að leita úrlausnar dómstóla um þau efni, sem nefndin hefði ella átt úrskurðarvald um, ef þurfa þykir.

Málavaxtalýsing stefndu.

Allt fram til ársins 1988 hafi ákvörðun kjara vélstjóra, sem og annarra skipverja hjá Landhelgisgæslunni verið þannig háttað að þeir hafi tekið laun eftir hinum almenna kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Töluverð óánægja hafi verið með þetta fyrirkomulag hjá þeim vinnuveitendum er voru innan fyrrgreindra sambanda. Á síðari hluta áttunda áratugarins hafi útgerðarmenn og samtök þeirra farið að gera ákveðnar athugasemdir við það að starfsmenn Landhelgisgæslunnar væru á þennan hátt tengdir kjarasamningi farmanna. Af hálfu talsmanna Vinnuveitendasambands Íslands hafi því verið haldið fram að kröfugerð samtaka farmanna mótaðist um of af kröfum þeirra félagsmanna er störfuðu á

skipum Landhelgisgæslunnar og meðlimir Vinnuveitendasambandsins hefðu enga möguleika á að ræða né uppfylla þær kröfur og að kjaradeilur farmanna drægust á langinn af þessum sökum. Af hálfu talsmanna stéttarfélaga hafi því aftur á móti verið haldið fram að starfsmenn Landhelgisgæslunnar yrðu að fá tækifæri til að fylgja kjaramálum sínum eftir með aðild að gerð hins almenna kjarasamnings enda hefðu þeir engan annan vettvang til þess og gætu ekki beitt öðrum þrýstingi þar sem þeir hefðu ekki verkfallsrétt.

Skoðanaskipti þessi hafi leitt til þess að Vinnumálanefnd ríkisins og nokkur stéttarfélög innan vébanda Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hafi gert með sér sérstakt samkomulag, dags. 29. mars 1986, um tiltekna meðferð kjaramála.

Samkomulag þetta sé í 11 greinum auk inngangsorða. Í því segi svo í eftirfarandi greinum:

„1. gr. Laun og önnur kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar, sem aðild eiga að ofangreindum stéttarfélögum, skulu ákvarðast af hinum almenna kjarasamningi á farskipum, þegar um er að ræða sambærileg störf.

2. gr. Laun og kjör vegna starfa sem ekki falla að aðalkjarasamningi sbr. 1. gr. skulu ákveðin í sérkjarasamningi milli Landhelgisgæslunnar og nefndra félaga. Ennfremur skal í sérkjarasamningi ákvarða um sérkröfur starfsmanna Landhelgisgæslunnar vegna sérstöðu starfa þeirra.

3. gr. Á næstu tveimur mánuðum eftir gildistöku aðalkjarasamnings skulu samninganefndir deiluaðila koma saman, í því skyni að finna lausn á sérkröfum starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands. Náist ekki samkomulag milli deiluaðila á þessu tveggja mánaða tímabili frá gildistöku aðalkjarasamnings, skal hagsmunaágreiningur deiluaðila ganga sjálfkrafa til Gerðardóms. Aðilar geta þó vísað kjaradeilu til Gerðardóms, fyrr séu þeir um það sammála."

Og áttunda grein sé svohljóðandi:

„Gerðardómur skal gæta þess við úrlausnir sínar, að starfsmenn Landhelgisgæslunnar njóti sambærilegra kjara og þeir menn með hliðstæða menntun, sérhæfni og ábyrgð, sem vinna hliðstæð störf hjá öðrum en Landhelgisgæslunni. Þá skal hafa hliðsjón af almennum afkomuhorfum þjóðarbúsins."

Samkomulag þetta taki mjög mið af því hvernig kjarasamningsgerð var háttað gagnvart opinberum starfsmönnum á þeim tíma,

þ.e. fyrir gildistöku laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, meðan Kjaradómur var hinn endanlegi úrskurðaraðili í deilum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Það hafi hins vegar valdið aðilum nokkrum erfiðleikum að greina á milli þess, sem teldist almenn kjaraatriði, félli undir 1. gr. samkomulagsins og teldist þar af leiðandi til aðalkjarasamnings, og á hinn bóginn þess sem teldist sérkjaraatriði og félli undir 2. gr. samkomulagsins. Oft hafi þetta verið samtvinnað og erfitt að greina í sundur svo vel færi. Það hafi því orðið að samkomulagi milli aðila að gera heildstæðan kjarasamning fyrir starfsmenn Landhelgisgæslunnar, sem tæki jafnt til almennra sem sértækra kjaraatriða, þrátt fyrir að sú leið væri ekki í fullu samræmi við ákvæði samkomulagsins.

Þann 6. apríl 1988 var svo skrifað undir slíkan kjarasamning við þrjú stéttarfélög innan vébanda Farmanna- og fiskimannasambands Íslands þar á meðal Vélstjórafélag Íslands. Samkvæmt ákvæði 14.1. í þeim samningi skyldi hann gilda frá undirskriftardegi til 1. janúar 1990. Við undirskrift hans hafi verið í gildi almennur kjarasamningur Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, samkvæmt gr. 26.2.1. hafi hann gilt til 31. desember 1988 og féll þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Í gr. 23.2. þess samnings sagði jafnframt að laun yfirmanna skyldu á árinu 1988 taka sömu hækkunum á sama tíma og laun félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur. Tveir menn frá hvorum aðila skyldu meta þessar hækkanir og ef upp kæmi ágreiningur þeirra í millum ætti Hagstofa Íslands úrskurðarvald. Vegna þessa ákvæðis og þess að samningur vegna starfsmanna Landhelgisgæslunnar var bundinn í heilt ár umfram kjarasamning sömu starfsgreina á almennum markaði hafi verið tekið upp í samning starfsmanna Landhelgisgæslunnar sambærilegt ákvæði sem hafi átt að tryggja þeim að á samningstímanum fengju þeir sambærilegar kjarabreytingar og aðrir í sömu starfsstétt er störfuðu á hinum almenna markaði.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefnandi reisir mál sitt á því að stefndu verði gert skylt að tilnefna mann í nefnd um kjarabreytingar samkvæmt grein 14.1.2. í kjarasamningi aðila frá 6. apríl 1988. Stefndu mótmæla þeirri kröfu og telja sér það ekki skylt þar sem tilvitnað ákvæði sé úr gildi fallið. Kjarasamningur aðila frá 6. apríl 1988 hafi gilt frá undirskriftardegi

og til 1. janúar 1990. Í gildistíð þess samnings hafi verið gerður sérstakur samningur um breytingar á launaliðum. Í málavaxtalýsingu sinni byggi stefnandi á því að samningur aðila frá 6. apríl 1988 hafi verið endurskoðaður að því er launaliði varðaði og breytt með samningi, dags. 11. júlí 1989. Með samningi, dags. 18. júlí 1990, hafi gildistími samningsins verið framlengdur til 15. september 1991. Þessi staðhæfing stefnanda fái aðeins staðist að því leyti að samningurinn frá 11. júlí 1989 hafi falið í sér breytingu á þágildandi kjarasamningi að því er varðaði launaliði. Staðhæfingu stefnanda um það að heildarsamningurinn frá 6. apríl 1988 hafi verið framlengdur er mótmælt sem rangri og ósannaðri, svo og að sá samningur hafi sætt endurskoðun eða breytingum eftir að gildistími hans var á enda. Af hálfu stefndu hafi verið litið svo á að með samkomulaginu frá 11. júlí 1989 hafi í raun verið gert út um þann fyrirvara sem nefnd grein 14.1.2. gerði ráð fyrir, þ.e. að yfirmönnum þeim hjá Landhelgisgæslunni sem samningurinn tæki til yrðu tryggðar sambærilegar kjarabreytingar og yrðu hjá yfirmönnum kaupskipaútgerða innan VSÍ og VMS. Telja stefndu að með því samkomulagi hafi ekki aðeins verið uppfyllt formlega efni þess ákvæðis að samið yrði um þau sérkjör til handa félagsmanna stefndu og fleiri, heldur að með því samkomulagi hafi í raun verið jafnaður hlutur þessara tveggja hópa um kaup og kjör.

Framangreint telja stefndu að styðji þann skilning sinn að umdeilt ákvæði í kjarasamningi frá 1988 sé úr gildi fallið. Auk þess vísa stefndu til þess að í viðræðum milli aðila sumarið og haustið 1992 hafi verið sett fram krafa um að sambærilegt ákvæði yrði tekið upp í kjarasamning sem viðræður stóðu þá um. Þeirri kröfu stefnanda hafi verið hafnað af fjármálaráðuneytinu og hafi því ekki verið tekið upp síðan. Stefnanda hafi verið eða mátt vera ljóst að ákvæði fyrrgreinds kjarasamnings frá 6. apríl 1988, þ. á m. grein 14.1.2. sé ekki í gildi milli aðila en um þann skilning beggja aðila vitni málsgögn augljóslega. Um þetta vitni m.a. bókun I í samningi frá 18. júlí 1990, en hún geri ráð fyrir því að ræða skyldi um gerð nýs kjarasamnings til lengri tíma. Þá telja stefndu að líta beri til þess að sambærilegt ákvæði og 14.1.2. í samningunum frá 1988 sé heldur ekki að finna í síðar gildandi kjarasamningum milli aðila.

Umræddum kjarasamningi frá 6. apríl 1988 og ákvæði 14.1.2. sérstaklega hafi aðeins verið markaður ákveðinn gildistími sem fyrr

segir. Eigi það einkum og sér í lagi við um nefnt ákvæði, en það sé tekið upp í 14. kafla samningsins sem fjalli um gildistíma hans. Vísi upphafsorð greinar 14.1.2., auk þess sem að framan hefur verið rakið, beinlínis til þess að ákvæðið eigi aðeins við á gildistíma samningsins.

Stefndu telja nauðsynlegrar samaðildar ekki gætt varðandi ráðstöfun á því sakarefni sem krafist er dóms um. Kjarasamningur frá 6. apríl 1988 sé annars vegar milli Landhelgisgæslu Íslands og hins vegar Félags bryta, Stýrimannafélags Íslands og stefnanda. Stefndu telja vafasamt að stefnandi geti staðið að málsókn þessari án atbeina Félags bryta og Stýrimannafélags Íslands. Dómur sem ganga myndi um kröfur stefnanda myndi óhjákvæmilega hafa áhrif á kjör félagsmanna þessara félaga, án þess að þau félög hefðu fengið tækifæri til að ráðstafa því sakarefni. Stefndu benda á að skylt sé að vísa máli frá dómi ef þeir sem eiga óskipt réttindi sæki ekki mál í sameiningu að því leyti sem krafa er höfð uppi um hagsmuni einhvers þeirra sem ekki á aðild að því. Þar sem dómsins sé að ákveða af sjálfsdáðum hvort þessi ábending eigi við rök að styðjast, er ekki gerð sérstök krafa um frávísun. Vísa stefndu um þetta til 2. málsl. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Til stuðnings kröfum um málskostnað er vísað til 65. gr. laga nr. 38/1980, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Mál þetta snýst um skyldu stefnda til að tilnefna mann í nefnd samkvæmt kjarasamningi málsaðila frá 6. apríl 1988 gr. 14.1.2. til að meta áhrif vissra kjarabreytinga. Greinin hljóðar svo:

„Á gildistíma samnings þessa mun LHG tryggja þeim yfirmönnum sem samningur þessi tekur til sambærilegar kjarabreytingar á sama tíma og verða hjá yfirmönnum kaupskipaútgerða innan VSÍ og VMS. Náist ekki samkomulag um kjarabreytinguna innan mánaðar frá því að ósk um hana kom fram skulu aðilar tilnefna hvor sinn mann í nefnd og hagstofustjóri einn."

Frá því kjarasamningurinn var gerður hafa í nokkur skipti verið gerðar á honum breytingar er að mestu varða launaliði hans. Að öðru leyti hefur hann verið framlengdur óbreyttur. Fyrst var hann framlengdur með 1. gr. samnings frá 18. júlí 1990 til 15. september 1991 og síðan með 1. gr. samnings frá 30. júlí 1993 til 31. desember

1994. Því er ekki unnt að fallast á það með stefnda að með samningnum frá 11. júlí 1989 og efndum hans hafi gr. 14.1.2. í raun verið felld úr gildi og hlutur þeirra hópa, sem í gr. 14.1.2. eru nefndir, verið jafnaðir en mat á því á undir nefnd samkvæmt greininni.

Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður stefnanda yfir því að kröfur stefnanda fyrir nefnd samkvæmt gr. 14.1.2. í kjarasamningnum frá 6. apríl 1988 muni einvörðungu varða hagsmuni stefnanda sjálfs en ekki sameiginlega hagsmuni hans og samaðila að kjarasamningnum. Með hliðsjón af þessu og því að réttindi hans samkvæmt kjarasamningi þessum teljast nægilega sérgreind þykir aðild málsins ekki fara í bága við 18. gr. laga nr. 91/1991.

Með vísan til þess sem að framan er rakið þykir bera að taka kröfu stefnanda til greina eins og í dómsorði segir.

Óþarft var að stefna forstjóra Landhelgisgæslunnar í máli þessu, sbr. 3. gr. laga nr. 94/1986 og 5. og 10. gr. laga nr. 25/1967.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað kr. 75.000.

Dómsorð:

Stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, er skylt að tilnefna mann í nefnd samkvæmt gr. 14.1.2. í kjarasamningi frá 6. apríl 1988 milli Landhelgisgæslu Íslands og Félags bryta, Stýrimannafélags Íslands og Vélstjórafélags Íslands.

Stefndi greiði stefnanda, Vélstjórafélagi Íslands, 75.000 krónur í málskostnað.

Mánudaginn 20. febrúar 1995.

Nr. 1/1995 **Alþýðusamband Íslands f.h.**
Flugvirkjafélags Íslands
(Andri Árnason hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkisins
vegna Landhelgisgæslu Íslands
(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Frávísunarkröfu hafnað. Sératkvæði.

Úrskurður Félagsdóms.

Málið, sem tekið var til úrskurðar vegna frávísunarkröfu stefnda 13. þ.m., er höfðað með stefnu, sem árituð er ódagsett um birtingu, útgefinni 18. janúar sl. og þingfestri 19. s.m.

Málið úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Kristjana Jónsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Arnmundur Backman og Guðmundur Skaftason.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Flugvirkjafélags Íslands, kt. 550169-0199, Borgartúni 22, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkisins vegna Landhelgisgæslu Íslands.

Dómkröfur stefnanda:

Stefnandi gerir þær dómkröfur að viðurkennt verði með dómi, að um kaup og kjör flugvirkja, sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands, skuli fara samkvæmt kjarasamningi stefnanda og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf., dags. 12. júní 1994, frá og með þeim degi að öðru leyti en greinir í kjarasamningi stefnanda og stefnda vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, frá 24. september 1992.

Jafnframt er krafist málskostnaðar að mati dómsins auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega að kröfum stefnanda verði vísað frá Félagsdómi og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati dómsins.

Til vara að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati Félagsdóms.

Málavextir.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo að stefnandi sé stéttarfélag flugvirkja og lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör flugvirkja skv. samþykktum sínum, sbr. 5. gr. laga nr. 80/1938. Stéttarfélagið sé aðili að Alþýðusambandi Íslands sem hafi með bréfi, dags. 16. janúar 1995, veitt Flugvirkjafélagi Íslands umboð til þess að reka mál þetta fyrir Félagsdómi.

Félagið hafi gert kjarasamninga við atvinnurekendur, en Vinnuveitendasamband Íslands hafi í því sambandi verið samningsaðili f.h. stærsta vinnuveitanda flugvirkja, Flugleiða hf. Síðasti kjarasamningur félagsins og VSÍ f.h. Flugleiða hf. hafi verið gerður 12. júní 1994 og sé nú gildandi fyrir kaup og kjör launþega innan stéttarfélagsins. Stefnandi hafi jafnframt gert samning við stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, um sérkjör þeirra félagsmanna sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands og sé síðasti sérkjarasamningur frá 24. september 1992.

Um Landhelgisgæslu Íslands gilda lög nr. 25/1967. Í 9. gr. laganna er fjallað um laun og kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar, „sem vinna að staðaldri í landi" en þau skuli vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna. Í 10. gr. laganna er fjallað um laun og kjör þeirra sem að staðaldri vinna við störf „á sjó eða í lofti" og skuli þau vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga eftir því sem við á.

Í samningi stefnanda og stefnda vegna Landhelgisgæslu Íslands, dags. 19. september 1989, 1. gr., segi orðrétt: „1. Um kaup og kjör. 1.1. Að öðru leyti en í samningi þessum greinir fer um kaup og kjör flugvirkja samkvæmt kjarasamningi FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða frá 4. júlí 1989". Sá samningur, þ.e. frá 19. september 1989, hafi verið framlengdur með samningi dags. 12. desember 1990 og síðast með samningi dags. 24. september 1992.

Samkvæmt samningi stefnda og stefnanda frá 12. desember 1990 hafi laun félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni tekið sömu breytingum og skv. gildandi kjarasamningi stefnanda og VSÍ frá 11. september 1990. Með kjarasamningi stefnanda og stefnda frá 24. september 1992 hafi laun félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslu Íslands tekið sömu breytingum og skv. kjarasamningi stefn-

anda og VSÍ frá 23. júlí 1992, þ.e. 1,7% hækkun launaliða, en þeirrar hækkunar hafi reyndar ekki verið getið sérstaklega í samningnum.

Í kjölfar kjarasamnings stefnanda og vinnuveitenda frá 12. júní 1994 hafi verið í gangi viðræður milli stefnanda vegna félagsmanna sinna sem starfa hjá Landhelgisgæslunni og stefnda. Þess hafi verið krafist af hálfu stefnanda að kjarasamningur stefnanda og vinnuveitanda, dags. 12. júní 1994, verði lagður til grundvallar sem kjarasamningur milli stefnda og stefnanda vegna starfsmanna Landhelgisgæslunnar, auk gildandi kjarasamnings stefnanda og stefnda frá 24. september 1992, svo sem tíðkast hafi og er í því sambandi vísað til 9. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands. Í þeim viðræðum hafi hins vegar komið fram af hálfu stefnda að ekki sé fallist á að um kaup og kjör félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni skuli fara skv. gildandi kjarasamningi FVFÍ og atvinnurekenda annars vegar og sérsamningi stefnda og stefnanda hins vegar. Vegna þessa hafi kjör félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni ekki verið í samræmi við gildandi kjarasamning stefnanda við vinnuveitendur frá því 12. júní s.l.

Starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands hafi hvorki heimild til að gera verkfall né til að taka þátt í verkfallsaðgerðum, sbr. 7. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi byggir dómkröfu sína á því grunnsjónarmiði, að skv. 9. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands, skuli um laun og kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar „sem að staðaldri vinna í landi", þ.m.t. félagsmanna stefnanda, fara samkvæmt „stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna".

Með vísan til framangreinds ákvæðis hafi gildandi aðalkjarasamningur stefnanda við vinnuveitendur (VSÍ) verið talinn gildandi varðandi kaup og kjör flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands. Að auki hafi stefnandi gert samning við stefnda um tiltekin sérkjör félagsmanna hjá Landhelgisgæslunni, sbr. samning aðila frá 19. september 1989, sbr. samning 12. desember 1990 og 24. september 1992. Hafi í þeim samningum (19. sept. 1989, 12. des. 1990) verið tekið á tilteknum sérkjörum, sem ekki sé vikið að í kjarasamningi stefnanda við VSÍ f.h. vinnuveitenda. Hafi framangreindir stéttarfélagssamningar, þ.e.a.s. samningur stefnanda og VSÍ annars vegar og samningar stefnanda og stefnda hins vegar, á þann hátt verið viður-

kenndir sem stéttarfélagssamningar viðkomandi starfsmanna í skilningi 9. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands.

Í dómkröfu stefnanda felist þannig, að gerð er krafa um viðurkenningu á því að um kaup og kjör félagsmannanna skuli fara skv. kjarasamningi þeim sem gerður var 12. júní 1994 milli stefnanda og VSÍ frá og með þeim degi og skv. kjarasamningi stefnanda og stefnda frá 24. september 1992 (sérkjarasamningi), að öðru leyti.

Varðandi kjarasamning stefnanda og VSÍ frá 12. júní 1994 vísast til þess að sá samningur teljist vera gildandi samningur varðandi launaliði kauptaxta o.fl., þar til nýr kjarasamningur verður gerður.

Samningur stefnanda og stefnda frá 24. september 1992, sbr. samninga dags. 12. desember 1990 og 19. september 1989, sé sérstakur samningur um tiltekin afmörkuð kjör flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands og teljist þau kjör, sem þar er samið um, bindandi fyrir aðila og þ.m.t. stefnda þar til nýr samningur að þessu leyti hafi verið gerður, venju samkvæmt.

Starfsmenn hjá Landhelgisgæslu Íslands, þ.m.t. félagsmenn stefnanda, hafi hvorki verkfallsrétt né rétt til að taka þátt í verkfallsboðunum og sé samningsstaða þeirra að þessu leyti mjög takmörkuð. Ljóst sé að við slíkar aðstæður þurfi að koma til sérreglur varðandi ákvörðun launa og annarra kjara sem taki tillit til þessarar sérstöku stöðu. Skýra verði 9. gr. laganna með tilliti til þessa. Þannig megi ótvírætt telja að um kaup og kjör félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni, þ.m.t. launaliði, skuli á hverjum tíma fara skv. gildandi aðalkjarasamningi sem samkomulag er um á almennum vinnumarkaði.

Slíkt hafi verið viðurkennt í reynd, sbr. 1. gr. samnings stefnanda og stefnda frá 19. september 1989, þar sem kjarasamningur stefnanda við vinnuveitendur sé lagður til grundvallar varðandi launataxta o.s.frv. Um þetta megi jafnframt vísa til fyrri samninga (fyrir 1989), sbr. t.d. samning aðila frá 16. janúar 1985. Að auki megi vísa til nýlegs kjarasamnings Félags íslenskra atvinnuflugmanna og stefnda vegna starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands, dags. 17. febrúar 1994, en skv. 1. gr. samningsins gildi um kjör flugmanna að öðru leyti kjarasamningur FÍA og Flugleiða hf.

Verði ekki séð að nein þau atvik eða neinar ástæður geti leitt til þess að vikið sé frá ótvíræðu orðalagi 9. gr. laganna og framangreindri venju sem skapast hafi varðandi launakjör félagsmanna

stefnanda hjá stefnda. Synjun stefnda á því að láta flugvirkja, sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands, njóta kjara skv. framangreindum kjarasamningum teljist þannig vera ólögmæt og brot gegn vinnusamningum félagsmanna stefnanda, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938 og 9. gr. laga nr. 25/1967.

Um heimild til að leggja mál þetta undir Félagsdóm er vísað til 44. gr. laga nr. 30/1938, einkum 2. tl., 1. mgr. Jafnframt er vísað til I. kafla laganna, laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands, einkum 7. gr., sbr. 9. gr., og til almennra réttarreglna um gildi og túlkun kjarasamninga.

Til hliðsjónar er vísað til dóms Félagsdóms í málinu nr. 7/1986.

Um málskostnað vísast til 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991, og um virðisaukaskatt til laga nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili, og er því nauðsyn á að fá skattinn af málflutningsþóknun dæmdan úr hendi stefnda til að tryggja skaðleysi sitt.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda fyrir frávísunarkröfu.

Stefndi telur að ekki verði ráðið skýrt afmarkað sakarefni af kröfugerð stefnanda eða málsástæðum hans. Í raun verði ekki ráðið af málatilbúnaði stefnanda, hver sé raunverulegur ágreiningur hans við stefnda og verði ekki séð, hvaða réttaráhrif dómur samkvæmt kröfugerð hans ætti að hafa í för með sér eða að með dómi um kröfu hans verði ákveðnu sakarefni ráðið til lykta. Óumdeilt sé að um kaup og kjör félagsmanna stefnanda sem vinna hjá LHG fari samkvæmt samningi stefnanda við stefndu frá 24. september 1992. Með þeim samningi hafi verið framlengdur samningur milli sömu aðila frá 12. desember 1990 og þar áður samningur frá 19. september 1989. Eins og kveðið sé á um í hinum síðastnefnda, í grein 1.1, hafi að öðru leyti en þar greindi farið um kaup og kjör samkvæmt kjarasamningum stefnanda og VSÍ vegna Flugleiða hf. frá 4. júlí 1989. Á hinn bóginn sé gildandi samningur milli þeirra aðila nú frá 12. júní 1994 og sé þar fjallað um ýmis konar hagræðingu á móti hinni umsömdu launahækkun.

Dómkrafa stefnanda feli aðeins í sér almenna viðurkenningu á því að um kaup og kjör félagsmanna stefndu hjá LHG skuli fara samkvæmt samningnum frá 12. júní 1994 að öðru leyti en greinir í nefndum kjarasamningi milli stefnanda og stefndu frá 24. september 1992. Í ljósi þessa verði ekki séð að dómkrafan miði að viður-

kenningu á nægilega afmörkuðu atriði varðandi kaup og kjör félagsmanna stefnanda, sem vinna hjá LHG, heldur feli krafan í sér að almennt verði viðurkennt um gildi kjarasamnings. Þannig verði ekki séð hvort krafan lúti einungis að því hvort stefnandi telji að félagsmenn hans hjá LHG eigi að hljóta sömu launahækkanir og þeir félagsmenn sem vinna hjá Flugleiðum hf. eða því hvort LHG eigi að sama skapi að þola dóm um hagræðingu í störfum flugvirkja, sem miðuð sé við rekstur og starfsemi Flugleiða hf., en tæplega geti krafa stefnanda lotið að viðurkenningu á vaktafyrirkomulagi og annarri hagræðingu sem við lýði er hjá óskyldu fyrirtæki. Krafa stefnanda brjóti því í bága við reglur laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 25. og 80. gr. þeirra, sbr. 50. og 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 44. gr. hinna síðarnefndu laga verði ekki lagður dómur á kröfu sem aðeins lúti að viðurkenningu á því að um kaup og kjör fari að ákvæðum tiltekins kjarasamnings, án nánari sérgreiningar á því sakarefni sem stefnandi telur sig verða að fá leyst úr gagnvart stefnda.

Til stuðnings kröfum um málskostnað er vísað til 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 er það hlutverk Félagsdóms að dæma í málum sem rísa út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.

Samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands skulu laun og kjör þeirra starfsmanna Landhelgisgæslunnar, sem vinna að staðaldri í landi, vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna. Laun og kjör þeirra starfsmanna, sem vinna að staðaldri við störf á sjó eða í lofti, skulu vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélags, eftir því sem við á, eða eftir sérstökum samningum stéttarfélags við stjórn Landhelgisgæslunnar.

Dómkrafa stefnanda lýtur að því að fá úr því skorið hvort um kaup og kjör flugvirkja, sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands, skuli fara samkvæmt kjarasamningi stefnanda og VSÍ vegna Flugleiða hf. frá 12. júní 1994 að öðru leyti en greinir í síðastgildandi

samningi málsaðila frá 24. september 1992. Verður ekki séð annað en að kröfugerð stefnanda sé skýr að þessu leyti þar sem krafist er viðurkenningar á því að umræddur samningur sé stéttarfélagssamningur, sem miða beri laun og kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar við samkvæmt 9. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 25/1967, en jafnframt fari um kjör þeirra samkvæmt samningi málsaðila frá 24. september 1992.

Stefnandi á lögvarða hagsmuni af því að fá úr ágreiningsefni þessu skorið með dómsúrlausn. Það leiðir af hlutverki Félagsdóms að dóminum ber að kveða upp viðurkenningardóma um gildi kjarasamninga. Telja verður kröfugerð stefnanda nægilega afmarkaða og hvorki er á það fallist að hún brjóti í bága við 25. né 80. gr laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Ber því að hafna frávísunarkröfu stefnda.

Rétt þykir að ákvörðun um málskostnað bíði efnisdóms í málinu.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu stefnda er hafnað.

Sératkvæði
Ingibjargar Benediktsdóttur og
Guðmundar Skaftasonar.

Stefndi krefst þess að málinu verði vísað frá Félagsdómi eins og fyrr greinir.

Eins og málið liggur fyrir er ekki vafalaust, að ákvæði þeirra tveggja kjarasamninga, er í dómkröfu stefnanda getur, skarist ekki eða rekist á. Efnisúrlausn kröfunnar veitir ekki svar í því efni. Verður og eigi af kröfugerðinni séð, að unnt sé að ráða ákveðnu afmörkuðu ágreiningsefni til fullnaðarlykta á einn eða annan veg, en við úrlausn slíkra efnisatriða myndi reyna á gildi umræddra kjarasamninga í sambandi við málsástæður. Telst dómkrafan því of almenn til að vera dómtæk. Felur hún því nánast í sér kröfu um álitsgerð Félagsdóms og ber því samkvæmt 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að vísa henni frá, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Rétt þykir að aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur Hæstaréttar 16. mars 1995.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með kæru 24. febrúar 1995, er barst Hæstarétti 6. mars 1995. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að málinu verði vísað frá Félagsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður Félagsdóms verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 13. mars 1995.

Nr. 2/1995. **Sjúkraliðafélag Íslands**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Verkfall. Yfirvinna. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Erla Jónsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðmundur Skaftason og Eiríkur Helgason.

Málið, sem dómtekið var 6. þ.m., er höfðað með stefnu, sem er árituð ódagsett um birtingu og þingfest 6. febrúar 1995.

Stefnandi er Sjúkraliðafélag Íslands (SLFÍ), kt. 560470-0109, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Stefndi er Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra, Arnarhvoli, Reykjavík, f.h. ríkissjóðs, kt. 540269-6459.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði með dómi að Félagsmenn SLFÍ sem voru í verkfalli tímabilið 11. nóvember 1994 til 30. desember 1994 og voru kallaðir tímabundið til starfa í verkfallinu á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986 eigi rétt til greiðslu yfirvinnukaups skv. grein 2.3., sbr. grein 1.5. í kjarasamningi stefnanda og stefnda, sem var í gildi þegar verkfallið hófst, fyrir þann tíma sem þeir unnu í verkfallinu.

Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt ákvörðun Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Málavextir.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo: Sjúkraliðafélag Íslands er stéttarfélag sem hefur samningsrétt í kjaramálum fyrir félagsmenn sína á grundvelli 5. gr. laga nr. 94/1986. Félagið boðaði verkfall gagnvart stefnda sem stóð frá 11. nóvember 1994 til 30. desember 1994, þegar kjarasamningar tókust. Í verkfallinu hafi komið upp ýmis álitamál varðandi túlkun á síðastgildandi kjarasamningi SLFÍ, en skv. 2. mgr.

12. gr. laga nr. 94/1986, skyldi eftir honum farið uns nýr kjarasamningur hefði verið gerður.

Í máli þessu er leitað túlkunar Félagsdóms á því állitaefni hver laun skuli greidd til verkfallsmanna, sem kallaðir eru tímabundið út til starfa í verkfalli skv. reglunum í 20., sbr. 21. gr. laga nr. 94/1986. Stefnandi setti fram þá kröfu, áður en verkfallið hófst, að viðsemjendur hans viðurkenndu að fyrir útköll skv. 20. gr. yrði greitt yfirvinnukaup skv. kjarasamningi. Þessu var hafnað af stefnda. SLFÍ hafði lýst því yfir að félagsmenn þess teldu sig eiga rétt til yfirvinnukaups, ef þeir væru kallaðir til vinnu í verkfalli, og teldu sér ekki skylt að mæta til vinnu í verkfalli nema fyrirfram væri ljóst að á það væri fallist. Frá þessari samþykkt var fallið með bókun hjá Ríkissáttasemjara, sem gerð var kvöldið áður en verkfallið skall á. Í bókuninni segir að stefnandi áskilji sér rétt til þess að leita til Félagsdóms vegna ágreinings um hvaða laun skuli greiða starfsmönnum sem kallaðir eru til vinnu í verkfalli skv. 20. gr. laga nr. 94/1986.

Félagsmenn stefnanda, sem kallaðir voru tímabundið til starfa í verkfallinu, hafa fengið greidd laun frá stefnda. Fyrir vinnu á dagvinnutíma var greitt skv. kjarasamningsgrein 1.4.1., þ.e. 0,615% af mánaðarkaupi sjúkraliða skv. 6. launaþrepi, en fyrir helgar-, kvöld- eða næturvinnu var greitt yfirvinnukaup skv. gr. 1.5.1. í kjarasamningnum án kaffitímaálags (25 mín.). Stefndi hefur hafnað kröfu um greiðslu útkalls- eða yfirvinnulauna.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Lagareglur um verkföll opinberra starfsmanna er að finna í III. kafla laga nr. 94/1986. Meginreglan er sú að verkfall tekur til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi, sem starfa hjá þeim sem verkfallið beinist gegn, eins og fram kemur í 18. gr. Félagsmönnum sé því hvorki rétt né skylt að leggja fram vinnu sína meðan verkfallið varir.

Frá meginreglunni séu fyrst og fremst tvenns konar undantekningar.

Sú fyrri sé í 19. gr. þar sem fram kemur að tilteknir félagsmenn hafi ekki heimild til þess að fara í verkfall. Vinnuskylda þessara félagsmanna breytist því ekki þrátt fyrir verkfallið. Þeir séu einfaldlega ekki í verkfalli og hafa því áfram óbreyttar skyldur við vinnuveitandann. Um laun þessa fólks, meðan á verkfalli stéttarfélags þess stendur, fari skv. 1. mgr. 22. gr. laganna.

Síðari undantekningin sé í 20. gr. laganna, sem hljóðar svo:

„Sé verkfall hafið er heimilt að kalla starfsmenn sem eru í verkfalli tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi."

Í greinargerð með 20. gr. segi, að þrátt fyrir þær undantekningar frá verkfallsheimild sem byggjast á 3. tl. 19. gr. (nauðsynlegasta öryggisgæsla og heilbrigðisþjónusta) megi gera ráð fyrir því að í verkfalli geti komið upp aðstæður sem kalli á víðtækari undanþágu. Í því skyni að geta brugðist við slíkum aðstæðum sé sett heimild til þess að kalla starfsmenn til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi.

Í 21. gr. laganna segi að nefnd tveggja manna skuli ákveða hverjir skuli kvaddir til starfa skv. 20. gr. Tilnefni aðilar kjaradeilunnar sinn manninn hvor í þessa nefnd. Ákvarðanir nefndarinnar um kvaðningu til vinnu skuli teknar af báðum nefndarmönnum og séu þær endanlegar.

Í 22. gr. laganna séu reglur um laun og önnur kjör þeirra manna sem falla undir 19. gr. laganna, þ.e. þeirra sem ekki hafa heimild til þátttöku í verkfalli. Engin sérregla sé hins vegar í lögunum um laun og kjör þeirra verkfallsmanna sem kallaðir eru til starfa í verkfallinu á grundvelli heimildarinnar í 20. gr. Af 2. mgr. 12. gr. laganna hljóti að leiða að fara beri eftir síðastgildandi kjarasamningi aðila í því efni.

Um yfirvinnu er fjallað í kafla 2.3. í kjarasamningnum. Almenna skilgreiningu yfirvinnu er að finna í grein 2.3.1. Þar segir:

„Yfirvinna telst sú vinna, sem fram fer utan tilskilins daglegs vinnutíma eða vinnuvöku starfsmanns, svo og vinna, sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu, þótt á dagvinnutímabili sé."

Starfsmenn sem kallaðir eru til starfa skv. 20. gr. séu í verkfalli. Þeir hafi því engan daglegan vinnutíma eða vinnuvöku og enga vikulega vinnutímaskyldu. Öll vinna þeirra teljist því yfirvinna skv. skilgreiningunni í kjarasamningnum.

Samkvæmt kjarasamningum sé einungis heimilt að greiða tímakaup í dagvinnu í tilteknum tilvikum. Þau tilvik séu tæmandi talin í grein 1.4.2. Augljóst megi vera að útkall í verkfalli falli ekki þar undir.

Í grein 2.3.3. í yfirvinnukafla kjarasamningsins sé fjallað um út-

köll. Að mati stefnanda blasir við að ákvæðin í 2.3.3.1. og 2.3.3.2. eigi beint við um þau tilvik sem hér um ræðir.

Að mati stefnanda leiðir það af almennri málnotkun að eðlilegt sé að líta á kvaðningu til starfa skv. 20., sbr. 21. gr. sem útkall. Styðjist sá skilningur m.a. sérstaklega við orðnotkun í athugasemdum við 20. gr. í lagafrumvarpinu, en þar sé talað um heimild til þess að kalla starfsmenn til vinnu.

Í grein 1.5. í kjarasamningnum séu ákvæði um yfirvinnutímakaup. Það kaup eigi að gilda teljist starfsmaður vera í yfirvinnu.

Starfsmaður sem ekki geti sinnt útkalli í verkfalli vegna veikinda fái ekki greidd veikindalaun. Þá ávinnist ekki orlofsdagar vegna útkalls í verkfalli. Samkvæmt túlkun stefnda á kjarasamningnum ætli hann starfsmönnum sínum því lakari kjör er hann veitir tímavinnumönnum sínum í eðlilegu ástandi.

Þá er vakin athygli á því að félagsmönnum stefnanda hafi verið skylt að sinna útköllum í verkfallinu. Í reynd hafi sjúkraliðar því stöðugt verið á bakvakt (gæsluvakt) tilbúnir að sinna útkalli. Ekki sé greitt fyrir bakvaktir í verkfalli og engin krafa um það gerð.

Nokkrir viðsemjendur SLFÍ hafi greitt fyrir útköll í verkfallinu í samræmi við skilning stefnanda á kjarasamningnum t.d. Reykjalundur og öldrunarstofnanirnar Skjól og Eir.

Aldrei fyrr hafi reynt á túlkun þessa atriðis kjarasamningsins milli félags innan BSRB og ríkisins, enda hafi félög innan BSRB ekki áður efnt til verkfalls gegn ríkinu í gildistíð samningsréttarlaganna.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 130. gr., sbr. 129. gr. eml. Stefnandi hafi ekki frádráttarrétt vegna kostnaðar af virðisaukaskatti af keyptri lögmannsþjónustu.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir á því að í verkfalli falli niður skylda starfsmanns til að sinna starfi sínu, hvort heldur er samkvæmt vaktavinnuskipulagi eða venjulegri dagvinnu. Komi starfsmaður til vinnu á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, fari um greiðslu launa samkvæmt grein 1.4.1. í kjarasamningi stefnanda og stefnda, en samkvæmt 4. lið í grein 1.4.2. sé heimilt að greiða þeim starfsmönnum tímavinnukaup sem starfa óreglubundið í lengri eða skemmri tíma í algerum undantekningartilvikum. Af hálfu stefnda hafi verið talið augljóst að vinna í verkfalli á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986 falli undir orð 4. liðar í nefndri grein

1.4.2. Hafi sú framkvæmd verið við lýði í öllum verkföllum opinberra starfsmanna, sbr. bréf stefnda til stefnanda, dags. 8. nóvember 1994. Þannig er því hafnað að vinna í verkfalli á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986 geti með nokkru móti talist til bakvakta eða útkalla samkvæmt ákvæðum þar að lútandi í nefndum kjarasamningi.

Því er alfarið mótmælt að undanþágur á grundvelli nefndrar 20. gr. geti talist útköll þannig að greitt skuli fyrir á grundvelli kafla 2.3.3. í kjarasamningi. Því er ennfremur mótmælt að leiða megi það af almennri málnotkun að undanþágur samkvæmt 20. gr. teljist til útkalla. Í orðum ákvæðisins felst það að viðkomandi starfsmann megi kalla tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi. Þá sé orðum 21. gr. laga nr. 94/1986 hagað á þann veg að um sé að ræða kvaðningu til vinnu. Ekkert bendi til þess að nefnd ákvæði geri ráð fyrir því að um sé að ræða útköll til að sinna tilteknum afmörkuðum verkefnum. Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 94/1986 segir: „Þrátt fyrir þær undantekningar frá verkfalli sem byggjast á 3. tl. 19. gr., má gera ráð fyrir að í verkfalli geti komið upp þær aðstæður sem kalli á viðtækari undanþágur." Bendi tilvitnuð ummæli beinlínis til þess að þegar starfsmaður komi til vinnu á grundvelli nefndrar 20. gr. sé um að ræða sams konar vinnu og gilda myndi um þann sem verkfallsheimild næði ekki til samkvæmt 3. tl. 19. gr. sömu laga og því geti ekki verið um að ræða útkall í skilningi þess hugtaks í hvorugu tilvikanna. Undanþágur á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986 komi t.d. til ef starfsemi spítala sé orðin svo undirmönnuð vegna verkfalls að almennt geti leitt til neyðarástands. Undanþága miðist því við að afstýra slíku neyðarástandi fyrirfram með því að kveðja megi starfsmann til vinnu sinnar. Þannig hafi undanþágur í tilviki félagsmanna stefnanda verið miðaðar við að starfsmaður ynni eftir sambærilegu vinnufyrirkomulagi og ef ekki væri verkfall, hvort sem um hafi verið að ræða morgunvakt, kvöldvakt eða næturvakt. Óraunhæft sé að ályktað að slík vinna verði metin sem útkall af þeirri ástæðu einni að verkfall sé yfirstandandi.

Stefnandi byggi á því að starfsmenn í verkfalli hafi ekki daglegan vinnutíma eða vinnuvöku og enga vikulega vinnuskyldu. Þar af leiðandi hljóti öll þeirra vinna að teljast yfirvinna samkvæmt skilgreiningu í grein 2.3.1. í kjarasamningi. Þessum skilningi stefnanda er eindregið mótmælt. Af hálfu stefnda er talið að þar sem starfsmaður

sem vinnur á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986 hafi ekki daglegan vinnutíma eða vinnuvöku og enga vikulega vinnutímaskyldu, hljóti að fara um greiðslur til hans samkvæmt grein 1.4.2. sem um tímavinnukaup væri að ræða, enda fari vinna starfsmannsins ekki umfram hina daglegu eða vikulegu vinnutímaskyldu. Dagvinna er skilgreind þannig í kjarasamningi stefnanda og stefndu í grein 2.1.1. „Dagvinna skal unnin á tímabilinu 08:00-17:00 frá mánudegi til föstudags". Stefndi telur því að réttilega hafi verið greidd laun fyrir dagvinnu í verkfalli samkvæmt nefndri grein 1.4.2., (lið 4). Ályktun stefnanda um að fyrir vinnu á dagvinnutímabili, hvort sem um er að ræða venjulegan dagvinnumann eða vaktavinnumann skuli greiða yfirvinnukaup á grundvelli greinar 2.3.1. í kjarasamningi fái því ekki staðist.

Varðandi rétt til veikindalauna og orlofsrétt séu málsástæður stefnanda þar að lútandi óviðkomandi kröfum hans og því hafnað sem þýðingarlausum.

Ekki er fallist á þann skilning stefnanda að félagsmenn hans hafi meðan verkfall varði verið á bakvakt (gæsluvakt), enda ekki um slíkt fyrirkomulag að ræða varðandi kvaðningu til vinnu á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986. Hins vegar hafi einstökum félagsmönnum verið skylt að hlíta niðurstöðu undanþágunefndar samkvæmt 21. gr. sömu laga.

Því er mótmælt að áhrif geti haft á réttarágreining aðila þótt einhverjir viðsemjenda stefnanda hafi greitt laun samkvæmt skilningi hans og bindi sú afstaða ekki stefnda eða fái breytt framkvæmd af hans hálfu. Vakin er athygli á því að Reykjalundur og öldrunarheimilin Skjól og Eir hafi ekki birt undanþágulista samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 og hafi því alfarið verið háðar niðurstöðum undanþágunefndar, sbr. 21. gr. sömu laga.

Til stuðnings kröfum um málskostnað er vísað til 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Ágreiningur málsins snýst um það eitt hvort greiða skuli félagsmönnum stefnanda tímakaup í dagvinnu, 0,615% af mánaðarkaupi miðað við 6. launaþrep, sbr. gr. 1.4.1. í kjarasamningi aðila frá 8. desember 1992, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða hvort þeir skuli taka laun fyrir dag-

vinnu eftir yfirvinnutaxta, 1,0385% af mánaðarlaunum, samkvæmt gr. 2.3., sbr. gr. 1.5.1. í áðurgreindum kjarasamningi. Af málflutningi og gögnum málsins er ljóst, að deilan snýst ekki um greiðslu kaups fyrir vinnu um helgar og kvöld- og næturvinnu eða kaffitímaálag, enda er fram komið að yfirvinnukaup hefur í þeim tilvikum verið greitt eftir gr. 1.5.1. kjarasamningsins.

Skýra verður gr. 1.5.1. og gr. 2.3.1. í áðurgreindum kjarasamningi svo, að yfirvinnukaup greiðist því aðeins að fullnægt hafi verið umsaminni daglegri vinnuskyldu. Slík skylda var ekki fyrir hendi í þessu tilviki. Ekki nýtur við í lögum sérreglu um dagvinnulaun umræddra félagsmanna Sjúkraliðafélags Íslands hliðstætt því, er greinir í 22. gr. kjarasamningalaganna um laun og önnur kjör þeirra, sem skyldir eru til að starfa í verkfalli samkvæmt 19. gr. þeirra. Ákvæðin um yfirvinnu í gr. 2.3. í kjarasamningnum þykja þannig ekki taka til umræddra tilvika.

Á það er einnig að líta, að væri krafa stefnanda tekin til greina kæmi upp misræmi milli greiðslu dagvinnukaups þess fólks, sem vinnur samkvæmt 3. tl. 19. gr. kjarasamningalaganna og félagsmanna stefnanda málsins er kvaddir eru til vinnu samkvæmt 20. gr. Hvernig svo sem virða ber dagvinnukaupið, 0,615% af mánaðarlaunum þá er um samningsbundna tölu að ræða, sem ekki er á valdi Félagsdóms að breyta.

Með vísan til framanritaðs ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sjúkraliðafélags Íslands, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Auðar Þorbergsdóttur og
Eiríks Helgasonar.

Ágreiningur aðila er um það hvort félagsmenn stefnanda, sem kallaðir voru til starfa í verkfalli stefnanda tímabilið 11. nóvember

1994 til 30. desember 1994 á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986, eigi rétt til yfirvinnutímakaups eða dagvinnutímakaups.

Í grein 1.4. í kjarasamningi aðila er fjallað um tímakaup í dagvinnu. Í 1.4.1. er tiltekið að tímakaup í dagvinnu sé 0,615% af mánaðarkaupi miðað við 6. launaþrep nema tímavinnukaup eftirlaunaþega sem skal miða við efsta launaþrep. Í 1.4.2. er tiltekið í hvaða tilvikum er heimilt að greiða tímavinnukaup. 1.4.2.4. er svohljóðandi: „Starfsmönnum, sem starfa óreglubundið í lengri eða skemmri tíma, þó aðeins í algjörum undantekningartilvikum." Þetta er ákvæði sem af hálfu stefnda er talið að vinna í verkfalli á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986 falli undir.

Þessi skilningur stefnda leiðir til þess að þeir félagsmenn stefnanda sem kvaddir voru til starfa á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986 fá í flestum tilvikum lægra tímakaup en almenn starfskjör þeirra segja til um, en því var ómótmælt haldið fram af hálfu stefnanda að um 87% af félagsmönnum stefnanda séu í 7. og 8. launaþrepi.

Í grein 1.5. er fjallað um yfirvinnutímakaup. Í 1.5.1. segir að tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki sé 1,0385% af mánaðarlaunum miðað við það launaþrep, er starfsmaður tekur laun eftir.

Í grein 2.3. er fjallað um yfirvinnu. 2.3.1. er svohljóðandi: „Yfirvinna telst sú vinna, sem fram fer utan tilskilins daglegs vinnutíma eða vinnuvöku starfsmanns, svo og vinna, sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu, þótt á dagvinnutímabili sé." Í 2.3.3.1. segir m.a., að þegar starfsmaður er kallaður til vinnu, sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, skuli greitt yfirvinnukaup fyrir að minnsta kosti 3 klst.

Í verkfalli stefnanda féll niður vinnuskylda þeirra félagsmanna stefnanda sem ekki voru undanþegnir verkfallsheimild skv. 19. gr. laga nr. 94/1986. Var vinna þeirra félagsmanna stefnanda sem kvaddir voru til starfa skv. 20. gr. laganna því vinna sem innt var af hendi utan tilskilins daglegs vinnutíma og umfram vikulega vinnutímaskyldu.

Þegar litið er til orðalags 20. gr. laga nr. 94/1986, þ.e. að heimilt er að kalla starfsmenn, sem eru í verkfalli, tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi, svo og orðalags í athugasemdum við 20. gr. í lagafrumvarpinu, en þar er talað um heimild til þess að kalla starfsmenn til vinnu í þeim tilgangi að afstýrt verði neyðarástandi, þá verður ekki á þann skilning stefnda fallist, að kvaðningu

starfsmanns til vinnu í verkfalli samkvæmt 20. gr. tilvitnaðra laga, verði ekki jafnað til útkalls. Framlagt bréf starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, dags. 8. nóv. 1994, styður og þennan skilning. En í bréfi þessu er m.a. talið æskilegt að tilnefndur sé varamaður fulltrúa stefnanda í undanþágunefnd skv. 21. gr. laga nr. 94/1986 og tekið fram að hægt þurfi að vera að ná í fulltrúa í undanþágunefnd jafnt á nóttu sem degi.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða okkar að taka beri kröfur stefnanda til greina og dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 100.000. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið litið til virðisaukaskattskyldu lögmannsþóknunar.

Fimmtudaginn 27. apríl 1995.

Nr. 1/1995. **Alþýðusamband Íslands f.h. Flugvirkjafélags Íslands**
(Andri Árnason hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkisins vegna Landhelgisgæslu Íslands
(Einar Karl Hallvarðsson hdl.

Kjarasamningur. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið, sem dómtekið var 12. þ.m., er höfðað með stefnu, sem árituð er ódagsett um birtingu, útgefinni 18. janúar sl. og þingfestri 19. s.m.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Kristjana Jónsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Arnmundur Backman og Guðmundur Skaftason.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Flugvirkjafélags Íslands, kt. 550169-0199, Borgartúni 22, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkisins vegna Landhelgisgæslu Íslands.

Dómkröfur stefnanda:

Stefnandi gerir þær dómkröfur að viðurkennt verði með dómi, að um kaup og kjör flugvirkja, sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands, skuli fara samkvæmt kjarasamningi stefnanda og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf., dags. 12. júní 1994, frá og með þeim degi að öðru leyti en greinir í kjarasamningi stefnanda og stefnda vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, frá 24. september 1992.

Jafnframt er krafist málskostnaðar að mati dómsins auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun. Við munnlegan málflutning var þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar yrði sérstaklega litið til þess að málið var flutt um frávísunarkröfu stefnda.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati Félagsdóms.

Málavextir.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo að stefnandi sé stéttarfélag flugvirkja og lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör flugvirkja skv. samþykktum sínum, sbr. 5. gr. laga nr. 80/1938. Stéttarfélagið sé aðili að Alþýðusambandi Íslands, sem hafi með bréfi dags. 16. janúar 1995, veitt Flugvirkjafélagi Íslands umboð til þess að reka mál þetta fyrir Félagsdómi.

Félagið hafi gert kjarasamninga við atvinnurekendur, en Vinnuveitendasamband Íslands hafi í því sambandi verið samningsaðili f.h. stærsta vinnuveitanda flugvirkja, Flugleiða hf. Síðasti kjarasamningur félagsins og VSÍ f.h. Flugleiða hf. hafi verið gerður 12. júní 1994 og sé nú gildandi fyrir kaup og kjör launþega innan stéttarfélagsins. Stefnandi hafi jafnframt gert samning við stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, um sérkjör þeirra félagsmanna sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands og sé síðasti sérkjarasamningur frá 24. september 1992.

Um Landhelgisgæslu Íslands gildi lög nr. 25/1967. Í 9. gr. laganna sé fjallað um laun og kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar, „sem vinna að staðaldri í landi" en þau skuli vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna. Í 10. gr. laganna sé fjallað um laun og kjör þeirra sem að staðaldri vinna við störf „á sjó eða í lofti" og skuli þau vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga eftir því sem við á.

Í samningi stefnanda og stefnda vegna Landhelgisgæslu Íslands, dags. 19. september 1989, 1. gr., segi orðrétt: „1. Um kaup og kjör. 1.1. Að öðru leyti en í samningi þessum greinir fer um kaup og kjör flugvirkja samkvæmt kjarasamningi FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða frá 4. júlí 1989". Sá samningur, þ.e. frá 19. september 1989, hafi verið framlengdur með samningi dags. 12. desember 1990 og síðast með samningi dags. 24. september 1992.

Samkvæmt samningi stefnda og stefnanda frá 12. desember 1990 hafi laun félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni tekið sömu breytingum og skv. gildandi kjarasamningi stefnanda og VSÍ frá 11. september 1990. Með kjarasamningi stefnanda og stefnda frá 24. september 1992 hafi laun félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslu Íslands tekið sömu breytingum og skv. kjarasamningi stefn-

anda og VSÍ frá 23. júlí 1992, þ.e. 1,7% hækkun launaliða, en þeirrar hækkunar hafi reyndar ekki verið getið sérstaklega í samningnum.

Í kjölfar kjarasamnings stefnanda og vinnuveitenda frá 12. júní 1994 hafi verið í gangi viðræður milli stefnanda vegna félagsmanna sinna sem starfa hjá Landhelgisgæslunni og stefnda. Þess hafi verið krafist af hálfu stefnanda að kjarasamningur stefnanda og vinnuveitanda, dags. 12. júní 1994, verði lagður til grundvallar sem kjarasamningur milli stefnda og stefnanda vegna starfsmanna Landhelgisgæslunnar, auk gildandi kjarasamnings stefnanda og stefnda frá 24. september 1992, svo sem tíðkast hafi og er í því sambandi vísað til 9. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands. Í þeim viðræðum hafi hins vegar komið fram af hálfu stefnda að ekki sé fallist á að um kaup og kjör félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni skuli fara skv. gildandi kjarasamningi FVFÍ og atvinnurekenda annars vegar og sérsamningi stefnda og stefnanda hins vegar. Vegna þessa hafi kjör félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni ekki verið í samræmi við gildandi kjarasamning stefnanda við vinnuveitendur frá því 12. júní s.l.

Starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands hafi hvorki heimild til að gera verkfall né til að taka þátt í verkfallsaðgerðum, sbr. 7. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi byggir dómkröfu sína á því grunnsjónarmiði, að skv. 9. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands, skuli um laun og kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar „sem að staðaldri vinna í landi", þ.m.t. félagsmanna stefnanda, fara samkvæmt „stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna".

Með vísan til framangreinds ákvæðis hafi gildandi aðalkjarasamningur stefnanda við vinnuveitendur (VSÍ) verið talinn gildandi varðandi kaup og kjör flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands. Að auki hafi stefnandi gert samning við stefnda um tiltekin sérkjör félagsmanna hjá Landhelgisgæslunni, sbr. samning aðila frá 19. september 1989, sbr. samning 12. desember 1990 og 24. september 1992. Hafi í þeim samningum (19. sept. 1989, 12. des. 1990) verið tekið á tilteknum sérkjörum, sem ekki sé vikið að í kjarasamningi stefnanda við VSÍ f.h. vinnuveitenda. Hafi framangreindir stéttarfélagssamningar, þ.e.a.s. samningur stefnanda og VSÍ annars vegar og samningar stefnanda og stefnda hins vegar, á þann hátt verið viður-

kenndir sem stéttarfélagssamningar viðkomandi starfsmanna í skilningi 9. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands.

Í dómkröfu stefnanda felist þannig, að gerð er krafa um viðurkenningu á því að um kaup og kjör félagsmannanna skuli fara skv. kjarasamningi þeim sem gerður var 12. júní 1994 milli stefnanda og VSÍ frá og með þeim degi og skv. kjarasamningi stefnanda og stefnda frá 24. september 1992 (sérkjarasamningi), að öðru leyti.

Varðandi kjarasamning stefnanda og VSÍ frá 12. júní 1994 vísast til þess að sá samningur teljist vera gildandi samningur varðandi launaliði kauptaxta o.fl., þar til nýr kjarasamningur verður gerður.

Samningur stefnanda og stefnda frá 24. september 1992, sbr. samninga dags. 12. desember 1990 og 19. september 1989, sé sérstakur samningur um tiltekin afmörkuð kjör flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands og teljist þau kjör, sem þar er samið um, bindandi fyrir aðila og þ.m.t. stefnda þar til nýr samningur að þessu leyti hafi verið gerður, venju samkvæmt.

Starfsmenn hjá Landhelgisgæslu Íslands, þ.m.t. félagsmenn stefnanda, hafi hvorki verkfallsrétt né rétt til að taka þátt í verkfallsboðunum og sé samningsstaða þeirra að þessu leyti mjög takmörkuð. Ljóst sé að við slíkar aðstæður þurfi að koma til sérreglur varðandi ákvörðun launa og annarra kjara, sem taki tillit til þessarar sérstöku stöðu. Skýra verði 9. gr. laganna með tilliti til þessa. Þannig megi ótvírætt telja að um kaup og kjör félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni, þ.m.t. launaliði, skuli á hverjum tíma fara skv. gildandi aðalkjarasamningi sem samkomulag er um á almennum vinnumarkaði.

Slíkt hafi verið viðurkennt í reynd, sbr. 1. gr. samnings stefnanda og stefnda frá 19. september 1989, þar sem kjarasamningur stefnanda við vinnuveitendur sé lagður til grundvallar varðandi launataxta o.s.frv. Um þetta megi jafnframt vísa til fyrri samninga (fyrir 1989), sbr. t.d. samning aðila frá 16. janúar 1985. Að auki megi vísa til nýlegs kjarasamnings Félags íslenskra atvinnuflugmanna og stefnda vegna starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands, dags. 17. febrúar 1994, en skv. 1. gr. samningsins gildi um kjör flugmanna að öðru leyti kjarasamningur FÍA og Flugleiða hf.

Verði ekki séð að nein þau atvik eða neinar ástæður geti leitt til þess að vikið sé frá ótvíræðu orðalagi 9. gr. laganna og framangreindrar venju sem skapast hafi varðandi launakjör félagsmanna

stefnanda hjá stefnda. Synjun stefnda á því að láta flugvirkja, sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands, njóta kjara skv. framangreindum kjarasamningum teljist þannig vera ólögmæt og brot gegn vinnusamningum félagsmanna stefnanda, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938 og 9. gr. laga nr. 25/1967.

Um heimild til að leggja mál þetta undir Félagsdóm er vísað til 44. gr. laga nr. 30/1938, einkum 2. tl., 1. mgr. Jafnframt er vísað til I. kafla laganna, laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands, einkum 7. gr., sbr. 9. gr., og til almennra réttarreglna um gildi og túlkun kjarasamninga.

Til hliðsjónar er vísað til dóms Félagsdóms í málinu nr. 7/1986.

Um málskostnað vísast til 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991, og um virðisaukaskatt til laga nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur aðili, og sé því nauðsyn á að fá skattinn af málflutningsþóknun dæmdan úr hendi stefnda til að tryggja skaðleysi sitt.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að samningur milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og stefnanda vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, sem undirritaður var 19. september 1989, hafi verið sérkjarasamningur. Þvert á móti hafi verið um að ræða almennan kjarasamning, þótt vísað væri um tiltekin atriði til samnings stefnanda við VSÍ vegna Flugleiða hf. Af hagkvæmnisástæðum hafi verið þannig samið um tilvísun að því er varðaði nokkur sameiginleg atriði sem þá voru gildandi milli þeirra aðila eins og um orlof, námsleyfi, verkfæri, akstur, matar- og kaffitíma og fleira, án þess að það breytti nokkru um réttarsamband aðila eða samningsrétt með tilliti til þess hvort um væri að ræða skiptingu í aðal- og sérkjarasamning. Í því tilviki væri allt eins unnt að kalla síðari samninga stefnanda við VSÍ vegna Flugleiða hf. sérkjarasamninga, þ.e. um tiltekin afmörkuð sérkjör þeirra félagsmanna stefnanda sem vinna hjá Flugleiðum hf., en um samninginn þeirra í milli frá 12. júní 1994 hagi sannanlega svo til. Þegar gengið var frá þeim kjarasamningi stefnanda við VSÍ vegna Flugleiða hf. hafi verið gengið út frá þeirri forsendu að flugvirkjar er þar störfuðu tækju á sig þá hagræðingu sem kveðið sé á um í samningnum, sbr. greinar 4, 5, 6 og 8. Hafi verið lagt til grundvallar í þessum samningi af hálfu aðila hans, að umsamin launahækkun til handa stefnanda væri beinlínis tilkomin af

umræddri hagræðingu í störfum félagsmanna hjá Flugleiðum hf. Um þá launahækkun sé síðan kveðið á um í nefndum samningi, sbr. grein 2. Sé nefndur samningur því einskorðaður við störf félagsmanna stefnanda hjá Flugleiðum hf. og sé þar beint samhengi milli hagræðingar og launahækkunar.

Ekkert slíkt vaktafyrirkomulag eða önnur hagræðing, sem stefnandi hafi samið um við Flugleiðir hf., sé við lýði hjá LHG vegna þeirra félagsmanna stefnanda sem þar vinna. Þar sem stefnandi hafi ekki samið við stefnda um sérstaka vinnuhagræðingu eins og stefndi hafi samið um við VSÍ vegna Flugleiða hf., hafi stefndi ekki talið sér skylt að greiða félagsmönnum stefnanda, sem vinna hjá LHG, þá hækkun launa sem þannig hafi verið sérstaklega umsamið vegna starfa þeirra hjá Flugleiðum.

Sýknukrafa stefnda byggist á því að sú framkvæmd hafi verið við gerð samninga við stefnanda að ásamt framlengingu á áðurgildandi heildarkjarasamningum hafi vinnuveitendur samið um tilteknar breytingar á launaliðum og fleira. Þannig hafi Flugleiðir hf. samið við stefnanda þann 11. september 1990 og stefnda vegna LHG þann 1. desember sama ár. Árið 1992 hafi stefnandi síðan samið aftur um kjör félagsmanna sinna hjá Flugleiðum hf. með samningi undirrituðum 23. júlí það ár og síðan vegna félagsmanna sinna hjá LHG með samkomulagi frá 24. september 1992. Sé því ljóst að mörg undanfarin ár hefur stefnandi samið jafnt við VSÍ vegna félagsmanna sinna hjá Flugleiðum hf., við stefnda vegna félagsmanna sinna hjá LHG svo og við fleiri vinnuveitendur. Svo sem fyrr greinir hafi stefnandi og VSÍ vegna Flugleiða hf. náð samkomulagi hinn 12. júní 1994 um tiltekna launahækkun er kæmi á móti umsaminni hagræðingu hjá Flugleiðum hf. Sams konar viðræður hófust við stefnda hinn 20. september 1994 og voru haldnir 14 fundir áður en upp úr þeim viðræðum slitnaði í janúar á þessu ári. Krafa stefnanda í þeim viðræðum hafi fyrst verið á þá leið að samningur sá sem félagið hafði gert við VSÍ hinn 12. júní 1994 yrði yfirtekinn óbreyttur af fjármálaráðherra vegna LHG. Af hálfu stefnda hafi hins vegar verið talið að sú hagræðing hentaði ekki LHG og hafi verið óskað tillagna um hagræðingarákvæði sem henta myndu hjá LHG. Ýmsar tillögur hafi verið ræddar um þá hagræðingu sem henta myndi, en slitnað hafi upp úr þeim viðræðum. Meðal annars hafi því verið lýst yfir af hálfu stefnanda að til greina kæmi endurskoðun á ákvæði 7.2.

í þeim samningi, sem sameiginlegur er með aðilum, auk þess sem til greina hafi komið endurskoðun eða brottfall á ýmsum ákvæðum í samningi stefnanda og stefnda frá 19. september 1989, t.d. greinum 2.1.2., 2.2., 2.6.1. og 2.6.3.

Ekki hafi verið bent á neinar vanefndir í samningssambandi stefnanda og stefnda og sé ókleift að ályktа á þá lund að stefndi hafi vanefnt samning sem hann eigi ekki aðild að og gildir frá 12. júní 1994. Að því er varðar þau kjör sem félagsmenn stefnanda hafa samið um við stefndu verði við það að miða að félagið sé bundið af ákvæðum þess kjarasamnings og geti ekki borið fyrir sig gildi annars samnings sem síðar er gerður vegna starfa hjá Flugleiðum hf.

Ákvæðið í 1. gr. í samningi stefnanda og stefnda frá 19. september 1989 hafi því einungis átt við um þann almenna kjarasamning, sem í gildi var frá og með 4. júlí 1989, en síðar var samið um framlengingu og launaliði, bæði við VSÍ og stefnda. Óraunhæft sé að ályktа svo að í ákvæðinu geti falist sjálfkrafa tilvísun í samning sem undirritaður var fimm árum seinna og byggi á sérstökum samningsforsendum milli stefnanda og stefnda vegna starfa hjá Flugleiðum hf. Ekki verði það heldur leitt af túlkun 9. gr. laga nr. 25/1967 um LHG að fyrir hendi sé skylda fjármálaráðherra til samningsgerðar með því efni sem stefnandi óskar.

Stefnandi byggir á því grunnsjónarmiði að samkvæmt 9. gr. laga nr. 25/1967 um LHG skuli um félagsmenn stefnanda fara samkvæmt stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna. Leggja verði til grundvallar að nefnt ákvæði geri ráð fyrir tveimur valkostum um kjör þeirra sem undir það falla. Annars vegar sé um að ræða þá réttarstöðu starfsmanna LHG, sem vinna að staðaldri í landi, að taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og hins vegar samkvæmt stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna. Óumdeilt sé að stefnandi geri ekki kjarasamninga vegna félagsmanna sinna á grundvelli laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Á hinn bóginn sé ekkert fram komið um að samningur stefnanda við VSÍ vegna Flugleiða hf. sé ótvírætt sá stéttarfélagssamningur, sem nefnt ákvæði gerir ráð fyrir, enda geri fleiri atvinnurekendur, sem ekki eru endilega aðilar að VSÍ, samninga við stefnanda um kaup og kjör. Hafi sú framkvæmd þvert á móti skapast að stefnandi hafi gert samninga við hina ýmsu vinnuveitendur, þ.á m. stefnda, og hafi aðilar haft fullt forræði um efni slíkra

samninga og því getað ráðstafað öllum kjaraatriðum með samningum sín á milli, t.d. með hagræðingarákvæðum. Í þessu ljósi verði að skýra ákvæði 9. gr. laga nr. 25/1967, sem í öndverðu hafi gert ráð fyrir mun einfaldari samningsstöðu á vinnumarkaði. Þótt ekki hafi samist um sams konar vinnuhagræðingu vegna félagsmanna stefnanda hjá LHG, geti ekki leitt sjálfkrafa af 9. gr. laga nr. 25/1967 að þeir er þar vinna eigi rétt á kjörum samkvæmt alls óskyldum samningi að tilurð og efni. Ennfremur er því mótmælt að stefndu verði gert að þola hagræðingu hjá LHG í starfi flugvirkja þar, sem miðuð er við rekstur og starfsemi farþega- og áætlunarflugs Flugleiða hf.

Þá telur stefndi einnig að lögskýra verði ákvæði 9. gr. á sama hátt og orð 10. gr. sömu laga ráðgera, en þar er mælt fyrir um að einungis skuli kaup og kjör miðast við stéttarfélagssamninga eftir því sem við á. Engin rök séu til að skýra ákvæði 9. gr. að þessu leyti öðru vísi en eftir orðum sambærilegs ákvæðis í 10. gr. laganna um að stéttarfélagssamningar viðkomandi starfsmanna komi einungis til álita um kaup og kjör starfsmanna LHG „eftir því sem við á". Þar sem ekki hefur verið samið um neina hagræðingu af hálfu félagsmanna stefndu hjá LHG geti ekki átt við sá kaupauki sem félagsmenn stefndu hjá Flugleiðum hf. hafi fengið sérstaklega í staðinn fyrir þá hagræðingu í störfum og vaktafyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í samningi þeirra í milli.

Mótmælt er málsástæðum stefnanda um efni þeirrar venju sem hann ber fyrir sig í málinu. Svo sem fyrr var lýst hafi ekki farið sjálfkrafa um kaup og kjör félagsmanna stefndu hjá LHG eftir kjarasamningum við Flugleiðir hf. heldur hafi verið gerðir sérstakir samningar gagnvart mörgum vinnuveitendum, þ. á m. stefnda. Væri lögskýring stefnanda á 9. gr. laga nr. 25/1967 lögð til grundvallar og efni þeirrar venju sem hann ber fyrir sig hefði aldrei þurft að koma til samningar stefnanda og stefnda, heldur hefðu kjör þeirra sem vinna hjá LHG sjálfkrafa leitt af öðrum kjarasamningum á hinum almenna markaði. Slíkt hafi ekki verið lagt til grundvallar í skiptum stefnanda og stefnda um kaup og kjör flugvirkja hjá LHG og hafi því í raun ekki verið fram haldið af stefnanda til þessa, enda hafi verið gengið til kjarasamninga við stefnda. Ekki sé því unnt að fallast á skýringu stefnanda á 9. gr. laga nr. 25/1967 eða efni þeirrar venju sem stefnandi hefur lýst.

Því er mótmælt að þýðingu geti haft í málinu að félagsmenn

stefnanda sem starfa hjá LHG hafi ekki verkfallsrétt. Nefnir stefnandi að ljóst sé við slíkar aðstæður að koma þurfi til sérreglur varðandi ákvörðun launa og annarra kjara, sem taki tillit til þessarar sérstöku stöðu. Ekki er fallist á að hugmyndir stefnanda um setningu slíkra reglna geti haft áhrif á málatilbúnað hans enda séu slíkar reglur ekki í gildi. Því er mótmælt að viðurkenning á málatilbúnaði stefnanda geti falist í samningnum frá 19. september 1989, þótt þar hafi í 1. gr. verið tekið mið af grunnkaupi úr þar tilvitnuðum samningi, enda hafa bæði VSÍ og stefndi samið síðar sérstaklega um launaliði, hver fyrir sig. Ennfremur er því mótmælt að kjarasamningur atvinnuflugmanna geti haft þau áhrif á réttarstöðu stefnanda með þeim hætti sem ráðgert er í stefnu. Þvert á móti sýni sá samningur það að kjör flugmanna komi ekki sjálfkrafa til af samningum á hinum almenna markaði, heldur geri stéttarfélag þeirra sérstakan kjarasamning við ríkið, á sama hátt og stefnandi.

Til stuðnings kröfum um málskostnað vísast til 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skýrslutökur.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum, Hálfdán Hermannsson formaður stefnanda, Oddur Garðarsson flugvirki hjá Landhelgisgæslunni og Bolli Árnason rekstrartæknifræðingur hjá Vinnuveitendasambandi Íslands.

Fram kom hjá formanni stefnanda, að Flugfélag Norðurlands og Íslandsflug greiði eftir samningi stefnanda við Flugleiðir. Á sínum tíma hafi stefnandi samið við Arnarflug. Jafnframt kom fram hjá formanninum að heimild til vakta samkvæmt 4. gr. samnings stefnanda og Flugleiða 12. júní 1994 hafi verið lítið notuð og fyrir vinnu á þeim vöktum sé sérstaklega greitt og taldi formaðurinn þessar vaktir ekki eiga neitt skylt við þá launahækkun 6,5%, sem samið var um.

Fram kom hjá Oddi Garðarssyni, að sveigjanlegar vaktir samkvæmt 4. gr. samnings stefnanda og Flugleiða frá 12. júní 1994 ættu að geta nýst Landhelgisgæslunni, sama væri um önnur ákvæði í samningnum sem fela í sér breytingu frá fyrri samningi stefnanda og Vinnuveitendasambandsins. Oddur sagði að flugvirkjar hjá Landhelgisgæslunni hafi haft kjör í samræmi við samning stefnanda og Vinnuveitendasambandsins þau 11 ár sem hann hafi starfað hjá Landhelgisgæslunni. 1987 hafi verið farið að semja um sérkjaraatriði

við ríkissjóð. Núna taki flugvirkjar hjá Landhelgisgæslunni laun eftir kjarasamningi stefnanda við Flugleiðir frá 23. júlí 1992. Hjá Landhelgisgæslunni starfi 9 flugvirkjar.

Fram kom hjá Bolla Árnasyni að hann teldi kjarasamning stefnanda og Flugleiða frá 12. júní 1994 einskorðaðan við starfsemi og skipulag Flugleiða hf.

Álit dómsins.

Skýra verður 9. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands svo, að laun og kjör þeirra starfsmanna Landhelgisgæslunnar, sem vinna að staðaldri í landi, skuli annað hvort vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða samkvæmt almennum kjarasamningum stéttarfélags viðkomandi starfsmanna. Flugvirkjar hjá Landhelgisgæslunni vinna að jafnaði í landi samkvæmt því sem ráða má af gögnum málsins og ekki hefur verið sýnt fram á annað en þeir séu fullgildir félagsmenn í Flugvirkjafélagi Íslands. Ekki er ljóst af gögnum málsins hverjir af starfsmönnum Landhelgisgæslunnar taka laun og kjör samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og hverjir eftir kjarasamningum stéttarfélaga viðkomandi starfsmanna. Hins vegar virðist ljóst að flugvirkjar hjá Landhelgisgæslunni hafa búið við seinni kostinn lengi. Stefnandi hefur haldið því fram að frá upphafi hafi flugvirkjar þessir tekið laun og kjör eftir almennum kjarasamningum stefnanda og af gögnum málsins er a.m.k. ljóst að svo hefur verið um all langt skeið. Í samningi málsaðila hinn 16. janúar 1985, er vísað til þess að kjarasamningur stefnanda við Flugleiðir skuli gilda milli málsaðila með sama hætti og verið hefur með breytingum sem á honum hafa verið gerðar frá 6. nóvember 1984 ásamt samkomulagi aðila frá 30. nóv. 1982 og minnismiða frá sama tíma um tegundarréttindi. Í samningi málsaðila frá 1. júlí 1987, sömdu málsaðilar um sama fyrirkomulag. Hinn 19.9.1989 gerðu málsaðilar með sér sams konar samkomulag með eftirfarandi orðalagi: „Að öðru leyti en í samningi þessum greinir fer um kaup og kjör flugvirkja samkvæmt kjarasamningi FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða frá 4. júlí 1989.“ Stefnandi gerði nýjan aðalkjarasamning við Vinnuveitendasamband Íslands vegna Flugleiða hinn 11. sept. 1990, en málsaðilar gerðu svo nýjan samning sín á milli hinn 12. desember sama ár. Í þeim samningi er síðastgildandi kjarasamningur málsaðila frá 19. sept 1989 framlengdur og þar með tilvísun í almenna kjarasamninginn í gr. 1. Stefnandi gerði nýjan

kjarasamning við Vinnuveitendasamband Íslands vegna Flugleiða h.f. hinn 23. júlí 1992 og í kjölfar hans eða 24. september sama ár, framlengdu málsaðilar síðastgildandi kjarasamning sinn óbreyttan og þar með enn á ný þá tilvísun sem sá samningur og fyrri samningar hafa að geyma í hina almennu kjarasamninga stefnanda við Flugleiðir. Óumdeilt er að flugvirkjar í þjónustu stefnda taka nú laun og önnur starfskjör eftir síðastgildandi sérkjarasamningi málsaðila frá 24. september 1992, en hann átti að vísu að falla úr gildi án sérstakrar uppsagnar hinn 31. desember 1992 samkvæmt efni sínu. Það hefur hins vegar ekki þýðingu varðandi úrlausn þessa máls vegna þess að í raun hafa málsaðilar farið eftir honum til þessa dags og að auki verður að telja að sú venjuhelgaða regla gildi um kjarasamninga sem eru útrunnir, að um réttindi og skyldur samningsaðila fari eftir gamla samningnum meðan enn er ósamið. Af framangreindu er ljóst að báðir málsaðilar hafa til langs tíma túlkað 9. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands svo, að stéttarfélagssamningur viðkomandi starfsgreinar sé aðalkjarasamningur stefnanda við Vinnuveitendasamband Íslands vegna Flugleiða, enda ekki öðrum almennum kjarasamningum flugvirkja til að dreifa hér á landi.

Stefnandi gerði nýjan aðalkjarasamning við Vinnuveitendasamband Íslands vegna flugvirkja 12. júní 1994. Í kjölfar þess samnings tóku málsaðilar upp viðræður í því augnamiði af hálfu stefnanda að hinn nýi aðalkjarasamningur yrði lagður til grundvallar sem kjarasamningur milli málsaðila vegna starfsmanna Landhelgisgæslunnar. Ekki var á þetta fallist af hálfu stefnda og málinu af þeirri ástæðu vísað til Félagsdóms. Aðalkjarasamningur stefnanda við Vinnuveitendasamband Íslands vegna Flugleiða frá 12. júní 1994 er í öllum aðalatriðum framlenging á síðastgildandi aðalkjarasamningi frá 23.7.1992 með nokkrum breytingum á einstöku greinum og nýmæli hvað varðar vaktir, sem ná til hluta starfsmanna á hverjum tíma, sbr. 4. gr. Þar er um að ræða heimildarákvæði fyrir atvinnurekanda og þar af leiðandi engin rök fyrir því að telja það út af fyrir sig óaðgengilegt fyrir stefnda.

Starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands hafa hvorki heimild til að gera verkfall né til að taka þátt í verkfallsaðgerðum, sbr. 7. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands. Samkvæmt 9. gr. sömu laga skulu laun og kjör þeirra vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi

starfsmanna. Löng venja er fyrir því hvernig launa- og kjaramálum flugvirkja hjá stefnda hefur verið skipað, eins og rakið hefur verið hér að framan, en kjör félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni hafa ekki verið í samræmi við gildandi aðalkjarasamning stefnanda við Vinnuveitendasambandið vegna Flugleiða frá 12. júní 1994. Þar sem stefndi hefur ekki sýnt fram á annmarka á þeim kjarasamningi né heldur fært rök fyrir annarri viðmiðun varðandi kjör félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni er fullnægi 9. gr. laga nr. 25/1967, ber að taka kröfu stefnanda til greina.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 100.000. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Um kaup og kjör flugvirkja sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands skal fara samkvæmt kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands við Vinnuveitendasamband Íslands vegna Flugleiða h.f. dags. 12. júní 1994 frá og með þeim degi, að öðru leyti en greinir í kjarasamningi málsaðila vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands frá 24. september 1992.

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkisins vegna Landhelgisgæslu Íslands, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f.h. Flugvirkjafélags Íslands, kr. 100.000 í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i
Ingibjargar Benediktsdóttur og
Guðmundar Skaftasonar.

Í samningi milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Flugvirkjafélags Íslands vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands frá 19. september 1989 segir svo í 1. grein:

„1. Um kaup og kjör.

1.1. Að öðru leyti en í samningi þessum greinir fer um kaup og kjör flugvirkja samkvæmt kjarasamningi FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða frá 4. júlí 1989".

Gildistími samningsins var frá 1. nóvember 1989 til 31. mars 1990 og skyldi hann falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Í samningi málsaðila frá 12. desember 1990 segir svo í 1. grein.

„Síðast gildandi kjarasamningur milli ofangreindra aðila framlengist með þeim breytingum sem í samningi þessum felast til 31. ágúst 1991 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar."

Í 2. gr. hans segir að á samningstímanum skuli laun og launatengdir liðir hækka eins og þar er lýst. Næst tók við samningur málsaðila frá 24. september 1992 er hljóðar svo:

„Síðast gildandi kjarasamningur aðila, dags. 12. desember 1990, framlengist óbreyttur til 31. desember 1992 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar."

Af gögnum málsins verður ekki séð, að síðan hafi verið gerður kjarasamningur milli málsaðila. Takmarkast því samningsskyldur stefnda við samninginn frá 19. september 1989, sbr. samninginn frá 4. júlí s.á. að viðbættum þeim kjaraatriðum, sem þeir hafa síðan samið um.

Þótt í kjarasamningum málsaðila á undanförnum árum hafi verið vísað til kjarasamninga Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. byggja þær tilvísanir í öllum tilvikum á samningum við stefnda. Slík tæknileg útfærsla á samningunum þykir ekki skipta máli hér, enda Flugleiðir hf. langstærsti samningsaðili og því almennt séð leiðandi um samningsgerðina á markaðinum. Á það verður því ekki fallist að slíkar tilvísanir bindi stefnda eftir venjurétti. Auk þess á úrlausn um gildi venju ekki undir Félagsdóm, sbr. IX bindi bls. 521 og Hrd. 1992 bls. 1295.

Samningur Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. og stefnanda frá 12. júní 1994 er að sjálfsögðu miðaður við starfsemi og skipulag Flugleiða hf. Þannig má t.d. ætla, að Flugleiðir hf. hafi við samningsgerðina verið að kaupa sér réttindi samkvæmt 4. gr. hans um sveigjanlegan vinnutíma á vöktum, sem ekki er líklegt að geti nýst Landhelgisgæslunni. Þá er ekki ljóst af gögnum málsins eða málflutningi hvernig 1. gr. samnings stefnanda frá 12. júní kann að binda stefnda ef dómkrafan er tekin til greina.

Hér verður heldur ekki litið fram hjá því, að rót ágreiningsins í málinu er ekki deila „um skilning á skriflegum samningsákvæðum" milli málsaðila (Hrd. 1992 bls. 1295), heldur hinu, að kjarasamningur hefur ekki tekist.

Ljóst er að fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs fer með launamál fyrir Landhelgisgæsluna og jafnframt stendur hann utan samtaka VSÍ. Ber honum því sjálfstæð samningsaðild gagnvart stefnanda. Yrði

krafa stefnanda tekin til greina, þykir það jafngilda því, að samningsaðild stefnda væri hafnað. Lögin um Landhelgisgæslu Íslands nr. 25/1967, 9. gr. þykir ekki fela í sér heimild til að svipta stefnda þessum samningsrétti. Hún mælir aðeins fyrir um, að það sé valkvætt hvort um laun og kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar fari samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna, en engin heimild er fyrir því að slíkt megi gerast án samninga málsaðila þar um. Er því helst að jafna þessari stöðu við það, þegar fyrir liggur ágreiningur um hvert skuli verða efni samnings, enda verður að skýra 9. gr. í samræmi við grundvallarreglur samningaréttarins. Telja verður varhugavert að binda stefnda almennt og ósérgreint við framangreindan samning frá 12. júní 1994, en gagnvart stefnda verkar hann sem þriðjamanns löggerningur.

Stefnandi byggir kröfu sína meðal annars á því, að félagsmenn sínir hafi hvorki verkfallsrétt né rétt til að taka þátt í verkfallsboðunum og sé samningsstaða þeirra að þessu leyti mjög takmörkuð. Ljóst sé að við slíkar aðstæður þurfi að koma til sérreglur varðandi ákvörðun launa og annarra kjara, sem taki tillit til þessarar sérstöku stöðu. Skýra verði 9. gr. með tilliti til þessa.

Grein 7 í lögum nr. 25/1967 hljóðar svo:

„Starfsmenn Landhelgisgæzlunnar mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðunum".

Í 1. mgr. 5. gr. sömu laga segir:

„Starfsmenn Landhelgisgæzlunnar skulu teljast til lögreglumanna ríkisins og hafa réttindi og skyldur eftir því, sbr. lög nr. 56/1963 og lög nr. 82/1961, V. kafli".

Í athugasemdum við frumvarp til laganna um Landhelgisgæslu Íslands segir um 5.-7. gr., að þar ræði „um réttarstöðu starfsmanna gæslunnar, sbr. 2. og 5. gr. laga nr. 32/1935. Við gæslustörf varðskipanna hafa allir skipverjar, meira eða minna, orðið aðilar að þeim störfum og hættum sem löggæzlu á hafinu fylgja. Er því rétt að skipverjar allir njóti þeirrar réttarstöðu, sem löggæzlumenn hafa". Í 2. gr. laga nr. 32/1935 er mælt fyrir um, að skipstjórar varðskipanna og stýrimenn séu löggæslumenn og í 5. gr. i.f., að skipverjar megi ekki taka þátt í neins konar kaupdeilu. Áðurgreind 5. gr. laga nr. 25/1967 vísar til laga um meðferð opinberra mála, ákvæða um lögreglumenn, og laga nr. 56/1963 um lögreglumenn, en í 5. gr. þeirra segir:

„Skipshafnir varðskipanna og tollverðir teljast til lögreglumanna ríkisins“. Samhljóða ákvæði er nú í upphafi 4. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn.

Um breytingu sem gerð var á orðalagi 7. gr. í meðförum neðri deildar Alþingis tekur dómsmálaráðherra fram í framsögu um frumvarpið í efri deild:

„Síðan var gerð breyting á 7. gr., sem kannske var viðkvæmt atriði, þar sem stóð í frv., að starfsmenn landhelgisgæzlunnar megi hvorki beint né óbeint taka þátt í neins konar kaup- eða kjaradeilum, en hljóðar nú: „Starfsmenn Landhelgisgæzlunnar mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðunum“. Tel ég það í sjálfu sér alveg fullnægjandi. En annars staðar eru ákvæði um það, í 5. gr., að starfsmenn landhelgisgæzlunnar skuli teljast til lögreglumanna ríkisins og hafa réttindi og skyldur eftir því“.

Af framangreindu má sjá, að bein orðskýring á ekki við um upphafsorð 5. og 7. gr.

Augljóst er, þrátt fyrir ónákvæmt orðalag, að þegar löggjafinn setur 5. gr. laganna um Landhelgisgæsluna hefur hann aðeins fyrir augum skipshafnir varðskipanna. Fjarstætt er að álíta, að skv. þessari grein sé öllum starfsmönnum stofnunarinnar fengið lögregluvald svo sem skrifstofumönnum eða flugvirkjum.

Engin efni eru til annars en skýra upphafsorð 5. og 7. gr. „Starfsmenn Landhelgisgæslunnar“ á sama veg, enda liggja þeim til grundvallar sömu sjónarmið, báðar í þeim kafla laganna um Landhelgisgæsluna er mælir fyrir um réttindi og skyldur starfsmanna. Auk þess sýnist það í samræmi við 1. mgr. 2. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og þrönga skýringu á undanþágum frá verkfallsheimildum, sbr. t.d. Féld. IX bls. 492.

Samkvæmt því sem að framan er rakið þykir heimild skorta til að binda stefnda við samning stefnanda frá 12. júní 1994. Verður krafa stefnanda því ekki tekin til greina. 7. gr. laganna um Landhelgisgæslu Íslands tekur ekki til félagsmanna stefnanda. Um úrlausn kjaraþrætunnar ber því að fara eftir almennum reglum vinnumarkaðarins.

Með vísan til framanritaðs ber að sýkna fjármálaráðherra af kröfum stefnanda.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 19. maí 1995.

Nr. 4/1995 **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna
(Lára V. Júlíusdóttir hrl.)
gegn
Ríkisútvarpinu
(Jóhannes Björnsson hdl.)

Kjarasamningur. Dómsvald Félgsdóms. Frávísun. Sératkvæði.

Úrskurður Félagsdóms.

Málið úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Arnmundur Backman og Guðmundur Skaftason.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 27. apríl sl. að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda, er höfðað með stefnu birtri 10. mars sl.

Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist vegna veikinda eins dómarans.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, fyrir hönd Félags íslenskra hljómslistarmanna, kt. 530169-5539, Rauðagerði 27, Reykjavík.

Stefndi er Ríkisútvarpið, kt. 540269-5729, Efstaleiti 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að viðurkennt verði með dómi að stefndi hafi brotið 1. tl. 1. gr. kjarasamnings aðila frá 26. júní 1990 með því að greiða félagsmönnum FÍH þeim Eiði Alfreðssyni, Jón E. Hafsteinssyni, Sigurði Ingimarssyni og Tómasi Jóhannssyni fyrir flutning í þættinum „Á tali hjá Hemma Gunn" þann 10. mars 1993 greiðslur sem eru lægri en kjarasamningur kveður á um.

2. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Löggarðs hf.

Dómkröfur stefnda eru:

Aðallega að málinu verði vísað frá dómi. Til vara er þess krafist að Ríkisútvarpið verði sýknað af kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrskurðar.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo að í gildi sé samningur milli Félags íslenskra hljómlistarmanna og Ríkisútvarpsins um vinnu og

flutning á hljómlist í útvarpi og sjónvarpi dagsettur 26. júní 1990. Í samningnum sé kveðið á um greiðslur fyrir hljómlistarflutning og fleira. Mörg dæmi hafi verið um að félagar í FÍH hafi komið fram í sjónvarpsþáttum á borð við „Á tali hjá Hemma Gunn" og hafi þeir fengið eingreiðslu fyrir sem hafi verið mun lægri en kjarasamningur kveði á um og algengt sé að þeir fái kr. 5.000 fyrir þáttinn og jafnvel að þeir komi fram án endurgjalds. Hljómlistarmennirnir mæti þá daginn áður hjá sjónvarpinu og æfi upptökuna í nokkra klukkutíma en komi síðan fram í þættinum og spili. Þátturinn sé síðan endurfluttur nokkrum dögum síðar.

Í þættinum „Á tali hjá Hemma Gunn" 10. mars 1993 hafi fjórir félagsmenn, þeir Eiður Alfreðsson, Jón E. Hafsteinsson, Sigurður Ingimarsson og Tómas H. Jóhannsson komið fram sem hljómsveitin „Sigtryggur dyravörður" og flutt þar lag. Greiðsla til þeirra hvers um sig hafi numið kr. 5.000, en samkvæmt kjarasamningi stefnda og stefnanda bæri hverjum þeirra greiðsla að fjárhæð kr. 23.834 fyrir flutninginn. Hér sé um brot á kjarasamningnum að ræða. Engir samningar hafi verið gerðir við flytjendur um flutninginn fyrirfram heldur hafi Ríkisútvarpið ákveðið einhliða greiðslur sem séu undir taxta FÍH. Flutningsmenn hafi strax haft samband við FÍH, sem hafi þegar óskað leiðréttingar á þessum greiðslum, en stefndi hafi ekki orðið við þeim óskum. Þau samningsbrot sem hér sé stefnt út af séu ekki einsdæmi og hægt sé að nefna fjölmörg önnur dæmi vegna þessa sama þáttar og eins þátta á borð við Dagsljós og þáttinn Gesti og gjörninga.

Þann 26. nóvember 1993 sendi Benedikt Davíðsson, forseti Alþýðusambands Íslands, bréf til Heimis Steinssonar, útvarpsstjóra þar sem mótmælt hafi verið síendurteknum brotum á kjarasamningum FÍH við Ríkisútvarpið. ASÍ og FÍH kröfðust þess að yfirstjórn stofnunarinnar tryggði það að viðkomandi aðilar í stofnuninni myndu standa við þá kjarasamninga sem í gildi væru.

Þann 14. desember 1993 barst ASÍ bréf frá Heimi Steinssyni, útvarpsstjóra þar sem vísað er í bréf dagskrárstjóra innlendrar dagskrárdeildar Sjónvarpsins til útvarpsstjóra. Í því bréfi segi að í samningi RÚV og FÍH sé tekið fram að sérstaklega megi semja um greiðslur fyrir tónlistarflutning í Sjónvarpi og það hafi verið gert í þessum tilfellum. Hér hafi jafnan verið um verktakagreiðslur að ræða og sé litið svo á að hluti af umbun tónlistarmanna fyrir að

flytja list sína í sjónvarpssal sé fólgin í þeirri kynningu sem þarna býðst.

Með bréfi dagsettu 16. desember 1993 krafðist lögmaður stefnanda að gildandi kjarasamningur væri virtur. Þær greiðslur sem vitnað sé til í bréfi dagskrárstjóra séu miklu lægri en gildandi samningar. Við þessari kröfu hefur ekki verið orðið.

Með bréfi dagsettu 10. febrúar 1994 tilkynnti formaður FÍH útvarpsstjóra að FÍH myndi hefja aðgerðir gagnvart RÚV í mótmælaskyni vegna stöðugra brota á kjarasamningi FÍH og RÚV frá 1990 og er það gert með þessari málssókn. Þrátt fyrir viðræður aðila í milli og bréfaskipti hefur samkomulag ekki náðst.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Um greiðslur til félagsmanna stefnanda skuli stefndi fara eftir kjarasamningi aðila frá júní 1990. Í 1. gr. samningsins sé kveðið á um það að samkomulagið gildi um kaupsamninga milli RÚV og félagsmanna FÍH sé ekki samið á annan veg um einstök verkefni til hækkunar frá því sem greinir í samningnum. Engir slíkir samningar hafi verið gerðir milli aðila heldur hafi stefndi einhliða ákveðið greiðslur fyrir leik manna í þessum þætti.

Í 2. gr. kjarasamnings FÍH og RÚV sé kveðið á um hvaða greiðslur eigi að koma fyrir hljóðfæraleik og í 11. gr. sé fjallað um það hvaða greiðslur skuli koma fyrir hverja vinnustund í hljóðveri. Samkvæmt kjarasamningi og þá gildandi kauptaxta hafi borið að greiða fyrir þá vinnu sem hér var unnin kr. 23.834, sem sundurliðist þannig: Fyrir flutning lifandi tónlistar allt að 10 mínútum kr. 8.728, fyrir endurútsendingu kr. 1.309, fyrir vinnu í hljóðveri 3,5 klst. á 1.642/-, kr. 5.745 og fyrir vinnustundir vegna útsendingar 1 klst. á 1.642/- og 1 klst. á kr. 2.874, kr. 4.516, þannig samtals kr. 20.298. Ofan á þá fjárhæð reiknist síðan 10,17% orlof, 6% lífeyrissjóður, 1% sjúkrasjóðsgjald og 0,25% orlofssjóðsgjald, samtals kr. 3.536. Heildartalan verði því kr. 23.834.

Í 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sé kveðið á um það að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semji um skuli vera lágmarkskjör. Þar segi einnig að samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveði skuli vera ógildir. Því séu þessir samningar, sem í raun sé einhliða ákvörðun annars aðila, ógildir þar sem þeir kveði á um lak-

ari kjör. Skýrt orðalag 1. gr. kjarasamningsins um að einungis sé heimilt að semja á annan veg til hækkunar, svo og 12. gr. starfskjaralaga valdi því að RÚV hafi brotið samninga og lög gagnvart félagsmönnum FÍH.

Krafan um greiðslu orlofs styðst við ákvæði orlofslaga nr. 30/1987. Um greiðslu lífeyrissjóðs, sjúkrasjóðs og orlofssjóðs vísast auk kjarasamninga til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 21. kafla einkamálalaga nr. 91/1991.

Málavaxtalýsing stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að Jón Elvar Hafsteinsson hafi verið hljómsveitarstjóri og fyrirsvarsmaður hljómsveitarinnar „Sigtryggur dyravörður" í samskiptum við Hermann Gunnarsson stjórnanda þáttarins sem hljómsveitin kom fram í. Hljómsveitina skipuðu þeir fjórir einstaklingar sem dómkröfur stefnanda varða.

Hljómsveitarstjórinn hafi farið þess á leit við stjórnanda þáttarins nokkru fyrir jólin 1992 að hljómsveitin fengi að koma fram í nefndum þætti. Áréttaði hann þá beiðni sína nokkrum sinnum, eða þar til að stjórnandinn lét til leiðast og féllst á að hljómsveitin fengi að koma fram og leika eitt lag. Stjórnandinn og hljómsveitarstjórinn hafi samið svo um, þegar þetta var bundið fastmælum, að hljómsveitarmeðlimirnir kæmu fram sem verktakar á grundvelli verksamnings og verklaunin yrðu 5 þúsund á mann.

Samningar þessir hafi verið munnlegir. Þeim til staðfestu séu þó uppgjörsseðlarnir fjórir á dskj. nr. 4, hver undirritaður af hlutaðeigandi verktaka, samningsgerð þessari til staðfestu, sem og því að uppgjör hafi farið fram í samræmi við samninga þá sem gerðir voru. Þannig séu staðgreiðsluskattur og launatengd gjöld meðhöndluð eins og hefðbundið sé að gera um hverja aðra verksamninga og beri uppgjörsseðlarnir á dskj. nr. 4 þetta með sér.

Það sé því rangt sem í stefnunni segir að engir samningar hafi verið gerðir um flutninginn fyrirfram. Einnig sé það rangt að leiðréttingaróskir hafi verið bornar fram hvað sérstaklega varðar þetta einstaka tilvik. Af sérstakri óánægju meðlima hljómsveitarinnar „Sigtryggur dyravörður" hafi forsvarsmenn Sjónvarpsins ekki frétt

fyrr en með málshöfðun þessari, tveimur árum eftir útsendingu þáttarins.

Þá hafi Ríkisútvarpinu ekki verið tilkynnt af þeim sem nefndan samning gerðu né þeim sem hann varðar, að þeir telji sig af honum óbundna eða rétt á sér brotinn með gerð hans.

Loks séu fjárhæðir sem tileinkaðar eru hverjum hljóðfæraleikaranna í stefnunni rangar þótt talið yrði að leggja ætti samning málsaðila frá 26. júní 1990 til grundvallar uppgjöri og er þeim mótmælt. T.a.m. séu einstaklingum tileinkaðar fjárhæðir sem tilheyri 3ja aðila þ.e. ýmsum sjóðum ef samning þennan bæri á annað borð að leggja til grundvallar uppgjöri.

Stefnandi hafi ekki vefengt heimildir félagsmanna til gerðar verksamninga almennt, enda hafi það komið fram í viðræðum við forsvarsmenn stefnanda að félagsmenn stefnanda eigi skattalega hagsmuni í því fólgna að gerast verktakar samhliða launuðum störfum skv. vinnusamningi, vegna gjaldfærslumöguleika á kostnaði við öflun og rekstur hljóðfæra, skili þeir rekstrarreikningi til skattyfirvalda sem verktakar.

Stefnandi hafi hins vegar gert sérstakar athugasemdir við verksamninga þá sem einstakir félagsmenn hafi gert um flutning í þættinum „Á tali hjá Hemma Gunn“ og vísað í því sambandi til verklaunaákvörðunar í þessum samningum, en ekki þess sérstaklega að samningsformið sé verksamningur.

Svo sem fram komi í dskj. nr. 15 sé verksamningsformið nær allsráðandi hvað varðar flutning og framkomu í þættinum „Á tali hjá Hemma Gunn“.

Þannig komi þeir hljómlistarmenn sem fyrstir eru taldir á greindu dómskjali, þ.e. nr. 15, ávallt fram sem verktakar, þ.e. þeir sem skipi föstu hljómsveitina í þættinum og séu verklaun þeirra tilgreind á greiðsluyfirlitinu, sem og annarra sem þar koma fram, utan þess að greiðsla til Menningarsjóðs FÍL sé af hendi innt á grundvelli samnings Félags íslenskra leikara.

Hins vegar sé algengt að leikarar komi fram í útvarpi á grundvelli verksamnings, sem og söngvarar, prestar og ýmsir aðrir sem með reglubundnum hætti eða tilfallandi koma fram í dagskrá Ríkisútvarpsins.

Fréttaritarar Ríkisútvarpsins á landsbyggðinni og erlendis séu verktakar svo enn séu dæmi nefnd.

Málsástæður og lagarök stefnda varðandi frávísunarkröfuna.

Frávísunarkrafan er þeim rökum studd að það falli utan verksviðs Félagsdóms að dæma mál þetta.

Samningur sá sem dómkröfur máls þessa byggjast á sé höfundaréttarsamningur samkvæmt ákvæðum 45. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sem ákvæði 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 taka ekki til. Jafnframt eigi I. kafli höfundalaga við um það tilvik sem dómkröfurnar varða.

Listamenn séu gjarnan flokkaðir sem skapandi listamenn eða sem túlkandi listamenn. Algengt viðhorf sé að gefa hinu listræna skapandi starfi aukið vægi umfram flutningsstarf og setja skapandi listamenn skör hærra en hina ýmsu túlkendur verka. Þegar hljómsveitin „Sigtryggur dyravörður" flutti eigið lag „Ég get og ég hef" hafi hún túlkað eigin sköpunarverk, sem Sjónvarpið hafði að þeirra beiðni fallist á að birta með þeim hætti sem um hafi verið samið. I. kafli höfundalaga eigi við um birtingu eigin tónsmíða og sé birting m.a. skilyrði réttarverndar.

Hljómlistarmenn séu sem slíkir túlkandi listamenn og njóti túlkun höfundaréttar skv. höfundalögum, sbr. ákvæði 45. gr. Með samningi málsaðila frá 26. júní 1990 sé kveðið á um endurgjald fyrir afnot Ríkisútvarpsins af höfundarétti félagsmanna stefnanda, afnotarétt sem felist í útsendingarrétti á tónlist sem þeir túlki með flutningi sínum.

Samkvæmt samningnum byggist endurgjaldið ekki alltaf á vinnu eða vinnusambandi Ríkisútvarpsins og félagsmanna stefnanda.

Þannig sé ekki um neina vinnu að ræða þegar greitt sé skv. samningnum fyrir endurútsendingu efnis sem áður hafi verið sent út beint, heldur sé um hrein höfundaréttarleg afnot að ræða, sbr. 5. gr. Hið sama eigi við um 6. gr. samningsins og raunar einnig 2. og 4. gr. samningsins. Þegar 3. gr. samningsins eigi við sé ekki um að ræða vinnusamband milli Ríkisútvarpsins og flytjenda. Meginefni og inntak samningsins varði því endurgjald fyrir afnot höfundaréttar flytjenda. Meginefni og inntak eiginlegs kjarasamnings sé hins vegar vinna á grundvelli vinnusamnings og endurgjald fyrir hana.

Samningur málsaðila sé því ekki kjarasamningur í merkingu 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Né heldur taki hann til þeirra tilvika þegar höfundar tónsmíða semji við Ríkisútvarpið um birtingu á tón-

smíðum sínum, sbr. ákvæði 4. mgr. og 6. mgr. 2. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Ríkisútvarpið og þeir einstaklingar sem dómkröfur stefnanda varða hafi hins vegar gert slíkan samning. Dómkröfur stefnanda lúti að því að sá samningur teljist réttarbrot.

Slíkan ágreining megi Félagsdómur ekki leggja dóm á.

Í öðru lagi er frávísunarkrafan þeim rökum studd að það falli því síður undir verksvið Félagsdóms að fjalla um og skýra efni verksamninga, en að fjalla um og skýra efni höfundaréttarsamninga, í ljósi ákvæða 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938.

Mótmæli stefnanda við frávísunarkröfu stefnda.

Stefnandi krefst þess að framkominni frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og stefnanda dæmdur málskostnaður að skaðlausu í þessum þætti málsins. Samningur FÍH og RÚV frá 26. júní 1990 sé kjarasamningur sem uppfylli öll skilyrði laga nr. 80/1938 að því er varðar aðild, form og efni. Stefndi hafi ekki lagt fram nein gögn sem styðja það að um verksamning hafi verið að ræða.

Niðurstaða.

Ekki verður fallist á það með stefnda að samningur FÍH og RÚV frá 26. júní 1990 sé höfundaréttarsamningur skv. 45. gr. laga nr. 73/1972. Samningur þessi ber heitið: Samningur um vinnu og flutning á hljómlist í útvarpi og sjónvarpi milli FÍH og RÚV. Samkvæmt upphafsákvæði samningsins fjallar hann um launataxta og önnur atriði vegna hljóðritana eða beinna útsendinga á tónlist og flutnings tónlistar. Samningurinn fullnægir að formi og efni skilyrðum laga nr. 80/1938 til að vera gildur kjarasamningur milli aðila og fellur ágreiningur um túlkun hans því undir verksvið Félagsdóms, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laganna.

Úrlausn ágreinings aðila um hvort greiðsla fyrir framlag hljómsveitarinnar „Sigtryggs dyravarðar" í þættinum „Á tali hjá Hemma Gunn" þann 10. mars 1993 hafi byggst á verksamningi eða vinnusamningi er til skoðunar við efnismeðferð máls þessa.

Samkvæmt framansögðu er hafnað kröfu stefnda, RÚV, um frávísun málsins frá Félagsdómi.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu stefnda, Ríkisútvarpsins, er hrundið.

Málskostnaður dæmist ekki í þessum þætti málsins.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar

Ég tel að ekki verði kveðið á um dómsvald Félagsdóms sem sérdómstóls í málinu án þess að taka afstöðu til þess, hvers eðlis sá munnlegi samningur var, sem málsaðilar gerðu um tónlistarflutninginn.

Af málflutningi aðila að dæma verður við það að miða, að fyrirsvarsmaður hljómsveitarinnar „Sigtryggur dyravörður" hafi leitað eftir því við stjórnanda þáttarins „Á tali hjá Hemma Gunn", að hljómsveitin fengi að koma fram í nefndum þætti. Úr varð að í þættinum 10. mars 1993 lék hljómsveitin lag sitt „Ég get og ég hef". Endurgjald fyrir tónlistarflutninginn var gert upp á grundvelli verksamnings og nam samkvæmt greiðslukvittun útgefinni 19. mars 1993 kr. 5.000 til hvers hljómsveitarmanns. Hljómsveitarmennirnir samþykktu uppgjörið þannig lagað og er ósannað að athugasemdir hafi verið gerðar út af þessu sérstaka uppgjöri fyrr en með málshöfðun þessari. Öðrum þátttakendum í umræddum þætti var greitt á sama grundvelli.

Byggja verður úrlausn frávísunarkröfunnar á þeirri staðreynd að hljómsveitin flytur og túlkar frumsamda tónlist. Samkvæmt reglum Útvarpslaga nr. 68 1985 um tjáningarfrelsi í útvarpi, sbr. 15. gr., og ábyrgð á útvarpsefni, sbr. 35. gr., hefir Ríkisútvarpið ekki rétt til afskipta af flutningi eða túlkun tónsmíðarinnar eða gerð hennar. Hljómsveitin vann þannig á eigin ábyrgð og bar ábyrgð á verkinu. Ríkisútvarpið lét raunar ekki annað í té en aðgang að fjölmiðlinum. Af þessum sökum þykir á skorta um húsbóndavald hjá Ríkisútvarpinu til að samningur málsaðila geti talist vinnusamningur, sem falli undir 44. gr. laga nr. 80 1938. Þótt samningur aðila frá 26. júní 1990 sé efnislega kjarasamningur að ýmsu leyti þykir hann ekki því til fyrirstöðu, að aðilar geti gert með sér samning eins og þann sem í máli þessu ræðir um. Í texta samningsins er orðið „kjarasamningur" ekki notað heldur vísað til almennra hugtaka með orðunum „samningur" eða „samkomulag". Að ofangreindu virtu verður að telja, að úrlausn máls þessa liggi utan dómsvalds Félagsdóms og ber því að vísa málinu frá dómi.

Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda málskostnað að fjárhæð kr. 30.000.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Alþýðusamband Íslands f.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna, greiði stefnda, Ríkisútvarpinu, 30.000 krónur í málskostnað.

Dómur Hæstaréttar 9. júní 1995.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. maí 1995. Kærður er úrskurður Félagsdóms 19. maí sl. um að hafna frávísunarkröfu sóknaraðila. Kæruheimild er í 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðinum verði hrundið og málinu vísað frá Félagsdómi og sér dæmdur málskostnaður þar fyrir dómi og kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins, málskostnaðar fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaðar.

Málavöxtum er lýst í úrskurði Félagsdóms. Þar kemur fram, að félagar í hljómsveitinni Sigtryggi dyraverði komu fram í þættinum Á tali hjá Hemma Gunn í eitt einstakt sinn. Samningur, eins og gerður var við hljómsveitina, hafði einkenni verksamnings, og voru greiðslur og skattaskil í samræmi við það. Verður því að fallast á það með sóknaraðila, að mál vegna samningsins falli utan verksviðs Félagsdóms, sbr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Ber þegar af þeirri ástæðu að taka kröfu hans til greina og vísa málinu frá Félagsdómi.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu fyrir Félagsdómi og Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Föstudaginn 26. maí 1995.

Nr. 8/1995. **Bandalag háskólamanna f.h.**
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og
Félags íslenskra náttúrufræðinga
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
St. Jósepsspítala, Landakoti
(Kristján Þorbergsson hdl.)

Verkfallsheimild. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Þorsteinn A. Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 17. maí sl., höfðaði Bandalag háskólamanna – BHMR kt. 630387-2569, Lágmúla 7, Reykjavík, fyrir Félagsdómi, f.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, kt. 570194-2409, Suðurlandsbraut 22, Reykjavík og Félags íslenskra náttúrufræðinga, kt. 530169-4139, Lágmúla 7, Reykjavík á hendur St. Jósepsspítala, Landakoti, kt. 710169-5949, Reykjavík, með stefnu birtri 27. mars sl.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að eftirtaldar tilgreiningar á skrá, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda þann 25. janúar 1995 sem auglýsing nr. 62/1995 um skrá St. Jósefsspítala, Landakoti, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, verði felldar úr gildi með dómi:

Deild/starfsstöð.	*Starfsmenn/staða.*
Skrifstofu hjúkrunarforstjóra.	Hjúkrunarframkvæmdastjóri (1,4).
Gangur 3A – Barnadeild.	Hjúkrunarfræðingar (11,6 stöðugildi).
	Morgunvakt (4,00).
	Kvöldvakt (3,00).
	Næturvakt (1,00 utan bráðavakta).
	Næturvakt (2.00 á bráðavakt).
Hafnarbúðir – Dagdeild.	Hjúkrunarfræðingur (1,00 stöðugildi).
Gangur 2B – Handlæknisdeild.	Hjúkrunarfræðingar (7,7 stöðugildi).
	Morgunvakt (2,50).
	Kvöldvakt (2,00).
	Næturvakt (1,00).
Gangur 1B – Augndeild.	Hjúkrunarfræðingar (6,5 stöðugildi).
	Morgunvakt (2,00).

	Kvöldvakt (1,63).
	Næturvakt (1,00).
Augnskoðun.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Augnskurðstofa.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Gangur 3C – Dagdeild.	Hjúkrunarfræðingar (2).
Göngudeild – Lyflækningadeildar.	Hjúkrunarfræðingar (2).
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Svæfing.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Rannsóknarstofa.	Líffræðingur (1).
	Lífefnafræðingur (1).

2. Þá er krafist málskostnaðar að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega er þess krafist að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnenda.

Til vara er þess krafist að Félagsdómur kveði á um breytingar á þeim liðum í skrá stefnda nr. 62/1995, sem dómkröfur stefnenda varða, í samræmi við mat réttarins á mönnunarþörf samkvæmt ákvæðum 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Krafist er málskostnaðar að skaðlausu.

Um formhlið málsins.

Bandalag háskólamanna – BHMR kveðst vera bandalag stéttarfélaga háskólamenntaðra launamanna og upplýsir að innan raða þess séu einkum opinberir starfsmenn eða starfsmenn, sem falla undir lög 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Óumdeilt sé að starfsmenn stefnda falli undir téð lög. Bandalag háskólamanna – BHMR, upplýsir að meðal hlutverka þess sé að efla aðildarfélög sín og veita þeim þann styrk sem unnt er hverju sinni.

Meðal aðildarfélaga bandalagsins séu þau tvö stéttarfélög, sem höfði mál þetta. Sé sá háttur, sem viðhafður sé í máli þessu, þ.e. að veita Bandalagi háskólamanna – BHMR umboð til að koma fram fyrir hönd stéttarfélaganna tveggja, viðhafður þar sem í því felist mikið réttarfarshagræði og unnt sé að höfða eitt mál í stað tveggja. Tekið er sérstaklega fram að aflað hafi verið munnlegs samþykkis fyrirsvarsmanns stefnda við þessari aðferð. Eftir sem áður séu stéttarfélögin tvö stefnendur og sé þetta því í samræmi við 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Málsástæður stefnanda og önnur atvik.

Stefnendur upplýsa að hjá stefnda starfi félagsmenn þeirra, sem falli undir lög 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Stefndi hafi í fyrsta sinn þann 25. janúar 1995 birt auglýsingu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga 94/1986 um skrá yfir þá starfsmenn St. Jósefsspítala, Landakoti, sem samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru undanþegnir rétti til að taka þátt í verkfalli á vegum stéttarfélaga. Aðdragandi þess að skráin var birt hafi verið sú að þann 13. desember 1994 hafi stefndi sent félögunum bréf, þar sem kynnt eru drög að skrá þeirri sem síðar var birt. Telja stefnendur sérstaka ástæðu til að taka fram að stefndi hafi sent skrá þessa með góðum fyrirvara og óskað eftir athugasemdum af hálfu félaganna við skrána. Með bréfum, dags. 12. og 13. janúar 1995, hafi þeir sent athugasemdir við skrána og hafi stefnendur, einkum Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gert margar athugasemdir við skrána og gert kröfur um breytingar á henni.

Rökin fyrir kröfum félaganna um breytingar hafa einkum verið þau að tilgreining stefnda á skránni hafi verið langt umfram það sem þörf sé á til þess að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu eins og gert sé ráð fyrir í verkföllum, samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga 94/1986. Ekki hafi náðst samkomulag um breytingar á drögum að skrá, sem stefndi hafði sent og birti hann skrána sem var nr. 62/1995 í Stjórnartíðindum þann 25. janúar 1995. Stefnendur kveðast báðir hafa mótmælt skránni með sérstökum bréfum til stefnda og óskað eftir fundum.

Stefnendur telja óhjákvæmilegt að krefjast breytinga á skránni og í samræmi við 2. mgr. 19. gr. laga 94/1986 eru gerðar kröfur um að tilteknar tilgreiningar verði felldar niður af skránni. Eru rökin fyrir kröfunum einkum eftirfarandi:

Landakot sinni engum bráðavöktum, þ.e. sé það sem nefnt sé „elektivur" spítali, sem sinni aðeins aðgerðum af biðlistum, nema augndeild sem sé sú eina á landinu og barnadeild, sem sinni ennþá bráðavöktum. Þetta þýði að sjúkrahúsið geti stjórnað þeim fjölda sjúklinga, sem tekið er við og hafi m.a. lokað deildum á sumrin.

Almennt beri að hafa í huga að 14. gr. laga 94/1986 feli í sér að öllum félagsmönnum stefnanda sé heimil þátttaka í verkfalli til að knýja á um kjarakröfur félaganna. Gerð sé undantekning frá þessari heimild í 3.tl. 1. mgr. 19. gr. laga 94/1986 og sé þar tekið fram að sinna beri „nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu" í verkfalli. Vakin er athygli á því að notað er hástig orðsins „nauðsynlegur" og leiði það þegar af orðskýringu að túlka beri ákvæðið þrengjandi lögskýringu.

Jafnframt beri að benda á að um sé að ræða frávik frá meginreglu og leiði það líka sjálfstætt til þrengjandi lögskýringar.

Þessa afstöðu hafi Félagsdómur margsinnis staðfest í dómum sínum.

Ljóst sé af framansögðu að tilgreining sú á skrám, sem boðin sé í 2. mgr. 19. gr. laga 94/1986, eigi einungis að fela í sér þau störf eða starfsmenn, sem nauðsynlegt er að séu undanþegin verkfalli til þess að hægt sé að sinna „nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu". Telja því stefnendur að stefndu verði að færa fyrir því gild rök í hvert einstakt sinn hvers vegna viðkomandi þurfi að starfa til að fullnægja boði umrædds lagaákvæðis. Stefnendur kveða það einkum ráðast af tveimur atriðum, hvernig tilgreina beri þá sem eiga að vera í starfi til að sinnt sé nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Telja stefnendur að annars vegar þurfi að vera um viðmiðun að ræða sem feli í sér efnislega takmörkun á þeim verkefnum, sem unnin eru í verkfalli, þ.e þau þurfi að takmarkast við það sem teljist nauðsynlegt til þess að boði umrædds lagaákvæðis sé sinnt.

Hins vegar þurfi helst, þó það sé ekki nauðsynlegt ef fyrra atriðið feli í sér nægjanlega tilgreiningu, að tiltaka fjölda þeirra, sem eigi að vera undanþegnir rétti til að starfa í verkfalli.

Algengt hafi verið í eldri listum og í úrlausnum Félagsdóms að fallast á að tilgreining sem miðar við að störf skuli vera eins og á stórhátíðum sé efnislega nægjanleg einnig að því er varðar fjölda starfsmanna, enda liggi ljóst fyrir hverjir séu í störfum á stórhátíðum.

Tilgreining í auglýsingu nr. 62/1995 sé langt umfram það sem þörf sé á til að sinna kröfum umrædds lagaboðs.

Að því er varðar störf á einstökum deildum taka stefnendur fram eftirfarandi:

Mótmælt er að hjúkrunarframkvæmdastjóri (1,4) sé starfandi á skrifstofu hjúkrunarforstjóra í verkfalli. Stefnendur segja að ekki sé hægt að fallast á að slíkt sé nauðsynlegt til þess að sinnt sé kröfum um nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Þeir geta hins vegar fallist á að einn hjúkrunarframkvæmdastjóri sé starfandi í verkfalli.

Að því er varðar tilgreiningu á gangi 3A – Barnadeild, þá telja stefnendur að 11,6 stöðugildi sé verulega umfram það sem þörf sé á til að unnt sé að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Það sé faglegt mat stefnandans, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, að

með 9 stöðugildum sé unnt að sinna fyrirmælum umrædds lagaákvæðis og verði stefndi að sanna að þörf sé meiri mönnunar.

Að því er varðar tilgreiningu á störfum í Hafnarbúðum – Dagdeild, þá taka stefnendur fram að þeir telji að deild þessi eigi að vera lokuð í verkfalli og þess vegna beri að fella niður tilgreiningu á störfum hjúkrunarfræðinga þar. Í því sambandi benda stefnendur á að dag- og göngudeildir í öldrunarþjónustu t.d. á ríkisspítölum séu yfirleitt lokaðar í verkfalli.

Að því er varðar Gang 2B – Handlæknisdeild, þá telja stefnendur að 7,7 stöðugildi sé langt umfram það sem þörf sé á til að sinna boði um nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Stefnendur telja að nægilegt sé að 1 hjúkrunarfræðingur sé starfandi á hverri vakt, þ.e. morgunvakt, kvöldvakt og næturvakt, en auk þess mætti fallast á að 1 hjúkrunarfræðingur væri á gæsluvakt. Þar sem ekki hafi náðst samkomulag um þetta og tilgreining stefnda í skránni sé langt umfram það sem þörf sé á gerir stefnandi kröfur um að þessi tilgreining verði felld niður.

Gangur 1B – Augndeild. Tilgreiningin hér sé einnig langt umfram það sem þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Hafi stefndi engin rök fært að því hvers vegna hann tilgreinir svo mörg störf á þessari deild. Stefnendur, einkum stefnandinn Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, telur að nægilegt sé að starfandi sé einn hjúkrunarfræðingur á hverri vakt og eftir atvikum einn hjúkrunarfræðingur á gæsluvakt. Þar sem stefndi hafi ekki fallist á ábendingar um þetta sé óhjákvæmilegt að gera kröfu um að tilgreiningin í heild sinni sé felld niður.

Að því er varðar tilgreiningu á augnskoðun krefjast stefnendur þess að sú tilgreining, þ.e. hjúkrunarfræðingur (1), sé felld niður, enda sé ekki þörf á hjúkrunarfræðingi á augnskoðun í verkfalli. Stefnendur taka fram hér, að nauðsynlegustu augnskoðun sé sinnt af augndeild.

Þá telja stefnendur að tilgreining á augnskurðstofu sé umfram það sem þörf er á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu og hafi stefndi engar sönnur fært fyrir því að þörf sé svo víðtækrar skilgreiningar. Stefnendur gera kröfur um að felld verði brott tilgreiningin: „Hjúkrunarfræðingur“ (1) úr auglýsingunni að því er varðar skurðstofu.

Gangur 3 C – Dagdeild. Stefnendur telja, að tilgreining á þessari

deild um hjúkrunarfræðinga (2) að störfum í verkfalli, svo og tilgreining um sama fjölda á lyflækningadeild sé umfram það sem þörf sé á. Þeir benda á að stefndi hafi ekki fært neinar sönnur fyrir því að þörf sé tilgreiningar með þessum hætti. Stefnendur taka fram að þeir hafi lagt til annars konar tilgreiningu, sem ætti að fela í sér fullnægjandi mönnun til þess að unnt væri að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu, en á það hafi ekki verið fallist og sé því krafan sett fram af þeirra hálfu, eins og raun ber vitni. Benda stefnendur einnig á hér, að dag- og göngudeildir annarra sjúkrahúsa, t.d. ríkisspítala, séu almennt lokaðar í verkföllum. Í tillögu stefnandans Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga til stefnda var lagt til, að krabbameinssjúklingum sé í verkfalli sinnt á göngudeild lyflækningadeildar eins og á öðrum sjúkrahúsum. Stefnendur telja, að þar sem ekki hafi náðst samkomulag um tilgreiningu þá sem auglýst var, hljóti það að vera krafa þeirra að sú tilgreining verði felld brott.

Stefnendur mótmæla tilgreiningu um störf á skurðstofu. Stefnendur telja, að þessi tilgreining sé langt umfram það sem þörf sé á til þess að fullnægja kröfum um nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu og engin þörf sé á stöðugri viðveru hjúkrunarfræðings á skurðstofu í verkfalli. Hér vilja stefnendur einnig minna á að Landakot sé ekki bráðasjúkrahús, en verulega sé þó dregið úr starfsemi skurðstofa á bráðasjúkrahúsum, t.d. Borgarspítala og ríkisspítölum.

Með sama hætti mótmæla stefnendur tilgreiningu um störf á svæfingu og telja að fella beri niður tilgreiningu um störf hjúkrunarfræðings (1) á svæfingu. Stæði þá eftir 1 hjúkrunarfræðingur á gæsluvakt allan sólarhringinn og telja stefnendur að una megi við þá tilgreiningu.

Þá er mótmælt tilgreiningu um störf á rannsóknarstofu, þ.e. störf líffræðings (1) og störf lífefnafræðings (1). Telja stefnendur, einkum stefnandi Félag íslenskra náttúrufæðinga, að þessi tilgreining sé langt umfram það sem þörf er á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Eðlilegasta tilgreiningin væri sú að á rannsóknarstofu yrði starfað samkvæmt stórhátíðarfyrirkomulagi, en þar sem ekki hafi verið á þá ábendingu félagsins fallist sé óhjákvæmilegt að krefjast þess að tilgreiningin, eins og fram kemur í kröfugerðinni, sé felld niður.

Stefnendur vilja benda á í þessu sambandi, að í auglýsingu nr.

62/1995 sé tilgreining að því er varðar störf meinatækna þannig, að starfað skuli samkvæmt stórhátíðarfyrirkomulagi.

Tilvísun stefnanda til helstu réttarreglna.

Stefnendur vísa til 19. gr. laga 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna kröfum sínum til stuðnings, sbr. sérstaklega 14. gr. þeirra laga.

Um málskostnaðarkröfuna er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er ekki gerður ágreiningur um málavaxtalýsingu stefnenda. Þó telur stefndi að minna sé úr því gert en skyldi, að St. Jósefsspítali reki einu augndeildina sem þjóni landsmönnum öllum sem bráðadeild gagnvart slysum og bráðasjúkdómum í augum og barnadeild spítalans sinni bráðveikum börnum á móti barnadeild Landspítalans að einum þriðja hluta.

Fyrsta ágreiningsefni máls þessa sé, hvort þörf sé á 1,4 stöðugildi hjúkrunarframkvæmdastjóra á skrifstofu hjúkrunarforstjóra svo sem skráin greinir, eða hvort stöðugildið eigi að vera 1,0 svo sem Félag Íslenskra hjúkrunarfræðinga telur.

Það er í milli ber felist í því að stefndi telur að hjúkrunarframkvæmdastjóri þurfi að vera á staðnum alla daga vikunnar en ekki aðeins 5 daga hennar eins og mat félagsins sé. Rök spítalans séu að nauðsynlegt sé að hjúkrunarframkvæmdastjóri, þ.e. ábyrgur yfirmaður, sé til staðar alla starfsdaga spítalans, en hann sé starfræktur alla daga ársins svo sem kunnugt er, en ekki aðeins 5 daga vikunnar.

Næsta ágreiningsefni varðar það hvort á gangi 3A – Barnadeild skuli í verkfalli starfa hjúkrunarfræðingar í 11,6 stöðugildum svo sem skráin greinir eða í 9 stöðugildum svo sem félagið telur.

Stefndi bendir á, að á deildinni séu 26 rúm. Deildin sinni bráðavöktum fyrir landið allt að ⅓ á móti Landspítalanum. Inn á deildina komi börn með bráðasjúkdóma, en einnig innkirtlasjúkdóma, sykursýki og krabbamein. Á deildinni sé vakt alla daga ársins fyrir sykursjúk börn og fyrir börn með augnsjúkdóma sem komi alls staðar að af landinu. Þá sé deildin opin fyrir hópi langveikra barna (um 20 börn) sem komi þegar þau þurfi á sjúkrahúsvist að halda. Í tengslum við deildina sé göngudeild sykursjúkra barna og bráðamóttaka (skyndivakt) sem einnig sinni göngudeildarþjónustu, en

ágreiningslaust sé með aðilum að hjúkrunarfræðingur í ½ stöðugildi starfi þar í verkfalli. Skrá stefnda geymi mat forsvarsmanna hans á lágmarksmönnunarþörf til að nauðsynlegasta þjónusta verði veitt í verkfalli, sem ekki geri ráð fyrir niðurskurði stöðugilda hjúkrunarfræðinga. Börn séu ekki lögð inn á deildina nema þau séu svo mikið veik að það sé óhjákvæmilegt, eða þau séu lögð inn af öryggisástæðum, s.s. vegna rannsókna sem þau undirgangast, eða aðgerða.

Þriðja ágreiningsefni málsaðila varðar dagdeildina í Hafnarbúðum, þar sem skrá stefnda ráðgerir að hjúkrunarfræðingur í 1 stöðugildi starfi í verkfalli, en félagið telur að loka beri deildinni í verkfalli.

Deild þessi sé opin á virkum dögum frá kl. 08:00 til 16:30. Þar komi 24 vistmenn í tveimur hópum, þar sem deildin rúmi 12 manns í senn og vistist skjólstæðingar hennar ýmis 2 eða 3 daga vikunnar. Umsóknir um vistun fari um öldrunarþjónustudeild Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Skjólstæðingar deildarinnar búi flestir einir, séu mismunandi mikið skertir andlega en ekki lasnari en svo að þeir geta hreyft sig með aðstoð eins starfsmanns, sem sæki þá heim, leiði út í bíl og flytji heim aftur. Margir þurfi heimahjúkrun þá daga sem þeir ekki koma á deildina og sumir jafnframt að kvöldi vistunardaga. Hjúkrun þeirra og þjónusta felist í andlegri og líkamlegri uppörvun með ýmsu móti, t.d. viðtölum, leiðbeiningum varðandi hjálpartæki, einnig leiðbeiningum og aðstoð varðandi framtíðaráætlanir. Vistmenn séu baðaðir, þeim sé gefið að borða, lyf tekin til fyrir þá, þeir stundi leikfimi, sjúkraþjálfun og fá læknisþjónustu. Þá séu þeir aðstoðaðir við handavinnu og blaðalestur. Þeir fái hár- og fótsnyrtingu og útiveru í umsjá starfsmanna yfir sumarið. Örvunin sem þessir einstaklingar hljóti, auk þess félagsskapar sem þeir njóta á dagdeildinni, geri það að verkum að þeir séu færir um að búa lengur á heimilum sínum. Meðferðin geri það að verkum að andleg og líkamleg heilsa þeirra batni eða standi í stað. Ef þjónustu þessarar nyti ekki við, myndi þessum skjólstæðingum deildarinnar hraka örar en ella, bæði andlega og líkamlega. Þörf þeirra fyrir heimaþjónustu og heimahjúkrun myndi aukast, sem og þörf þeirra fyrir varanlega stofnanavistun. Talsverðan hluta þessa fólks yrði að vista á stofnun ef deildin lokaði í verkfalli. Deildinni hafi verið lokað í sumarleyfi fyrir nokkrum árum, en neyð sú og angist sem það olli meðal skjólstæðinga hennar, hafi orðið

þess valdandi að slík áform séu ekki á dagskrá. Af sömu ástæðum geti forsvarsmenn spítalans ekki fallist á að rétt sé að loka deildinni í verkfalli. Á henni starfi að jafnaði hjúkrunarfræðingur í 1 stöðugildi.

Fjórða ágreiningsefni málsaðila varði handlækningadeild á gangi 2B þar sem skrá stefnda gerir ráð fyrir að hjúkrunarfræðingar starfi í 7,7 stöðugildum, en sjónarmið félagsins sé að þeir eigi að vera í 5,6 stöðugildum. Á handlækningadeild séu 22 rúm, þar af 6 með gjörgæsluútbúnaði sem ætluð séu öllum spítalanum. Þar með sinni deildin öllum bráðatilvikum sem upp koma, svo sem sjúklingum sem þurfa á öndunarvél að halda og þeim sem fá hjartsláttartruflanir. Á deild þessa séu lagðir sjúklingar sem fara í almennar skurðaðgerðir og þeir sem fá óvænta fylgikvilla. Skrá spítalans geri ráð fyrir að svo sé dregið úr starfsemi sem stjórnendur telja forsvaranlegt, en tillit hafi verið tekið til þess, að þrátt fyrir að stór hluti þeirra aðgerða sem fer fram á sjúklingum deildarinnar, sé skv. innköllunum, hafi á mörgum sjúklingum verið gerðar forrannsóknir, sem úreldist ef aðgerð dregst á langinn, og valdi þar með sjúklingum þjáningum umfram það sem forsvaranlegt verði að telja í ljósi fyrirmælanna um nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Að jafnaði starfi á deildinni hjúkrunarfræðingar í 11–12 stöðugildum.

Á augndeild spítalans á gangi 1B gerir skrá stefnda ráð, fyrir að starfi hjúkrunarfræðingar í 6,5 stöðugildum en mat félagsins sé að þörf sé á störfum þeirra í 5,6 stöðugildum. Á augndeildinni sé bráðaþjónusta veitt fyrir landið allt, árið um kring varðandi slys og bráðasjúkdóma í augum. Á deildinni séu rúm fyrir 16 sjúklinga, en hún skiptist í legudeild, dagdeild og göngudeild (augnskoðun).

Vegna bráðaþjónustunnar telji forsvarsmenn stefnda ekki rétt að skera starfsemina meira niður en skráin ráðgerir. Algengustu aðgerðir á deildinni séu hins vegar vegna skýs á augasteini og gláku, sem jafnframt verði að sinna að nokkru marki þrátt fyrir verkfall. Að jafnaði starfi á augndeild hjúkrunarfræðingar í 6–7 stöðugildum.

Á göngudeildinni, augnskoðun, fari fram reglubundið eftirlit og bráðaþjónusta fyrir landið allt vegna sjónhimnusjúkdóma, hrörnunar á augnbotnum, sykursýki og æðasjúkdóma í augum. Þar fari og leiseraðgerðir fram og þar sé öll skoðunaraðstaða augndeildar. Það sé því útilokað að fallast á þau sjónarmið stefnanda að deild þessari

sé hægt að loka í verkfalli. Þar starfi að jafnaði hjúkrunarfræðingur í einu stöðugildi.

Sjöunda ágreiningsefni málsaðila varðar augnskurðstofu þar sem skrá spítalans gerir ráð fyrir að hjúkrunarfræðingur starfi í einu stöðugildi auk þess sem gæsluvakt sé allan sólarhringinn, en félagið telji síðarnefnda kostinn nægja einan. Mat forsvarsmanna spítalans sé, að óhjákvæmilegt sé að 1 stöðugildi sé mannað auk gæsluvaktarinnar til að lágmarksþjónustu verði haldið uppi með forsvaranlegum hætti. Svo sem nafnið bendir til sé augnskurðstofan sérhæfð skurðstofa rekin í tengslum við augndeild. Að jafnaði starfi augnskurðstofuhjúkrunarfræðingar í 3,4–4 stöðugildum.

Í áttunda lagi er ágreiningur með aðilum um þau tvö stöðugildi hjúkrunarfræðinga sem skrá stefnda greinir á gangi 3C – Dagdeild. Deild þessi sinni sjúklingum sem koma í aðgerðir sem framkvæma má án innlagnar. Sjúklingar komi til rannsóknar, komi í blóðgjafir og meðferð við krabbameini. Hluta þess sem þarna fer fram sé óhjákvæmilegt að telja annað en nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu og mat forsvarsmanna stefnda sé að til þess þurfi hjúkrunarfræðinga í 2 stöðugildum. Á deildinni starfi að jafnaði hjúkrunarfræðingar í 3–4 stöðugildum.

Á göngudeild lyflækningadeildar, en níunda ágreiningsatriði aðila varðar hana, fari einnig fram meðferð við krabbameini, auk þess sem þar séu gerðar rannsóknir á meltingarfærum og lungum, m.t.t. krabbameins og annarra sjúkdóma. Skrá stefnda gerir ráð fyrir að þörf sé hjúkrunarfræðinga í 2 stöðugildum til að lágmarks starfsemi geti farið fram, þannig að samtals starfi hjúkrunarfræðingar í 4 stöðugildum á Dagdeild 3C og göngudeild lyflækningadeildar. Á göngudeildinni starfi annars að jafnaði hjúkrunarfræðingar í 3,8 stöðugildum.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga sé, ef málatilbúnaður þess sé rétt skilinn, þeirrar meiningar, að samtals sé þörf 4 hjúkrunarfræðinga við meðferð krabbameinssjúklinga á deildunum tveimur, sem sé sami fjöldi og skráin greinir, en virðist telja skilyrði að deild 3C – dagdeild sé lokað, sem stefndi lýsi alls endis útilokað, því fyrir liggi ákvörðun um að öll meðferð við krabbameini færist á þá deild, en rannsóknarstarfsemi á göngudeild lyflækningadeildar verði að sama skapi aukin. Hvorugri deildinni megi því loka í verkfalli, enda rann-

sóknarstarfsemi göngudeildar nauðsynlegt stuðningsstarf við meðferðardeildir spítalans.

Síðustu tvö ágreiningsefni stefnda og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga varði starfsemi skurðdeildar spítalans og svæfingardeildar í tengslum við hana. Skrá stefnda gerir ráð fyrir að á hvorum stað starfi hjúkrunarfræðingur í einu stöðugildi auk þess sem 1 sé á gæsluvakt á báðum deildum, þar sem félagið hins vegar telji að aðeins eigi að halda uppi gæsluvakt á deildunum tveimur.

Á almennri skurðdeild spítalans séu 4 stofur. Ein sé að mestu notuð fyrir beinaskurðaðgerðir nefnd stofa 1. Stofa 2 sé notuð fyrir almennar aðgerðir. Á stofu 3 fari m.a. fram háls- nef- og eyrnaaðgerðir, skoðanir o.fl. Stofa 4 sé eingöngu notuð fyrir blöðruspeglanir og þvagfæraaðgerðir. Starfræksla skurðstofanna sé óhjákvæmilegur þáttur í starfrækslu spítalans. Bakvaktir séu vegna sjúklinga sem veikjast skyndilega innan spítalans eða eftir að heim er komið eftir aðgerð. Þá sinni skurðdeildin sérstökum þörfum barnadeildar spítalans. Svonefnd vöknun sé á skurðstofugangi auk þess sem þar fari fram sótthreinsun áhalda og umbúða fyrir allan spítalann. Á skurðdeildinni starfi að jafnaði hjúkrunarfræðingar í 7,5–8 stöðugildum og á svæfingadeildinni í 3,5–4 stöðugildum.

Ágreiningsefni stefnda og Félags íslenskra náttúrufræðinga varði það hvort á rannsóknarstofu spítalans skuli í verkfalli starfa í sitt hvoru stöðugildinu, líffræðingur og lífefnafræðingur svo sem skrá stefnda greinir, eða hvort hvorugri stöðunni sé gegnt í verkfalli svo sem sjónarmið félagsins leiði til, en það telji að rannsóknarstofan skuli starfrækt svo sem um stórhátíðir. Stefndi geti ekki fallist á þau sjónarmið og telji óhjákvæmilegt að þessum tveimur stöðum sé gengt í verkfalli og hafni viðmiðun við stórhátíðir. Rökin séu þau að stórhátíðafyrirkomulag vari 1–2 daga og á svo stuttu tímabili sé hægt að komast af með fyrirkomulag sem ekki dugar, þegar stöðvun varir viku, eða vikur eins og reynslan sýni að kunni að verða reyndin í verkföllum. Verkföll og stórhátíðir eigi því fátt sameiginlegt.

Rannsóknir þær sem greindir starfsmenn sinna megi að mati stefnda ekki leggjast af, til að nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu verði haldið uppi á spítalanum, en þær felist m.a. í hormónamælingum, mælingum á æxlisvísum, sem eru efni sem myndast við krabbamein, og mælingum á vissum vítamínum, s.s. B 12 og fólinsýru (hormónadeild). Á próteindeild séu mæld almenn prótein, lyf,

æxlisvísar, auk þess sem ýmsar rannsóknir séu gerðar í ónæmisfræði. Að jafnaði starfi fjórir náttúrufræðingar á rannsóknarstofu spítalans, sem starfi í nokkrum undirdeildum, en starfssvið náttúrufræðinga sé bundið sitt hvorri undirdeildinni, sem skýri nauðsyn þess að tveir séu við störf í verkfalli, annar á hormónadeild, en hinn á próteindeild. Viðmiðun við meinatækna hafnar stefndi, enda séu meinatæknar á bakvöktum um stórhátíðir, en náttúrufræðingar ekki.

Skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 skuli vinnuveitandi birta skrá um störf þau sem falla undir 3.–6. tl. 1. mgr. greinarinnar. Þar á meðal er skrá um störf að nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu.

Síðan segir: „Andmæli gegn breytingum á skrám skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu."

Þessi fyrirmæli laganna verða vart skilin með öðrum hætti, en að fyrsta skrá hlutaðeigandi vinnuveitanda sæti ekki dómsúrlausn Félagsdóms, heldur einvörðungu breytingar sem á henni kunna að verða gerðar þaðan í frá.

Verði á þennan skilning fallist ætti það að leiða til frávísunar, því skrá stefnda nr. 62/1995 í B-deild Stjórnartíðinda er sú fyrsta sinnar tegundar gagnvart félagsmönnum stefnenda.

Telji dómurinn þrátt fyrir ákvæði laganna sér heimilt að taka dómkröfur stefnenda til efnisúrlausnar, færir stefndi þessa málsástæðu fram til sýknu.

Fallist Félagsdómur ekki á sýknu á grundvelli málsástæðu þessarar, bendir stefndi á að ágreiningur aðila máls þessa varði atriði sem samkvæmt eðli sínu séu mjög matskennd.

Stefndi hafi leitað samráðs og samkomulags við hlutaðeigandi stéttarfélög um gerð þeirrar skrár sem honum beri að láta birta skv. ákvæðum 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, en samkomulag hafi ekki tekist í þeim atriðum sem rakin eru hér að framan.

Þegar um svo matskennda hluti sé að ræða sem hér greinir sé ákveðnum annmörkum háð að tilgreina nákvæmlega forsendur fyrir matsniðurstöðu svo sem framanrakin umfjöllun beri með sér.

Jafnframt sé ljóst að stefnendur eigi í hliðstæðum erfiðleikum við rökstuðning andmæla sinna gegn matsniðurstöðu forsvarsmanna spítalans, því sá rökstuðningur sem færður sé fram til stuðnings

stefnukröfum sé aðallega sá að „faglegt mat stefnenda sé“ tiltekin niðurstaða án þess að forsendur þess mats séu tíundaðar.

Stefndi telur að í ljósi stjórnunarskyldna sinna og ábyrgðar sinnar gagnvart því að haldið sé uppi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu í verkfalli, beri að túlka vafa um mönnunarþörf í ljósi þeirrar skyldu sem á stefnda hvílir um gerð og birtingu skrárinnar.

Þar af leiðandi hljóti stefndi að mótmæla þeim sjónarmiðum stefnenda, að það eitt að þeir andmæli tiltekinni mönnunarþörf, dugi til þess að fella sönnunarbyrði á stefnda, þannig að ef honum takist ekki samkvæmt sönnunarreglum réttarfars að sanna lögfullri sönnun tiltekna mönnunarþörf eigi að fella þau störf sem um er deilt af skrá.

Stefndi telur að gera verði þær kröfur til andmæla gegn einstökum tilgreiningum á skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, að efnisleg rök fyrir andmælunum komi fram.

Samkvæmt framansögðu byggir stefndi á því, að sú framsetning rökstuðnings stefnenda, að undanþágur frá verkfallsrétti eigi að túlka þröngt, að krefjast lokunar tiltekinna deilda, að lýsa mönnun langt umfram það sem þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu, að lýsa faglegt mat sitt vera tiltekna niðurstöðu, dugi ekki til þess að sönnunarbyrði í réttarfarslegum skilningi sé velt á stefnda.

Þessi framsetning rökstuðnings fyrir stefnukröfum feli ekki í sér efnislegan rökstuðning, þannig að stefnendur hljóti að teljast bera hallann af því að staðhæfingar þeirra sannast ekki, enda beinist andmæli þeirra að því að hnekkja skrá sem búin hafi verið úr garði og birt af hálfu stefnda í samræmi við þær skyldur sem á honum hvíla lögum samkvæmt.

Þá geti það vart talist á valdsviði Félagsdóms að mæla fyrir um að tilteknar deildir skuli sameinaðar eða lokað, gegn andmælum stefnda sem í ljósi skyldna sinna telji sér skylt að halda þeim opnum, sbr. umfjöllun um Dagdeild á gangi 3C og göngudeild lyflækningadeildar hér að framan, en einnig augnskoðun og dagdeild í Hafnarbúðum, eða mæla fyrir um vinnu skv. stórhátíðafyrirkomulagi.

Forsendur útreiknings.

Við útreikning á fjölda stöðugilda, sem þurfi til að manna deildir þar sem vaktir eru gengnar sé byggt á eftirfarandi forsendum:

Í árinu eru 52 vikur.
5 vinnudagar á viku hverri, 8 tímar m.v. fullt starf.
260 vinnudagar á ári.
12 mánuðir eru í árinu.
21,67 vinnudagar að meðaltali í mánuði er fullt starf eða 1 stöðugildi.
Í árinu eru 365 sólarhringar.
12 mánuðir í árinu
30,4 sólarhringar að meðaltali í mánuði.
Sólarhringnum er skipt í þrjár 8 klst. vinnuvaktir
morgunvaktir 30,4
kvöldvaktir 30,4
næturvaktir 30,4
samtals 91,2 vinnuvaktir í mánuði.
Til að manna sólarhringsvaktir í 1 mánuð með 1 stöðu á vakt, þufi 4,2 stöðugildi (91,2/21,67 = 4,2).

Mismunandi sé eftir ráðningarsamningum hvort einstaklingar séu eingöngu á tiltekinni vakt s.s. morgunvakt, eða gangi skiptivaktir. Eins sé starfshlutfall mjög mismunandi.

Við aðalmeðferð málsins gaf skýrslu fyrir dóminum Hildur Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur. Ágreiningur er með aðilum um það hvort Hildur Einarsdóttir, sem er formaður kjaranefndar Félags ísl. hjúkunarfræðinga en situr ekki í samninganefnd félagsins, hafi vitna- eða aðilastöðu í málinu.

Fram kom hjá formanni kjaranefndar félagsins, að kjaranefnd fari með kjara- og réttindamál félagsmanna fyrir hönd stjórnar. Kjaranefnd sé ekki samninganefnd á vegum félagsins. Stjórn félagsins fari með samningamál. Við gerð upphaflegra lista eftir setningu laga nr. 94/1986 hafi verið höfð sem meginregla að til þess að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu þyrfti að hafa um ⅓ af starfsemi spítalanna opinn og ⅔ af öldrunar- og endurhæfingarþjónustu. Höfð hafi verið sú viðmiðun að listar ríkisspítalanna skyldu vera fordæmi fyrir aðra spítala. Samkvæmt núgildandi lista ríkisspítala sé helmingur opinn, þannig að þetta hafi orðið rýmra með tímanum með tilliti til reynslu.

Formaður kjaranefndar taldi að þær deildir sem lokaðar séu í sumarleyfum geti verið lokaðar í verkfalli.

Í desember 1994 hafi Félag ísl. hjúkrunarfræðinga fengið send

drög að listum til umsagnar. Við mótun afstöðu til þessara lista hafi félagið myndað vinnuhóp á hverjum spítala og í þeim vinnuhópi hafi verið hjúkrunarfræðingar af staðnum. Á Stór-Reykjavíkursvæðinu hafi verið fundað með hjúkrunarstjórninni til þess að fá þeirra viðhorf líka. Mótmæli félagsins hafi byggst á þeim upplýsingum sem félagið fékk af hverjum stað.

Í allri vinnu við gerð undanþágulistanna hafi Félag ísl. hjúkrunarfræðinga reynt að sýna sanngirni þannig að allir fái sömu meðferð. Félagið telji að þörf sé á að hafa einn hjúkrunarframkvæmdastjóra inni fyrir ca. hverja 200 sjúklinga sem séu á stofnun. Á ríkisspítölunum séu 1000 sjúklingar og þar sé talin þörf á 5 hjúkrunarframkvæmdastjórum í verkfalli. Landakot sé um það bil 200 rúma spítali og þessvegna telji félagið nægjanlegt að hafa einn hjúkrunarframkvæmdastjóra við störf í verkfalli. Við gerð listanna 1986 hafi engir hjúkrunarframkvæmdastjórar verið inni. Á auglýsingu í kringum 1990 hafi komið inn einn hjúkrunarframkvæmdastjóri á ríkisspítölum.

Í dag séu tæplega 13 stöðugildi á barnadeild Landakots þegar allt er í fullum rekstri og því telji Félag ísl. hjúkrunarfræðinga 11,6 stöðugildi of mikið í verkfalli. Félagið telji eðlilegt að í verkfalli séu notuð 15 rúm en þegar allt er í fullum rekstri séu þarna notuð 26 rúm. Á barnadeild Hringsins séu 2 gangar en í verkfalli sé bara annar gangurinn opinn samkvæmt listanum. Bráðaþjónusta við veik börn á Íslandi fari fram á þessum tveim spítölum, barnadeild Hringsins og barnadeild Landakots. Barnadeild Hringsins taki ⅔ af þjónustunni en Landakot ⅓. 15 rúm séu meira en helmingur þess sem opinn er í fullum rekstri.

Vegna dagdeildar Hafnarbúða tók formaður kjaranefndar fram, að sjónarmið Félags ísl. hjúkrunarfræðinga sé að öll dagdeildar- og göngudeildarþjónusta eigi að vera lokuð í verkfalli nema þjónusta við krabbameinssjúklinga. Félagið telur að sú þjónusta skuli alltaf veitt. Dagdeildar- og göngudeildarþjónusta sé lokuð í verkfalli hvar sem er á landinu.

Á handlæknisdeild, gangi 2B, séu 11–12 stöðugildi þegar allt sé í fullum rekstri. Félag ísl. hjúkrunarfræðinga telur nægjanlegt að þarna séu 5,6 stöðugildi til þess að sinna nauðsynlegustu þjónustu í verkfalli og byggir þá skoðun á því að þarna sé um biðlista sjúkrahús að ræða.

Á augndeild, gangur 1B á legudeild, þar séu á milli 6–7 stöðugildi venjulega. Boð Félags ísl. hjúkrunarfræðinga hafi verið 5,6 stöðugildi, en það telji félagið nægjanlegt til þess að halda uppi nauðsynlegustu þjónustu. Þetta sé eina augndeild landsins. Allar biðlistaaðgerðir ættu að geta beðið í verkfalli. Félagið hafi jafnframt boðið upp á 1 hjúkrunarfræðing á gæsluvakt allan sólarhringinn, sem gæti komið strax ef eitthvert neyðarástand skapaðist.

Augnskoðun. Þar sé venjulega 1 hjúkrunarfræðingur á virkum dögum. Þetta sé göngudeild sem félagið telur að eigi að vera lokuð. Sjúklingum sé mjög oft sinnt af hjúkrunarfræðingum á legudeildinni ef hjúkrunarfræðing vantar á augnskoðunardeildina. Félagið telur því að hjúkrunarfræðingar á legudeild ættu að geta sinnt sjúklingum á augnskoðunardeild í bráðatilvikum sem þar kynnu að koma inn. Félagið telur nægjanlegt að hafa 1 hjúkrunarfræðing á gæsluvakt til þess að sinna bráðaaðgerðum sem upp kynnu að koma.

Gangur 3C, dagdeild og göngudeild, á þessum báðum deildum sé veitt þjónusta við krabbameinssjúklinga, sem félagið vill ekki að falli niður. Önnur þjónusta sem veitt er á þessum deildum, svo sem eins og speglanir, telur félagið að eigi að vera lokuð í verkfalli. Betra sé í verkfalli að loka annari deildinni en að hafa einhverja þjónustu á þeim báðum. Tillaga félagsins sé því að annarri deildinni sé lokað í verkfalli. Á ríkisspítölum séu speglanadeildir lokaðar í verkfalli.

Skurðstofur. Þarna sé um biðlistaspítala að ræða og því sé nægjanlegt að hafa 1 hjúkrunarfræðing á gæsluvakt til þess að sinna bráðatilvikum. Sömu rök gildi um svæfingu.

Kjarasamningur Félags ísl hjúkrunarfræðinga og Landakots gildi til 31. desember 1995.

Niðurstaða.

Samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 96/1986, er það meginregla að þeim starfsmönnum sem lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954 taka til, er heimilt að gera verkfall með þeim takmörkunum einum sem tilteknar eru í lögunum. Af því leiðir að ákvæði um undantekningar frá þessari meginreglu lúta þrengjandi lögskýringu.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 94/1986 er stéttarfélögum, sem eru samningsaðilar samkvæmt lögunum, heimilt að gera verkfall og samkvæmt 18. gr. laganna tekur það til allra starfsmanna í viðkom-

andi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitenda, sem verkfall beinist gegn, nema þeim sé óheimilt að gera verkfall samkvæmt lögunum. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna er þeim sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu óheimilt að gera verkfall. Fjármálaráðherra og sveitarfélög skulu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna birta skrá um störf þau sem m.a. falla undir 3. tl. 1. mgr. sömu greinar, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög. Samkvæmt 2. gr. laganna gilda ákvæði laganna einnig um starfsmenn sjálfseignastofnana sem starfa í almannaþágu samkvæmt lögum, eru í fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði af daggjöldum eða úr sveitarsjóði, enda komi til samþykki viðkomandi stofnana. Starfsmenn stefnda falla undir ákvæði laganna samkvæmt þessari grein og hefur stefndi því sömu skyldur og fjármálaráðherra og sveitarfélög til að birta skrá um þá sem falla undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna. Fyrsta skrá stefnda um starfsmenn sem falla undir ákvæði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna var birt í B-deild stjórnartíðinda sem nr. 62/1995. Óumdeilt er að skráin var birt að undangengnu lögbundnu samráði við stefnendur. Þrátt fyrir orðalag í síðasta málslið 2. mgr. 19. gr. laganna verður að telja það í andstöðu við meginreglu laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna um verkfallsrétt opinberra starfsmanna ef ekki er unnt að bera undir Félagsdóm ágreining um fyrstu skrá sem birt er samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna.

Ágreiningur aðila máls þessa er um mat á því hversu margir félagsmenn stefnanda skuli undanþegnir rétti til verkfalls svo stefndi geti haldið upp nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru ekki ákvæði um viðmiðanir í þessum efnum. Með athugasemdum er fylgdu frumvarpi til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er það var lagt fyrir Alþingi var á fylgiskjali nr. 2 starfsheitaskrá skv. 3. tl. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í athugasemdunum kemur fram að skrá þessi sé samin af fulltrúum fjármálaráðuneytisins og heildarsamtaka opinberra starfsmanna. Í athugasemdum með 19. gr. laganna kemur fram það viðhorf að þessari skrá sé „ætlað að vera fyrirmynd að hliðstæðum listum sem ekki hefur unnist tími til að fullgera“ eins og þar segir. Í málinu er því haldið fram að við gerð þessa lista hafi verið við það miðað að á sjúkrahúsi sem sinni bráðaþjónustu væri ⅓ af starfsemi bráðadeilda opinn og ⅔ hluti öldrunar-

deilda. Að fenginni reynslu af verkföllum opinberra starfsmanna sé almennt viðhorf nú að u.þ.b. helmingur af starfsemi bráðadeilda sé opinn í verkfalli.

Óumdeilt er að stefndi sinnir ekki bráðavöktum nema á augndeild, sem er sú eina á landinu og barnadeild á móti Landspítala.

Eins og áður segir lúta undantekningar frá meginreglunni um þátttöku í verkfalli þrengjandi lögskýringu. Af því leiðir að ef ágreiningur er um tilgreiningu á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna verður sá sem gefur slíka skrá út að sýna fram á að tilgreining þar sé ekki umfram það sem þörf er á til að nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu verði haldið uppi.

Verður nú fjallað um einstakar tilgreiningar.

Skrifstofa Hjúkrunarforstjóra – Hjúkrunarframkvæmdastjóri (1,4)

Stefndi hefur ekki sýnt fram á að þörf sé að því að hjúkrunarframkvæmdastjóri sé til staðar alla daga vikunnar. Ber því að fella tilgreininguna út af skrá samkvæmt auglýsingunni.

Gangur 3A – Barnadeild.	Hjúkrunarfræðingar (11,6 stöðugildi).
	Morgunvakt (4,00).
	Kvöldvakt (3,00).
	Næturvakt (1,00 utan bráðavakta).
	Næturvakt (2,00 á bráðavakt).
Hafnarbúðir – Dagdeild.	Hjúkrunarfræðingur (1,00 stöðugildi).
Gangur 2B – Handlæknisdeild.	Hjúkrunarfræðingur (7,7 stöðugildi).
	Morgunvakt (2,50).
	Kvöldvakt (2,00).
	Næturvakt (1,00).
Gangur 1B – Augndeild.	Hjúkrunarfræðingur (6,5 stöðugildi).
	Morgunvakt (2,00).
	Kvöldvakt (1,63).
	Næturvakt (1,00).
Augnskoðun.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Augnskurðstofa.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Svæfing.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Rannsóknarstofa.	Líffræðingur (1).
	Lífefnafræðingur (1).

Stefndi hefur ekki sýnt fram á að framangreindar tilgreiningar

séu ekki umfram það sem nauðsynlegt er til að hann geti haldið uppi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Ber því að fella framangreindar tilgreiningar út af skrá samkvæmt auglýsingunni.

Gangur 3C – Dagdeild.	Hjúkrunarfræðingar (2).
Göngudeild – Lyflækningadeildar.	Hjúkrunarfræðingar (2).

Í málflutningi stefnanda og gögnum málsins kemur fram að komi til verkfalls þurfi 4 hjúkrunarfræðinga til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu sem almennt er sinnt á þessum deildum. Ágreiningurinn snýst um það að stefnendur telja að í verkfalli eigi að loka gangi 3C – dagdeild, en nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu í verkfalli, sem almennt er sinnt á þeirri deild, verði flutt yfir á göngudeild lyflækningadeildar. Þar sem ekki er ágreiningur um það vinnumagn sem nauðsynlegt er talið að hjúkrunarfræðingar inni af hendi komi til verkfalls hjá stefnda er það á valdi hans að ákveða með hvaða fyrirkomulagi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu verði sinnt. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda varðandi þessar tilgreiningar.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 100.000,00 án tillits til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Af skrá samkvæmt auglýsingu nr. 62/1995 skal fella niður eftirfarandi:

Skrifstofa Hjúkrunarforstjóra.	Hjúkrunarframkvæmdastjóri (1,4).
Gangur 3A – Barnadeild.	Hjúkrunarfræðingar (11,6 stöðugildi).
	Morgunvakt (4,00).
	Kvöldvakt (3,00).
	Næturvakt (1,00 utan bráðavakta).
	Næturvakt (2,00 á bráðavakt).
Hafnarbúðir – Dagdeild.	Hjúkrunarfræðingur (1,00 stöðugildi).
Gangur 2B – Handlæknisdeild.	Hjúkrunarfræðingar (7,7 stöðugildi).
	Morgunvakt (2,50).
	Kvöldvakt (2,00).
	Næturvakt (1,00).
Gangur 1B – Augndeild.	Hjúkrunarfræðingar (6,5 stöðugildi).
	Morgunvakt (2,00).
	Kvöldvakt (1,63).
	Næturvakt (1,00).

Augnskoðun.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Augnskurðstofa.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Svæfing.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Rannsóknarstofa.	Líffræðingur (1).
	Lífefnafræðingur (1).

Stefndi, St. Jósepsspítali, Landakoti, greiði stefnanda Bandalagi Háskólamanna f.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Félags íslenskra náttúrufræðinga, í málskostnað kr. 100.000,00.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar

Málsaðilar deila um mönnunarþörf hjúkrunarfræðinga og náttúrufræðinga í verkfalli á síðargreindum deildum sjúkrahússins. Hvað sem segja má um, að undantekningar frá þátttöku í verkfalli sæti þrengjandi lögskýringu er meta skal hve mikil mönnun þurfi að vera til að halda uppi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986, er ljóst að ekki reynir á um sönnun um hæfilega mönnun fyrr en aðila skilur á um hver hún skuli vera. Að því leyti sem sjónarmið aðila falla saman er ekki um ágreining að ræða og er dómur bundinn af afstöðu þeirra. Á sönnun reynir þannig fyrst um þá mönnun sem aðila skilur á um. Ákvörðun um mönnun til að fullnægja nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu er svo matskennd, að hún verður aðeins byggð á mati dómsins að álitum, svo fremi að ekki liggi fyrir mat óháðs aðila til stuðnings. Telja verður, að samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna skuli liggja fyrir listi að gerðum breytingum dómsins. Stefnendur eru að verulegu leyti sammála mönnun á lista sjúkrahússins. Þeir krefjast þess, að ýmsar tilgreiningar á skránni „verði felldar úr gildi með dómi". Kröfugerðin svo löguð sýnist ekki veita dómnum svigrúm til að dæma um hin eiginlegu ágreiningsefni.

Verður nú vikið að einstökum kröfuliðum.

(Tala innan sviga táknar stöðugildi).

Hjúkrunarframkvæmdastjóri.

Í stöðum hjúkrunarframkvæmdastjóra munu nú vera 2,2 störf. Stefnandi kveðst í málflutningi sínum geta fallist á, „að einn hjúkrunarframkvæmdastjóri sé starfandi í verkfalli“, en engin krafa er gerð þar um. Ekki teljast því efni til að fella tilgreininguna, 1,4 störf, af skrá sjúkrahússins.

Hafnarbúðir – dagdeild (1).

Það er á valdi sjúkrahússtjórnar að ákveða hvaða einstakar spítaladeildir skuli reknar í verkfalli eða sameinaðar, en ekki stéttarfélaga eða Félagsdóms. Til þess skortir lagaheimild. Samkvæmt því er fram kemur í gögnum málsins um starf deildarinnar og ástand vistmanna þar er fallist á, að hið tilfærða stöðugildi hjúkrunarfræðings á skránni falli undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986. Ber því að hafna þessum kröfulið stefnanda.

Gangur 3A – barnadeild (11,6), Gangur 2B – handlækningadeild (7,7), Gangur 1B – augndeild (6,5), Gangur 3C – dagdeild (2), Göngudeild lyflækningadeildar (2).

Á ofangreindum deildum fer fram verulegur hluti af starfrækslu spítalans, sem felur m.a. í sér bráðaþjónustu og bráðavaktir fyrir landið allt í sumum tilvikum. Stefnendur krefjast niðurfellingar á tilgreiningum á störfum á deildum þessum, en hafa í málflutningi viðurkennt þörf spítalans fyrir a.m.k. ¾ hluta af störfunum til að unnt megi vera að halda uppi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Augljóst er að yrði krafa stefnanda, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, tekin til greina færi það í bága við 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986. Ber því að hafna kröfunni.

Augnskoðun.

Talið er að á Augnskoðun starfi að jafnaði einn hjúkrunarfræðingur. Af málflutningi er ekki ljóst hvernig starfsstaður þessi tengist Augndeild spítalans eða hvort hann er hluti hennar. Þykir því ekki fram komið, að starf hjúkrunarfræðingsins falli undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986. Er krafa stefnanda því tekin til greina.

Augnskurðstofa (1).

Talið er að á augnskurðstofu starfi að jafnaði hjúkrunarfræðingar í 3,4–4 stöðugildum. Augnskurðstofan telst sérhæfð skurðstofa rekin í tengslum við Augndeild. Þegar til þess er litið hve mjög er dregið úr störfum þar á hjúkrunarsviði, þykir eftir atvikum rétt að hafna kröfu stefnanda, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Skurðstofa (1) – Svæfing (1).

Á skurðstofu er talið, að starfi hjúkrunarfræðingar í að jafnaði 7,5–8 stöðugildum og á svæfingadeildinni í 3,5–4 stöðugildum. Fallast má á, að spítalanum sé nauðsynlegt, að hafa nokkurn viðbúnað á hjúkrunarsviði á þessum deildum vegna almenns rekstrar síns sem og þeirra er veikjast skyndilega innan spítalans eða eftir að heim er komið úr aðgerð. Einnig vegna sótthreinsunar áhalda og umbúða fyrir allt sjúkrahúsið. Þegar til þess er litið, hve mjög er dregið úr störfum hjúkrunarfræðinga, þykja ekki efni til að fella hinar umdeildu tilgreiningar af skrá spítalans.

Rannsóknarstofa (2).

Talið er að á rannsóknarstofu sjúkrahússins starfi að jafnaði 4 náttúrufræðingar. Telja verður rannsóknarstofuna slíka grundvallareiningu í rekstri spítalans, að störf þar a.m.k. að hluta, falli undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986. Verður því að hafna kröfu um að fella störf þar af skrá sjúkrahússins.

Eftir atvikum telst rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Af skrá samkvæmt auglýsingu nr. 62 1995 skal fella niður eftirfarandi: Augnskoðun – Hjúkrunarfræðingur (1).

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 30. maí 1995.

Nr. 14/1995. **Alþýðusamband Íslands vegna Verkamannasambands Íslands**
(Ástráður Haraldsson hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands vegna aðildarfélaga þess
(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

Kjarasamningur. Námskeiðsálag. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Arnmundur Backman og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, vegna Verkamannasambands Íslands.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík vegna aðildarfélaga þess

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að 2. gr. kjarasamnings Verkamannasambands Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins hins vegar sem undirritaður var þann 21. febrúar 1995 verði skilin svo að umsamdar hækkanir skuli reiknast á grundvelli launataxta án námskeiðsálaga og að engin breyting hafi orðið á umsömdu námskeiðsálagi sérhæfðs fiskvinnslufólks skv. aðalkjarasamningi aðila og að engin breyting hafi orðið á umsömdu námskeiðsálagi starfsfólks í mötuneytum skv. sama aðalkjarasamningi. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda. Jafnframt gerir stefndi þá gagnkröfu:

Að viðurkennt verði að við útreikning sérstakrar launahækkunar skv. 2. gr., 2. og 3. mgr. kjarasamnings aðila frá 21. febrúar 1995 skuli leggja til grundvallar öll föst laun fyrir dagvinnu, þar með talin námskeiðsálög samkvæmt gr. 1.1.1. og 18.2. í aðalkjarasamningi aðila.

Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Mál þetta var þingfest hinn 7. apríl sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 3. maí sl.

Málavextir.

Málsatvik eru þau að þann 21. febrúar 1995 voru undirritaðir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði að undangengnum samningaviðræðum sem staðið höfðu nokkurt skeið. Samningar náðust á grundvelli tilboðs sem fram kom frá atvinnurekendum til landssambanda Alþýðusambandsins um almenna hækkun á launaliðum kjarasamninga.

Tilboð þetta var byggt á hugmynd sem upphaflega kom fram í kröfugerð Landssambands Íslenskra Verzlunarmanna og Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Form launabreytinga samkvæmt þeirri kröfu var jafnminnkandi launahækkun (línuleg m.v. reiknireglu) eftir því sem ofar dró í launatöxtum.

Í 2. mgr. 2. gr. kjarasamnings aðila frá 21. febrúar 1995 er þessi sérstaka reikniregla sett fram og er hún svohljóðandi:

„Til viðbótar almennri hækkun skv. 1. mgr. hækka lægri launataxtar sérstaklega um kr. 100 fyrir hverjar 4.000 krónur sem taxtinn er lægri en kr. 84.000. Launatöflur skv. kjarasamningum skulu þó taka þessari sérstöku hækkun með þeim hætti að við hvert launaþrep bætist 1/40 hluti af mismuninum af kr. 84.000 og hlutaðeigandi mánaðarlaunataxta."

Í 3. mgr. 2. gr. segir að framangreindar hækkanir miðist við föst laun fyrir dagvinnu (að meðtalinni yfirborgun) og er jafnframt tilgreind tafla sem sýnir heildarlaunahækkun við undirritun samningsins miðað við mánaðarlaun á bilinu frá kr. 43.000 til kr. 84.000.

Í framhaldi af undirritun samninganna gaf Verkamannasamband Íslands út kaupskrár þar sem umsamdar launabreytingar samkvæmt 2. gr. kjarasamnings aðila eru reiknaðar á dagvinnutaxta án sérstakra álaga s.s. námskeiðsálaga. Stefndi Vinnuveitendasamband Íslands gaf sömuleiðis út kaupgjaldsskrá, en þar eru launabreytingarnar miðaðar við föst laun fyrir dagvinnu að meðtöldum námskeiðsálögum.

Stefnandi mótmælti reikningsaðferð stefnda með bréfi hinn 8. mars 1995. Þann 16. mars 1995 svaraði stefndi því bréfi og lýsti skilningi sínum á 2. gr. kjarasamningsins. Varð þá ljóst að til staðar væri ágreiningur um túlkun kjarasamnings aðila sem ekki yrði leyst úr nema með dómi Félagsdóms.

Hefur stefnandi höfðað mál þetta til staðfestingar á skilningi sínum á kjarasamningnum, en þeirri túlkun er andmælt af hálfu stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því varðandi 2. gr. kjarasamnings aðila að gagnvart launatöflum samkvæmt kjarasamningum sé fyrri aðferðin (reiknireglan) meginefni samningsins og fjalli um hvernig reikna skuli breytingar á almennum launatöxtum. Þeirri reglu hafi ekki verið ætlað að hafa nein áhrif á sérstaklega umsamin álög samkvæmt aðalkjarasamningi.

Gagnvart kjörum þeirra sem njóti yfirborgana sé seinni aðferðin (taflan í 2. gr.) meginefni samningsins og fjalli um það að taka skuli tillit til þess hluta dagvinnulauna sem séu umfram lágmarksákvæði kjarasamninga.

Kaupgjaldsskrá sú sem Vinnuveitendasamband Íslands hafi gefið út hafi ekki samræmst reiknireglu 2. gr. kjarasamningsins. Ástæðan sé sú að við útreikninga sína hafði VSÍ brugðið út af þeim forsendum sem legið hafi til grundvallar samningnum og sem skýrt sé kveðið á um í reiknireglunni sjálfri og bætt við mánaðarlaunataxta námskeiðsálagi sem sérhæft fiskvinnslufólk og starfsfólk í mötuneytum njóti skv. greinum 1.1.1. og 18.3.2.3. í aðalkjarasamningi aðila.

Kjarni deilunnar snúi að því hvað sé átt við með hugtakinu launatöflur í 2. gr. kjarasamningsins frá 21. febrúar 1995. Sé þar um að ræða blábera launataxta eins og stefnandi heldur fram eða skuli sérstaklega umsamið námskeiðsálag bætast ofaná taxta áður en launahækkun kjarasamningsins sé reiknuð. Námskeiðsálög fiskvinnslufólks og starfsfólks í mötuneytum séu sérstaklega umsamin álög að tiltekinni fjárhæð(nú kr. 3.207,-) sem leggist ofan á taxta. Taxtatöflur séu stundum sýndar með þessum álögum til hægðarauka en það þýðir ekki að þau séu hluti af mánaðarlaunataxta, launataxta, launatöflu, grunnlaunum eða hvaða nöfn önnur menn vilji nefna grunntaxta lágmarkskjaraákvæða kjarasamninga. Til samanburðar er bent á framlagða taxta Samiðnar.

Niðurstaðan af útreikningum 2. gr. kjarasamnings aðila frá 21. febrúar 1995, ef beitt sé útreikningsaðferð stefnda, sé sú að námskeiðsálögin myndu lækka úr kr. 3.207,- í kr. 3.127,- eða um kr. 80,- eða 2,5%. Um slíka lækkun hafi alls ekki verið samið.

Með aðilum kjarasamningsins sé samkomulag um að leyst verði úr ágreiningi þessum með þeim hætti sem hér sé til stofnað, þ.e. án þess að Vinnumálasambandið eigi aðild að máli þessu en af þess hálfu hafi verið lýst yfir að sambandið muni una þeirri niðurstöðu sem verði í þessu máli.

Sjaldnast áður hafi verið samið með þeim hætti sem hér hafi verið gert, þ.e. með því að setja upp reiknireglu og því ekki hægt að vísa til fordæma um túlkun. Það sé beitt nýrri aðferð við útreikning hækkunar á launatöflum (reikniregla með jafntlækkandi krónutölu) og í viðræðum aðila hafi aldrei komið fram að til stæði að gera með þessu neinar breytingar á sérstaklega umsömdum álögum samkvæmt öðrum greinum aðalkjarasamnings aðila. Þvert á móti sé sérstaklega kveðið á um það í 1. gr. samningsins frá 21. febrúar 1995 að allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengist til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningnum felast og falli þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Þær breytingar sem ætlað hafi verið að gera á hinum sérstöku álögum sem í aðalkjarasamningi aðila sé að finna séu að sjálfsögðu tíundaðar í samningnum sjálfum. Dæmi um þetta séu samningsákvæði 10. gr. varðandi vinnufatnað, ákvæði 4. gr. varðandi desemberuppbót og ákvæði 5. mgr. 2. gr. varðandi bónus- og premíukerfi.

Með öðrum orðum, með reiknireglunni og krónutöluhækkun hafi ætlunin verið sú að umsamin starfsaldursbil riðluðust í þeim launatöflum sem kjarasamningurinn náði til og bil milli launataxta skyldi minnkað. Engin ákvæði samningsins fjalli hins vegar um skerðingu á álögum eða beina lækkun sérstakra álaga enda séu slík álög ekki hluti launataxta.

Engin slík álög hafi átt að lækka að krónutölu þó að reiknireglan feli að sjálfsögðu í sér hlutfallslega lækkun slíkra álaga í samanburði við heildarlaun þar sem slík álög séu ákveðin sem krónutala. Dæmi um þetta séu ákvæði aðalkjarasamnings um orlofsuppbót.

Ágreiningurinn í þessu máli sé aðeins um útreikning launatöflu samkvæmt kjarasamningi. Af hálfu stefnanda er fullyrt og á því byggt að með mánaðarlaunatöxtum hafi aldrei verið átt við neitt annað en bláberar launatöflurnar. Hefði hugur samningsaðila staðið til þess að lækka sérstaklega umsamin námskeiðsálög samkvæmt aðalkjarasamningi hefði átt að orða það skýrt og greinilega. Það hafi ekki verið gert, enda aldrei staðið til að þau lækkuðu. Nám-

skeiðsálögin séu föst krónutala og kjarasamningur aðila gangi út frá að sú krónutala sé óbreytt.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málavexti að aðfaranótt 21. febrúar 1995 hafi verið undirritaðir kjarasamningar milli stefnda og stefnanda, Verkamannasambands Íslands auk Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, Landssambands verzlunarmanna, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Landssambands iðnverkafólks, Samiðnar, Rafiðnaðarsambands Íslands, Félags hárgreiðslu- og hárskerasveina og Félags starfsfólks í veitingahúsum. Ætla megi að þessir 10 kjarasamningar taki til um 50 þúsund starfsmanna á samningssviði stefnda. Í 2. gr. þeirra sé fjallað um hækkun launa og sé sú grein samhljóða í öllum þessum samningum að frátalinni 3. mgr. 2. gr. í samningi Samiðnar. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. hækki öll laun um sömu krónutölu 2.700 kr. Til viðbótar hækki lægri laun sérstaklega skv. 2. mgr. um allt að 1.000 kr. eða um 100 kr. fyrir hverjar 4.000 kr, sem launin séu lægri en 84.000. Launtöflur skv. kjarasamningum taki þó þessari sérstöku hækkun með þeim hætti að við hvert launaþrep bætist 1/40 hluti af mismuninum af kr. 84.000 og hlutaðeigandi mánaðarlaunataxta.

Framangreindar hækkanir skuli skv. 3. mgr. sömu greinar miðast við föst laun fyrir dagvinnu. Til áréttingar um að ekki skipti máli hvernig laun séu samsett sé þar sérstaklega tekið fram að yfirborgun sé meðtalin. Með samningi Samiðnar sé hins vegar sérstök bókun þar sem segir að við mat á því hvort breytingar á launatöxtum iðnaðarmanna gefi tilefni til hækkunar á greiddu kaupi skuli leggja saman allar aukagreiðslur sem teljist til fastra launa. Reynist heildarlaun hærri en 84.000 kr. þá eigi þau laun ekki að hækka nema sem svari almennri hækkun, þ.e. 2.700 kr. á mánuði.

Við samningsgerðina hafi frá upphafi verið stefnt að launajöfnun á grundvelli kröfugerða fyrrgreindra landssambanda og félaga. Eins og fram komi í stefnu hafi tilboð stefnda sem varð grundvöllur samninganna verið byggt á kröfugerð Verzlunarmannafélags Reykjavíkur sem hafi verið kynnt stefnda um miðjan janúar 1995. Þar sé auk almennrar krónutöluhækkunar gert ráð fyrir sérstakri hækkun, eða breytilegum þætti, sem kæmi ofan á öll greidd laun undir ákveðinni viðmiðunarupphæð hverju nafni sem þau nefnast en ekki aðeins á launataxta. Við útreikning meðaltalshækkunar

launa samkvæmt samningstillögunum hafi verið byggt á launadreifingu í úrtaki Kjararannsóknarnefndar. Í tölum Kjararannsóknarnefndar sé námskeiðsálag talið til dagvinnulauna eins og komi fram í skilgreiningu á hreinu tímakaupi. Mat stefnda á kostnaðaráhrifum kjarasamninganna hafi eðlilega verið reiknað með sama hætti.

Í samningaviðræðum hafi fyrirsögn í töflu 3. mgr. 2. gr. verið breytt í mánaðarlaun til að forðast misskilning og 1. málsl. 3. mgr. bætt við að tillögu stefnda. Sá málsliður vísar, eins og orðalag hans bendir til, bæði til almennu launahækkunarinnar skv. 1. mgr. og hinnar sérstöku hækkunar 2. mgr. án tillits til þess hvor reikniaðferðin sem þar sé tilgreind eigi við. Með því sé tekinn af allur vafi um að sérstaka launahækkunin skv. 2. mgr. 2. gr. samninganna miðist við föst laun fyrir dagvinnu óháð því hvernig þau séu samsett og án tillits til þess hvort hluti þeirra sé samningsbundið álag svo sem námskeiðsálag.

Námskeiðsálag skv. gr. 1.1.1. og 18.2. í aðalkjarasamningi aðila sé óumdeilanlega hluti af föstum launum fyrir dagvinnu enda myndi það stofn fyrir yfirvinnu, sbr aðalkjarasamning aðila og framlagðar kaupgjaldskrár.

Þessi ákvæði hafi komið til sérstakrar umræðu á fundi fulltrúa stefnda og annarra samningsaðila snemma morguns þann 20. febrúar 1995. Á þeim fundi hafi verið sett fram sú krafa að föst laun í þessari merkingu yrðu skilgreind sem þau laun sem myndi stofn fyrir yfirvinnu í hverju tilviki. Kröfunni hafi verið hafnað af stefnda þar sem hún leiddi til takmörkunar sem hann hafi ekki getað fellt sig við þar sem aukagreiðslur sem ekki mynda stofn fyrir yfirvinnu hefðu þá ekki talist til fastra launa fyrir dagvinnu.

Það sé því rangt sem fram kom í stefnu að við beitingu reiknireglu 2. mgr. 2. gr. hafi ekki verið ætlast til þess að reiknað væri með sérstaklega umsömdum álögum skv. aðalkjarasamningi. Ef ætlunin hefði verið að undanskilja einhverja þætti fastra launa við mat á rétti til sérstakrar launahækkunar hefði orðið að tiltaka það sérstaklega í samningi. Enginn slíkur áskilnaður sé gerður.

Strax eftir undirritun samninganna hafi aðilar hafið undirbúning að útgáfu nýrra kauptaxta. Eins og greint sé frá í stefnu hafi þá komið í ljós ósamræmi í túlkunum samtaka vinnuveitenda og launþega.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr, sbr. 3. mgr. 2. gr. kjarasamnings aðila

hafi stefndi við útreikning hinnar sérstöku launahækkunar lagt til grundvallar öll föst laun fyrir dagvinnu, þar með talið námskeiðsálag sérhæfðs fiskvinnslufólks og starfsfólks í mötuneytum skv. gr. 1.1.1. og 18.2. í aðalkjarasamningi aðila. Þessi sérstaka hækkun hafi þannig verið 1/40 af mismuninum af kr. 84.000 og viðkomandi mánaðarlaunataxta að viðbættu námskeiðsálaginu. Launataxtar verkamanna hafi verið hækkaðir þannig skv. ofangreindri reiknireglu að launatafla sérhæfðs fiskvinnslufólks hækkaði á sama hátt og launatafla fiskvinnslufólks (sem er án námskeiðsálags). Sömu reglu hafi einnig verið beitt við útreikning launatöflu starfsfólks í mötuneytum hvort sem laun hafi verið með eða án námskeiðsálags. Af því leiði að hin sérstaka launahækkun verði mismunandi eftir því hvort um sé að ræða launataxta með eða án námskeiðsálags. Umsamin krónutala námskeiðsálags breytist þannig ekki þó í reynd komi það þannig út þegar miðað sé við mismun á milli launataxta með og án námskeiðsálags. Hann verði mismunandi eftir launaflokkum og starfsaldursþrepum. Þannig riðlist hlutföll milli þessara taxta eins og önnur hlutföll milli hærri og lægri launaflokka. Þannig reiknaðar hafi launatöflur verkamanna verið birtar í kaupgjaldsskrá stefnda.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að í hugtakinu launatöflur í 2. mgr. 2. gr. kjarasamnings aðila sé átt við „blábera" launataxta án námskeiðsálaga. Er í því sambandi vísað til 1. málsl. 3. mgr. 2. gr. kjarasamnings aðila og þeirrar staðreyndar að þegar fyrir samningsgerðina hafi námskeiðaálag verið innifalið í dagvinnulaunum eins og þau hafa verið birt í launatöflum og aðalkjarasamningi aðila eins og hann hafi verið gefinn út. Þá sé byggt á því af hálfu stefnda að námskeiðsálag skv. gr. 1.1.1. og 18.2. í aðalkjarasamningi aðila myndi stofn fyrir yfirvinnugreiðslur.

Bent er á að hið umdeilda samningsákvæði feli í sér sérstaka línulega hækkun lægri launa sem leiði til meiri hækkunar þeirra launa sem lægri séu. Laun sem njóti námskeiðsálags hækki því minna en laun án álags en viðurkennt sé í stefnu að í kröfugerð þeirri sem hafi verið grundvöllur samningsins hafi verið gert ráð fyrir að launahækkanir reiknuðust ofan á öll greidd laun hverju nafni sem nefndust en ekki aðeins á launataxta. Þannig séð breyti samningurinn ekki upphæð umsaminna námskeiðsálaga, sbr. þó það sem rakið hefur verið hér að framan um áhrif launabreytingarinnar. Sú fullyrðing í kröfugerð stefnanda að umsamið námskeiðsálag hafi verið

lækkað með útreikningi stefnda á kauptöxtum sé þannig röng og tilhæfulaus. Seinni hluti kröfugerðar stefnanda sé að þessu leyti markleysa.

Mál þetta er höfðað á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Varðandi gagnkröfu stefnda er vísað til 53. gr. laga 80/1938. Kröfur sínar styður stefndi við 2. gr. 2. og 3. mgr. kjarasamnings aðila frá 21. febrúar 1995.

Um málskostnað er vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Í 2. mgr. 2. gr. kjarasamnings málsaðila frá 21. febrúar 1995 er mælt fyrir um sérstaka hækkun launa til viðbótar hinni almennu hækkun kr. 2.700 samkvæmt 1. mgr. 2. gr. Launahækkun þessi byggir á þeirri reglu að lægri launataxtar skuli hækka sérstaklega um kr. 100 fyrir hverjar kr. 4.000 sem taxtinn er lægri en kr. 84.000. Launatöflur samkvæmt kjarasamningum skulu þó taka þessari sérstöku hækkun með þeim hætti að við hvert launaþrep bætist 1/40 hluti af mismuninum af kr. 84.000 og hlutaðeigandi mánaðarlaunataxta. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. kjarasamningsins miðast framangreindar hækkanir við föst laun fyrir dagvinnu að meðtalinni yfirborgun. Í 3. mgr. 2. gr. er launatafla sem virðist ekki byggð á launatöflum samkvæmt kjarasamningum, heldur gerð til leðbeiningar um launahækkun þeirra sem njóta yfirborgana allt að kr. 84.000 mánaðarlaunum.

Ekki verður annað ráðið af framangreindum tilvitnunum í 2. gr. kjarasamnings málsaðila en að þar sé um að ræða sérstakar launahækkanir miðaðar við undirskriftardag kjarasamningsins og að þrepahækkun eða línuleg hækkun samkvæmt 2. mgr. 2. gr. samningsins komi til framkvæmda einu sinni við upphaf samningsins með tilætluðum áhrifum samþjöppunar á mánaðarlaunataxta, en feli ekki í sér sívirka reiknireglu sem nota skuli umfram það til loka samningsins 31. desember 1996. Hin sérstaka hækkun 2. mgr. 2. gr. kjarasamningsins hefur því ekki frekari áhrif á launatöflur kjarasamninga eða launahreyfingar til loka samningstímans.

Með aðilum er ágreiningur um það hvort hið sérstaka námskeiðsálag, að fjárhæð kr. 3.207, sem fiskvinnslufólk og starfsfólk í mötuneytum hefur öðlast, skuli vera undanskilið eða meðtalið við útreikning á hinni sérstöku launahækkun samkvæmt 2. mgr. 2. gr. kjarasamningsins frá 21. febrúar 1995. Þykir stefnandi ekki hafa sýnt

nægilega fram á að hið sérstaka námskeiðsálag sé undanskilið þegar launahækkun 2. mgr. 2. gr. samningsins kom til framkvæmda þann 21. febrúar s.l. Þykir verða að líta svo á að námskeiðsálög verði hluti af föstum launum fyrir dagvinnu. Orðalag greinarinnar gefur því ekki tilefni til að undanskilja námskeiðsálög sérstaklega þegar útreikningur þessarar sérstöku launahækkunar fór fram við gildistöku kjarasamningsins. Enda þótt námskeiðsálög þau sem um er deilt í málinu séu sérstaks eðlis, hefðu aðilar orðið að undanskilja þessi álög sérstaklega ef þau áttu ekki að teljast til fastra launa í skilningi 3. mgr. 2. gr. samningsins. Fallast ber því á það með stefnda að við útreikning sérstakrar launahækkunar samkvæmt 2. og 3. mgr. 2. gr. umræddrs kjarasamnings, skuli leggja til grundvallar öll föst laun fyrir dagvinnu eins og þau eru á undirskriftardegi kjarasamningsins, þ.m.t. námskeiðsálög samkvæmt gr. 1.1.1. og 18.2. í aðalkjarasamningi málsaðila.

Stefnandi gerir einnig kröfu til þess að viðurkennt verði að engin breyting hafi orðið á umsömdu námskeiðsálagi sérhæfðs fiskvinnslufólks samkvæmt aðalkjarasamningi málsaðila og að engin breyting hafi orðið á umsömdu námskeiðsálagi starfsfólks í mötuneytum samkvæmt sama aðalkjarasamningi.

Óumdeilt er að framangreind námskeiðsálög eru bæði að því er varðar sérhæft fiskvinnslufólk og starfsmenn í mötuneytum föst krónutala eða kr. 3.207,- á mánuði. Sú fjárhæð er sérstaklega umsamin í kjarasamningi vegna tiltekinna námskeiða og tekur ekki sérstökum breytingum með launatöflum kjarasamningsins að öðru leyti. Álög þessi leggjast því jafnt á öll launaþrep almenns launataxta fiskvinnslufólks og starfsfólks í mötuneytum og taka því aðeins sérstakri hækkun að um slíkt sé sérstaklega samið.

Í 1. gr. umdeilds kjarasamnings málsaðila segir m.a. að allir síðastgildandi kjarasamningar framlengist til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörnum sem í samningnum felast. Sé litið til sérstakra álaga, sömdu málsaðilar nú um sérstaka krónutöluhækkun desemberuppbótar í kr. 15.000,-, sbr 4. gr. samningsins og sérstaka fjárhæð varðandi vinnufatnað, sbr. 10. gr. Hins vegar verður ekki séð að málsaðilar hafi samið um neinar breytingar á umræddum námskeiðsálögum. Hefði verið eðlilegt að geta þess sérstaklega í samningnum nú, ef breyting álagsins hefði staðið til einkum ef til þess er litið að um fasta tilgreinda krónutölu er að ræða í aðalkjarasamningi.

Vegna framangreinds þykir því verða að taka til greina þá kröfugerð stefnanda, að engin breyting hafi orðið á fjárhæð umsamins námskeiðsálags sérhæfðs fiskvinnslufólks í aðalkjarasamningi málsaðila og að engin breyting hafi orðið á fjárhæð umsamins námskeiðsálags starfsfólks í mötuneytum samkvæmt sama samningi. Eftir 21. febrúar 1995 bætast því umsamin námskeiðsálög kr. 3.207,- á mánaðarlaun þeirra sem til námskeiðsálaga þessara vinna. Allur annar skilningur myndi leiða til þess að hin sérstaka línulega hækkun í niðurlagi 2. mgr. 2. gr. allt að kr. 84.000,- heildarmánaðarlaunum yrði afturvirk. Enda þótt orðalag og efni 2. gr. umdeilds kjarasamnings sé um margt óskýrt, verður ekki séð annað en að hinni sérstöku reglu 2. mgr. 2. gr. sé ætlað að gilda í eitt skipti fyrir öll á undirskriftardegi eins og áður segir, en ekki afturvirkt.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið ber að taka kröfu stefnda til greina hvað varðar útreikning hinnar sérstöku launahækkunar 2. mgr. 2. gr. í kjarasamningi málsaðila um það hvað teljist til fastra launa við dagvinnu á undirskriftardegi samningsins. Hins vegar verður að taka til greina síðari kröfulið stefnanda um að engin breyting hafi orðið á fjárhæð umsamins námskeiðsálags sérhæfðs fiskvinnslufólks og starfsfólks í mötuneytum. Námskeiðsálög kr. 3.207,- verða því óbreytt til loka samningstímans.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Viðurkennt er að við útreikning sérstakrar launahækkunar samkvæmt 2. og 3. mgr. 2. gr. kjarasamnings aðila frá 21. febrúar 1995 skuli leggja til grundvallar öll föst laun fyrir dagvinnu, þ.m.t. námskeiðsálög samkvæmt gr. 1.1.1. og 18.2. í aðalkjarasamningi aðila.

Engin breyting hefur orðið á fjárhæð umsamins námskeiðsálags sérhæfðs fiskvinnslufólks samkvæmt aðalkjarasamningi aðila og engin breyting hefur orðið á fjárhæð umsamins námskeiðsálags starfsfólks í mötuneytum samkvæmt sama aðalkjarasamningi.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Valgeirs Pálssonar.

Í kjarasamningi aðila, sem gilti fyrir gerð kjarasamningsins 21. febrúar 1995, var námskeiðsálag tiltekin fjárhæð, kr. 3.207 á mánuði, sem bættist við grunnlaun fiskvinnslufólks og starfsfólks í mötuneytum auk starfsaldurshækkana. Fjárhæðin var tilgreind sérstaklega varðandi fiskvinnslufólk (gr. 1.1.1.). Einnig var mánaðarlaunataxtinn með námskeiðsálagi útfærður í sérstakri launatöflu í kjarasamningnum eftir starfsaldursþrepum á sama hátt og laun án námskeiðsálags voru tilgreind. Námskeiðsálag starfsfólks í mötuneytum var einungis útfært í launatöflum sem hækkun á byrjunarlaunataxta, svo og í hverju starfsaldursþrepi (gr. 18.2.). Verður því að líta svo á að laun fiskvinnslufólks og starfsfólks í mötuneytum að viðbættu námskeiðsálagi eins og þau eru tilgreind í launatöflum séu föst laun fyrir dagvinnu í skilningi 3. mgr. 2. gr. kjarasamningsins frá 21. febrúar 1995, enda er þannig um að ræða laun fyrir fast og venjulegt starf óháð öllum óvissutilvikum. Verður því að leggja til grundvallar að við útreikning sérstakrar launahækkunar samkvæmt 2. mgr. 2. gr. umrædds kjarasamnings beri að miða við föst laun þannig ákveðin.

Af orðalagi hins umdeilda ákvæðis í 2. mgr. 2. gr. kjarasamningsins verður ekki ráðið að hin sérstaka hækkun hafi átt að koma til framkvæmda aðeins einu sinni, þ.e. við gildistöku samningsins. Með þeirri launabreytingu, sem aðilar sömdu um samkvæmt 2. og 3. mgr. 2. gr. kjarasamningsins, var stefnt að jöfnun launa. Verður ekki annað séð en sú launajöfnun, sem þannig var samið um, skyldi vera viðvarandi á samningstímanum. Í því felst að með hinni sérstöku hækkun verða óhjákvæmilega allir þættir fastra mánaðarlauna samkvæmt launatöflum, sem eru lægri en kr. 84.000, að sæta um leið vissri skerðingu. Verður skerðingin að taka til allra þeirra þátta, sem teljast til fastra launa fyrir dagvinnu og hin sérstaka sérstaka hækkun nær til samkvæmt því sem áður greinir. Í þessum efnum er ekki unnt að taka einn þátt hinna föstu launa út úr, svo sem sjálf grunnlaunin, starfsaldurshækkanir eða námskeiðsálag. Að öðrum kosti næði markmið samningsins um launajöfnun ekki fram að ganga.

Í 1. gr. kjarasamningsins segir að allir síðast gildandi kjarasamn-

ingar aðila framlengist til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningnum felast. Þá er í kjarasamningnum ekki kveðið á um það berum orðum að námskeiðsálag skuli breytast sérstaklega hvað fjárhæð snertir eða að það skuli vera óbreytt. Af 1. gr. samningsins leiðir hins vegar að ákvæði samningsins um námskeiðsálög (gr. 1.1.1. og 18.2.) verða að taka breytingum þannig að þau samrýmist ákvæðum 2. og 3. mgr. 2. gr. um hina sérstöku hækkun, svo og þeim markmiðum sem að baki ákvæðunum búa. Því verður að skilja hinn umdeilda kjarasamning málsaðila svo að á samningstímanum fái fiskvinnslufólk og starfsfólk mötuneyta að loknu námskeiði launahækkun og taki síðan laun samkvæmt viðeigandi launatöflum eftir að þeim hefur verið breytt samkvæmt fyrirmælum 2. gr. samningsins.

Komi hin sérstaka hækkun aðeins einu sinni til framkvæmda við upphaf samningsins verður afleiðingin sú að laun verða mismunandi eftir því hvort námskeiðsálag hafi bæst við mánaðarlaun fyrir gildistöku samningsins eða bætist við að loknu námskeiði eftir gildistöku hans. Telja má fullvíst að samningsaðilar hafi ekki stefnt að slíkum launamismun með gerð þessa kjarasamnings. Þá verður kröfugerð stefnanda hér fyrir dómi og málatilbúnaður hans að öðru leyti vart skilin svo að ætlun hans hafi verið að námskeiðsálag skyldi ákveðið með tvennum hætti samkvæmt kjarasamningnum, þ.e. skert námskeiðsálag gagnvart þeim sem höfðu áunnið sér það við gildisstöku samningsins en óskert gagnvart þeim sem ávinna sér það síðar á samningstímanum. Miklu fremur var ætlun hans með málshöfðun þessari að komið yrði í veg fyrir tvenns konar námskeiðsálag.

Að öllu framangreindu virtu verður atkvæði mitt að hafna beri kröfum stefnanda í máli þessu. Á hinn bóginn þykir mega taka til greina gagnkröfu stefnda um að viðurkennt verði, að við útreikning sérstakrar launahækkunar skv. 2. og 3. mgr. 2.gr. kjarasamnings málsaðila frá 21. febrúar 1995 skuli leggja til grundvallar öll föst laun fyrir dagvinnu, þar með talin námskeiðsálög samkvæmt gr. 1.1.1. og 18.2. í aðalkjarasamningi aðila. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 21. júní 1995.

Nr. 9/1995. **Bandalag háskólamanna BHMR f.h.**
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,
Félags íslenskra náttúrufræðinga,
Meinatæknafélags Íslands,
Röntgentæknafélags Íslands og
Stéttarfélags sjúkraþjálfara í ríkisþjónustu
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins
(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Verkfallsheimild. Frávísun að hluta.

Úrskurður Félagsdóms.

Úrskurðinn kveða upp Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Guðmundur Skaftason og Þorsteinn A. Jónsson.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 19. þ.m., að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda er höfðað með stefnu, birtri 28. febrúar 1995.

Stefnandi er Bandalag háskólamanna BHMR, kt. 630387-2566, Lágmúla 7, Reykjavík, f.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, kt. 570194-2409, Suðurlandsbraut 22, Reykjavík, Félag íslenskra náttúrufræðinga, kt. 530169-4139, Lágmúla 7, Reykjavík, Meinatæknafélags Íslands, kt. 481178-0299, Lágmúla 7, Reykjavík, Röntgentæknafélag Íslands, kt. 521187-1159, Borgartúni 33, Reykjavík, og Stéttarfélags sjúkraþjálfara í ríkisþjónustu, kt. 690372-0299, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík.

Upphaflegar dómkröfur stefnanda voru:

1. Að eftirtaldar breytingar á skrá, sem birt var sem auglýsing nr. 27/1992, samkvæmt 2. mgr. 19. gr. l. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem gerðar voru með nýrri skrá sem birt var með auglýsingu nr. 68/1995 í B- deild Stjórnartíðinda þann 27. janúar 1995 á grundvelli sama lagaákvæðis, verði felldar út gildi með dómi:

Ráðuneyti/stofnun.	Starfsmenn/staða.
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.	
Sjúkrahúsið Akranesi:	
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.
Svæfingadeild.	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.
Rannsóknarstofa.	Yfirmeinatæknir. Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Röntgendeild.	Yfirröntgentæknir. Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Sjúkrahúsið Patreksfirði:	
Rannsóknarstofa.	Meinatæknar. Gæsluvakt (1) frá 08-24.
Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi:	
Rannsóknarstofa.	Meinatæknar. Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Röntgen.	Röntgentæknar. Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Sjúkrahús Skagfirðinga, Sauðárkróki:	
Rannsóknarstofa.	Meinatæknar/náttúrufræðingur. Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Röntgen.	Röntgentæknar. Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingar. Dagvinna (1). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

Slysa- og bráðadeild.	Öll störf með venjubundnum hætti. Hjúkrunarfræðingar Morgunvakt (3). Kvöldvakt. (2) Næturvakt (1) Gæsluvakt allan sólarhringinn.
Sjúkraþjálfaradeild.	Sjúkraþjálfarar. Dagvinna (1). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Meinafræðideild.	Meinatæknar. Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Rannsóknardeild og blóðbanki.	Meinatæknar. Dagvinna (1). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Röntgendeild.	Röntgentæknar. Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

Sjúkrahúsið Húsavík.

Rannsókn.	Meinatæknir/rannsóknarm. Gæsluvakt (1.4).
Röntgen.	Röntgentæknar. Gæsluvakt (1.4).
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (1.4).

Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað.

	Röntgentæknar (0.5). Meinatæknar (0.5).

Sjúkrahúsið Egilsstöðum.

Rannsókn (sameiginleg með heilsugæslu).	Meinatæknar. Dagvinna (0.5).

Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi.

Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (1).

Rannsókn.	Meinatæknar. Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Röntgen.	Röntgentæknar. Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum.	
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (2).
Rannsóknarstofa.	Meinatæknar. Dagvinna (1). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Röngtendeild.	Röntgentæknar. Dagvinna (1). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Sjúkraþjálfun.	Sjúkraþjálfari. Gæsluvakt (1).
Sjúkrahús Suðurnesja.	
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (3) virka daga.
Rannsóknarstofa.	Meinatæknar. Gæsluvakt (2.8) frá 08–24.
Röngtendeild.	Röntgentæknar. Gæsluvakt (1) frá 08-24.
Sólvangur Hafnarfirði.	
	Hjúkrunarframkvæmdastjóri (0.6).
Rannsóknarstofa.	Meinatæknar. Dagvinna (0.3).
Ríkisspítalar.	
(2. Ríkisspítalar, hjúkrunarstjórn.)	
1. Hjúkrunarstjórn Landspítala.	Hjúkrunarframkvæmdastjórar á gæsluvakt allan sólarhringinn (1).
(4. Ríkisspítalar, stoðdeildir.)	
1. Endurhæfingardeild, unnið er skv. fyrirfram ákveðnu vaktakerfi.	Sjúkraþjálfarar (1). Sjúkraþjálfarar á gæsluvakt allan sólarhringinn (1).

(5. Ríkisspítalar, bráðadeildir.)

1. Gjörgæsludeild 1-2.	Hjúkrunarfræðingar (31).
1. Vökudeildir 22A og 23A.	Hjúkr.fræðingar og ljósmæður (24).
1. Fæðingargangur 23A.	Ljósmæður og hjúkr.fræðingar (29).
2. Fæðingardeild, MFS.	Ljósmæður og hjúkr.fræðingar (5).
1. Bráðamóttaka 10D.	Hjúkrunarfræðingar (22).

Bráðadeildir, skurðstofur:

Gæsluvakt hjúkrunarfræðingar á skurðdeild 12C-D er kl. 15:30-07:30 virka daga en allan sólarhringinn aðra daga. Gæsluvakt á skurðstofu kvenna er allan sólarhringinn alla daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Skurðdeild 12C-D.	Skurðhjúkrunarfræðingar (4) (þar af 2 með hjartaþjálfun). Skurðhjúkr.fræðingar á gæsluvakt (3). Svæfingarhjúkrunarfræðingar (2). Svæfingahjúkrunarfræðingar á gæsluvakt (2).
2. Skurðstofa kvenna.	Hjúkrunarfræðingar á gæsluvakt (2).
2. Geðdeild 33C.	Hjúkrunarfræðingar (8).
3. Geðdeild 32C.	Hjúkrunarfræðingar (8).
1. Blóðskilunardeild.	Hjúkrunarfræðingar (7).
1. Göngudeild, geislameðferð 10K.	Hjúkrunarfræðingar (6).
2. Göngudeild 21B.	Hjúkrunarfræðingar (3).

(6. Ríkisspítalar, meðferðardeildir.)

1. Hjartadeild 14E.	Hjúkrunarfræðingar (13).
3. Lyflækningadeild 4 14G.	Hjúkrunarfræðingar (12).
1. Barnadeild 3 og 4 13E.	Hjúkrunarfræðingar (17).
1. Lungnadeild.	Hjúkrunarfræðingar (10).
2. Hjúkrunardeild.	Hjúkrunarfræðingar (7).
1. Öldrunarlækningadeild 1.	Hjúkrunarfræðingar (6).
2. Öldrunarlækningadeild 2.	Hjúkrunarfræðingar (6).

3. Næturvakt fyrir öldr.lækn.d. 1-2.	Hjúkrunarfræðingar (2).
1. Krabbameinslækningadeild 11E.	Hjúkrunarfræðingar (14).
1. Kvenlækningadeild 21A, fyrir krabbameinssjúkar konur og konur með bráða kvensjúkdóma.	Hjúkrunarfræðingar (10).
1. Endurhæfingar- og hæfingar-deild LSP í Kópavogi.	Hjúkrunarfræðingar (4).
2. Geðdeild 14.	Hjúkrunarfræðingar (5).
3. Geðdeild 15.	Hjúkrunarfræðingar (4).
8. Geðdeild 28.	Hjúkrunarfræðingar (4).
1. Legudeildir, Dalbraut.	Hjúkrunarfræðingar (5).
2. Unglingadeild, hjúkrun, Dalbraut.	Hjúkrunarfræðingar (5).
1. Glasafrjóvgun.	Ljósmæður og hjúkr.fræðingar (1).

(7. Ríkisspítalar, rannsóknarstofur.)

Rannsóknarstofa í meinafræði (RH), litn. rannsóknir og réttarlæknisfræði:

Tilgreind er mönnun á virkum dögum. Gæsluvakt á litningarannsóknum er kl. 08-16 á almennum og sérstökum frídögum. Meinatæknir og náttúrufræðingur skiptast á að ganga gæsluvaktir. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Litningarannsóknir.	Meinatæknar (1). Náttúrufræðingar (1). Meinatæknar/náttúrufræðingar á gæsluvakt (1).

Rannsóknarstofa í meinafræði (RH), vefjarannsóknir 1 og 2.

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring og er hún alla daga eins. ... Gæsluvakt er kl. 16-08 alla daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

3. Vefjarannsóknir 1.	Meinatæknar (1). Meinatæknar á gæsluvakt (1).
4. Vefjarannsóknir 2.	Meinatæknar (1).

Rannsóknarstofur í blóðmeina- og meinefnafræði:

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring og er hún alla daga eins. ... Gæsluvakt er kl. 16-08 alla daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Blóðmeina- og meinefnafræði.	Meinatæknar (4). Meinatæknar á gæsluvakt (1).

Rannsóknarstofa í meinefnafræði, ísótópastofa:

Tilgreind er mönnun á virkum dögum. ... Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

2. Ísótópastofa.	Meinatæknar á gæsluvakt (1).

Sýklarannsóknardeild:

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring og er hún alla daga eins. ... Gæsluvakt er kl. 16-08 alla daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Sýklafræðideild.	Meinatæknar (2). Meinatæknar á gæsluvakt (1).

Ónæmisfræðideild:

Tilgreind mönnun er alla daga eins og felst í gæsluvakt allan sólarhringinn. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Ónæmisfræðideild.	Meinatæknar á gæsluvakt (1).

Veirufræðideild:

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring. Á virkum dögum er daglegur vinnutími á almennri deild kl. 08-16 en annar starfsmaðurinn vinnur áfram til kl. 20. Á almennum og sérstökum frídögum er daglegur vinnutími kl. 09-17. Gæsluvakt vegna áhætturannsókna er kl. 08-24 virka daga en allan sólarhringinn aðra daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Almenn deild.	Meinatæknar (1). Náttúrufræðingar (1).
2. Áhætturannsóknir.	Náttúrufræðingar á gæsluvakt (1).

Blóðbankinn:

Tilgreind er mönnun á virkum dögum. Gæsluvakt á blóðónæmisdeild er kl. 16-08 virka daga og allan sólarhringinn aðra daga. ... Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Blóðónæmisdeild.	Náttúrufræðingar (4). Náttúrufræðingar á gæsluvakt (2).

Röntgendeild:

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring. Gæsluvakt er 16-08 virka daga og allan sólarhringinn aðra daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Röntgen, virka daga.	Röntgentæknar (4). Röntgentæknar á gæsluvakt (1).
2. Röntgen, aðra daga.	Röntgentæknar á gæsluvakt (2).

St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.

Skurðstofur og sótthreinsun:	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (1).
Svæfingadeild:	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (1).
Speglunardeild:	Hjúkrunarfræðingar. Dagvinna (0,5).
Rannsókn:	Yfirmeinatæknir. Dagvinna (0,5). Gæsluvakt utan dagvinnu.
Sjúkraskýlið Hólmavík.	Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti.
Sjúkraskýlið Þingeyri.	Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti.
Meðferðarheimilið Sogni.	Hjúkrunarfræðingar. Morgun-og kvöldvakt (2,15). Gæsluvakt (1) utan vakta.

Heilsugæslustöð Suðurnesja.

Heimahjúkrun:	Hjúkrunarfræðingar (1).

Umhverfisráðuneyti.

Veðurstofa Íslands.	Yfirdeildarstjóri tölvudeildar.

2. Þá er gerð krafa um málskostnað að mati Félagsdóms, en áskilinn er réttur til að leggja fram málskostnaðarreikning við aðalmeðferð málsins.

Upphaflegar dómkröfur stefnda:

1. Að þeim kröfum stefnanda sem varða störf manna óviðkomandi stefnanda og aðildarfélögum hans og greindar verða hér á eftir verði vísað frá dómi.

2. Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, þar á meðal þeim kröfuliðum sem stefnanda eru óviðkomandi verði ekki fallist á að þeir sæti frávísun.

3. Þá er þess krafist að stefnandi greiði stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Frávísunarkrafa stefnda, sem er hér til umfjöllunar, er svofelld:

Að vísað verði frá Félagsdómi eftirfarandi liðum kröfugerðar stefnanda sem varða störf manna, óviðkomandi stefnanda og aðildarfélögum hans:

Sjúkrahúsið Akranesi.

Röntgendeild.	Yfirröntgentæknir.
	Dagvinna (0,5).
	Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi.

Rannsóknarstofa.	Meinatæknar.
	Dagvinna (0,5).
	Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Röntgen.	Röntgentæknar.
	Dagvinna (0,5).
	Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

Sjúkrahús Skagfirðinga, Sauðárkróki.

Röntgen.	Röntgentæknar.
	Dagvinna (0,5).
	Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Röntgendeild.	Röntgentæknar.
	Dagvinna (0,5).
	Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

Sjúkrahúsið Húsavík.

Rannsókn.	Meinatæknir/rannsóknarm.
	Gæsluvakt (1,4).
Röntgen.	Röntgentæknar.
	Gæsluvakt (1,4).

Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað.	
	Röntgentæknar (0,5).
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi.	
Röntgen.	Röntgentæknar. Dagvinna (0,5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum.	
Rannsóknarstofa.	Meinatæknar. Dagvinna (1). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Röntgendeild.	Röntgentæknar. Dagvinna (1). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Sjúkrahús Suðurnesja.	
Röntgendeild.	Röntgentæknar. Gæsluvakt (1) frá 08-24.
Sólvangur Hafnarfirði.	
Rannsóknarstofa.	Meinatæknar. Dagvinna (0,3).
Við Sjúkraskýlið Hólmavík.	Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti.
Sjúkraskýlið Þingeyri.	Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefnda verði hafnað og stefnanda tildæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins.

Rökstuðningur stefnda fyrir frávísunarkröfunni.

Stefndi telur að vísa beri framangreindum kröfuliðum frá dómi þar sem viðkomandi starfsmenn séu ekki félagar í aðildarfélögum stefnanda, heldur félögum innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem ekki séu aðilar að þessu máli, hvorki ein sér né í nafni heildarsambands þeirra. Um frávísun af þessum sökum vísar stefndi til 18., 19. og 25. gr. laga nr. 91/1991. Ennfremur er vísað til 5. og 26. gr. laga nr. 94/1986, svo og 45. og 69. gr. laga nr. 80/1938.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að röntgentæknar við sjúkra-

húsið á Akranesi séu félagar í Starfsmannafélagi Akraness, sem ekki heyri undir stefnanda eða málflutningsumboð hans.

Við sjúkrahúsið á Blönduósi starfi tveir meinatæknar og sé annar félagi í Meinatæknafélagi Íslands en hinn í Félagi opinberra starfsmanna Húnavatnssýslum. Beri því að vísa frá kröfum stefnanda um þá tilgreiningu, sbr. 18. og 19. gr. laga nr. 91/1991, enda óhjákvæmilegt að bæði félögin standi að málsókninni um þetta atriði. Enginn röntgentæknir starfi á stofnuninni.

Röntgentæknar við sjúkrahúsið séu í Starfsmannafélagi Sauðárkróks, sem ekki heyri undir stefnanda eða málflutningsumboð hans.

Röntgentæknar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri séu félagar í Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar, sem ekki heyri undir stefnanda eða málflutningsumboð hans.

Meinatæknar og röntgentæknar við Sjúkrahúsið á Húsavík séu félagar í Starfsmannafélagi Húsavíkur, sem ekki heyri undir stefnanda eða málflutningsumboð hans.

Röntgentæknir við Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað sé félagi í Starfsmannafélagi Neskaupstaðar, sem ekki heyri undir stefnanda eða málflutningsumboð hans.

Röntgentæknar við Sjúkrahús Suðurlands séu allir félagar í Félagi opinberra starfsmanna Suðurlandi, sem ekki heyri undir stefnanda eða málflutningsumboð hans.

Meinatæknar og röntgentæknar við Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum séu allir félagar í Starfsmannafélagi Vestmannaeyjabæjar, sem ekki heyri undir stefnanda eða málflutningsumboð hans.

Röntgentæknar við Sjúkrahús Suðurnesja séu félagar í Starfsmannafélagi Keflavíkurbæjar, sem ekki heyri undir stefnanda eða málflutningsumboð hans.

Meinatæknir á rannsóknarstofu Sólvangs í Hafnarfirði sé félagi í Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar, sem ekki heyri undir stefnanda eða málflutningsumboð hans.

Við Sjúkraskýlið Hólmavík og við Sjúkraskýlið Þingeyri starfi engir þeir sem félagar séu í aðildarfélögum stefnanda og málflutningsumboð hans taki til.

Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfu stefnda, var af hálfu stefnda bent á framlögð bréf á dskj. 61-84, en þar sé upplýst um raunverulega félagsstöðu tiltekinnna starfsmanna.

Dskj. 3-7 séu málssóknarumboð til stefnanda. Stefnandi verði að

sanna að umboð hans séu víðatækari en skjöl málsins sýna, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, 5. mgr. 6. gr. laga nr. 119/1990

Samið hafi verið við nokkur starfsmannafélög, m.a. hafi Starfsmannafélag Akureyrar og Starfsmannafélag Keflavíkur gert sjálfstæða kjarasamninga en önnur félög hafi samið sameiginlega.

BSRB eigi í málaferlum við stefnda vegna auglýsingar nr. 68/1995, þ.e. Félagsdómsmálið nr. 13/1995. Kröfur í því máli skarist við kröfugerð stefnanda í þessu máli.

Stefnandi eigi ekki lögvarða hagsmuni varðandi þessar kröfur. Það leiði til frávísunar. Skortur á málssóknarumboði leiði jafnframt til frávísunar.

Mótmæli stefnanda við frávísunarkröfu stefnda.

Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfuna var því haldið fram af hálfu stefnanda að stefndi byggi kröfur sínar í raun á aðildarskorti, sem leiði til sýknu en ekki frávísunar, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Eðlilegra sé að taka kröfurnar til efnismeðferðar. Frávísun sé ekki hin rétta afgreiðsla tæknilega séð.

Lögmaður stefnda taldi dóm Félagsdóms í dómabindi IX bls. 333 í andstöðu við 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Eftir uppkvaðningu þess dóms hafi einkamálalögunum verið breytt, sbr. 3. mgr. 25. gr. laganna, en þar sé ný aðildarregla.

Varðandi Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi var því haldið fram af hálfu stefnanda að rangt sé að á Héraðssjúkrahúsinu starfi 2 meinatæknar, 1 sé í Félagi opinberra starfsmanna á Norðurlandi en hinn í Meinatæknafélagi Íslands. Hið rétta sé að á sjúkrahúsinu starfi aðeins einn meinatæknir og hann sé félagsmaður í Meinatæknafélagi Íslands. Þess vegna eigi a.m.k. ekki að vísa frá þessum lið.

Af hálfu stefnanda var því mótmælt að kröfugerð stefnanda fari út fyrir málflutningsumboð stefnanda sbr. dskj. 3-7.

Niðurstaða.

Stefnandi hefur lagt fram umboð til Bandalags Háskólamanna BHMR til þess að höfða mál þetta frá eftirtöldum félögum:

Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Stéttarfélagi sjúkraþjálfara í ríkisþjónustu, Röntgentæknafélagi Íslands, og Meinatæknafélagi Íslands.

Í skjölum málsins kemur fram að röntgentæknar á Sjúkrahúsi Akraness eru í Starfsmannafélagi Akraness. Guðmundur Unnar Agnarsson „meinatæknir" hjá Héraðssjúkrahúsinu Blönduósi er fé-

lagi í Félagi opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum. Röntgentæknar á Sjúkrahúsi Skagafjarðar eru í Starfsmannafélagi Sauðárkróks. Röntgentæknar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri eru félagsmenn í Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar. Röntgen- og meinatæknar við Sjúkrahúsið í Húsavík eru allir félagar í Starfsmannafélagi Húsavíkur. Röntgenmyndari á Fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupstað er í starfsmannafélagi Neskaupstaðar. Röntgentæknar við Sjúkrahús Suðurlands eru allir félagar í F.O.S.S. Röntgen- og meinatæknar við Sjúkrahús Vestmannaeyja eru allir félagar í Starfsmannafélagi Vestmannaeyjabæjar. Röntgentæknar á Sjúkrahúsi Suðurnesja eru í Starfsmannafélagi Keflavíkurbæjar. Meinatæknir á Sólvangi er í Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar. Starfsmenn við Sjúkraskýlið á Hólmavík eru félagar í Félagi opinberra starfsmanna á Vestfjörðum og Verkalýðsfélagi Hólmavíkur, auk læknis í hlutastarfi, ekki er þar starfandi hjúkrunarfræðingur. Hjá Sjúkraskýli Þingeyrar er hjúkrunarfræðingur í 30% starfi, aðrir starfsmenn sjúkraskýlis eru í Verkalýðsfélaginu Brynju, Þingeyri.

Fram er komið, að starfsmenn þeir er málið varðar eru félagsmenn í öðrum félögum en þeim sem standa að málsókninni. Þó sé meinatæknir í starfi á rannsóknarstofu í Héraðssjúkrahúsinu á Blönduósi félagsmaður í Meinatæknafélagi Íslands, sem er einn af stefnendum máls þessa. Samkvæmt gögnum málsins er engin röntgentæknir starfandi við Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi.

Þegar frá er skilinn framangreindur meinatæknir, hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að hann hafi gilt fyrirsvar fyrir umrædda starfsmenn eða lögvarinna hagsmuna að gæta um verkfallsheimild þeirra. Eru því frávísunarkröfur stefnda teknar til greina í samræmi við fordæmi í dómi Félagsdóms frá 10. júlí 1990. Af sömu ástæðum kemur 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ekki til álita við úrlausn þessa þáttar málsins.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafist í frávísunarsökinni.

Úrskurðarorð:

Framangreindar kröfur um frávísun eru teknar til greina að öðru en varðar starf meinatæknis og röntgentæknis á rannsóknarstofu í Héraðssjúkrahúsinu á Blönduósi.

Mánudaginn 3. júlí 1995.

Nr. 11/1995 **Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
Reyðarfjarðarhreppi
(Bjarni Björgvinasson hdl.)

Verkfallsheimild. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gísli Gíslason og Eiríkur Helgason.

Málið er höfðað með stefnu, birtri 31. mars sl.

Stefnandi er Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi (FOSA), kt. 580687-1729, Mánagötu 13, Reyðarfirði.

Stefndi er Reyðarfjarðarhreppur, kt. 530269-7019, Austurvegi 1, Reyðarfjarðarhreppi.

Dómkröfur stefnanda:

Að af skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 sem birtist sem auglýsing nr. 70/1995 í B-deild stjórnartíðinda þann 27. janúar 1995 falli orðið „yfirhafnarvörður". Jafnframt er þess krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. ákvörðun dómsins.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af kröfu stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. ákvörðun dómsins.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi kveður málið eiga undir Félagsdóm skv. 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Í auglýsingu nr. 70/1995 segir að hreppsnefnd stefnda hafi samþykkt að birta skrá yfir störf sem „heimilt er að vinna í verkfalli". Eru tilgreind þrjú störf sem eru skrifstofustjóri, veitustjóri og yfirhafnarvörður.

Stefndi tilkynnti stefnanda með bréfi dags. 2. janúar 1995 að hann hefði í hyggju að birta framangreind starfsheiti á „svokölluðum verkfallslista". Með bréfi dags. 27. janúar 19954 andmælti stefnandi því að starf yfirhafnarvarðar yrði á listanum. Stefndi hafði andmæli stefnanda að engu og birti listann með framangreindum hætti.

Að mati stefnanda fellur starf yfirhafnarvarðar ekki undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr., þ.e. að teljast til nauðsynlegustu öryggisgæslu eða heilbrigðisþjónustu. Þá geti hann ekki talist til forstöðumanna „stærri" atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélagsins.

Það sé ótvírætt meginregla að opinberir starfsmenn hafi verkfallsrétt og allar undantekningar frá meginreglunni verði að túlka þröngt. Stefndi verði því að sýna fram á með efnislegum rökum að hin tilgreindu starfsheiti megi fella undir undantekningarákvæði laganna.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefnandi sé stéttarfélag í skilningi laga nr. 94/1986.

Því var lýst yfir að stefnandi geri ekki ágreining vegna þess að auglýsing stefnda sé ekki lögum samkvæm.

Þá sé meginregla, að allir starfsmenn hafi verkfallsrétt. Stefndi þurfi að sanna að tilgreint starf falli undir tiltekin skilyrði 3.-4. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986, það er annað hvort að yfirhafnarvörður sinni nauðsynlegustu öryggisgæslu eða hann sé forstöðumaður. Það hafi stefndi ekki gert.

Núgildandi hafnalög séu nr. 23/1994. Hafnarreglugerð fyrir Reyðarfjarðarhöfn nr. 477/1985, sem sett hafi verið í tíð eldri hafnalaga, sé enn í gildi. Í 4. gr. reglugerðarinnar sé lýst hlutverki hafnarstjóra. Starf hafnarstjóra sé lögbundið og hafnarstjóri hafi vinnuskyldu í verkfalli. Sveitarstjóri Reyðarfjarðarhrepps sé jafnframt hafnarstjóri. Yfirhafnarvörður sé ekki staðgengill hafnarstjóra.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Stefndi hafi birt auglýsingu nr. 70/1995 í B -deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, þar sem fram komi skrá yfir þau störf sem „heimilt er að vinna í verkfalli". Í auglýsingunni séu tilgreind þrjú störf, þ.e. skrifstofustjóri, veitustjóri og yfirhafnarvörður. Með bréfi dags. 2. janúar 1995 hafi stefndi sent bréf til Félags opinberra starfsmann á Austurlandi (FOSA), stefnanda máls þessa, þar sem stéttarfélaginu var kynnt fyrirhuguð auglýsing sveitarfélagsins um þá er stefndi taldi að heimilt væri að vinna í verkfalli. Í bréfinu var vísað til ákvæða 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Sveitarstjóri hafi ítrekað efni bréfsins nokkrum sinnum munnlega við formann FOSA og óskaði svars svo unnt væri að auglýsa listann í tíma. Með bréfi, dags. 27. janúar 1995, hafi stefnandi gert athugasemdir við listann

á þann hátt, að með bréfi hans, þar sem greindi að gerðar hafi verið athugasemdir við listann með útstrikunum, fylgdi ljósrit af bréfi stefnda til stefnanda frá 2. janúar 1995 og höfðu þar verið strikuð út nöfn skrifstofustjóra og yfirhafnarvarðar. Enginn frekari rökstuðningur eða skýringar hafi fylgt frá stefnanda er vísuðu til forsendna fyrir útstrikununum. Mánudaginn 30. janúar 1995 hafi stefndi sent Lögbirtingablaðinu skrá þá er um var deilt og hafi hún verið birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. B 9/1995 þann sama dag. Stefnandi hafi ekki viljað una auglýsingu þessari og því skotið málinu til Félagsdóms með tilvísun til ákvæða 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi (FOSA) sem undirdeild Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sé viðsemjandi stefnda um kjaramál starfsmanna sinna og aðild málsins óumdeild.

Stefnandi hafi ekki lagt fram neinn rökstuðning fyrir því áliti sínu að yfirhafnarverði sé ekki heimilt að vinna í verkfalli né óskað skýringa stefnanda á eðli starfsins. Útstrikun stefnanda á starfsheiti yfirhafnarvarðar verði að líta á sem skoðun stefnanda að starfsheiti yfirhafnarvarðar skuli ekki standa á listanum. Þeirri skoðun er mótmælt með eftirfarandi röksemdum.

Í starfslýsingu Reyðarfjarðarhrepps vegna yfirhafnarvarðar komi m.a. fram að yfirhafnarvörður beri ábyrgð á og hafi umsjón með öllum rekstri og framkvæmdum á hafnarsvæðinu, hann beri ábyrgð á að öll siglingaljós á hafnarsvæðinu séu í góðu lagi, hann sjái um sölu á rafmagni og vatni til skipa og síðan hafi hann umsjón með rekstri hafnarvogar og beri ábyrgð á því að upplýsingar um landaðan afla í Reyðarfjarðarhöfn berist réttum yfirvöldum, svo og beri hann ábyrgð á umferð um höfnina, beri ábyrgð á eignum hennar og einnig sjái hann um viðhald þeirra, auk margs fleira, og skuli annast að öðru leyti þau störf sem sveitarstjóri eða hafnarstjórn kunni að fela honum. Yfirmaður yfirhafnarvarðar sé sveitarstjóri, sem jafnframt beri heiti hafnarstjóra, svo sem vera muni í allflestum minni sveitarfélögum landsins. Sveitarstjóri fullnægi hins vegar ekki skilyrðum um löggildingu vigtarmanns, né hafi þekkingu á stjórn skipa vegna umferðar um höfnina.

Yfirhafnarvörður beri ábyrgð á að upplýsingar berist réttum yfirvöldum um allan afla sem landað er í Reyðarfjarðarhöfn. Skv. ákvæðum 1. mgr. sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 hafi hafnaryfirvöld á hverjum stað yfirumsjón með vigtun

og söfnun upplýsinga um landaðan afla. Á grundvelli þessarar greinar hafi verið sett reglugerð nr. 618/1994 um vigtun sjávarafla. Í 3. gr. þeirrar reglugerðar segi að vigtun skuli, „framkvæmd af starfsmanni hafnar sem hlotið hefur til þess löggildingu". Lög nr. 60/1915 fjalli um löggildingu vigtarmanna. Í starfslýsingu yfirhafnarvarðar segi, að hann hafi yfirumsjón með rekstri hafnarvogar og beri ábyrgð á því að upplýsingar um landaðan afla séu réttar. Yfirhafnarvörður verði því jafnframt að hafa löggildingu sem vigtarmaður til þess að fullnægja ákvæðum laga um stjórn fiskveiða og reglugerðar um vigtun sjávarafla. Verkfall yfirhafnarvarðar þýði í raun hafnbann á Reyðarfirði og stöðvun vinnslu sjávarafla. Umferð verði ekki heimil um höfnina af öryggisástæðum og því engir flutningar með varning, svo sem olíu, hráefni til iðnaðar né aðrar vörur, mögulegir til eða frá höfninni. Engum afla verði heimilt að landa þar, hvorki til vinnslu né til útflutnings, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 618/1994, né heldur að flytja um höfnina neitt það annað er þarfnist vigtunar og beri að skrá samkvæmt því.

Samkvæmt ársreikningi Reyðarfjarðarhrepps, sem innihaldi einnig ársreikning Hafnarsjóðs Reyðarfjarðarhrepps sjáist, að Hafnarsjóður sé stór atvinnu- og þjónustustofnun. Almenn hafnargjöld hafi numið rúmlega 14 milljónum króna og tekjur Hafnarsjóðs vegi þungt í reikningum sveitarfélagsins. Hafnarsjóður og Rafveita Reyðarfjarðar séu langstærstu þjónustufyrirtæki sveitarfélagsins. Þessi þjónustustofnun sveitarfélagsins, höfnin, annist einnig um inn- og útflutning fyrir aðra hluta Austurlands og þjóni ekki Reyðarfirði einum. Á mælikvarða sveitarfélaga sé höfnin stórt atvinnu- og þjónustufyrirtæki og í raun lífæð staðarins. Því falli starf yfirhafnarvarðar, sem sérhæfðs stjórnanda þessa veigamikla hluta af starfsemi sveitarfélagsins, beint undir ákvæði 5. tl., sbr. 6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Samkvæmt ákvæðum 5. tl., sbr. 6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 nái verkfall ekki til forstöðumanna stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgengla þeirra.

Um störf yfirhafnarvarðar er vísað til hafnarreglugerðar fyrir Reyðarfjarðarhöfn nr. 477/1985. Þá segi yfirhafnarvörður fyrir um það hvort skipstjórnarmönnum beri að hafa lóðs um borð við komu og brottför skips og sjái um að lóðs sé til staðar sé hans þörf. Sé ekki sinnt um öryggisþátt hafna liggi beint við að banna verði alla umferð um höfnina, þar sem hafnarstjórn geti orðið skaðabótaskyld

vegna tjóna og slysa innan hafnarsvæðisins, er rekja megi til þess til dæmis að öryggistæki s.s. siglingaljós væru ekki í lagi eða vanræksla á viðhaldi valdi slysi eða tjóni. Starf yfirhafnarvarðar megi því fella undir ákvæði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um nauðsynlega öryggisgæslu og færa rök fyrir því að stjórnendur hafna séu hliðstæðir þeim er stjórna flugumferð. Vísað er til þess að í auglýsingu nr. 53/1990, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda, hafi viðkomandi stéttarfélög ekki gert athugasemdir við það að t.d. flugvallareftirlitsmenn og flugvallarverðir væru meðal þeirra starfsheita er heimilt væri að vinna í verkfalli, sbr. dóm Félagsdóms nr. 1/1990.

Ekki sé samræmi í ákvörðunum starfsmannafélaga sveitarfélaga varðandi skrár skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Vísað er til ljósrits bréfs bæjarstjórans í Neskaupstað dags. 23. febrúar 1993 til Starfsmannafélags Neskaupstaðar varðandi þau starfsheiti sem verkfallsheimild nái ekki til. Samkomulag hafi verið með aðilum á Neskaupstað um að listi þessi hafi verið nægjanlega birtur, þótt birting í B-deild Stjórnartíðinda hafi ekki átt sér stað og hafi hann verið í gildi frá árinu 1993. Á lista þessum sé hafnarstjóri tilgreindur og samþykktur af starfsmannafélagi Neskaupstaðar sem aðili er ekki hafi verkfallsheimild. Á Neskaupstað sé starfandi sérstakur hafnarstjóri, sem sé yfirmaður hafnarinnar eins og yfirhafnarvörður á Reyðarfirði. Samkvæmt þessu sé ljóst að ekki sé samræmi í túlkunum hinna mismunandi félaga opinberra starfsmann á því hvaða starfsheiti séu undanþegin verkfallsheimild.

Í stefnu greini að stefndi hafi haft að engu andmæli stefnanda við því að yfirhafnarvörður yrði á listanum yfir þá aðila sem heimilt væri að vinna í verkfalli. Stefndi hafi ritað stefnanda bréf þann 2. janúar 1995 þar sem starfsheiti hins umdeilda aðila kom fram. Í bréfinu hafi verið tekið fram að þess væri vænst að stjórn FOSA tæki málið fyrir sem fyrst. Þrátt fyrir ítrekuð munnleg tilmæli sveitarstjórna til formanns FOSA sé svarbréf stefnanda dagsett föstudaginn 27. janúar 1995, en skv. 19. gr. laga nr. 94/1986 beri að birta umrædda lista fyrir þann 1. febrúar ár hvert. Stefnandi hafi ekki svarað bréfi stefnda fyrr en á föstudegi og þá einungis með þeim hætti að strika tvö starfheiti úr úr bréfi stefnanda án nokkurs rökstuðnings eða að óskað hafi verið skýringa af hálfu stefnda á eðli starfanna. Ekki komi fram í lögunum hvernig samráði aðila skuli háttað, né fyrir hvaða tíma beri að leggja fram athugasemdir. Eðli

máls samkvæmt hljóti það þó að verða að gerast innan þess tíma að unnt verði að birta auglýsingu innan tilsetts tíma. Vegna þess hversu seint var svarað af stefnanda hálfu, hafi stefndi ekki átt þess nokkurn kost að hafa frekara samráð við stefnanda um málið, þar sem þá hefði liðið sá tími er hann hafði til þess að láta birta auglýsinguna. Í raun hafi það einungis verið unnt með því að senda símbréf til Lögbirtingablaðsins þann 30. janúar til birtingar. Stefndi verði því ekki með réttu sakaður um að hafa haft andmæli stefnanda að engu, svo óljós sem þau voru og seint fram komin.

Vegna þess hversu seint athugasemdir stefnanda bárust og af þeim sökum hafi ekki reynst unnt að efna til samráðs um starfsheiti á listanum, er þess krafist að málskostnaður leggist á stefnanda, þar sem telja verði að mál þetta fari fyrir Félagsdóm af orsökum er hann varða.

Að lokum er bent á, að með broti gegn hafnalögum, hafnarreglugerð, lögum um stjórn fiskveiða og reglugerð um vigtun sjávarafla beri að fara með að hætti opinberra mála. Það geti því varðað sveitarfélagið refsingu sinni það ekki lögbundnum skyldum sínum og haldi opinni höfn sinni þrátt fyrir verkfall opinberra starfsmanna.

Af hálfu stefnda er vísað til ákvæða laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, einkum 19. gr. laganna. Vísað er til ákvæða kafla I og II í hafnalögum nr. 23/1994 og til reglugerðar nr. 477/1985 um Reyðarfjarðarhöfn. Vísað er til laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, einkum 1. gr., 3. gr., 16. gr. og 19. gr. Vísað er til reglugerðar nr. 618/1994 um vigtun sjávarafla, einkum 3. gr., 5. gr., 6. gr., 7. gr., 9. gr., 12. gr., 22. gr., 23. gr., 25. gr., 30. gr. og 33. gr. – 40. gr. Vísað er til laga nr. 60/1915 um löggildingu vigtarmanna. Vísað er til ákvæða 2. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Vísað er til 129. gr., sbr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála varðandi málskostnað.

Niðurstaða.

Samkvæmt 14. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, er stéttarfélögum, sem eru samningsaðilar samkvæmt lögunum, heimilt að gera verkfall og samkvæmt 18. gr. laganna tekur það til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitenda, sem verkfall beinist gegn, nema þeim sé óheimilt að

gera verkfall samkvæmt lögunum. Í 19. gr. laganna er talið upp til hverra starfsmanna verkfallsheimild skv. 14. gr. nær ekki til.

Í II kafla hafnalaga nr. 23/1994 er fjallað um stjórn hafna og rekstur. Samkvæmt 9. gr. laganna ræður hafnarstjórn hafnarstjóra og ákveður verksvið hans. Samkvæmt 2. gr. Hafnarreglugerðar fyrir Reyðarfjarðarhöfn nr. 477/1985 fer sveitarstjórn með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins. Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skal skipuð þrem fulltrúum, er sveitarstjórn kýs og jafnmörgum til vara. Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga sveitarstjóri og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétt. Í 4. gr. reglugerðarinnar er hlutverk hafnarstjóra skilgreint. Framlögð starfslýsing yfirhafnarvarðar á Reyðarfirði gefur til kynna að yfirhafnarvörður sinni hluta af þeim störfum, sem eru í verkahring hafnarstjóra. Það breytir ekki því að sveitarstjóri er hafnarstjóri og yfirmaður yfirhafnarvarðar. Ekkert er framkomið um að yfirhafnarvörður gegni staðgengilsstöðu hafnarstjóra. Verður því ekki á þá skoðun stefnda fallist að starf yfirhafnarvarðar falli undir ákvæði 5. tl., sbr. 6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Eins og að framan var rakið ber að túlka undantekningar frá meginreglu 14. gr. laga nr. 94/1986 þröngt og þrátt fyrir að starf yfirhafnarvarðar sé nauðsynlegt þá verður það ekki talið til nauðsynlegustu öryggisgæslu skv. 3. tl. 19. gr. laganna, sbr. 20. gr. sömu laga.

Það skiptir ekki máli við niðurstöðu máls þessa hvað starfsmannafélag Neskaupstaðar kann að hafa samþykkt varðandi hafnarstjóra í Neskaupstað.

Með vísan til framanritaðs er krafa stefnanda tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Af skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, sem birtist sem auglýsing nr. 70/1995 í B-deild stjórnartíðinda þann 27. janúar 1995, falli orðið „yfirhafnarvörður".

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i
Gísla Gíslasonar.

Störf yfirhafnarvarða eru sérhæfð stjórnunarstörf í hverju sveitarfélagi og á Reyðarfirði er höfnin veigamikið atvinnu- og þjónustufyrirtæki. Ber því með vísan til 5. og 6. tl. 19. greinar laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna að fallast á kröfu stefnda um sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Reyðarfjarðarhreppur, skal sýkn af kröfum stefnanda, Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 7. júlí 1995.

Nr. 17/1995. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Sjómannasambandi Íslands
vegna Sjómanna- og vélstjóradeildar
Verkalýðsfélags Akraness
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f.h.
Landssambands íslenskra útvegsmanna
vegna Útvegsmannafélags Akraness
f.h. Krossvíkur hf., Akranesi
(Jónas Haraldsson hdl.)

Kjarasamningur. Skiptakjör. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16a, f.h. Sjómannasambands Íslands, kt. 570269-2249, Borgartúni 18, Reykjavík vegna Sjómanna- og vélstjóradeildar Verkalýðsfélags Akraness, kt. 680269-6889, Kirkjubraut 40, Akranesi.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna, kt. 420269-0649, Hafnarhvoli v/Tryggvagötu, Reykjavík vegna Útvegsmannafélags Akraness, kt. 620775-0459, Akranesi, f.h. Krossvíkur hf., kt. 450973-1499, Vesturgötu 3-9, Akranesi.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að staðfest verði með dómi að með því að greiða félagsmönnum stefnanda í áhöfn Höfðavíkur AK-200 lægra verð fyrir hlut þeirra í afla skipsins en fáanlegt var samkvæmt fyrirliggjandi tilboði í aflann úr veiðiferð er lauk hinn 10. febrúar síðastliðinn hafi útgerð skipsins Krossvíkur hf. brotið gegn ákv. 1. mgr. greinar 1.24 í kjarasamningi aðila frá 24. nóvember 1990.
2. Að stefnda verði gert að greiða sekt í félagssjóði Verkalýðsfélags Akraness skv. gr. 1.37. í kjarasamningi aðila frá 24. nóvember 1990.

3. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefndi verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda.
2. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Mál þetta var þingfest hinn 22. maí sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 30. júní sl.

Málavextir.

Fiskmarkaðir hófu starfsemi á árinu 1987 og frá árinu 1991 hefur verðlagning á fiski verið frjáls. Í ársbyrjun 1995 beindu samtök sjómanna áskorun til fiskverkenda, sem ekki eru jafnframt útgerðarmenn, að þeir gerðust virkari í viðskiptum með fisk en verið hefði m.a. með því að bjóða í afla skipa þótt ekki lægi fyrir að til stæði að landa honum á fiskmarkaði. Með tilboði dagsettu 9. febrúar 1995 gerði Fiskmarkaðurinn hf. í Hafnarfirði f.h. kaupenda tilboð í afla b/v Höfðavíkur AK-200 sem landa átti á Akranesi 10. febrúar 1995. Var tilboðinu beint til framkvæmdastjóra útgerðar skipsins, Krossvíkur hf. og sent með símbréfi kl. 17:41 þann 9. febrúar 1995 eftir að skrifstofunni hafði verið lokað. Tilboð þetta barst til vitundar framkvæmdastjóra Krossvíkur hf. að morgni þann 10. febrúar 1995 eftir að löndun var hafin og var tilboðinu ekki sinnt af hálfu útgerðarinnar. Gerð var krafa til þess að gert væri upp við áhöfn skipsins á grundvelli þeirra verða sem boðin voru í tilboðinu en við þeirri kröfu var ekki orðið. Telur stefnandi að með þessu hátterni hafi útgerð skipsins brotið gegn ákvæði 1. mgr. greinar 1.24. í kjarasamningi aðila frá 24. nóvember 1990 og að nauðsyn beri til að fá viðurkenningu Félagsdóms á því. Sé stefnanda því nauðsyn á að höfða mál þetta.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er m.a. tekið fram um málsatvik að frá því að verðlagning á fiski hafi verið gefin frjáls á árinu 1991 hafi hún í vaxandi mæli ráðist af verðmyndun á fiskmörkuðum þar sem framboð og eftirspurn ráði mestu um verðið hverju sinni. Veigamiklar undantekningar hafi þó verið frá þessari meginreglu þegar í hlut eigi útgerðir sem jafnframt reki fiskverkun. Hafi þessar útgerðir viljað ákveða einhliða það verð sem þær gjalda fyrir aflahlut sjómanna þegar þær ráðstafa afla skipa sinna til eigin fiskverkunar. Hafi

sprottið af þessu deilur milli sjómanna og útvegsmanna en sjómenn hafi talið útgerðarmenn oft á tíðum sniðganga samningsbundinn rétt þeirra til hæsta gangverðs aflahlutarins hverju sinni.

Í tilboði því sem Fiskmarkaðurinn hf. í Hafnarfirði hafi gert í afla b/v Höfðavíkur AK-200 hinn 9. febrúar 1995 hafi verið boðin áþekk verð og algeng hafi verið á fiskmörkuðum á þessum tíma. Þrátt fyrir tilboð þetta hafi útgerðin ráðstafað afla skipsins til eigin fiskverkunar og gert upp við skipverja á grundvelli verða sem hún hafi ákveðið einhliða fyrir hverja tegund. Hafi þau verð verið verulega lægri en þau verð sem boðin voru í tilboði Fiskmarkaðarins hf. Hafi hásetahlutur sá sem útgerðin greiddi fyrir afla umræddrar veiðiferðar verið kr. 30.252 lægri en verið hefði ef tilboði Fiskmarkaðarins hf. hefði verið tekið.

Stefnandi byggir kröfur sínar á ákvæði 1. mgr. greinar 1.24. í kjarasamningi aðila frá 24. nóvember 1990 en þar segir: „Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og skal skipverjum tryggt hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær. Sama gildir um hrogn, lifur og bein." Þetta ákvæði telur stefnandi eiga að túlka svo að útgerðarmanni sé skylt að greiða skipverjum það verð fyrir aflahlut þeirra sem sannanlega var hæsta fáanlegt verð í hverju tilviki. Í því tilviki, sem hér um ræðir, hafi legið fyrir tilboð í afla skipsins um hærra verð en útgerðarmaður stóð skipverjum skil á. Hafi hann með því brotið gegn hinu tilvitnaða ákvæði kjarasamnings aðila.

Frá fornu fari hafi sjómenn á fiskiskipum fengið laun sín greidd í formi aflahlutar. Afla veiðiskips hafi verið skipt í hluti og átti hver skipverja sinn hlut. Aflinn hafi því verið sameign útgerðarmanns og skipverja. Þetta fyrirkomulag hafi haldist í grundvallaratriðum óbreytt. Þó hafi útgerðarmaður lengi haft umboð til þess að ráðstafa aflanum í heild en ávallt hafi honum borið skylda til þess að gæta þess að skipverjar fengju fullt verð fyrir sinn hluta í aflanum. Verði þetta ljóst ef skoðuð séu ákvæði eldri kjarasamninga.

Í togarasamningi frá 5. mars 1952 segir í lokamálslið 2. greinar varðandi söluverð afla sem landað er innanlands: „Söluverð fisksins skal ekki vera undir almennu gangverði miðað við gæði fisksins".

Í samningi um kaup og kjör á línuveiðum frá 3. febrúar 1956 segir í 1. málslið 14. greinar samningsins: „Leita skal samþykkis skipverja á sölu á fiski, sem útgerðarmenn kaupa sjálfir af skipum sínum. ...".

Í 9. grein samningsins frá 3. febrúar 1956 um kaup og kjör á þorskanetjaveiðum segir: „... Skipverjum skal heimilt að hafa 1 fulltrúa úr sínum hópi, samþykktan af stjórn viðkomandi félags, til þess að fylgjast með sölu, og skal útgerðarmanni skylt að ráðfæra sig við hann um allar sölur áður en þær fara fram. Óski útgerðarmaður að kaupa sjálfur fyrir það verð, sem um er að ræða, þegar sölur fara fram, þá skal hann hafa forkaupsrétt. ...“

Í samningi frá 24. janúar 1961, um kjör háseta, matsveina og vélstjóra á vélbátum sem veiða með línu, netum, botnvörpu, dragnót og humarvörpu, segir í 10. grein: „Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans, og skal skipverjum tryggt gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær. Sama gildir um hrogn, lifur og bein.“

Framangreint ákvæði hafi verið óbreytt í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands til 24. nóvember 1990 en þá sé orðinu „gangverð“ breytt í „hæsta gangverð“. Ástæðan hafi verið aukið frelsi í fiskviðskiptum. Fiskmarkaðir hafi tekið til starfa á árinu 1987 og það ár hafi fiskverð einnig verið gefið frjálst til reynslu. Fyrirséð hafi verið að Verðlagsráð sjávarútvegsins hefði gengið sér til húðar og því verið skerpt á framangreindu ákvæði í kjarasamningum varðandi gangverð til að mæta breyttum tímum, en verðákvörðun á fiski hafi að mestu verið í höndum Verðlagsráðs sjávarútvegsins frá því að fyrst voru sett lög um það hinn 18. desember 1961 og allt til þess að fiskmarkaðir hófu starfsemi á árinu 1987.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að útgerðarmaður komi fram sem umboðsmaður áhafnar við sölu aflahlutar hennar. Umboð hans sé þó takmarkað á þann hátt, að honum sé óheimilt að selja aflahlut áhafnar fyrir lægra verð en hæst sé fáanlegt. Leiði þetta af orðalagi 1. mgr. gr. 1.24. í kjarasamningi aðila, en auk þess styðji önnur ákvæði samningsins þessa túlkun svo sem ákvæði í grein 1.32., 5.26. og 5.44., en þessi ákvæði tryggi skipverjum aðgang að gögnum um söluverð afla og um útreikninga aflahlutar og uppgjörs. Í grein 1.36. séu svo settar skorður við því, að gerðir séu sérsamningar við einstaka skipverja eða skipshafnir sem fari í bága við kjarasamning aðila.

Krafa stefnanda um sekt er byggð á grein 1.37. í kjarasamningi aðila. Um málskostnaðarkröfu aðila vísast til ákvæða XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málsatvik að tilboð það, sem barst í afla b/v Höfðavíkur AK-200 frá Fiskmarkaðinum hf. í Hafnarfirði, hafi verið eitt af mörgum, sem nokkrum útgerðarfyrirtækjum hafi borist á stuttu tímabili í afla skipa þeirra frá fiskmörkuðum. Hafi hér verið um að ræða samstarfsverkefni sjómannasamtakanna (S.S.Í., V.S.F.Í. og F.F.S.Í.) og Samtaka fiskvinnslustöðva án útgerða (S.F.Á.Ú). Markmið S.F.Á.Ú. hafi verið að fá allan fisk á fiskmarkað, sem tryggir félagsmönnum S.F.Á.Ú. nóg hráefni og ódýrt, þar sem verulega aukið framboð af fiski hríðfellir verðið á fiskmörkuðunum. Ekki liggi ljóst fyrir hvaða ávinning sjómannasamtökin telja sig hafa af slíku samstarfi við S.F.Á.Ú. að vinna að því að fiskverð lækki verulega.

Hvorki stefndi né önnur útgerðarfyrirtæki, sem hafði borist tilboð í afla skipa sinna, hafi sinnt þessum tilboðum, þar sem menn töldu að það væri ekki í hlutverki eða á valdi fiskmarkaða að óbreyttum reglum að gefa föst tilboð fyrir þriðja aðila í einstaka fiskfarma. Hlutverk uppboðsmarkaða væri eingöngu að bjóða upp þann fisk, sem þeim væri falið af fúsum og frjálsum vilja að bjóða upp.

Vegna kvartana L.Í.Ú. yfir þessu atferli fiskmarkaðanna hafi forsvarsmenn fiskmarkaðanna skrifað bréf til sjávarútvegsráðuneytisins, sem hafi úrskurðað að Fiskmarkaðinum hf. hefði verið óheimilt að gefa föst verðtilboð fyrir þriðja aðila í einstaka farma fiskiskipa. Væri það ekki í hlutverki eða á valdsviði fiskmarkaðanna og þeim því ólögmætt. Eftir að þessi stjórnvaldsúrskurður lá fyrir frá sjávarútvegsráðuneytinu hafi tilboð frá þessum aðilum hætt að berast.

Stefnandi hafi á hinn bóginn ekki sætt sig við þennan stjórnvaldsúrskurð, en telur þvert á móti, að stefndi sé bundinn við þetta tilboð Fiskmarkaðarins hf. Annað sé brot á kjarasamningi aðila og varði stefnda sektum. Af þeim sökum höfðar hann mál þetta.

Um sakarefnið.

Í máli þessu er deilt um skilning á 1. mgr. 1.24. gr. í kjarasamningi S.S.Í. og L.Í.Ú., sem stefnandi telur að stefndi hafi brotið, með því að gangast ekki undir áður nefnt tilboð, sem varði hann sektum skv. gr. 1.37. í kjarasamningum aðila.

Stefnandi byggir kröfu sína á þeirri skoðun sinni, að orðin „hæsta gangverð" fyrir fisk, þýði það sama og hæsta verð, sem einhver kunni að vilja greiða hverju sinni. Þessa skoðun telur stefndi ranga,

enda geti gangverð ekki verið hæsta verð, meðalverð á fiskmörkuðum; uppboðsverð eða tilboðsverð, sem einhver býður einhverjum einhvers staðar.

Hljóti það að vera hlutverk stefnanda að sýna fram á og sanna að hugtakið „hæsta gangverð" hafi þá merkingu, sem hann heldur fram. Stefnandi verði að útskýra tilurð ákvæðisins og hvernig það hafi verið hugsað í upphafi, einnig hvernig hæsta gangverð myndist, hvort það sé bundið við verstöð, landsvæði eða landið allt, hver sé munurinn á gangverði og hæsta gangverði og svo framvegis. Takist stefnanda ekki að sanna hver sé rétt túlkun á hugtakinu hæsta gangverð beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda af þeim sökum einum saman. Stefnda verði ekki refsað á grundvelli óskilgreinds hugtaks.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á eftirfarandi:

Samkvæmt grein 1.24. í kjarasamningi S.S.Í. og L.Í.Ú. hafi útgerðarmaður með höndum sölu aflans, en skipverjum skuli tryggt hæsta gangverð aflans, þó aldrei minna en útgerðarmaður fái fyrir fiskinn. Þetta ákvæði sé 35-45 ára gamalt og hafi ekki lengur raunhæfa þýðingu eftir að Verðlagsráð sjávarútvegsins hóf að ákvarða lágmarksfiskverð á sínum tíma, sem varð að því gangverði, er gilti almennt milli fiskkaupanda og fiskseljanda, sbr. dóm Félagsdóms 1969-106. Eftir að fiskverð hafi verið gefið alfarið frjálst 1991 og áhöfn og útgerð, sem fiskseljandi, skulu semja við fiskkaupanda hver á sínum stað um fiskverð, sé skilgreiningin „hæsta gangverð" orðin nánast markleysa. Sé útilokað að gangverð á fiski á Íslandi geti mótast af því litla magni fiskjar, sem sett sé á uppboðsmarkaði hverju sinni, þar sem fiskverðin sveiflast auk þess upp og niður, eins og gerist á uppboðsmörkuðum. Komi fram að á tímabilinu 1.1.-1.6. 1995 sveiflaðist t.d. verð á ýsu á fiskmörkuðunum frá 5 kr. til 230 kr., þorski frá 24 kr. til 231 kr. og karfa frá 5 kr. til 446 kr.

Stefndi telur, að hæsta gangverð hljóti að vera það verð er gangi manna í milli almennt í viðskiptum í viðkomandi verstöð, í þessu tilfelli Akranesi. Undirstrikar stefndi að á Akranesi séu tvö stór fiskvinnslufyrirtæki, annars vegar fiskvinnsla stefnda og hins vegar fiskvinnsla Haraldar Böðvarssonar hf. Þessir aðilar móti gangverðið á fiski á Akranesi. Þau hafi greitt á þessum tíma nánast sama fiskverð, sem gilt hafi til ákveðins tíma í senn. Hæsta gangverð á fiski á Akranesi, ef hægt sé þá að tala um, hafi því verið það verð, sem

stefndi hafi greitt áhöfn sinni. Með því hafi hann fullnægt gr. 1.24. um greiðslu hæsta gangverðs, eins og kjarasamningar krefjast, þótt það verð hafi e.t.v. ekki verið hæsta verð, sem fyrir fannst. Í öllum tilvikum fái áhöfn og útgerð sama verð til skipta og er það í samræmi við ákvæði gr. 1.24.

Aðalsýknukrafa stefnda byggist á því, að tilboð það, sem Fiskmarkaðurinn hf. gaf í afla b/v Höfðavíkur AK-200 hafi verið ólögmætt og ekki skuldbindandi fyrir stefnda. Sjávarútvegsráðuneytið hafi úrskurðað með bréfi dags. 9. mars 1995 að Fiskmarkaðinum hf. hafi ekki verið heimilt að gefa föst verðtilboð fyrir hönd þriðja aðila í afla skipa. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Ágreiningurinn í máli þessu snúist í raun fyrst og fremst um gildi þessa stjórnvaldsúrskurðar frekar en skilning á ákveðinni grein í kjarasamningi.

Þá bendir stefndi auk þess á, að hefði tilboðið verið talið standast, þá hafi tilboðið borist allt of seint til þess að hægt hefði verið að sinna því. Hafi löndun úr skipinu verið komin vel á veg, þegar framkvæmdastjóri stefnda varð var við að símbréf hafði borist. Í tilboðið hafi auk þess vantað ýmsar grundvallarupplýsingar til þess að hægt hefði verið að ganga að því, hefði það komið yfirhöfuð til álita, t.d. hvort selja hefði átt hluta aflans til útlanda á ísfiskmarkaði, en þá hefði seljandinn fengið 10-20% álag á kvótann, þ.e. kvótaskerðingu.

Þá áréttar stefndi að áhöfn skipsins hafi ekki gert athugasemdir við uppgjör vegna þessarar veiðiferðar. Hafi hún tekið við uppgjöri án fyrirvara og athugasemda um betri rétt. Á þessum tíma hafi áhöfn, útgerð og fiskvinnsla verið í samningaviðræðum um nýtt fiskverð og hafi verið í gildi fiskverðsamkomulag, er gilt hafi til 15. febrúar 1995 a.m.k. Hafi stefnda verið óskylt að hlíta því að taka tilboði þriðja aðila á samningstímanum.

Niðurstaða.

Eftir 1.24. grein kjarasamnings aðila frá 24. nóvember 1990 hefur útgerðarmaður með höndum sölu afla og skal skipverjum tryggt hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra verð en útgerðarmaður fær. Ljóst er að skipshöfn á hlut í aflanum og samkvæmt ákvæði þessu er útgerðarmanni veitt umboð til sölu aflans fyrir þeirra hönd með tilteknum skilyrðum. Veiðiferð Höfðavíkur AK-100 lauk 10. febrúar 1995 og var aflanum landað á Akranesi. Löndun var hafin er stefnda, Krossvík hf. á Akranesi, barst tilboð frá Fiskmarkaðin-

um hf. í Hafnarfirði um kaup á aflanum. Er óumdeilt að tilboð þetta barst í símbréfi á skrifstofu stefnda eftir lokun hennar 9. febrúar sl. og komst ekki til vitundar framkvæmdastjóra stefnda fyrr en að morgni næsta dags, er löndun var hafin. Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á því að sannanlega hafi verið hægt að fá hærra verð fyrir aflann samkvæmt tilboðinu en útgerð stefnda greiddi skipshöfninni og með því hafi stefndi brotið gegn framangreindu kjarasamningsákvæði. Tilboðsgjafa, Fiskmarkaðinum hf. í Hafnarfirði, mátti vera ljóst er hann sendi tilboðið í símbréfi kl. 17:41 þann 9. febrúar, að tilboðið myndi koma of seint fram. Stefnanda hefur því ekki tekist að sýna fram á að fram hafi komið raunhæft tilboð í aflann, sem var hærra en skipverjar fengu í aflahlut sinn. Er stefndi því þegar af þessari ástæðu sýknaður af kröfum stefnanda.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnanda til að greiða stefnda 70.000 krónur í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Akraness f.h. Krossvíkur hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómanna- og vélstjóradeildar Verkalýðsfélags Akraness.

Stefnandi greiði stefnda 70.000 krónur í málskostnað.

Sératkvæði
Gunnars Sæmundssonar.

Telja verður að hlutur skipverja sé eign þeirra uns aflinn hefur verið seldur. Til þess bendir sjálft orðið hlutur svo og orðalag 1. mgr. greinar 1.24. í kjarasamningi aðila frá 24. nóvember 1990 og 1. mgr. greinar 3.0 í kjarasamningi frá 15. júní 1995. Útgerðarmaður kemur því fram sem umboðsmaður þeirra við sölu þess hluta aflans og fer um umboð hans skv. sérreglum í kjarasamningi og almennum reglum um umboðsmennsku.

Við úrlausn máls þessa skiptir ekki máli hvort tilboðið frá 9. febrúar 1995 kom til vitundar stefnda Krossvíkur hf. áður en löndun aflans hófst eða eftir það þar sem ekki er á því byggt af hálfu stefn-

anda að stefnda hafi verið skylt að taka tilboðinu, heldur því að honum hafi sem kaupanda að aflahlut skipverja borið að greiða þeim það verð fyrir hann sem í því greinir.

Það er meginregla í íslenskum rétti að jafnt lögaðilar sem einstaklingar geti komið fram í umboði annarra. Ekki verður séð að lög nr. 123/1989 um uppboðsmarkað takmarki rétt slíks markaðs til að koma fram sem umboðsmaður og í starfsreglum sumra þeirra mun slíkt beinlínis talið á starfssviði þeirra, sbr. bréf Fiskmarkaðarins hf. frá 14. febrúar 1995. Loks mun slík umboðsmennska hafa verið látin óátalin af sjávarútvegsráðuneytinu þar til í bréfi þess frá 9. mars 1995. Ekki eru því rök til að telja framangreint tilboð ólögmætt og ómerkt af þeim sökum að tilboðsgjafa hafi skort heimild til að gera slíkt tilboð fyrir hönd umbjóðenda sinna.

Fiskmarkaðir gegna verulegu hlutverki varðandi verðmyndun á lönduðu sjávarfangi, enda umtalsverður hluti landaðs sjávarafla seldur á þeim. Við túlkun orðsins gangverð í kjarasamningi aðila verður því að taka tillit til þess verðs sem þar gengur, með sama hætti og verðs sem greitt er fyrir afla sem seldur er beint til fiskverkenda. Hugtakið hæsta gangverð í kjarasamningnum verður því að skilja svo að það geti ekki verið lægra en meðalverð er á fiskmörkuðum á hverjum tíma á hverri fisktegund um sig. Við athugun á lokabirtingu Samstarfsnefndar sjómanna og útvegsmanna, sbr. lög nr. 79/1994, á upplýsingum um dreifingu verðs á fiski eftir tegundum í febrúar 1995, kemur í ljós að verð það sem boðið var í afla Höfðavíkur AK-200, sem landað var 10. þess mánaðar, var lægra en meðalverð fyrir sömu fisktegundir á fiskmörkuðum í þeim mánuði. Með því að greiða skipverjum lægra verð fyrir hlut þeirra í aflanum er fyrir lá við uppgjör að fáanlegt hafði verið, sbr. fyrrgreint tilboð, braut stefndi því gegn ákvæði 1. mgr. greinar 1.24. í kjarasamningi aðila frá 24. nóvember 1990.

Eftir atvikum tel ég ekki ástæðu til að gera stefnda að greiða sekt skv. grein 1.37. í nefndum kjarasamningi og tel rétt að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 14. júlí 1995.

Nr. 16/1995. **Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar og
(Hjörleifur B. Kvaran hrl.)
Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar
(Gestur Jónsson hrl.)

Kjarasamningur. Samningsaðild.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Þorsteinn A. Jónsson og Gísli Gíslason.

Stefnandi er Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, kt. 571094-2409, Suðurlandsbraut 22, Reykjavík.

Stefndu eru Borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarstjórnar Reykjavíkur, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Reykjavík og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, kt. 620269-2989, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga fari með samningsaðild fyrir Eddu Hjaltested, kt. 110845-3759, Ásvallagötu 73, Reykjavík, við gerð kjarasamninga við Reykjavíkurborg vegna starfa hennar sem forstöðumanns við félags- og þjónustumiðstöð og þjónustuíbúðir aldraða við Lindargötu í Reykjavík.
2. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað vegna meðferðar málsins fyrir Félagsdómi samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi, Reykjavíkurborg, krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. mati dómsins.

Stefndi, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, krefst þess að sýknað verði af kröfu stefnanda og honum verði gert að greiða stefnda málskostnað.

Mál þetta var þingfest 4. maí 1995.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður nauðsynlegt að lýsa málsatvikum ítarlega, bæði vegna fyrirmæla í 50. gr. l. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, svo og til þess að samhengi málsástæðna hans verði ljóst, sbr. 80. gr. l. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og 69. gr. l. 80/1938.

Stefnandi er stéttarfélag hjúkrunarfræðinga. Félagið var stofnað þann 14. janúar 1994 við sameiningu Hjúkrunarfélags Íslands og Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga. Runnu eignir félaganna tveggja til hins nýja félags og urðu félagsmenn þeirra félagsmenn í hinu nýja stéttarfélagi, sem tók við öllum réttindum og skyldum félaganna tveggja. Stefnandi kveður að meðal félagsmanna sinna sé Edda Hjaltested, en hún hafi lokið prófi sem hjúkrunarfræðingur á árinu 1968 og þá þegar orðið félagi í Hjúkrunarfélagi Íslands. Stefnandi kveður Eddu Hjaltested hafa lokið við framhaldsmenntun í stjórnun sem er 30 eininga nám og hafi hún lokið þessu námi á árinu 1986. Stefnandi kveður starfsferil Eddu Hjaltested hafa verið á sviði hjúkrunar allt frá því að hún lauk námi. Lengst af hafi hún starfað á Íslandi, en einnig í Danmörku, þar sem hún hafi fengið leyfi heilbrigðisyfirvalda til þess að starfa sem hjúkrunarfræðingur. Stefnandi kveður Eddu Hjaltested hafa starfað í 10 ár sem deildarstjóri á göngudeild fyrir speglanir og lyfjameðferð krabbameinssjúklinga á St. Jósepsspítala, Landakoti, en síðar hafi hún um nær fjögurra ára skeið verið hjúkrunarframkvæmdastjóri á St. Jósepsspítala, Landakoti. Hún hafi því auk náms síns og starfsreynslu á sviði hjúkrunarfræði einnig nám og starfsreynslu á sviði stjórnunar á sjúkrastofnun, sem einnig rekur þjónustu fyrir aldraða.

Stefnandi kveður Reykjavíkurborg hafa byggt félags- og þjónustumiðstöð fyrir aldraða við Lindargötu í Reykjavík. Starfsemi sú, sem fram fer í félags- og þjónustumiðstöðinni er á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Stefnandi kveður þá stofnun hafa á árinu 1993 farið að undirbúa starfsemina. Sem lið í þeim undirbúningi hafi Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, yfirmaður öldrunarþjónustudeildar stofnunarinnar, ritað bréf til félagsmálaráðs þann 3. nóvember 1993, þar sem fjallað hafi verið um starfsemi þá, sem reka átti í húsinu. Stefnandi kveður í bréfinu m.a. hafa verið fjallað um væntanlegan forstöðumann félags- og þjónustumiðstöðvarinnar í bréfi þessu, en þá þegar hafði staða hans verið auglýst og rann umsóknarfrestur út þann 29. október 1993. Í bréfinu sé m.a. um það

fjallað, að verið geti að forstöðumaður með háskólamenntun yrði ráðinn og yrði að taka tillit til þess við ákvörðun launakjara.

Í auglýsingu um stöðu forstöðumanns, kveður stefnandi að fram hafi komið gróf lýsing á þeirri starfsemi, sem gert var ráð fyrir að yrði í hinni nýju félags- og þjónustumiðstöð, og hafi sú lýsing í aðalatriðum verið eftirfarandi:

„Þjónustuíbúðir, félags- og þjónustumiðstöð, dagvist fyrir aldraða og framleiðslueldhúsi.

Starfið er fólgið í stjórnun félags- og tómstundastarfs í félags- og þjónustumiðstöðinni, yfirumsjón með hverfisbundinni félagslegri heimaþjónustu í því hverfi sem stöðin tekur til svo og yfirumsjón með annarri starfsemi sem fram fer í húsunum, s.s. þjónustu við íbúa í þjónustuíbúðum.

Verkefnin eru fjölþætt og af ólíkum toga s.s. mat á þjónustuþörf einstaklinga . . .

Æskileg menntun á sviði félags- og/eða heilbrigðisþjónustu.

. . .

Laun skv. kjarasamningum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar eða viðkomandi stéttarfélaga og Reykjavíkurborgar."

Stefnandi, sem kveðst hafa kjarasamning við Reykjavíkurborg og hafi forverar sínir haft slíka kjarasamninga á þeim tíma, sem auglýsing þessi var birt, segir félagsmann sinn, Eddu Hjaltested, hafa sótt um starf þetta og hafi hún fengið starfið. Í framhaldi af því hafi hún rætt við Jón Kristjánsson, starfsmannastjóra hjá stefnda Reykjavíkurborg, og hafi hann tjáð henni að ekkert yrði því til fyrirstöðu að laun hennar yrðu miðuð við tiltekinn launaflokk í kjarasamningi Hjúkrunarfélags Íslands og Reykjavíkurborgar. Tilkynnti Edda Hjaltested, að sögn stefnanda þetta til yfirmanns öldrunarþjónustudeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar.

Stefnandi kveður Eddu Hjaltested þegar á þessu tímamarki hafi gert starfsmannastjóra stefnda, Reykjavíkurborgar, og yfirmanni öldrunarþjónustudeildar Félagsmálastofnunar hans, grein fyrir því að hún æskti þess að vera áfram í Hjúkrunarfélagi Íslands og í Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna.

Yfirmaður öldrunarþjónustudeildar ræddi starfskjör Eddu Hjaltested við starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar og ritaði bréf um það efni þann 23. febrúar 1994, en Edda Hjaltested hafði hafið störf þann 1. febrúar það ár. Í framhaldi af því tilkynnti starfsmannastjóri

Eddu Hjaltested það í bréfi dags. 7. mars 1994, að upplýsingar þær, sem hann áður hafði gefið í samtali um launakjör hennar o.fl., hefðu byggst á misskilningi.

Í téðu bréfi kveður stefnandi að eftirfarandi komi m.a. fram:

„Með hliðsjón af ofanrituðu verð ég því að draga til baka það sem ég sagði um launakjör. Um er að ræða almennt stjórnunarstarf og ekki er gerð krafa um að starfið skuli einungis skipað manni með hjúkrunarfræðimenntun. Við ákvörðun launakjara verða því að sjálfsögðu hliðstæð störf höfð til viðmiðunar.

Athuga þarf sérstaklega með stéttarfélagsaðild þar sem ekki er um að ræða starf þar sem hjúkrunarfræðimenntunar er krafist eins og fyrr var minnst á."

Í framhaldi af móttöku bréfs þessa kveður stefnandi Eddu Hjaltested hafa ritað bréf til starfsmannastjóra stefnda, Reykjavíkurborgar og yfirmanns öldrunardeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar, en bréf þetta sé dagsett þann 9. maí 1994. Í bréfinu hafi verið fjallað um launakjör o.fl. og ýmis önnur atriði í sambandi við ráðninguna. Var að sögn stefnanda einkum lögð áhersla á að bréfritari héldi óbreyttum starfskjörum frá því, sem hún hafði áður haft og að hún héldi aðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna.

Stefnandi kveður starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar hafa svarað bréfi þessu með öðru dagsettu þann 26. maí 1994. Þar hafi komið fram án nokkurs fyrirvara sú sérstæða fullyrðing að stefndi, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, semdi um launakjör forstöðumanna þjónustuíbúða og þjónustumiðstöðva og það væri brot á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna ef samið yrði við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga um „umrætt starfsheiti". Kveður stefnandi að jafnframt sé upplýst í bréfinu, að starfsmannahald Reykjavíkurborgar sé tilbúið til þess að:

„kanna viðhorf og mæla með því við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar að þér verðið áfram innan raða Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Ef starfsmannafélagið samþykkir erindi yðar þá verður ósk yðar um áframhaldandi sjóðsaðild í lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga samþykkt."

Starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar ritaði annað bréf til Eddu Hjaltested og því fylgdi ljósrit af bréfi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Stefnandi kveður efni bréfa þessara hafa í aðalatriðum verið á þann veg, að stefndu telji sig geta ákveðið að Edda Hjalte-

sted skuli, þó hún hafi aldrei óskað eftir aðild að Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, vera félagi í því stéttarfélagi sem bréfritarar telji að „eigi samningsrétt um framangreint starfsheiti". Er því algerlega hafnað í bréfunum að Edda Hjaltested geti verið félagi í því stéttarfélagi, sem hún átti aðild að.

Í framhaldi af þessu sneri Edda Hjaltested sér til stefnanda og leitaði liðsinnis félagsins. Kveðst stefnandi hafa fengið frá henni bréf dags. 26. júlí 1994. Í því bréfi hafi Edda Hjaltested rökstutt rækilega að starf hennar sem forstöðumaður Félags og þjónustumiðstöðvar aldraða við Lindargötu væri þess eðlis, m.a. vegna þess að hún væri samkvæmt skipuriti yfirmaður dagdeildar fyrir alzheimersjúklinga, að það krefðist menntunar hennar og starfsreynslu á sviði hjúkrunar auk stjórnunarreynslu og menntunar, enda væru öll rök til að ætla að einmitt þess vegna hefði hún fengið þetta starf en ekki annar umsækjandi um það. Í bréfinu hafi Edda Hjaltested einnig upplýst, að hjúkrunarfræðingar sem hafi gegnt sambærilegum stjórnunarstörfum í öldrunarþjónustudeild Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar hafi verið félagar í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, eða forverum þess. Tilgreinir Edda Hjaltested fjóra forstöðumenn í því sambandi. Jafnframt er því lýst að hún hafi talið fullvíst er hún réði sig til starfsins, að hún héldi félags- og lífeyrisréttindum sínum, enda hefði hún ekki þegið starfið ef henni hefði verið ljóst að hún myndi þurfa að skipta um stéttarfélag og lífeyrissjóð. Leitaði Edda Hjaltested með þessu bréfi ásjár stéttarfélags síns, stefnanda máls þessa.

Nokkrum dögum síðar, eða 29. júlí 1994, kveður stefnandi Eddu Hjaltested hafa ritað starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar bréf, þar sem óskað var eftir rökstuðningi vegna ákvörðunar þessa stefnda um stéttarfélagsaðild hennar. Í bréfinu rökstyður hún einnig hvers vegna hún sætti sig ekki við niðurstöður Reykjavíkurborgar um þetta efni. Stefnandi kveður Eddu Hjaltested hafa samdægurs ritað bréf til stefnda, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, þar sem hún hafi krafist þess að þessi stefndi drægi til baka ákvörðun um að þvinga hana til aðildar að félaginu. Stefnandi kveður kröfum Eddu Hjaltested hafa verið hafnað bréflega af báðum stefndu.

Stefnandi kveðst hafa tekið málefni þetta til umfjöllunar og hafa sent það til skoðunar hjá laganefnd Bandalags háskólamanna – BHMR, en að þeim heildarsamtökum eigi hann aðild. Segir stefn-

andi að niðurstaða laganefndar heildarsamtakanna hafi verið sú, að Edda Hjaltested eigi rétt til þess að vera félagi í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og félaginu beri að fylgja þessum rétti eftir, enda hafi félagið ekki rétt til samningsaðildar fyrir hennar hönd, nema ljóst sé að hún sé félagsmaður í félaginu. Í framhaldi af þessu kveðst stefnandi hafa ritað stefnda Reykjavíkurborg bréf sem stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar hafi fengið afrit af, þar sem krafist hafi verið endurskoðunar á fyrri afstöðu er varðar Eddu Hjaltested. Stefndi Reykjavíkurborg hafnaði þessari kröfu með bréfi dags. 14. febrúar 1995.

Kveðst stefnandi því, í ljósi framanritaðra málsatvika, ekki eiga annars kost en að höfða mál fyrir Félagsdómi til þess að fá viðurkenndan rétt sinn til samningsaðildar fyrir Eddu Hjaltested vegna starfs þess sem hún gegnir hjá stefnda Reykjavíkurborg, og lýst hefur verið.

Stefnandi kveður mál þetta lúta dómsvaldi Félagsdóms á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 26. gr. l. 94/1986, en í ákvæði þessu segi, að undir dómsvald Félagsdóms falli m.a. að dæma um ágreining er lítur að samningsaðild einstakra stéttarfélaga „og til hvaða starfsmanna samningsaðild þeirra nær".

Stefnandi kveður, að málshöfðun þessi beinist eðli málsins samkvæmt einkum að stefnda Reykjavíkurborg, en nauðsynlegt sé að stefna einnig Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, enda þurfi það félag að vera aðili málsins til þess að vera bundið af dómi í því. Vekur stefnandi einnig athygli á því, að af bréfum stefnda Reykjavíkurborgar sem fram eru lögð í málinu virðist svo sem hann feli stefnda Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar allt að því ákvörðunarvald um félagsaðild og þar með samningsrétt vegna Eddu Hjaltested. Telur stefnandi að þessi afstaða stefnda Reykjavíkurborgar eigi sér ekki lagastoð.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst einkum byggja á þeim málsástæðum, að stefndu geti ekki einhliða ákveðið hvernig félagsaðild Eddu Hjaltested sé háttað og þar með hvaða stéttarfélag eigi samningsaðild fyrir hana. Stefnandi byggir á því, að starf forstöðumanns við Félags- og þjónustumiðstöð aldraðra við Lindargötu, þar sem m.a. verði dagdeild, rekin á daggjöldum, fyrir alzheimersjúklinga, sé þess eðlis að félagsmaður í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, sem ráðinn sé starf-

ið og óski að vera í því stéttarfélagi áfram, eigi til þess fullan rétt að lögum.

Stefnandi byggir á því, að hjúkrunarfræðingar í sambærilegum stjórnunarstörfum séu allir félagsmenn sínir og fari hann með samningsaðild fyrir þá.

Stefnandi byggir einnig á því að hluti af starfsemi Félags- og þjónustumiðstöðvarinnar, þ.e. einkum dagdeild fyrir heilabilaða einstaklinga (alzheimersjúklinga) sé sjúkrahús í skilningi laga um heilbrigðisþjónustu og þurfi leyfi heilbrigðisráðherra til starfseminnar og að skylt sé samkvæmt lögum að þar starfi manneskja með menntun á sviði heilbrigðisþjónustu. Sé því tilvist manneskju með menntun, sambærilega og menntun Eddu Hjaltested félagsmanns stefnanda, skilyrði fyrir því að starfsleyfi fáist, eða a.m.k. algerlega nauðsynleg til þess að vistmönnum og öðrum verði sinnt svo sem vera ber. Á dagdeildinni verði hjúkrunardeildarstjóri undir stjórn Eddu Hjaltested, sem hafi stöðu hjúkrunarforstjóra, en læknir verði einungis í 10-20% starfi í tengslum við dagdeildina.

Þá annist Edda Hjaltested í starfi sínu sem forstöðumaður mat á þörf íbúa í 94 íbúðum við Lindargötu fyrir læknisaðstoð eða heilbrigðisþjónustu almennt og hafi einnig í mörgum tilvikum milligöngu milli þessara íbúa og lækna þeirra. Hún annist m.a. ýmislegt eftirlit með íbúum þessum að beiðni lækna þess, t.d. blóðþrýstingsmælingar vegna breytinga á lyfjagjöf o.fl.

Þá byggir stefnandi á því, að það sé grundvallarregla, sem varin sé af stjórnarskrá og sé hluti af alþjóðlegum samningsskuldbindingum Íslands, að virða félagafrelsi, en í félagafrelsi felist m.a. að ekki megi þvinga mann til aðildar að tilteknu stéttarfélagi, ef hann er félagsmaður í öðru stéttarfélagi, sem getur farið með samningsumboð fyrir hann. Stefnandi kveðst telja að ákvæði I. kafla l. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna beri að túlka í samræmi við þetta.

Þá leggur stefnandi áherslu á að Edda Hjaltested hafi gengið út frá því við umsókn um starfið, og haft til þess fullgild rök miðað við fyrirséð eðli starfsins, auglýsingu um það og viðræður við fulltrúa stefnda, Reykjavíkurborgar, að hún gæti verið áfram félagsmaður stefnanda notið kjarasamninga félagsins og átt aðild að lífeyrissjóði starfsstéttarinnar.

Stefnandi bendir einnig að Edda Hjaltested hafi aldrei óskað eftir

að vera aðili í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og vilji ekki vera í því félagi, þrátt fyrir þvinganir stefndu í þá veru.

Stefnandi kveðst einkum vísa til reglna I. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, svo og til 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu og samþykkta, sem gerðar hafa verið á grundvelli þess sáttmála.

Stefnandi kveður mál þetta eiga undir Félagsdóm skv. 1. tl. 1. mgr. 26. gr. l. 94/1986.

Málskostnaðarkröfu sína styður stefnandi við XXI. kafla laga 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. l. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Málavaxtalýsing stefnda Reykjavíkurborgar.

Stefndi, Reykjavíkurborg, telur nauðsynlegt að reifa málavexti nánar en fram kemur í stefnu. Byggist það m.a. á því að stefndi telur málavaxtalýsingu stefnanda oft á tíðum villandi.

Í upphafi telur stefndi rétt að gera grein fyrir starfsemi þeirri og þeim íbúum sem búa við Lindargötu 57-66 í Reykjavík. Á Lindargötu 57-66 séu almennar og félagslegar kaupleiguíbúðir svo og félagslegar leiguíbúðir fyrir aldraða. Starfsemi sú sem fram fari á vegum stefnda, Reykjavíkurborgar, að Lindargötu sé fólgin í félagslegri heimaþjónustu fyrir aldraða í viðkomandi hverfi svo og ýmis þjónusta við íbúa í þjónustuíbúðum, sbr. ákvæði laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, einkum III kafli. Allir íbúar að Lindargötu sjái um sig sjálfir og haldi sín heimili og njóti einungis aðstoðar í formi heimaþjónustu. Heimaþjónusta þessi sé fólgin í aðstoð við þrif, ýmis aðstoð á heimilum og þess háttar. Jafnframt fari tómstundarstarf aldraðra fram á þessum stað. Félags- og þjónustumiðstöðvar sem þessar veiti hins vegar hvorki læknisaðstoð né hafi þær umsjón með heimahjúkrun. Slík þjónusta sé rekin af ríkinu og sjái heilsugæslustöð sú, sem hverfinu þjóni, um þann þátt ef nauðsyn beri til. Þá sé rétt að benda á að hver og einn íbúi að Lindargötu hafi sinn eigin heimilislækni eins og aðrir borgarbúar. Þannig hafi félags- og þjónustumiðstöðin að Lindargötu ekkert með áðurnefnda þætti að gera, þ.e. hvorki heimahjúkrun né læknisþjónustu við íbúa.

Í októbermánuði 1993 hafi starf forstöðumanns félags- og þjónustumiðstöðvar að Lindargötu verið auglýst laust til umsóknar. Hafi starfið verið auglýst þann 17. október 1993 og hafi umsóknarfrestur verið til 29. október s.á. Í auglýsingu um starfið hafi starfssviði verið

lýst í meginatriðum og hvers kyns menntun og reynsla væri æskileg. Hins vegar hafi ekki verið gerðar skýlausar kröfur til tiltekinnar menntunar enda starf ekki þess eðlis. Svo sem fram komi í stefnu hafi Edda Hjaltested verið umsækjandi um starf forstöðumanns þjónustumiðstöðvarinnar að Lindargötu og hafi hún verið ráðin í starfið. Af hálfu stefnda hafði Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, yfirmaður öldrunarþjónustudeildar, með ráðningu þessa að gera. Edda Hjaltested leitaði upplýsinga hjá Sigurbjörgu um starf það er hún hafði sótt um og þau kjör sem í boði voru. Fram hafi komið í máli Sigurbjargar að um almennt stjórnunarstarf væri að ræða og að hjúkrunarfræðimenntunar væri ekki krafist. Viðkomandi forstöðumaður væri í raun ábyrgur fyrir rekstri og fjármálum félags- og þjónustumiðstöðvarinnar. Mun Sigurbjörg hafa upplýst Eddu um að starfsemi sú sem hefja ætti að Lindargötu væri hliðstæð starfsemi þeirri sem fram færi í þjónustuíbúðum aldraða að Dalbraut 21-27 í Reykjavík. Jafnframt hafi Sigurbjörg upplýst um launakjör þau sem í boði væru og að þau grundvölluðust á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Launaflokkaröðun starfsheitis skyldi miðast við launaflokk 247. Upplýsingar þær sem lagðar hafi verið fyrir Eddu komi fram í bréfi Sigurbjargar til félagsmálastjóra og formanns félagsmálaráðs dags. 3. nóvember 1993.

Skemmst sé frá því að segja að Edda Hjaltested hafi tekið boði um starf þetta samkvæmt þeim kjörum sem í boði voru og hafi formlega verið gengið frá ráðningu hennar á fundi félagsmálaráðs þann 29. nóvember 1993. Í desembermánuði s.á. hafi Edda sett fram ósk um að laun og önnur kjör hennar tækju mið af kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga við Reykjavíkurborg og jafnframt að hún ætti kost á lífeyrissjóðsaðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Hafi hún leitað til starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar um aðstoð í þeim efnum. Á þeirri stundu hafði starfsmannastjóri ekki fullnægjandi upplýsingar um starfsemi þá sem fyrirhuguð var að Lindargötu og taldi að um hjúkrunarstofnun væri að ræða. Samtal þetta hafi átt sér stað þann 28. desember 1993 eða réttum mánuði eftir að félagsmálaráð hafði gengið frá ráðningu Eddu. Að sjálfsögðu hafi misskilningur þessi verið leiðréttur eftir að réttar upplýsingar höfðu borist frá Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur, yfirmanni öldrunarþjónustudeildar. Í ljósi þessa er þeim fullyrðingum mót-

mælt sem fram koma í stefnu að Edda *„hafi talið fullvíst er hún réði sig til starfsins að hún héldi félags- og lífeyrisréttindum sínum, enda hefði hún ekki þegið starfið ef henni hefði verið ljóst að hún myndi þurfa að skipta um stéttarfélag og lífeyrissjóð.“*

Edda Hjaltested hafi ritað starfsmannastjóra bréf dags. 9. maí 1994 þar sem kröfu hennar um aðild að Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna var komið á framfæri. Þar sem um almennt stjórnunarstarf hafi verið að ræða og ekki hafi verið gerð krafa um hjúkrunarfræðimenntun hafi það verið skilningur starfsmannastjóra að um launakjör vegna þessa starfs skyldi farið samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Hafi það og verið í samræmi við almenna túlkun og framkvæmd á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna svo og það sem Eddu hafði verið kynnt af Sigurbjörgu við ráðningu. Engu að síður hafi starfsmannastjóri leitað eftir samkomulagi við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um félagsaðild Eddu. Rétt sé að taka fram að mál Eddu Hjaltested sé langt í frá fyrsta ágreiningsmál þessa efnis sem risið hafi á milli Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og fagstéttarfélaga. Svo sem rakið sé í stefnu og gögnum málsins hafi beiðni þessari verið hafnað enda telur Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar samningsrétt sinn samkvæmt lögum nr. 94/1986 taka til þessa starfs.

Fyrirhugað sé að setja á fót dagvistun fyrir heilabilaða einstaklinga að Lindargötu. Til að forðast misskilning skuli tekið fram að sérstakri aðstöðu hafi verið komið upp fyrir dagvistun þessa og verði hún rekin í tengslum við félags- og þjónustumiðstöðina. Ekki sé hér um hjúkrun eða annað þess háttar að ræða heldur einungis dagvistun, þ.e. frá kl. 9.00-17.00. Félagsmálastofnun hafi nú þegar lagt fram umsókn til heilbrigðisráðuneytisins um rekstrarleyfi. Fyrirhugað sé að ráða starfsmenn til starfa á dagvistun þessari og mun hinn faglegi þáttur vera á ábyrgð þeirra. Hins vegar muni staða Eddu Hjaltested verða sú sama gagnvart dagvistun fyrir heilabilaða einstaklinga og gagnvart öðrum deildum félags- og þjónustumiðstöðvarinnar, þ.e. ábyrgð á rekstri og fjármálum.

Málsástæður og lagarök stefnda Reykjavíkurborgar.

Af hálfu stefnda, Reykjavíkurborgar, er á því byggt að með gildistöku laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafi þeim fagstéttarfélögum, sem uppfylla nánar tiltekin skilyrði

laganna, verið tryggður réttur til kjarasamningsgerðar. Jafnframt hafi lög nr. 94/1986 að geyma takmarkanir í þessum efnum og þar komi m.a. fram að einungis eitt stéttarfélag geti farið með samningsumboð fyrir starfsmann. Frá gildistöku laga nr. 94/1986 hafi sá skilningur verið uppi að fagstéttarfélög geti einungis haft samningsumboð fyrir þau störf eða starfsheiti þar sem umræddrar fagmenntunar er beinlínis krafist. Hafi verið á því byggt að í öðrum tilvikum verði kjarasamningur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar lagður til grundvallar. Svo sem áður hafi komið fram hafi ekki verið krafist tiltekinnar fagmenntunar í starf það sem Edda Hjaltested gegnir nú á vegum stefnda. Starf þetta hafi verið auglýst sem almennt stjórnunarstarf og í raun hafi tilviljun ein ráðið því að starfsmaður með hjúkrunarfræðimenntun skyldi hafa verið ráðinn. Sá forstöðumaður sé, eins og áður hafi komið fram, rekstrar- og fjármálalega ábyrgur. Fagþjónusta, eins og heimahjúkrun og læknishjálp, sem íbúar að Lindargötu njóti sé veitt af viðkomandi heilsugæslustöðvum, sem reknar séu af ríkinu og á ábyrgð þeirra og dagvist sú sem fyrirhugað sé að setja á fót fyrir heilabilaða einstaklinga verði faglega leidd af hjúkrunarfræðingi og öðrum starfsmönnum sem ráðnir verða.

Umsækjendur um stöðu forstöðumanns félags- og þjónustumiðstöðvar að Lindargötu hafi verið með margvíslega menntun og starfsreynslu og hafi margir hæfir umsækjendur komið til álita. Það sem mun þó hafa vegið þyngst við ákvörðun um ráðningu Eddu hafi verið almenn og góð þekking á rekstri og reynsla af stjórnun og starfi innan öldrunarþjónustu. Af lýsingu þeirri sem fram hafi komið á starfsemi félags- og þjónustumiðstöðvarinnar bendi stefndi á að fráleitt verði gerð krafa um hjúkrunarfræðimenntun í þessa stöðu. Umsækjendur um starf þetta hafi verið 14 og var Edda Hjaltested eini umsækjandinn sem hafði hjúkrunarfræðimenntun.

Stefndi bendir ennfremur á að Eddu Hjaltested hafi verið kynnt þau launakjör sem í boði voru áður en hún var ráðin. Þau hafi verið grundvölluð á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Ennfremur liggi fyrir að fyrirhuguð starfsemi að Lindargötu og staða forstöðumanns væri sambærileg og í þjónustuíbúðum aldraðra að Dalbraut 21-27. Af hálfu stefnda er á það bent að forstöðumaður að Dalbraut 21-27 sé sjúkraliði að mennt og taki laun og önnur kjör í núverandi starfi samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavík-

urborgar. Sé það og í samræmi við þau kjör sem Eddu hafi verið kynnt og hún gekkst að með ráðningu sinni sem staðfest hafi verið í félagsmálaráði þann 29. nóvember 1993. Er því þeim fullyrðingum stefnanda mótmælt sem röngum að hún hafi haft ástæðu til og full rök að ætla að um launakjör hennar færi samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga við Reykjavíkurborg. Telur stefndi að Edda hafi hvorki í upphafi ráðningar né síðar haft réttmæta ástæðu til að ætla slíkt. Þá telur stefndi þær fullyrðingar stefnanda fráleitar að Edda Hjaltested hafi gengið út frá því við umsókn sína um starfið að um óbreytta stéttarfélags- og lífeyrissjóðsaðild væri að ræða. Af auglýsingu um starfið og upplýsingum sem hún hafi fengið frá yfirmanni öldrunardeildar telur stefndi Eddu ekki hafa haft nokkra réttmæta ástæðu til að ætla að svo væri.

Af hálfu stefnda er því og mótmælt að fyrirhuguð dagvistun að Lindargötu sé sjúkrahús í skilningi laga um heilbrigðisþjónustu. Virðist hér um misskilning að ræða á eðli þeirrar starfsemi. Fyrirhugað sé að reka dagvistun fyrir heilabilaða einstaklinga. Þar muni heilabilaðir einstaklingar koma víða að úr borginni og dvelja yfir daginn en fara svo hver til síns heima að kvöldi, en opnunartími sé áætlaður frá kl. 9.00 til 17.00. Ekki sé um hjúkrun að ræða heldur einungis dagvistun. Starfsemi þessarar dagvistunar grundvallist því ekki á lögum um heilbrigðisþjónustu heldur ákvæðum 3. tl. 17. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraða. Í umsókn um starfsleyfi segir að meginhersla sé lögð á gæslu, örvun og þjálfun. Vill stefndi sérstaklega benda á fylgiskjal með bréfi til heilbrigðisráðherra þar sem fram komi áætlun um rekstur dagvistunar fyrir heilabilaða einstaklinga. Þar kemur fram að fyrirhugað sé að ráða m.a. hjúkrunarfræðing, iðjuþjálfa, sjúkraliða og lækni til starfa og sé fagleg umsjón í þeirra höndum. Hin rekstrar- og fjármálalega umsjón verði hins vegar í höndum forstöðumanns félags- og þjónustumiðstöðvar að Lindargötu.

Þá vill stefndi mótmæla fullyrðingum stefnanda um starfssvið Eddu Hjaltested sem fram hafa komið. Í stefnu sé því haldið fram að Edda Hjaltested annist mat á læknisþörf fyrir íbúa í 94 íbúðum að Lindargötu og hafi í mörgum tilvikum milligöngu milli þessara íbúa og lækna. Þessi fullyrðing á starfssviði Eddu sé röng. Félags- og þjónustumiðstöðin að Lindargötu hafi heimaþjónustu á sinni hendi en ekki heimahjúkrun. Á þessu tvennu sé grundvallarmunur.

Heimaþjónustan felist í aðstoð við aldraða til að halda heimili, aðstoð við þrif o.fl. Aðstaða þessara einstaklinga sé hins vegar sú að þeir geti búið sjálfir og séð um sig sjálfir og njóti líkt og aðrir aldraðir aðstoðar þeirrar sem áður greinir. Heimahjúkrun sé hins vegar rekin af ríkinu og sjái heilsugæslustöð sú, sem þjónar hverfinu, alfarið um þann þátt. Því hafi hvorki Edda Hjaltested né aðrir starfsmenn Reykjavíkurborgar á félags- og þjónustumiðstöðinni að Lindargötu neitt með þessi mál að gera. Í annan stað er bent á að hver og einn íbúi að Lindargötu hafi sinn eigin heimilislækni. Í starfi Eddu felist engin milliganga við lækna og íbúa eða önnur störf sem henni séu falin menntunar hennar vegna. Ljóst sé að læknar og starfsfólk heimahjúkrunar sjái um og fylgjast með íbúum að Lindargötu eins og öðrum einstaklingum hér í borg. Eftirlit eða umsjón með slíkum þáttum sé fráleitt í verkahring forstöðumanns enda sé ekki gerð krafa um hjúkrunarfræðimenntun til starfans og auk þess séu þessir þættir reknir og kostaðir af öðrum aðila, þ.e. ríkinu. Starfsmenn Reykjavíkurborgar við félags- og þjónustumiðstöðina að Lindargötu veiti því íbúum að Lindargötu 57-66 ekki annað en almenna aðstoð og milligöngu sem falli innan ramma heimþjónustusviðs. Allar tilraunir stefnanda í þá áttina að færa starfsemi þá, sem fram fari við félags- og þjónustumiðstöðina að Lindargötu, að hjúkrunarstofnunum séu því fráleitar og ítrekar stefndi að staða forstöðumanns þar sé gjörólík því sem sé meðal hjúkrunarforstjóra.

Af hálfu stefnda er á það bent að fjölmargar félags- og þjónustumiðstöðvar séu reknar hér í borg á hans vegum og sé starfssvið forstöðumanna þeirra svipað því sem eigi við um forstöðumann að Lindargötu 57-66. Menntun þeirra sé einnig mjög mismunandi. Launakjör þessara forstöðumanna grundvallast í öllum tilvikum á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Málsástæður og lagarök stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Af hálfu stefnda er tekið fram að aðalatriði málavaxta séu þau, að mati stefnda, að ekki sé gerð krafa um sérstaka fagmenntun í starf forstöðumanns félags- og þjónustumiðstöðvar og þjónustuíbúða aldraðra við Lindargötu. Af gögnum málsins megi ráða að fyrst og fremst sé um að ræða almennt stjórnunarstarf þar sem

mannaforráð og fjárhagsleg ábyrgð séu aðalatriði starfslýsingar. Lýsing starfsins komi m.a. fram í auglýsingu um starfið. Þar komi jafnframt fram að engar sérstakar kröfur um menntun hafi verið gerðar til væntanlegra umsækjenda. Af starfslýsingunni megi ráða að menntun á sviði stjórnunar og rekstrar, t.d. viðskiptafræði, væri sennilega heppilegasta undirbúningsmenntunin, en hjúkrunarfræðimenntun, þótt góð sé, geti varla talist nauðsynlegur undirbúningur fyrir starfið.

Af gögnum megi ráða að starf forstöðumanns við Lindargötu sé sambærilegt eða álíka og starf forstöðumanns þjónustuíbúða aldraðra á Dalbraut 21-27. Stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (St.Rv.) hafi frá upphafi verið aðili að kjarasamningi við meðstefnda um það starf. Því starfi gegnir Margrét Einarsdóttir sem er félagsmaður í St.Rv. Hún sé sjúkraliði að mennt.

Hið nýja starf forstöðumanns þjónustumiðstöðvarinnar við Lindargötu hafi því augljóslega verið á samningssviði St.Rv. og í samræmi við það hafi St.Rv. og meðstefndi Reykjavíkurborg gert kjarasamning um það starf.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar sé stéttarfélag. Í A-hluta þess séu starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem taki laun samkvæmt kjarasamningum, sem félagið geri við Reykjavíkurborg á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Gildi lög nr. 94/1986 um þessa starfsemi félagsins. Félagið hafði kjarasamning við Reykjavíkurborg skv. reglugerð nr. 236/1976 þegar lög nr. 94/1986 tóku gildi og öðlaðist því rétt til þess að gera kjarasamning við Reykjavíkurborg, skv. 4. gr. samningsréttarlaganna, við gildistöku þeirra.

Réttur annarra stéttarfélaga til kjarasamningsgerðar við Reykjavíkurborg takmarkist af framangreindum rétti stefnda. Það sé meginregla um kjarasamninga opinberra starfsmanna að ekki skuli nema eitt stéttarfélag hafa rétt til samningsgerðar við sama vinnuveitanda fyrir sömu starfsstétt, sbr. 1. mgr. 6. gr. l. nr. 94/1986. Er það afstaða stefnda að fagstéttarfélög, sem hafa rétt til kjarasamningsgerðar á grundvelli laga nr. 94/1986, geti einungis gert kröfu um kjarasamning um tiltekin störf í þeim tilvikum þegar þeirrar menntunar sé krafist í starfinu sem tilvist fagstéttarfélagsins byggist á. Stefndi heldur því fram að þessi háttur hafi frá upphafi verið viðurkenndur við framkvæmd laganna um kjarasamninga opinberra

starfsmanna. Stefnandi geti þá og því aðeins gert kröfu um samningsaðild fyrir starf forstöðumanns þjónustuíbúða við Lindargötu að hjúkrunarfræðimenntun sé áskilin varðandi starfið.

Að mati stefnda gæti önnur túlkun samningsréttarlaganna ekki gengið upp. Taka megi sem dæmi að sjúkraliði, leikskólakennari eða viðskiptafræðingur hefði verið ráðinn í starf forstöðumannsins. Menntunin hafi ekki verið áskilin, en engu að síður sé auðvelt að setja fram gild rök um að hún komi að góðum notum í forstöðumannsstarfinu, líkt og gert sé af hálfu stefnanda varðandi hjúkrunarfræðimenntun Eddu Hjaltested. Hefðu stéttarfélag sjúkraliða, leikskólakennara eða viðskiptafræðinga getað krafist kjarasamnings um starfið í þessum tilvikum? Að mati stefnda sé svo alls ekki. Fagstéttarfélög geti einungis krafist samningsréttarins þegar viðkomandi fagmenntun sé áskilin til starfsins.

Í 1. mgr. 7. gr. samningsréttarlaganna komi fram að starfsmaður eigi rétt til þátttöku í stéttarfélagi, sem fari með samningsumboð samkvæmt lögum þessum, eftir því sem samþykktir viðkomandi félags segja. Síðan segir að aðeins eitt stéttarfélag fari með umboð til samninga fyrir starfsmanninn. Samkvæmt þessu eigi Edda Hjaltested rétt á því að vera félagsmaður í St.Rv. Hún hafi hins vegar enga skyldu til þess, kjósi hún að vera utan félagsins. Henni sé að sjálfsögðu frjálst að vera í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga eða hverju öðru félagi sem heimili henni aðild, kjósi hún svo. Það breytir ekki því að St.Rv. fari með samningsumboð í kjarasamningi varðandi það starf sem hún sé ráðin í.

Sérstaklega er bent á að í 2. mgr. 7. gr. laganna sé beinlínis gert ráð fyrir þeirri aðstöðu að starfsmaður standi utan þess stéttarfélags sem hafi samningsumboð hans í kjarasamningum.

Því er andmælt að stefndu vilji ákveða félagsaðild Eddu Hjaltested. Þvert á móti sé viðurkennt að hún megi standa utan St.Rv. og vera aðili að hverju því félagi sem hún sjálf kjósi. Þetta hafi þó ekki þau áhrif að hún geti falið öðrum kjarasamningsforsvar varðandi það starf sem hún gegnir hjá Reykjavíkurborg. Því sé og sérstaklega andmælt að tilvist dagdeildar fyrir heilabilaða einstaklinga að Lindargötu geri forstöðumannsstarf stofnunarinnar að hjúkrunarfræðingsstarfi. Þeim þætti þjónustunnar sé sinnt af öðrum eins og fram kemur í greinargerð meðstefnda.

Því er andmælt að í sambærilegum stjórnunarstörfum hjá Reykja-

víkurborg séu hjúkrunarfræðingar sem stefnandi hafi samningsforsvar fyrir. Forstöðumaður þjónustustofnunarinnar við Dalbraut 21-27, sem sé sambærileg stofnun, sé félagsmaður St.Rv. og hafi sjúkraliðamenntun.

Því er andmælt að hluti af starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar við Lindargötu sé sjúkrahús í skilningi laga um heilbrigðisþjónustu. Vísast til greinargerðar meðstefnda þar sem þessi kenning stefnanda sé hrakin.

Því er andmælt að lög- og venjubundið fyrirkomulag kjarasamninga opinberra starfsmanna stangist á við grundvallarreglu sem leiða megi af stjórnarskrárákvæði um félagafrelsi og alþjóðlegum samningsskuldbindingum Íslands um félagafrelsi. Það sé ekki rétt að verið sé að þvinga Eddu Hjaltested til aðildar að St.Rv., eins og haldið sé fram, þvert á móti sé viðurkennt að hún megi standa utan félagsins.

Stefnda séu ókunnar samningsforsendur Eddu Hjaltested við ráðningu hennar. Það sé þó rétt að vekja athygli á því að misræmi virðist vera milli lýsingar hennar á samningsforsendum sínum í stefnu og skjölum málsins. Samkvæmt framlögðu bréfi virðist Edda hafa fyrst rætt við Jón G. Kristjánsson, starfsmannastjóra meðstefnda, þann 28. desember 1993 um möguleika á því að taka laun samkvæmt kjarasamningi Hjúkrunarfélags Íslands, en samkvæmt frásögn hennar sjálfrar í bréfi hafi hún verið ráðin til starfans í nóvember 1993. Á það skuli bent að hæpið sé að Félagsdómur hafi úrskurðarvald í málinu ef dómkrafan sé byggð á persónulegum samningsforsendum Eddu Hjaltested þar sem þær væru þá hluti af persónulegum ráðningarkjörum hennar, en vörðuðu ekki kjarasamninginn.

Stefndi byggir kröfur sínar á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, einkum I. kafla laganna, á kjarasamningum sínum við meðstefnda og á viðurkenndum venjum um framkvæmd kjarasamninga.

Málskostnaðarkrafa stefnda er reist á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. l. nr. 80/1938. Við ákvörðun málskostnaðar ber að taka tillit til þess að stefndi hefur ekki frádráttarrétt vegna kostnaðar af virðisaukaskatti af aðkeyptri lögmannsþjónustu.

Niðurstaða.

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Starf forstöðumanns við félags- og þjónustumiðstöð og þjónustuíbúðir aldraðra við Lindargötu var auglýst laust til umsóknar í október 1993 og var umsóknarfrestur til 29. október s.á. Í auglýsingu um starfið var tekið fram að æskileg menntun væri á sviði félags- og/eða heilbrigðisþjónustu og laun væru samkvæmt kjarasamningum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar eða viðkomandi stéttarfélaga og Reykjavíkurborgar. Edda Hjaltested, hjúkrunarfræðingur, var meðal umsækjenda um starf þetta og var samþykkt á fundi félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar hinn 29. nóvember 1993 að ráða hana í starfið.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum máls að Edda Hjaltested óskaði eftir því að vera áfram í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Þeim sjónarmiðum var komið á framfæri við starfsmannastjóra stefnda, Reykjavíkurborgar, og var í fyrstu tekið undir þær væntingar hennar, en síðar algjörlega hafnað, eins og rakið hefur verið.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga er stéttarfélag, sem hefur rétt til að vera samningsaðili við stefnda Reykjavíkurborg samkvæmt ákvæðum 3. tl. 5. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Edda Hjaltested er félagi í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Óumdeilt er að menntun Eddu Hjaltested og starfsreynsla sem hjúkrunarfræðingur nýtist henni í starfi sem forstöðumaður við félags- og þjónustumiðstöð aldraðra við Lindargötu í Reykjavík. Samkvæmt því og með vísan til þess að samningsréttur stéttarfélaga samkvæmt 3. tl. 5. gr. laga nr. 94/1986 er ekki bundinn því skilyrði að hann taki einungis til þeirra félagsmanna viðkomandi stéttarfélags sem gegna störfum hjá viðsemjanda félagsins, þar sem starfsmenntun er áskilin, ber að fallast á þá kröfu stefnanda að Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga fari með samningsaðild fyrir Eddu Hjaltested, kt. 110845-3759, Ásvallagötu 73, Reykjavík, við gerð kjarasamninga við Reykjavíkurborg vegna starfa hennar sem forstöðumanns við félags- og þjónustumiðstöð og þjónustuíbúðir aldraðra við Lindargötu í Reykjavík.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Viðurkennt er að Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga fari með samningsaðild fyrir Eddu Hjaltested, kt. 110845-3759, Ásvallagötu 73, Reykjavík, við gerð kjarasamninga við Reykjavíkurborg vegna starfa hennar sem forstöðumanns við félags- og þjónustumiðstöð og þjónustuíbúðir aldraðra við Lindargötu í Reykjavík.

Mánudaginn 14. ágúst 1995.

Nr. 19/1995. **Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Sláturfélags Suðurlands svf. og Hafnar- Þríhyrnings hf.**
(Ragnar Árnason cand. jur.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Þórs, Selfossi.
(Ástráður Haraldsson hrl.)

Kjarasamningur. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Arnmundur Backman og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, fyrir hönd Sláturfélags Suðurlands svf., kt. 600269-2089, Fosshálsi 1, Reykjavík, og Hafnar-Þríhyrnings hf., kt. 460976-0229, Tryggvatorgi 1, Selfossi.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50c, Reykjavík, vegna Verkalýðsfélagsins Þórs, kt. 460172-2259, Eyravegi 29, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að með kjarasamningi milli Verkamannasambands Íslands, vegna aðildarfélaga þess, og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 og með samningi um sauðfjárslátrun frá 20. febrúar 1995, hafi komist á bindandi samningur um sauðfjárslátrun milli Verkalýðsfélagsins Þórs annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Sláturfélags Suðurlands svf. og Hafnar-Þríhyrnings hf. hins vegar.
2. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Aðalkrafa stefnda er að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda og stefnda dæmdur málskostnaður samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Varakrafa stefnda er að litið verði svo á að með afgreiðslu stefnda á kjarasamningi aðila hafi komið fram nýtt samningstilboð og hafi því haft í för með sér að aðalkjarasamningurinn hafi verið felldur. Jafnframt er krafist málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Mál þetta var þingfest hinn 27. júlí sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 8. ágúst sl.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að gerður hafi verið samningur 14. september 1981 um sauðfjárslátrun vegna þess starfsfólks sem ráðið sé sérstaklega til vinnu í sláturtíð. Hafi sá samningur verið framlengdur reglulega með kjarasamningum. Hafi síðast gildandi samningur um sauðfjárslátrun fallið úr gildi 31. desember 1994, ásamt öðrum kjarasamningum. Í tengslum við gerð kjarasamninga milli Verkamannasambands Íslands (VMSÍ) og Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ), sem undirritaðir voru þann 21. febrúar 1995, hafi verið gengið frá ýmsum sérmálum aðildarfélaga VMSÍ. Af hálfu VMSÍ hafi ekki verið fallist á að ljúka samningum fyrr en lokið væri umfjöllun um sérmál einstakra stéttarfélaga og starfshópa. Eitt af þessum sérmálum hafi verið breytingar á síðast gildandi samningi við Verkalýðsfélagið Þór um sauðfjárslátrun og hafi verið undirritaður samningur um breytingar þann 20. febrúar 1995. Í síðast gildandi samningi um sauðfjárslátrun hafi verið mælt fyrir um í 1. mgr. 13. gr., að starfsfólk í sláturtíð skuli hafa frítt fæði. Með samningnum frá 20. febrúar sl. hafi vinnuveitanda verið gefinn kostur á að greiða sérstakt sláturtíðarálag, 50 kr/klst., í stað fris fæðis. Hafi sú upphæð verið ákveðin með aðstoð hagfræðinga ASÍ og VSÍ. Samningurinn frá 20. febrúar sl. hafi verið hluti af aðalkjarasamningi aðila frá 21. febrúar sl., haft sama gildistíma og hann og verið undirritaður án fyrirvara af formanni Verkalýðsfélagsins Þórs og fulltrúum VSÍ.

Stefnandi kveður Verkalýðsfélagið Þór aðildarfélag VMSÍ og því aðila að aðalkjarasamningi VMSÍ og VSÍ frá 21. febrúar 1995. Hafi sá samningur verið undirritaður f.h. aðildarfélaga VMSÍ með fyrirvara um samþykki. Skv. 1. gr. þess samnings hafi allir síðast gildandi kjarasamningar aðila verið framlengdir til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningnum felist. Allsherjaratkvæðagreiðsla hafi farið fram meðal félagsmanna Verkalýðsfélagsins Þórs dagana 1. til 3. mars og hafi aðalkjarasamningurinn frá

21. febrúar sl. verið samþykktur, sbr. bréf félagsins dagsett 6. mars 1995, sem barst Vinnuveitendasambandinu með myndsendi sama dag.

Jafnframt hafi VSÍ borist með myndsendi 6. mars bréf dagsett 2. mars, þar sem tilkynnt sé að breytingar þær sem gerðar voru 20. febrúar á ákvæðum samnings um sauðfjárslátrun hafi verið felldar. Stefnandi kveður ástæður þess að samningurinn hafi verið felldur megi rekja til þess, að í sláturtíðinni hafi það tíðkast að fastir starfsmenn Sláturfélags Suðurlands hafi notið fris fæðis eins og sláturtíðarfólk, þar sem ekki hafi þótt gerlegt að láta hluta starfsmanna greiða fyrir fæðið en hina ekki þegar allir starfsmenn komi á sama tíma í mat. Föstum starfsmönnum hafi því orðið ljóst, að ef tekin yrði upp greiðsla sláturtíðarálags í stað fris fæðis, myndu þeir ekki njóta lengur þeirra fæðishlunninda sem þeir höfðu haft í sláturtíðinni. Formaður Verkalýðsfélagsins Þórs hafi boðað til fundar með föstum starfsmönnum Sláturfélags Suðurlands og hafi sá fundur verið haldinn í hádeginu fimmtudaginn 2. mars í mötuneyti sláturhúss Sláturfélags Suðurlands með leyfi sláturhússstjóra. Fundarmenn hafi verið fastir starfsmenn sem vinni samkvæmt almennum kjarasamningi VMSÍ og VSÍ en falli ekki undir samning um sauðfjárslátrun. Fastir starfsmenn hafi greitt atkvæði með handaupprétttingu um breytingar á ákvæðum samnings um sauðfjárslátrun og hafi talið sig með því hafa fellt samninginn.

Stefnandi hafi tilkynnt Verkalýðsfélaginu Þór með bréfi dagsettu 8. mars 1995 að samningur um sauðfjárslátrun hafi verið hluti af aðalkjarasamningi VMSÍ og VSÍ og að með samþykkt aðalkjarasamnings hafi samningur um sauðfjárslátrun einnig verið samþykktur. Verkalýðsfélagið Þór hafi með bréfi dagsettu 16. mars 1995 lýst þeirri afstöðu sinni, að samningur um sauðfjárslátrun hefði ekki öðlast gildi sem hluti af aðalkjarasamningi.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hafi sættir ekki tekist í deilunni og sé málshöfðun þessi því óhjákvæmileg.

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, byggir hann kröfugerð sína á því, að stofnast hafi bindandi samningur milli aðila og höfnun stefnda á samningi um sauðfjárslátrun hafi því verið ólögmæt.

Stefnandi byggir á því, að samningur um sauðfjárslátrun hafi verið óaðskiljanlegur hluti aðalkjarasamningsins og verði því ekki bor-

inn upp sérstaklega til samþykkis eða synjunar starfsmanna einstakra fyrirtækja. Því til stuðnings bendir stefnandi á að sérstaklega hafi verið tekið fram í samningi um sauðfjárslátrun frá 20. febrúar sl., sem undirritaður er án fyrirvara, að hann sé hluti af aðalkjarasamningi aðila og hafi sama gildistíma og hann. Samningur um sauðfjárslátrun sé einn margra samninga milli Verkalýðsfélagsins Þórs og VSÍ. Hafi þeir allir fallið úr gildi án uppsagnar 31. desember 1994, sbr. 1. gr. kjarasamnings ASÍ og VSÍ frá 21. maí 1993. Við undirbúning að gerð kjarasamnings VMSÍ og VSÍ frá 21. febrúar 1995 hafi verið samið um sérmál fjölmargra hópa og sé starfsfólk sem ráðið er til vinnu í sláturtíð í sláturhúsum einn þeirra. Öll þessi ákvæði myndi einn heildarsamning sem borinn sé undir félagsmenn sameiginlega til samþykkis eða synjunar. Félagsmenn Verkalýðsfélagsins Þórs hafi í allsherjaratkvæðagreiðslu tekið afstöðu til samningsins í heild og samþykkt hann. Lítill hluti félagsmanna geti því ekki tekið hluta samningsins og fellt hann, sýnist honum svo. Niðurstöðu allsherjaratkvæðagreiðslunnar verði ekki breytt með því.

Verði hins vegar talið að samningurinn hafi ekki verið hluti aðalkjarasamningsins og að taka hefði mátt afstöðu til hans sérstaklega, byggir stefnandi á því að aðeins sé unnið eftir samningi um sauðfjárslátrun á haustin í sláturtíð og hann nái einungis til þeirra starfsmanna sem ráðnir séu þá. Félagsmenn Verkalýðsfélagsins Þórs, sem felldu samning um sauðfjárslátrun, hafi hins vegar verið fastir starfsmenn Sláturfélags Suðurlands. Fundur hafi einungis verið boðaður með þessum starfsmönnum, en ekki öðrum félagsmönnum. Fastir starfsmenn taki laun samkvæmt almennum kjarasamningum og nái samningur um sauðfjárslátrun ekki til þeirra. Þeir séu því ekki bærir til að taka afstöðu til samningsins. Því síður séu fastir starfsmenn Sláturfélags Suðurlands bærir til að fella samning sem einnig gildi fyrir sláturhús Hafnar-Þríhyrnings hf. á Selfossi og starfsmenn þess fyrirtækis. Starfsmenn Hafnar-Þríhyrnings hf., sem vinni við sauðfjárslátrun á haustin en annars við stórgripaslátrun, hafi tekið afstöðu til samnings um sauðfjárslátrun í allsherjaratkvæðagreiðslu um aðalkjarasamninginn og samþykkt hann. Fastir starfsmenn Sláturfélags Suðurlands geti hvorki fellt samning f.h. þessara föstu starfsmanna Hafnar-Þríhyrnings hf. né f.h. þess laus-

ráðna fólks sem Höfn-Þríhyrningur hf. ráði á haustin til sauðfjárslátrunar.

Þá byggir stefnandi ennfremur á því að samningur um sauðfjárslátrun hafi verið undirritaður af formanni Verkalýðsfélagsins Þórs án fyrirvara um samþykki félagsmanna. Stéttarfélög séu lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna og hafi formaður verkalýðsfélags samkvæmt stöðu sinni umboð félagsmanna til að gera samninga sem bindi félagsmenn. Gerður sé við undirskrift samninga fyrirvari um samþykki félagsmanna, ef bera eigi samning undir félagsmenn, en það hafi ekki verið gert í þessu tilviki. Því verði samningurinn ekki borinn síðar undir félagsmenn til samþykkis eða synjunar.

Vegna varakröfu stefnda, sem sett var fram við aðalmeðferð málsins og sjónarmiða í greinargerð hans, hefur stefnandi sett fram eftirfarandi málsástæður:

„1. Að sú málsástæða stefnda, að stefndi hafi í raun með afgreiðslu kjarasamninganna fellt aðalkjarasamninginn frá 21. febrúar sl. og lagt fyrir vinnuveitendur nýtt tilboð, sé röng, ósönnuð og of seint fram komin.
2. Að ákvörðun félagsfundar Verkalýðsfélagsins Þórs 27. febrúar 1995 um að bera samning um sauðfjárslátrun undir starfsmenn Sláturfélags Suðurlands og Hafnar-Þríhyrnings hafi ekki verið í samræmi við það traust sem Vinnuveitendasambandið mátti byggja á við gerð kjarasamninganna um að samningur um sauðfjárslátrun yrði borinn upp sem hluti aðalkjarasamnings en yrði ekki undan honum skilinn.
3. Að boðun og framkvæmd atkvæðagreiðslu um samning um sauðfjárslátrun hafi verið ólögmæt, sbr. og 18. gr. aðalkjarasamnings aðila."

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnanda er eftirfarandi tekið fram um málavexti.

Á félagsfundi sem haldinn var í Verkalýðsfélaginu Þór á Selfossi þann 27. febrúar 1995 hafi þá nýgerðir kjarasamningar verið kynntir og farið yfir stöðuna að öðru leyti. Á þeim fundi hafi verið ákveðið að efnt skyldi til allsherjaratkvæðagreiðslu um samningana þó með þeirri undantekningu að sá hluti samningsins sem um er deilt í þessu máli, þ.e. sláturhúsasamningurinn yrði afgreiddur sérstaklega

á félagsfundi sem haldinn yrði með þeim félagsmönnum sem það mál snertir sérstaklega.

Allsherjaratkvæðagreiðslan hafi farið fram dagana 1. til 3. mars í samræmi við ákvörðun félagsfundar og lyktaði þeirri atkvæðagreiðslu þannig að meirihluti þeirra sem þátt tóku í atkvæðagreiðslunni hafi samþykkt samninginn. Í samræmi við ákvörðun félagsfundar hafi verið haldinn sérstakur fundur með starfsfólki í sláturhúsum þann 2. mars og þar borið undir atkvæði hvort samþykkja skyldi þann hluta samningsins sem sneri að sláturhúsunum. Þessi hluti samningsins hafi á nefndum fundi verið einróma felldur.

Um þessa afgreiðsluhætti hafi engin deila orðið innan Verkalýðsfélagsins Þórs og öllum félagsmönnum sem að málum komu, hvort sem var á félagsfundunum þann 27. febrúar eða þann 2. mars eða að allsherjaratkvæðagreiðslunni 1. til 3. mars, hafi verið fullkomlega ljóst með hverjum hætti til stóð að afgreiða samningana.

Af hálfu stefnda er litið svo á að með afgreiðslu þeirri, sem lýst sé hér að ofan og sem tilkynnt hafi verið stefnanda með tveimur bréfum sem bæði bárust stefnanda samtímis þann 6. mars 1995, hafi Verkalýðsfélagið Þór samþykkt samningana með fyrirvara eða í raun fellt kjarasamningana frá því í febrúar og um leið sett fram nýtt tilboð um að félagið vildi verða bundið við aðalsamninginn með þeim fyrirvara að gerðar yrðu breytingar á sláturhúsasamningnum.

Af hálfu stefnda er á því byggt að félagið hafi fullt og óskorað vald til að ákveða sjálft með hverjum hætti það afgreiðir kjarasamninga. Þannig hafi félaginu verið fullkomlega heimilt að skipta efni samningana upp í hverja þá hluta sem félaginu sýndist og samþykkja eða fella hvern þeirra fyrir sig eftir atvikum. Það sé svo á valdi stefnanda að kjósa að líta svo á að með því að fella einhvern tiltekinn hluta samnings hafi stefndi fellt samninginn allan. Það sé hins vegar ekki á valdi stefnanda að líta svo á að með því að samþykkja einhvern tiltekinn hluta samnings en fella aðra hafi stefndi samþykkt samninginn sem heild. Fyrir þessari niðurstöðu liggi einföld samningaréttarleg rök sem óþarft sé að skýra nánar.

Það að samningsaðili krefjist þess að verkalýðsfélag sé bundið við samning sem það hafi fellt feli í raun í sér ólögmæt afskipti af innri málefnum stéttarfélags.

Stefndi byggir á því eins og stefnandi að samningarnir tveir séu út

af fyrir sig ein heild og að fyrirvari aðalsamningsins taki einnig til sláturhúsasamningsins. Jafnvel þó svo væri ekki byggir stefndi á því að af sjálfu leiði að undirskriftir forráðamanna verkalýðsfélaga undir kjarasamninga séu ævinlega háðar eftir á samþykki félagsfundar enda sé samningsrétturinn í höndum félagsins.

Félagsdómur hafi það verkefni í þessu máli að skera úr um hver sé lagastaðan að fenginni þeirri niðurstöðu sem stefndi hafi komist að með lögmætum og lýðræðislegum hætti.

Verkefni dómsins sé ekki að ákvarða niðurstöðuna fyrir félagið með því að komast að þeirri niðurstöðu að félagið sé bundið við samning sem það sannanlega hafi fellt. Þá leiki ekki vafi á að viðeigandi tilkynningum um niðurstöðu félagsins hafi verið komið til réttra aðila í tæka tíð.

Þess séu fjölmörg dæmi að kjarasamningar séu samþykktir með fyrirvörum. Þannig sé skemmst að minnast þess að stefnandi hafi samþykkt a.m.k. einn þeirra kjarasamninga sem gerðir voru í febrúar 1995 einmitt með fyrirvörum. Í sjálfu sér liggi í augum uppi að í þessu sé það fólgið að gagnaðili sé laus ef hann kjósi svo en geti einnig litið á slíka niðurstöðu sem tilboð um að vera bundinn við þá hluta samnings sem ekki sé gerður fyrirvari um og að gengið sé að nýju til viðræðna um þá hluta samnings sem fyrirvari taki til.

Varðandi lagarök er vísað til ákvæða l. 80/1938 um sjálfstæði stéttarfélaga og til samþykkta Alþjóða vinnumálastofnunarinnar nr. 87 og 98 sem Ísland hafi fullgilt.

Þá er vísað til dóms Félagsdóms 1984:29 í málinu nr. 5/1984: VSÍ gegn ASÍ f.h. VMSÍ vegna Verkamannafélagsins Hlífar.

Niðurstaða.

Aðalkjarasamningur milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands hins vegar var undirritaður 21. febrúar 1995 með venjulegum fyrirvara um samþykki. Hinn umdeildi samningur um sauðfjárslátrun, sem undirritaður var 20. febrúar 1995 og fól í sér breytingu á samningi um sauðfjárslátrun í sláturtíð frá 14. september 1981, hafði ekki að geyma sérstakan fyrirvara um samþykki. Í samningi þessum er tekið fram að hann sé hluti af aðalkjarasamningi aðila og er það ágreiningslaust með aðilum að líta beri á samninga þessa sem eina heild. Verður því ekki á það fallist með stefnanda að það hafi sjálf-

stæða þýðingu að fyrirvari um samþykki var ekki sérstaklega tilgreindur í samningnum um sauðfjárslátrun.

Kemur þá til umfjöllunar gildi afgreiðslu samninganna innan vébanda hins stefnda stéttarfélags á grundvelli fyrirvarans um það efni svo og hvernig sú afgreiðsla horfði við stefnanda.

Í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938 segir að stéttarfélög ráði málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum sem settar eru í lögum þessum. Einstakir meðlimir félaganna séu bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarsambands þess sem það kann að vera í. Telja verður það almenna reglu í vinnurétti að stéttarfélög og félög atvinnurekenda hafi það á valdi sínu með hvaða hætti kjarasamningar eru samþykktir, sé ekki beinlínis samið sérstaklega um það atriði, enda setja lög félögunum ekki skorður að þessu leyti. Í 18. gr. aðalkjarasamningsins er tekið fram að samningsaðilar skuli bera samninginn upp til afgreiðslu á lögmætan hátt innan samtaka sinna innan 14 daga frá undirritun. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu innan 21 dags frá undirritun skoðist hann samþykktur. Á almennum félagsfundi í Verkalýðsfélaginu Þór, sem haldinn var 27. febrúar 1995, voru nýgerðir kjarasamningar kynntir og jafnframt var ákveðið að allsherjaratkvæðagreiðsla yrði dagana 1.- 3. mars 1995, en sláturhúsasamningurinn yrði afgreiddur sér á fundi starfsmanna Sláturfélags Suðurlands og Hafnar-Þríhyrnings hf. Samkvæmt þessari ákvörðun félagsfundar skyldi afgreiða samningana hvorn í sínu lagi. Félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum stéttarfélags og því var þessi ákvörðun fundarins um tilhögun á afgreiðslu samninganna bindandi fyrir meðlimi félagsins, sbr. 3. gr. laga nr. 80/1938.

Óumdeilt er að allsherjaratkvæðagreiðsla fór fram á vegum stefnda 1.– 3. mars 1995 um kjarasamningana og að á félagsfundi í stéttarfélaginu 2. mars 1995 fór fram atkvæðagreiðsla um samninginn um sauðfjárslátrun, hvorutveggja í samræmi við fyrrgreinda ákvörðun félagsfundar. Með bréfum sem bárust stefnanda 6. mars 1995 greindi stefndi frá því að niðurstöður atkvæðagreiðslanna hefðu orðið þær að nýgerðir kjarasamningar hefðu verið samþykktir við allsherjaratkvæðagreiðsluna, en samningurinn um sauðfjárslátrun hefði verið felldur á fyrrgreindum félagsfundi. Jafnframt óskaði stefndi eftir viðræðum á ný um breytingar á samningi um sauðfjárslátrun. Við svo búið mátti stefnanda því vera ljóst að

stefndi hafði í raun ekki samþykkt umrædda kjarasamninga í heild, eins og þeir lágu fyrir, heldur þvert á móti fellt þá að hluta á félagsfundi 2. mars 1995. Samkvæmt þessu verður að miða við það í málinu að afgreiðsla stefnda á umræddum kjarasamningum hafi ekki gefið stefnanda tilefni til að ætla að samningur um sauðfjárslátrun hafi komist á þvert á ákvörðun félagsfundar stefnda, enda var hvorki til að dreifa ákvæði í samningunum um að þeir skyldu bornir upp í einu lagi í stéttarfélaginu né liggur fyrir að atvik hafi verið svo vaxin að stefnandi hafi mátt treysta því að svo yrði gert. Eftir málsatvikum þykir ekki breyta neinu um þessa niðurstöðu þótt svo kunni að vera að stefndi hafi ekki að öllu leyti staðið að framkvæmd á afgreiðslu samninganna á nægilega vandaðan hátt, enda liggur ekkert fyrir í málinu sem bendir til að sú framkvæmd hafi verið ólögleg.

Kemur þá til úrlausnar afleiðing þess að fyrrgreindir kjarasamningar, sem samkvæmt framansögðu teljast ein heild, voru felldir að hluta af hálfu stefnda. Þau úrslit mála leiða til þess að ekki verður fallist á þau málsrök stefnanda að í allsherjaratkvæðagreiðslu þeirri sem fram fór hjá stefnda hafi umræddir samningar verið samþykktir. Þvert á móti leiddu þessi afdrif samninganna hjá stefnda til þess samkvæmt meginreglum samningaréttar að kjarasamningur komst ekki á milli málsaðila. Líta verður svo á að þessi afgreiðsla stefnda á samningunum hafi verið nýtt samningstilboð gagnvart stefnanda og þannig hafi borið að skilja bréf stefnda til stefnanda um úrslit mála, sem bárust honum 6. mars 1995, og er þar reyndar óskað eftir viðræðum um breytingar á samningnum um sauðfjárslátrun. Í bréfi stefnanda til stefnda, dags. 8. mars 1995, fólst höfnun slíks tilboðs. Samkvæmt þessu hefur fyrrgreindur kjarasamningur frá 21. febrúar 1995 og samningur um sauðfjárslátrun frá 20. febrúar 1995, sem telst hluti hans, ekki verið samþykktur að því er stefnda varðar. Af því leiðir að kjarasamningur milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands hins vegar frá 21. febrúar 1995 hefur ekki komist á milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkalýðsfélagsins Þórs. Ber því að taka varakröfu stefnda þannig til greina, enda þykir hún ekki vera of seint fram komin.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Kjarasamningur milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands hins vegar frá 21. febrúar 1995 hefur ekki komist á milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkalýðsfélagsins Þórs.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Valgeirs Pálssonar

Samningur málsaðila um sauðfjárslátrun er að stofni til frá 14. september 1981. Síðan hefur samningurinn verið framlengdur reglulega með öðrum kjarasamningum. Þann 20. febrúar 1995 voru gerðar breytingar á samningnum í tengslum við gerð aðalkjarasamnings milli stefnanda og Vinnumálasambandsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands hins vegar. Var þá m.a. sett inn í samninginn ákvæði um að hann sé hluti af aðalkjarasamningi og hafi sama gildistíma og hann. Af því leiðir og er óumdeilt með aðilum að samningurinn um sauðfjárslátrun er ekki sjálfstæður sérsamningur, heldur myndar eina heild með aðalkjarasamningnum. Stefnda var því skylt að bera samninginn, þ.e. aðalkjarasamninginn að meðtöldum samningnum um sauðfjárslátrun, undir atkvæði í einu lagi. Máttu vinnuveitendur ganga út frá því og treysta að þannig yrði atkvæðagreiðslu háttað. Sú ákvörðun, sem tekin var á félagsfundi stefnda þann 27. febrúar 1995, um að efnt skyldi til allsherjaratkvæðagreiðslu um aðalkjarasamninginn en samningurinn um sauðfjárslátrun yrði afreiddur sér á sérstökum fundi með starfsmönnum Sláturfélags Suðurlands svf. og Hafnar-Þríhyrnings hf., braut því í bága við ótvíræð ákvæði samningsins sjálfs. Af þeim sökum getur ákvörðunin eigi talist lögleg samþykkt félagsfundar í skilningi 1. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938, er bindi félagsmenn þess.

Í tilkynningu stefnda um allsherjaratkvæðagreiðsluna segir m.a. orðrétt: „Allsherjaratkvæðagreiðsla um nýgerða kjarasamninga fer fram á skrifstofu félagsins dagana 1.–3. mars n.k.“ Einnig segir í tilkynningunni að atkvæðagreiðsla fari m.a. fram á þremur tilgreindum vinnustöðum á Selfossi, þ. á m. hjá Sláturfélagi Suðurlands svf.

fimmtudaginn 2. mars frá kl. 12:20–13:00. Í tilkynningunni segir ekki að samningurinn um sauðfjárslátrun komi þar til atkvæðagreiðslu sérstaklega. Þá segir ekki heldur að hann sé undanskilinn í sjálfri allsherjaratkvæðagreiðslunni. Af gögnum málsins verður ekki séð, að samningurinn um sauðfjárslátrun nái til þeirra félagsmanna stefnda, sem atkvæði greiddu á félagsfundinum 2. mars 1995. Þar af leiðandi voru þeir ekki bærari en aðrir til að greiða um hann atkvæði sérstaklega. Niðurstaða félagsfundar stefnda þann 2. mars getur því ekki haft þýðingu, þegar metin er niðurstaða allsherjaratkvæðagreiðslunnar, þar sem samningurinn var samþykktur.

Eins og allsherjaratkvæðagreiðslan var framkvæmd og til hennar var boðað verður að líta svo á að allir þeir sem þátt tóku í atkvæðagreiðslunni hafi verið að greiða atkvæði um kjarasamninginn í heild og þar með einnig um samninginn um sauðfjárslátrun. Kjarasamningurinn var þannig samþykktur í allsherjaratkvæðagreiðslunni og hefur verið framkvæmdur af báðum aðilum fram til þessa. Af viðskiptum aðila eftir að úrslit atkvæðagreiðslunnar lágu fyrir og málflutningi hér fyrir dómi verður ekki annað ráðið en vilji beggja aðila standi til þess, að aðalkjarasamningurinn skuli halda gildi sínu hvað sem kynni að líða örlögum samningsins um sauðfjárslátrun. Að svo vöxnu máli verður atkvæði mitt að taka megi til greina kröfu stefnanda, að með kjarasamningi milli Verkamannasambands Íslands, vegna aðildarfélaga þess, og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 og með samningi um sauðfjárslátrun frá 20. febrúar 1995 hafi komist á bindandi samningur um sauðfjárslátrun milli Verkalýðsfélagsins Þórs annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Sláturfélags Suðurlands svf. og Hafnar-Þríhyrnings hf. hins vegar. Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 25. september 1995.

Nr. 3/1995 **Félag íslenskra flugumferðarstjóra**
(Andri Árnason hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkisins
(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Verkfallsheimild. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Erla Jónsdóttir, Guðmundur Skaftason og Sveinn Sveinsson.

Málið þetta, sem dómtekið var 18. september sl., er höfðað með stefnu, útgefinni 28. febrúar 1995, áritaðri ódagsett um birtingu og þingfest 6. mars 1995.

Stefnandi er Félag íslenskra flugumferðarstjóra, kt. 560372-0199, Grensásvegi 16, Reykjavík.

Stefndi er Fjármálaráðherra f.h. ríkisins, kt. 540269-6459.

Dómkröfur stefnanda:

Dómkröfur stefnanda eru þær, aðallega, að flugumferðarstjórar verði felldir niður af skrá, sem birt var á grundvelli 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. auglýsingu nr. 68/1995.

Til vara er þess krafist, að eftirtaldar breytingar verði gerðar á skrá skv. 2. mgr. 19. gr., þannig að í stað orðanna „Flugumferðarstjórar, allir", og „Flugumferðarstjórar" komi eftirfarandi stöður (undirstrikaðar):

Undir samgönguráðuneyti.
Flugmálastjórn.

Flugstjórnarmiðstöð Reykjavíkur	vaktstjóri (1 staða) aðstoðarvaktstjóri (1 staða).
Flugturn, Reykjavík	varðstjóri (1 staða).

Undir utanríkisráðuneyti.
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.

Flugturn, Keflavíkurflugvelli	flugumferðarstjóri (1 staða).
Aðflugsstjórn Keflavík/Reykjavík	varðstjóri (1 staða).

Til þrautavara er þess krafist, að eftirtaldar breytingar verði gerðar á skrá skv. 2. mgr. 19. gr., þannig að í stað orðanna „Flugumferðarstjórar, allir“ og „Flugumferðarstjórar“, komi eftirfarandi stöður (undirstrikaðar):

Undir samgönguráðuneyti.	
Flugmálastjórn.	
Flugstjórnarmiðstöð	vaktstjóri (1 staða), ásamt
Innanlandsdeild	flugumferðarstjóri (1 staða og
Utanlandsdeild	flugumferðarstjóri (2 stöður).
Flugturn, Reykjavík	varðstjóri (1 staða).
Flugturn, Akureyri	flugumferðarstjóri (1 staða).
Undir utanríkisráðuneyti.	
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.	
Flugturn, Keflavíkurflugvelli	flugumferðarstjóri (1 staða).
Aðflugsstjórn Keflavík	varðstjóri (1 staða).
Aðflugsstjórn Reykjavík	flugumferðarstjóri (1 staða).

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins, auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Aðild.

Í stefnu er eftirfarandi tekið fram varðandi aðild stefnanda.

Stefnandi sé stéttarfélag flugumferðarstjóra og fari með fyrirsvar félagsmanna sinna um gerð kjarasamninga skv. lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 5. gr. laga nr. 94/1986.

Félagið sé ekki aðili að heildarsamtökum opinberra starfsmanna og fari sjálft með málssóknaraðild fyrir Félagsdómi, skv. 27. gr. laga nr. 94/1986.

Andri Árnason hrl. fer með mál þetta f.h. stefnanda fyrir Félagsdómi.

Stefnt er fjármálaráðherra f.h. ríkisins, sbr. 3. gr., sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Málavaxtalýsing stefnanda og málsástæður.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo að skv. augl., sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda hinn 27. janúar s.l., nr. 68/1995, hafi allir flug-

umferðarstjórar, bæði þeir sem starfa hjá flugmálastjórn og hjá flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli, verið tilgreindir á skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, um störf sem falla undir 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna. Í auglýsingunni eru störf flugumferðarstjóra tiltekin með eftirgreindum hætti.

„Stofnun:	Starf:
Utanríkisráðuneyti.	
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.	Flugumferðarstjórar, allir.
Samgönguráðuneyti.	
Flugmálastjórn.	Flugumferðarstjórar“.

Skv. 2. mgr. 19. gr. laganna skulu andmæli við framangreindum skrám borin fram fyrir 1. mars sama ár og skráin birtist. Með bréfi dags. 22. febrúar 1995 mótmælti stefnandi því með rökstuddum hætti, að öll störf flugumferðarstjóra skuli með nefndri auglýsingu vera felld undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Mótmæli stefnanda byggja annars vegar á því að nefnd skrá hafi ekki lagagildi gagnvart félagsmönnum stefnanda, þar sem ekkert samráð hafi verið haft við stefnanda við gerð skrárinnar svo sem boðið er í 1. ml. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, og hins vegar á því að ekki sé sýnt fram á eða sannað að allir flugumferðarstjórar uppfylli það skilyrði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. að þeir sinni „nauðsynlegustu öryggisgæslu...“.

Þar sem ágreiningur er um framangreind atriði, sé stefnanda nauðsynlegt að bera mál þetta undir Félagsdóm til úrlausnar, skv. 2. mgr. 19. gr. laganna i.f.

Flugumferðarstjórar voru einnig tilgreindir á fyrri skrá um sama efni, sbr. augl. 27/1992, þó þannig að ekki var sérstaklega tilgreint varðandi flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli, að „allir“ flugumferðarstjórar féllu þar undir. Þrátt fyrir það og með vísan til dóms Félagsdóms í málinu nr. 1/1992, BSRB (f.h. tiltekinna aðildarfélaga) gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, verði að líta svo á, að almennt sé heimilt að koma að andmælum við birtingu skráa, þó ekki hafi verið borin fram andmæli við fyrri skrá.

Að auki er til þess vísað að störf flugumferðarstjóra séu síbreytileg, og að mikil þróun eigi sér stað á starfsvettvangi flugumferðarstjóra, sem leiði til þess að listun starfanna þarfnist örrar endurskoðunar.

Í því sambandi er þess getið að í dómi Félagsdóms í málinu nr. 3/1987, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Félagi ísl. flugumferðarstjóra, (Fél.d. IX. bls. 173), var fjallað um verkfallsboðun stefnanda sem boðuð var með bréfi dags. 7. maí 1987. Í niðurstöðu Félagsdóms í því máli sagði m.a. að líta verði svo á að störf flugumferðarstjóra „séu þess eðlis að þau falli fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna, og að félagsmönnum (stefnanda) sé því óheimilt að gera verkfall. . .".

Líta verði svo á, með tilliti til niðurstöðu Félagsdóms í málinu nr. 1/1992, að heimilt sé að bera ágreining vegna skráar skv. augl. nr. 68/1995 undir Félagsdóm nú. Dómur vegna ágreinings um réttarstöðu í máli nr. 3/1987 hafi ekki res judicata áhrif að þessu leyti. Eðlilegt sé að líta svo á, svo sem gert var í ofangreindum dómi Félagsdóms í málinu nr. 1/1992, að andmælaréttur og réttur til að bera ágreining undir Félagsdóm, eigi við í hvert sinn sem skrár skv. 2. mgr. 19. gr. eru birtar.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að skv. 14. gr. l. 94/1986 sé meginreglan sú, að stéttarfélögum sem eru samningsaðilar skv. l. 94/1986, sé heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um kjarasamning, sbr. 18. gr. l. 94/1986. Framangreind verkfallsheimild sé talin vera hluti af efnahagslegum mannréttindum í nútíma þjóðfélagi, og takmarkanir á þeim rétti skuli túlkaðar þröngt. Þannig sé ljóst að bann 19. gr. við heimild til verkfallsaðgerða sé undantekningarákvæði sem skýra beri þrengjandi lögskýringu, og þannig stefnanda í hag, sbr. t.d. Fél.d. IX, bindi bls. 360, og Fél.d. s.b. bls. 492.

Þá er af hálfu stefnanda á því byggt, að skv. 2. mgr. 19. gr. l. 94/1986 sé fjármálaráðherra skylt að birta skrá skv. 1. mgr. „að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög", þ.e.a.s. stefnanda. Eðlilegt sé að túlka ákvæðið að þessu leyti þannig að skráin sé samin í samráði við viðkomandi stéttarfélög og að stéttarfélögum sé gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum.

Í dómi Félagsdóms í málinu nr. 12/1994: St. Jósefsspítali gegn Sjúkraliðafélagi Íslands, segir að skrárnar skuli gerðar í samráði aðila, „enda er tilgangur ákvæðisins sá, að með samkomulagi aðila um stefnumarkandi skrár og samráð, að draga úr hættu á ágreiningi um viðkvæm og vandasöm mál." Í niðurstöðu þess máls sé á því byggt, að viðkomandi skrá hafi ekki verið gild, þar sem „hvorki

voru uppfyllt fyrirmæli 2. mgr. 19. gr. . . . um tímamörk né samráð við gerð skráar. . .". Það að ekkert samráð var viðhaft við gerð skráarinnar, leiði þannig til þess að skráin verður ógild og óskuldbindandi fyrir þau störf sem þannig stendur á um.

Einnig er af hálfu stefnanda á því byggt, að ekki liggi fyrir og ekki hafi verið sýnt fram á eða sannað að störfum allra flugumferðarstjóra sé þannig háttað að um sé að ræða „nauðsynlegustu öryggisgæslu" í skilningi 3. tl. 1. mgr. 19. gr. l. 94/1986. Augljóst sé að skrá stefnda sé allt of víðtæk að þessu leyti og taki á engan hátt tillit til þess, að störf flugumferðarstjóra séu mismunandi, svo sem fram komi í andmælum stefnanda til stefnda.

Óumdeilt sé að aðrar starfsstéttir geti með verkfallsaðgerðum haft víðtæk áhrif á flugstarfsemi ýmis konar, og sé slíkt látið óátalið af löggjafanum. Í því sambandi er m.a. vísað til verkfallsheimilda flugmanna, flugvirkja, afgreiðslumanna á flugvöllum o.s.frv. Við slíkar aðstæður lamist öll almenn flugumferð.

Flugumferðarstjórum sé á hinn bóginn skylt að sinna neyðartilfellum skv. 20. gr. l. 94/1986, og yrði þannig komið í veg fyrir að neyðarástand skapaðist, svo sem vegna sjúkraflugs, þótt til almenns verkfalls flugumferðarstjóra kæmi. Yrðu flugumferðarstjórar þannig eins settir og t.d. flugmenn, og gætu beitt verkfallsaðgerðum til framdráttar kaupkröfum sínum með eðlilegum hætti, án þess að það kæmi niður á nauðsynlegasta neyðar- og sjúkraflugi. Af hálfu stefnanda er því hafnað, að öll flugumferð geti fallið undir „nauðsynlegustu öryggisgæslu". Skv. 16. gr. l. 94/1986 skuli ákvörðun um vinnustöðvun tilkynnt með minnst 15 sólarhringa fyrirvara. Nægur tími sé þannig til að aðvara flugrekstraraðila og beina t.d. flugumferð frá íslensku flugumsjónarsvæði.

Hér megi benda á að flugumferðarstjórar erlendis hafi víða verkfallsrétt, s.s. í Bretlandi, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Ekki verði séð að Ísland hafi neina þá sérstöðu að ekki megi sama gilda um íslenska flugumferðarstjóra. Líta verði svo á að stefndi hafi sönnunarbyrði um slíka sérstöðu íslenskrar flugumferðar.

Þar sem stefndi leitaði ekki álits stefnanda varðandi gerð skráar, og ekki liggur fyrir sérfræðiálit eða hlutlaus athugun af hálfu stefnda varðandi nauðsynlegustu störf flugumferðarstjóra í verkfalli, verði að telja að stefndi hafi fyrirgert rétti sínum til að takmarka verkfallsrétt flugumferðarstjóra skv. 3. tl. 1. mgr. 19. gr. l.

94/1986 og verði því að líta svo á að fella beri flugumferðarstjóra af lista skv. augl. nr. 68/1995.

Til vara er þess krafist að skrá skv. 2. mgr. 19. gr. sem birt var með auglýsingu nr. 68/1995, verði breytt á þá leið að einungis tiltekin störf flugumferðarstjóra verði undanþegin verkfallsheimild. Flugumferðarstjórar hjá stefnda gegni ýmsum stöðum, m.a. varðstjóra- og vaktstjórastöðum. Störf þau sem tilgreind eru í varakröfu stefnanda, muni að mati stefnanda vera fullnægjandi til að halda uppi nauðsynlegustu öryggisgæslu í verkfalli, þannig að komið yrði í veg fyrir hugsanlegt hættuástand. Ljóst sé að í verkfalli flugumferðarstjóra mun álag minnka til muna, þar sem gera megi ráð fyrir að almenn flugumferð muni dragast mikið saman sé það mat stefnanda að nægilegt sé að manna flugumferðarstjórn á Keflavíkurflugvelli og í Reykjavík með þeim hætti sem getið er um í varakröfu.

Í skrá þeirri sem stefndi birti einhliða séu öll störf flugumferðarstjóra felld undir skilgreiningu 3. tl. 1. mgr., án nánari skýringa. Verulegar breytingar hafi átt sér stað á starfi flugumferðarstjóra undanfarin ár, og megi þannig t.d. nefna, að allmargir flugumferðarstjórar gegni almennum stjórnunarstöðum, sem ósannað sé að falli undir skilgreiningu 3. tl. 1. mgr. Þannig gegni flugumferðarstjórar í félagi stefnanda t.d. stöðu framkvæmdastjóra flugumferðarþjónustu, forstöðumanns rekstrardeildar flugumferðarþjónustu, stöðu deildarstjóra skipulags- og þjálfunardeildar, séu kennarar í skóla MS og gegni stöðu forstöðumanns tölvudeildar, auk þess að gegna stöðu yfirflugumferðarstjóra. Á engan hátt verði talið að slík störf falli undir „nauðsynlegustu öryggisgæslu. . .".

Þá megi nefna að breyttar aðstæður í heimsmálum hafi leitt til þess að dregið hafi úr eftirlits- og öryggisflugi Varnarliðsins í Keflavík, sem áður var umtalsvert og gat talist til nauðsynlegustu öryggisgæslu.

Einnig sé þess að geta að nýjustu millilandaflugvélar hafi fullkominn flugleiðsögu- og staðsetningabúnað, sem áhrif hafi haft á þróun flugumferðarstjórnar.

Til þrautavara er þess krafist að skrá skv. 2. mgr. 19. gr. sem birt var með augl. 68/1995, verði breytt á þá leið að einungis þau störf sem tiltekin eru í þrautavarakröfunni, séu undanþegin verkfallsrétti. Rök fyrir þrautavarakröfu eru þau sömu og í varakröfu, nema að

því leyti að gert er ráð fyrir ítarlegri mönnun í stöðum flugumferðarstjóra við verkfallsaðstæður.

Lagarök stefnanda.

Stefnandi vísar til 19. gr. l. 94/1986, einkum 2. mgr. sbr. 3. tl. 1. mgr., og 1. mgr. 26. gr., 5. tl. varðandi heimild til að bera mál þetta undir Félagsdóm.

Um málskostnað vísast til 65. gr. l. 80/1938, sbr. XXI. kafla l. 91/1991 um meðferð einkamála. Um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun vísast til l. 50/1988, og þess að stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og til að tryggja skaðleysi sitt að þessu leyti sé stefnanda nauðsynlegt að fá virðisaukaskatt dæmdan úr hendi stefnda.

Málavaxtalýsing stefnda, málsástæður og lagarök.

Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna nái verkfallsheimild ekki til þeirra sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu. Með frumvarpi er síðar varð að lögunum fylgdi listi yfir störf sem falla ættu undir nefnt ákvæði, en flugumferðarstjórar voru þar á meðal. Með dómi Félagsdóms frá 22. maí 1987 í máli nr. 3/1987 hafi það verið staðfest að störf flugumferðarstjóra væru þess eðlis að þau féllu fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Að gengnum þessum dómi Félagsdóms birti fjármálaráðherra skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna, sbr. auglýsingu nr. 41/1988, en þar voru flugumferðarstjórar tilgreindir með sama hætti og í listanum er fylgdi frumvarpi að lögunum. Ekki voru gerðar athugasemdir við þá skrá af hálfu stefnanda. Með auglýsingu nr. 53/1990 var aftur birt skrá og voru flugumferðarstjórar enn meðal þeirra sem verkfallsheimild náði ekki til. Í þeirri skrá var uppi sams konar tilgreining, nema að því leyti að þeir flugumferðarstjórar sem vinna undir flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli voru nefndir sérstaklega undir utanríkisráðuneyti. Af hálfu stefnanda voru ekki uppi andmæli við þá skrá. Með auglýsingu nr. 31/1991 var birt skrá og þar voru flugumferðarstjórar með sama hætti tilgreindir og á áður gildandi skrá og án sérstakra athugasemda af hálfu stefnanda. Með auglýsingu nr. 27/1992 var enn birt skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna. Engar breytingar voru frá áðurgildandi skrá og komu ekki fram neinar athugasemdir af hálfu stefnanda. Sérstakar skrár voru ekki birtar 1993 og 1994. Hinn 27. febrúar 1995 var birt skrá, sbr. auglýsingu nr. 68/1995 og

horfir skráin eins við og áður þar sem allir flugumferðarstjórar eru undanþegnir verkfallsheimild.

Stefnandi krefst þess aðallega að flugumferðarstjórar verði felldir niður af skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, sbr. auglýsingu nr. 68/1995. Byggir stefnandi kröfu sína annars vegar á því að ekkert samráð hafi verið viðhaft við gerð skrárinnar svo sem boðið er í 1. ml. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Hins vegar byggir stefnandi á því að ekki sé sýnt fram á eða sannað að allir flugumferðarstjórar uppfylli það skilyrði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. að þeir sinni nauðsynlegustu öryggisgæslu.

Af hálfu stefnda hafi engin breyting verið gerð á skránni að því er varðar störf flugumferðarstjóra. Nái verkfallsheimild ekki til þeirra starfa og ljóst nú sem fyrr að enginn flugumferðarstjóri hafi heimild til að vera í verkfalli. Hafi það ekki aðeins verið staðfest af hálfu löggjafans heldur einnig af dómstólum, sbr. fyrrnefndan dóm Félagsdóms í máli nr. 3/1987. Enginn rökstuðningur sé fram kominn af hálfu stefnanda um það að störf og starfsemi flugumferðarstjóra hafi breyst, hvorki almennt né að því er sérstaklega varðar það hvort og með hvaða hætti störfin teljist til nauðsynlegustu öryggisgæslu. Um árabil hafi störf flugumferðarstjóra verið tilgreind þannig í auglýstum skrám að ávallt hafi verið ljóst að engum flugumferðarstjóra væri heimilt að gera verkfall. Ásamt því að slík tilgreining hafi verið ágreiningslaus og skýr, hafi löng og athugasemdalaus venja um hana skapast. Stefndi telur að þar sem stefnandi hafi ekki haft uppi andmæli strax og tilefni var til, eftir atvikum með málsókn fyrir Félagsdómi, eftir að fyrstu skrárnar samkvæmt lögunum voru birtar, tjái ekki að gera það nú, enda engin breyting í auglýsingu nr. 68/1995 sem gefi slíkt tilefni. Því til stuðnings er bent á niðurstöðu Félagsdóms frá 9. desember 1994 í máli nr. 15/1994.

Stefndi telur að lögboðið samráð samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 sé einungis bundið við það ef ný störf eru tekin inn á skrá eða þegar breyting er gerð frá áður gildandi skrá. Sú túlkun sé í samræmi við lokamálslið ákvæðisins er kveði á um að andmæli gegn breytingum á skrá skuli borin fram fyrir 1. mars. ár hvert. Þess vegna hafi enga laganauðsyn borið til að hafa sérstakt samráð við stefnanda í tilefni af auglýsingu nr. 68/1995 enda engin ástæða til að búast við andmælum af hans hálfu nú frekar en áður. Hafi stefndi litið svo á að samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna bæri ekki nauðsyn til

að kynna stéttarfélögum það sérstaklega ef engin breyting er gerð á skrá og telur stefndi að álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 241/1990 (SUA: 1990, bls. 176) renni stoðum undir þá túlkun.

Þótt talið yrði að brestu hafi verið á að viðhafa samráð við stefnanda, telur stefndi að það geti ekki leitt til þess að störf flugumferðarstjóra verði nú felld niður af skrá, sbr. auglýsingu nr. 68/1995. Það fái ekki staðist að brestur á samráði við stefnanda nú, þegar engin breyting hafi verið gerð hvað varðar félagsmenn hans, geti leitt til þess að störf þeirra verði ekki lengur talin falla undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Engin ný ákvörðun eða skipan mála hafi komið fram með auglýsingu nr. 68/1995 að því er varðar stefnanda og því ekkert tilefni til að viðhafa sérstakt samráð. Stefndi mótmælir því ennfremur að túlka beri ákvæðið svo að skrá verði að semja í samráði við stéttarfélög. Augljóst sé því að þótt um væri að ræða annmarka á ýtrustu formskilyrðum 2. mgr. 19. gr. að þessu leyti, geti það ekki leitt til niðurfellingar eða ógildis og enn síður breytinga á skránni, sérstaklega ekki þegar litið er til þess að af hálfu stefnanda hefur verið hreyft mótmælum við fyrri skrám (sic.) og engin sú breyting í gildandi skrá sem gefið hefur sérstakt tilefni til samráðs.

Telur stefndi auk þess, að ekki eigi undir Félagsdóm í því tilviki að dæma um ógildi stjórnvaldsathafnar, enda geti Félagsdómur aðeins látið málið til sín taka á grundvelli 5. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986. Samkvæmt því ákvæði komi einungis til álita að dæma efnislega um það hvort störf flugumferðarstjóra falli undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. sömu laga og eftir atvikum að skera úr ágreiningi um breytingar á skrám. Engum breytingum sé hins vegar til að dreifa varðandi störf flugumferðarstjóra í auglýsingu nr. 68/1995 eða því að þau falli undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Stefndi telur ljóst að störf flugumferðarstjóra séu þess eðlis að þau falli hiklaust undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Nægi í því sambandi að vísa til forsendna Félagsdóms frá 22. maí 1987 í máli nr. 3/1987. Stefndi telur að niðurstaða dómsins sé bindandi um úrslit sakarefnis aðila í milli enda hafi þar verið dæmt að efni til um sama sakarefni og stefnandi hefur uppi nú. Kröfum stefnanda beri því að vísa frá Félagsdómi samkvæmt 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Niðurstaða Félagsdóms í máli nr. 1/1992 breyti engu um það, að fyrir liggi dómur um sakarefnið. Þótt ekki verði á það fallist telur stefndi að niðurstaða Félagsdóms í nefndu

máli hafi hiklaust sönnunargildi að þessu leyti, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á hið gagnstæða við þá niðurstöðu löggjafans og Félagsdóms um að störf flugumferðarstjóra séu þess eðlis að þau falli fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Stefnandi hafi þannig ekki sýnt fram á að flugumferðarstjórar sinni ekki lengur nauðsynlegustu öryggisþjónustu, en fyrir því beri hann sönnunarbyrði. Stefndi byggir á því að lögákveðin flugumferðarstjórn innanlands og til og frá landinu hljóti enn sem fyrr að falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu í skilningi laga nr. 94/1986. Stefnandi vísar til þess að undantekningar frá heimild til verkfalls beri að túlka þröngt. Stefndi telur að heimildir til að víkja frá meginreglu um þátttöku í verkfalli lúti þröngri lögskýringu með því að takmarkaðar séu verkfallsheimildir þeirra sem starfi við nauðsynlegustu öryggisgæslu. Því mati löggjafans og dómstóla að flugumferðarstjórar falli þar allir undir hafi stefnandi hins vegar ekki hnekkt. Flugumferðarstjórn hér á landi spanni yfir stórt svæði innlendrar sem og erlendrar flugumferðar, en þeirri starfsemi sé lögum samkvæmt skylt að halda uppi. Nauðsyn á störfum flugumferðarstjóra sé því augljós og miði að því að tryggja öryggi allra samgangna í lofti á íslensku flugumferðarsvæði.

Stefnandi hafi á því byggt að störf flugumferðarstjóra séu sí-breytileg og að mikil þróun eigi sér stað á þeim starfsvettvangi, sem leiði til þess að listun starfanna þarfnist örrar endurskoðunar. Þá byggi stefnandi einnig á því að hin auglýsta skrá sé allt of víðtæk og taki ekki tillit til þess að störf flugumferðarstjóra séu mismunandi. Stefndi mótmælir þessu sem órökstuddu og ósönnuðu. Því er mótmælt að störf flugumferðarstjóra hafi breyst þannig að þau falli ekki lengur undir nauðsynlegustu öryggisgæslu. Engar röksemdir eða sönnun er komin fram af hendi stefnanda um að störfin hafi breyst að þessu leyti. Þess vegna er því mótmælt að skylt hafi verið að leita sérfræðiálits eða hlutlausrar athugunar varðandi nauðsynlegustu störf flugumferðarstjóra í verkfalli.

Stefnandi byggi á því að víða erlendis hafi flugumferðarstjórar verkfallsrétt. Af hálfu stefnda verði ekki séð hver áhrif það eigi að hafa á kröfur stefnanda. Því er alfarið hafnað að á stefnda hvíli sönnunarbyrði gagnvart stefnanda um það hvernig íslenskum lögum og réttarframkvæmd er háttað. Verkfallsréttur erlendra flugumferð-

arstjóra breyti engu um réttarstöðu starfsbræðra þeirra hér á landi og geti ekki horft til breytinga á íslenskum lögum eða dómum.

Stefnandi hafi ekki rökstutt þá málsástæðu sína að flugumferðarstjórar skuli einungis sinna neyðartilfellum umfram aðra öryggisgæslu í verkfalli. Ljóst sé að ekki reyni á ákvæði 20. gr. laga nr. 94/1986 meðan allir flugumferðarstjórar eru undanþegnir verkfallsheimild svo sem verið hefur. Því er alfarið mótmælt að „neyðar- eða sjúkraflug" hafi einhverja sérstöðu þannig að flugumferðarstjórum sé rétt að sinna einungis þeirri flugumferð en hafi að öðru leyti verkfallsheimild. Í stefnu gæti þess misskilnings að flugumferð sé talin falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu. Stefnandi vísi ranglega til starfsemi sem ekki er haldið uppi af félagsmönnum hans, enda yrðu þeir ekki kallaðir út í neyðar- eða sjúkraflug. Hið rétta sé að flugumferðarstjórn falli undir nauðsynlegustu öryggisgæslu. Engin rök séu komin fram fyrir því að takmarka megi öryggi flugumferða almennt, en tryggja skuli sérstaklega öryggi neyðar- og sjúkraflugs eins og stefnandi virðist byggja á. Út frá öryggissjónarmiðum og þar með nauðsyn þess að flugumferðarstjórn sé haldið uppi hljóti öll flugumferð að horfa eins við.

Vara- og þrautavarakröfu stefnanda er mótmælt, þar sem þær feli í sér beiðni um að Félagsdómur geri úr garði skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Það heyri ekki undir dóminn og því telur stefndi að vísa beri varakröfum frá Félagsdómi ex officio.

Varakröfu stefnanda er mótmælt efnislega, þar sem hún miði í raun aðeins að fækkun þeirra starfsmanna sem undanþága frá verkfalli eigi að ná til. Engin efnisleg rök séu sett fram af hálfu stefnanda um að þau tilteknu störf sem varakrafan miðar að, séu nægjanleg til að sinna nauðsynlegustu öryggisgæslu. Verði hér að leggja til grundvallar mat löggjafans og Félagsdóms á því að allir flugumferðarstjórar falli fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Stefndi mótmælir því einnig að ljóst sé að í verkfalli flugumferðarstjóra muni álag flugumferðarstjóra minnka mikið þar sem gera megi ráð fyrir að almenn flugumferð dragist saman. Hér sé um að ræða öfuga rökhendingu hjá stefnanda, enda lamist flugumferð í því tilviki ekki nema vegna verkfalls af hálfu flugumferðarstjóra.

Þrautavarakröfu stefnanda er mótmælt efnislega sem órökstuddri. Ekki sé sýnt fram á neinar ástæður þess að öryggis flugumferðar sé

nægjanlega gætt með því að einungis vinni þeir sem breytingatillögur stefnanda gera ráð fyrir.

Til stuðnings kröfum um málskostnað vísast til 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 bar fjármálaráðherra að hafa samráð við stefnanda áður en skrá sbr. auglýsingu 68/1995 var gerð, en þegar til þess er litið að við gerð ofangreindrar skrár var ekki um neinar breytingar að ræða frá fyrri skrám, þá þykir eftir atvikum bera að fallast á það með stefnda, að það eitt valdi ekki ógildi skrárinnar, að ekki var haft samráð við stefnanda áður en hún var gerð.

Túlka ber 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 á þann veg að árlega hafi stefnandi átt rétt á að bera fram andmæli við framlengdri skrá og skiptir ekki máli í því sambandi að stefnandi hefur ekki hreyft andmælum við auglýsingum fyrri ára.

Með dómi Félagsdóms 22. maí 1987 í máli nr. 3/1987 var því slegið föstu, að þeir félagsmenn stefnda í málinu, „sem starfa sem flugumferðarstjórar" falli fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Á þeim tíma lá ekki fyrir skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna, sem gerð hafði verið í samráði við stéttarfélagið og birt með lögboðnum hætti. Í kjölfar dómsins hafa síðan verið gerðar skrár samkvæmt greindu lagaákvæði og birtar. Fyrst með auglýsingu nr. 41/1988 og síðan árlega að þremur árum undanskyldum. Samkvæmt öllum þessum skrám hafa flugumferðarstjórar eigi verkfallsheimild.

Ekki teljast efni til að líta svo á, að undanþágulistarnir feli í sér víðtækari undanþágur en áður hafði verið ákveðið í ofangreindum dómi Félagsdóms frá 1987, þ.e. þeir „sem starfa sem flugumferðarstjórar". Stefnandi hefur ekki lagt fram upplýsingar um það, hvaða félagsmenn stefnanda eða hver stór hluti félagsmanna vinna ekki að flugumferðarstjórn, enda þótt það sé ekki hlutverk Félagsdóms að gera skrár skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Þegar til þess er litið, að Félagsdómur hefur þegar dæmt að störf flugumferðarstjóra, sem starfa sem flugumferðarstjórar, séu þess eðlis, að þau falli fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, verður að telja að stefnandi hafi sönnunarbyrði fyrir því að

aðstæður hafi breyst verulega frá því að sá dómur var uppkveðinn. Það hefur stefnandi ekki gert og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkisins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Félags íslenskra flugumferðarstjóra, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar.

Ég er sammála úrlausn meiri hluta dómara að öðru leyti en því er varðar réttarfarsleg endalok málsins.

Málið er milli sömu aðila og Félagsdómsmálið nr. 3 1987. Að efni til snúast bæði málin um það, hvort umræddir flugumferðarstjórar falli undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986. Meginmálsástæða stefnanda er sú „að ekki sé sýnt fram á eða sannað að allir flugumferðarstjórar uppfylli það skilyrði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. að þeir sinni „nauðsynlegustu öryggisgæslu. . ..“ Sambærilegar upplýsingar um Flugmálastjórn og flugstjórnarsvæði liggja fyrir í báðum málunum. Ekki er leitt í ljós að þær breytingar hafi átt sér stað frá fyrri dómi að hér skipti máli. Er þá við það miðað að undanþága flugumferðarstjóra frá verkfallsheimild skuli varna því að landið einangrist að loftferðum að því leyti sem það er í verkahring stjórnvalda. Ber því þessu samkvæmt að vísa málinu frá dómi eftir 116. gr. laga nr. 91 1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80 1938 og dæma málskostnað skv. 2. mgr. 130. gr. laganna.

Mánudaginn 30. október 1995.

Nr. 13/1995. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) f.h.**
Félags flugmálastarfsmanna ríkisins (FFR)
Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi (FOSA)
Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ)
Starfsmannafélags Neskaupstaðar (ST.Nesk.)
Starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR)
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Verkfallsheimild. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 18. október sl., er höfðað með stefnu birtri 4. apríl sl. .

Stefnandi er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), kt. 440169-0159, Grettisgötu 89, Reykjavík fyrir hönd eftirtalinna aðildarfélaga sinna:
Félags flugmálastarfsmanna ríkisins (FFR), kt. 530169-1979, Reykjavíkurflugvelli, Reykjavík, Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi (FOSA), kt. 580687-1729, Mánagötu 13, Reyðarfirði, Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ), kt. 560470-0109, Grettisgötu 89, Reykjavík, Starfsmannafélags Neskaupstaðar (St.Nesk.), kt. 451275-1519, Sverristúni 1, Neskaupstað og Starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR), kt. 620269-3449, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, kt. 540269-6459, Arnarhváli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, að eftirtaldar breytingar verði gerðar á skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem birtist sem auglýsing nr. 68/1995 í B-deild stjórnartíðinda þann 27. janúar 1995. Breytingarnar feli í sér að tilgreind orð undir „starf“ falli út:

Stofnun.	Starf.
Sjávarútvegsráðuneyti.	
Fiskistofa.	Veiðieftirlitsmenn (8) (SFR).

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Fjórð.sjúkrahúsið Neskaupstað.	Röntgentæknar (0,5) (St. Nesk.).
Sjúkrahúsið Egilsstöðum.	Sjúkraliðar (FOSA/SLFÍ) morgunvakt (6) gæsluvakt (2).

Samgönguráðuneyti.

Flugmálastjórn.	Aðstoðarmenn í flugstjórn (FFR). Deildarstjóri loftferðaeftirlits (FFR). Eftirlitsmaður flugöryggistækja (FFR). Eftirlitsmaður vinnuvéla (FFR). Flugradíómenn (FFR). Flugvallaeftirlitsmenn (FFR). Flugvallaverðir (FFR). Radíóeftirlitsmenn (FFR). Umdæmisstjórar (FFR). Verkstjóri eftirlitsmanna (FFR). Yfirverkstjóri (FFR).

Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. ákvörðun dómsins.

Dómkröfur stefnda eru aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að tildæmdur verði málskostnaður úr hans hendi samkvæmt mati Félagsdóms.

Til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en að í stað neðangreindrar tilgreiningar á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, sbr. augl. nr. 68/1995:

Sjúkrahúsið Egilsstöðum.	Sjúkraliðar morgunvakt (6) gæsluvakt (2).
komi:	
Sjúkrahúsið Egilsstöðum.	Sjúkraliðar morgunvakt (2) síðdegisvakt (2) kvöldvakt (2) gæsluvakt (1).

Þess er einnig krafist í varakröfu að stefnda verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati Félagsdóms.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi kveður málsástæður og önnur atvik vera þau að skv. 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 nái heimild til verkfalls ekki til starfsmanna sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu. Stefndi hafi birt skrá með auglýsingu nr. 68/1995, sem birst hafi í B deild stjórnartíðinda þann 27. janúar s.l. Á skránni eigi að vera tilteknir þeir starfsmenn eða þau störf sem unnin skuli í hugsanlegu verkfalli opinberra starfsmanna. Skráin feli í sér undantekningar frá meginreglunni um verkfallsrétt opinberra starfsmanna og því hafi stefndi sönnunarbyrðina fyrir því í hverju einstöku tilviki að fullnægt sé lagaskilyrðum fyrir undanþágu frá verkfallsheimild. Verði stefndi því að leggja fram fullnægjandi gögn fyrir því í hverju tilviki af hverju viðkomandi starfsmenn eigi að vera án verkfallsheimildar.

Þau félög opinberra starfsmanna sem standa að málssókn þessari gera þær athugasemdir við skrána sem marka megi af kröfugerð þessa máls. Rök fyrir athugasemdum félaganna eru þessi:

SFR gerir þá kröfu að 8 veiðieftirlitsmenn sem starfa á Fiskistofu verði teknir af skránni. Að mati félagsins standa engin rök til þess að telja störf veiðieftirlitsmanna falla undir „nauðsynlegustu öryggisgæslu".

St. Nesk. gerir þá kröfu að af skránni verði felld orðin „Röntgentæknar (0,5)". Við sjúkrahúsið á Neskaupstað er í fullu starfi einn röntgentæknir (röntgenmyndari) sem er félagsmaður St. Nesk. Að mati stefnanda er ekki lagaheimild til þess að ákveða að einstakir starfsmenn séu bæði í og ekki í verkfalli. Annað hvort starfi viðkomandi einstaklingur við „nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu" eða ekki. Í fyrra tilvikinu sé hann án verkfallsheimildar en í því síðara ekki. Ekki sé heimilt að undanþiggja hann verkfallsheimild að hluta.

FOSA og SLFÍ andmæla því að sjúkraliðar við Sjúkrahúsið á Egilsstöðum, en 7 þeirra eru félagsmenn FOSA og einn félagsmaður SLFÍ, séu án verkfallsheimildar. Eftir því sem best sé vitað séu 7,2 stöðugildi sjúkraliða við sjúkrahúsið og virðist því ætlun stefnda að auka þjónustu sjúkraliða komi til verkfalls.

FFR gerir viðtækar athugasemdir við skrá yfir starfsmenn Flugmálastjórnar sem eiga að vera undanþegnir verkfallsheimild. Skráin virðist þannig gerð af stefnda að miðað sé við óbreytta þjónustu

flugmálastjórnar komi til verkfalls. Að mati stefnanda ber einungis að sinna nauðsynlegustu öryggisgæslu í því tilviki. Starfsemi Flugmálastjórnar í verkfalli opinberra starfsmanna eigi því að miðast við að tryggja nauðsynlegt neyðar- og sjúkraflug. Hér verði að hafa í huga að við venjulegar aðstæður sé einungis sólarhringsvakt í Reykjavík og Keflavík, en annars staðar sé lokað utan auglýsts opnunartíma. Skapist neyð séu menn kallaðir út til starfa. Að mati stefnanda er eðlilegt að bregðast við sérstökum neyðartilvikum á svipaðan hátt, komi til verkfalls, með heimild í 20. gr. laga nr. 94/1986.

Almennt eru framangreind andmæli einnig studd þeim rökum að tilgreining á skrá skv. 2. mgr. 19. gr. verði að vera ótvíræð þannig að ekki geti leikið vafi á við hvern sé átt með tilgreiningunni. Þá beri að tilgreina þau störf eða starfsmenn sem falla undir 3. tl. 1. mgr. greinarinnar. Óheimilt sé að semja um annars konar tilgreiningu eða vísa til þess að ákveðinn starfsemi eigi að sinna þrátt fyrir verkfall.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Um veiðieftirlitsmenn.

Því er mótmælt af hálfu stefnda að engin rök standi til þess að telja störf veiðieftirlitsmanna falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu í skilningi 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Veiðieftirlitsmenn eru starfsmenn Fiskistofu, sbr. lög nr. 36/1992, sem hefur með höndum framkvæmd laga um stjórnun fiskveiða. Hafi þeir fyrir stofnun Fiskistofu starfað sem starfsmenn sjávarútvegsráðuneytis og verið undanþegnir verkfallsheimild sem slíkir. Telur stefndi að þegar af þeirri ástæðu skuli þeir vera undanskildir verkfallsheimild, enda hafi störf þeirra í engu breyst.

Þá byggir stefndi á því að óhjákvæmilegt sé að fella störf veiðieftirlitsmanna undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 þar sem þeir sinni nauðsynlegustu öryggisgæslu. Störf veiðieftirlitsmanna miði meðal annars að því að hafa eftirlit með skráningu og aflamarki einstakra fiskiskipa, eftirlit með útflutningi og eftirlit með ferðum íslenskra og erlendra skipa, sbr. bréf Fiskistofu, dags. 5. maí 1995. Telur stefndi þau störf falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu með því að tryggt sé öryggi fiskimiðanna.

Röntgentæknar.

Stefndi byggi á því að ekki sé lagaheimild til þess að ákveða að einstakir starfsmenn „séu bæði í og ekki í verkfalli", enda sé ekki hægt að undanþiggja hann verkfallsheimild að hluta. Tilgreiningin í auglýsingu nr. 68/1995 feli í sér að starfa skuli röntgentæknir í hálfu starfi við sjúkrahúsið á Neskaupsstað ef til verkfalls kemur. Um þörf fyrir starfsmanninn vísast til bréfaskipta stefnda við Sjúkrahúsið á Neskaupsstað.

Sjúkraliðar.

Stefnandi andmælir því að sjúkraliðar við Sjúkrahúsið á Egilsstöðum séu án verkfallsheimildar og telur að með auglýsingu nr. 68/1995 virðist stefnt að því að auka þjónustu sjúkraliða, komi til verkfalls. Þeim skilningi stefnanda er mótmælt. Við Sjúkrahúsið á Egilsstöðum séu heimil 8 stöðugildi sjúkraliða. Undanþága frá verkfallsheimild hafi náð til þeirra allra samkvæmt áðurgildandi skrá, sbr. auglýsingu nr. 27/1992, og skyldu þeir starfa eins og á stórhátíð. Breytingin samkvæmt hinni nýbirtu skrá miði því aðeins að því að tilgreining sé nákvæmari, en ósk þar að lútandi hafi komið fram af hálfu stefnanda. Þar sem tveir starfsmenn eru tilgreindir á gæsluvakt leiði það í raun til fækkunar en ekki fjölgunar, svo sem stefnandi hafi haldið fram. Svo sem fram kemur í bréfi fjármálaráðuneytis, dags. 5. maí 1995, geti stefndi þó fallist á að koma að einhverju leyti til móts við sjónarmið stefnanda um fjölda starfsmanna og skiptingu þeirra á vaktir, þannig að á morgun-, síðdegis- og kvöldvakt verði starfandi tveir á hverri vakt, en aðeins einn á gæsluvakt.

Starfsmenn flugumferðarstjórnar.

Varðandi þau störf er falla undir flugmálastjórn og um er deilt í málinu byggir stefndi í fyrsta lagi á því að þar sé engin breyting frá áðurgildandi skrá, en öll komi störfin fram í auglýsingu nr. 27/1992 og hafi verið tilgreind þar með sama hætti. Engin rök hafi komið fram af hálfu stefnanda um það að nú skuli fella þessar undanþágur niður og ekkert tilefni til að ætla að umrædd störf séu ekki lengur í þágu nauðsynlegustu öryggisgæslu, en stefnandi beri um það sönnunarbyrði. Telur stefndi að þegar af þessum ástæðum beri að sýkna hann af kröfum stefnanda varðandi þessa kröfuliði.

Stefnandi byggi á því að einungis eigi að sinna nauðsynlegustu öryggisgæslu hvað varðar þjónustu flugmálastjórnar og telji að í því

felist eingöngu öryggi neyðar- og sjúkraflugs. Þessu er alfarið mótmælt af hálfu stefnda, enda fráleitt að telja að neyðar- og sjúkraflug hafi einhverja þá sérstöðu þannig að einungis sé rétt að gæta öryggis þess, en ekki annars flugs. Hér geri stefnandi ekki greinarmun á nauðsyn þess að neyðar- og sjúkraflugi sé haldið uppi og hins vegar að almenns flugöryggis sé gætt. Hinir tilgreindu starfi ekki sérstaklega við neyðar- eða sjúkraflug. Öryggi flugs og flugvalla, sem tilgreindir starfsmenn flugmálastjórnar starfi að, horfi eins við öllum flugsamgöngum og sé skylt samkvæmt lögum að halda uppi þeirri öryggisgæslu. Sé ennfremur skylt að halda þeirri öryggisgæslu uppi þrátt fyrir verkföll, sbr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Sé því fullljóst að þau störf sem tilgreind eru í skránni undir flugmálastjórn falli undir nauðsynlegustu öryggisgæslu, enda ekki um að ræða neitt lægra stig öryggisgæslu. Ef ekki væri haldið uppi nauðsynlegustu öryggisgæslu, væri hún ekki fyrir hendi.

Þá byggi stefnandi einnig á því að nægjanlegt sé að bregðast við sérstökum neyðartilvikum á grundvelli heimildar í 20. gr. laga nr. 94/1986. Því er mótmælt. Stefndi eigi mat um það hvaða störf falli undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna. Flugmálastjórn og sú öryggisgæsla sem sinnt er af hálfu stofnunarinnar sé þess eðlis að lögskylt sé að halda henni uppi og sé nauðsyn starfanna augljós til að tryggt sé öryggi allra samgangna í lofti á íslensku flugumferðarstjórnarsvæði svo og öryggis á öllum flugvöllum. Ókleift sé þannig fyrir flugmálastjórn að bregðast sérstaklega við neyðartilvikum, enda skapist neyð við það eitt að starfseminni sé ekki haldið uppi. Öll störfin sem tilgreind eru undir „Samgönguráðuneyti, Flugmálastjórn“ séu nauðsynleg í því skyni að halda uppi flugöryggi og falla því hiklaust undir nauðsynlegustu öryggisgæslu í skilningi 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Bendir stefndi því til hliðsjónar á dóm Félagsdóms frá 22. maí 1987 í máli nr. 3/1987.

Stefnandi hafi almennt stutt kröfur sínar þeim rökum að tilgreining á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. skuli vera ótvíræð þannig að ekki geti leikið vafi á við hvern sé átt með tilgreiningunni. Hér virðist stefnandi aðeins setja fram álit sitt, en tæpast verði þetta atriði í stefnu skilið svo að um eiginlega málsástæðu sé að ræða, enda í engu vikið að því að vafi sé um það til hvaða starfa skráin nær til. Enginn vafi geti verið uppi um það hvaða störf sé um að ræða. Séu störf nefnd í eintölu sé aðeins um einn starfsmann að ræða, en ella

tákni tölur í svigum augljóslega fjölda þeirra starfa sem undanþæg skuli verkfallsheimild. Í síðara tilvikinu sé það undir yfirstjórn viðkomandi embættis eða stofnunar komið að ákveða hvaða einstaklingar skuli starfa, en augljóst megi vera að löggjafinn hafi ekki gert ráð fyrir að menn, sem vinni sams konar störf, séu nefndir með nafni og kennitölu í skrá sem birta á samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Í öðrum tilvikum þar sem ekki er tilgreindur sérstakur fjöldi starfsmanna nái verkfallsheimild augljóslega til allra þeirra sem hafa með höndum þau störf sem í skránni greinir og ekki geti verið vafi um hver eru.

Í bréfi stefnanda til stefnda, dags. 20. janúar 1995, hafi þess verið farið á leit að við yfirstandandi endurskoðun á gildandi skrám yrði reynt eftir föngum að gera þær skýrari. Við þeirri málaleitan hafi verið orðið. Að því leyti sem ekki komu fram mótmæli af hálfu aðildarfélaga stefnanda innan lögmælts frests, eftir að skráin hafi verið birt, verði að túlka það svo að með því hafi þau talið skrána svo skýra sem hún helst geti orðið og óskað var eftir. Þannig telur stefndi ekki unnt að bera fyrir sig óskýrleika í skránni í þessu máli. Vísast hér til Félagsdóms frá 9. desember 1994 í máli nr. 15/1994. Til stuðnings kröfum um málskostnað vísast til XXI. kafla laga nr. 91/1991, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Niðurstaða.

Í samræmi við 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna birti stefndi þann 27. janúar s.l. með auglýsingu nr. 68/1995 í B deild stjórnartíðinda skrá yfir þau störf, er falla að mati stefnda undir ákvæði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna. Á skránni eiga að vera tilteknir þeir starfsmenn eða þau störf sem unnin skulu í hugsanlegu verkfalli opinberra starfsmanna.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 94/1986 er stéttarfélögum, sem eru samningsaðilar samkvæmt lögunum, heimilt að gera verkfall og eftir 18. gr. laganna tekur það til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitanda, sem verkfall beinist gegn, nema þeim sé óheimilt að gera verkfall samkvæmt lögunum. Í 3. tl. 1. mgr. 19. gr. er hins vegar kveðið á um, að þeim sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu sé óheimilt að taka þátt í verkfalli. Takmarkanir laganna frá þeirri meginreglu að starfsmönnum framangreindra stéttarfélaga sé heimilt að gera verkfall ber að túlka þröngri lögskýringu.

Túlka ber 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 á þann veg að árlega hafi stefnandi átt rétt á að bera fram andmæli við skrá stefnda og skiptir ekki máli í því sambandi hvort stefnandi hefur hreyft andmælum við auglýsingum fyrri ára eða ekki.

Verður nú fjallað um einstakar stofnanir og störf.

Sjávarútvegsráðuneyti:

Fiskistofa. Veiðieftirlitsmenn (8) (SFR).

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 36/1992 um Fiskistofu skal Fiskistofa annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum. Skal Fiskistofa meðal annars annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála sem og önnur verkefni. Í bréfi Fiskistofu, dags. 5. maí sl., kemur fram að veiðieftirlitsmenn annist eftirlit með framkvæmd laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða og laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og annarra reglna, sem settar eru með stoð í lögum þessum. Markmið slíkra reglna miði að því að hafa eftirlit með skráningu einstakra fiskiskipa, eftirlit með útflutningi og eftirlit með ferðum íslenskra og erlendra fiskiskipa. Til að fiskveiðistjórnunarkerfið nái tilgangi sínum sé nauðsynlegt að fylgst sé með veiðum íslenska fiskiskipaflotans almennt og veiðum, aflakvóta og kvótastöðu einstakra skipa. Í bréfinu eru tíunduð nokkur dæmi um verkefni veiðieftirlitsmannanna, sem talist geti til nauðsynlegustu öryggisgæslu. Óumdeilt er, að störf þessi eru afar mikilvæg til að vernda hin verðmætu fiskimið íslensku þjóðarinnar, en ekkert þessara starfa, sem nefnd eru, geta talist falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu.

Tilgreining veiðieftirlitsmannanna átta, sem stefndi telur að eigi að vera undanþægir verkfallsheimild í auglýsingu nr. 68/1995, vísar ekki til hvaða störfum þeir gegna. Þá hefur stefndi heldur ekki sýnt fram á að störf þessi falli undir nauðsynlegustu öryggisgæslu, sbr. 3. tl. 19. gr. laga 94/1986. Ber því að taka þá kröfu stefnanda til greina að fella starfsheiti þessi út af skrá í auglýsingu nr. 68/1995.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:

Fjórðungssjúkrahúsið Röntgentæknar (0,5) (St. Nesk.).
Neskaupstað.

Fram er komið að við sjúkrahúsið í Neskaupsstað er einn röntgentæknir í fullu starfi, sem er félagsmaður í Starfsmannafélagi Neskaupsstaðar. Fallist er á það með stefnanda að starfsmaður geti ekki verið að hluta til að störfum í verkfalli en að hluta til ekki.

Þegar af þeirri ástæðu ber að fella starfsheiti þessi út af framangreindri skrá.

Sjúkrahúsið Egilsstöðum. Sjúkraliðar (FOSA/SLFÍ)
morgunvakt (6)
gæsluvakt (2).

Fram er komið að við sjúkrahúsið á Egilsstöðum eru átta stöðugildi sjúkraliða. Samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992, sem í gildi var fyrir birtingu núgildandi auglýsingar, náði undanþága frá verkfallsheimild til þeirra allra, en þeir skyldu starfa sem á stórhátíð. Stefndi kveður tilgreiningu á núgildandi skrá miða að nákvæmari tilgreiningu. Svo sem áður greinir lúta undantekningar frá meginreglunni um þátttöku í verkfalli þröngri lögskýringu. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að framangreindar tilgreiningar séu ekki umfram það sem nauðsynlegt er til að hann geti haldið uppi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Þá bera tilgreiningarnar ekki með sér til hvaða starfsmanna þær taka, en upplýst er að sjö þeirra eru félagsmenn í Félagi opinberra starfsmanna á Austurlandi en einn í Sjúkraliðafélagi Íslands. Ber því að taka kröfu stefnanda til greina og fella framangreindar tilgreiningar út af skrá samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995. Að því er varakröfu stefnda varðar er það ekki á verksviði Félagsdóms að meta hversu margir starfsmenn skulu starfa í verkfalli eða hvernig manna eigi vaktir og búa þannig til nýja skrá, sem tekur til annarra tilgreininga, heldur fyrst og fremst, að skera úr ágreiningi, sem rísa kann um breytingar á skránni, sbr. Félagsdóm í málinu nr. 12/1994 frá 15. nóvember 1994.

Samgönguráðuneyti:

Flugmálastjórn.

Aðstoðarmenn í flugstjórn (FFR).

Undantekningar frá meginreglunni um þátttöku í verkfalli lúta þrengjandi lögskýringu og ber tilgreining á skrám samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 að vera nákvæm og ótvíræð þannig að ekki sé réttmætur vafi á við hvern sé átt. Tilgreining þessi vísar ekki til fjölda þeirra starfsmanna sem undanþægir eru verkfalli og er því of víðtæk. Þá hefur stefndi heldur ekki fært sönnur á að allir aðstoðarmenn í flugstjórn sinni störfum sem falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu. Ber því að fella framangreindar tilgreiningar út af framangreindri skrá.

Deildarstjóri loftferðaeftirlits (FFR).

Af gögnum málsins er ljóst að deildarstjórar loftferðaeftirlits eru fleiri en einn. Þeir hafa meðal annars yfirumsjón með öryggiseftirliti og framkvæmd reglugerða er varða búnað og lofthæfi loftfara, framkvæmd flugrekstrar og réttinda- og skýrteinaútgáfu til flugliða. Ekki er ljóst af tilgreiningunni við hvaða deildarstjóra er átt né hvaða starfi hann gegnir. Tilgreiningin er því ekki nægilega skýr. Ber því að fella starfsheitið út af framangreindri skrá.

Eftirlitsmaður flugöryggistækja (FFR).

Af gögnum málsins er ljóst að eftirlitsmenn flugöryggistækja eru fleiri en einn. Ekki er ljóst af tilgreiningunni við hvaða eftirlitsmann er átt né hvaða starfi hann gegnir. Tilgreiningin er því ekki nægilega skýr. Ber því að fella tilgreininguna út af framangreindri skrá.

Eftirlitsmaður vinnuvéla (FFR).

Stefndi hefur hvorki sýnt fram á í hverju starfið er fólgið, né fært sönnur á að starfið falli undir nauðsynlegust öryggisgæslu. Ber því að fella tilgreininguna út af framangreindri skrá.

Flugradíómenn (FFR).

Tilgreining í auglýsingu nr. 68/1995 vísar hvorki til fjölda þeirra starfsmanna sem undanþægir eru verkfalli né hvar þeir eru að störfum og er því of víðtæk. Þá hefur stefndi ekki fært sönnur á að allir flugradíómenn sinni störfum sem falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu. Ber því að fella starfsheitin út af framangreindri skrá.

Flugvallaeftirlitsmenn (FFR).

Tilgreining í auglýsingu nr. 68/1995 vísar ekki til fjölda þeirra starfsmanna sem undanþægir eru verkfalli né hvar þeir eru að störfum og er því of víðtæk. Þá hefur stefndi ekki fært sönnur á að allir flugvallaeftirlitsmenn sinni störfum sem falla undir nauðsynlegust öryggisgæslu. Ber því að fella starfsheitin út af framangreindri skrá.

Flugvallaverðir (FFR).

Tilgreining í auglýsingu nr. 68/1995 vísar hvorki til fjölda þeirra starfsmanna sem undanþægir eru verkfalli né hvar þeir eru að störfum og er því of víðtæk. Þá hefur stefndi ekki fært sönnur á að allir flugvallaverðir, en þeir munu alls vera 21, sinni störfum sem falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu. Ber því að fella starfsheitin út af framangreindri skrá.

Radíóeftirlitsmenn (FFR).

Tilgreining í auglýsingu nr. 68/1995 vísar ekki til fjölda þeirra starfsmanna sem undanþægir eru verkfalli né hvar þeir eru að störfum og er því of víðtæk. Þá hefur stefndi ekki fært sönnur á að allir flugvallaeftirlitsmenn sinni störfum sem falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu. Ber því að fella starfsheitin út af framangreindri skrá.

Umdæmisstjórar (FFR).

Tilgreining í auglýsingu nr. 68/1995 vísar ekki til fjölda þeirra starfsmanna sem undanþægir eru verkfalli og er því of víðtæk. Tilgreiningin er því ekki nægilega skýr. Þá hefur stefndi ekki fært sönnur á að allir umdæmisstjórar sinni störfum sem falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu. Ber því að fella starfsheitin út af framangreindri skrá.

Verkstjóri eftirlitsmanna (FFR).

Stefndi hefur hvorki sýnt fram á í hverju starfið er fólgið né fært sönnur á að starfið falli undir nauðsynlegustu öryggisgæslu. Ber því að fella starfsheitið út af framangreindri skrá.

Yfirverkstjóri (FFR).

Af gögnum málsins er ljóst að yfirverkstjórar eru tveir. Ekki er ljóst af tilgreiningunni við hvaða yfirverkstjóra er átt. Tilgreiningin er því ekki nægilega skýr. Ber því að fella tilgreininguna út af framangreindri skrá.

Með vísan til framanritaðs eru kröfur stefnanda teknar til greina.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst 100.000 krónur.

Dómsorð:

Kröfur stefnanda, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) f.h. Félags flugmálastarfsmanna ríkisins (FFR), Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi (FOSA), Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ), Starfsmannafélags Neskaupstaðar (ST.Nesk.) og Starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR) eru teknar til greina.

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda kr. 100.000 í málskostnað.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar.

Sóknaraðili málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fyrir hönd fimm aðildarfélaga sinna. Kröfur félaganna eru þær, að síðargreind störf verði felld af skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem birt var í B-deild stjórnartíðinda 27. janúar sl. með auglýsingu nr. 68. Engar varakröfur eru uppi hafðar af hendi félaganna að því er tekur til fjölda starfa undir hverju starfsheiti. Verður nú vikið að kröfum hvers einstaks félags.

Starfsmannafélag ríkisstofnana (SFR).

Krafa félagsins lýtur að því að fella af skránni störf 8 veiðieftirlitsmanna hjá fiskistofu (sjávarútvegsráðuneyti). Störf þessi eru ný á skrá skv. auglýsingu nr. 68.

Samkvæmt gögnum málsins hafa veiðieftirlitsmennirnir með höndum margháttuð eftirlitsstörf bæði á sjó og landi. Sum þeirra virðast þess eðlis, að núverandi stjórnkerfi fiskveiða verði ekki haldið uppi án þeirra. Má þar til nefna eftirlit með vigtun og löndun sjávarafla ásamt fiskflutningum á landi, eftirlit með skráningu afla einstakra skipa og þau hafi nægilegt aflamark til veiða, eftirlit með útflutningi á óunnum afla, tillögugerð um skyndilokanir og lokanir og opnanir veiðisvæða, eftirlitsferðir með skipum Landhelgisgæslunnar og margt fleira. Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu eru 24 og af þeim eru teknir 8 á skrá um undanþágu frá verkfallsheimild. Líta verður svo á, að nokkur hluti af störfum veiðieftirlitsmannanna falli undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986. Þau eru um gagnaöflun, eftirlit og tillögugerð ómissandi tengiliður fyrir sjávarútvegsráðuneytið til að halda uppi núverandi stjórnun fiskveiða. Kröfu stefnda um eftirlitsmenn í verkfalli er því í hóf stillt að því er séð verður af gögnum málsins. Ber því að hafna kröfu stefnanda um að störf þessi falli út af áðurgreindri skrá.

Félag flugmálastarfsmanna ríkisins (FFR).

Krafa þess félags lýtur að því að fella út af skránni allmörg starfsheiti sem koma fram í kröfugerð þess.

Með dómi Félagsdóms 22. maí 1987 var því slegið föstu, að þeir félagsmenn stefnda (Félagi íslenskra flugumferðastjóra) í því máli „sem starfa sem flugumferðastjórar“ falli fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986. Sömu niðurstöðu er að finna í dóminum

frá 25. september sl. Augljóst má telja, að dómar þessir miða við að haldið sé uppi almennri flugþjónustu á íslensku flugstjórnarsvæði, en ekki einstökum þáttum hennar svo sem sjúkraflugi, leitarflugi o.þ.h. Til þess þyrfti ekki fulla mönnun flugumferðaþjónustunnar eða um það bil 90 störf. Þó svo að landið kunni að einangrast af völdum verkfalla stéttarfélaga, sem ekki eru samningsaðilar ríkisins, þá miða reglur þess um verkfallsrétt þeirra er að flugmálum starfa að því, að til einangrunar landsins í lofti komi ekki jafnframt því sem horft er til alþjóðlegra skuldbindinga. Frá þessu sjónarmiði tel ég að skýra beri reglur um störf manna hjá Flugmálastjórn. Þessi skoðun styðst einnig við það, að þau störf sem hér er deilt um hafa verið á undanþágulistum frá því lög nr. 94 1986 voru sett. Fyrst koma þau fram á starfsheitaskrá, fskj. 2, sem lögð var fram með frumvarpi að lögunum og síðan á hverri þeirri undanþáguskrá er eftir það hefur verið gerð. Ekki verður fallist á, að tilgreining starfsheita á skrá í auglýsingu nr. 68 1995 sé ófullnægjandi, enda er hún alveg samhljóða skrá þeirri er fylgdi lagafrumvarpinu. Við flutning málsins hefur heldur ekki verið sýnt fram á neinar breytingar er réttlæta að fella starfsheitið út af undanþáguskránni. Ber því að hafna kröfu stefnanda þar um.

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi (FOSA)
og Sjúkraliðafélag Íslands (SLFÍ).

Kröfur og viðhorf málsaðila til starfa sjúkraliða á Sjúkrahúsinu á Egilsstöðum greinir í forsendum dómsins.

Í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986 er mælt fyrir um gerð skrár um störf sem falla undir 3.-6. tl. fyrri mgr. greinarinnar. Ágreining málsaðila „um breytingar“ á skránni skal leggja fyrir Félagsdóm, sem sker úr honum til fullnustu. Ég tel að Félagsdómi sé skylt í hverju einstöku tilviki að meta þörfina fyrir þau störf, sem þarf til að fullnægja umræddum 3. tl. 1. mgr. 19. gr. um nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu. Upplýsingar í gögnum málsins um Sjúkrahúsið á Egilsstöðum eru fátæklegar, en þegar litið er til annarra sambærilegra sjúkrastofnana á skrá skv. auglýsingu nr. 68 1995 sem og mönnun sjúkrahússins í verkfalli samkvæmt fyrri skrá sbr. auglýsingu nr. 27 1992 og annarra opinberra upplýsinga, þá þykir eftir atvikum rétt að undanþiggja verkfallsheimild störf fjögra sjúkraliða þar af eins á gæsluvakt. Annað leiddi til misræmis við hliðstæðar sjúkrastofnanir á skránni.

Starfsmannafélag Neskaupstaðar (ST.NESK).

Ágreiningur málsaðila snýst um það, hvort heimilt sé að undanþiggja frá verkfallsheimild störf röntgentæknis að hálfu leyti. Undanþágulistar skv. 2. mgr. 19. gr. fjalla um störf en ekki einstaklinga. Engin ákvæði í lögum sýnast hamla slíkri skiptingu, enda ýmis dæmi um hana á undanþágulistum nú og áður. Ber því að hafna kröfu stefnanda.

Eftir atvikum telst rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 75.000 í málskostnað.

Dómsorð.:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja f.h. fimm framangreindra aðildarfélaga sinna að öðru leyti en því, að við Sjúkrahúsið á Egilsstöðum skulu undanþegin verkfallsheimild störf fjögra sjúkraliða þar af ein gæsluvakt.

Stefnandi greiði stefnda 75.000 krónur í málskostnað.

Sératkvæði
Erlu Jónsdóttur.

Ég er sammála niðurstöðu meirihluta dómsins varðandi kröfur stefnanda vegna Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi (FOSA), Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) og Starfsmannafélags Neskaupsstaðar (ST.NESK.)

Varðandi kröfur stefnanda vegna Starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR) og Félags flugmálastarfsmanna ríkisins (FFR) er ég sammála sératkvæði Guðmundar Skaftasonar. Eftir atvikum tel ég rétt að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 24. nóvember 1995.

Nr. 20/1995. **Vinnuveitendasamband Íslands f.h.**
Vinnuveitendafélags Vestfjarða
(Ragnar Árnason cand. jur.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f.h.
Verkamannasambands Íslands
vegna Verkalýðsfélagsins Baldurs
(Björn L. Bergsson hdl.)

Uppsögn kjarasamnings. Frávísunarkröfu hafnað.

Úrskurður Félagsdóms.

Úrskurðinn kveða upp Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 22. þ.m. vegna frávísunarkröfu stefnda, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu útgefinni 3. þ.m. og þingfestri 7. þ.m.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, fyrir hönd Vinnuveitendafélags Vestfjarða, kt. 700269-0279, Engjavegi 14, Ísafirði.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219 Skipholti 50c, Reykjavík vegna Verkalýðsfélagsins Baldurs, kt. 490272-4299, Pólgötu 2, Ísafirði.

Dómkröfur stefnanda:

Að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að uppsögn Verkalýðsfélagsins Baldurs á kjarasamningi félagsins og Vinnuveitendafélags Vestfjarða frá 4. apríl 1995 sé ógild.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega að málinu verði vísað frá dómi. Til vara að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til þrautavara að stefndi verði sýknaður að svo stöddu.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati

dómsins og að tillit verði tekið til virðisaukaskatts af dæmdum málskostnaði.

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrskurðar.

Málavextir.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að gerður hafi verið kjarasamningur við Verkalýðsfélagið Baldur á Ísafirði 4. apríl 1995. Með þeim samningi hafi Verkalýðsfélagið Baldur gerst aðili að kjarasamningi Verkamannasambands Íslands frá 21. febrúar 1995. Samningurinn hafi framlengt alla síðast gildandi kjarasamninga aðila til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem fólust í samningi Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands frá 21. febrúar 1995.

Hinn 21. febrúar hafi verið undirritaðir kjarasamningar við 5 landssambönd Alþýðusambands Íslands og hafi samningarnir verið til ársloka 1996. Í samningunum hafi verið samhljóða ákvæði um forsendur samninga og endurskoðun þeirra. Forsendurnar hafi þar verið tæmandi taldar. Annars vegar er vísað til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í 17 liðum og hins vegar á því byggt að verðlagsþróun á samningstímanum í heild yrði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu yrði tryggður. Þá hafi samningsaðilar ákveðið að á samningstímabilinu skyldi starfa sérstök launanefnd á sama hátt og í undangengnum samningum, sem skipuð væri þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ og þremur fulltrúum vinnuveitenda. Ákveðið hafi verið að hlutverk launanefndar væri m.a. að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjist á hverjum tíma. Samningurinn geti orðið uppsegjanlegur á samningstímabilinu ef launanefnd komist að þeirri niðurstöðu að marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum. Við þær aðstæður væri hvorum aðila launanefndar fyrir sig heimilt að segja samningnum lausum. Komi til uppsagnar falli samningar úr gildi 31. desember 1995.

Í öllum samningum sem Vinnuveitendasambandið hafi gert við stéttarfélög í framhaldi af febrúarsamningunum séu efnislega sömu ákvæði og í febrúarsamningunum um efnahagslegar forsendur og launanefnd, þ.e. samsvarandi ákvæði og í 16. og 17. gr. kjarasamnings Verkamannasambandsins. Á almenna vinnumarkaðnum hafi því verið samið um eina launanefnd fyrir allan vinnumarkaðinn.

Hér sé um sama fyrirkomulag að ræða og t.d. í kjarasamningunum 1990 og 1993. Þær launanefndir hafi tekið ákvarðanir um endurmat og uppsögn kjarasamninga fyrir öll stéttarfélög, bæði innan sem utan ASÍ.

Verkalýðsfélagið Baldur hafi ekki tekið þátt í samningagerðinni 21. febrúar 1995. Samningar tókust milli Verkalýðsfélagsins Baldurs og Vinnuveitendafélags Vestfjarða 4. apríl 1995. Skv. 1. gr. samningsins hafi Verkalýðsfélagið Baldur gerst aðili að kjarasamningi Verkamannasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 með nánar tilgreindum viðbótum. Þau ákvæði hafi þó ekki snert ákvæði samningsins frá 21. febrúar um gildistíma, samningsforsendur og launanefnd. Því gildi ákvæði samningsins frá 21. febrúar um þau atriði.

Með bréfi Verkalýðsfélagsins Baldurs dags. 16. október 1995 hafi félagið sagt upp öllum kjarasamningum félagsins við vinnuveitendur. Þar komi fram það mat félagsins að grundvöllur sá sem samningar aðila hafi byggst á sé brostinn, launajöfnunarstefnan hafi beðið skipbrot og aðgerðir stjórnvalda séu ekki í takt við samningsgerðina. Fylgt hafi fundarsamþykktir félagsfunda þann 12. og 14. október 1995 þar sem almennt sé vísað til óánægju með þróun efnahags- og kjaramála.

Þar sem stefndi, Verkalýðsfélagið Baldur, hafi ekki virt þær leikreglur sem kveðið sé á um í 17. gr. kjarasamnings og séu nauðsynlegur undanfari uppsagnar samninga sé uppsögnin ógild. Nauðsynlegt sé að fá það staðfest með dómi, svo að starf launanefndar geti gengið með eðlilegum hætti og í samræmi við ákvæði samninga

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, byggir hann kröfugerð sína á því, að stefndi, Verkalýðsfélagið Baldur, sem er innan Verkamannasambands Íslands, hafi með samningi við Vinnuveitendafélag Vestfjarða þann 4. apríl 1995, gerst aðili að kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 með forsendum og fyrirvörum 16. og 17. greinar samningsins. Uppsögn Verkalýðsfélagsins Baldurs á samningnum sé ekki í samræmi við ákvæði 17. gr. þess samnings og því ólögmæt.

Kjarasamningi Verkamannasambandsins hafi verið ætlað að gilda til 31. desember 1996 og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Settur hafi verið öryggisventill í samninginn ef marktæk frávik yrðu

á forsendum hans sem séu tilgreindar með tæmandi hætti. Venja sé fyrir því að tekið sé fram með skýrum hætti í kjarasamningum hvaða aðstæður gætu leitt til uppsagna eða breytinga á samningum, enda sé það nauðsynlegt. Af eðli kjarasamninga leiði að gildistími þeirra þurfi að vera ljós og hvort og þá með hvaða skilyrðum þeim verði sagt upp. Launanefnd ASÍ og vinnuveitenda hafi með kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og öðrum þeim samningum sem gerðir voru í febrúar verið falið að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og skera úr um hvort ástæða væri til uppsagnar samninga. Launanefndin skyldi gera tillögur til samtaka launþega og vinnuveitenda og stjórnvalda með það að markmiði að samningsforsendur héldu svo ekki þyrfti að koma til uppsagnar samninga. Launanefndin skyldi koma saman og reyna til þrautar að komast að samkomulagi innbyrðis og við stjórnvöld um aðgerðir í efnahags- atvinnu- og verðlagsmálum. Fyrst eftir að launanefnd hafi skilað áliti sínu væri tilefni til ákvörðunar um uppsagnir samninga. Þá geti hvor aðili launanefndar, ef samningsforsendur verði taldar brostnar, sagt upp samningum. Það sé hins vegar ekki á færi einstakra stéttarfélaga að segja upp samningum. Aðilar að kjarasamningi Verkamannasambandsins hafi verið þrír, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasambandið og Verkamannasamband Íslands vegna aðildarfélaga. Það séu hins vegar aðeins tveir aðilar sem sagt geti upp samningunum. Þetta komi glögglega fram í 17. gr. samningsins þar sem segir: „Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum. . .". Hér geti aðeins verið átt við hvorn hluta launanefndar. Þetta hafi verið sameiginlegur skilningur Vinnuveitendasambandsins og landssambanda ASÍ. Hér sé um sama fyrirkomulag að ræða og í kjarasamningunum 1990 og 1993. Einni launanefnd sé falið vald til að meta hvort forsendur hafi staðist, hlutast til um aðgerðir til að stuðla að því marki og jafnframt að segja samningum lausum ef marktæk frávik hafi í raun orðið frá hinum samningsbundnu forsendum.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda fyrir frávísunarkröfu.

Frávísunarkrafan er studd eftirfarandi rökum:

Dómskjal nr. 13 hafi að geyma gildandi kjarasamninga Verkalýðsfélagsins Baldurs, Verkalýðs- og sjómannafélags Álftfirðinga, Verkalýðsfélags Patreksfjarðar og Verkalýðsfélags Hólmavíkur annars vegar og Vinnuveitendafélags Vestfjarða og Vinnumálasam-

bandsins hins vegar. Á bls. 72 gefi að líta ákvæði greinar 25.1. sem framlengd var úr fyrri kjarasamningum. Þar segi:

> Rísi ágreiningur milli samningsaðila, skal sá aðili, er telur sig órétti beittan, bera fram kvörtun við stjórn hins aðilans. Skulu þær rannsaka ágreiningsatriðin og ráða þeim til lykta, ef unnt er. Hafi stjórnir beggja aðila eigi komið sér saman um endanlega lausn ágreiningsins innan tveggja sólarhringa frá því kvörtunin var sett fram, ber þegar að skjóta málinu til sáttanefndar, er sé þannig skipuð, að hvor aðili tilnefni einn mann og annan til vara, viðkomandi bæjarfógeti (sýslumaður) þann þriðja, og skulu þessir menn þá reyna að jafna deiluatriðin. Skal nefndin hafa lokið störfum innan tveggja sólarhringa frá því að þriðji maður var skipaður.

Stefndi, Verkalýðsfélagið Baldur, telji að stefnandi hafi sniðgengið umrætt ákvæði með þeim hætti að valda eigi frávísun frá Félagsdómi. Samkvæmt samningsákvæðinu hvíli sú algera skylda á samningsaðilum að reyna sættir í ágreiningsmálum innan kjarasamningsins. Í stað þess að fara þá leið hafi stefnanda legið svo á í málinu, að stefnda hafi ekki gefist nokkur kostur á að jafna ágreininginn með einum eða öðrum hætti. Eins og fram kemur á dskj. nr. 6, svari Vinnuveitendasamband Íslands stefnda hinn 30. október s.l. eða tæpum hálfum mánuði eftir að bréfið á dskj. nr. 5 er ritað. Í niðurlagi bréfs stefnanda á dskj. nr. 6 sé skorað á stefnda að draga uppsögnina til baka en að öðrum kosti verði leitað til Félagsdóms. Óðagotið hafi hins vegar verið slíkt að stefna í málinu er gefin út hinn 3. nóvember eða tveim dögum eftir að stefnda, Verkalýðsfélaginu Baldri, barst bréfið, sbr. svarbréf Verkalýðsfélagsins frá 8. nóvember sl. Stefndi telur að samkvæmt framangreindu ákvæði í kjarasamningi aðila hafi verið skylt að vísa ágreiningnum til umsaminnar sáttanefndar áður en mál verði höfðað. Ákvæði greinar 25.1 sé hluti af kjarasamningi aðila og þar af leiðandi verði að telja að rétt og eðlilegt sé að skýra ákvæðið svo að það eigi við um þann ágreining í skiptum samningsaðila, sem eigi rót sína að rekja til samningsins sjálfs, svo sem ágreinings um gildi hans eða framkvæmd. Þar sem það hafi ekki verið gert, beri að vísa málinu frá.

Í stefnu sé staðhæft að stefndi, Verkalýðsfélagið Baldur, hafi gerst aðili að kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands. Jafnframt sé staðhæft að með því hafi

stefndi afsalað til launanefndar réttinum til að nýta sér uppsagnarheimild kjarasamningsins.

Hvort tveggja sé rangt. Hið rétta sé, að stefndi og þrjú önnur nafngreind stéttarfélög á Vestfjörðum hafi í samningi sínum við Vinnuveitendafélag Vestfjarða gert samning Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands að sínum, að svo miklu leyti sem ekki væri á annan veg samið í sérsamningum Vestfirðinga, bæði þeim sem áður giltu og í greindum samningi sem gerður var 4. apríl 1995. Með því að taka upp samskonar samningsákvæði og í kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands hafi stefndi ásamt hinum þremur stéttarfélögunum gengið inn í þann rétt sem landssamböndum Alþýðusambands Íslands var veittur samkvæmt 17. gr. þess samnings. Að vera „aðili" sem heimilt er að segja samningnum lausum með minnst mánaðar fyrirvara.

Þessi rangi málatilbúnaður stefnanda feli í sér ótvíræðan formgalla og leiði að mati stefnda til þess að vísa ber máli þessu frá dómi. Ef taka ætti efnislega á málatilbúnaði stefnanda, hefði það óhjákvæmilega í för með sér að hagsmunum þeirra verkalýðsfélaga sem sömdu með Verkalýðsfélaginu Baldri væri raskað án þess að þeim hafi verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna eða koma sínum sjónarmiðum að fyrir dóminum, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Breyti í þessu sambandi engu þótt stefnendur hafi gætt formskilyrða 45. gr. laga nr. 80/1938 um að stefna Alþýðusambandi Íslands og Verkamannasambandi Íslands. Þeim tveimur aðilum sé einungis stefnt vegna Verkalýðsfélagsins Baldurs. Málatilbúnaður stefnanda feli í sér kröfu um að viðurkennt sé að þessum fjórum verkalýðsfélögum sé óheimilt að ráða þeim hagsmunum sem felast í lögbundnu hlutverki þeirra, sbr. 3. gr. laga nr. 80/1938, þ.e. ráða málefnum sínum sjálf. Stefnukrafan feli í raun í sér sviptingu rétthæfis hvers félags hvað þetta snertir án þess að þremur af þeim félögum sem þessu eiga að sæta hafi verið stefnt til að þola þá niðurstöðu.

Á dskj. nr. 5 gefi að líta bréf stefnda, dags. 16. október s.l., þar sem tilkynnt sé að félagsfundur stefnda hafi samþykkt samhljóða að segja upp öllum kjarasamningum félagsins við vinnuveitendur.

Eins og glöggt megi sjá sé uppsögn þessi ekki komin til framkvæmda. Skjalið feli enda ekki í sér neina bindandi ákvöð, heldur

hafi einungis að geyma viljayfirlýsingu og ósk um viðræður. Skilyrðum 17. gr. kjarasamningsins á dskj. nr. 3, sem stefndi hafi gert að sínum með kjarasamningnum á dskj. nr. 4, fyrir fullgildri uppsögn sé ekki fullnægt í nefndu bréfi. Þau skilyrði séu tvenn, annars vegar að niðurstaða launanefndar liggi fyrir og að segja eigi kjarasamningnum upp með minnst mánaðar fyrirvara, þ.e. fyrir 1. desember n.k. Hvorugt þessara skilyrða sé fyrir hendi. „Eindagi" uppsagnar, ef svo megi að orði komast, sé ekki kominn og niðurstaða launanefndar liggi ekki fyrir. Í þessu sambandi sé mikilvægast að ekkert sé frá því greint á dskj. nr. 5 frá hvaða tíma uppsögnin eigi að taka gildi. Skilningur stefnda, Verkalýðsfélagsins Baldurs, liggi hins vegar ljós fyrir í bréfinu frá 8. nóvember s.l., en þar samþykki stjórn félagsins að fresta því að taka afstöðu til áskorunar Vinnuveitendasambands Íslands um að draga uppsögn kjarasamninga félagsins til baka þar til niðurstaða launanefndar liggi fyrir.

Ljóst sé að launanefndin verði að hafa lokið athugun sinni fyrir 30. nóvember n.k. þannig að svigrúm gefist til uppsagnar á samningnum með samningsbundnum fyrirvara ef um marktæk frávik sé að ræða frá samningsforsendum samkvæmt 16. gr. Samningsaðilar hafi með sama hætti frest til 30. nóvember n.k. til að afturkalla uppsagnir ef launanefnd komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið um slík frávik að ræða.

Í þessu sambandi er því sérstaklega mótmælt sem haldið er fram í stefnu að nauðsyn beri til að fá úr gildi uppsagnar stefnda skorið „. . . svo starf launanefndar geti gengið með eðlilegum hætti . . .". Verksvið launanefndar lúti að engu leyti að hinni umdeildu uppsögn og sé því þessum rökum fyrir málshöfðuninni vísað á bug sem fráleitum.

Málshöfðun þessi, á meðan launanefnd hafi ekki lokið athugun sinni, feli í sér frumhlaup af hálfu stefnanda. Það sé fyrst þann 1. desember n.k. ef launanefnd komist að þeirri niðurstöðu að kjarasamningar séu ekki uppsegjanlegir sem á lögmæti uppsagnar stefnda reyni, ef hann myndi ekki draga hana til baka. Málssókn þessi feli þannig í raun í sér að verið sé að leggja þá lögspurningu, í andstöðu við 25. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, fyrir Félagsdóm hvort stefndi hafi uppsagnarheimild skv. kjarasamningnum án þess að lögformleg uppsögn liggi fyrir og án þess að eiginlegur réttarágreiningur sé orðinn í málinu.

Niðurstaða.

Það er ágreiningslaust með aðilum, að tilvitnuð grein 25.1 í kjarasamningi er hluti af gildandi kjarasamningi þeirra. Samkvæmt henni er aðilum skylt að skjóta ágreiningi sín á milli til sérstakrar sáttanefndar. Það hefur ekki verið gert.

Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfuna voru aðilar sammála um, að sambærilegt ákvæði hafi verið í kjarasamningum a.m.k. frá árinu 1949, samt hafi slík sáttanefnd aldrei verið skipuð og aðilar kjarasamninga muni aldrei hafi óskað eftir slíkri skipan. Með vísan til þessa og þeirrar staðreyndar að stefndi bar ekki þetta samningsákvæði fyrir sig, fyrr en í greinargerð sinni til dómsins, þykir ákvæðið ekki girða fyrir að stefnandi geti borið ágreining aðila undir Félagsdóm.

Stefndi tilkynnti stefnanda uppsögn sína á kjarasamningi sínum við stefnanda með bréfi dags. 16. október sl. Önnur verkalýðsfélög, sem aðild áttu að þeim samningi, hafa ekki sagt honum upp. Hver sem úrslit máls þessa verða í Félagsdómi eru kjarasamningar þeirra áfram í gildi. Því er ekki hægt að líta svo á, að þau félög hafi þá hagsmuni af niðurstöðu í þessu máli að jafna megi til samaðildar í merkingu 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Ekki er útilokað, að stefnandi hafi af því lögvarða hagsmuni að skorið sé úr um það hvort áðurgreind uppsögn verkalýðsfélagsins Baldurs á kjarasamningi félagsins og Vinnveitendafélags Vestfjarða sé gild eða ógild, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, og verður því ekki á það fallist með stefnda að hér sé verið að óska álits dómsins um lögfræðilegt álitaefni, sbr. 1. mgr. tilvitnaðrar lagagreinar.

Með vísan til framanritaðs er ekki fallist á frávísunarkröfu stefnda.

Ákvörðun um málskostnað bíður efnisdóms í málinu.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu stefnda er hrundið.

Föstudaginn 15. desember 1995.

Nr. 20/1995. **Vinnuveitendasamband Íslands f.h.**
Vinnuveitendafélags Vestfjarða
(Ragnar Árnason cand. jur.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f.h.
Verkamannasambands Íslands
vegna Verkalýðsfélagsins Baldurs
(Björn L. Bergsson hdl.)

Uppsögn kjarasamnings. Launanefnd.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Málið, sem þingfest var 7. nóvember sl. og dómtekið 11. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu útgefinni 3. nóvember sl. .

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, fyrir hönd Vinnuveitendafélags Vestfjarða, kt. 700269-0279, Engjavegi 14, Ísafirði.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50c, Reykjavík vegna Verkalýðsfélagsins Baldurs, kt. 490272-4299, Pólgötu 2, Ísafirði.

Dómkröfur stefnanda:

Að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að uppsögn Verkalýðsfélagsins Baldurs á kjarasamningi félagsins og Vinnuveitendafélags Vestfjarða frá 4. apríl 1995 sé ógild.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda og að litið verði til frávísunarkröfu stefnda við ákvörðun málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Að stefnda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu að mati dómsins og að tillit verði tekið til virðisaukaskatts af dæmdum málskostnaði.

Málavextir.

Hinn 4. apríl 1995 gerði Vinnuveitendafélag Vestfjarða og Vinnumálasambandið kjarasamning við Verkalýðsfélagið Baldur á Ísafirði

og þrjú önnur verkalýðsfélög. Með þeim samningi skyldu allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengjast til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem fólust í samningi Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambandsins og Verkamannasambands Íslands frá 21. febrúar 1995.

Með bréfi Verkalýðsfélagsins Baldurs dags. 16. október 1995 sagði félagið upp öllum kjarasamningum félagsins við vinnuveitendur. Þar kemur fram það mat félagsins að grundvöllur sá sem samningar aðila hafi byggst á sé brostinn, launajöfnunarstefnan hafi beðið skipbrot og aðgerðir stjórnvalda séu ekki í takt við samningsgerðina. Fylgt hafi fundarsamþykktir félagsfunda þann 12. og 14. október 1995, þar sem almennt sé vísað til óánægju með þróun efnahags- og kjaramála.

Með bréfi 30. október 1995 mótmælti stefnandi uppsögninni sem ólögmætri og skoraði á stefnda að draga uppsögnina til baka.

Með úrskurði dómsins uppkveðnum 24. nóvember sl. var frávísunarkröfu stefnda hafnað.

Hinn 30. nóvember sl. komst launanefnd ASÍ og vinnuveitenda að þeirri niðurstöðu „að ekki séu marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra".

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Mál þetta höfðar stefnandi á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 og byggir hann kröfugerð sína á því, að stefndi, Verkalýðsfélagið Baldur, sem er innan Verkamannasambands Íslands, hafi með samningi við Vinnuveitendafélag Vestfjarða þann 4. apríl 1995 gerst aðili að kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 með forsendum og fyrirvörum 16. og 17. greinar samningsins. Uppsögn Verkalýðsfélagsins Baldurs á samningnum sé ekki í samræmi við ákvæði 17. gr. þess samnings og því ólögmæt.

Kjarasamningi Verkamannasambandsins hafi verið ætlað að gilda til 31. desember 1996 og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Settur hafi verið öryggisventill í samninginn ef marktæk frávik yrðu á forsendum hans sem séu tilgreindar með tæmandi hætti. Venja sé fyrir því að tekið sé fram með skýrum hætti í kjarasamningum hvaða aðstæður gætu leitt til uppsagna eða breytinga á samningum, enda sé það nauðsynlegt. Af eðli kjarasamninga leiði að gildistími þeirra þurfi að vera ljós og hvort og þá með hvaða skilyrðum þeim

verði sagt upp. Launanefnd ASÍ og vinnuveitenda hafi með kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og öðrum þeim samningum, sem gerðir voru í febrúar, verið falið að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og skera úr um hvort ástæða væri til uppsagnar samninga. Launanefndin skyldi gera tillögur til samtaka launþega og vinnuveitenda og stjórnvalda með það að markmiði að samningsforsendur héldu svo ekki þyrfti að koma til uppsagnar samninga. Launanefndin skyldi koma saman og reyna til þrautar að komast að samkomulagi innbyrðis og við stjórnvöld um aðgerðir í efnahags- atvinnu- og verðlagsmálum. Fyrst eftir að launanefnd hafi skilað áliti sínu væri tilefni til ákvörðunar um uppsagnir samninga. Þá geti hvor aðili launanefndar, ef samningsforsendur verða taldar brostnar, sagt upp samningum. Það sé hins vegar ekki á færi einstakra stéttarfélaga að segja upp samningum. Aðilar að kjarasamningi Verkamannasambandsins hafi verið þrír, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasambandið og Verkamannasamband Íslands vegna aðildarfélaga. Það séu hins vegar aðeins tveir aðilar sem sagt geti upp samningunum. Þetta komi glögglega fram í 17. gr. samningsins þar sem segir: „Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum. . .". Hér geti aðeins verið átt við hvorn hluta launanefndar. Þetta hafi verið sameiginlegur skilningur Vinnuveitendasambandsins og landssambanda ASÍ. Hér sé um sama fyrirkomulag að ræða og í kjarasamningunum 1990 og 1993. Einni launanefnd sé falið vald til að meta hvort forsendur hafi staðist, hlutast til um aðgerðir til að stuðla að því marki og jafnframt að segja samningum lausum ef marktæk frávik hafi í raun orðið frá hinum samningsbundnu forsendum.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda að þar sem launanefnd hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé grundvöllur fyrir uppsögn samninganna sé uppsögn stefnda ógild.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi bendir á, að stefnandi byggi málsástæður sínar ekki á því, að forsendur uppsagnar séu ekki fyrir hendi og þar með að hinn efnislega rétt til uppsagnar kjarasamninga skorti. Málsástæður stefnanda séu einungis þær, að fyrst eftir að launanefnd hafi skilað áliti sé tilefni til ákvörðunar um uppsagnir og að þá geti aðeins hvor hluti launanefndar um sig tekið ákvörðun um uppsögn samninga.

Ágreiningslaust sé að niðurstaða launanefndar ráði því hvort uppsagnir kjarasamninga taka gildi 30. nóvember n.k. Hins vegar mótmælir stefndi því að það sé aðeins á færi launanefndar að segja upp samningum.

Alþýðusamband Íslands hafi staðið að gerð kjarasamninga á árinu 1993. Sú launanefnd sem Alþýðusambandið samdi um í 7. gr. þess samnings sé skipuð af Alþýðusambandinu og eigi að fylgjast með framvindu efnahagsmála og gera tillögur um viðbrögð til Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambands Íslands og stjórnvalda, þ.e.a.s. þeirra samtaka sem að nefndinni standa. Í þessum samningi frá árinu 1993 standi berum orðum:

„Heimilt er hvorum hluta launanefndar að segja samningum lausum . . .“.

Í samningunum sem gerðir voru á þessu ári, 1995, hafi orðalagi 17. gr. um launanefnd verið breytt, bæði hvað varðar skipan og verksvið. Nú sé launanefnd skipuð þrem fulltrúum frá landssamböndunum innan Alþýðusambands Íslands. Hlutverk hennar sé að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála á samningstímanum og gera tillögur um viðbrögð til „samtakanna“. Hér hljóti að vera átt við landssamböndin og þau félög sem standa að hverjum samningi fyrir sig. Síðan segir:

„Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum samkvæmt 16. gr.“.

Orðalagið í samningnum um uppsagnarrétt launanefndarinnar eins og það var á árinu 1993 sé beinlínis fellt niður í samningunum 1995. Sú breyting verði ekki skilin öðru vísi en svo, miðað við allar venjulegar túlkunarreglur, að samningsaðilar hafi breytt hlutverki launanefndar. Enda komi það skýrt fram í ályktun Verkamannasambands Íslands, að þingið skorar á launanefnd og verkalýðsfélögin að segja kjarasamningum upp. Stefnandi byggi allt sitt mál upp á því að stefnda, Verkalýðsfélaginu Baldri, sé ekki heimilt að segja upp samningnum og gefi sér þá forsendu, að „það sé hins vegar ekki á færi einstakra stéttarfélaga að segja upp samningnum . . . hvorum aðila er heimilt að segja samningnum lausum. . . hér geti aðeins verið átt við hvorn hluta launanefndarinnar“. Þetta sé rangt.

Vinnuveitendur á Vestfjörðum og stefndi, Verkalýðsfélagið Baldur, séu aðilar að kjarasamningnum frá 4. apríl 1995 og semji m.a. um

að gilda skuli ákvæði kjarasamningsins frá 21. febrúar 1995 að breyttu breytanda. Þar með séu samningsaðilarnir orðnir „samtök" og „aðilar" í skilningi 17. gr. kjarasamningsins frá 21. febrúar 1995 og með því sé hvorum þeirra um sig heimilt að segja samningum lausum með þeim fyrirvara sem 17. gr. áskilur. Afstaða Alþýðusambands Íslands til þessarar stöðu mála skipti engu, enda sé Alþýðusambandið ekki aðili þessara kjarasamninga.

Stefndi, Verkalýðsfélagið Baldur, styður sýknukröfu sína þeim rökum að samkvæmt 3. gr. laga nr. 80/1938 ráði stéttarfélög málefnum sínum sjálf og samkvæmt 5. gr. sömu laga fari stéttarfélög með samningsumboð fyrir hönd meðlima sinna. Í þessu felist auðvitað gerð kjarasamninga og uppsögn þeirra. Enginn annar aðili þjóðfélagsins geti farið með þau mál fyrir hönd hinna einstöku stéttarfélaga nema samkvæmt beinu og ótvíræðu umboði. Það umboð hafi verið gefið í kjarasamningunum 1993, en þá hafi Alþýðusambandið farið með samningsumboðið fyrir hönd allra aðildarfélaga sinna. Slík hafi ekki verið raunin að þessu sinni. Alþýðusambandið hafi hvorki farið með gerð kjarasamninga, skipun í launanefnd, né séu þeir einstaklingar, sem í nefndinni sitja, með umboð til að segja upp samningum. Það umboð hafi færst aftur til hinna einstöku félaga og landssambanda. Að halda öðru fram sé fjarri öllum sanni. Hlutverk launanefndarinnar skv. 17. gr. sé annars vegar eftirlitshlutverk og hins vegar ráðgjafahlutverk. Því til sönnunar nægi að geta þess að ef launanefnd kæmist að þeirri niðurstöðu sameiginlega fyrir 30. nóvember að gera þyrfti breytingar á gildandi kjarasamningum sé augljóst, í ljósi þess hvernig staðið var að kjarasamningsgerð á þessu ári og í anda 3. sbr. 5. gr. laga nr. 80/1938, að launanefndin sem slík geti ekki breytt samningunum heldur verði að gera um það tillögu til einstakra samningsaðila. Launanefndin geti ekki breytt gildandi kjarasamningum og geti ekki heldur sagt þeim upp. Til hvorugs hafi hún umboð.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að stefndi hafi skv. 17. gr. kjarasamningsins sjálfstæða uppsagnarheimild, en uppsagnarheimild stefnda hafi ekki orðið virk fyrr en að fenginni niðurstöðu launanefndar. Jafnframt var því haldið fram að forsendur kjarasamningsins séu brostnar og í því sambandi var m.a. vísað til afgreiðslu launanefndar og væntanlegra framlaga úr ríkissjóði og frá vinnuveitendum.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. grein kjarasamnings Vinnuveitendafélags Vestfjarða og Verkalýðsfélagsins Baldurs frá 4. apríl 1995 voru allir kjarasamningar félaganna framlengdir til 31. desember 1996. Í þeim samningi eru engin uppsagnarákvæði. Jafnframt gerðu félögin öll ákvæði samnings Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins við Verkamannasamband Íslands frá 21. febrúar 1995 að hluta af kjarasamningi sínum.

Gilda því ákvæði 17. greinar samningsins frá 21. febrúar 1995 um uppsögn kjarasamnings Vinnuveitendafélags Vestfjarða og Verkalýðsfélagsins Baldurs.

Samkvæmt 17. gr. kjarasamningsins frá 21. febrúar 1995 skal á samningstímabilinu starfa sérstök launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar. Á samningstímanum skal nefndin fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Um uppsögn segir svo í grein þessari: „Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. 16. gr. Komi til uppsagnar skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995."

Skilja verður málatilbúnað stefnda svo, að hann telji sig hafa sjálfstæðan rétt til að meta, hvort forsendur samningsins hafi staðist.

Hinn 30. nóvember 1995 komst launanefnd að þeirri niðurstöðu „að ekki séu marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra".

Málsaðilar eru sammála um að launanefnd hafi verið bær til þess að leggja á það mat, hvort forsendur þær, sem tilgreindar eru í 16. gr. kjarasamnings frá 21. febrúar 1995, hafi staðist. Þegar litið er til þess hlutverks launanefndar að meta samningsforsendur, sbr. 16. og 17. gr. kjarasamningsins, þá þykir ekki unnt að fallast á það með stefnda, að hann geti á sitt eindæmi metið, hvort samningsforsendur hafi staðist.

Með vísan til þessa er krafa stefnanda tekin til greina.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 100.000.

Dómsorð:

Uppsögn Verkalýðsfélagsins Baldurs á kjarasamningi félagsins og Vinnuveitendafélags Vestfjarða frá 4. apríl 1995 er ógild.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Baldurs, greiði stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Vinnuveitendafélags Vestfjarða, kr. 100.000 í málskostnað.

Miðvikudaginn 3. janúar 1996.

Nr. 21/1995. **Vinnuveitendasamband Íslands**
(Jón H. Magnússon hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands
f.h. Verkamannasambands Íslands
vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar
(Atli Gíslason hrl.)

Uppsögn kjarasamnings. Launanefnd. Gagnkrafa. Dómsvald Félagsdóms.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Málið, sem dómtekið var 21. desember sl., var þingfest 12. desember sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50c, Reykjavík, vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, kt. 500169-4949, Lindargötu 9, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda:

Að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að uppsögn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar á kjarasamningum frá 21. febrúar 1995 við Vinnuveitendasamband Íslands sé ólögmæt og gildislaus.

Varakröfu stefnda um sýknu að svo stöddu var sérstaklega mótmælt sem of seint framkominni.

Að stefnandi verði sýknaður af gagnkröfum stefnda.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda:

Í aðalsök: Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Við flutning málsins í seinni ræðu var af hálfu stefnda gerð varakrafa í aðalsök um sýknu að svo stöddu.

Í gagnsök: Að niðurstaða launanefndar samkvæmt 15. gr. kjara-

samnings aðila dags. 30. nóvember 1995 verði dæmd ógild og óskuldbindandi fyrir stefnda.

Að viðurkennt verði með dómi, að launanefnd samkvæmt 15. gr. kjarasamnings aðila hafi, með því að leggja sjálfstætt mat á samningsforsendur, jafnframt að teknu tilliti til óumsaminnar desemberhækkunar og nýrra, óefndra loforða ríkisstjórnar, og með kjaraviðræðum við stefnanda og ríkisstjórn, farið út fyrir umboð sitt og ekki gætt réttra aðferða í störfum sínum.

Um málskostnað í aðalsök og gagnsök:

Gerð er krafa til þess, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati Félagsdóms að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Til vara að málskostnaður verði felldur niður.

Málavextir.

Hinn 21. febrúar 1995 gerði Verkamannafélagið Dagsbrún og Vinnuveitendasamband Íslands vegna aðildarfélaga sinna og einstakra meðlima og Vinnumálasambandið með sér kjarasamning. Með samningi þessum skyldu allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengjast til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem fólust í samningnum.

Hinn 21. febrúar 1995 voru einnig undirritaðir kjarasamningar við 5 landssambönd Alþýðusambands Íslands og allir síðast gildandi kjarasamningar framlengdir til 31. desember 1996, með þeim breytingum og fyrirvörum sem fólust í samningunum.

Að sögn stefnanda voru samhljóða ákvæði í kjarasamningunum um forsendur samninga og endurskoðun þeirra. Þau eru svohljóðandi í kjarasamningi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar:

„14. gr. – Forsenda samnings þessa er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem fylgir samningi þessum. Þá er jafnframt á því byggt að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður. Aðilar eru ennfremur sammála um mikilvægi þess að auka framleiðni og verðmætasköpun í atvinnulífinu til þess að standa undir raunverulegum og varanlegum kjarabótum. Þeir munu því beita áhrifum sínum til þess að efla rannsóknir, þróunar- og markaðsstarf, svo og samstarf hagsmunaaðila sem stuðli að þessu markmiði.

15. gr. – Á samningstímabilinu skal starfa sérstök launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og

vinnuveitendum hins vegar og skal hún á samningstímanum fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Nefndin og samtökin sem að henni standa munu beita sér fyrir umfjöllun og aðgerðum til þess að auka framleiðni í atvinnulífinu í samræmi við markmið samningsins. Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. 14. gr. Komi til uppsagnar samningsins skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995."

16. gr. – „Forsenda samnings þessa er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem fylgir samningi þessum. Þá er jafnframt á því byggt að launa- og verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum."

Með bréfi dags. 23. nóvember 1995 sagði stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún upp öllum kjarasamningum félagsins við vinnuveitendur. Í bréfinu kemur fram að samþykkt hafi verið samhljóða á fundi trúnaðarmannaráðs Dagsbrúnar sama dag að segja öllum gildandi kjarasamningum lausum og taki uppsögnin gildi 31. desember 1995. Þá er tekið fram að samþykktin sé gerð í framhaldi af samþykkt félagsfundar sem haldinn hafi verið 19. október 1995 þar sem einróma hafi verið samþykkt uppsögn kjarasamninga þannig að þeir renni út um áramót. Með bréfi sama dag mótmælti stefnandi uppsögninni og taldi hana vera í andstöðu við ákvæði kjarasamningsins og því ólögmæta. Þá skoraði stefnandi á stefnda að draga uppsögnina til baka, en ekki var orðið við þeirri áskorun.

Þann 30. nóvember 1995 komst launanefnd ASÍ og vinnuveitenda að þeirri niðurstöðu *„að ekki séu marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra."* Í framhaldi af niðurstöðu launanefndar sendi stefnandi bréf til stjórnar og trúnaðarmannaráðs stefnda þar sem farið var fram á það að stefndi endurmeti afstöðu sína í ljósi breyttra aðstæðna. Við þessum tilmælum var ekki orðið.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, byggir hann kröfugerð sína á því, að uppsögn stefnda, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, á kjarasamningum við Vinnuveitendasamband Íslands sé ekki í samræmi við ákvæði 14. og 15. gr. samningsins og því ólögmæt.

Kjarasamningi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar frá 21. febrúar 1995, sem hafi framlengt alla síðast gildandi kjarasamninga aðila, hafi eins og kjarasamningi Verkamannasambandsins verið ætlað að gilda til 31. desember 1996 og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Settur hafi verið öryggisventill í samninginn ef marktæk frávik yrðu á forsendum hans. Venja sé fyrir því að tekið sé fram með skýrum hætti í kjarasamningum hvaða aðstæður gætu leitt til uppsagna eða breytinga á samningum, enda sé það nauðsynlegt, sbr. og ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938. Gildistími kjarasamninga þurfi að vera ljós og hvort og þá með hvaða skilyrðum þeim verði sagt upp.

Sérstakri nefnd, launanefnd ASÍ og vinnuveitenda, hafi með kjarasamningi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkamannasambandsins, verið falið að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og skera úr um hvort ástæða væri til uppsagnar samninga. Launanefndin skyldi gera tillögur til samtaka launþega og vinnuveitenda og stjórnvalda með það að markmiði að samningsforsendur héldu svo ekki þyrfti að koma til uppsagnar samninga. Fyrst eftir að launanefnd hafi komist að niðurstöðu væri tilefni til ákvörðunar um uppsagnir kjarasamninga, sem einungis yrði tekin á vettvangi launanefndar, ef samningsforsendur væru taldar brostnar.

Í bréfi stefnda frá 23. nóvember 1995 hafi engar ástæður verið tilgreindar fyrir uppsögn aðrar en þær að uppsögn hafi verið samþykkt á félagsfundi og á fundi trúnaðarmannaráðs félagsins. Í 15. grein kjarasamnings stefnda frá 21. febrúar séu forsendur samninga tæmandi taldar. Annars vegar sé vísað til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í 17 liðum og hins vegar á því byggt að verðlagsþróun á samningstímanum í heild yrði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu yrði tryggður.

Með kjarasamningnum frá 21. febrúar hafi stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún veitt launanefnd landssambanda ASÍ og vinnuveitenda umboð til að fylgjast með framvindu mála og meta það hvort frávik hafi orðið frá samningsforsendum skv. 14. gr. og hvort segja eigi upp samningum, en skv. niðurlagi 15. gr. sé ekki heimilt að segja kjarasamningum lausum nema marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum skv. 14. gr. Launanefndin, sem hafi starfað í samræmi við 15. gr. kjarasamnings stefnda, hafi þann 30. nóvember 1995 komist að þeirri niðurstöðu að ekki væru marktæk frávik frá

forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra.

Ótvírætt sé því að forsendur kjarasamninga hafi staðist, réttur aðili, launanefnd, hafi lagt mat á samningsforsendur, uppsagnarheimildin sé aðeins hjá hvorum hluta launanefndar og sé því uppsögn stefnda á kjarasamningum frá 21. febrúar 1995 ólögmæt og kjarasamningar stefnanda og stefnda gildi til 31. desember 1996.

Gagnkröfu stefnanda var sérstaklega mótmælt með vísan til 18. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður stefnda, önnur atvik og lagarök.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að meginforsendum kjarasamnings Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og stefnanda frá 21. febrúar 1995 sé lýst á dskj. nr. 5 og nr. 18, sbr. einnig 14. gr. kjarasamningsins á dskj. nr. 4. Kjarasamningurinn hafi byggt á svonefndri krónutöluleið og á því að þeir hærra launuðu sættu sig við að laun þeirra fyrir dagvinnu hækkuðu ekki meira en um 2.700 kr. á mánuði á árinu 1995. Það hafi verið skilyrði aðila fyrir að samningsmarkmiðum yrði náð, að víðtæk samstaða skapaðist um það meðal allra tekjuhópa að bati í þjóðarbúskapnum gengi ríkar fram til þeirra sem lægri hefðu launin. Þessum forsendum hafi Davíð Oddsson, forsætisráðherra, lýst þannig í viðtali við Morgunblaðið 22. febrúar 1995:

„Það er ekki vafi í mínum huga að þessir samningar, sem ná til langstærsta hluta vinnumarkaðarins, þess hluta sem lýtur lögmálum þjóðartekna meira en aðrir, verða algerlega fordæmisskapandi fyrir aðra samninga."

Hvorum aðila kjarasamningsins hafi verið veitt heimild til að segja samningum lausum með minnst eins mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik yrðu á samningsforsendum. Aðilar samningsins voru aðilar þessa máls og Vinnumálasambandið. Sérstök launanefnd skyldi á samningstímanum fylgjast með framvindu efnahagsatvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð eftir því sem aðstæður krefðust. Launanefndin hafi ekki verið aðili að samningnum. Launanefndinni hafi ekki verið veitt umboð til að meta samningsforsendur, ganga til kjaraviðræðna, segja upp kjarasamningum eða framlengja þá, sbr. einnig orðalag 15. gr. kjarasamningsins.

Frá því er kjarasamningurinn var undirritaður hafi mál þróast þannig, að fjölmargir hópar í þjóðfélaginu hafi fengið launahækkan-

ir, bæði í prósentum en þó einkum í krónum talið, langt umfram samningsforsendur aðila þessa máls. Þá hafi ríkisstjórnin ekki staðið við yfirlýsingu sína á dskj. nr. 5. Allir fulltrúar launamanna í launanefndinni séu sammála um að þróun launamála á árinu hafi gengið þvert á markmið febrúarsamninganna og þá hugmyndafræði sem byggt var á. Við meðferð málsins hafi launanefnd gengið til samninga um breytingu á kjarasamningi og gert kröfu um nýja yfirlýsingu ríkisstjórnar. Eftir að samkomulag náðist innan meirihluta launanefndar um kauphækkun og ný yfirlýsing ríkisstjónar barst taldi meirihlutinn loks, og þá fyrst, að ekki væru fyrir hendi marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna. Fulltrúi Verkamannasambands Íslands hafi ekki staðið að þessari niðurstöðu, hvorki fyrir hönd sambandsins né einstakra aðildarfélaga. Verkamannafélagið Dagsbrún hafi ekki getað fallist á að þessar leiðréttingar á samningaforsendum nægðu til að leiðrétta það launamisrétti sem orðið hefði eftir gerð febrúarsamninganna og til að rétta af samningsforsendur aðila.

Stefndi byggir kröfur sínar aðallega á þeim meginreglum vinnuréttar, að stéttarfélög ráði málefnum sínum sjálf og séu lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, sbr. einnig 3. og 5. gr. laga nr. 80/1938 og sambærileg ákvæði alþjóðlegra mannréttindasáttmála. Hafi stefndi haft ótvíræða heimild til að segja kjarasamningum sínum við stefnanda upp, enda grundvallarforsendur kjarasamnings aðila brostnar. Ekki sé ágreiningur um að stefndi hafi staðið rétt að uppsögn kjarsamninga að öðru leyti. Stefndi hafi ekki afsalað mannréttindum sínum og félagsmanna sinna, samningsréttinum og sjálfstæði, til launanefndarinnar. Hennar hlutverk sé einvörðungu að vera aðilum til leiðbeiningar og ráðgjafar með óbindandi tillögugerð. Launanefndin hafi með tillögum sínum og með því að kalla eftir nýrri yfirlýsingu ríkisstjórnar í raun komist að þeirri niðurstöðu að forsendur kjarasamninga hafi brostið. Forsendur niðurstöðu launanefndar séu að tillögur hennar um úrbætur gangi eftir um hækkun desemberuppbótar og að ríkisstjórn gæfi og efndi ný og gömul loforð. Launanefndin geti ekki bundið stefnda við þær úrbætur sem hún geri tillögur um. Í þeim efnum fari stefndi sjálfstætt með samningsgerð og hafi fullan rétt til að knýja á um þær úrbætur sem hann telji fullnægjandi. Jafnframt er á því byggt, að launanefndin hafi ekki haft umboð Verkamannafélagsins Dags-

brúnar til að meta hvort forsendur samninganna stæðust. Slíkt umboð hafi ekki verið veitt. Loks liggi fyrir, að launanefndin hafi ekki náð samkomulagi um niðurstöðu sem hljóti að vera forsenda þess að niðurstaðan sé marktæk. Í reynd hafi allir fulltrúar launamanna í launanefndinni komist að þeirri niðurstöðu, að forsendur kjarasamninga aðila í febrúar hafi brostið. Er vísað til yfirlýsinga þar að lútandi á dskj. nr. 24 og 25. Þá er jafnframt á því byggt, að stefnda hafi verið rétt og skylt að meta forsendur kjarasamningsins sjálfstætt að fengnum tillögum launanefndarinnar til félagsins um viðbrögð, eins og það er orðað í 15. gr. kjarasamningsins. Þá hafi uppsögn kjarasamningsins verið óhjákvæmileg bæði þar sem forsendur kjarasamninganna voru brostnar og þar sem launanefndin hafi ekki lokið störfum innan tilskilins tíma þannig að unnt væri að segja samningum upp með lögfullum fyrirvara. Sérstaklega er á því byggt, að launanefndinni hafi borið að gera tillögur um viðbrögð fyrir hvern kjarasamning um sig en ekki alla í einu. Almenn viðbrögð launanefndar verði ekki heimfærð óbreytt uppá kjarasamning aðila þessa máls.

Því er eindregið mótmælt, að launanefndin hafi vald til að að segja upp samningum. Það gangi þvert á nefndar grundvallarreglur og jafnframt sé ljóst af verksviði launanefndar samkvæmt núgildandi kjarasamningum og eldri kjarasamningum að nefndin hafi ekki þau völd sem hún hafi nú tekið sér. Umboð launanefndar að núgildandi kjarasamningum sé mun takmarkaðra en samkvæmt eldri kjarasamningum. Túlka verði heimildir launanefndar þröngt og allan vafa stefnda í hag. Launanefndin hafi bæði farið út fyrir umboð sitt og jafnframt ekki gætt réttra aðferða við störf sín. Þar með verði ekki byggt á niðurstöðum hennar. Það sé af og frá að launanefndinni hafi verið heimilt að ganga til þess verks að fá fram leiðréttingar á gildandi kjarasamningi til þess eins að geta síðan fullyrt eftir á að forsendur stæðust. Launanefndinni hafi borið að meta stöðu mála út frá launaþróun og fleiru fram til nóvemberloka 1995 og gera tillögur um viðbrögð. Nefndinni hafi með öllu verið óheimilt taka inn í mat forsendna tillögur sínar um viðbrögð, tillögur sem ekki voru skuldbindandi fyrir aðila. Forsendur kjarasamninganna standist ekki nema stefndi fallist á og semji sérstaklega um hækkun desemberuppbótar eða aðrar breytingar á kjarasamningi. Þá hafi það ekki verið í verkahring launanefndar að knýja á um nýja

yfirlýsingu ríkisstjórnar heldur aðeins að meta hvort yfirlýsing hennar frá 20. febrúar 1995 hafi verið efnd. Fyrir liggi að ríkisstjórnin hafi vanefnt yfirlýsingu sína frá 20. febrúar 1995 í að minnsta kosti níu atriðum. Stefndi mótmælir því að launanefndin hafi verið bær til að leggja endanlegt mat á hvort forsendur samkvæmt 14. gr. kjarasamnings aðila hafi staðist, hvað þá með þeim hætti sem raun ber vitni. Að mati stefnda hafi launanefndin gert nýjan kjarasamning í stað þess að vinna samkvæmt 15. gr. kjarasamnings aðila. Til marks um þetta sé sú staðreynd, að undir svonefnda niðurstöðu launanefndar riti aðilar sem ekki áttu sæti í launanefndinni, heldur hafi farið með samningsumboð samtaka atvinnurekenda. Undir niðurstöðuna riti þannig fimm fulltrúar atvinnurekenda, en aðeins tveir fulltrúar launamanna. Hér sé því ekki um niðurstöðu launanefndar að ræða, heldur niðurstöðu hluta launanefndar og óviðkomandi aðila. Megi einnig ljóst vera, að ekki hafi verið gætt jafnræðis í störfum nefndarinnar meðal annars um hagsmunagæslu aðila. Fulltrúa frá Verkamannafélaginu Dagsbrún hafi ekki gefist kostur á að gæta hagsmuna félagsins við ákvarðanatöku og tjá sig með sama hætti og stefnandi. Sé niðurstaða nefndarinnar einnig marklaus að þessu leyti. Í reynd hafi þessir aðilar í heimildarleysi gert nýjan kjarasamning. Það staðfesti einnig ummæli forseta og varaforseta ASÍ á dskj. nr. 24 þar sem þau tala um samkomulag aðila og úrskurð.

Stefndi byggir einnig á því, að stefnandi hafi með þessu samkomulagi, svonefndum tillögum sínum um breytingu á gildandi kjarasamningi, viðurkennt að þeir væru lausir og kjaraviðræður heimilar. Hafi stefndi óskað eftir viðræðum um aðrar úrbætur á gildandi kjarasamningi en tillögur stefnanda fela í sér. Stefndi hljóti að hafa gagnkvæman rétt til jafns við stefnanda til að gera aðrar og raunbetri tillögur til leiðréttingar á brostnum forsendum kjarasamningsins. Með því að hafna tilboði stefnanda hafi verið opnað fyrir samningsgerð. Eins og staða málsins sé nú eftir uppsögn stefnda og synjun á tillögum launanefndarinnar um viðbrögð hafi launanefndin í besta falli þá skyldu einbera að fylgjast með framvindu málsins og hugsanlega að gera nýjar tillögur til aðila málsins um viðbrögð. Hafi launanefndin vanrækt hlutverk sitt að þessu leyti. Uppsögn stefnda verði ekki dæmd ógild að svo stöddu.

Félagsdómur hafi vald til þess að leggja mat á störf launanefndar

og hnekkja niðurstöðum hennar vegna formlegra og eða efnislegra þátta málsins. Þannig er gerð krafa til þess að Félagsdómur leggi sjálfstætt mat á það hvort launanefndin hafi gætt réttra aðferða í störfum sínum og jafnframt hvort mat launanefndarinnar á forsendum standist. Á því er jafnframt byggt, að stefndi hafi sjálfstætt ákvörðunarvald um forsendur kjarasamninga og uppsögn hver sem niðurstaða launanefndar er. Samkvæmt skýru orðalagi 15. gr. kjarasamnings aðila frá 21. febrúar 1995 hafi launanefndin ekki uppsagnarrétt. Þar með geti mat launanefndar á forsendum aðeins verið til leiðbeiningar en ekki bindandi niðurstaða. Að öðru leyti er vísað til fyrri röksemda um umboðsskort launanefndar.

Skorað er á stefnanda að upplýsa fyrir dómi hvort hann telji niðurstöðu launanefndar um hækkun desemberuppbótar skuldbindandi fyrir hann gagnvart stefnda. Er með hliðsjón af væntanlegu svari áskilinn réttur til að setja fram nýjar kröfur um skuldbindingargildi niðurstöðu launanefndar um hækkun desemberuppbótarinnar þannig að stefnanda verði gert skylt með dómi að þola súrt með sætu.

Gagnkröfur stefnda séu settar fram til að tryggt verði að með dómi verði lagt mat á vinnubrögð nefndarinnar og umboð. Sé stefnda brýn nauðsyn á úrlausn með hliðsjón af framkvæmd kjarasamnings aðila, nýjum kjaraviðræðum og öllum samskiptum aðila í framtíðinni. Málsmeðferð launanefndar sé meingölluð svo til ómerkingar eigi að leiða að mati stefnda. Þá staðfesti öll gögn málsins, meðal annars sú staðreynd að atvinnurekendur séu tilbúnir að hækka launagreiðslur að eigin sögn um 800.000.000 kr. og ríkisstjórnin að leggja fram 1000.000.000 kr. með nýju loforði, að forsendur kjarasamninga frá 21. febrúar 1995 séu brostnar. Niðurstaða kjaradóms um kauphækkanir embættismanna og sjálfdæmi Alþingis um hækkun á kjörum alþingismanna, sem nemi í krónum talið allt að mánaðarlaunum samkvæmt kauptöxtum stefnda eða hærri fjárhæðum, leiði til sömu niðurstöðu. Forsendur samninga stefnanda og stefnda standist ekki. Einnig er vakin athygli á því að launanefndin hafi ekki sinnt þeirri skyldu sinni að beita sér fyrir aðgerðum til að auka framleiðni í atvinnulífinu launamönnum til hagsbóta.

Um viðbótarlagarök fyrir óskoruðum og sjálfstæðum samningsrétti stefnda er einnig vísað til 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 11. gr. laga nr. 62/1994, til I. og II. kafla Félagsmálasáttmála Evr-

ópu, einkum 5. og 6. tl. I. kafla og 5. og 6. gr. II. kafla, og til 2. gr. til 6. gr. samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 frá 9. júlí 1948. Af þessum réttarheimildum leiði að Félagsdómi sé skylt að túlka heimildir launanefndar samkvæmt 15. gr. kjarasamnings aðila þröngri lögskýringu. Ennfremur er vísað til meginreglna samninga- og vinnuréttar um umboð, samningsrétt, brostnar forsendur og skuldbindingargildi samninga. Loks gerir stefndi rökstuðning stefndu í sambærilegum málum, sem nú eru rekin fyrir Félagsdómi, að sínum eftir því sem við á.

Kröfur stefnda um málskostnað byggja á XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 129. gr. og 130. gr. Krafa um virðisaukaskatt byggir á lögum nr. 50/1988, en stefndi stundar ekki virðisaukaskattsskylda þjónustu.

Niðurstaða.

Með 1. gr. kjarasamnings aðila frá 21. febrúar sl. voru allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengdir til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningnum felast og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Í samningnum er engin tilvísun til samnings Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins við Verkamannasamband Íslands frá 21. febrúar 1995.

Samkvæmt 15. gr. samnings aðila skal sérstök launanefnd starfa á samningstímanum, skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar. Á samningstímanum skal hún fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Þá segir í ákvæðinu að nefndin og samtökin sem að henni standa muni á samningstímanum beita sér fyrir umfjöllun og aðgerðum til þess að auka framleiðni í atvinnulífinu í samræmi við markmið samningsins. Um uppsögn segir svo í grein þessari: „Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. 14. gr. Komi til uppsagnar samningsins skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995."

Hinn 30. nóvember 1995 komst launanefnd að þeirri niðurstöðu „að ekki séu marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra".

Stefndi byggir m.a. á því að launanefnd hafi ekki haft umboð til að segja upp samningnum fyrir hans hönd, uppsagnarheimildin sé í höndum samningsaðila, svo sem orðalag ákvæðisins beri með sér. Launanefnd hafi því engan rétt haft til að meta sjálfstætt hvort forsendur samningsins hafi staðist, það hafi verið í höndum stefnda að meta hvort svo hafi verið.

Þegar litið er til orðalags 15. gr. samningsins þykir stefnandi, gegn mótmælum stefnda, ekki hafa sýnt fram á að launanefnd hafi haft heimild til að meta hvort forsendur samningsins væru brostnar þannig að bindandi væri fyrir stefnda.

Í 14. gr. kjarasamnings aðila segir að forsenda samningsins sé yfirlýsing ríkisstjórnarinnar, sem fylgi samningnum. Þá segir í greininni: „Þá er jafnframt á því byggt að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður.“ Jafnframt segir um forsendur samningsins í 16. gr. hans: „Forsenda samnings þessa er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem fylgir samningi þessum. Þá er jafnframt á því byggt að launa- og verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í samkeppnislöndum.“

Stefndi hefur ekki sýnt fram á að þau frávik hafi orðið á samningsforsendum samkvæmt 14. og 16. gr. kjarasamnings aðila frá 21. febrúar sl. að hann geti gripið til uppsagnar hans.

Með vísan til þessa er krafa stefnanda tekin til greina.

Samkvæmt 15. gr. kjarasamnings aðilanna frá 21. febrúar 1995 er launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar. Gagnkröfu stefnda er einungis beint að Vinnuveitendasambandi Íslands. Telja verður að sakarefni það, sem gagnkrafan tekur til, falli ekki undir verksvið Félagsdóms sbr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Þá er gagnkröfunni einungis beint að stefnanda í máli þessu og ber því jafnframt með vísan til 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 að vísa gagnkröfunni frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Uppsögn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar á kjarasamningi félagsins og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 er ógild.

Gagnkröfu stefnda, Alþýðusambands Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 3. janúar 1996.

Nr. 22/1995. **Vinnuveitendasamband Íslands**
(Jón H. Magnússon hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands, f.h.
Verkamannasambands Íslands
vegna Verkalýðsfélagsins Einingar
(Atli Gíslason hrl.)

Uppsögn kjarasamnings. Launanefnd. Gagnkrafa. Dómsvald Félagsdóms.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. desember sl., var þingfest 12. desember sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50c, Reykjavík vegna Verkalýðsfélagsins Einingar, kt. 510169-2399, Skipagötu 14, Akureyri.

Endanlegar dómkröfur stefnanda:

Að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að uppsögn Verkalýðsfélagsins Einingar á kjarasamningum frá 21. febrúar 1995 við Vinnuveitendasamband Íslands sé ólögmæt og gildislaus.

Að stefnandi verði sýknaður af gagnkröfum stefnda.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Krafist er málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins og að tillit verði tekið til virðisaukaskatts af hinum dæmda málskostnaði.

Gagnkrafa stefnda:

Að viðurkennt verði með dómi að niðurstaða launanefndar 30. nóvember 1995 verði dæmd ógild.

Að viðurkennt verði með dómi að launanefnd hafi farið út fyrir heimildir þær sem hún hefur skv. 17. gr. kjarasamningi aðila og hafi

unnið verk sín án nokkurs umboðs frá stefnda með því að meta forsendur sjálfstætt og með því að hafa hafið kjarasamningsviðræður við stefnanda og ríkisstjórn.

Málavextir.

Hinn 21. febrúar 1995 gerði Vinnuveitendasamband Íslands vegna aðildarfélaga þess og einstakra meðlima og Vinnumálasambandið annars vegar og Verkamannasamband Íslands vegna aðildarfélaga þess hinsvegar kjarasamning. Með kjarasamningi þessum skyldu allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengjast til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem fólust í samningnum. Stefndi samþykkti samninginn 9. mars 1995.

Í kjarasamningi aðila eru svohljóðandi ákvæði um forsendur samningsins og endurskoðun hans á samningstímabilinu:

„16. gr. – Forsenda samnings þessa er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem fylgir samningi þessum. Þá er jafnframt á því byggt að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður. Aðilar eru ennfremur sammála um mikilvægi þess að auka framleiðni og verðmætasköpun í atvinnulífinu til þess að standa undir raunverulegum og varanlegum kjarabótum. Þeir munu því beita áhrifum sínum til þess að efla rannsóknir, þróunar- og markaðsstarf, svo og samstarf hagsmunaaðila sem stuðli að þessu markmiði.

17. gr. – Á samningstímabilinu skal starfa sérstök launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar og skal hún á samningstímanum fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Nefndin og samtökin sem að henni standa munu beita sér fyrir umfjöllun og aðgerðum til þess að auka framleiðni í atvinnulífinu í samræmi við markmið samningsins. Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. 16. gr. Komi til uppsagnar samningsins skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995."

Í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í febrúar 1995 gaf ríkisstjórn Íslands út yfirlýsingu í 17 töluliðum. Er vísað til þessarar yfirlýsingar í 16. gr. kjarasamningsins.

Með bréfi dags. 30. nóvember 1995 tilkynnti stefndi, Verkalýðsfélagið Eining, stefnanda, að fundur trúnaðarmannaráðs félagsins, hafi í framhaldi af samþykktum félagsfunda 19. og 20. nóvember ákveðið að segja gildandi kjarasamningi félagsins við vinnuveitendur lausum. Skyldi uppsögnin taka gildi 31. desember 1995.

Þann 30. nóvember 1995 komst launanefnd ASÍ og vinnuveitenda að þeirri niðurstöðu *„að ekki séu marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra.“* Í framhaldi af niðurstöðu launanefndar sendi stefnandi bréf til stjórnar og trúnaðarmannaráðs stefnda þar sem farið var fram á það að stefndi endurmeti afstöðu sína í ljósi breyttra aðstæðna. Með bréfi stefnda þann 7. desember 1995 ítrekaði stefndi fyrri ákvörðun um uppsögn kjarasamninga.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Mál þetta höfðar stefnandi á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Hann byggir kröfugerð sína á því, að uppsögn stefnda, Verkalýðfélagsins Einingar, á kjarasamningi við Vinnuveitendasamband Íslands sé ekki í samræmi við ákvæði 16. og 17. gr. samningsins og því ólögmæt.

Kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og aðildarfélaga þess hafi verið ætlað að gilda til 31. desember 1996 og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Settur hafi verið öryggisventill í samninginn ef marktæk frávik yrðu á forsendum hans sem eru tilgreindar með tæmandi hætti. Venja sé fyrir því að tekið sé fram með skýrum hætti í kjarasamningum hvaða aðstæður gætu leitt til uppsagna eða breytinga á samningum, enda sé það nauðsynlegt, sbr. og ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938. Gildistími kjarasamninga þurfi að vera ljós og hvort og þá með hvaða skilyrðum þeim verði sagt upp.

Sérstakri nefnd, launanefnd ASÍ og vinnuveitenda, hafi með kjarasamningi Verkamannasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 verið falið að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og skera úr um hvort ástæða væri til uppsagnar samninga. Launanefndin skyldi gera tillögur til samtaka launþega og vinnuveitenda og stjórnvalda með það að markmiði að samningsforsendur héldu svo ekki þyrfti að koma til uppsagnar samninga. Fyrst eftir að launanefnd hafi komist að niðurstöðu væri tilefni til ákvörðunar um uppsagnir kjarasamninga, sem einungis yrði tekin á vettvangi launanefndar, ef samningsforsendur væru taldar brostnar.

Í bréfi stefnda frá 30. nóvember 1995 hafi því verið haldið fram að marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum að mati stjórnar stefnda án þess að nánari grein væri gerð fyrir fullyrðingunni. Í 16. grein kjarasamnings Verkamannasambandsins frá 21. febrúar séu forsendur samninga tæmandi taldar. Annars vegar sé vísað til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í 17 liðum og hins vegar á því byggt að verðlagsþróun á samningstímanum í heild yrði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu yrði tryggður.

Með samþykkt kjarasamnings Verkamannasambandsins frá 21. febrúar hafi stefndi Verkalýðsfélagið Eining veitt launanefnd landssambanda ASÍ og vinnuveitenda umboð til að fylgjast með framvindu mála og meta það hvort frávik hafi orðið frá samningsforsendum skv. 16. gr. og hvort segja eigi upp samningum, en skv. niðurlagi 17. gr. sé ekki heimilt að segja kjarasamningum lausum nema marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum skv. 16. gr. Launanefndin, sem hafi starfað í samræmi við 17. gr. kjarasamnings Verkamannasambandsins, hafi þann 30. nóvember 1995 komist að þeirri niðurstöðu að ekki væru marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra.

Ótvírætt sé því að forsendur kjarasamninga hafi staðist, réttur aðili, launanefnd, hafi lagt mat á samningsforsendur, uppsagnarheimildin sé aðeins hjá hvorum hluta launanefndar og sé því uppsögn stefnda á kjarasamningum frá 21. febrúar 1995 ólögmæt og kjarasamningar stefnanda og stefnda gildi til 31. desember 1996.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi að Verkalýðsfélaginu Einingu hafi verið heimilt með vísan til sjálfstæðis stéttarfélaga og meginhlutverka þeirra skv. 3. og 5. gr. laga nr. 80/1938 að taka ákvörðun um uppsögn samninga, sbr. og skv. orðalagi 17. gr. kjarasamningsins og með vísan til forsendubrests.

Þá vísar stefndi til þess í öðru lagi að sú launanefnd sem sett var á laggirnar með gerð kjarasamnings í febrúar 1995 hafi haft skýrt afmarkað starfssvið það er að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda. Launanefnd hafi tekið sér bessaleyfi með því að meta forsendur umboðslaust frá Verkalýðsfélaginu Einingu, eftir að hafa falast eftir einhvers konar leiðréttingum frá stjórnvöldum og

atvinnurekendum, sem bendi til einskis annars en að í raun hafi nefndin viðurkennt forsendubrest. Þá hafi launanefndin ekki lokið störfum sínum innan tilskilins tíma, þannig að stefndi í máli þessu hafi orðið að grípa til þeirra aðgerða að segja upp samningum í síðasta lagi fyrir skrifstofutíma þann 30. nóvember 1995, en tillaga launanefndar hafi borist í gegnum myndsendi stefnda að kvöldi 30. nóvember 1995, löngu eftir lokun skrifstofutíma.

Með þessum vinnubrögðum hafi launanefnd farið langt út fyrir starfssvið sitt og þau verk sem hún vann hafi í engu verið unnin í umboði stefnda. Þeirri heimild að fara með samningsgerð og segja samningum upp hafi stefndi ekki afsalað til launanefndar enda sé hér um að ræða eitt meginhlutverk stefnda gagnvart sínum félagsmönnum.

Í þriðja lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því að launanefnd hafi með tillögugerð sinni farið langt út fyrir umboð sitt með því að setjast í samningsstól fyrir hönd einstakra stéttarfélaga og gera tillögu fyrir þeirra hönd og binda félögin við þá breytingu með því að knýja fram samþykki á henni. Stefndi byggir á því að samningar hafi annars vegar ekki verið lausir og hins vegar falli samningsgerð ekki undir markmið og heimildir launanefndarinnar. Hins vegar megi líta svo á að með tillögu sinni að breytingu á kjarasamningi hafi launanefndin í raun viðurkennt að samningar væru lausir og kjaraviðræður heimilar. Með höfnun sinni á tillögu launanefndar hafi stefndi því opnað fyrir frekari samningsgerð sem hafi verið svarað með því að stefna honum fyrir Félagsdóm.

Með gagnkröfu sinni sé stefndi að tryggja að dómurinn leggi mat á störf launanefndar og þá sérstaklega hvort störf hennar samrýmist hlutverki nefndarinnar. Þá skorar stefndi á nefndina að sýna fram á umboð frá stefnda til þeirra verka sem nefndin vann.

Stefndi vísar aðallega til kjarasamnings frá 21. febrúar 1995 og laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938.

Krafa stefnda um málskostnað styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988 en stefndi er ekki virðisaukaskattskyldur og sé því nauðsyn að fá álag er honum nemur úr hendi gagnaðila.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. gr. kjarasamnings Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins við Verkamannasamband Íslands frá 21.

febrúar 1995 voru allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengdir til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum, sem í samningnum fólust og skyldu þá falla úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Um uppsögn kjarasamningsins á samningstímabilinu er fjallað í 17. gr. hans. Samkvæmt þeirri grein skal á samningstímabilinu starfa sérstök launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar. Á samningstímanum skal nefndin fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Um uppsögn segir svo í grein þessari: „Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. 16. gr. Komi til uppsagnar samningsins skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995."

Á fimm félagsfundum Verkalýðsfélagsins Einingar 19. og 20. nóvember 1995 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Almennir félagsfundir í Verkalýðsfélaginu Einingu Eyjafirði samþykkja að skora á launanefnd landsambanda innan ASÍ að segja nú þegar upp gildandi kjarasamningum þannig að þeir verði lausir um næstu áramót.

Ennfremur samþykkja fundirnir að veita stjórn og trúnaðarmannaráði félagsins heimild til að segja upp gildandi kjarasamningum félagsins."

Hinn 30. nóvember 1995 komst launanefnd að þeirri niðurstöðu „að ekki séu marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra."

Ljóst er að ágreiningur er með málsaðilum um störf launanefndar. Meintir annmarkar á störfum nefndarinnar þykja þó ekki þess eðlis að telja verði niðurstöðu nefndarinnar um samningsforsendur markleysu. Ráða má af gögnum málsins, þ.á.m. fyrrnefndri samþykkt stefnda, að það hafi verið hlutverk launanefndar að meta forsendur fyrir uppsögn kjarasamningsins, sbr. 16. og 17. gr. hans. Því þykir ekki unnt að fallast á það með stefnda, að hann geti á sitt eindæmi metið, hvort samningsforsendur hafi staðist. Þá hefur stefndi ekki sýnt fram á að forsendur kjarasamningsins hafi brostið.

Með vísan til þessa er krafa stefnanda tekin til greina.

Samkvæmt 17. gr. kjarasamnings aðilanna frá 21. febrúar 1995 er

launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar. Telja verður að sakarefni það, sem gagnkrafan tekur til, falli ekki undir verksvið Félagsdóms sbr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Þá er gagnkröfunni einungis beint að stefnanda í máli þessu og ber því jafnframt með vísan til 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 að vísa gagnkröfunni frá dómi.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 100.000.

Dómsorð:

Uppsögn Verkalýðsfélagsins Einingar á kjarasamningi félagsins og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 er ógild.

Gagnkröfu stefnda, Alþýðusambands Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Einingar, er vísað frá Félagsdómi.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Einingar, greiði stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands, kr. 100.000 í málskostnað.

Miðvikudaginn 3. janúar 1996.

Nr. 23/1995. **Vinnuveitendasamband Íslands**
(Jón H. Magnússon hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f.h.
Verkamannasambands Íslands
vegna Verkamannafélagsins Hlífar
(Óskar Thorarensen hdl.)

Uppsögn kjarasamnings. Launanefnd. Gagnkrafa. Dómsvald Félagsdóms.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Málið, sem dómtekið var 21. desember sl., var þingfest 12. desember sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50c, Reykjavík, vegna Verkamannafélagsins Hlífar, kt. 620169-3319, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði.

Endanlegar dómkröfur stefnanda:

Að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að uppsögn Verkamannafélagsins Hlífar á kjarasamningum frá 21. febrúar 1995 við Vinnuveitendasamband Íslands sé ólögmæt og gildislaus.

Að stefnandi verði sýknaður af gagnkröfu stefnda.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Gagnkrafa stefnda: Að niðurstaða meirihluta launanefndar ASÍ og vinnuveitenda 30.11.1995 verði dæmd ógild.

Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins, að viðbættum virðisaukaskatti og leggist dráttarvextir við málskostnað á 12 mánaða fresti.

Málavextir.

Hinn 21. febrúar 1995 var gerður kjarasamningur milli Vinnuveitendasambands Íslands vegna aðildarfélaga þess og einstakra meðlima og Vinnumálasambandsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands vegna aðildarfélaga þess hins vegar. Kjarasamningur þessi var af hálfu stefnda undirritaður sérstaklega. Samkvæmt 1. gr. samningsins skyldu allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengjast til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningnum fólust.

Í kjarasamningnum voru ákvæði um forsendur samninga og endurskoðun þeirra, er voru samhljóða ákvæðum í kjarasamningum annarra landssambanda innan ASÍ, gerðum á sama tíma. Þessi ákvæði kjarasamningsins eru svohljóðandi:

„16. gr. – Forsenda samnings þessa er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem fylgir samningi þessum. Þá er jafnframt á því byggt að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður. Aðilar eru ennfremur sammála um mikilvægi þess að auka framleiðni og verðmætasköpun í atvinnulífinu til þess að standa undir raunverulegum og varanlegum kjarabótum. Þeir munu því beita áhrifum sínum til þess að efla rannsóknir, þróunar- og markaðsstarf, svo og samstarf hagsmunaaðila sem stuðli að þessu markmiði.

17. gr. – Á samningstímabilinu skal starfa sérstök launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar og skal hún á samningstímanum fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Nefndin og samtökin sem að henni standa munu beita sér fyrir umfjöllun og aðgerðum til þess að auka framleiðni í atvinnulífinu í samræmi við markmið samningsins. Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. 16. gr. Komi til uppsagnar samningsins skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995."

Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði, sem gerðir voru í framhaldi af þeim kjarasamningum, sem gerðir voru 21. febrúar 1995, voru efnislega sömu ákvæði um efnahagslegar forsendur og

launanefnd, þ.e. samsvarandi ákvæði og eru í 16. og 17. gr. fyrrgreinds kjarasamnings.

Með bréfi, dags. 29. nóvember 1995, tilkynnti stefndi stefnanda að fundur í stjórn og trúnaðarmannaráði stefnda, sem haldinn var þann sama dag, hefði samþykkt svohljóðandi tillögu: „Fundur í stjórn og trúnaðarmannaráði Verkamannafélagsins Hlífar, haldinn miðvikudaginn 29. nóvember 1995, telur forsendur fyrir gildandi kjarasamningum félagsins við samtök vinnuveitenda brostnar og segir þeim upp þannig að þeir renni úr gildi 31. desember 1995."

Með bréfi, dags. 30. nóvember 1995, mótmælti stefnandi uppsögninni sem ólögmætri þar sem hún væri í andstöðu við gildandi samninga. Skoraði stefnandi á stefnda að draga uppsögnina til baka. Vísaði stefnandi til þess að á fundi launanefndar landssambanda ASÍ og vinnuveitenda, sem haldinn hefði verið þann sama dag, hefði verið staðfest að forsendur gildandi samninga hefðu haldið og því væri ekki grundvöllur til uppsagnar samninga.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi höfðar mál þetta á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Hann byggir kröfugerð sína á því að uppsögn stefnda, Verkamannnafélagsins Hlífar, á kjarasamningnum frá 21. febrúar 1995 sé ekki í samræmi við 16. og 17. gr. samningsins og sé því ólögmæt.

Kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og aðildarfélaga þess hafi verið ætlað að gilda til 31. desember 1996 og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Settur hafi verið öryggisventill í samninginn ef marktæk frávik yrðu á forsendum hans sem tilgreindar væru með tæmandi hætti. Venja sé fyrir því að tekið sé fram með skýrum hætti í kjarasamningum hvaða aðstæður geti leitt til uppsagnar eða breytinga á samningnum, enda sé það nauðsynlegt, sbr. og ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938. Gildistími kjarasamninga þurfi að vera ljós og hvort og þá með hvaða skilyrðum þeim verði sagt upp.

Sérstakri nefnd, launanefnd ASÍ og vinnuveitenda, hafi með kjarasamningi Verkamannasambands Íslands við vinnuveitendur frá 21. febrúar 1995 verið falið að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og skera úr um hvort ástæða væri til uppsagnar samninga. Launanefndin skyldi gera tillögur til samtaka launþega og vinnuveitenda og stjórnvalda með það að markmiði að samningsforsendur héldu svo að ekki þyrfti að koma til uppsagnar

samninga. Fyrst eftir að launanefndin hafi komist að niðurstöðu væri tilefni til ákvörðunar um uppsagnir samninga sem einungis yrðu teknar á vettvangi launanefndar ef samningsforsendur væru taldar brostnar.

Í bréfi stefnda frá 29. nóvember 1995 eða daginn áður en launanefnd hafi komist að niðurstöðu hafi því verið haldið fram að forsendur samninga væru brostnar. Í 16. gr. kjarasamnings Verkamannasambandsins frá 21. febrúar 1995 séu forsendur kjarasamninga tæmandi taldar. Annars vegar sé vísað til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í 17 liðum og hins vegar á því byggt að verðlagsþróun á samningstímanum í heild yrði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu yrði tryggður.

Með samþykkt kjarasamnings Verkamannasambandsins frá 21. febrúar 1995 hafi stefndi veitt launanefnd landssambanda ASÍ og vinnuveitenda umboð til að fylgjast með framvindu mála og meta það hvort frávik hafi orðið frá samningsforsendum samkvæmt 16. gr. og hvort segja ætti upp samningum, en samkvæmt niðurlagi 17. gr. væri ekki heimilt að segja kjarasamningum lausum nema marktæk frávik hefðu orðið á samningsforsendum samkvæmt 16. gr. Stefnandi telur að það hafi eingöngu verið á valdi launanefndar að meta hvort samningsforsendur hafi staðist og segja upp samningum ef þær forsendur teldust brostnar að mati nefndarinnar. Styður stefnandi þennan skilning á hlutverki launanefndar einkum við sameiginlegan skilning samningsaðila strax í kjölfar kjarasamninganna og að uppsagnarákvæðið sé í þeirri grein sem fjallar um launanefnd.

Launanefndin, sem starfað hafi í samræmi við 17. gr. kjarasamnings Verkamannasambandsins, hafi þann 30. nóvember komist að þeirri niðurstöðu að ekki væru marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því væri ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra.

Stefndi hafi með símbréfi 7. desember 1995 hafnað áskorun stefnanda um að draga uppsögn kjarasamninga til baka með vísan til forsendna sem launanefnd einni hafi verið falið að meta svo og til atriða sem ekki geti talist hluti af forsendum kjarasamninga, sbr. 16. gr. Í því sambandi hefur komið fram af hálfu stefnanda að launajöfnun hafi ekki verið á meðal forsendna kjarasamninganna. Stefnandi mótmælir því að kjarasamningarnir hafi byggst á óskráðum

forsendum. Til þess að um brostnar forsendur geti verið að ræða þurfi forsendubresturinn að hafa verið verulegur og forsendan hafa verið ákvörðunarástæða, enda sé meginreglan sú að samningar skuli standa.

Ótvírætt sé að forsendur kjarasamninga hafi staðist, réttur aðili, þ.e. launanefnd, hafi lagt mat á samningsforsendur, uppsagnarheimildin sé aðeins hjá hvorum hluta launanefndar og því sé uppsögn stefnda á kjarasamningum frá 21. febrúar 1995 ólögmæt.

Að því er varðar gagnkröfu stefnda þá heldur stefnandi því fram að það sé andstætt ákvæðum 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að beina þeirri kröfu að stefnanda einum.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir á því að uppsögn hans á kjarasamningnum hafi verið fullkomlega lögmæt. Að formi til hafi ákvörðun um uppsögn verið tekin og afgreidd á löglegan hátt eins og lög stéttarfélagsins gera ráð fyrir. Þá hafi uppsögnin fullnægt skilyrðum 17. gr. kjarasamningsins um uppsagnarfrest. Stefnandi hafi sjálfur tekið við uppsagnarbréfinu og kvittað á það að morgni 30. nóvember 1995.

Stefndi byggir á því að hann einn geti sagt upp samningum af hálfu Verkamannafélagsins Hlífar. Kjarasamningurinn sé samningur Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins við hvert einstakt verkalýðsfélag. Samningsréttur, þ.m.t. uppsagnarheimild, sé grundvallarréttindi stéttarfélags og hvert stéttarfélag sé sjálfstæður samningsaðili, sbr. 3. og 5. gr. laga nr. 80/1938. Samkvæmt 6. gr. laga þessara skuli allir samningar milli stéttarfélaga og atvinnurekenda um kaup og kjör verkafólks vera skriflegir og samningstími og uppsagnarfrestur þar tilgreindur. Þessi skilyrði uppfylli kjarasamningarnir frá febrúar 1995. Í 6. gr. laga nr. 80/1938 sé ekki gert ráð fyrir því að uppsagnarheimild geti verið í höndum annarra en fulltrúa atvinnurekenda og stéttarfélags. Þeim fullyrðingum stefnanda sé algerlega mótmælt að launanefnd hafi haft uppsagnarheimild eða að uppsögn hafi fyrst verið möguleg þegar yfirlýsing launanefndar hafi legið fyrir. Ekkert umboð hafi legið fyrir frá stefnda til launanefndar um mat á forsendum kjarasamninga og hvergi sé unnt að finna því stoð í kjarasamningi að launanefndin hafi haft uppsagnarheimild.

Af hálfu stefnda er talið að honum hafi verið heimilt að segja samningunum upp þar sem skilyrði 16. gr. kjarasamningsins um

yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 20. febrúar 1995 hafi brugðist. Þessu til stuðnings vísar stefndi meðal annars til skýrslu ASÍ, úttektar hagdeildar ASÍ frá 15. nóvember 1995 og niðurstöðu launanefndar frá 30. nóvember sl. .

Þá er á því byggt af hálfu stefnda að það hafi verið grundvallarforsenda kjarasamninganna að lægstu laun hækkuðu sérstaklega umfram önnur laun í landinu. Telur stefndi að þessi forsenda sé verulega brostin. Um þessa forsendu vísar stefndi til yfirlýsinga stjórnmálamanna, þ.m.t. yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 10. desember 1994, yfirlýsinga forystumanna launþega og atvinnurekenda fyrir samningsgerðina, samantekta ASÍ/VSÍ, krónutöluleiðar þeirrar, er fram komi í samningunum, yfirlýsinga meiri- og minnihluta launanefndar, ályktana ASÍ, niðurstöðu Kjaradóms og fleiri gagna. Byggir stefndi á því að marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum. Telur stefndi að forsendan um að lægstu laun skyldu hækka mest hlutfallslega með þeirri krónutöluleið, sem hafi verið farin, hafi verið slík grundvallarforsenda að samningsaðilar hafi álitið óþarft að geta hennar sérstaklega í 16. gr. kjarasamningsins. Stefndi telur að réttarreglur um brostnar forsendur geti átt við jafnt um kjarasamninga sem aðra samninga. Að áliti hans hafi hér verið um verulegan forsendubrest að ræða.

Stefndi tekur fram, að það tímamark sem uppsögn hafi miðast við hafi verið 29. nóvember 1995. Samkvæmt ákvæðum 17. gr. kjarasamningsins hafi orðið að segja samningum upp með minnst mánaðar fyrirvara og tæki uppsögn þá gildi 31. desember 1995. Kveður stefndi það staðfasta skoðun sína, með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir hafi legið 29. nóvember sl., að forsendur kjarasamninga væru brostnar þegar hann hefði sagt þeim upp. Formlegur aðdragandi uppsagnar væri tímafrekur og nauðsynlegt hefði verið að segja samningum upp á umræddu tímamarki þar sem uppsögn eftir lokun skrifstofutíma hjá VSÍ væri ólögmæt.

Í 17. gr. kjarasamningsins væri mælt fyrir um launanefnd, skipaða þremur fulltrúum frá ASÍ og þremur frá VSÍ. Samkvæmt ársskýrslu ASÍ hefði VSÍ dregið að skipa í nefndina þar til í byrjun október 1995. Launanefnd hefði eingöngu það hlutverk samkvæmt réttri orðskýringu á 17. gr. kjarasamningsins að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefðust á hverj-

um tíma. Það hafi verið skilningur stefnda við undirritun samningsins að launanefndin hefði ekki annað hlutverk en hér hefur verið getið. Að mati stefnda væri alrangt sem stefnandi héldi fram að nefndin hefði haft það á valdi sínu hvort samningum yrði sagt upp. Þá hefði nefndin heldur ekki haft umboð til að meta samningsforsendur. Fyrir þessu sjónarmiði færir stefndi ýmis rök. Hvert félag hafi samningsrétt samkvæmt 3. og 5. gr. laga nr. 80/1938. Af því leiði að félagið hafi eitt uppsagnarheimild. Launanefndin hafi ekkert umboð til uppsagnar eða úrskurðar eða til mats á samningsforsendum. Skýrt umboð eða skýr og ótvíræður texti í kjarasamningi, sem borinn hafi verið undir atkvæði félagsmanna stéttarfélags til samþykktar, sé skilyrði þess að slík nefnd geti haft það vald sem lýst sé í stefnu. Ákvæði um launanefndina hafi verið stytt og þeim breytt verulega frá eldri kjarasamningum. Ef samningsaðilar hefðu viljað láta launanefndina hafa uppsagnarheimild eða umboð til að meta samningsforsendur hefði það þurft að koma skýrt fram. Það yrði ekki lesið út úr samningnum. Þvert á móti væri það óvenjulegt og óeðlilegt að slík nefnd hefði svo mikið vald. Fulltrúar samningsaðila í nefndinni væru þrír, þar af væru tveir frá ASÍ sem ekki væri hluti af samningnum. Spyrja mætti hví Verkamannasambandið hefði gert sérstakan samning ef það hefði ætlað að láta frá sér umboð til nefndarinnar um mat á forsendum samninganna og uppsagnarheimild, sem það hefði ótvírætt sjálft, í hendur nefndar sem væri að 5/6 hlutum skipuð mönnum sem ekki væru meðlimir í samtökum þess. Þá bendir stefndi á að Björn Grétar Sveinsson hafi ekki tekið þátt í niðurstöðu launanefndar og skilað séráliti. Stefndi áréttar að Verkamannafélagið Hlíf hafi aldrei samþykkt að launanefndin gæti metið samningsforsendur kjarasamninga eða samþykkt uppsagnarheimild launanefndar. Á milli stefnda annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins hins vegar sé sérstakur kjarasamningur. Í því sérstaka tilviki þurfi því að kanna hver hafi verið vilji samningsaðila.

Samkvæmt kjarasamningnum hafi orðið að segja honum upp í síðasta lagi þannig að uppsögn kæmi til framkvæmda 31. desember 1995. Þetta þýddi að síðasti möguleiki til að segja samningnum lausum hefði verið 30. nóvember 1995. Uppsögnin hefði þurft að vera skrifleg og hafa borist VSÍ/Vinnumálasambandi fyrir lokun skrifstofa þann dag. Í félagi á borð við stefnda verði kjarasamningi ekki

sagt upp nema að undangengnum félagsfundi þar sem lagt væri undir atkvæði félagsmanna hvort segja ætti samningnum upp eða ekki. Það hefði sinn aðdraganda og launanefndin hefði ekki sent stefnda álit sitt.

Stefndi tekur fram að ef dómurinn telji að stefndi hafi ekki getað metið sjálfstætt hvort forsendur uppsagnar hafi verið fyrir hendi án atbeina launanefndar, þá beri að líta til þess að launanefndin hafi verið svo sein að sínum störfum að hún hafi fallið á tíma. Nefndin hafi ekki hirt um að senda stefnda álit sitt. Stefndi kveðst hafa verið þess fullviss að veruleg frávik hefðu orðið frá forsendum kjarasamnings og hann hefði ekki getað sagt kjarasamningnum upp síðar.

Stefndi heldur því fram að svo miklir ágallar hafi verið á störfum launanefndar bæði að formi til og efni að störf hennar fullnægi engan veginn þeim kröfum sem gera verði til slíkrar nefndar. Þetta valdi því að niðurstaða hennar sé ógild og marklaus. Í þessu sambandi bendir stefndi á nokkur atriði. Nefndin skyldi skipuð þremur fulltrúum frá ASÍ og þremur fulltrúum frá vinnuveitendum. Yfirlýsing nefndarinnar sé hins vegar undirrituð af tveimur fulltrúum frá ASÍ en fimm fulltrúum vinnuveitenda. Bendi þetta til þess að jafnræðis hafi ekki verið gætt í störfum nefndarinnar. Með hliðsjón af séráliti formanns Verkamannasambandsins bendir stefndi á að lykilmenn í samninganefnd VSÍ/Vinnumálasambandsins undirriti yfirlýsingu launanefndar, en minnihluti nefndarinnar sé skipaður fulltrúum ASÍ sem ekki hafi átt beina aðild að kjarasamningum. Stefndi heldur því fram að launanefndin hafi aldrei lokið störfum sínum. Yfirlýsing hennar hafi aldrei verið send beint til stefnda og gæti aldrei talist hafa haft nokkurn tilgang þar sem hún barst til vitundar stefnda eftir að uppsagnarfrestur var útrunninn. Nefndin hafi farið langt út fyrir umboð sitt og ekki gætt réttra aðferða við störf sín. Óforsvaranlegt hafi verið af nefndinni að kalla eftir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar áður en nefndin fór yfir forsendur kjarasamninga. Það sé í raun staðfesting þess að samningsforsendur hafi verið brostnar. Hinn 30. nóvember 1995 hafi gögn, sem nefndinni voru tiltæk um forsendur kjarasamninga, staðfest álit stefnda. Þá hafi jafnframt legið fyrir frumvarp til fjárlaga sem fulltrúar ASÍ í launanefnd hafi gagnrýnt harðlega. Launanefndin hafi sjálf hafið kjaraviðræður og farið í efnislegar breytingar á kjarasamningi algerlega án um-

boðs. Viðmiðun launanefndarinnar hefði átt að byggjast á þeim forsendum sem voru til staðar áður en yfirlýsing ríkisstjórnar, dags. 29. nóvember 1995, og tillaga að samkomulagi um desemberuppbót voru undirritaðar. Svo virðist sem meirihluti launanefndar hafi litið svo á að nefndin hefði ekki aðeins rétt til að meta samningsforsendur heldur hefði einnig samningsrétt. Fulltrúi Verkamannasambandsins í launanefnd hafi ekki staðið að niðurstöðu nefndarinnar. Þá bendir stefndi á að sérkunnáttu í hagfræði hafi ekki verið fyrir að fara í launanefnd. Þá hafi niðurstaða nefndarinnar verið svo síðbúin að frestur til uppsagnar hafi verið útrunninn. Stefndi bendir og á að þremur sólarhringum fyrir yfirlýsingu launanefndar hafi forseti ASÍ opinberlega lýst því yfir að flest benti til þess að kjarasamningum yrði sagt upp.

Stefndi telur að Félagsdómur hafi vald til að leggja mat á störf launanefndar og hnekkja niðurstöðum hennar svo og að leysa sjálfstætt úr því ágreiningsefni hvort marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum á því tímamarki þegar samningnum var sagt upp.

Vegna gagnkröfu sinnar um að niðurstaða launanefndar verði dæmd ógild vísar stefndi til þess sem að framan greinir um launanefndina, störf hennar og starfshætti.

Af hálfu stefnda er vísað til grunnreglna vinnuréttarins, til laga nr. 80/1938 sérstaklega 3., 5. og 6. gr. Þá er vísað til kjarasamnings frá 21. febrúar 1995, sérstaklega til 16. og 17. gr. hans. Um heimild til að koma fram með gagnkröfu er vísað til 53. gr. laga nr. 80/1938. Krafa um málskostnað er byggð á 21. kafla laga nr. 91/1991. Krafa um dráttarvexti á dæmdan málskostnað er byggð á 129. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt er reist á lögum nr. 50/1988.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. gr. kjarasamnings Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins við Verkamannasamband Íslands frá 21. febrúar 1995 voru allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengdir til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum, sem í samningnum fólust og skyldu þá falla úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Um uppsögn kjarasamningsins á samningstímabilinu er fjallað í 17. gr. hans. Samkvæmt þeirri grein skal á samningstímabilinu starfa sérstök launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar. Á samningstímanum skal nefndin fylgjast með framvindu efnahags-,

atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Um uppsögn segir svo í grein þessari: „Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. 16. gr. Komi til uppsagnar skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995."

Stefndi telur að uppsögn hans á kjarasamningnum hafi bæði að formi og efni verið lögmæt. Það hafi einungis verið á hans valdi að meta samningsforsendur og segja upp kjarasamningnum. Það hafi ekki verið í verkahring launanefndar auk þess sem vinnubrögðum nefndarinnar hafi verið svo áfátt að ákvarðanir hennar beri að telja ógildar.

Hinn 30. nóvember 1995 komst launanefnd að þeirri niðurstöðu „að ekki séu marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra."

Ljóst er að ágreiningur er með málsaðilum um störf launanefndar. Meintir annmarkar á störfum nefndarinnar þykja þó ekki þess eðlis að telja verði niðurstöðu nefndarinnar um samningsforsendur markleysu. Ráða má af gögnum málsins að það hafi verið hlutverk launanefndar að meta forsendur fyrir uppsögn kjarasamningsins, sbr. 16. og 17. gr. hans. Því þykir ekki unnt að fallast á það með stefnda, að hann geti á sitt eindæmi metið, hvort samningsforsendur hafi staðist. Þá hefur stefndi ekki sýnt fram á að forsendur kjarasamningsins hafi brostið.

Með vísan til þessa er krafa stefnanda tekin til greina.

Samkvæmt 17. gr. kjarasamnings aðila frá 21. febrúar 1995 er launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar. Gagnkröfu stefnda er beint að Vinnuveitendasambandi Íslands. Telja verður að sakarefni það, sem gagnkrafan tekur til, falli ekki undir verksvið Félagsdóms sbr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Þá er gagnkröfunni einungis beint að stefnanda í máli þessu og ber því jafnframt með vísan til 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 að vísa gagnkröfunni frá dómi.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 100.000.

Dómsorð:

Uppsögn Verkamannafélagsins Hlífar á kjarasamningi félagsins og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 er ógild.

Gagnkröfu stefnda, Alþýðusambands Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkamannafélagsins Hlífar, er vísað frá Félagsdómi.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkamannafélagsins Hlífar, greiði stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands, kr. 100.000 í málskostnað.

Miðvikudaginn 3. janúar 1996.

Nr. 24/1995. **Vinnuveitendasamband Íslands**
(Jón H. Magnússon hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands
f.h. Verkamannasambands Íslands vegna
Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur
og nágrennis
(Lára V. Júlíusdóttir hdl.)

Uppsögn kjarasamnings. Launanefnd.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Málið, sem dómtekið var 21. desember sl., var þingfest 12. desember sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219 Skipholti 50c, Reykjavík vegna Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis, kt. 680269-5729, Hafnargötu 80, Keflavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda:

Að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að uppsögn Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis á kjarasamningum frá 21. febrúar 1995 við Vinnuveitendasamband Íslands sé ólögmæt og gildislaus.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað auk virðisaukaskatts að skaðlausu samkvæmt mati dómsins. Dráttarvextir leggist á málskostnað á 12 mánaða fresti.

Málavextir.

Hinn 21. febrúar 1995 gerði Vinnuveitendasamband Íslands vegna aðildarfélaga þess og einstakra meðlima og Vinnumálasambandið

annars vegar og Verkamannasamband Íslands vegna aðildarfélaga þess hins vegar kjarasamning. Með kjarasamningi þessum skyldu allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengjast til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem fólust í samningunum.

Í kjarasamningi aðila eru svohljóðandi ákvæði um forsendur samningsins og endurskoðun hans á samningstímabilinu:

„16. gr. – Forsenda samnings þessa er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem fylgir samningi þessum. Þá er jafnframt á því byggt að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður. Aðilar eru ennfremur sammála um mikilvægi þess að auka framleiðni og verðmætasköpun í atvinnulífinu til þess að standa undir raunverulegum og varanlegum kjarabótum. Þeir munu því beita áhrifum sínum til þess að efla rannsóknir, þróunar- og markaðsstarf, svo og samstarf hagsmunaaðila sem stuðli að þessu markmiði.

17. gr. – Á samningstímabilinu skal starfa sérstök launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar og skal hún á samningstímanum fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Nefndin og samtökin sem að henni standa munu beita sér fyrir umfjöllun og aðgerðum til þess að auka framleiðni í atvinnulífinu í samræmi við markmið samningsins. Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. 16. gr. Komi til uppsagnar samningsins skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995."

Með bréfi dags. 30. nóvember 1995 tilkynnti stefndi, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, stefnanda, að fundur stjórnar og trúnaðarmannaráðs félagsins, hafi í framhaldi af ályktun félagsfundar þann 22. nóvember ákveðið að segja gildandi kjarasamningi félagsins við vinnuveitendur lausum, enda hafi marktæk frávik orðið á samningsforsendum að mati stjórnarinnar. Uppsögnin tilkynnist með eins mánaðar fyrirvara og taki gildi 31. desember 1995.

Þann 30. nóvember 1995 komst launanefnd ASÍ og vinnuveitenda

að þeirri niðurstöðu „að ekki séu marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra.“ Í framhaldi af niðurstöðu launanefndar sendi stefnandi bréf til stjórnar og trúnaðarmannaráðs stefnda þar sem farið var fram á það að stefndi endurmeti afstöðu sína í ljósi breyttra aðstæðna. Með bréfi stefnda þann 8. desember 1995 ítrekaði stefndi fyrri ákvörðun um uppsögn kjarasamninga.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Í máli þessu, sem stefnandi höfðar á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, byggir hann kröfugerð sína á því, að uppsögn stefnda, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis, á kjarasamningi við Vinnuveitendasamband Íslands sé ekki í samræmi við ákvæði 16. og 17. gr. samningsins og því ólögmæt.

Kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og aðildarfélaga þess hafi verið ætlað að gilda til 31. desember 1996 og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Settur hafi verið öryggisventill í samninginn ef marktæk frávik yrðu á forsendum hans sem eru tilgreindar með tæmandi hætti. Venja sé fyrir því að tekið sé fram með skýrum hætti í kjarasamningum hvaða aðstæður gætu leitt til uppsagna eða breytinga á samningum, enda sé það nauðsynlegt, sbr. og ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938. Gildistími kjarasamninga þurfi að vera ljós og hvort og þá með hvaða skilyrðum þeim verði sagt upp.

Sérstakri nefnd, launanefnd ASÍ og vinnuveitenda, hafi með kjarasamningi Verkamannasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 verið falið að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og skera úr um hvort ástæða væri til uppsagnar samninga. Launanefndin skyldi gera tillögur til samtaka launþega og vinnuveitenda og stjórnvalda með það að markmiði að samningsforsendur héldu svo ekki þyrfti að koma til uppsagnar samninga. Fyrst eftir að launanefnd hafi komist að niðurstöðu væri tilefni til ákvörðunar um uppsagnir kjarasamninga, sem einungis yrði tekin á vettvangi launanefndar, ef samningsforsendur væru taldar brostnar.

Í bréfi stefnda frá 30. nóvember 1995 hafi því verið haldið fram að marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum að mati stjórnar stefnda án þess að nánari grein væri gerð fyrir fullyrðingunni. Í 16. grein kjarasamnings Verkamannasambandsins frá 21. febrúar séu forsendur samninga tæmandi taldar. Annars vegar sé vísað til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í 17 liðum og hins vegar á því byggt að

verðlagsþróun á samningstímanum í heild yrði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu yrði tryggður.

Með samþykkt kjarasamnings Verkamannsambandsins frá 21. febrúar 1995 hafi stefndi Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis veitt launanefnd landssambanda ASÍ og vinnuveitenda umboð til að fylgjast með framvindu mála og meta það hvort frávik hafi orðið frá samningsforsendum skv. 16. gr. og hvort segja eigi upp samningum, en skv. niðurlagi 17. gr. sé ekki heimilt að segja kjarasamningum lausum nema marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum skv. 16. gr. Launanefndin, sem hafi starfað í samræmi við 17. gr. kjarasamnings Verkamannasambandsins, hafi þann 30. nóvember 1995 komist að þeirri niðurstöðu að ekki væru marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra.

Stefndi hafi með bréfi 8. desember hafnað áskorun stefnanda um að draga uppsögn kjarasamninga til baka. Í bréfi sínu 30. nóvember hafi stefndi haldið því fram að marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum að mati stjórnar stefnda, sem sé í andstöðu við niðurstöðu launanefndar, en henni einni hafi af aðilum verið falið að meta samningsforsendur.

Ótvírætt sé því að forsendur kjarasamninga hafi staðist, réttur aðili, launanefnd, hafi lagt mat á samningsforsendur, uppsagnarheimildin sé aðeins hjá hvorum hluta launanefndar og sé því uppsögn stefnda á kjarasamningum frá 21. febrúar 1995 ólögmæt og kjarasamningar stefnanda og stefnda gildi til 31. desember 1996.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að með samningunum 21. febrúar 1995 hafi fylgt tvíblöðungur, eins konar skýring á innihaldi kjarasamninganna, með yfirskriftinni Kjarasamningar 21. febrúar 1995. Þetta skjal sé merkt Vinnuveitendasambandi Íslands, Landssamböndum innan ASÍ og Vinnumálasambandinu. Hafi þetta skjal verið unnið sameiginlega af starfsmönnum ASÍ og VSÍ. Þar hafi verið greint frá efnisinnihaldi hins nýgerða kjarasamnings og markmiðum hans. Lægstu laun skyldu hækka sérstaklega, kaupmáttur að aukast og stöðugleikinn tryggður. Greint hafi verið frá þeim launahækkunum sem fælust í samningnum og hvenær þær tækju gildi.

Einnig hafi verið fjallað um desemberuppbót og launabætur. Í lok skjalsins segi eftirfarandi:

Sátt um launajöfnun sem samningurinn endurspeglar byggir á því að þeir hærra launuðu í þjóðfélaginu sætti sig við að laun þeirra fyrir dagvinnu hækki um fasta krónutölu 2.700 kr. á mánuði á árinu 1995. Náist ekki víðtæk samstaða um þessa leið er ljóst að meginmarkmiðum samningsins um áframhaldandi stöðugleika og launajöfnun er teflt í tvísýnu.

Skilyrði þess að samningsmarkmiðunum verði náð er að víðtæk samstaða skapist meðal allra tekjuhópa í samfélaginu um að sá bati, sem kominn er fram í þjóðarbúskap okkar gangi ríkar fram til þeirra sem lægri hafa launin.

Þetta skjal hafi verið tekið upp í heild sinni í fréttabréfi ASÍ, en fréttabréfinu hafi verið dreift í mjög stóru upplagi til allra félaga innan ASÍ og notað af hálfu samtakanna til kynningar á kjarasamningunum.

Í fréttaumfjöllun í tengslum við kjarasamninginn komi víðar fram þetta skýra markmið með samningsgerðinni. Í Morgunblaðinu 22. febrúar 1995 sé eftirfarandi haft eftir Davíð Oddssyni, forsætisráðherra:

Það er ekki vafi í mínum huga að þessir samningar, sem ná til langstærsta hluta vinnumarkaðarins, þess hluta sem lýtur lögmálum þjóðarteknanna meira en aðrir, verða algerlega fordæmisskapandi fyrir aðra samninga.

Í kjölfar samninganna í febrúar 1995 hafi launanefnd verið skipuð. Fulltrúar launafólks voru skipaðir af hópi formanna landssambanda og voru þeir forseti og varaforseti ASÍ svo og formaður Verkamannasambands Íslands.

Þegar önnur félög og samtök á vinnumarkaði gerðu síðan sína samninga í kjölfar samninganna 21. febrúar 1995 hafi þar verið samið um verulega hærri laun en hafði verið gert í samningunum í febrúar og um prósentuhækkanir í stað krónutöluhækkana þannig að ekki var lengur tryggt að batinn skilaði sér til þeirra sem lægri höfðu launin. Með úrskurði Kjaradóms í september sl., sem hafi kveðið á um verulegar launahækkanir til æðstu embættismanna þjóðarinnar, og með ákvörðun forsetanefndar Alþingis um skattfrjálsar kostnaðargreiðslur til þingmanna komi enn frekar í ljós að ekki hafi verið unnið eftir þeim markmiðum sem sett höfðu verið í

kjarasamningunum frá í febrúar. Sú sátt sem náðst hafði og hafði verið leiðandi í kjarasamningsgerð allt frá því í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins frá febrúar 1990 hafi verið brostin.

Á þingi Verkamannasambands Íslands í október sl. hafi verið samþykkt ályktun þess efnis að skora á launanefnd og verkalýðsfélögin að segja kjarasamningum upp og hefja strax undirbúning að gerð nýrra kjarasamninga.

Samkvæmt 17. gr. kjarasamningsins skyldi launanefnd hafa komist að niðurstöðu um uppsögn kjarasamningsins fyrir 30. nóvember 1995. Ekki hafi verið ljóst fyrr en eftir kl. 17.00 þann 30. nóvember sl. á blaðamannafundi sem haldinn var á skrifstofu ASÍ hver yrði niðurstaða launanefndar. Tilkynning um niðurstöðu launanefndar hafi verið að berast VSFÍ frá 19.30 til 22.00 þá um kvöldið. Á fundi stjórnar- og trúnaðarmannaráðs félagsins, sem haldinn var í hádeginu þann 30. nóvember, hafi stjórn og trúnaðarmannaráð samþykkt að segja samningum upp þar sem ekki hafi verið unnt að bíða lengur niðurstöðu launanefndar. Tilkynning þess efnis hafi verið borin til aðila fyrir kl. 16. 00 þann dag.

Í séráliti Björns Grétars Sveinssonar formanns Verkamannasambands Íslands í launanefndinni komi fram að í þeim gögnum sem lágu fyrir launanefnd hafi legið fyrir það mat hagdeildar ASÍ sem staðfest hafi verið með skýrslu Þjóðhagsstofnunar, að bilið milli hækkunar kauptaxta þeirra sem sömdu í febrúar sl. og hinna sem síðar sömdu væri að lágmarki kr. 3000. Meirihluti launanefndar hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekki væru forsendur til að segja upp kjarasamningum um áramót. Jafnframt hafi meirihlutinn gert tillögu til samningsaðila um hækkun á desemberuppbót, og skyldu samningsaðilar taka afstöðu til þess fyrir kl. 16.30 þann 8. desember 1995. Formaður Verkamannasambands Íslands hafi skilað séráliti og ekki staðið að tillögu meirihlutans.

Kröfu sína um sýknu byggir stefnda á eftirfarandi:

1) Launanefnd hafi farið út fyrir umboð það sem henni var veitt í kjarasamningunum við mat sitt á forsendum kjarasamninganna.

Samkvæmt skýrum ákvæðum 5. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 séu stéttarfélög lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna. Það sé því í höndum Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis að

semja fyrir félagsmenn sína svo og að segja upp kjarasamningum. Með kjarasamningi aðila frá 21. febúar 1995 hafi launanefnd ekki verið afsalað eða framselt þetta vald félagsins heldur einungis falið að meta forsendur til uppsagnarinnar. Uppsagnarrétturinn sem slíkur liggi alltaf í hendi félagsins sjálfs og hafi ekki og verði ekki afsalað neitt nema með skýru umboði þar um. Sú launanefnd sem sett var á laggirnar með kjarasamningunum í febrúar hafi ekkert slíkt umboð haft, heldur hafi henni einungis verið ætlað að 1) fylgjast með framvindu efnahags- atvinnu- og verðlagsmála og 2) gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefðust á hverjum tíma, 3) beita sér fyrir umfjöllun og aðgerðum til þess að auka framleiðni í atvinnulífinu í samræmi við markmið samningsins.

Sé ákvæði um launanefnd í samningunum 1995 borið saman við ákvæði samninganna 1993 komi í ljós munur á umboði þessara tveggja nefnda. Árið 1993 hafi launanefnd verið skipuð af Alþýðusambandinu og átt að fylgjast með framvindu efnahagsmála og gera tillögur um viðbrögð til Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambandsins og stjórnvalda, þ.e.a.s. þeirra samtaka sem að nefndinni stóðu. Í þeim samningi stóð berum orðum: „Heimilt er hvorum hluta launanefndar að segja samningum lausum ...“

Í samningunum sem gerðir voru á þessu ári, 1995, hafi orðalag verið annað bæði hvað varðar skipun og hlutverk. Launanefndin sé nú skipuð þrem fulltrúum frá landssamböndunum innan ASÍ, hlutverk hennar sé að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála á samningstímanum og gera tillögur um viðbrögð til „samtakanna“. Hér hljóti að vera átt við landssamböndin, því ASÍ hafi ekki verið aðili kjarasamninganna frá í vor. Síðan segi: „Hvorum aðila er heimilt að segja samningnum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum samkvæmt 16. gr.“

Orðalag samninganna um uppsagnarfrest launanefndarinnar eins og það var 1993 sé ekki lengur til staðar í samningunum 1995. Þessi breyting verði ekki skilin öðru vísi en þannig að samningsaðilar hafi ætlað þessari launanefnd takmarkaðra hlutverk og falið henni takmarkaðra umboð en 1993. Hún hafi ekki haft umboð til að breyta kjarasamningum eða segja þeim upp.

2) Launanefnd hafi ekki tekið afstöðu til forsendna kjarasamn-

ingsins innan þess tíma sem henni var ætlað að gera samkvæmt kjarasamningi og því hafi félögum sjálfum verið nauðugur einn kostur að taka afstöðu til forsendna samningsins.

Launanefndin hafi skýrt frá tillögum sínum á blaðamannafundi sem haldinn var kl. 17. fimmtudaginn 30. nóvember 1995. Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis hafi fengið tilkynningu launanefndarinnar senda á faxi kl. 20.30 um kvöldið. Skrifstofur Vinnuveitendasambandsins loki kl. 16.30 á daginn. Því hafi verið orðið of seint fyrir einstök félög að taka afstöðu til tillagna launanefndarinnar eins og þær lágu fyrir á hvorn veginn sem þær þá voru. Sá tími hafi verið liðinn sem félögin höfðu haft til að taka afstöðu til niðurstöðunnar og bregðast við henni. Slíka tilkynningu hafi orðið að senda til viðsemjenda fyrir lokun á skrifstofum samtakanna, eða fyrir kl. 16.30 þann 10. nóvember. Félagið hafi því sjálft úr því sem komið var orðið og hafi haft til þess fullar heimildir á grundvelli 5. gr. l. um stéttarfélög og vinnudeilur að taka afstöðu til uppsagnarinnar. Félagið hafi gert það og tilkynnt með lögformlegum hætti til viðsemjenda.

Jafnvel þótt dómurinn teldi að launanefndin hefði haft uppsagnarheimild hafi ákvörðun nefndarinnar legið of seint fyrir til að hægt hefði verið að tilkynna slíkt með áskildum fyrirvara.

3) Tilboð VSÍ í bréfi til félagsins dags. 30.11.1995 þar sem þess er óskað að VSFK endurmeti afstöðu sína í ljósi breyttra aðstæðna hafi ekkert gildi. Það bréf hafi borist VSFK eftir að sá frestur var liðinn sem gafst til að taka afstöðu til uppsagnar kjarasamninga. Þegar á það sé litið að í kjarasamningi aðila frá 21. febrúar 1995 sé kveðið á um þann tímafrest sem félög þurfa að tilkynna um uppsögn á samningi þá geti annar aðilinn ekki á eigin spýtur breytt því ákvæði og veitt rýmri fresti en kjarasamningurinn kveði á um. Um það þurfi að semja upp á nýtt milli aðila.

Þar sem launanefndin hafi brunnið inni á tíma hafi félögunum verið nauðugur sá kostur á grundvelli 3. og 5. gr. l. 80/1938 að bregðast við innan tímamarka og taka afstöðu til þess hvort forsendur fyrir tilvist samningsins væru brostnar ef segja átti samningnum upp miðað við áramót og að leggja sjálfstætt mat á forsendur. Ljóst hafi verið að yfirlýst markmið með kjarasamningi aðila frá febrúar hafi verið að jafna launaþróun. Komi þetta fram í fylgiblaði með kjarasamningunum þar sem fjallað er um sátt um launajöfnun

og einnig komi þetta fram í niðurlagsákvæði niðurstöðu launanefndar þar sem segir:

„Með hliðsjón af markmiðum um að jafna nokkuð launaþróun þeirra sem sömdu í upphafi árs við launaþróun þeirra er síðar sömdu svo og markmiða um launajöfnun ...“

Þrátt fyrir það að ríkisstjórnin hafi hætt við að draga til baka þær aðgerðir sem hún hafi lofað í tengslum við kjarasamningana hafi það verið mat stjórnar og trúnaðarmannaráðs VSFK að forsendur væru brostnar fyrir kjarasamningnum. Það hafi ennfremur verið mat stjórnar og trúnaðarmannaráðs VSFK svo og félagsfundar í félaginu að tilboð um viðbótarhækkun á desemberuppboð breytti engu þar um. Forsendur væru brostnar.

Í stefnu sé því haldið fram að forsendur kjarasamningsins séu tæmandi taldar í 16. gr. samningsins. Þessu er mótmælt. Þótt í 16. gr. séu tínd til þau atriði sem taka skuli tillit til við mat á uppsagnarheimild á samningi sé það almennt viðurkennt í vinnurétti bæði hér á landi og á Norðurlöndum að ógildingarástæður samningaréttarins gildi um kjarasamninga að svo miklu leyti sem þær geti átt við.

Þegar talað er um brostnar forsendur í samningarétti sé átt við forsendur sem ekki séu skráðar eða ekki sérstaklega teknar fram við kjarasamningsgerðina. Hugtakið brostnar forsendur sé skilgreint sem þær hvatir eða ástæður sem liggi að baki samningsgerð og hafa ekki verið gerðar að skilyrði við samningsgerðina. Það séu einmitt slíkar óskráðar forsendur sem hafi brostið þegar ljóst varð að meginmarkmið kjarasamninganna frá í febrúar um víðtæka samstöðu meðal allra tekjuhópa í samfélaginu um að sá bati sem kominn væri fram í þjóðarbúskap Íslendinga gengi ríkar fram til þeirra sem lægri hefðu launin næðist ekki. Þegar við bættust taumlausar hækkanir á launum æðstu embættismanna þjóðarinnar og Alþingismanna hafi forysta félagsins og félagsfundur ekki talið líðandi að verða áfram bundin af kjarasamningnum frá í febrúar.

4) Jafnframt er á því byggt að launanefnd hafi með tillögu sinni um desemberuppbót opnað fyrir samningsgerð og höfnun stefnda á tillögunni verði að skoða sem nýtt tilboð til launanefndar.

Eins og fram komi í niðurstöðu launanefndarinnar hafi hún sett fram tilboð um hækkun á desemberuppbót til að ná mætti því markmiði kjarasamninganna frá í febrúar að jafna launaþróun þeirra sem sömdu í upphafi árs við launaþróun þeirra er síðar

sömdu svo og markmiða um launajöfnun. Launanefndin sé með öðrum orðum þeirrar skoðunar að einhver leiðrétting sé nauðsynleg. Eins og komi fram í yfirskrift skjals launanefndar komi hún fram með tillögu að samkomulagi til handa félögunum. Þeirri tillögu hafi félagsmenn stefnda VSFK hafnað, en voru áður búnir að segja upp samningum. Tillöguna telja þeir að verði að skoða sem tilboð um kjarasamning sem hafi verið hafnað og menn séu þar með komnir að samningaborði.

Um málskostnað er vísað til 21. kafla l. 91/1991 og III. kafla laga nr. 25/1987 varðandi dráttarvexti af málskostnaði. Krafa um virðisaukaskatt byggir á lögum nr. 50/1988, en stefndi stundar ekki virðisaukaskattskylda þjónustu.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. gr. kjarasamnings Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins við Verkamannasamband Íslands frá 21. febrúar 1995 voru allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengdir til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum, sem í samningnum fólust og skyldu þá falla úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Um uppsögn kjarasamningsins á samningstímabilinu er fjallað í 17. gr. hans. Samkvæmt þeirri grein skal á samningstímabilinu starfa sérstök launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar. Á samningstímanum skal nefndin fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Um uppsögn segir svo í grein þessari: „Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. 16. gr. Komi til uppsagnar skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995."

Stefndi telur að uppsögn hans á kjarasamningnum hafi bæði að formi og efni verið lögmæt. Það hafi einungis verið á hans valdi að segja upp kjarasamningnum. Það hafi ekki verið í verkahring launanefndar auk þess sem vinnubrögðum nefndarinnar hafi verið svo áfátt að ákvarðanir hennar beri að telja ógildar.

Hinn 30. nóvember 1995 komst launanefnd að þeirri niðurstöðu „að ekki séu marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra."

Ljóst er að ágreiningur er með málsaðilum um störf launanefnd-

ar. Meintir annmarkar á störfum nefndarinnar þykja þó ekki þess eðlis að telja verði niðurstöðu nefndarinnar um samningsforsendur markleysu. Aðilar eru sammála um að það hafi verið hlutverk launanefndar að meta forsendur fyrir uppsögn kjarasamningsins, sbr. 16. og 17. gr. hans. Því þykir ekki unnt að fallast á það með stefnda, að hann geti á sitt eindæmi metið hvort samningsforsendur hafi staðist. Þá hefur stefndi ekki sýnt fram á að forsendur kjarasamningsins hafi brostið.

Með vísan til þessa er krafa stefnanda tekin til greina.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 100.000.

Dómsorð:

Uppsögn Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis á kjarasamningi félagsins og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 er ógild.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis, greiði stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands, kr. 100.000 í málskostnað.

Mánudaginn 8. janúar 1996.

Nr. 25/1995. **Fjármálaráðherra f.h. ríkisins**
(Jón G. Tómasson hrl.)
gegn
Starfsmannafélagi ríkisstofnana
(Gestur Jónsson hrl.)

Uppsögn kjarasamnings. Launanefnd.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðmundur Skaftason og Guðni Á. Haraldsson.

Stefnandi er Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra, Arnarhvoli, Reykjavík, f.h. ríkisins, kt. 540269-6459.

Stefndi er Starfsmannafélag ríkisstofnana, kt. 620269-3449, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að uppsögn Starfsmannafélags ríkisstofnana 30. nóvember 1995 á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjalundar og St. Franciskusspítala og Starfsmannafélags ríkisstofnana undirrituðum 12. apríl 1995, sé ólögmæt og gildislaus.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Mál þetta var þingfest fyrir Félagsdómi 13. desember sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 5. þ.m.

Málsatvik.

Hinn 12. apríl 1995 var gildandi kjarasamningur aðila framlengdur til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum, sem fólust í samningnum.

Í kjarasamningnum er ákvæði um forsendur samningsins og heimild til uppsagnar á samningstíma, sem hljóðar svo:

„10. gr. – Forsenda samnings þessa er, að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður.

Á samningstímabilinu munu fulltrúar fjármálaráðherra og félagsins, eða sá aðili sem það tilnefnir, koma saman og meta hvort forsendur samningsins hafi haldið. Hvorum aðila er heimilt að segja samningnum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef veruleg og marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum samkvæmt þessari grein. Komi til uppsagnar samkvæmt framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995".

Með bréfi dags. 10. nóvember 1995 óskaði stefndi fundar um forsendur kjarasamningsins. Fulltrúar samningsaðila hittust 27. og 30. nóvember 1995 til viðræðna á grundvelli ákvæðis 10. gr. samningsins. Á fundum þessum voru ekki lögð fram gögn um verðlagsþróun á samningstímanum í heild, en fram kemur í minnisatriðum, sem skráð voru á þessum fundum, að aðilar voru ósammála um það hvort sú verðlagsþróun væri innan marka 10. gr. samningsins eða ekki.

Með bréfi dags. 30. nóvember 1995 tilkynnti stefndi uppsögn á kjarasamningnum á grundvelli 10. gr. hans. Var uppsögnin afhent varaformanni samninganefndar ríkisins að kvöldi þess dags.

Í framhaldi af þessu ritaði stefnandi stefnda bréf 4. desember 1995 þar sem m.a. kemur fram það sjónarmið að uppsögn kjarasamningsins yrði ekki byggð á því að forsendur hans hefðu brostið. Þess var farið á leit, að stefndi endurmæti afstöðu sína og afturkallaði uppsögn samningsins. Í bréfinu var tekið fram, að hafi staðfesting stefnda þessa efnis eigi borist fyrir kl. 16:00 föstudaginn 8. desember yrði litið svo á af hálfu stefnanda, að stefndi héldi við tilkynningu sína um uppsögn og kæmist stefnandi þá ekki hjá því að láta reyna á lögmæti hennar fyrir dómi. Svar barst ekki frá stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi höfðar málið á grundvelli 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og byggir kröfugerð sína á því, að uppsögn stefnda á kjarasamningnum frá 12. apríl 1995 sé ekki í samræmi við ákvæði 10. gr. hans og því ólögmæt.

Ekki verði séð, að stefndi hafi gert minnstu tilraun til að sýna fram á eða sanna, að verðlagsþróun hafi á samningstímanum verið frábrugðin því sem gerist í samkeppnislöndunum, sbr. 1. mgr. 10. gr. kjarasamningsins. Stefndi hafi því ekki sýnt fram á, að veruleg eða marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum, sbr. 2. mgr. 10. gr. Stefndi hafi þannig ekki fært sönnur á, að skilyrði hafi verið fyrir

uppsögn. Á fundi fulltrúa samningsaðila 30. nóvember sl. komi hins vegar skýrt fram það mat fulltrúa stefnanda, að forsendur gildandi samnings hefðu haldið og því væri ekki grundvöllur til uppsagnar hans.

Af hálfu stefnanda er því einnig haldið fram, að afhending uppsagnar á heimili varaformanns samninganefndar ríkisins að kvöldi 30. nóvember 1995, um kl. 21:30, sé ekki í samræmi við viðurkenndar formreglur í samningarétti og teljist því ófullnægjandi, enda verði að telja eðlilegt og sjálfsagt, að svo viðurhlutamikil ákvörðun sé birt á starfsstöð viðsemjandans á eðlilegum starfsstíma. Tekið hafi verið við bréfi stefnda með fyrirvara um gildi uppsagnar og sé sú áletrun í vörslu stefnda.

Þá bendir stefnandi á, að efnislega sambærilegt ákvæði og sé í 10. gr. kjarasamnings aðila sé að finna í 16. gr. kjarasamnings aðildarfélaga ASÍ og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1995. Sérstakri launanefnd ASÍ og vinnuveitenda hafi verið falið að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og skera úr um, hvort ástæða væri til uppsagnar samninga. Hafi launanefndin komist að þeirri niðurstöðu 30. nóvember 1995, að ekki væru marktæk frávik á forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra. Þessi niðurstaða renni stoðum undir þá fullyrðingu stefnanda, að forsendur kjarasamnings aðila þessa máls hafi haldið og stefnda hafi því ekki verið heimilt að segja samningnum upp skv. ákvæði 10. gr. hans.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er m.a. tekið fram um málsatvik að í minnispunktunum frá fundi aðila 27. nóvember sl. megi sjá að fulltrúar stefnda hafi lagt áherslu á þau sjónarmið að kjarasamningur aðila hafi verið gerður á þeirri forsendu að félagsmenn SFR fengju hliðstæðar launabreytingar þeim sem um semdust í öðrum kjarasamningum. Í ljós hafi komið að einstakir hópar hafi fengið mun meiri launahækkanir en félagsmenn SFR. Í fundargerðinni séu tilgreindir alþingismenn, ráðherrar, kennarar, sjúkraliðar og hjúkrunarfræðingar sem dæmi um slíka hópa. Þá liggi fyrir að forsvarsmenn ASÍ og VSÍ séu að ræða beinar viðbótarlaunahækkanir á gildistíma kjarasamningsins. Á fundinum hafi ekki verið lagðar fram neinar upplýsingar um verðlagsþróun á samningstímanum í heild. Fulltrúar

SNR hafi lýst þeirri skoðun sinni að verðlagsþróun yrði innan marka 10. gr. en á þá skoðun hafi fulltrúar stefnda ekki fallist.

Í minnispunktunum frá fundinum 30. nóvember komi fram að aðilar hafi verið ósammála um verðlagsþróun á samningstímabilinu. Fulltrúar SNR hafi talið hana vera innan marka 10. gr. en fulltrúar stefnda hafi lýst sig ósammála því.

Stefndi heldur því fram að fyrirsjáanlegt sé, m.a. vegna verulegra launahækkana sem úrskurðaðar hafi verið eða samið hafi verið um í þjóðfélaginu umfram það sem reiknað hafi verið með við gerð kjarasamnings hans þann 12. apríl 1995, að verðlagsþróun á Íslandi verði ekki áþekk því sem verði í helstu samkeppnislöndum. Haldnir hafi verið tveir fundir samningsaðila þar sem farið hafi verið yfir forsendur samningsins. Á þessum fundum hafi aðila greint á um verðlagsforsendurnar. Stefnandi hafi engin gögn lagt fram til stuðnings þeirri skoðun að verðlagsforsendur á samningstímabilinu í heild muni standast. Eðlilegt sé að líta svo á að stefnandi, vegna stöðu sinnar, hafi sönnunarbyrðina og upplýsingaskylduna í þessu efni þegar fyrir liggur afstaða gagnaðila um að samningsforsendur séu brostnar.

Stefndi heldur því fram að formlega hafi verið rétt að uppsögn hans staðið. Ljóst sé og óumdeilt að stefnanda hafi borist uppsögnin þann 30. nóvember sl. Hvorki í samningi aðila né í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða öðrum lögum sé áskilið að uppsögn berist forsvarsmönnum aðila á skrifstofutíma. Orðalag 16. gr. l. nr. 94/1986 styðji þessa túlkun.

Vegna málskostnaðarkröfunnar er tekið fram að stefndi hafi ekki frádráttarrétt vegna kostnaðar af virðisaukaskatti á lögmannsþjónustu.

Niðurstaða.

Með 1. gr. kjarasamnings aðila frá 12. apríl 1995 var gildandi kjarasamningur framlengdur til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningnum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. kjarasamningsins er forsenda hans að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður. Í 2. mgr. þessarar greinar kjarasamningsins er tekið fram að á samningstímabilinu muni fulltrúar fjármálaráðherra

og Starfsmannafélags ríkisstofnana eða sá aðili, sem félagið tilnefnir, koma saman og meta hvort forsendur samningsins hafi haldið. Um uppsögn samningsins segir svo í 10. gr.: „Hvorum aðila er heimilt að segja samningnum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef veruleg og marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum samkvæmt þessari grein. Komi til uppsagnar samkvæmt framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995."

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að það sé stefnda að sýna fram á að forsendur kjarasamningsins séu brostnar. Stefndi hafi ekki fært sönnur á það og því hafi ekki verið skilyrði til uppsagnar samningsins. Þá hafi stefnanda verið birt uppsögnin með ófullnægjandi hætti og af þeim sökum hafi hún verið of seint fram komin. Stefndi telur hins vegar að uppsögnin hafi bæði að efni og formi til verið lögmæt og vegna aðstöðu sinnar beri stefnandi sönnunarbyrðina fyrir því að samningsforsendur hafi haldið.

Fyrir liggur í málinu að kvittað var fyrir móttöku á uppsagnarbréfi stefnda á samningnum í tæka tíð. Viðurkennt er af hálfu stefnanda að varaformaður samninganefndar ríkisins hafi verið bær til að veita uppsögninni viðtöku. Verður því ekki talið að birtingu uppsagnarinnar hafi verið áfátt.

Þar sem stefndi sagði upp samningnum verður að telja að honum hafi borið að sýna fram á að skilyrði væru til uppsagnar samkvæmt 10. gr. samningsins. Stefndi hefur ekki sýnt fram á að þau frávik hafi orðið á samningsforsendum samkvæmt 10. gr. kjarasamnings aðila frá 12. apríl 1995 að hann geti sagt honum upp.

Með vísan til þessa er krafa stefnanda tekin til greina.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 100.000.

Dómsorð:

Uppsögn Starfsmannafélags ríkisstofnana á kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjalundar og St. Franciskusspítala frá 12. apríl 1995 er ógild.

Stefndi, Starfsmannafélag ríkisstofnana, greiði stefnanda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kr. 100.000 í málskostnað.

Mánudaginn 8. janúar 1996.

Nr. 26/1995. **Fjármálaráðherra f.h. ríkisins,**
Reykjalundar og
St. Franciskusspítala
(Jón G. Tómasson hrl.)
gegn
Læknafélagi Íslands
(Skúli Pálsson hrl.)

Uppsögn kjarasamnings.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Kristjana Jónsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðmundur Skaftason og Sigurður T. Magnússon.

Stefnandi er Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra, Arnarhvoli, Reykjavík, f.h. ríkisins, kt. 540269-6459, Reykjalundar, kt. 680172-0139 og St. Franciskusspítala, kt. 610269-1179.

Stefndi er Læknafélag Íslands, kt. 450269-2639, Hlíðarsmára 8, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda:

Að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að uppsögn Læknafélags Íslands, dags. 30. nóvember 1995, á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjalundar og St. Franciskusspítala, Reykjavíkurborgar og St. Jósefsspítala-Landakoti annars vegar og Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur f.h. lausráðinna sjúkrahúslækna hins vegar, sé ólögmæt og gildislaus gagnvart stefnanda.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og það viðurkennt með dómi Félagsdóms, að uppsögn félagsins á kjarasamningi við stefnanda frá 30. nóvember 1995 sé gild.

Krafist er málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Mál þetta var þingfest fyrir Félagsdómi 15. desember sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 5. þ.m.

Málsatvik.

Hinn 19. apríl 1995 var gildandi kjarasamningur aðila framlengdur til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum, sem fólust í samningnum.

Samningsaðili fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er Læknafélag Íslands, en Læknafélag Reykjavíkur er samningaaðili gagnvart Reykjavíkurborg og St. Jósefsspítala-Landakoti. Fjármálaráðherra fer einnig með samningsumboð fyrir Reykjalund og St. Franciskusspítala.

Í kjarasamningnum er svofellt ákvæði um forsendur samningsins og heimild til uppsagnar á samningstíma:

„12. gr. – Forsenda samnings þessa er að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður. Á samningstímabilinu munu fulltrúar fjármálaráðherra og félagsins, eða sá aðili sem það tilnefnir, koma saman og meta hvort forsendur samningsins hafi haldið. Hvorum aðila er heimilt að segja samningnum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef veruleg og marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. þessari grein. Komi til uppsagnar skv. framanskráðu, tekur hún gildi 31. desember 1995".

Með samningnum var jafnframt gerð svohljóðandi bókun:

„Aðilar eru sammála um að feli þeir kjarasamningar, sem fjármálaráðuneytið gerir síðar á þessu ári við aðildarfélög BHM almennt, í sér kjarabreytingar sem eru verulega og marktækt umfram það sem felst í samningi læknafélaganna, dagsettum í dag, sé það forsenda til uppsagnar á þeim samningi skv. 12. gr. hans".

Hinn 30. nóvember 1995 var stefnanda send tilkynning frá stefnda um uppsögn á kjarasamningnum með vísan til ofangreindrar bókunar og 12. gr. samningsins. Stefndi hafði ekki áður óskað eftir viðræðum um það, hvort forsendur samningsins hefðu haldið.

Í framhaldi af þessu ritaði stefnandi stefnda bréf dags. 4. desember 1995, þar sem m.a. segir að ekki hafi verið farið fram á þær viðræður af hálfu stefnda, sem áskildar séu í 12. gr. kjarasamningsins. Þar segir ennfremur að kjarasamningar sem stefnandi hafi gert eftir 19. apríl 1995 við aðildarfélög BHM hafi ekki falið í sér kjarabreytingar, sem séu verulega eða marktækt umfram það, sem felist í

samningi stefnda. Í bréfinu er einnig gerður almennur fyrirvari um form uppsagnar.

Í bréfinu er sett fram það sjónarmið stefnanda að uppsögnin sé í andstöðu við gildandi kjarasamning og ólögmæt og var farið fram á að stefndi endurmæti afstöðu sína í ljósi þess er greinir í bréfinu. Í bréfi stefnanda var þess óskað að stefndi léti vita eigi síðar en kl. 16:00 hinn 8. desember 1995, hvort haldið yrði við tilkynninguna um uppsögn. Sá frestur hafi verið framlengdur til hádegis 13. desember, en að morgni þess dags hafi talsmaður stefnda tilkynnt, að ekki yrði fallið frá uppsögninni.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst höfða málið á grundvelli 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og byggir kröfugerð sína á því, að uppsögn stefnda á kjarasamningnum frá 19. apríl 1995 hafi ekki verið í samræmi við ákvæði 12. gr. samningsins og sé því ólögmæt.

Áður en stefndi sendi uppsagnarbréfið 30. nóvember 1995 hafi hann ekki óskað eftir viðræðum um, hvort forsendur kjarasamningsins hefðu haldið, hvorki hvort verðlagsþróun hafi á samningstímanum verið frábrugðin því, sem gerðist í samkeppnislöndunum, sbr. 1. mgr. 12. gr. kjarasamningsins, né um það, hvort þeir kjarasamningar, sem stefnandi gerði síðar á árinu við aðildarfélög BHM almennt hafi falið í sér kjarabreytingar, sem séu verulega og marktækt umfram það, sem falist hafi í kjarasamningnum frá 19. apríl 1995. Stefndi hafi heldur ekki lagt fram nein gögn, áður en hann sendi uppsagnarbréfið, er varða þessi atriði.

Í bókun þeirri, sem fylgdi kjarasamningnum og stefndi vísar til í bréfi sínu frá 30. nóvember 1995, sé sérstaklega vitnað til 12. gr. kjarasamningsins, svo sem einnig sé gert í bréfi stefnda. Telur stefnandi ótvírætt, að í þessari tilvitnun felist, að samningsaðili sem ætlar að nota mögulega heimild til uppsagnar kjarasamningsins hafi borið að óska eftir fundi samningsaðila til að meta, hvort forsendur samningsins hafi haldið. Þetta hafi stefndi ekki gert og telur stefnandi að þegar af þeirri ástæðu sé uppsögnin ógild.

Að því er varðar form uppsagnar bendir stefnandi á, að ríkissáttasemjara muni ekki hafa verið send tilkynning um uppsögnina svo sem skylt sé að gera, samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 33/1978.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi telur mál þetta varða túlkun á 12. gr. kjarasamnings þess, sem í gildi sé milli aðila málsins og bókun sem samningnum fylgdi, eins og rakið sé í stefnu.

Stefndu telja að verklag þeirra við uppsögn kjarasamningsins hafi í einu og öllu verið rétt, enda til staðar þær forsendur sem gert sé ráð fyrir í samningnum, þ.e. að það hafi verið orðinn verulegur og marktækur munur á kjörum lausráðinna sjúkrahúslækna og aðildarfélaga BHMR.

Stefndi telur sér í lófa lagið að sýna fram á þennan mun, en með því að málsókn stefnanda sé einungis byggð á formsatriðinu, hvort haldinn hafi verið fundur með aðilum til að ákveða hvort forsendur samningsins hafi haldið muni þeir einungis beina málsvörn sinni að því atriði. Sé einnig til þess að líta, að með bókuninni sem fylgdi samningnum hafi viðmiðun hans í rauninni breyst úr tiltölulega óskýrri hugleiðingu um verðlagsþróun, sem aldrei verði metin nema eftir pólitískum mælikvarða, í það að vera viðmiðun við haldbæran og nærtækan mælikvarða hér heima fyrir.

Að því er fundarhöldin varðar séu ákvæðin um þau mjög óljós og hlutverki funda ekki markaður neinn tilgangur eins og gert sé í samningum verkalýðshreyfingarnar og vinnuveitenda. Þar sé fundum aðilanna markaður rammi, sem fara verði eftir og leiði til afgerandi niðurstöðu. Ekki séu í samningi aðilanna nein ákvæði eða hugleiðing um það hvaða atriði eigi að leiða til þess að fundur sé boðaður, eða hver eigi að boða hann. Þá sé fundarhöldum þessum ekki markaður neinn tími öðru vísi, en að fundur skuli haldinn á samningstímabilinu, en það hafi einmitt verið gert. Tveir fundir hafi verið haldnir að frumkvæði stefnda, sá fyrri hinn 7. desember sl. kl. 16:00 og sá síðari 12. desember sl. kl. 8:00. Á fyrri fundinum hafi stefndi lagt fram tillögu til lausnar á deilu aðilanna, sem hafi verið hafnað. Þótt fundir þessir hafi verið haldnir eftir uppsögn hafi þeir eigi að síður verið á samningstímabilinu, eins og greinin kveði á um.

Þetta leiði til þess að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda eins og þeim sé markaður bás í stefnu.

Að því er varðar það atriði að ríkissáttasemjara hafi ekki verið send tilkynning um uppsögnina, sé það rangt. Ríkissáttasemjari hafi fengið tilkynningu um uppsögnina í hendur hinn 4. desember s.l., snemma morguns annan virkan dag eftir uppsögnina.

Niðurstaða.

Með 1. gr. kjarasamnings aðila frá 19. apríl 1995 var gildandi kjarasamningur framlengdur til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningnum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. kjarasamningsins er forsenda hans að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður. Í 2. mgr. þessarar greinar kjarasamningsins er tekið fram að á samningstímabilinu muni fulltrúar aðila koma saman og meta hvort samingsforsendur hafi haldið. Hafi veruleg og marktæk frávik orðið á samningsforsendum samkvæmt greininni er hvorum aðila heimilt að segja samningnum lausum með minnst mánaðar fyrirvara. Þá fylgdi með samningnum sérstök bókun svohljóðandi: „Aðilar eru sammála um að feli þeir kjarasamningar, sem fjármálaráðuneytið gerir síðar á þessu ári við aðildarfélög BHM almennt, í sér kjarabreytingar sem eru verulega og marktækt umfram það sem felst í samningi læknafélaganna, dagsettum í dag, sé það forsenda til uppsagnar á þeim samningi skv. 12. gr. hans".

Fyrir liggur að aðilar komu ekki saman til fundar áður en til uppsagnar samningsins kom 30. nóvember 1995. Líta verður svo á að aðilum hafi borið að koma saman til að leggja mat á það hvort samningsforsendur hafi haldið, áður en gripið var til uppsagnar samningsins.

Ekki er kveðið á um það í samningnum hvorum aðila hans beri að boða til slíks fundar, en telja verður eðlilegt að sá aðili sem telur forsendur brostnar hafi frumkvæði að því. Stefndi hafði ekki frumkvæði að því að óska eftir slíkum fundi með aðilum og var þetta ákvæði kjarasamningsins því ekki uppfyllt.

Þá hefur stefndi ekki gert tilraun til, í máli þessu, að sýna fram á að þau frávik hafi orðið á samningsforsendum samkvæmt 12. gr. kjarasamnings aðila frá 19. apríl 1995 og ofangreindri bókun að hann geti sagt samningnum upp.

Með vísan til þessa er krafa stefnanda tekin til greina.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 100.000.

D ó m s o r ð:

Uppsögn Læknafélags Íslands á kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjalundar og St. Franciskusspítala, Reykjavíkurborgar og St. Jósefsspítala-Landakoti er ógild.

Stefndi, Læknafélag Íslands, greiði stefnanda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjalundar og St. Franciskusspítala, kr. 100.000 í málskostnað.

Mánudaginn 15. janúar 1996.

Nr. 9/1995. **Bandalag háskólamanna BHMR f.h.**
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,
Félags íslenskra náttúrufræðinga,
Meinatæknafélags Íslands,
Röntgentæknafélags Íslands og
Stéttarfélags sjúkraþjálfara í ríkisþjónustu
(Ragnar H. Hall hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins
(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Verkfallsheimild. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Guðmundur Skaftason og Þorsteinn A. Jónsson.

Málið, sem dómtekið var 15. desember sl., var þingfest 30. mars 1995.

Hinn 7. júní 1995 varð sátt með aðilum um tiltekin atriði málsins.

Hinn 21. júní 1995 var kveðinn upp úrskurður þar sem tilteknum kröfum stefnanda var vísað frá dómi.

Stefnandi er Bandalag háskólamanna BHMR, kt. 630387-2566, Lágmúla 7, Reykjavík, f.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, kt. 570194-2409, Suðurlandsbraut 22, Reykjavík, Félags íslenskra náttúrufræðinga, kt. 530169-4139, Lágmúla 7, Reykjavík, Meinatæknafélags Íslands, kt. 481178-0299, Lágmúla 7, Reykjavík, Röngtentæknafélags Íslands, kt. 521187-1159, Borgartúni 33, Reykjavík, og Stéttarfélags sjúkraþjálfara í ríkisþjónustu, kt. 690372-0299, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda.

Að eftirtaldar breytingar á skrá, sem birt var sem auglýsing nr. 27/1992, samkvæmt 2. mgr. 19. gr. l. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem gerðar voru með nýrri skrá sem birt var með auglýsingu nr. 68/1995 í B – deild Stjórnartíðinda þann 27. janúar 1995 á grundvelli sama lagaákvæðis, verði felldar úr gildi með dómi:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:

Sjúkrahúsið Akranesi:	
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingar.
	Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.
Sæfingadeild.	Hjúkrunarfræðingar.
	Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.
Rannsóknarstofa.	Yfirmeinatæknir.
	Dagvinna (0,5).
	Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Sjúkrahúsið Patreksfirði:	
Rannsóknarstofa.	Meinatæknar.
	Gæsluvakt (1) frá 08-24.
Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi:	
Rannsóknarstofa.	Meinatæknar.
	Dagvinna (0,5).
	Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Röntgen.	Röntgentæknar.
	Dagvinna (0,5).
	Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Sjúkrahús Skagfirðinga, Sauðárkróki:	
Rannsóknarstofa.	Meinatæknar/náttúrufræðingur.
	Dagvinna (0,5).
	Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingar.
	Dagvinna (1).
	Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri:	
Sjúkraþjálfaradeild.	Sjúkraþjálfarar.
	Dagvinna (1).
	Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Meinafræðideild.	Meinatæknar.
	Dagvinna (0,5).
	Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Rannsóknardeild og blóðbanki.	Meinatæknar.
	Dagvinna (1)
	Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

Sjúkrahúsið Húsavík:	
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (1,4).
Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað:	
	Meinatæknar (0,5).
Sjúkrahúsið Egilsstöðum:	
Rannsókn (sameiginleg með heilsugæslu).	Meinatæknar. Dagvinna (0,5).
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi:	
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (1).
Rannsókn.	Meinatæknar. Dagvinna (0,5) Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum:	
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (2).
Sjúkrahús Suðurnesja:	
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (3) virka daga.
Rannsóknarstofa.	Meinatæknar. Gæsluvakt (2,8) frá 08-24.
Ríkisspítalar:	
(4. Ríkisspítalar, stoðdeildir).	
1. Endurhæfingardeild, unnið er skv. fyrirfram ákveðnu vaktakerfi.	Sjúkraþjálfarar (1). Sjúkraþjálfarar á gæsluvakt allan sólarhringinn (1).
(7. Ríkisspítalar, rannsóknarstofur).	

Rannsóknarstofa í meinafræði (RH), litn. rannsóknir og réttarlæknisfræði:

Tilgreind er mönnun á virkum dögum. Gæsluvakt á litningarannsóknum er kl. 08-16 á almennum og sérstökum frídögum. Meinatæknir og náttúrufræðingur skiptast á að ganga gæsluvaktir. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Litningarannsóknir.	Meinatæknar (1). Náttúrufræðingar (1). Meinatæknar/náttúrufræðingar á gæsluvakt (1).

Rannsóknarstofa í meinafræði (RH), vefjarannsóknir 1 og 2.
Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring og er hún alla daga eins ... Gæsluvakt er kl. 16-18 alla daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

3. Vefjarannsóknir 1.	Meinatæknar (1). Meinatæknar á gæsluvakt (1).
4. Vefjarannsóknir 2.	Meinatæknar (1).

Rannsóknarstofur í blóðmeina- og meinefnafræði:
Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring og er hún alla daga eins ... Gæsluvakt er kl. 16-08 alla daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Blóðmeina- og meinefnafræði.	Meinatæknar (4). Meinatæknar á gæsluvakt (1).

Rannsóknarstofa í meinefnafræði, ísótópastofa:
Tilgreind er mönnun á virkum dögum. ... Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

2. Ísótópastofa.	Meinatæknar á gæsluvakt (1).

Sýklarannsóknadeild:
Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring og er hún alla daga eins. ... Gæsluvakt er kl. 16-08 alla daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Sýklafræðideild.	Meinatæknar (2). Meinatæknar á gæsluvakt (1).

Ónæmisfræðideild:
Tilgreind mönnun er alla daga eins og felst í gæsluvakt allan sólarhringinn. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Ónæmisfræðideild.	Meinatæknar á gæsluvakt (1).

Veirufræðideild:
Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring. Á virkum dögum er

daglegur vinnutími á almennri deild kl. 08-16 en annar starfsmaðurinn vinnur áfram til kl. 20. Á almennum og sérstökum frídögum er daglegur vinnutími kl. 09-17. Gæsluvakt vegna áhætturannsókna er kl. 08-24 virka daga en allan sólarhringinn aðra daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Almenn deild.	Meinatæknar (1). Náttúrufræðingar (1).
2. Áhætturannsóknir.	Náttúrufræðingar á gæsluvakt (1).

Blóðbankinn:

Tilgreind er mönnun á virkum dögum. Gæsluvakt á blóðónæmisdeild er kl. 16-08 virka daga og allan sólarhringinn aðra dag. ... Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Blóðónæmisdeild.	Náttúrufræðingar (4). Náttúrufræðingar á gæsluvakt (2).

Röntgendeild:

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring. Gæsluvakt er 16-08 virka daga og allan sólarhringinn aðra daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Röntgen, virka daga.	Röntgentæknar (4). Röntgentæknar á gæsluvakt (1).
2. Röntgen, aðra daga.	Röntgentæknar á gæsluvakt (2).

St. Jósefsspítali, Hafnarfirði:

Skurðstofur og sótthreinsun:	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (1).
Svæfingadeild:	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (1).
Speglunardeild:	Hjúkrunarfræðingar. Dagvinna (0,5).
Rannsókn:	Yfirmeinatæknir. Dagvinna (0,5). Gæsluvakt utan dagvinnu.

Þá er gerð krafa um málskostnað að mati Félagsdóms, en áskilinn

er réttur til að leggja fram málskostnaðarreikning við aðalmeðferð málsins.

Endanlegar dómkröfur stefnda:

Aðallega að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Til vara er þess krafist að Félagsdómur kveði á um breytingar á þeim liðum í auglýstri skrá nr. 68/1995, sem dómkröfur stefnanda varða, í samræmi við mat réttarins á mönnunarþörf samkvæmt ákvæðum 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Í öllum tilvikum er gerð sú krafa að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Um formhlið málsins.

Bandalag háskólamanna-BHMR kveðst vera bandalag stéttarfélaga háskólamenntaðra launamanna og að innan raða þess séu einkum opinberir starfsmenn eða starfsmenn, sem falla undir lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Meðal hlutverka bandalagsins sé að efla aðildarfélög sín og veita þeim þann styrk sem unnt er hverju sinni.

Meðal aðildarfélaga bandalagsins séu þau fimm stéttarfélög, sem höfði mál þetta. Sé sá háttur, sem sé viðhafður í máli þessu, þ.e. að veita Bandalagi háskólamanna – BHMR umboð til að koma fram fyrir hönd félaganna fimm í málinu, til mikils réttarfarshagræðis og eigi sér t.d. fordæmi í dómi Félagsdóms frá 1. júní 1992 (bls. 485 og áfram í dómasafni Félagsdóms IX. bindi). Séu málsaðiljar sammála um að viðhafa þessa aðferð, enda breyti hún ekki því, að stéttarfélögin fimm teljist stefnendur málsins, sbr. 4. mgr. 27. gr. l. 94/1986.

Stefnendur segja mál þetta eiga undir Félagsdóm á grundvelli 2. mgr. 19. gr. l. 94/1986 in fine.

Stefnendur telja að stefndi fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins eigi einn að vera aðili til varnar í máli þessu. Ástæðan sé bæði sú, að skv. 1. mgr. 3. gr. l. 94/1986 fari fjármálaráðherra með fyrirsvar fyrir ríkissjóð við gerð og framkvæmd kjarasamninga samkvæmt lögunum og jafnframt fari þessi ráðherra með launamál starfsmanna ríkisins og málefni, sem varða réttindi ríkisstarfsmanna og skyldur, sbr. 8. og 9. tl. I. hluta 5. gr. auglýsingar nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands. Sé því eðlilegt að beina málshöfðun gegn fjármálaráðherra einum, enda samrýmist það 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Um efnishlið málsins.

Stefnendur kveða háskólamenntaða starfsmenn ríkisins, sveitarfélaga og ýmissa stofnana, sem uppfyllt hafa tiltekin skilyrði, hafa fengið rétt til þess að fylgja kjarakröfum sínum fram með verkfalli með lögum nr. 94/1986. Nauðsynlegt hafi verið talið að undanskilja ýmsa starfsmenn rétti til þess að taka þátt í verkfalli. Sú grundvallarregla laganna, sem að þessu lúti, og hér skiptir sérstöku máli, sé í 3. tl. 1. mgr. 19. gr., sbr. og upphafsákvæði greinarinnar en þar segi:

„Heimild til verkfalls skv. 14. gr. nær eigi til eftirtalinna starfsmanna:

... 3. Þeirra, sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu".

Stefnendur benda á, að hér sé um undantekningarreglu að ræða, sem feli í sér frávik frá þeirri almennu reglu 14. gr. laganna, að þeim sem undir lögin falli sé heimilt að taka þátt í verkfalli. Þetta sjáist berlega af því að í hinu tilvitnaða ákvæði sé notað hástig lýsingarorðsins „nauðsynlegur", þ.e. notað sé orðið „nauðsynlegustu". Félagsdómur hafi margsinnis í úrlausnum sínum fallist á þetta viðhorf, m.a. í þeim dómi, sem vísað er til hér að framan.

Stefnendur segja að lög 94/1986 séu byggð upp með þeim hætti, að fyrirfram eigi að vera ljóst, hverjir eigi að vera að störfum, eða vera tilbúnir til þess að starfa. Því hafi 2. mgr. 19. gr. laganna að geyma fyrirmæli um að gerðir séu listar eða skrár m.a. um þá, sem falla undir ákvæði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna og þurfi að starfa svo fyrirmælum um að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu sé sinnt. Stefnendur segja að í lögunum sé ekki að finna fyrirmæli um það, hvernig slíkar skrár eða listar eigi að vera, en hins vegar sé að finna umfjöllun um það í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi til laganna, þegar það var lagt fram á Alþingi. Stefnendur telja að leggja beri áherslu á, að frumvarpinu fylgdi skrá, sem átti að vera sýnishorn og gerð var með samkomulagi fulltrúa vinnuveitenda og stéttarfélaga þeirra, sem hagsmuna höfðu að gæta og því hljóti að þurfa að líta til hennar, a.m.k. með aðferðina við tilgreiningu samkvæmt skránni.

Stefnendur segja að oft hafi risið ágreiningur við stefnda um það hvernig haga skuli tilgreiningu á skránni, og telja að þeirrar tilhneigingar hafi gætt hjá stefnda að hafa tilgreiningar þannig, að það sé langt umfram það sem þurfi til að sinnt sé nauðsynlegustu heil-

brigðisþjónustu. Dæmi séu þess, að tilgreind hafi verið störf, sem ekki væru til. Stefnendur telja að stefndi líti oft framhjá þeirri staðreynd, að meginatriði laganna sé réttur til verkfalls, en takmörkunin á þessum rétti sé undantekningin. Verkefnið sé því að tryggja að meginreglan geti gengið eftir, en ekki það, að öruggt sé að undantekningin sé tryggð. Þess vegna hafi oft, samkvæmt sérstakri heimild í 2. mgr. 19. gr. l. 94/1986, þurft að bera undir Félagsdóm ágreining um breytingar á áður gildandi skrám.

Stefnendur kveða það einkum ráðast af tveimur atriðum, hvernig til takist um tilgreiningu á þeim, sem þurfi að vera í starfi til að nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu sé sinnt.

Annars vegar þurfi að vera viðmiðun um efnislega takmörkun á þeim verkefnum, sem unnin eru, þ.e. þau þurfi að takmarkast við það sem telst þurfa til að nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu sé sinnt. Slík tilgreining sé nauðsynleg til þess að starfsemi sé takmörkuð við nauðsynlegustu þjónustu.

Hins vegar þurfi helst, þó það sé ekki nauðsynlegt, ef fyrra atriðið feli í sér fullnægjandi afmörkun, að tilgreina fjölda þeirra, sem eiga að vera undanþegnir rétti til þátttöku í verkfalli.

Stefnendur segja að komin hafi verið á nokkuð skýr regla, hvernig best væri að hátta slíkri tilhögun, einkum á sjúkrahúsum, þar sem flest þau álitaefni, sem mál þetta tekur til, hafi risið. Stefnendur kveða tilgreiningu, sem byggist á því að starfsemi skuli vera með „stórhátíðarfyrirkomulagi“, hafa tíðkast allt frá því að sýnishornið, sem samkomulag varð um að fylgja skyldi frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 94/1986, hafi gefist best og verið langskýrust, einkum þar sem með henni hafi verið sameinaðar þær tvær meginleiðir um tilgreiningu, sem getið er um hér að framan. „Stórhátíðarfyrirkomulag“ sé eðlilega breytilegt eftir deildum, en meginkosturinn sé sá, að einungis þeirri þjónustu, sem sinnt er á stórhátíðum sé þá sinnt í verkfalli og falli það saman við það, sem telja má „nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu“. Auk þess sé á hverjum vinnustað (deild) hverjum og einum ljóst, hvaða mönnun felst í stórhátíðarfyrirkomulagi og sé starfsmönnum ljóst með löngum fyrirvara, hver á að vinna á stórhátíð, eða þegar stórhátíðarfyrirkomulag tekur gildi. Stefnendur fullyrða að ekki hafi komið upp vandamál í verkföllum þeirra, um það hverjir eigi að starfa og almennt ekki hvaða verkefnum á að sinna þegar „stórhátíðarfyrirkomulag“ er við líði. Stefn-

endur taka einnig fram, að í slíkri tilgreiningu felist einnig sveigjanleiki að því leyti að breytilegt sé eftir tímanum, hvernig þurfi að manna starfsemi á stórhátíðum. Þannig leiði ný tækni oft til þess að færri geti sinnt tiltekinni starfsemi en áður var, en auk þess kalli ný læknisverk sem byrjað er að framkvæma oft á að auka þurfi mönnun samkvæmt þessu fyrirkomulagi. Með tilgreiningu um starfsemi samkvæmt stórhátíðarfyrirkomulagi felist því viss sveigjanleiki, sem önnur skipan geti ekki falið í sér. Þess vegna hafi slík tilgreining færst mjög í aukana og í auglýsingu nr. 27/1992 um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. l. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafi slík tilgreining verið mjög víða á sjúkrastofnunum.

Stefnendur benda jafnframt á, að í 20. og 21. gr. laga 94/1986 sé regla, sem feli í sér þann öryggisventil, að hægt sé með samþykki beggja aðilja, að kalla fólk sem sé í verkfalli tímabundið til starfa til þess að afstýra neyðarástandi.

Með auglýsingu um sama efni nr. 68/1995, sem birt hafi verið í Stjórnartíðindum þann 27. janúar 1995, hafi stefndi söðlað um og horfið í mjög ríkum mæli frá því að tilgreining skuli vera með þeim hætti að starfsemi skuli vera með „stórhátíðarfyrirkomulagi". Hafi skrá sú sem þá var birt almennt falið í sér miklu meiri mönnun starfsemi, en þörf er á til að sinna „nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu". Auk þess hafi stefndi í mjög mörgum tilvikum auglýst að starfsemi skuli vera með þeim hætti að staðnar skuli „gæsluvaktir".

Stefnendur kveða slíka skipan ekki í samræmi við lögin, þar sem ekki séu neinar efnislegar takmarkanir á því hvort og þá af hvaða tilefni megi kalla þann til starfa, sem er á gæsluvakt. Þess vegna varði sú tilgreining einungis fjölda, en feli ekki í sér neina efnislega afmörkun þeirra starfa/verkefna sem sinna má í verkfalli. Stefnendur geta ekki fallist á slíka tilgreiningu og telja hana ekki í samræmi við fyrirmæli laganna, enda samrýmist það t.d. ekki þeirri skrá, sem birt var sem fylgiskjal með lagafrumvarpi því, sem áður hefur verið getið. Þá kveða stefnendur að stefndu hafi ekki með nokkrum hætti sýnt fram á, að þörf sé slíkra breytingar á tilgreiningum. Stefnendur kveðast hafa mótmælt breytingum þessum en til mótmæla þeirra hafi ekki verið litið, a.m.k. ekki í þeim mæli, sem fullnægjandi sé að mati félaganna. Benda stefnendur á að þeir hafi ekki einu sinni átt þess kost að sjá lokagerð skrárinnar áður en hún var send til birtingar.

Af framangreindum ástæðum neyti þeir heimildar 2. mgr. 19. gr. l. 94/1986 og beri ágreining um breytingarnar undir Félagsdóm.

Kröfur stefnenda í máli þessu eru að fá þeim breytingum hnekkt, sem tilgreindar eru í kröfugerð málsins.

Kröfum sínum til stuðnings byggja stefnendur að eigin sögn á þeim almennu málsástæðum, sem tilgreindar eru hér að ofan, en einnig á sérstökum málsástæðum, sem varða hvern einstakan kröfulið og raktar eru hér að neðan.

Fyrst vilja þó stefnendur taka fram, að stefndi hafi við undirbúning þeirra stjórnvaldsfyrirmæla, sem út eru gefin í hinni tilvitnuðu skrá, farið svo á svig við fyrirmæli stjórnsýslulaga nr. 37/1993, að breytingarnar geti ekki af þeirri ástæðu náð fram að ganga. Í því efni benda stefnendur á, að starfsmannaskrifstofa stefnda hafi fyrst með bréfi til sjúkrahúsa sem dagsett var miðvikudaginn 11. janúar 1995 óskað eftir tilgreiningum á lista og breytingum. Viðkomandi sjúkrahús hafi átt að skila svörum fyrir mánudaginn 16. sama mánaðar. Strax þann 17. janúar voru stéttarfélögum, að sögn stefnenda, sendar upplýsingar um þær breytingar sem gerð hafi verið tillaga um. Stéttarfélögunum bárust bréf þessi miðvikudaginn 18. janúar 1995 og áttu að skila athugasemdum sínum fyrir lok 25. sama mánaðar, enda eru fyrirmæli í lögunum um að viðkomandi skrá eigi að birta fyrir 1. febrúar ár hvert.

Stefnendur telja, að í ljósi fyrirmæla 10. gr. stjórnsýslulaga, hafi stefnda borið að leggja faglegt mat á þær tillögur að breytingum, sem hinar einstöku stofnanir gerðu, enda beri þær oft með sér að ekki sé fyrir hendi skilningur á því, hvað telja beri nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Engin slík athugun hafi farið fram á vegum stefnda. Beri skráin, sem auglýst var sem nr. 68/1995, með sér að hún sé illa undirbúin og í henni sé innbyrðis ósamræmi í tilgreiningum.

Þá telja stefnendur, að réttur þeirra til andmæla eða samráðs, sem fyrirmæli eru um í 2. mgr. 19. gr. l. 94/1986, hafi ekki verið virtur réttilega. Telja stefnendur, að sú staðreynd, að einungis var veittur viku frestur til samráðsins og andmæla af þeirra hálfu sé fjarri því að vera nægilegur, enda hafi stefnda verið í lófa lagið að hefja undirbúning að gerð listans miklu mun fyrr en hann gerði.

Framangreindir ágallar við undirbúning og meðferð að birtingu skrárinnar, sem birt var með auglýsingum nr. 68/1995, eigi að leiða

sjálfstætt til þess að þær breytingar á eldri skrá, sem hún felur í sér og krafa er gerð um að falli brott, eigi að falla brott.

Stefnendur benda á, að röksemdir vegna einstakra kröfuliða séu í flestum tilvikum ekki lögfræðilegs eðlis. Þeir telja því rétt að vekja athygli á 62. gr. laga 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeildur, þar sem segir efnislega að Félagsdómur geti hvenær sem er leitað álits sérfróðra manna um ákveðin atriði. Með þessu ákvæði telja stefnendur tryggt að Félagsdómur geti leitað sérfræðilegs álits á þeim atriðum sem þörf er á við mat á réttmæti kröfugerðar aðila í máli þessu.

Að því er varðar einstaka kröfuliði er eftirfarandi tekið fram.

Sjúkrahúsið á Akranesi.

Stefnendur vilja fella niður tilgreiningar, sem fela það í sér að gæsluvakt skuli vera á allan sólarhringinn. Stefnendur telja að í því felist mikil aukning á störfum frá því sem var samkvæmt auglýsingu 27/1992, en samkvæmt því ákvæði áttu t.d. hjúkrunarfræðingar og meinatæknar að starfa eins og á stórhátíð. Var sú tilgreining rétt að mati stefnenda og ætti að vera óbreytt. Stefnendur vekja hér sérstaka athygli á því að í tilgreiningu þeirri, sem krafist er að felld verði brott, felist engin efnisleg takmörkun á þeim verkefnum sem vinna má í verkfalli, en slík takmörkun felist eðli málsins samkvæmt í eldri tilgreiningu um að stórhátíðarfyrirkomulag skuli gilda.

Stefnendur telja einnig að tilgreining um að yfirmeinatæknir skuli starfa sé of víðtæk. Eðlilegt væri að tilgreina að meinatæknar og röntgentæknar skuli starfa eins og á stórhátíð.

Við munnlegan málfutning var því haldið fram að hálft starf geti ekki gengið. Starfsmaður geti ekki verið að hluta til í verkfalli og að hluta til í starfi.

Sjúkrahúsið Patreksfirði.

Mótmælt er hinni breyttu tilgreiningu, sem felst í auglýsingu nr. 68/1995. Rökin fyrir þeim mótmælum eru að meginstefnu til hin sömu og rakin hafa verið í fyrri lið, þ.e. hin nýja tilgreining sé miklu víðtækari en tilgreiningin samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992, sem mælti fyrir um að meinatæknar skuli starfa eins og á stórhátíð. Megi vísa til fyrri röksemda um þetta atriði.

Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi.

Sjúkrastofnun þessi sé í auglýsingu nr. 27/1992 nefnd Héraðshæli A. Húnvetninga, Blönduósi.

Breytingar þær, sem mótmælin lúta að, felast í tilgreiningu að því er varðar störf á rannsóknarstofu og röntgen. Hinni nýju tilgreiningu er mótmælt með sömu röksemdum og áður hafa komið fram, þ.e. að tilgreiningin sé of víðtæk og langt umfram það sem þörf sé á til þess að veita nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Ekkert sé getið um röntgen í auglýsingu nr. 27/1992, en tekið er fram, að meinatæknar skuli starfa eins og á stórhátíð.

Af hálfu stefnenda er því lýst yfir að þeir geti fallist á, ef stefndi er reiðubúinn til þess, að tilgreiningu verði breytt með þeim hætti að meinatæknar og röntgentæknar á rannsóknarstofu röntgen starfi eins og á stórhátíðum.

Við munnlegan málflutning var því sérstaklega mótmælt að starfsmenn væru í hálfu starfi, sbr. fyrri mótmæli þar að lútandi.

Sjúkrahús Skagfirðinga, Sauðárkróki.

Kröfugerð, að því er þetta sjúkrahús varðar, lýtur að því að felldar verði út breyttar tilgreiningar um störf á rannsóknarstofu og skurðstofu. Rökin fyrir kröfum þessum eru hin sömu og áður hafa komið fram, þ.e. að tilgreining í auglýsingu 68/1995 feli í sér mönnun og fyrirkomulag, sem sé langt umfram það sem þörf sé á til þess að fullnægt sé kröfum um að sinnt sé nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Í auglýsingu nr. 27/1992 hafi starfsemi á tilgreindum „deildum" þessa sjúkrahúss verið sú að starfsemi þar skyldi vera eins og á stórhátíðum. Telja stefnendur að sú tilgreining sé rétt og eðlileg og tryggi að markmiðum um nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu sé náð.

Þá var hálfu starfi sérstaklega mótmælt við munnlegan flutning málsins.

Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

Mótmælt er tilgreiningu um störf á sjúkraþjálfaradeild. Engin starfsemi hafi verið tilgreind á þessari deild í auglýsingu nr. 27/1992, og telja stefnendur að í raun sé engrar slíkrar tilgreiningar þörf. Stefnendur lýsa því þó yfir að þeir gætu fallist á að tilgreining yrði sú að sjúkraþjálfarar á sjúkraþjálfaradeild starfi eins og á stórhátíð.

Mótmælt er tilgreiningu um störf á meinafræðideild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Sé tilgreiningin of víðtæk. Í auglýsingu nr. 27/1992 sé tekið fram að meinatæknar á meinafræðideild skuli vera einn. Stefnendur taka fram að þeir teldu réttustu tilgreininguna

vera þá að á meinafræðideild skuli starfsemi vera eins og á stórhátíðum.

Jafnframt er mótmælt tilgreiningu um störf á rannsóknardeild og blóðbanka á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Vísast um það til þeirra röksemda sem áður hafa komið fram, en samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 skyldi einungis vera í gangi bakvakt á rannsóknardeild og blóðbanka. Feli því tilgreining í auglýsingu nr. 68/1995 í sér mikla aukningu frá því sem áður var. Er þeirri breytingu því mótmælt. Stefnendur taka fram að hér sem endranær væri eðlilegast að tilgreiningin yrði sú að starfsemi á rannsóknardeild og blóðbanka skuli vera eins og á stórhátíðum.

Við munnlegan málflutning var hálfu starfi sérstaklega mótmælt.

Sjúkrahúsið á Húsavík.

Mótmælt er tilgreiningu í auglýsingu nr. 68/1995 um störf á skurðstofu:

Tilgreiningin í téðri auglýsingu feli í sér mikla aukningu frá því sem áður var. Í auglýsingu nr. 27/1992 hafi verið tekið fram að starfsemi á þessari deild skyldi vera eins og á stórhátíð og telja stefnendur þá tilgreiningu vera efnislega réttasta og skýrasta. Stefnendur leggja áherslu á að mönnun sú, sem auglýsingin frá 1995 geri ráð fyrir á hinum tilgreindu deildum, sé allt of mikil miðað við fyrirmæli 19. gr. laga nr. 94/1986 í ljósi meginreglunnar um verkfallsrétt þeirra starfsmanna, sem undir lögin falli.

Við munnlegan málflutning var gæsluvakt 1,4 sérstaklega mótmælt.

Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað.

Stefnendur mótmæla tilgreiningu á störfum meinatækna á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað og telja hana allt of víðtæka miðað við þörf á að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Í auglýsingu nr. 27/1992 hafi verið fyrirmæli um að störf á rannsóknarstofu og röntgen skuli vera eins og á stórhátíð og telja stefnendur það rétta tilgreiningu og þá sem samræmist best fyrirmælum laganna.

Við munnlegan málflutning var hálfu starfi sérstaklega mótmælt.

Sjúkrahúsið Egilsstöðum.

Mótmælt er hinni nýju tilgreiningu á störfum meinatækna, sem sé allt of víðtæk miðað við fyrirmæli 19. gr. laga 94/1986. Í auglýsingu nr. 27/1992 hafi verið tiltekið að störf skyldu vera hjá meinatæknum eins og á stórhátíð og telja stefnendur það vera rétta tilgreiningu.

Við munnlegan málflutning var hálfu starfi sérstaklega mótmælt.

Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi.

Mótmælt er þeim breytingum sem felast í tilgreiningu í auglýsingu nr. 68/1995 varðandi skurðstofu og rannsókn. Tilgreiningin í auglýsingu þessari sé víðtækari en áður var og langt umfram það sem þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Sé það meira að segja svo, að sögn stefnenda, að á þessu sjúkrahúsi sé ekki viðhaft gæsluvaktafyrirkomulag í dag. Í auglýsingu nr. 27/1992 sé tekið fram að störf/starfsemi meinatækna og skurðstofu skuli vera eins og á stórhátíð. Telja stefnendur það rétta tilgreiningu.

Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum.

Mótmælt er tilgreiningu samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995 um störf/starfsemi á skurðstofu. Sé hin nýja tilgreining miklu víðtækari en þörf sé á. Í auglýsingu nr. 27/1992 sé tekið fram að störf/starfsemi skurðstofu skuli vera eins og á stórhátíð. Sú tilgreining er rétt að mati stefnenda. Stefnendur taka fram, að gæsluvaktatilgreining sú, sem viðhöfð sé í auglýsingu nr. 68/1995 varðandi þetta sjúkrahús sé víðtækari en það gæsluvaktafyrirkomulag sem notað sé í dag við venjulegar aðstæður.

Sjúkrahús Suðurnesja.

Sjúkrastofnun þessi er í auglýsingu nr. 27/1992 nefnt Sjúkrahús Keflavíkur.

Mótmælt er tilgreiningu í auglýsingu nr. 68/1995 um störf/starfsemi á skurðstofu og rannsóknarstofu enda sé tilgreiningin samkvæmt auglýsingu þessari miklu víðtækari en þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu og mun víðtækari en áður var. Samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 skyldu störf á rannsóknarstofu, skurðstofu og röntgen vera eins og á stórhátíð og telja stefnendur það rétta tilgreiningu. Benda stefnendur á í þessu sambandi, að skurðstofa á þessu sjúkrahúsi sé lokuð í þrjá mánuði á ári, þ.e. yfir sumarmánuðina, og þess vegna sé aldeilis fráleitt, að henni sé haldið opinni í verkfalli.

Ríkisspítalar.

(4. Ríkisspítalar, stoðdeildir)

Stefnendur telja að tilgreining á endurhæfingadeild sé óljós og allt of víðtæk miðað við það sem þörf er á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Stefnendur taka hér sérstaklega fram að tiltekið sé í augýsingunni að unnið skuli samkvæmt „fyrirfram

ákveðnu vaktakerfi". Stefnendur benda á að algerlega sé óljóst samkvæmt þessari tilgreiningu hvernig starfsemi verði háttað ef til verkfalls kemur. Ekkert liggi fyrir um það hver eða hvernig eigi að haga ákvörðunum um hvernig hið „fyrirfram ákveðna vaktakerfi" á að vera. Telja stefnendur það óþolandi óvissu og að slíkt samræmist engan veginn fyrirmælum 19. gr. laga 94/1986. Jafnframt telja stefnendur að tilgreining um að sjúkraþjálfarar (1) skuli starfa allan daginn og að einn sjúkraþjálfari skuli vera á gæsluvakt allan sólarhringinn sé allt of víðtæk miðað við það sem þörf er á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Stefnendur vilja vekja athygli á að samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 hafi verið tekið fram að endurhæfingardeild skuli starfa eins og á stórhátíð. Þeir telja að sú tilgreining sé réttust, enda felur hún í sér bæði efnislegar takmarkanir á því hvaða verkefni megi vinna í verkfalli, auk þess sem hún feli í sér fyrirfram skýrt ákveðna mönnun, sem öllum hlutaðeigandi sé ljós. Stefnendur lýsa því þó yfir, að þeir gætu fallist á, að tilgreining yrði sú, að sjúkraþjálfarar (1) starfi í dagvinnu á Kópavogshæli, en í því fælist viðbót við tilgreiningu samkvæmt fyrri skrá, þ.e. nr. 27/1992.

(7. Ríkisspítalar, rannsóknarstofur).

Þess er krafist að tilgreining á störfum á Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í meinafræði verði felld út úr auglýsingu. Eru rökin fyrir því hin sömu og áður hafa verið tilgreind, þ.e. að tilgreiningin sé miklu víðtækari en þörf er á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu, auk þess sem tilgreining um að unnið verði „samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktakerfi" sé allt of víðtæk og samræmist ekki 2. mgr. 19. gr. laga 94/1986, enda algjörlega lagt í vald annars aðilans að ákveða hvernig vaktkerfinu skuli háttað og hverjir skuli fá að starfa. Þá felist engin efnisleg takmörkun í tilgreiningu á gæsluvakt.

Um tilgreiningu á störfum við litningarannsóknir telja stefnendur að hún sé allt of víðtæk. Í auglýsingu 27/1992 sé gert ráð fyrir að störf meinatækna/náttúrufræðinga (1) við litningarannsóknir sé eins og á stórhátíðarvakt. Eru stefnendur sammála þeirri tilgreiningu og telja hana rétta. Tilgreiningin í auglýsingunni nr. 68/1995 sé því allt of viðtæk og feli í sér aukningu frá fyrri auglýsingu. Tilgreiningin sé langt umfram það sem þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu.

Krafist er af hálfu stefnenda að felld verði brott tilgreining, að því

leyti sem fram kemur í kröfugerð, um störf á rannsóknarstofu í meinafræði (RH.) vefjarannsóknir 1 og 2. Megi um þá kröfugerð segja hið sama og um síðast greindan kröfulið. Taki mótmæli þessi til tilgreininga á störfum meinatækna á vefjarannsóknum 1 og 2, sem samkvæmt tilgreiningu í auglýsingu nr. 68/1995 sé allt of víðtæk. Í auglýsingu nr. 27/1992 skyldu meinatæknar (2) starfa eins og á stórhátíðarvakt og telja stefnendur að það sé efnislega rétt tilgreining, sem sé auk þess miklu skýrari en sú sem lagt er til í hinni nýju auglýsingu.

Þá er mótmælt tilgreiningu í auglýsingunni um störf á rannsóknarstofu í blóðmeina- og meinafræði að því leyti sem fram kemur í kröfugerð. Megi um rök fyrir þessu segja hið sama og að framan greinir, en samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 skyldu störf á rannsóknardeild I – II á LSP, eins og tilgreiningin var þá, vera eins og á stórhátíðarvakt. Telja stefnendur þá tilgreiningu rétta.

Gerð er krafa um að tilgreining um störf á rannsóknarstofu í meinafræði, ísótópastofu, verði felld úr gildi að því leyti sem fram kemur í kröfugerð. Megi um röksemdir vísa til þess sem áður segir í síðustu kröfuliðum. Samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 skyldu störf á ísótópastofu vera eins og á stórhátíðarvakt og telja stefnendur það bestu og réttustu tilgreiningu.

Gerð er krafa um að felld verði niður tilgreining um störf á sýklarannsóknardeild. Eru rökin fyrir því hin sömu og tilgreind hafa verið hér að framan. Samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 skyldu störf á sýklarannsóknardeild vera eins og á stórhátíðarvakt og telst það að mati stefnenda rétt tilgreining.

Hið sama á við að því er varðar mótmæli við tilgreiningu starfa á ónæmisfræðideild og megi vísa til sömu röksemda og jafnframt til þess að í auglýsingu 27/1992 skyldi starfsemi þar vera eins og stórhátíðarvakt, en það telja stefnendur eins og fyrr vera hina réttu tilgreiningu.

Þá er mótmælt tilgreiningu um störf á veirufræðideild bæði almennri deild og áhætturannsóknum. Um röksemdir fyrir þessu vísast til þess sem áður segir, auk þess sem bent er á að tilgreiningin feli í sér mikla aukningu frá fyrri auglýsingu. Samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 skyldu störf við veirufræðirannsóknir vera eins og á stórhátíðarvakt og hafi verið tiltekið að meinatæknir/náttúrufræðingur

(1) skyldi vera að störfum. Hafi engin rök verið færð fyrir hinni auknu tilgreiningu í auglýsingu nr. 68/1995.

Mótmælt er tilgreiningu um störf í blóðbanka með sömu rökum og áður hafa komið fram, en í auglýsingunni nr. 68/1995 sé að finna aukningu frá því sem er í auglýsingu nr. 27/1992, þar sem einungis hafi verið tilgreindir náttúrufræðingar (2) sem starfa skyldu eins og á stórhátíðarvakt og einn á umframvakt til eyðniprófa. Stefnendur vilja taka fram að það sé ekki rétt, þegar fullyrt er af hálfu stefnda, að breyting á vægi starfa Landspítalans í Reykjavík vegna tilflutnings á störfum frá Landakotsspítala skipti hér einhverju máli. Vilja stefnendur benda á í því sambandi að blóðbankinn hafi þjónað öllu landinu nema Akureyri og nærsveitum. Þess vegna skipti tilfærsla á störfum milli einstakra sjúkrahúsa á Stór-Reykjavíkursvæðinu engu máli.

Mótmælt er störfum á röntgendeild eins og þau eru tilgreind í auglýsingu nr. 68/1995. Um rök fyrir því er vísað til þess sem áður segir. Samkvæmt auglýsingu 27/1992 skyldu vera starfandi 4 röntgentæknar á röntgendeild. Telja stefnendur að hin rétta tilgreining ætti að vera sú að um störf á röntgendeild ríkisspítala í verkfalli skuli farið að eins og á stórhátíðum. Ljóst sé að mati stefnenda að tilgreining sú sem felst í auglýsingu 68/1995 feli í sér mikla aukningu frá því sem er samkvæmt fyrri auglýsingu og hafi sú aukning ekki verið rökstudd eða réttlætt og er þess vegna gerð krafa um að tilgreiningin í auglýsingunni verði felld úr gildi, eins og kröfugerðin er sett fram.

St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.

Af hálfu stefnenda er mótmælt tilgreiningu í auglýsingu nr. 68/1995 á St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, varðandi eftirtaldar deildir:

Skurðstofur og sótthreinsun, svæfingadeild, speglunardeild og rannsókn. Tilgreiningar varðandi þessar deildir í auglýsingu nr. 68/1995 séu allt of víðtækar og langt umfram það sem þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Felst líka í þeim engin efnisleg takmörkun. Í auglýsingu nr. 27/1992 sé tekið fram að um störf á þessum deildum skuli fara eins og á stórhátíð og telja stefnendur það, sem fyrr, vera hina réttu tilgreiningu.

Við munnlegan málflutning var hálfu starfi sérstaklega mótmælt.

Tilvísun stefnanda til helstu réttarheimilda:

Stefnendur kveðast einkum byggja málatilbúnað sinn á 19. gr.

laga 94/1986, sbr. 14. gr. sömu laga, eins og ákvæði þessi hafa verið skilin í dómaframkvæmd og er einkum vísað til dóma Félagsdóms frá árinu 1992, og reyndar annarra dóma.

Um málskostnaðarkröfuna er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að þegar krafist er brottfellingar af skrá þá felist í kröfugerðinni að tilgreining á síðustu skrá á undan skrá skv. auglýsingu nr. 68/1995 skuli gilda.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að þeirrar tilhneigingar hafi gætt hjá stefnda að gera skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 þannig úr garði að hafa tilgreiningar þannig að þær séu langt umfram það sem þarf til að nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu sé sinnt. Þau störf sem undanþága samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. eigi að ná til byggi á mati stjórnenda einstakra heilbrigðisstofnana um það hver sé nauðsynlegasta heilbrigðisþjónusta og hafi verið til breytinganna stofnað eftir óskum þeirra stjórnenda. Lögboðið samráð við aðildarfélög stefnanda hafi hins vegar í allmörgum tilvikum leitt til þess að stefndi hafi komið til móts við sjónarmið félaganna. Vísast hér frekar til umfjöllunar og gagna varðandi einstaka kröfuliði stefnanda.

Því er eindregið mótmælt að 19. gr. laganna geri ráð fyrir „viðmiðun um efnislega takmörkun á þeim verkefnum, sem unnin eru", svo sem stefnandi byggi á. Nefnt ákvæði hafi verið skýrt þannig að í skrá um undanþágur skuli tilgreind þau störf, sem vinna eigi í verkfalli, þ.e. að fram komi hvaða starfsmenn eigi að vinna í verkfalli. Komi það meðal annars heim og saman við þann skilning stefnanda að lög nr. 94/1986 séu byggð upp með þeim hætti, að fyrirfram eigi að vera ljóst, hverjir eigi að vera að störfum eða vera tilbúnir til þess að starfa. Hafi stefndi gengið eins langt og unnt sé í því að tilgreina störfin þannig að ekki fari á milli mála hvaða störf séu undanþegin verkfallsheimild, t.d. með því að tilgreina fjölda einstakra starfsmanna eða stöðugildi þegar það á við. Hafi einnig verið gengið langt í því að tilgreina nákvæmlega vinnutíma eða vaktir þegar vafi kynni að skapast ella. Af hálfu stefnda hafi það verið gert að höfðu nánu samráði við stefnanda.

Stefnandi byggi stærstan hluta krafna sinna á því að réttast og

eðlilegast sé að unnið sé samkvæmt „stórhátíðarfyrirkomulagi“ og að það hafi tíðkast allt frá þeim tíma er sýnishorn af skrá birtist sem fylgiskjal með frumvarpi að lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þessu er mótmælt af hálfu stefnda, en tekið fram að jafnframt hafi tíðkast að tilgreina bakvaktir. Telur stefndi fylgiskjal löggjafans með téðu frumvarpi ekki fela í sér almenna lagaskyldu um að undanþágur skuli einungis miðaðar við stórhátíðarfyrirkomulag.

Í allmörgum tilgreiningum, sem svo eru nefndar í þessu máli, hafi verið gerð sú breyting að í staðinn fyrir að unnið skuli samkvæmt stórhátíðarfyrirkomulagi, sé mælt fyrir um að viðkomandi starfsmenn vinni á gæsluvakt. Almennt sé slík breyting fallin til þess að draga úr starfsemi, þvert á það sem stefnandi haldi fram. Í öðrum tilvikum sé um sams konar vinnutilhögun að ræða og vísast um það til umfjöllunar um einstakar stofnanir.

Sérstök rök liggi að því að miðað skuli við gæsluvaktir en ekki stórhátíðarfyrirkomulag í ljósi fenginnar reynslu. Á stórhátíðum sé unnt að sjá fyrir hvaða verkefnum megi fresta fram yfir stórhátíð, enda vitað fyrirfram að stórhátíð vari ekki lengur en í fimm daga. Slíku skipulagi sé ekki unnt að koma á þegar verkfall er komið til framkvæmda, þar sem ekki sé vitað hve lengi það varir. Séu því augljós rök sem leiði til þess að í verkfalli geti skapast hættuástand ef stjórn heilbrigðisstofnunar hafi ekki önnur úrræði en að halda uppi starfsemi á stórhátíðarfyrirkomulagi, meðan óvissa ríki um það hve lengi verkfall kunni að vara. Sé það fyrirkomulag sem felst í þessari breytingu með auglýsingu nr. 68/1995 betur til þess fallið að tilgreiningar verði nákvæmari og auk þess í meira samræmi við efni og tilgang 19. gr. laga nr. 94/1986. Ekki sé unnt að leggja til grundvallar mat stefnanda á því hvort og að hve miklu leyti komið hafi upp vandamál í verkföllum þegar stórhátíðarfyrirkomulag er við lýði. Sé það í ósamræmi við 19. gr. laganna að hafa „sveigjanleika“ í því hvernig manna skuli heilbrigðisstofnanir í verkföllum. Stefndi hafi kappkostað að gera skrána þannig úr garði að ekki sé uppi vafi um það í verkfalli hvernig manna skuli heilbrigðisstofnanir þannig að nauðsynlegustu þjónustu sé sinnt. Hafi það verið í samræmi við úrlausnir Félagsdóms, að því marki sem mögulegt sé að skipuleggja fyrirfram jafn stórar stofnanir og þar sem breytingar á starfsmönnum og skipulagi séu tíðar. Sá sveigjanleiki sem þó sé nauðsynlegur

hafi löggjafinn sérstaklega tryggt með 20. gr. laganna, til að afstýrt verði neyðarástandi, nægi heimildir 19. gr. ekki til. Ekki sé þó deilt um efnissvið þess ákvæðis í málinu. Þannig er því mótmælt að stórhátíðarfyrirkomulag geti falið í sér sveigjanleika til að haldið verði uppi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu í skilningi 3. tl. 1. mgr. 19. gr. Breytingar þær sem aðallega er deilt um hafi því almennt ekki haft í för með sér meiri mönnun en þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu heldur hafi verið um óbreyttan fjölda starfsmanna að ræða, en vinnufyrirkomulagi breytt í því skyni að skráin yrði nákvæmari og betur til þess fallin að tryggja markmið 3. tl. 1. mgr. 19. gr. Í sumum tilvika hafi verið fjölgað undanþágum og vísast þar til málsástæðna stefnda varðandi einstaka kröfuliði.

Stefndi tekur einnig fram að í þeim skrám, sem gilt hafi áður, hafi verið getið um bakvaktir, sem séu hliðstæðar svokölluðum gæsluvöktum, án athugasemda af hálfu stefnanda.

Stefnandi byggi á því að stefnda hafi ekki tekist að sanna þörf þeirra breytinga sem felast í því að falla frá stórhátíðarfyrirkomulagi í tilgreiningum á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna. Stefndi telur eins og framan er rakið einsýnt að lög nr. 94/1986 mæli ekki fyrir um stórhátíðarfyrirkomulag til að tryggja skuli nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu og mótmælir því þess vegna að breytingin sé að þessu leyti ósamrýmanleg lögunum. Ennfremur byggir stefndi á því að skrá um undanþágur samkvæmt 19. gr. feli í sér stjórnvaldsfyrirmæli, en ekki áskilnað um öfuga sönnunarbyrði eins og stefnandi virðist reisa mál sitt á. Það sé alfarið rangt og órökstutt að ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða aðildarfélaga stefnanda áður en skráin var birt. Allar breytingar sem gerðar voru á skránni hafi verið að ósk einstakra stofnana og að höfðu samráði við þau félög, svo sem lög gera ráð fyrir og auk þess hafi verið komið til móts við sjónarmið þeirra í fjölmörgum atriðum sem þó hafi verið höfðað mál um. Sé samkomulag við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga eitt dæmi þess.

Stefnandi byggi á því að við undirbúning að gerð skrárinnar hafi verið farið á svig við fyrirmæli stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og að breytingarnar geti þegar af þeirri ástæðu ekki náð fram að ganga. Þessu er alfarið vísað á bug af hálfu stefnda.

Í fyrsta lagi hafi ákvæðum 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um málsmeðferð verið fylgt í alla staði og innan tilskilinna tímamarka. Sé

þar um að ræða sérákvæði, sem feli í sér strangari málsmeðferð, en almennt leiði af reglum stjórnsýslulaga, sbr. 1. ml. 2. mgr. 2. gr. þeirra. Hafi gerð skrárinnar verið vel undirbúin og að höfðu nánu samráði við aðildarfélög stefnanda, svo sem gögn málsins vitni um. Í öðru lagi byggir stefndi á því að túlkun stjórnsýslulaga heyri ekki undir lögsögu Félagsdóms, sbr. 2. mgr. 19. gr i.f. og 5. tl. 26. gr. sömu laga.

Stefnandi byggi á því að of skammur frestur hafi verið veittur af hálfu stefnda til samráðs. Stefndi telur að stefnandi hafi fengið hæfilegan frest til að tjá sig um þær breytingar sem fólust í auglýsingu nr. 68/1995 og um er deilt í málinu og hvergi sjáist þess merki að félög hafi glatað þeim rétti sínum sökum tímaskorts. Félögin hafi auk þess átt þess kost að koma á framfæri athugasemdum eftir birtingu skrárinnar og reka mál þetta innan tilskilins frests. Aðildarfélögum stefnanda sé því samkvæmt ákvæði 19. gr. laga nr. 94/1986 tryggður afar víðtækur réttur til samráðs og andmæla auk sérstaks málshöfðunarréttar. Öll sú lögboðna málsmeðferð hafi verið viðhöfð og telur stefndi að þótt talið yrði að viku frestur til samráðs hafi verið of skammur sé óraunhæft að ætla slíkt lítilsháttar frávik leiða sjálfstætt til þess að umþrættar breytingar yrðu metnar ógildar.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda að málatilbúnaður stefnanda hafi verið of yfirgripsmikill. Stefnandi hafi farið út fyrir málflutningsumboð sitt og höfðað mál um atriði sem sátt var um.

Jafnframt var kröfum stefnanda varðandi hálft starf mótmælt sem of seint fram komnum.

Um einstaka kröfuliði stefnanda að öðru leyti en framan greinir er af hálfu stefnda tekið fram eftirfarandi:

1. Sjúkrahúsið á Akranesi.

Þeirri skoðun stefnanda að stórhátíðarfyrirkomulag sé rétt eða eðlileg tilgreining, er mótmælt sem órökstuddri, enda ekki studd neinum lagarökum andstætt þeirri lagaskyldu sem á stefnda hvíli um það að nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu sé sinnt. Komi raunar fram í bréfi sjúkrahússins að engin breyting sé í því fólgin að tilgreina gæsluvakt í stað stórhátíðarfyrirkomulags. Ekki geri 19. gr. laga nr. 94/1986 ráð fyrir efnislegri takmörkun á verkefnum sem vinna eigi í verkfalli, heldur að störf séu tilgreind þannig að ekki sé vafi um það við hvaða störf sé átt.

Stefndi tekur fram að hann hafi þegar gert það að tillögu sinni að ekki væru tilgreindir yfirmeinatæknar, heldur aðeins meinatæknar, einn í hálfu starfi í dagvinnu og annar á gæsluvakt utan dagvinnu, og getur fallist á að tilgreiningin verði þannig.

2. Sjúkrahúsið Patreksfirði.

Því er hafnað sem fyrr að unnið verði eins og á stórhátíð. Rangt sé hjá stefnanda að tilgreiningin sé víðtækari en samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992. Ekkert stórhátíðarfyrirkomulag sé við lýði við sjúkrahúsið. Engin breyting sé þess vegna fólgin í því að tilgreina gæsluvakt í stað stórhátíðarfyrirkomulags, en með gæsluvakt sé tilgreiningin í samræmi við framkvæmd þá er gilt hafi í síðasta verkfalli Meinatæknafélags Íslands árið 1994. Af hálfu stefnda hafi verið gerð tillaga um það að gæsluvaktin stæði aðeins frá kl. 8 til 23 og getur stefndi fallist á slíka breytingu.

3. Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi.

Stefndi hafði þegar gert það að tillögu sinni að „Dagvinna (0,5)" félli niður, en eftir stæði „Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn." Stefndi getur ekki fallist á að stórhátíðarfyrirkomulag gildi um tilgreininguna. Vísast til fyrri röksemda um það atriði auk þess sem ekkert stórhátíðarfyrirkomulag hafi verið við lýði á rannsóknarstofu sjúkrahússins.

4. Sjúkrahús Skagfirðinga, Sauðárkróki.

Varðandi rannsóknarstofu hafi stefndi þegar fallist á það að „Dagvinna (0,5)" félli niður, en að eftir stæði „Meinatæknar/náttúrufræðingur. Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn" og getur stefnandi (sic) fallist á að tilgreiningin verði með þeim hætti. Varðandi skurðstofu er einnig fallist á að orðin „Dagvinna (1)" falli niður, en eftir standi „Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn".

Varðandi undanþágur hjúkrunarfræðinga getur stefndi fallist á að tilgreiningin breytist þannig að dagvinna falli út, en eftir standi „Hjúkrunarfræðingur. Gæsluvakt allan sólarhringinn".

Á rannsókn og röntgen sé gæsluvakt allan sólarhringinn ef stórhátíð ber upp á helgi og gæsluvakt frá 8 til 16 ef stórhátíð ber upp á virkan dag. Á skurðstofu sé gæsluvakt allan sólarhringinn á stórhátíðum. Stefndi getur því ekki fallist á að stórhátíðarfyrirkomulag gildi í þessum tilgreiningum og vísar auk þess til almennra röksemda um það atriði.

5. Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

Varðandi sjúkraþjálfara hafi stefndi gert að tillögu sinni að „Dagvinna (1)“ félli niður og að eftir stæði „Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn“. Stefndi telur að sjúkraþjálfarar sinni nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Því er hafnað að tilgreining geri ráð fyrir stórhátíðarfyrirkomulagi, en við endurhæfingardeild sjúkrahússins sé við lýði gæsluvakt á stórhátíðum. Mun það auk þess hafa verið samþykkt af hálfu Stéttarfélags sjúkraþjálfara í ríkisþjónustu að tilgreind yrði gæsluvakt, sbr. bréf samninganefndar félagsins, dags. 25. janúar 1995.

Um meinafræðideild sjúkrahússins fellst stefndi ekki á að um aukningu sé að ræða og hafnar því með þegar framkomnum röksemdum að þar verði unnið á stórhátíðarfyrirkomulagi. Stefnandi hafi aðeins sett fram þau rök að af hans hálfu sé talið réttast að svo verði, en ekki styðjist sá rökstuðningur við réttarheimildir sem um sé að tefla í málinu.

Að því er varðar rannsóknardeild og blóðbanka sjúkrahússins er því alfarið hafnað að gæsluvaktafyrirkomulag feli í sér aukningu frá því sem verið hafði, enda hafi þar verið um að ræða sams konar vinnutilhögun, þ.e. bakvaktir. Komi auk þess fram í málsgögnum að um sé að ræða fækkun við umræddar deildir frá því sem verið hafi samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992. Hafi stefnandi því í engu rökstutt það að nú skuli þar vinna samkvæmt stórhátíðarfyrirkomulagi.

6. Sjúkrahúsið á Húsavík.

Að því er varðar störf hjúkrunarfræðings getur stefndi fallist á að þar standi „Gæsluvakt (1)“. Ekki sé um að ræða neina fjölgun eða breytingu með því að tilgreind sé gæsluvakt, enda sé um að ræða gæsluvakt á stórhátíðum. Breytingin sé því ekki önnur en sú að nefna vinnutilhögunina sínu rétta nafni og gera skrána nákvæmari úr garði.

7. Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað.

Stefndi hafi þegar gert það að tillögu sinni að í stað „Meinatæknar (0,5)“ kæmi „Meinatæknar (1) gæsluvakt allan sólarhringinn“ og getur fallist á að tilgreiningin standi svo breytt. Með því sé alls ekki um fjölgun að ræða frá því sem áður gilti, en hiklaust um að ræða nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Mótmælir stefndi því með sömu rökum og fyrr að rétt eða skylt skuli að tilgreina starfsemi miðað við stórhátíðarfyrirkomulag.

8. Sjúkrahúsið Egilsstöðum.

Stefndi hafði þegar gert það að tillögu sinni að í stað „Dagvinna (0,5)“ kæmi „Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn“ og getur fallist á að tilgreiningin verði með þeim hætti. Því er hafnað hér sem endranær að stórhátíðarfyrirkomulag verði talið rétt, enda ekkert slíkt fyrirkomulag við lýði á stofnuninni.

9. Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi.

Að því er varðar hjúkrunarfræðinga sé rangt hjá stefnanda að um sé að ræða fjölgun frá því sem verið hafði samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992, en þar hafi verið mælt fyrir um að einn hjúkrunarfræðingur yrði á hverri vakt á deildum. Sé því í raun um að ræða fækkun. Málsástæðum stefnanda um þennan þátt málsins er því vísað á bug sem órökstuddum og því hafnað að stórhátíðarfyrirkomulag gildi.

Um meinatækna hafi stefndi þegar lagt til þá breytingu að „Dagvinna (0,5)“ félli niður, en í stað þess kæmi „Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn“. Með sömu rökum og fyrr er því mótmælt að stórhátíðarfyrirkomulag gildi um vinnu þess starfsmanns, en ekkert stórhátíðarfyrirkomulag sé við lýði á sjúkrahúsinu.

10. Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum.

Um störf tveggja hjúkrunarfræðinga á gæsluvakt telur stefndi alfarið órökstutt að sú tilgreining feli í sér víðtækari tilgreiningu en þá sem gildir almennt um gæsluvaktafyrirkomulag sem notað er í dag, svo sem stefnandi byggir á. Ekki sé um að ræða neina fjölgun frá áður gildandi skrá, enda ekki við lýði neitt stórhátíðarfyrirkomulag við sjúkrahúsið. Falli það undir nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu að tveir hjúkrunarfræðingar séu á gæsluvakt á skurðstofu.

11. Sjúkrahús Suðurnesja.

Að því er varðar hjúkrunarfræðinga á skurðstofu er bent á að lokun deildarinnar hafi stafað af niðurskurði á fjárveitingum, en sé ekki varanlegt ástand. Eftir sem áður falli það undir nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu að þrír hjúkrunarfræðingar starfi á gæsluvakt komi til verkfalls. Til fyrri röksemda vísast um það að nauðsynlegt sé að tilgreiningin sé um gæsluvakt en ekki stórhátíðarfyrirkomulag.

13. Ríkisspítalar.

Þar sem fjölgun hafi orðið á undanþáguheimildum á einstökum deildum Ríkisspítala stafi hún að langmestu leyti af mikilli aukningu bráðavakta hjá Landspítala, þar sem slíkar vaktir hafi verið

lagðar niður hjá St. Jósefsspítala-Landakoti og u.þ.b. helmingur þeirra færður til Landspítala.

Um röksemdir stefnda fyrir því að ókleift sé að vinna samkvæmt stórhátíðarfyrirkomulagi, vísast til þess sem þegar er rakið.

Um einstakar deildir Ríkisspítala byggir stefndi á eftirfarandi.

Á endurhæfingardeild Landspítala hafi þegar náðst samkomulag við Stéttarfélag sjúkraþjálfara í ríkisþjónustu svo sem málsgögn beri með sér. Telur stefndi að þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda um þann þátt.

Varðandi rannsóknastofu í meinafræði (RH) litningarannsóknir hafi orðið fjölgun um einn starfsmann en samkvæmt mati sjúkrahússstjórnarinnar sé brýnt að á deildinni séu starfandi einn meinatæknir og einn náttúrufræðingur. Um læknisfræðilegt mat þar að lútandi vísast til málsgagna, en störfin falli undir nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Geti það orðið óbætanlegt tjón fyrir sjúklinga að störfunum sé ekki sinnt þótt til verkfalls komi, þar sem hættuástand skapist við það að sýnum sé ekki veitt viðtaka eða þau ekki unnin. Nægi að nefna í því sambandi nýfædd vansköpuð börn, þungaðar konur í áhættuhópi og sjúklinga með illkynja æxli. Augljóst sé því að fjölgunin sé innan þeirra marka sem undanþáguheimild 19. gr. laga nr. 94/1986 taki til.

Á vefjarannsóknarstofu 1 og 2 hafi engin breyting orðið frá því sem verið hafi með auglýsingu nr. 27/1992, en þar skuli nú starfa tveir meinatæknar og annar þeirra á gæsluvakt, með því verði að telja að frekar hafi verið dregið úr mönnun en hitt og tilgreiningin gerð nákvæmari en áður. Þess vegna er því alfarið mótmælt að tilgreiningin sé allt of víðtæk.

Varðandi blóðmeina- og meinefnafræðideild, sé í raun um að ræða fækkun frá því sem verið hafi í auglýsingu nr. 27/1992, en deildin sé þar nefnd „rannsóknardeild I-II á Lsp", þar sem nú er miðað við gæsluvakt, en ekki stórhátíðarfyrirkomulag. Um málsástæður þar að lútandi vísast til fyrri röksemda.

Sama aðstaða sé uppi varðandi ísótópastofu, en þar sé í raun um að ræða fækkun á sama hátt og fyrr greinir um blóðmeina- og meinefnafræðideild. Vísast því til framkominna röksemda um þá tilgreiningu.

Á sýklarannsóknadeild hafi sú breyting verið gerð að fjölgað var um einn meinatækni frá því sem verið hafi. Hafi það verið gert í

ljósi reynslu af síðasta verkfalli Meintatæknafélags Íslands, en þá hafi einn meinatæknir ekki annað þeirri lágmarksþjónustu sem nauðsynleg var. Því er mótmælt með sömu rökum og fyrr að störfin verði unnin eins og á stórhátíð.

Varðandi ónæmisfræðideild er tilgreiningin í hinni nýju skrá óbreytt að öðru leyti en að miðað er við gæsluvakt. Vísast til fyrri röksemda þar að lútandi.

Á veirufræðideild feli hin nýja skrá í sér aukningu um einn starfsmann með því að mælt er fyrir um undanþágu fyrir einn meinatækni og einn náttúrufræðing. Þörf fyrir þá aukningu stafar af því að sitt hvort starfið er sérhæft og ókleift að starfsmennirnir gangi á milli í starf hvors annars. Sem fyrr er því mótmælt að stórhátíðarfyrirkomulag gildi um þessi störf í verkfalli.

Varðandi Blóðbankann byggir stefndi fjölgun undanþáguheimilda á brýnni þörf svo sem lýst er í greinargerð dr. med. Sveins Guðmundssonar forstöðulæknis. Hafi fjölgun um einn náttúrufræðing verið samþykkt af hálfu stefnanda. Á blóðónæmisdeild sé fjölgað undanþágum vegna starfa tveggja náttúrufræðinga og tveggja á gæsluvakt. Blóðbankinn hafi með höndum bráðaþjónustu fyrir allt landið. Í verkfalli Félags íslenskra náttúrufræðinga á árinu 1989 hafi komið upp tilvik þar sem legið hafi við stórslysum, sökum undirmönnunar hjá Blóðbankanum. Að jafnaði séu 13,2 stöðugildi náttúrufræðinga og meinatæknis við Blóðbankann, en með hinni nýju skrá sé stefnt að því að tæplega þriðjungur þeirra starfi í verkfalli. Telur stefndi einsýnt, meðal annars í ljósi fenginnar reynslu, að það sé allra minnsti fjöldi svo að unnt sé að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu.

Um röntgendeild mótmælir stefndi því að starfað verði eins og á stórhátíð með sömu rökum og fyrr. Ennfremur mótmælir stefndi því að um sé að ræða mikla aukningu, svo sem stefnandi heldur fram. Ekki verði séð að Röntgentæknafélag Íslands hafi mótmælt þeirri fjölgun sem varð í bréfi sínu, dags. 10. febrúar 1995, heldur aðeins því að horfið yrði frá stórhátíðarfyrirkomulagi.

14. St. Jósefsspítali.

Varðandi störf hjúkrunarfræðinga á þeim deildum er kröfugerð stefnanda tekur til er því eindregið mótmælt að um sé að ræða allt of víðtæka mönnun. Sé mönnun samkvæmt hinni nýju skrá í raun minni en var, bæði með því að ráðgert sé að hver hjúkrunarfræðing-

ur standi gæsluvakt og því að á speglunardeild sé fækkað um hálft stöðugildi. Um málsástæður fyrir þeirri breytingu að taka upp gæsluvakt, vísast til þegar framkominna röksemda.

Stefndi getur fallist á það að við „Rannsókn" standi „Meinatæknir (1) Gæsluvakt allan sólarhringinn", en hafnar því að unnið verði eins og á stórhátíð og vísar um það til framkominna röksemda.

Stefndi bendir á að í sumum tilvika þar sem málsástæður stefnanda beinast gegn fjölgun undanþága eða öðrum breytingum á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, megi skilja málatilbúnað hans og kröfugerð á þann veg að í viðkomandi tilvikum verði öll tilgreiningin dæmd ógild, en ekki aðeins að því er tekur til fjölgunarinnar. Af þessu tilefni vill stefndi leggja áherslu á að verði ekki fallist á framangreindar röksemdir taki kröfugerð stefnanda eftir orðan sinni aðeins til þeirra breytinga sem urðu með auglýsingu nr. 68/1995.

Til stuðnings kröfum um málskostnað vísast til XXI. kafla laga nr. 91/1991, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938.

Niðurstaða.

Samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er það meginregla að þeim starfsmönnum, sem lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins taka til, er heimilt að gera verkfall með þeim takmörkunum einum sem tilteknar eru í lögunum. Af því leiðir að ákvæði um undantekningar frá þessari meginreglu lúta þrengjandi lögskýringu.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 94/1986 er stéttarfélögum, sem eru samningsaðilar samkvæmt lögunum, heimilt að gera verkfall og samkvæmt 18. gr. laganna tekur það til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitanda, sem verkfall beinist gegn, nema þeim sé óheimilt að gera verkfall samkvæmt lögunum. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna er þeim sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu óheimilt að gera verkfall. Fjármálaráðherra og sveitarfélög skulu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna birta skrá um störf þau sem meðal annars falla undir 3. tl. 1. mgr. sömu greinar, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög.

Í samræmi við 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 birti stefndi þann 27. janúar 1995 með auglýsingu nr. 68/1995 í B-deild stjórnartíðinda skrá yfir þau störf, er falla að mati stefnda undir ákvæði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna.

Stefnandi byggir í fyrsta lagi á því að þeir ágallar hafi verið á undirbúningi og meðferð á birtingu skrárinnar að leiða eigi sjálfstætt til þess að þær breytingar frá eldri skrá, sem auglýsing nr. 68/1995 felur í sér og krafa er gerð um að falli brott, falli niður. Telur stefnandi að við undirbúning og gerð skrárinnar hafi svo verið farið á svig við ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að breytingarnar geti af þeirri ástæðu ekki náð fram að ganga. Í þessu sambandi bendir stefnandi á að stéttarfélögunum hafi gefist svo skammur frestur til að gera athugasemdir við breytingar frá fyrri skrá að andmæla- eða samráðsréttur þeirra hafi ekki verið virtur. Þá hafi stefndi ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 er ekki tekið fram, hvers eðlis umrætt samráð skuli vera. Telja verður það samræmast tilvitnuðu ákvæði að stéttarfélögum séu sendar tillögur að skrám með hæfilegum fyrirvara og óskað eftir athugasemdum. Geri stéttarfélag athugasemdir við skrá, beri aðilum að eiga viðræður og leita samkomulags. Ætla verður hæfilegan tíma til þess sem meðal annars hlýtur óhjákvæmilega að ráðast af því hvort um umfangsmiklar breytingar er að ræða frá því sem áður hefur gilt.

Með bréfum stefnda, dags. 17. og 18. janúar 1995, til Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga óskaði stefndi eftir skriflegri umsögn félagsins um fyrirhugaðar breytingar, sem fólust í væntanlegri nýrri skrá og skyldi skrifleg umsögn félagsins hafa borist í síðasta lagi fyrir lok miðvikudagsins 25. janúar 1995 vegna fyrra bréfsins, en í síðasta lagi þriðjudaginn 24. janúar 1995 vegna síðara bréfsins. Félagið gerði grein fyrir athugasemdum sínum í bréfi, dags. 24. janúar 1995, þar sem var að finna tillögu að skrá af hendi þess. Kom fram af félagsins hálfu að það væri reiðubúið að ræða einstök atriði við stefnda.

Með bréfum, dags. 17. og 19. janúar 1995, óskaði stefndi eftir athugasemdum Meinatæknafélags Íslands um fyrirhugaðar breytingar á skránni er skyldu hafa borist fyrir lok miðvikudagsins 25. janúar 1995 vegna fyrra bréfsins, en í síðasta lagi þriðjudaginn 24. janúar 1995 vegna seinna bréfsins. Með bréfi, dags. 24. janúar 1995, lagði félagið fram athugasemdir sínar, mótmælti breytingunum og taldi þágildandi auglýsingu fullnægjandi.

Með bréfum, dags. 17. og 20. janúar 1995, óskaði stefndi eftir athugasemdum Röntgentæknafélags Íslands við fyrirhugaðar breyt-

ingar á skránni er skyldu hafa borist fyrir lok miðvikudagsins 25. janúar 1995 vegna fyrra bréfsins, en í síðasta lagi þriðjudaginn 24. janúar 1995 vegna síðara bréfsins. Með bréfum, dags. 20. og 26. janúar 1995, til stefnda og St. Jósefsspítala og bréfum, dags. 23. janúar 1995, til Sjúkrahúss Skagfirðinga og Sjúkrahúss Akraness gerði félagið grein fyrir athugasemdum sínum. Í bréfi félagsins til stefnda, dags. 20. janúar 1995, kom fram að félagið taldi að stefndi hefði ekki gætt lögboðins samráðs.

Með bréfum, dags. 17. og 20. janúar 1995, til Félags íslenskra náttúrufræðinga óskaði stefndi eftir umsögn félagsins um breytingar á skránni, er berast skyldi fyrir lok miðvikudagsins 25. janúar 1995 vegna fyrra bréfsins, en í síðasta lagi þriðjudaginn 24. janúar 1995 vegna síðara bréfsins. Með bréfum, dags. 24. og 25. janúar 1995, bárust athugasemdir félagsins.

Með bréfum, dags. 17. og 23. janúar 1995, til Félags íslenskra sjúkraþjálfara óskaði stefndi eftir umsögn félagsins um fyrirhugaðar breytingar á skránni. Skyldu athugasemdir berast fyrir lok miðvikudagsins 25. janúar 1995 vegna fyrra bréfsins, en í síðasta lagi þriðjudaginn 24. janúar 1995 vegna síðara bréfsins. Félagið gerði athugasemdir sínar með bréfum, dags. 24. og 25. janúar 1995, og mótmælti m.a. óheyrilega skömmum fyrirvara.

Samkvæmt framansögðu bárust athugasemdir frá öllum félögunum. Þrátt fyrir það fóru engar viðræður fram milli aðila, áður en stefndi gaf út nýja skrá þegar föstudaginn 27. janúar 1995.

Þær breytingar sem stefndi gerði á umræddri skrá voru umtalsverðar og að nokkru leyti var um grundvallarbreytingu að ræða. Það ráðrúm sem stefndi gaf stéttarfélögunum til að kynna sér fyrirhugaðar breytingar, sem rakið er hér að framan, verður að telja í allra knappasta lagi og í sumum tilfellum óhæfilega lítið. Þegar litið er til tilgangsins með gerð skráa þeirra, sem um ræðir í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, sbr. meðal annars athugasemdir með 19. gr. frumvarps þess, er varð að þeim lögum, verður að telja að þeim tilgangi verði ekki náð, nema þess sé gætt að tilhögun á lögskipuðu samráði aðila sé svo vönduð sem frekast má verða. Í því felst að stéttarfélögunum sé veittur hæfilegur frestur til að kynna sér fyrirhugaðar breytingar og komi fram athugasemdir, fari fram viðræður milli aðila og leitað samkomulags áður en skrá er gefin út. Sjá álit Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 241/1990 í skýrslu umboðsmanns

fyrir árið 1990 bls. 176 og dóma Félagsdóms í máli nr. 2/1992, sbr. Dómasafn Félagsdóms IX. bindi bls. 519 og í máli nr. 12/1994, er kveðinn var upp 15. nóvember 1994. Að þessu virtu og þegar litið er til þess hvernig stefndi stóð að umræddu samráði svo sem að framan er lýst, sem af hans hálfu engar viðhlítandi skýringar hafa verið gefnar á, verður að telja að í þeim mæli hafi verið farið svo á svig við lögmælta samráðsskyldu 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 að af þeim sökum beri að fella hinar umdeildu breytingar úr gildi.

Stefndi greiði stefnanda krónur 100.000 í málskostnað.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómsins.

D ó m s o r ð:

Kröfur stefnanda, Bandalags háskólamanna BHMR f.h. Félags íslenskra hjúkrunarfélaga, Félags íslenskra náttúrufræðinga, Meinatæknafélags Íslands, Röntgentæknafélags Íslands og Stéttarfélags sjúkraþjálfara í ríkisþjónustu, eru teknar til greina.

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda málskostnað krónur 100.000.

S é r a t k v æ ð i
Guðmundar Skaftasonar.

Ég get ekki fallist á þá niðurstöðu meirihluta dómsins að stefndi hafi í þeim mæli farið á svig við lögmæta samráðsskyldu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986 að af þeim sökum beri að fella hinar umdeildu breytingar úr gildi.

Stefnandi heldur því fram svo sem lýst er í atkvæði meirihluta, að andmæla- eða samráðsréttur stéttarfélaganna hafi verið of skammur til að gera athugasemdir við breytingar frá fyrri undanþáguskrá. Með því hafi hann ekki verið virtur. Er jafnframt vísað til 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37 1993. Hér er það við að athuga að þau stéttarfélög, sem í hlut eiga, höfðu öll nýtt sinn andmælarétt fyrir 25. janúar 1995, en þá voru frestlok. Af þeim bréfaskiptum og fundum er fram fóru fyrir þann tíma verður ekki betur séð, en þau hafi notað rétt sinn til að koma að andmælum sínum. Raunar sýnast þau snúast um það eitt hvort í undanþágulistunum skuli miða við svo-

nefnt „stórhátíðarfyrirkomulag“ eða fastákveðna dagvinnu- og gæsluvaktir. Sá frestur sem veittur var til andsvara verður að teljast í stysta lagi en þó nægur til að taka ákvörðun um þetta atriði. Að því er varðar rannsóknarskyldu stefnda samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37 1993 verður ekki betur séð en henni sé að öllu fullnægt. Þegar auglýsingin var gefin út lágu fyrir stjórnvaldinu fullkomnar upplýsingar um hvað ágreiningurinn snerist. Þessu til styrktar má benda á, að eftir að auglýsingin var gefin út fóru fram samráðsfundir og bréfaskriftir, sem leiddu ekki til samkomulags. Áður höfðu verið t.d. haldnir fundir með meinatæknum 19. janúar 1995 að Þverholti 18 og með náttúrufræðingum 20. s.m. á sama stað, sbr. dskj. 18 og 34. Ágreiningurinn stóð þannig í upphafi um að breyta svonefndu „stórhátíðarfyrirkomulagi“ í fastar vaktir ásamt því hvort af því leiddi aukningu á störfum í verkfalli. Þetta lá ljóst fyrir þegar auglýsing nr. 68 1995 var gefin út. Enn er þess að geta, að engar nýjar málsástæður hafa komið fram í málssókn þessari, sem ekki höfðu verið bornar fram af stéttarfélögunum fyrir útgáfu auglýsingarinnar. Því fer fjarri að rannsóknarskyldur hafi verið brotnar skv. 10. gr. stjórnsýslulaga.

Ekki teljast efni til að gera ríkari kröfur til reglna um stjórnsýslu eftir 2. mgr. 19. gr. en felast í hinum almennu stjórnsýslulögum, enda ekkert í orðalagi greinarinnar, sem bendir til þess. Umrætt samráð kann hvort heldur að vera munnlegt eða skriflegt. Um það segir ekkert í 2. mgr. 19. gr. Hvoru tveggja er jafngilt.

Eins og málið liggur fyrir þykir eftir atvikum rétt að taka afstöðu til þeirra einstöku efnisatriða sem um er deilt. Er þá litið til þess að málið fær efnisúrlausn í atkvæðum meirihluta dómsins. Þykir því rétt í upphafi að gera nokkra grein fyrir þeim almennu sjónarmiðum sem úrlausnin er byggð á.

Með 14. gr. laga nr. 94 1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er stéttarfélagi heimilað að gera verkfall með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem sett eru í lögunum. Í 1. mgr. 19. gr. tl. 1-6 eru þeir starfsmenn taldir, sem heimild til verkfalls nær ekki til. Í 3. tl. 1. mgr. greinarinnar eru nefndir þeir sem „starfa að nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu“. Ef ágreiningur rís um það hvaða einstakir starfsmenn skuli vinna í verkfalli dæmir Félagsdómur í slíkum málum, sbr. 5. tl. 1. mgr. 26. gr. Kann slíkan ágreining mega rekja til starfssamnings vinnuveitanda og starfs-

manns auk annarra ásteitingarsteina. Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. skal fjármálaráðherra og sveitarfélög í upphafi árs, „birta skrár um störf þau“ sem falla undir 3.-6. tl. fyrri málsgreinar greinarinnar. Andmæli gegn breytingum á skrám skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal „ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu“.

Skrár þær sem boðnar eru í 2. mgr. 19. gr. eiga ekki að greina einstaklinga, tiltekna starfsmenn, heldur störf. Þetta hefur m.a. þá þýðingu, að stofnun er heimilt að láta rækja tiltekið starf, þótt viðkomandi starfsmaður geti ekki sinnt því eða honum kunni að vera það óskylt.

Því er gjarnan borið við að undanþágur frá verkfallsheimild samkvæmt 1. mgr. 19. gr. beri að skýra þröngt og úrlausn slíkra mála látin velta á mjög strangri sönnunarskyldu vinnuveitanda, jafnframt því að ekki sé á verksviði Félagsdóms að meta hversu margir starfsmenn skuli starfa í verkfalli. Að því er tekur til þröngrar lögskýringar felst í henni, að ákvæði verður ekki skýrt rýmra en orð þess segja og því ekki beitt með lögjöfnun. Þegar fyrir liggja skrár samkvæmt 2. mgr. 19. gr. og stéttarfélag andmælir þeim vegna þess, að þar sé að finna störf, sem þar eigi ekki heima eða tiltekin starfsheiti séu ofmönnuð, er það hlutverk dómsins að komast að efnislegri niðurstöðu með því að meta hvaða störf skuli inna af hendi til að fullnægt sé 3. tl. 1. mgr. 19. gr. Slíkt málefnislegt mat verður ekki byggt á lögfræðilegum sönnunarreglum, því hefur spurningin um þrönga lögskýringu mjög takmarkað gildi varðandi þetta verkefni. Þetta mat er ólíkt hinum algengustu verkefnum dómstóla þar sem spurningin er einfaldlega að kveða á um rétt og skyldu. Upphaflega var þetta starf kjaradeilunefndar samkvæmt 26. gr. laga nr. 29 1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Síðar var þetta nefndarstarf fengið Félagsdómi, sbr. nú lög nr. 94 1986. Kemur þetta glöggt fram í athugasemdum með 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna. Í athugasemdum við frumvarpsgrein að 26. gr. laga nr. 29 1976 segir, að verkfallsrétti „verði þau takmörk sett að öryggi og heilsu fólks verði ekki stefnt í hættu“. Þessu atriði var í engu breytt er ákvörðunarvaldið um það hverjir skyldu vinna í verkfalli var fært til Félagsdóms, enda kemur það fram í athugasemdum við framvarpsgreinina. Framangreind regla frumvarpsins er sú viðmiðun sem unnt er að viðhafa í þessu efni. Verða því sjúkrahús að hafa nægan viðbún-

að til að fullnægja henni. Mat á því hvað sé nauðsynlegt eða nauðsynlegast er svo óljóst að lítt er til leiðbeiningar og þarf ekki að stangast á við fyrrgreint sjónarmið. Orðið „nauðsynlegustu“ hlýtur að miða við læknisaðgerðir eins og þær eru tíðkaðar nú, en ekki eins og þær voru fyrir áratugum. Það hvílir svo á læknisfræðilegu mati hvaða viðbúnað sjúkrastofnun skal hafa til að bregðast við slysum og sjúkdómum og hvenær læknisaðgerð megi dragast til að „heilsu fólks verði ekki stefnt í hættu“. Séu mál ekki nægilega skilmerkilega fyrir lögð, ber Félagsdómi að sjá um, að þau upplýsist sem best, sbr. 56. gr. laga nr. 80 1938. Eru honum fengin úrræði til þess í 56.-62. gr. laganna. Í þessum greinum má finna rök fyrir því að Félagsdómi voru falin áðurgreind nefndarstörf.

Í sambandi við þau undanþágumál eða listamál sem hér um ræðir, tel ég að nauðsynlegt sé að hafa í huga alla þætti þeirrar starfsemi, sem í hlut á. Í heild sinni er hún sett saman af mismunandi störfum, þar sem hvert og eitt er ómissandi eins og hlekkur í keðju. Þannig sýnist órökvíst að synja flugumferðarstjórum um verkfallsrétt, en heimila starfsmönnum sem kveikja lendingarljósin eða á radiovitanum eða annast flugbrautirnar verkfallsrétt, svo dæmi sé tekið. Slíka starfsemi verður að skoða alla en ekki hvert einstakt starf út af fyrir sig, án tengsla við önnur störf. Sama gildir í því máli, sem hér er til úrlausnar. Líta verður á öll störf í lækningaferlinum sem heild. Þar falla undir störf á svonefndum stoðdeildum. Komi beinbrotin maður til læknis á sjúkrahúsi mun fyrsta skipun að jafnaði vera að taka röntgenmynd. Hafi maðurinn fengið hjartaáfall mun það fyrsta sem gert er að meinatæknir tekur blóðsýni, vinnur úr þeim og skilar læknum skýrslu um niðurstöðu. Þegar leita þarf orsaka sjúkdóma eru slíkar rannsóknir undanfari allra lækningaaðgerða. Þær eru þannig ómissandi þáttur í öllu venjubundnu læknisstarfi eins og því er nú háttað.

Þá ber einnig að líta til sjúkrastofnana í landinu í heild á þann hátt að samræmi sé milli undaþágulista þeirra að því leyti sem þær eru sambærilegar. Geri stéttarfélag ekki kröfu um breytingar á mönnun hjá stofnun A, ber til þess að líta við úrlausn kröfu um niðurfellingu hliðstæðra starfsheita hjá sjúkrastofnun B, sem starfar á sama sviði. Gera verður kröfu til að innbyrðis samræmi sé milli undanþágulistanna. Annars er sjúkrastofnunum mismunað og þar með þeim sem þjónustu þeirra eiga að njóta.

Ástæða er til að nefna hér samband 3. tl. 19. gr. og 20. gr. laganna. 19. gr. 3. tl. miðar að því m.a., „að verkfallsrétti verði þau takmörk sett að öryggi og heilsu fólks verði ekki stefnt í hættu". Samkvæmt henni ber að fullnægja mönnun sjúkrahúss til að þessu markmiði verði náð. Að því er varðar 20. gr. kemur fyrst til hennar kasta, að neyðarástand hafi skapast, t.d. eins og við ótíðindi á borð við það, að hópslys hafi átt sér stað o.þ.h. Dæmin sem talin eru upp í athugasemd með frumvarpsgreininni sýna ljóslega að henni er ætlað að taka til viðgerða á fjarskipta- og veitukerfum, búnaði sjúkrahúsa, birgðadreifingar o.fl. Samkvæmt þess skal mönnun hinnar almennu læknisþjónustu fara eftir 19. gr. nema í undantekningar tilfellum að neyðarástand hafi skapast. Hitt er svo út af fyrir sig löggjafarlegt furðuverk, að við slíkar aðstæður skuli áskilið samþykki fulltrúa stéttarfélags í verkfalli til að hefjast handa um aðstoð viðkomandi heilsugæslufólks.

Af gögnum málsins og sérstakri athugun má sjá að sérstök vaktaskipan, svonefnt „stórhátíðarfyrirkomulag", virðist óvíða viðhaft. Þykir því skýrara að miða við ákveðnar vaktir en óskilgreint fyrirkomulag starfa.

Við munnlegan málflutning í máli því, sem hér er um fjallað, bar stefnandi fyrir sig að fella bæri niður tilgreiningar þar sem væri kveðið á um hluta úr heilu starfi. Var þar vísað til dóms Félagsdóms frá 30. október sl. í máli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja gegn fjármálaráðherra. Í stefnu var þessari málsástæðu ekki hreyft. Afstaða stéttarfélaga til þessa atriðis hefur ekki komið fram almennt. Þannig að hún er óljós. Engin grein var gerð fyrir því við hvaða starfsmenn væri átt. Þegar af þeirri ástæðu ber að hafna henni.

Verður nú vikið að einstökum kröfuliðum stefnanda með vísun til framangreindra forsendna eins og við á.

1. Sjúkrahúsið á Akranesi.

Þessi sjúkrastofnun er 95 rúma deildarskipt sjúkrahús, þar sem starfa að meðaltali 230 manns í 160 stöðugildum. Legudeildir eru lyflækningadeild með 30 rúm, handlækningadeild með 19 rúm, fæðinga- og kvensjúkdómadeild með 16 rúm og hjúkrunar- og endurhæfingadeild með 28 rúm. Svæfingadeild tengist starfsemi handlækninga- og fæðinga- og kvensjúkdómadeilda, en ekki er um eiginlega gjörgæsludeild að ræða á sjúkrahúsinu. Af stoðdeildum má nefna rannsóknardeild, röntgendeild og sjúkra- og iðjuþjálfun auk

annarrar heföbundinnar þjónustu deilda. Árið 1990 var fjöldi legudaga 29.140 og fjöldi sjúklinga 2.364. Aðal upptökusvæði sjúkrahússins er Akranes, Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Héraðshlutdeild sjúklinga eftir legudögum sýnist á þessum tíma hafa verið um 80%.

Í málinu er deilt um gæsluvaktir hjúkrunarfræðinga á skurðstofu og svæfingardeild, eins á hvorri deild, ásamt hálfu starfi í meintæknis og gæsluvakt utan dagvinnutíma. Stefnandi telur að þetta hjúkrunarfólk eigi að starfa eins og á stórhátíð svo sem tiltekið var í fyrri auglýsingu nr. 27 1992 eða eftir svokölluðu stórhátíðarfyrirkomulagi. Þá vekur hann athygli á því, að með gæsluvöktunum felist engin efnisleg takmörkun á þeim verkefnum sem vinna megi í verkfalli, en takmörkun felist eðli máls samkvæmt í eldri skilgreiningu. Sjúkrahúsið tekur fram, að ekki sé gerður greinarmunur á gæsluvakt annars vegar og gæsluvakt á stórhátíð hins vegar. Nákvæmlega sama fyrirkomulag gildi alla þessa daga. Ekki er rökstutt í málinu að nokkur afbrigðileg vaktaskipan að því er gæsluvaktir snertir eigi sér stað á sjúkrahúsinu um stórhátíðardaga. En þótt svo væri verður ekki fallist á, að „stórhátíðarfyrirkomulag" feli í sér frekari takmörkun á verkefnum með því að sjúkrastofnanir hafa það einhliða á valdi sínu að ákveða gæsluvaktir um stórhátíðir. Í stefnu telur stefnandi hálft starf meinatæknis of víðtæka skilgreiningu og telur eðlilegra að hann starfi eins og á stórhátíð. Á þetta verður heldur ekki fallist, enda auk þess sem að framan er ritað, verður ekki jafnað saman breyttri vaktaskipan sem aðeins stendur einn eða fáa sólarhringa við verkfallstíma er kann að vara í margar vikur.

Þegar litið er til upptökusvæðis og starfsemi þessa sjúkrahúss og þess viðbúnaðar sem því ber að hafa á verkfallstímum ásamt því að störf þau er um ræðir verður að telja ómissandi í lækningaferlinum, ef fullnægja á því skilyrði „að öryggi og heilsu fólks verði ekki stefnt í hættu", þykir bera að manna það samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986.

Er kröfum stefnanda því hafnað.

2. Sjúkrahúsið á Patreksfirði.

Heilsugæslulæknir gegnir læknisþjónustu á stofnuninni sem einnig er fæðingarstofnun. Rúmafjöldi er talin um 15. Deilt er um eina gæsluvakt meinatæknis frá kl. 08-24. Rök stefnanda eru hliðstæð og í lið 1 að framan. Stefndi tekur fram, að á sjúkrahúsinu hafi ekkert stórhátíðarfyrirkomulag verið vegna vinnu meinatækna. Í verkfalli

þeirra 1994 hafi sjúkrahúsið orðið að samþykkja gæsluvaktargreiðslur til meinatæknis og hafi það fyrirkomulag komist á vegna þrýstings frá Meinatæknafélagi Íslands. Auglýsing nr. 68 1995 sé því staðfesting á framkvæmd sem komst á í því verkfalli. Ekki þykja efni til að taka kröfu stefnanda til greina bæði með tilvísun til þessa svo og þess er segir undur lið 1 hér að framan. Ennfremur er nokkur einangrun byggðarlagsins höfð í huga.

3. Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi.

Á þessu sjúkrahúsi starfar skurðlæknir og fæðingarlæknir auk fleiri lækna. Fjöldi rúma er um 33 og aðgerðir voru á árinu 1991 rúmlega 60. Upptökusvæði er Blönduós og Austur-Húnavatnssýsla og var héraðshlutfall sjúklinga þar um 44%.

Deilt er um störf röntgentæknis, sem er Guðmundur Unnar Agnarsson, en hann vinnur jafnframt sem aðstoðarmaður við meinatækni. Hann er félagsmaður í félagi opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum, en það félag er ekki aðildarfélag Bandalags háskólamanna. Ber því eins og máli þessu er komið að sýkna stefnda að því er tekur til starfs Guðmundar. Meinatæknir sjúkrahússins er Anna Hjálmarsdóttir sem vinnur hálft starf. Hún vinnur ekki við röntgenstörf. Að því er starf hennar varðar ber með vísan til starfsemi sjúkrahússins og þess sem rakið er í lið 1 hér að framan og hafna kröfum stefnanda bæði að því er varðar dagvinnu og gæsluvakt.

4. Sjúkrahús Skagfirðinga.

Þetta sjúkrahús flokkast samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu sem almennt sjúkrahús. Stofnunin hefur á að skipa tveimur sérfræðingum í handlæknisfræði í 75% stöðu hvor og er einum sérfræðingi í lyflæknisfræði í 75% stöðu. Heimilislæknar eru þrír í 1,5 stöðu aðstoðarlæknis á sjúkrahúsinu. Á sjúkrahúsinu eru 81 rúm. Starfsmenn þess hafa verið tæplega 170 í 121,6 stöðugildum. Því er ætlað að þjóna Sauðárkrókskaupstað og Skagafjarðarsýslu. Íbúar svæðisins voru 4.580 í desember 1993. Héraðshlutdeild sjúklinga reiknuð eftir legudögum mun vera nær 90%. Sjúklingafjöldi árið 1993 var 684. Við spítalann er 60% staða skurðhjúkrunarfræðings. Tveir hjúkrunarfræðingar skipta með sér þessari vinnu á þann hátt að þeir vinna til skiptis á skurðstofu og legudeildum einn mánuð í senn. Hjúkrunarfræðingarnir skiptast einnig á að sinna bakvöktum fyrir skurðstofuna og varir vaktin viku í senn. Skurðaðgerðir eru á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Á rannsóknardeild

eru 2,5 stöðugildi, þ.e. tvö stöðugildi meinatækna og 0,5 stöðugildi aðstoðarmanns. Meinatæknarnir eru fjórir í 50% starfi hver. Sjúkrahús og heilsugæsla eru samrekin að verulegu leyti.

Deilt er um tilgreininguna meinatæknar/náttúrufræðingar, dagvinna (0,5) og gæsluvakt (1) utan dagvinnu. Þá er ágreiningur um tilgreiningu hjúkrunarfræðinga á skurðstofu dagvinna (1) og gæsluvakt (1) utan dagvinnu. Rök stefnanda fyrir niðurfellingu þessara tilgreininga eru þau, að þær feli í sér mönnun og fyrirkomulag, sem sé langt umfram það sem þörf sé á til þess að fullnægt sé kröfum um að sinnt sé nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Í auglýsingu nr. 27 1992 sé starfsemi á tilgreindum „deildum" þessa sjúkrahúss sú að starfsemi þar skyldi vera eins og á stórhátíðum. Sjúkrahúsið tekur fram, að á rannsóknarstofu sé gæsluvakt allan sólarhringinn ef stórhátíð ber upp á helgi, en ef stórhátíð ber upp á virkan dag sé gæsluvakt í samræmi við dagvinnutíma, þ.e. frá kl. 08:00-16:00. Á skurðstofu sé gæsluvakt allan sólarhringinn á stórhátíðum hvort sem hana ber upp á helgi eða ekki. Stofnunin kveðst geta fallist á að tilgreiningin um störf starfsmanna á deildum þessum breytist þannig að dagvinna falli út og í staðinn verði gæsluvakt (1) allan sólarhringinn. Eftir atvikum telst rétt að dagvinna falli niður úr tilgreiningum, en í staðinn komi ein gæsluvakt á hvorri deild allan sólarhringinn. Vísast um það til rökstuðnings undir lið 1.

5. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Á þessu sjúkrahúsi er sinnt sérfræðiþjónustu. Það skiptist í ýmsar deildir með 133 rúmum. Árlegur fjöldi aðgerða og meðferða á sjúkrahúsinu er ca 1400. Upptökusvæðið er Akureyri og Eyjafjörður og er héraðshlutfall sjúklinga 80-90%.

Ágreiningur er um eftirfarandi tilgreiningar: Sjúkraþjálfarar á sjúkraþjálfaradeild dagvinna (1) gæsluvakt (1) utan dagvinnutíma. Meinatæknar á meinafræðideild dagvinna (0,5) gæsluvakt (1) utan dagvinnutíma. Meinatæknar á rannsóknardeild og blóðbanka dagvinna (1) gæsluvakt (1) utan dagvinnutíma.

Stefnandi mótmælir tilgreiningu um störf á sjúkraþjálfaradeild. Engin starfsemi hafi verið tilgreind á þessari deild í auglýsingu nr. 27 1992 og telja þeir að í raun séu engrar slíkrar tilgreiningar þörf. Hann lýsir því þó yfir, að hann geti fallist á að tilgreining yrði sú að sjúkraþjálfarar á sjúkraþjálfaradeild starfi eins og á stórhátíð. Sjúkrahúsið tekur fram, að sjúkraþjálfunardeildin heyri nú undir

endurhæfingardeild Fjórðungssjúkrahússins. Þar séu 4,5 stöðugildi sjúkraþjálfara. Aðal viðfangsefnið þeirra sé þjónusta við bráðadeildir stofnunarinnar. Með tilliti til þess að eitt aðalverkefni sjúkraþjálfara sé þjónusta við bráðveika sjúklinga, sérstaklega sjúklinga með öndunarfærasýkingar, þ.m.t. börn, telur stofnunin að algjör fjarvera sjúkraþjálfara í verkfalli stefni þjónustu við bráðveika undir öryggismörk. Stefndi kveðst hins vegar geta fallist á að til staðar verði gæsluvakt líkt og nú tíðkast um helgar og stórhátíðir. Með hliðsjón af framanrituðu þykir tilgreiningin dagvinna (1) mega falla niður en eftir standi gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.

Stefnandi telur tilgreiningu um störf á meinafræðideild of víðtæka. Í auglýsingu nr. 27 1992 hafi verið tekið fram að meintæknir á meinafræðideild skuli vera einn. Telur hann réttustu tilgreininguna vera þá, að á meinafræðideild skuli starfsemi vera eins og á stórhátíðum. Stefndi andmælir því, að starfsemin verði miðuð við stórhátíðarfyrirkomulag. Hann segir tvo meinatækna vera að störfum á deildinni sem hvor um sig sé í hálfu starfi. Sé annar félagi í Meinatæknafélagi Íslands en hinn í Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar. Kveðst yfirlæknir deildarinnar eftir atvikum geta fallist á að starfsemi meinafræðideildar í lögmætu verkfalli meinatækna, geti verið í svipuðu horfi og á stórhátíðum að því er tekur til meinatæknis í Meinatæknafélagi Íslands. Eftir atvikum telst rétt að hafna kröfum stefnanda.

Stefnandi mótmælir tilgreiningu um starf á rannsóknardeild og blóðbanka sjúkrahússins. Vísar hann um það til fyrri röksemda, en telur að samkvæmt auglýsingu nr. 27 1992 skyldi einungis vera í gangi bakvakt á deildinni. Feli því tilgreining í auglýsingu nr. 68 1995 í sér mikla aukningu frá því sem áður var. Tekur hann fram að hér sem endranær sé eðlilegast að tilgreiningin yrði sú, að starfsemin skyldi vera eins og á stórhátíð. Stefndi hafnar því alveg að gæsluvaktarfyrirkomulag feli í sér aukningu frá því sem áður hafi verið, enda komi fram í málsgögnum að um sé að ræða fækkun á deildunum frá því sem var skv. auglýsingu nr. 27 1992. Í bréfi yfirlæknis deildanna frá 2. maí 1995 dskj. 94 kemur fram, að hann hafi gert tillögu um undanþágu frá verkfallsheimild er tæki til tveggja meinatækna í dagvinnu og eins meinatæknis á gæsluvakt. Síðan segir: „Við teljum að einn meinatæknir geti ekki lokið þeirri dagvinnu, sem búast má við að leysa þurfi af hendi tafarlaust, og að sú mönn-

un sé þess vegna ekki forsvaranleg frá öryggissjónarmiði. Við minnum á að við FSA er stöðug bráðavakt og að á hverjum degi þarf að gera margvíslegar rannsóknir hjá bráðveikum sjúklingum og slys eða óvænt aðgerð getur leitt til þess að meinatæknir sé bundinn við störf í blóðbanka í lengri tíma. Við rannsóknadeild FSA fara fram sýklafræðirannsóknir, sem krefjast vinnu meinatæknis alla daga ársins, og við blóðbankaeininguna fer fram blóðsöfnun, blóðvinnsla og blóðbankarannsóknir. Staða rannsóknardeilda FSA er að þessu leyti ólík stöðu rannsóknardeildar Borgarspítalans og rannsóknastofu Landspítalans í blóðmeina- og meinefnafræði, sem breytir miklu um þörf á undanþágum í verkfalli. Við rannsóknardeild Borgarspítalans er hvorki blóðsöfnun né blóðvinnsla og við rannsóknarstofur Landspítalans er hvorki blóðbankastarfsemi né sýklafræðirannsóknir. Rannsóknardeild FSA hefur lengi haft fastmótað vinnufyrirkomulag á stórhátíðum. Samkvæmt reynslu af verkefnum er það með tvennum hætti. Á jóladag og nýársdag sinna tveir meinatæknar dagvinnu og einn meinatæknir gæsluvakt. Á öðrum stórhátíðum sinna þrír meinatæknar dagvinnu og einn meinatæknir gæsluvakt. Áðurnefndar tillögur okkar um undanþágu til vinnu í verkfalli samræmast því vinnu á stórhátíðum, þegar vinnuframlag er í lágmarki, eins og talið er eðlilegt að sé samkvæmt kæru BHMR".

Að framangreindu athuguðu teljast ekki efni til að breyta tilgreiningum varðandi þessar deildir á undanþáguskránni skv. auglýsingu nr. 68 1995.

6. Sjúkrahúsið á Húsavík.

Þessi sjúkrastofnun er flokkast eftir lögum um heilbrigðisþjónustu sem almennt sjúkrahús. Hún hefur á að skipa tveimur sérfræðingum í handlæknisfræði, hvor í 80% stöðu auk sérfræðinga í heimilislækningum. Heimilislæknarnir eru fimm í 2,4 stöðugildum aðstoðarlækna, hver í 0,48 stöðugildi. Aðal upptökusvæðið er Húsavík og báðar Þingeyjarsýslur að undanskildum helmingi Suður-Þingeyjarsýslu sem tilheyrir Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Rúmafjöldi 1993 var 62 og sjúklingafjöldi sama ár 534 og fjöldi legudaga 18.506. Fjöldi rannsókna það ár nam 21.653. Héraðshlutdeild sjúklinga reiknuð eftir legudögum var 1993 ríflega 80%. Fjöldi fæðinga 1993 var 39. Sjúkrahúsið er rekið í starfstengslum við Heilsugæslustöðina á Húsavík og Hvamm, dvalarheimili aldraðra.

Ágreiningur er um gæsluvakt (1,4) hjúkrunarfræðinga á skurð-

stofu. Stefnendur telja tilgreininguna fela í sér mikla aukningu frá því sem var í auglýsingu nr. 27 1992, en samkvæmt henni skyldi starfsemin vera eins og á stórhátíð. Í bréfi sjúkrahússins dags. 22. apríl 1995 segir, að alltaf sé einn hjúkrunarfræðingur á gæsluvakt á stórhátíðum. Sé það skoðun stjórnenda stofnunarinnar að það sé lágmarks heilbrigðisþjónusta á svo stóru svæði sem sjúkrahúsið þjónar. Hjúkrunarfræðingar á gæsluvakt á stórhátíðum sinni aðeins útköllum í neyðartilvikum og þá samkvæmt ósk læknis. Stefndi kveðst geta fallist á að tilgreiningin verði gæsluvakt (1).

Með vísan til framanritaðs telst rétt að ákveða að á gæsluvakt allan sólarhringinn sé einn hjúkrunarfræðingur.

7. Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað.

Þetta sjúkrahús flokkast eftir lögum um heilbrigðisþjónustu sem almennt sjúkrahús. Árið 1994 voru þar 34 rúm og er vísir að deildarskiptingu. Í árslok þess árs störfuðu á sjúkrahúsinu og heilsugæslustöðinni 83 starfsmenn. Heimiluð stöðugildi á sama tíma voru 62. Legudagar alls voru 13.155 og rannsóknir 12.729, skurðaðgerðir 271 og fæðingar 41. Skurðstofa er á sjúkrahúsinu og slysastofa rekin af því. Endurhæfingastöð er starfrækt við sjúkrahúsið.

Ágreiningur er um tilgreininguna meintæknar (0,5).

Stefnandi kveðst telja hana allt of víðtæka miðað við þörf til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Í auglýsingu nr. 27 1992 voru fyrirmæli um að störf á rannsóknarstofu skyldu verða eins og stórhátíð og telur stefnandi það rétta tilgreiningu. Í bréfi sjúkrahússins frá 27. apríl 1995 dskj. 98 segir svo: „Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað sinnir bráðaþjónustu fyrir Austurland og Austfirði. Við sjúkrahúsið eru starfandi þrír læknar. Sérfræðingur í skurðlækningum og lyflækningum og svæfingalæknir. Bráðamóttaka fyrir lyfjadeild og handlæknisdeild er allan sólarhringinn. Sjúklingar hafa verið um 750 á ári og koma víða að. Það er ekki viðunandi staða fyrir sjúkrahús sem sinnir bráðamóttöku sjúklinga að hafa ekki á daginn einn starfsmann á röntgendeild og einn á rannsóknardeild. Meinatæknir og röntgentæknir sinna bakvöktum eftir vinnutíma á daginn, um helgar og á hátíðum". Í sama bréfi segir ennfremur: „Stjórnendur FSN gera þá kröfu að ein staða röntgentæknis og ein staða meinatæknis verði viðurkennd sem lágmarksmönnun ef til verkfalls kemur".

Þegar litið er til þess að um bráðaþjónustu er að ræða á sjúkra-

húsinu sem og stöðu meinatæknis í hjúkrunarferlinu, þykir eftir atvikum rétt að taka kröfu sjúkrahússins til greina og ákveðst þá tilgreiningin þannig meinatæknir dagvinna (1).

9. Sjúkrahúsið á Egilsstöðum.

Heilsugæslulæknir gegnir læknisþjónustu við þetta sjúkrahús. Fjöldi rúma er um 35.

Ágreiningur er um tilgreininguna, sem er sameiginleg fyrir sjúkrahús og heilsugæslu, meinatæknar dagvinna (0,5).

Stefnandi mótmælir þessari nýju tilgreiningu á störfum meinatækna sem allt of víðtækri miðað við fyrirmæli 19. gr. laga nr. 94 1986. Telur hann þau eiga að vera eins og á síðasta undanþágulista að aðeins skuli miðað við starfsemi eins og hún sé á stórhátíð. Í bréfi sjúkrahússins dags. 22. apríl 1995 segir svo: „Meinatæknir við heilsugæslustöðina á Egilsstöðum, sem jafnframt þjónar sjúkrahúsinu, vinnur reglubundna vinnu á dagvöktum virka daga og ekki er um að ræða sérstakt fyrirkomulag vegna vinnu á stórhátíðum". Með hliðsjón af þessu og með tilvísun til þess er segir í lið 1 hér að framan um sjúkrahúsið á Akranesi þykir tilgreiningin mega óbreytt standa.

10. Sjúkrahús Suðurlands.

Þetta sjúkrahús flokkast eftir lögum um heilbrigðisþjónustu sem almennt sjúkrahús. Það er ekki að lögum deildarskipt að öðru leyti en því hvað varðar skiptingu í almenna sjúklinga og langlegu sjúklinga. Fjöldi rúma er 61 og starfsmannafjöldi ca. 150 og setin stöðugildi tæplega 100. Sjúklingafjöldi 1994 var 1.376, skurðaðgerðir 916, fæðingar 185 og rannsóknir sama ár 25.740. Stöðugildi sérfræðinga við sjúkrahúsið eru 4,0 og sinna þeim fimm læknar. Skurðlæknir, yfirlæknir, svæfingarlæknir og kvensjúkdómalæknir hver um sig í 75% stöðum. Auk þess er aðstoðarlæknir í 100% stöðu. Sjúkrahúsinu er ætlað að þjóna Selfosskaupstað auk íbúa Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Íbúafjöldi svæðisins var tæplega 16 þúsund manns í desember 1994. Heilsugæslustöðin á Selfossi er rekin í starfstengslum við sjúkrahúsið eins og kveðið er á um í 12. gr. laga um heilbrigðisþjónustu þannig að þjónustudeildir og starfsstöð nýtist fyrir hvor tveggja. Ennfremur er sjúkrahúsið í starfstengslum við meðferðarheimilið að Sogni.

Ágreiningur er um tilgreiningarnar: Hjúkrunarfræðingar á skurðstofu gæsluvakt (1) og meinatæknar á rannsóknarstofu dagvinna

(0,5) og gæsluvakt (1) utan dagvinnu. Stefnandi mótmælir þeim breytingum sem hann telur felast í tilgreiningunni í auglýsingu nr. 68 1995 varðandi skurðstofu og rannsóknardeild. Telur hann tilgreininguna víðtækari en áður var og langt umfram það sem þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Er meira að segja svo að sögn stefnenda, að á þessu sjúkrahúsi sé ekki viðhaft gæsluvaktarfyrirkomulag í dag. Störf eða starfsemi meinatækna og á skurðstofu telur hann að skuli vera eins og á stórhátíð. Í bréfi sjúkrahússins frá 3. maí 1995, dskj. 102, segir að nauðsynlegt sé að fram komi „að við Sjúkrahús Suðurlands er viðhaft bakvaktarfyrirkomulag á hjúkrunarfræðingum á skurðstofu, einnig er viðhaft bakvaktarfyrirkomulag á rannsóknarstofu um helgar. Ekkert sérstakt stórhátíðarfyrirkomulag hefur verið á vöktum og mun því slík viðmiðun í verkfalli vera með öllu ónothæf. Þar sem meinatæknar starfa aðeins á bakvöktum um helgar, en starfa eingöngu á dagvöktum aðra daga, er nauðsynlegt að viðhafa slíkt fyrirkomulag, enda gert ráð fyrir að skerðing verði á stöðufjölda í verkfalli. Gífurleg aukning hefur verið á starfsemi Sjúkrahúss Suðurlands undanfarin misseri og má sem dæmi nefna að fjölgun fæðinga á árinu 1994 frá 1993 var 42,3% og enn er veruleg aukning á starfseminni. Þannig hefur legudögum fjölgað 21,7% á sama tíma. Það er því ljóst að sunnlendingar gera æ meiri kröfur um þjónustu í sinni heimabyggð. Þessu verður að mæta með betri viðbúnaði á sjúkrahúsinu".

Að framangreindu athuguðu og með vísan til liðs 1, Sjúkrahússins á Akranesi, teljast ekki efni til að breyta tilgreiningum samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995.

II. Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum.

Sjúkrahúsið flokkast eftir lögum um heilbrigðisþjónustu sem almennt sjúkrahús. Slíkt sjúkrahús tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga. Þar hafa starfað á undanförnum árum milli 95 og 100 manns á 66,3 setnum stöðugildum. Fjöldi rúma í notkun 1993 var 48, sjúklingafjöldi það ár 807 og legudagar 10.664. Skurðaðgerðir 580 og rannsóknir 20.844. Sjúkrahúsinu er ætlað að þjóna Vestmannaeyjabæ og sé öllum legum á sjúkrahúsinu skipt eftir því frá hvaða landssvæði sjúklingarnir koma, þ.e. eftir lögheimili þeirra, sést að 93% eru frá Vestmannaeyjum. Sjúkrahúsið hefur á að skipa sérfræðingi í handlæknisfræði, sérfræðingi í lyflæknisfræði og svæfingarlækni öllum í

fullri stöðu auk þess er staða fyrir aðstoðarlækni á sjúkrahúsinu, sem heilsugæslulæknar fjórir að tölu skipta milli sín hver í 0,25 stöðu.

Ágreiningur er um tilgreiningu hjúkrunarfræðinga á skurðstofu gæsluvakt (2).

Stefnandi mótmælir tilgreiningunni um starfsemi á skurðstofu og telur hana miklu víðtækari en þörf sé á. Hann tekur fram að gæsluvakta tilgreining sú, sem viðhöfð sé varðandi þetta sjúkrahús sé víðtækari en það gæsluvaktarfyrirkomulag sem notað sé í dag við venjulegar aðstæður. Í bréfi sjúkrahússins dags. 4. maí 1995, dskj. nr. 104, segir að nauðsynlegt sé að fram komi „að við Sjúkrahús Vestmannaeyja er ekkert sérstakt stórhátíðarfyrirkomulag á vöktum hjúkrunarfræðinga og mun því slík viðmiðun í verkfalli verða með öllu ónothæf. Aðeins tveir hjúkrunarfræðingar starfa við skurðstofu sjúkrahússins og er ekki unnt að framkvæma neinar aðgerðir á skurðstofu nema þeir báðir séu viðstaddir aðgerðir".

Eftir atvikum þykir ekki efni til að breyta tilgreiningu á undanþágulistanum eins og hann liggur nú fyrir.

12. Sjúkrahús Suðurnesja.

Þetta sjúkrahús flokkast samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu sem almennt sjúkrahús. Rúmafjöldi árið 1994 var 58, legudagar alls 18.014, skurðaðgerðir 1.053, fæðingar 279 og rannsóknir 32.373. Starfssvæðið er Reykjanes og íbúafjöldi þess var á ofangreindu ári tæplega 16 þúsund manns. Um 86% af öllum legudögum á sjúkrahúsinu er vegna sjúklinga á svæðinu. Stöðugildi sérfræðinga við sjúkrahúsið eru 3,85 og sinna þeim átta læknar. Skurðlæknar eru tveir. Annar er í 75% stöðu og er hann yfirlæknir. Hinn skurðlæknirinn er jafnframt lýtalæknir og er hann í 50% stöðu. Fæðingalæknar eru tveir hvor í 50% stöðu og annar þeirra yfirlæknir fæðingardeildar. Svæfingarlæknir er í 100% stöðu. Ennfremur eru ráðnir við sjúkrahúsið bæklunarlæknir í 25% stöðu, háls- nef- og eyrnalæknir í 25% stöðu og barnalæknir í 10% stöðu og sinnir sá ungbarnaeftirliti á fæðingardeildinni. Sjúkrahúsið er í starfstengslum við Heilsugæslustöð Suðurnesja.

Ágreiningur er um hjúkrunarfræðinga á skurðstofu gæsluvakt (3) virka daga og meinatækna á rannsóknarstofu gæsluvakt (2,8) frá kl. 08-24.

Stefnandi telur að tilgreining um störf á skurðstofu og rannsóknarstofu sé miklu víðtækari en þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu og mun víðtækari en áður hafi verið. Samkvæmt fyrri tilgreiningum hafi störf á þessum deildum átt að fara fram eins og á stórhátíð. Bendir hann á í þessu sambandi að skurðstofa á þessu sjúkrahúsi sé lokuð í þrjá mánuði á ári, þ.e. yfir sumarmánuðina, og því sé aldeilis fráleitt, að henni sé haldið opinni í verkfalli. Stefndi bendir á, að lokun skurðstofu hafi stafað af niðurskurði á fjárveitingum og sé þar ekki um varanlegt ástand að ræða. Ennfremur vísar hann til þess að nauðsynlegt sé að tilgreining sé um gæsluvakt. Hins vegar felst stefndi á, að aðeins verði starfandi einn meinatæknir á gæsluvakt frá kl. 08:00-24:00.

Eftir atvikum og í samanburði við önnur sjúkrahús þykir rétt að tilgreining vegna hjúkrunarfræðinga verði: gæsluvakt (1) og tilgreining vegna rannsóknarstofu verði „meinatæknar gæsluvakt (1) frá kl. 08-24".

Ríkisspítalar stoðdeildir.

Endurhæfingadeild.

Stefnandi telur, að tilgreining um að sjúkraþjálfarar (1) skuli starfa allan daginn og einn sjúkraþjálfari skuli vera á gæsluvakt allan sólarhringinn sé allt of víðtæk miðað við það sem þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Hann kveðst vilja vekja athygli á, að samkvæmt auglýsingu nr. 27 1992 hafi verið tekið fram að endurhæfingadeild skuli starfa eins og á stórhátíð. Hann lýsir því þó yfir, að hann geti fallist á að tilgreining yrði sú, að sjúkraþjálfarar (1) starfi í dagvinnu á Kópavogshæli, en í því felist viðbót við tilgreiningu skv. fyrri skrá, þ.e. nr. 27 1992. Fjöldi rúma á Landspítala er 825 á Borgarspítala 408 og á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 133. Stéttarfélagið hefur samþykkt að á hinum tveim síðarnefndu spítölum skyldi fara fram vinna sjúkraþjálfara á verkfallstíma í samræmi við stórhátíðarfyrirkomulag og gæsluvakt sjúkraþjálfara allan sólarhringinn á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Með hliðsjón af þessu telst umdeild tilgreining samkvæmt undanþáguskrá ekki óeðlileg. Ekki er fallist á að binda umrætt starf við Kópavogshæli þar sem það er í verkfalli á valdi stefnda að ákveða með hvaða fyrirkomulagi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu verði sinnt, sbr. dóm Féld. frá 26. maí 1995.

Ríkisspítalar rannsóknarstofur.

1. Litningarannsóknir.

Um tilgreiningu á störfum við litningarannsóknir telur stefnandi að hún sé allt of víðtæk. Í auglýsingu 27 1992 sé gert ráð fyrir að störf meinatækna/náttúrufræðinga (1) við litningarannsóknir séu eins og á stórhátíðarvakt. Telur hann þá tilgreiningu rétta. Tilgreiningin í auglýsingunni nr. 68 1995 feli í sér aukningu frá fyrri auglýsingu. Tilgreiningin sé langt umfram það sem þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Stefndi telur að á litningarannsóknardeild ríkisspítala starfi að jafnaði samtímis tveir líffræðingar og fjórir meinatæknar, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi, auk rannsóknarmanns í fullu starfi og læknis í fullu starfi. Stefndi telur þá þjónustu nauðsynlega með tilliti til öryggisgæslu og lágmarks heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma. Það geti orðið óbætanlegt tjón fyrir viðkomandi sjúkling ef nauðsynlegum sýnum er annað hvort ekki veitt viðtaka eða þau ekki unnin. Nægi þar að nefna nýfædd börn með vanskapnað, þungaðar konur í áhættuhópi með tilliti til fósturgalla og sjúklinga með illkynja æxli, einkum hvítblæði. Að sumu leyti vinni líffræðingar og meinatæknar að sömu verkefnum, en að sumu leyti sé um verkaskiptingu að ræða. Hingað til hafi einungis komið til verkfalls hjá annarri stéttinni í einu. Þá hafi sú stétt sem í verkfalli hefur verið í það sinnið, sinnt sínum afmörkuðu verkefnum í samræmi við samþykktar undanþágubeiðnir eins og ástæða hafi verið til miðað við þau sýni sem til rannsóknar hafi verið hverju sinni. Hin stéttin hafi að sjálfsögðu unnið fulla vinnu á meðan. Fyrirfram skipulögðu vaktakerfi hafi verið haldið gangandi á öllum frídögum til að veita viðtöku hugsanlegum bráðasýnum og til að koma í veg fyrir að þau mikilvægu rannsóknarsýni, sem í ræktun hafi verið, eyðilegðust. Líffræðingar og meinatæknar hafi tekið gæsluvaktir þessa frídaga til skiptis samkvæmt ákveðnu vaktakerfi og í hlutfalli við starfshlutfall. Bráðasýni hafi verið fullunnin virka daga samkvæmt undanþágum.

Ljóst má vera, að rannsóknirnar ber að manna samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna. Um er að ræða rannsóknir, sem sýnilegt er að ekki mega þola bið án þess að öryggi og heilsu fólks verði stefnt í hættu. Með hliðsjón af hinni almennu mönnun við rannsóknirnar þykir tilgreiningunni í hóf stillt og ber því að hafna kröfu stefnanda.

Vefjarannsóknir 1 og 2.

Stefnandi krefst þess að felld verið brott tilgreining, að því leyti sem fram kemur í kröfugerð, um störf á rannsóknarstofu í meinafræði (RH) vefjarannsóknir 1 og 2. Megi um þá kröfugerð segja hið sama og um síðast greindan kröfulið. Taki mótmælin til tilgreininga á störfum meinatækna á vefjarannsóknum 1 og 2, sem samkvæmt tilgreiningu í auglýsingu nr. 68 1995 sé allt of víðtæk. Samkvæmt auglýsingu nr. 27 1992 skyldu meinatæknar (2) starfa eins og á stórhátíðarvakt og telur stefnandi að það sé efnislega rétt tilgreining, sem sé auk þess miklu skýrari en sú sem lagt er til í hinni nýju auglýsingu. Stefndi telur að á vefjarannsóknarstofu 1 og 2 hafi engin breyting orðið frá því sem verið hafi samkvæmt auglýsingu nr. 27 1992, en þar skuli nú starfa tveir meinatæknar og annar þeirra á gæsluvakt. Með því verði að telja að frekar hafi verið dregið úr mönnun en hitt og tilgreiningin gerð nákvæmari en áður. Þess vegna sé því alfarið mótmælt að tilgreiningin sé allt of víðtæk.

Við samanburð á undanþáguskránum er svo að sjá að við hafi bæst meinatæknir á gæsluvakt. Verkefni þessara rannsókna mun vera að skoða vefjasýni til frekari sjúkdómsgreiningar, enda mun aldrei mega taka slík sýni nema til skoðunar vefjafræðideildar komi. Beiðnir um skoðun geta komið frá flestum deildum spítalans en sérstaklega frá handlæknisdeildum. Starfsemi þessara deilda sýnist vera ómissandi liður í lækningaferlinu og teljast ekki efni til að breyta þessari tilgreiningu. Er kröfu stefnanda því hafnað.

Rannsóknarstofur í blóðmeina- og meinefnafræði.

Hin umdeilda tilgreining er: Meinatæknar (4) og meinatæknar á gæsluvakt (1). Stefnandi mótmælir tilgreiningunni í auglýsingunni eins og fram kemur í kröfugerð. Hann segir rökin sömu og að framan greinir. Samkvæmt auglýsingu nr. 27 1992 skyldu störf á rannsóknardeild I – II á LSP eins og tilgreiningin var þá vera eins og á stórhátíðarvakt. Stefndi telur að í raun sé um að ræða fækkun frá því sem verið hafði í auglýsingu nr. 27 1992, þar sem nú sé miðað við gæsluvakt en ekki stórhátíðarfyrirkomulag. Við samanburð á auglýsingunum frá 1992 og frá 1995 verður ekki séð, að um aukningu starfa sé að ræða.

Er kröfu stefnanda því hafnað.

Ísótópastofa.

Starfsemi þessarar deildar lýtur að rannsóknum vegna sjúkdómsgreininga svo sem t.d. á krabbameini, skjaldkirtilssjúkdómum o.fl. Ágreiningurinn snýst um tilgreininguna meinatæknar á gæsluvakt (1). Stefnandi gerir kröfu um að tilgreiningin verði felld úr gildi að því leyti sem fram komi í kröfugerð. Vísar hann um röksemdir til síðustu kröfuliða. Er vitnað til auglýsingar nr. 27 1992 um að störf skyldu vera eins og á stórhátíðarvakt. Stefndi telur, að varðandi ísótópastofu sé í raun um að ræða fækkun starfa á sama hátt og áður greini um blóðmeina- og meinefnafræðideild. Af undanþáguskránni frá 1992 má sjá, að á ísótópastofu skyldi vera að störfum meinatæknir (1) en í gildandi skrá er aðeins reiknað með meinatækni á gæsluvakt (1). Teljast því ekki efni til að taka kröfu stefnanda til greina og er þá litið jafnframt til starfsemi deildarinnar.

Sýklarannsóknardeild.

Þessi deild sinnir mikilvægu hlutverki við rannsóknir við leit að bakteríum vegna sjúkdómsgreininga. Hin umdeilda tilgreining varðar tvo meinatækna og meinatækni á gæsluvakt. Stefnandi gerir kröfu um að tilgreiningin verði felld niður með sömu rökum eins og fyrr greinir. Samkvæmt auglýsingu nr. 27 1992 skyldu störf á sýklarannsóknardeild vera eins og á stórhátíðarvakt og telst það að mati stefnanda rétt tilgreining. Í áðurgreindri undanþáguskrá frá 1992 var tilgreiningin: Meinatæknir (1) og meinatæknir á gæsluvakt (1). Er því um að ræða fjölgun um einn meinatækni. Í bréfi yfirlæknis dags. 28. apríl 1995, dskj. 108, segir svo: „Í síðasta verkfalli meinatækna kom berlega í ljós að einn meinatæknir annaði ekki þeirri lágmarksþjónustu sem aðilar voru sammála að innt skyldi af hendi og jafnframt hafa þá yfirsýn sem nauðsynleg er til að koma í veg fyrir slys. Því voru ætíð að jafnaði tveir meinatæknar að störfum og viðbótarstarfskraftur kallaður til starfa að auki þegar þörf var á. Viðmiðun við stórhátíð, sem stendur aldrei nema á annan sólarhring, er ljóslega ekki viðeigandi þegar um er að ræða verkföll, sem geta staðið vikum saman". Með tilvísun til þess, sem að framan er rakið þykir eiga að manna deildina samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. en ekki 20. gr. Er kröfu stefnanda því hafnað.

Ónæmisfræðideild.

Í undanþáguskrá nr. 68 1995 er tilgreiningin: Meinatæknar á gæsluvakt (1). Samkvæmt eldri skrá nr. 27 1992 var tilgreiningin:

Meinatæknir (1). Stefnandi mótmælir tilgreiningunni og vísar til sömu röksemda og áður, en samkvæmt auglýsingu 27 1992 skyldi starfsemin þar vera eins og á stórhátíðarvakt að hann telur. Stefndi segir tilgreininguna á ónæmisfræðideild í hinni nýju skrá óbreytta að öðru leyti en að miðað sé nú við gæsluvakt. Vísar hann að öðru leyti til fyrri röksemda hér að lútandi. Ekki teljast efni til að taka kröfu stefnanda til greina og er henni því hafnað.

Veirufræðideild.

Starfsemi þessarar deildar varðar nútíma sjúkdómsgreiningar og felur í sér rannsóknir og ræktun blóðsýna og ýmissa annarra sýna sem og mótefnamælingar og margt fleira. Er hún á sínu sviði hliðstæð sýklarannsóknadeild. Ágreiningur er um tilgreiningarnar á almennri deild: Meinatæknir (1) og náttúrufræðingur (1) og við áhætturannsóknir náttúrufræðingar á gæsluvakt (1). Eldri tilgreining var: Meinatæknir/ náttúrufræðingur (1). Stefnandi mótmælir því tilgreiningu um störf á deildinni bæði almennri deild og við áhætturannsóknir. Vísar hann til þeirra röksemda er áður greinir, auk þess sem hann bendir á að tilgreiningin feli í sér mikla aukningu á fyrri auglýsingu. Telur hann engin rök hafa verið færð fyrir hinni auknu tilgreiningu í auglýsingu nr. 68 1995. Stefndi telur þörf fyrir undanþágu fyrir einn meinatækni/náttúrufræðing og stafi aukningin af því að sitthvort starfið sé sérhæft og ókleift að starfsmennirnir gangi á milli í starf hvors annars. Þá mótmælir hann sem áður viðmiðun við stórhátíðarfyrirkomulag. Vegna mikilvægis þessarar deildar í lækningaferlinum þykir rétt að hafna kröfum stefnanda.

Blóðbankinn.

Ágreiningur er um tilgreiningu hjá blóðónæmisdeild í blóðbanka er svofelldur: Náttúrufræðingar (4) og náttúrufræðingar á gæsluvakt (2). Eldri tilgreining var: Blóðónæmisdeild náttúrufræðingar (2) og náttúrufræðingur (1) á umframvakt við eyðniprót. Stefnandi kveðst mótmæla tilgreiningunni með sömu rökum og áður. Hann tekur fram að það sé ekki rétt, þegar fullyrt er af hálfu stefnda, að breyting á vægi starfa á Landspítalanum í Reykjavík vegna tilflutnings á störfum frá Landakotsspítala skipti hér einhverju máli. Hann tekur fram að blóðbankinn hafi þjónað öllu landinu nema Akureyri og nærsveitum. Þess vegna skipti tilfærsla í störfum milli einstakra sjúkrahúsa á Stór-Reykjavíkursvæðinu engu máli. Stefndi telur fjölgun undanþáguheimilda byggja á brýnni þörf svo sem lýst sé í

greinargerð forstöðulæknis blóðbankans. Bendir hann á, að í verkfalli Félags íslenskra náttúrufræðinga á árinu 1989 hafi komið upp tilvik þar sem legið hafi við stórslysum sökum undirmönnunar hjá blóðbankanum. Í skýrslu forstöðulæknis, dskj. 108, segir, að á rannsóknardeild starfi líffræðingar og einn meinatæknir. Stöðugildi séu 13,2. Starfsfólk rannsóknardeildar starfi við blóðflokkanir blóðgjafa og sjúklinga, vírusskimun blóðgjafa, blóðhlutavinnslu, gæðaeftirlit blóðhluta, blóðhlutalager, krossprófun eininga og frágang á rannsóknarniðurstöðu. Blóðbankinn sé eina sérhæfða stofnunin á sviði blóðbankaþjónustu á Íslandi. Hann safni rúmlega 90% þess blóðs sem safnað sé í landinu. Honum beri að tryggja að fyrir hendi sé nægilega stór blóðhlutalager. Þjónusta sé nauðsynleg svo ekki skapist „akút" ástand í meðferð sjúkra bæði með tilliti til slysa, skurðaðgerða, krabbameinslækninga og annarra meðferða. Hann segir að miklar og ófyrirsjáanlegar sveiflur séu fylgifiskar blóðbankastarfseminnar. Stafi það m.a. af því að geymsluþol blóðhlutalagersins sé ekki langt og í sumum tilfellum mjög stutt, t.d. að því er varðar blóðflöguþykkni er einungis geymast í 5 sólarhringa. Þá sé eftirspurnin mjög sveiflukennd og ekki fyrirsjáanleg. Þegar litið er til grundvallar stöðu blóðbankans í heilbrigðiskerfinu sem „akút" deildar þykir rétt að hafna kröfum stefnanda.

Röntgendeild.

Ágreiningur hér er varðandi tilgreiningarnar: Röntgen virka daga röntgentæknar á gæsluvakt (1) og röntgen aðra daga röntgentæknar á gæsluvakt (2). Tilgreiningin sýnist vera sú sama og var í undanþáguskrá frá 1992. Stefnandi mótmælir störfum á röntgendeild eins og þau eru tilgreind í auglýsingu um undanþágur 1995. Hann telur ljóst að tilgreiningin feli í sér mikla aukningu frá því sem var skv. fyrri auglýsingu og hafi sú aukning ekki verið rökstudd eða réttlætt og geri hann því kröfu um að tilgreiningin í auglýsingunni verði felld úr gildi eins og kröfugerðin sé sett fram. Stefndi andmælir því að starfað verði eins og á stórhátíð og með sömu rökum og fyrr. Ennfremur mótmælir hann því að um sé að ræða mikla aukningu starfa eins og stefnandi haldi fram. Ekki hafa verið leidd rök að því að um aukningu starfa sé að ræða frá fyrri undanþágulista sem og því, að þegar litið er til umfangs læknisaðgerða á viðkomandi sjúkrahúsi sýnist mönnun röntgendeildar í verkfalli vera í hóf stillt og er þá jafnframt litið til annarra stórra sjúkrahúsa í landinu.

St. Jósepsspítali, Hafnarfirði.

Hér deila málsaðilar um tilgreiningarnar: Skurðstofur og sótthreinsun hjúkrunarfræðingar gæsluvakt (1), svæfingadeild hjúkrunarfræðingar gæsluvakt (1), speglunardeild hjúkrunarfræðingar dagvinna (0,5) og Rannsókn yfirmeinatæknir dagvinna (0,5) gæsluvakt utan dagvinnu. Stefnandi andmælir tilgreiningum á sjúkrahúsinu varðandi eftirtaldar deildir: Skurðstofur og sótthreinsun, svæfingadeild, speglunardeild og Rannsókn. Hann telur tilgreiningar varðandi þær allt of víðtækar og langt umfram það sem þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Einnig vegna þess að í þeim felist engin efnisleg takmörkun. Vísar hann til auglýsingar nr. 27 1992 þar sem tekið sé fram að um störf á þessum deildum skuli fara eins og á stórhátíð. Stefndi mótmælir því, að störf hjúkrunarfræðinga á fyrrnefndum deildum feli í sér allt of víðtæka mönnun. Hann telur mönnun skv. hinni nýju skrá í raun minni en áður hafi verið, bæði með því að ráðgert er að hver hjúkrunarfræðingur standi gæsluvakt og því að á speglunardeild sé fækkað um hálft stöðugildi. Hann kveðst þó geta fallist á að við rannsókn verði tilgreiningin: Meinatæknir (1) gæsluvakt allan sólarhringinn. Í bréfi sjúkrahússins dags. 16. janúar 1995, dskj. 111, segir svo: „Þær breytingar sem fram koma eru í samræmi við það hlutverk sem sjúkrahúsinu er ætlað í auglýsingu frá heilbrigðisráðuneyti frá því á síðasta ári. Bráðavaktir á lyflækningadeild kalla á viðvarandi starfsemi á speglunardeild. Þá er einnig gert ráð fyrir því að starfsemi á handlækningadeild kalli á viðvarandi starfsemi á skurð- og svæfingadeild. Þetta á einnig við um Rannsókn og Röntgen". Með tilvísun til framanritaðs telst rétt að tilgreiningarnar standi óbreyttar að öðru leyti en því að tilgreining fyrir rannsókn verði „meinatæknir (1) gæsluvakt allan sólarhringinn".

Því er nokkuð áfátt hvernig málsaðilar hafa lagt mál þetta sem og fleiri undanþágumál fyrir dóminn. Stefnt var ófyrirsynju vegna fjölda starfa sem stefnandi á ekki aðild að. Yfirþyrmandi umræða um lögskýringu er haldið uppi linnulaust en lýsing málavaxta að sama skapi ófullnægjandi. Þannig er ekki gerð grein fyrir stöðu hverrar sjúkrastofnunar í heilbrigðiskerfinu og tíðast á ófullnægjandi hátt stöðu rannsóknar- eða stoðdeilda eða deilda innan sjúkrastofnunar og ekki hvernig einstök störf stétta tengjast hjúkrunarferlinum. Sjaldnast er getið venjulegrar mönnunar viðkomandi

vinnustaðar (deildar). Læknisfræðileg álit skortir of mikið um nauðsyn starfanna, þótt á læknisfræðilegu mati verði fyrst og fremst að byggja hvaða störfum skuli sinna í verkfalli til „að öryggi og heilsu fólks verði ekki stefnt í hættu".

Úr þessu hefur verið reynt að bæta með upplýsingum úr opinberum skýrslum og áliti sérfróðra manna, sbr. 62. gr. laga nr. 80 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem eftir atvikum telst hæfilega ákveðin kr. 100.000.

D ó m s o r ð:

Hinar umdeildu tilgreiningar samkvæmt auglýsingu nr. 68 1995 skulu standa óbreyttar að öðru leyti en því er að neðan greinir.

Sjúkrahús Skagfirðinga:

Niður falli tilgreining á rannsóknarstofu og skurðstofu og í stað hennar komi:

Meinatæknir/náttúrufræðingur,	gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.
Skurðstofa, hjúkrunarfræðingar,	gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri:

Niður falli tilgreiningin: Sjúkraþjálfarar dagvinna (1) gæsluvakt (1) utan dagvinnu, en í stað hennar komi:

Sjúkraþjálfarar,	gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.

Sjúkrahúsið á Húsavík:

Niður falli tilgreiningin: Hjúkrunarfræðingar gæsluvakt (1,4). Í staðinn komi:

Hjúkrunarfræðingar,	gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.

Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað:

Niður falli tilgreiningin: Meinatæknir (0,5). Í staðinn komi:

Meinatæknir,	dagvinna (1).

Sjúkrahús Suðurnesja:

Niður falli tilgreiningarnar skurðstofa: Hjúkrunarfræðingar gæsluvakt (3) virka daga og á rannsóknarstofu: Meinatæknar gæsluvakt kl. 08-24. Í staðinn komi:

Skurðstofa,	gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.
Rannsóknarstofa: Meinatæknir,	gæsluvakt (1) frá kl. 08-24.

St. Jósefsspítali Hafnarfirði:

Niður falli á rannsóknarstofu tilgreiningin: Yfirmeinatæknir dagvinna (0,5) gæsluvakt utan dagvinnu. Í staðinn komi:

Rannsóknarstofa, meinatæknir,	gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.

Stefnandi, Bandalag háskólamanna greiði f.h. framangreindra aðildarfélaga sinna fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs kr. 100.000 í málskostnað.

Föstudaginn 29. mars 1996.

Nr. 1/1996. **Blaðamannafélag Íslands**
f.h. félagsmanna sinna á
fréttastofu Stöðvar 2
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Íslenska útvarpsfélaginu hf.
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Kjarasamningur. Frídagar. Yfirvinna.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Valgeir Pálsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. þ.m., var höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 13. febrúar sl.

Stefnandi er Blaðamannafélag Íslands, kt. 690372-0109, Síðumúla 23, Reykjavík, f.h. félagsmanna sinna á fréttastofu Stöðvar 2, Lynghálsi 5, Reykjavík.

Stefndi er Íslenska útvarpsfélagið hf., kt. 500685-0269, Lynghálsi 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að dæmt verði, að félagsmenn stefnanda á fréttastofu Stöðvar 2 geti krafið stefnda um greiðslu stórhátíðarálags samkvæmt fyrri hluta b-liðs 5. gr. vinnusamnings frá 13. maí 1991, það er um 8 vinnustundir í yfirvinnu, falli frídagur samkvæmt vaktatöflu á stórhátíðardag, frá mánudegi til föstudags á hverjum tíma.
2. Að dæmt verði, að stefnda sé óheimilt að ákveða einhliða að greiða stórhátíðarálag samkvæmt ofangreindu samningsákvæði, með frídögum.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi þess að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að þann 13. maí 1991 hafi félagsmenn stefnanda á fréttastofu Stöðvar 2 gert samning við vinnu-

veitanda sinn um fyrirkomulag ýmissa launaþátta. Meðal annars hafi verið samið um svokallað stórhátíðaálag og sé fyrirkomulag þess að finna í 5. gr. samningsins. Samningur þessi sé enn í gildi milli málsaðila, en risið hafi upp ágreiningur um túlkun á fyrri hluta b-liðs 5. gr. samningsins sem hljóðar svo:

„b. að falli frídagur skv. vaktatöflu á stórhátíðardag frá mánudegi til föstudags skal hann bættur með öðrum frídegi eða greiðslu 8 stunda í yfirvinnu. . .."

Stefnandi heldur því fram, að frá því að samningur þessi var gerður og fram til páska á árinu 1995 hafi samningsákvæði þetta verið framkvæmt á þann hátt, að viðkomandi launþegum hafi undantekningalaust verið greitt með peningagreiðslu, þ.e. 8 stundir í yfirvinnu fyrir hvern einstakan frídag á tilgreindu tímabili. Aldrei hafi verið greitt með frídegi eins og ákvæðið geri þó ráð fyrir samhliða og að launþegar hafi túlkað þetta ákvæði svo að þeir ættu rétt á greiðslum kysu þeir svo.

Síðan hafi það gerst, að á páskum 1995 hafi stefndi einhliða ákveðið að breyta fyrirkomulagi þessu og greiða viðkomandi einungis með frídögum. Þessu hafi starfsmenn mótmælt og gert ráð fyrir að stefndi myndi leiðrétta síðar og jafnframt sjá til þess að þetta kæmi ekki fyrir aftur. Ekki hafi það þó gengið eftir og þetta verið endurtekið á síðustu jólum.

Ítrekað hafi verið reynt að knýja fram leiðréttingu á meintri mistúlkun stefnda á umdeildu kjarasamningsákvæði, en allt hafi komið fyrir ekki. Stefnandi hafi m.a. bent stefnda á að félagar í Rafiðnaðarsambandi Íslands, sem starfa hjá Stöð 2 og njóti sambærilegra kjaraákvæða, fái greiddar yfirvinnustundir vegna frídaga á stórhátíðum en engar skýringar hafi fengist á meintri mismunun. Í raun hafi engar skýringar fengist á framferði stefnda aðrar en þær að Rafiðnaðarsamband Íslands túlkaði umdeilt ákvæði á einhvern tiltekinn máta.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því, að fullt samkomulag hafi verið milli málsaðila frá undirritun samnings þann 13. maí 1991 fram til páska á árinu 1995 um að félagsmenn stefnanda hjá Stöð 2 ættu rétt á yfirvinnugreiðslu, kysu þeir svo, þ.e. ef fyrri hluti b- liðs 5. gr. ætti við. Stefnandi lítur svo á, að túlkun þessi hafi fest sig í sessi og skapað

venju og jafnframt að ekki nægi að annar samningsaðilinn skipti um skoðun löngu síðar.

Stefnandi byggir á því, að útilokað sé að túlka fyrri hluta b-liðs 5. gr. samningsins öðru vísi en svo, en að viðkomandi starfsmaður geti ráðið því sjálfur hvort greitt sé með peningum eða frídögum. Hann telur, að ef vinnuveitandi hefði átt að ráða því einhliða, þá hefði það þurft að koma fram í ákvæðinu sjálfu á óyggjandi hátt.

Að lokum byggir stefnandi á því, að starfsmönnum á Stöð 2 sé mismunað varðandi umdeilt kjarasamningsákvæði. Hann segir, að félagar í Rafiðnaðarsambandi Íslands sem vinna á Stöð 2, sem njóti sömu kjara, ráði því sjálfir hvort greitt sé með peningum eða frídögum. Fyrirkomulagi gagnvart þeim hafi ekki verið breytt, einungis gagnvart félagsmönnum stefnanda á þessum vinnustað. Stefnandi telur mismunun þessa brot á jafnræðisreglunni, því ólöglegt sé að túlka sama samningsákvæði mismunandi eftir því hver samningsaðilinn sé. Stefnandi telur með öðrum orðum, að grundvallaratriði sé, að félagsmenn stefnanda njóti a.m.k. sömu túlkunar á sama kjarasamningsákvæðinu og aðrir launþegar á sama vinnustað.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi kveður hið umdeilda ákvæði b-liðar 5. gr. samnings aðila vera sótt í kjarasamning Rafiðnaðarsambands Íslands og viðsemjenda þeirra. Hjá forsvarsmönnum Rafiðnaðarsambandsins sé sá skilningur á ákvæði þessu að starfsmaðurinn eigi fyrst og síðast rétt til þess að fá annan frídag þegar svo ber undir, sem í ákvæðinu er lýst. Geti vinnuveitandinn ekki orðið við því skuli hann bæta frídaginn með launum sem svari til átta stunda yfirvinnukaups.

Ákvæði þetta sé ekki valkvætt fyrir þá starfsmenn stefnda sem lúta ákvæðinu, heldur feli það í sér sérstaka skyldu stefnda til þess að greiða starfsmönnum sínum átta stunda yfirvinnukaup, geti hann ekki séð til þess að þeir fái notið umsaminna eða lögboðinna frídaga. Ákvæðið feli ekki í sér neina launauppbót til starfsmanna stefnda.

Allur gangur hafi verið á því hjá stefnda bæði gagnvart félagsmönnum í Rafiðnaðarsambandinu og eins fréttamönnum hvort þeir hafi fengið greitt eða fengið auka frídaga. Vegna fámennis hafi það þó líklega oftar komið fyrir að fréttamönnum og tæknimönnum hafi verið greitt fyrir að taka ekki umsamda frídaga. Slíkt ráðslag kveður stefndi aldrei geta skapað neina venju eða orðið til þess að starfs-

menn hans fái val um það hvort þeir vinni í samningsbundnum fríum og fái aukagreiðslu fyrir eða taki sér frí.

Við endurskipulagningu á starfsemi fréttastofunnar hafi það gerst að stefndi hafi getað komið því í kring að starfsmenn hans nytu frídaga sinna.

Stefndi hafnar alfarið því sjónarmiði stefnanda að framkvæmd þessa ákvæðis hjá honum hafi skapað starfsmönnum rétt til að fá launagreiðslur í stað umsamins fris. Slíkt sé andstætt öllum hugmyndum í vinnurétti nútímans, sem gangi út á það að launafólk verði ekki látið vinnu yfirvinnu eða á umsömdum frídögum, nema um slíkt sé fullt samkomulag milli vinnuveitanda og starfsmanna hans.

Varðandi lagarök vísar stefndi til almennra reglna samninga og vinnuréttar. Varðandi málskostnaðarkröfu er vísað til 129. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Við skýringu á hinu umdeilda samningsákvæði er fyrst til þess að líta að greiðsla launa og launaígilda er ein af skyldum vinnuveitanda. Eðlilegt er að sá, sem á þess kost að fullnægja skyldu sinni með tvennum hætti, eigi val um hvorn háttinn hann kýs. Þessari niðurstöðu kann gagnstæð venja að breyta. Framkvæmd, sem verið hefur undantekningalaus um árabil frá samningsgerð og ætla má að launagreiðandi hafi talið sér skylt að hlíta, getur skapað launþega rétt og verður launagreiðandi þá bundinn af henni uns samningstímabilinu lýkur. Gegn andmælum stefnda hefur stefnandi ekki sýnt fram á slíka venju í vinnusambandi aðila og ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Íslenska útvarpsfélagið hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Blaðamannafélags Íslands f.h. félagsmanna sinna á fréttastofu Stöðvar 2, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 15. apríl 1996.

Nr. 2/1996 **Sjúkraliðafélag Íslands vegna félagsmanns síns Vivi Ann Mary Gjöveraa**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
bæjarstjórn Hornafjarðar
(Sveinn Sveinsson hrl.)

Kjarasamningur. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðni Haraldsson og Gísli Gíslason.

Málið, sem dómtekið var 10. apríl sl., er höfðað með stefnu útgefinn 11. mars sl. og þingfestri 13. s.m.

Stefnandi er Sjúkraliðafélag Íslands, kt. 560470-0190, Grettisgötu 89, Reykjavík vegna félagsmanns síns Vivi Ann Mary Gjöveraa, kt. 041240-8069, Sunnubraut 1, Höfn Hornafirði.

Stefndi er Sturlaugur Þorsteinsson bæjarstjóri, kt. 250253-2579, Fiskhóli 7, Hornafirði f.h. bæjarstjórnar Hornafjarðar.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði með dómi að félagsmaðurinn Vivi Ann Mary Gjöveraa eigi, á grundvelli kjarasamnings launanefndar A-Skaftafellssýslu og Sjúkraliðafélags Íslands frá 31. desember 1994, rétt til launa skv. launaflokki 117 skv. launatöflu Sjúkraliðafélags Íslands, á gildistíma kjarasamningsins.

Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. ákvörðun dómsins og að stefndi verði dæmdur til að bæta stefnanda þann kostnað sem hann hefur af greiðslu virðisaukaskatts af aðkeyptri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins. Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnda til greiðslu virðisaukaskatts af málskostnaðarfjárhæðinni.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Vivi Ann er félagi í Sjúkraliðafélagi Íslands og hefur starfað um

nokkurra ára skeið á Skjólgarði, Höfn, Hornafirði. Þann 31. desember 1994 var undirritaður kjarasamningur milli launanefndar A-Skaftafellssýslu og stefnanda. Um kjör starfsmanna á Skjólgarði átti skv. 2. gr. samningsins að fara eftir kjarasamningi stefnanda og fjármálaráðherra og fleiri aðila frá 30. desember 1994, að frátalinni röðun í launaflokka. Röðun sjúkraliða á Skjólgarði átti skv. 3. gr. samningsins að vera skv. launatöflu SLFÍ eða nánar tiltekið:

Sjúkraliði I	lfl. 115.
Sjúkraliði II	lfl. 116.

Þann 2. ágúst 1995 var kjarasamningur SLFÍ og fjármálaráðherra o.fl. frá 30. desember 1994 framlengdur með tilteknum breytingum og fyrirvörum. Í kjölfar þessara breytinga var kjarasamningur SLFÍ og launanefndar A-Skaftafellssýslu tekinn til endurskoðunar í samræmi við fyrirmæli í 4. gr. þess samnings. Er ganga átti frá nýjum kjarasamningi kom í ljós að ákvæðum gildandi kjarasamnings milli SLFÍ og launanefndar A-Skaftafellssýslu hefur ekki verið fylgt að öllu leyti að áliti stefnanda.

Vivi Ann hefur fengið greidd laun skv. launaflokki 116 skv. launatöflu SLFÍ en stefnandi telur hana eiga rétt til launagreiðslna skv. launaflokki 117 á grundvelli lokamálsliðar 6. gr. kjarasamnings SLFÍ og fjármálaráðherra o.fl. frá 30. desember 1994. Starfsskyldur sjúkraliða á Skjólgarði hafa um margt verið frábrugðnar því sem almennt tíðkast hjá sjúkraliðum. Komi þetta einkum til af því að sjúkraliðar á Skjólgarði þurfa að gegna störfum sem falla undir verksvið hjúkrunarfræðinga. Stefnandi telur að Vivi Ann beri því, vegna framangreinds ákvæðis, réttur til að vera raðað einum launaflokki ofar en ella.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Grunnröðun þeirra sjúkraliða sem eru félagar í SLFÍ og starfa á Skjólgarði hafi með kjarasamningi SLFÍ og launanefndar A-Skaftafellssýslu verið ákveðin þannig að þeir sjúkraliðar sem ættu að baki tveggja ára starfsreynslu (sjúkraliði II) tækju laun skv. launaflokki 116 en aðrir skv. launaflokki 115 (sjúkraliði I). Um önnur kjör sjúkraliða á Skjólgarði átti hins vegar að fara eftir kjarasamningi SLFÍ og fjármálaráðherra o.fl. frá 30. desember 1994. Lokamálsliður 6. gr. þess samnings var svohljóðandi:

„Sjúkraliða við störf sem raðað er í launaflokk 111 til 114 sem ann-

ast sérstök verkefni, sbr. fylgiskjal 1, skal raða einum launaflokki ofar en ella."

Í fylgiskjali 1 með kjarasamningi SLFÍ og fjármálaráðherra o.fl. frá 30. desember 1994 er að finna nánari skilgreiningu starfsheita. Sjúkraliða með sérstök verkefni er lýst þannig:

„Sjúkraliði sem er á vakt án þess að hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir sé á vakt, eða sem sinnir sérhæfðum verkefnum, sem falla utan venjulegs starfssviðs sjúkraliða. Framangreindir starfsþættir skulu vera þýðingarmikill hluti starfsins."

Verkefni sjúkraliða á Skjólgarði eru þess eðlis að þau falli undir framangreinda skilgreiningu enda séu þeir á vakt án þess að hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir sé á vakt.

Af 9. gr. draga að kjarasamningi SLFÍ og launanefndar A-Skaftafellssýslu (dskj. 12 og 13) megi ráða að ætlunin hafi verið að tryggja að ákvæði sama efnis og niðurlagsákvæði 6. gr. kjarasamnings SLFÍ og fjármálaráðherra o.fl. tæki til sjúkraliða á Skjólgarði. Í bréfi til SLFÍ, sem dagsett er 30. desember 1994 og undirritað af bæjarstjóra Hornafjarðar, formanni launanefndar og framkvæmdastjóra Skjólgarðs, sagði m.a.:

„Launanefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur í dag fjallað um samning SLFÍ við fjármálaráðherra, dags. í dag auk draga yðar að samningi milli Skjólgarðs og SLFÍ í tíu liðum.

Launanefndin er reiðubúin til að samþykkja fyrrnefndan samning með tilheyrandi bókunum og fylgiskjölum, með þeim viðaukum sem fram koma í meðf. drögum að samningi."

Það megi því ljóst vera að vilji beggja samningsaðila hafi staðið til þess að umrætt ákvæði í 6. gr. kjarasamnings SLFÍ og fjármálaráðherra o.fl. tæki til sjúkraliða á Skjólgarði þótt þeim væri grunnraðað í launaflokka 115 og 116. Í endanlegri útgáfu kjarasamningsins hafi ákvæðið hins vegar ekki verið tekið upp efnislega heldur látið nægja að vísa til margnefnds kjarasamnings SLFÍ og fjármálaráðherra o.fl.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 130. sbr. 129. gr. eml. Stefnandi hafi ekki frádráttarrétt vegna kostnaðar af virðisaukaskatti af aðkeyptri lögmannsþjónustu.

Stefnandi kveður málið eiga undir Félagsdóm skv. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi heldur því fram að hann hafi aldrei samþykkt launaflokkabreytingu til stefnanda skv. lokaákvæði 6. gr. kjarasamningsins frá 30. desember 1994. Vivi Ann Mary Gjöveraa sinni störfum sem raðað sé í launaflokka 111 til 114 en hafi tekið laun skv. launaflokki 116 og sé því með laun sem séu hærri en röðun hennar í launaflokka segi fyrir um. Stefnda hafi alltaf verið ljóst að með tengingu við nýtt launakerfi og nýjar skyldur að því er varðaði breytt starfskjör Vivi Ann, svo sem lífeyrisréttindi, hafi ekki komið til greina að henni yrði ávallt greidd hærri laun en henni bæri skv. kjarasamningum.

SLFÍ hafi við gerð kjarasamningsins í desember 1994 samið um launaflokkshækkun fyrir þá félagsmenn sína sem enn hafi verið í launaflokkum 111 til 114, en ekki fyrir þá sem þegar höfðu fengið þá hækkun. Vivi Ann hafi áður fengið þessa launahækkun. Hún geti ekki átt að hækka sjálfkrafa í launum þó samið sé um hækkanir fyrir þá sem í lægri flokkunum eru.

Stefndi bendir sérstaklega á, að samningur sá sem gerður hafi verið við SLFÍ hafi verið frágenginn þann 31. desember 1994 eða degi eftir að SLFÍ undirritaði samning sinn við fjármálaráðherra. Þannig hafi launaflokkabreytingin legið fyrir án þess að vera tekin upp í samkomulag aðila. Þvert á móti hafi henni sérstaklega verið hafnað í 2. gr. samningsins og í 3. gr. beint verið tekið fram að launaflokkur starfsmanna skuli vera launaflokkur 115 eða 116. Þá hafi launaflokkabreytingunni einnig verið hafnað með bréfi stefnda til SLFÍ, dags. 30. des. 1994.

Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að réttur Vivi Ann til umstefndrar launaflokkshækkunar sé til staðar. Það sé misskilningur að við umskipti yfir í nýtt launakerfi hafi Vivi Ann verið grunnraðað í launaflokk 116. Grunnröðun stefnanda sé í launaflokkum 111 til 114 samkvæmt starfsheitalýsingum en til að halda óbreyttum launum frá fyrra launakerfi hafi launaflokkur 116 orðið fyrir valinu.

Vilji svo ólíklega til að dómurinn líti svo á að Vivi Ann hafi verið grunnraðað í launaflokk 116 og eigi rétt til launaflokkshækkunar er því haldið fram af stefnda að launaflokkabreytingin í lokalið 6. gr. samningsins taki ekki til launaflokks 116 heldur aðeins til launaflokka 111 til 114 eins og fram komi í ákvæðinu.

Varðandi málskostnaðarkröfuna vísar stefndi til 130. sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Í máli þessu er um það deilt, hvort kjarasamningur sá milli Sjúkraliðafélags Íslands og launanefndar Austur-Skaftafellssýslu, sem gerður var 31. desember 1994, sé tæmandi um röðun í launaflokka eða hvort líta beri svo á, vegna orðalags samningsins eða túlkunar hans í ljósi samskipta samningsaðila fyrir samningsgerðina og aðdraganda að henni, að lokaákvæði 6. gr. kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og St. Jósefsspítala annars vegar og Sjúkraliðafélags Íslands hins vegar, er gerður var 30. desember 1994, gildi milli samningsaðila að fyrrnefnda kjarasamningnum.

2. gr. kjarasamningsins frá 31. desember 1994 er svohljóðandi: „Um kjör félagsmanna í Skjólgarði sem samningur þessi tekur til, skal farið eftir kjarasamningi SLFÍ og fjármálaráðherra o.fl. aðila frá 30. des. 1994 að röðun í launaflokka frátalinni.“ Í 3. gr. samningsins er mælt fyrir um, að röðun sjúkraliða við Skjólgarð skuli vera samkvæmt launatöflu Sjúkraliðafélags Íslands og þeim skipað í tvo launaflokka, þ.e. sjúkraliða I í launaflokk 115 og sjúkraliða II í launaflokk 116. Frekari ákvæði um röðun í launaflokka eru ekki í kjarasamningi þessum, en í 1. málsl. 4. gr. samningsins segir svo: „Verði breyting á röðun sjúkraliða í samningum SLFÍ og fjármálaráherra skal röðun félagsmanna sem starfa skv. þessum samningi tekin til endurskoðunar.“ Óumdeilt er, að starfsreynsla ráði því í hvorn launaflokkinn samkvæmt 3. gr. kjarasamningsins sjúkraliðum er skipað. Með 6. gr. kjarasamningsins frá 30. desember 1994 var gerð breyting á grein 1.3.5 um röðun starfsheita í launaflokka í kjarasamningi milli aðila þess samnings, sem framlengdur var. Lokaákvæði 6. gr., sem hér skiptir máli, er svohljóðandi: „Sjúkraliða við störf sem raðað er í launaflokk 111 til 114 sem annast sérstök verkefni sbr. fylgiskjal 1, skal raðað einum launaflokki ofar en ella.“

Þrátt fyrir almenna skírskotun 2. gr. kjarasamningsins frá 31. desember 1994 þess efnis, að um kjör félagsmanna Sjúkraliðafélags Íslands í Skjólgarði skuli farið eftir kjarasamningnum frá 30. desember 1994, er röðun í launaflokka sérstaklega undanskilin. Að því athuguðu og þar sem í kjarasamningnum frá 31. desember 1994 er sjálfstætt kveðið á um röðun í 3. gr. hans svo og um endurskoðun á

þeirri röðun í 1. málsl. 4. gr., þykir samningurinn ótvírætt bera þess merki að vera tæmandi um þetta efni. Af gögnum málsins verður ekki dregin sú ályktun af samskiptum aðila fyrir samningsgerðina og aðdraganda að henni, að vilji samningsaðila hafi, þrátt fyrir orðalag samningsins, staðið til þess, að lokaákvæði 6. gr. kjarasamningsins frá 30. desember 1994 skyldi gilda þeirra í millum og gegn andmælum stefnda þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að slíkt samkomulag hafi tekist. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórn Hornafjarðar, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Sjúkraliðafélags Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Guðna Á. Haraldssonar.

Niðurstaða máls þessa ræðst af því, hvaða skilning má leggja í orðin „að röðun í launaflokka frátalinni“ eins og þau koma fyrir í 2. tl. kjarasamnings aðila frá 31. desember 1994.

Í drögum að nýjum kjarasamningi sem stefnandi sendi stefnda hinn 30. desember s.á. er gert ráð fyrir, að greinar 1 til 5 í kjarasamningi fjármálaráðherra og Sjúkraliðafélags íslands, sem gerður var sama dag, verði teknar upp óbreyttar.

Hvað varðar launaflokkahækkanir þá er gerð sú tillaga, að sjúkraliðar taki laun skv. 72. lfl. og fái að auki hækkun vegna sérstakra verkefna, sbr. niðurlagsákvæði 6. gr. kjarasamnings fjármálaráðherra og sjúkraliðafélagsins.

Með símbréfi dagsettu 30. desember 1994 lýsir launanefnd Austur-Skaftafellssýslu því yfir að hún sé reiðubúin „að samþykkja fyrrnefndan samning með tilheyrandi bókunum og fylgiskjölum, með þeim viðaukum sem fram koma í meðf. drögum að samningi“. Tilvitnað fylgiskjal er nr. 1 sem m.a. skilgreinir hugtakið „sjúkraliði með sérstök verkefni“.

Hins vegar er í sama svari hafnað kröfu þess efnis að sjúkraliðar taki laun skv. 72. lfl. Kröfunni um launaflokkahækkanir vegna sér-

stakra verkefna er hins vegar ekki sérstaklega hafnað né er hún á nokkurn hátt undanskilin ofangreindu samþykki.

Af þessari ástæðu og með vísan til almennra túlkunarsjónarmiða um tilboð og samþykki þeirra, verður að fallast á kröfur stefnanda.

Því skal Vivi Ann Mary Gjöveraa, á grundvelli kjarasamnings launanefndar A-Skaftafellssýslu og Sjúkraliðafélags íslands frá 31. desember 1994, eiga rétt til launa skv. 117. lfl. á gildistíma kjarasamningsins.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda kr. 100.000 í málskostnað.

Þriðjudaginn 23. apríl 1996.

Nr. 3/1996. **Starfsmannafélag ríkisstofnana**
(Gunnar Jónsson hdl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
vegna ríkisspítalanna
(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Dómsvald Félagsdóms. Frávísunarkröfu hafnað.

Úrskurður Félagsdóms.

Málið úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðni Haraldsson og Guðmundur Skaftason.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 16. apríl sl. vegna frávísunarkröfu stefnda, er höfðað með stefnu birtri 12. mars sl.

Stefnandi er Starfsmannafélag ríkisstofnana, Grettisgötu 89, Reykjavík, kt. 620269-3449.

Stefndi er Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra, kt. 181043-4669, f.h. ríkissjóðs vegna ríkisspítalanna.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að ákvörðun á samráðsnefndarfundi ríkisspítalanna og Starfsmannafélags ríkisstofnana frá 11. 5. 1995, um kjör læknaritara sé bindandi fyrir stefnda.
2. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms og við þá ákvörðun verði gætt að skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af aðkeyptri lögmannsþjónustu, sem stefnandi njóti ekki frádráttarréttar vegna.

Aðalkrafa stefnda:

Að málinu verði vísað frá Félagsdómi og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo að stefnandi sé stéttarfélag sem fari með samningsrétt í kjaramálum fyrir félagsmenn sína á grundvelli 5. gr. laga nr. 94/1986. Óumdeilt sé að fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs fari með umboð til gerðar kjarasamninga við þá starfsmenn ríkisspítalanna sem séu félagsmenn í Starfsmannafélagi ríkisstofnana (SFR). Ríkissjóði sé því stefnt í máli þessu.

Þann 2. febrúar 1993 hafi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SFR gert samkomulag um að koma á samráðsnefndum innan einstakra stofnana þar sem félagar í SFR starfa. Hlutverk samráðsnefndanna skyldi vera hið sama og samstarfsnefnda skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SFR. Hlutverk þeirra sé skilgreint í grein 11 í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 1. apríl 1995. Í framkvæmd sé vald samstarfsnefnda til launaflokkabreytinga margviðurkennt. Þann 11. maí 1995 hafi samráðsnefndarfundur ríkisspítalanna (RSP) og SFR komist að samkomulagi um að gera breytingar á launaflokkaröðun læknaritara á RSP, sem gilda skyldi frá 1. janúar 1995. Við samkomulagið hafi ekki verið staðið af stefnda hálfu. Lögmaður stefnanda hafi með bréfi, dags. 27. nóvember 1995, krafist efnda á samkomulaginu. Bréfinu hafi ekki verið svarað. Krafan hafi verið ítrekuð af lögmanni með bréfi, dags. 15. janúar 1996, og tekið fram að leitað yrði atbeina dómstóla, yrði ekki við kröfunni orðið. Þar sem ríkisspítalar hafi í engu svarað téðum bréfum lögmannsins, reki stefnanda nauður til þessarar málsóknar.

Málsástæður og lagarök stefnda varðandi frávísunarkröfuna.

Krafa stefnanda um „að ákvörðun á samráðsnefndarfundi Ríkisspítalanna og Starfsmannafélags ríkisstofnana frá 11. maí 1995, um kjör læknaritara, sé bindandi fyrir stefnda“ falli ekki undir 3. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ákvörðun samráðsnefndar fulltrúa ríkisspítalanna og stefnanda sé ekki kjarasamningur. Sakarefni málsins geti því ekki verið um skilning á kjarasamningi eða gildi hans, svo sem áskilið sé í fyrrnefndu ákvæði.

Að þessum ástæðum telur stefndi einsýnt að vísa beri málinu frá Félagsdómi

Málsástæður og lagarök stefnanda vegna frávísunarkröfu stefnda.

Stefnandi kveður mál þetta lúta dómsvaldi Félagsdóms skv. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, en í ákvæði þessu segi að undir dómsvald Félagsdóms falli m.a. að dæma um „ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans.“ Stefnandi telur samkomulag SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 2. febrúar 1993 vera hluta kjarasamnings á milli aðila, eða ígildi hans og stefnukrafa sé gerð á grundvelli samkomulags sem gert var með stoð í nefndu samkomulagi.

Með samkomulagi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags.

2. febrúar 1993, hafi samstarfsnefndum SFR verið komið á. Hlutverk þeirra sé þannig skilgreint:

„Hlutverk samráðsnefndanna verði það sama og samstarfsnefndanna samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsmannafélags ríkisstofnana."

Hlutverk samstarfsnefnda sé skilgreint í 11. gr. kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Kjarasamningurinn sé, að því er það atriði varðar, óbreyttur frá þeim tíma er ofangreint samkomulag var gert. Í grein 11.2. í kjarasamningnum segi m.a.:

„Hlutverk nefndanna er að fjalla um laus- og fastráðningu starfsmanna á vinnumarkaði SFR, hvað snertir röðun í launaflokka, . . . Nefndirnar skulu reyna til þrautar að jafna ágreining, er upp kann að koma, eftir að röðun í launaflokka hefur farið fram."

Enn segi í grein 11.3.:

„Auk þess að hafa eftirlit með röðun í launaflokka skulu nefndirnar. . ."

Samkvæmt þessu teljist samráðsnefndirnar tvímælalaust hafa til þess umboð að endurraða í launaflokka, svo sem samið hafi verið um með læknaritarana í fyrrgreindu samkomulagi 11. maí 1995. Sú framkvæmd hafi verið óumdeild og umboð samstarfsnefnda til að skipa starfsmönnum í launaflokka alveg skýr. Um framkvæmdina vísar stefnandi til dskj. 6-14. Af þeim telur stefnandi mega ráða hvernig framkvæmd hafi verið háttað, m.a. vegna starfsfólks á ríkisspítölum.

Þá vísist um umboð samstarfsnefnda til dóms Félagsdóms frá 22. nóvember 1993 í máli Félags íslenskra símamanna vegna Dóru Halldórsdóttur gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Stefnandi telur þann dóm sýna að samstarfsnefndir hafi mjög rúmt vald.

Ljóst sé að samkomulag aðila frá 2. febrúar 1993 þýði að samráðsnefndir hafi sama hlutverk og vald og samstarfsnefndir skv. kjarasamningi, enda beinlínis kveðið á um það í texta samkomulagsins. Samráðsnefndin hafi á fundi þann 11. maí 1995 ákveðið breytingar á launaflokkaröðun læknaritara, sem gilda skyldi frá og með 1. janúar 1995. Undir það samkomulag hafi ritað Bjarni Ingvarsson, fulltrúi ríkisspítala í samráðsnefndinni. Með því að skipa hann í nefndina hafi RSP viðurkennt bæði umboð nefndarinnar og umboð Bjarna til að fara með forsvar fyrir RSP í nefndinni. Fram-

kvæmd sýni einnig að sú hafi verið raunin og vísast þar um til fyrri ákvarðana á dskj. 10 og 14, en við þær ákvarðanir hafi verið staðið.

Samráðsnefnd hafi á fundi sínum þann 11. maí 1995 tekið ákvörðun um breytingar á launaflokkaröðun læknaritara. Sú ákvörðun hafi verið tekin á nákvæmlega sama hátt og tíðkað hafi verið um slíkar ákvarðanir. Ákvörðunin sé því bindandi fyrir ríkisspítalana og læknariturum hafi samkvæmt því átt að raða í launaflokka í samræmi við ákvörðunina frá 1. janúar 1995 svo sem krafist er viðurkenningar á í máli þessu.

Niðurstaða.

Samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna dæmir Félagsdómur í málum, sem rísa milli samningsaðila um „Ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans."

Með samkomulagi málsaðila, dags. 2. febrúar 1993, skyldi komið á fót samráðsnefndum innan einstakra stofnana, þar sem félagsmenn stefnanda störfuðu. Samkvæmt samkomulaginu skal hlutverk samráðsnefnda vera það sama og samstarfsnefnda samkvæmt kjarasamningi málsaðila. Með bréfi, dags. 21. júní 1993, fól fjármálaráðherra ríkisspítölum framkvæmd kjarasamninga fyrir sína hönd samkvæmt heimild þeirri, er greinir í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986, sbr. 1. gr. laga nr. 119/1990.

Samkvæmt 11. gr. í gildandi kjarasamningi málsaðila fjalla samstarfsnefndir meðal annars um mál, sem snerta röðun í launaflokka. Hin umdeilda ákvörðun samráðsnefndar stefnanda og ríkisspítala frá 11. maí 1995 fól í sér nýja röðun starfsheita í launaflokka. Í bréfi fjármálaráðuneytisins til ríkislögmanns, dags. 21. mars 1996, í tilefni af máli þessu, kemur fram, að ráðuneytið telur hina umdeildu ákvörðun samráðsnefndarinnar fela í sér breytingar á kjarasamningi. Í gildandi kjarasamningi málsaðila er kveðið á um röðun starfsheita í launaflokka og almennt verður að telja, að slík málefni falli undir efni kjarasamninga, eins og það er markað í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 94/1986. Þá er sérstaklega tekið fram í bókun 2 í kjarasamningi aðila frá 12. apríl 1995 að samningsaðilar muni á samningstímanum endurskoða ákvæði samningsins um röðun í launaflokka með það fyrir augum að auka innbyrðis samræmi og einfalda röðunarreglur. Miða skal breytingar við það að allt að 2/3 hlutar starfsmanna hækki um launaflokk eða í öðrum atriðum samsvarandi

breytingar. Skulu samstarfsnefndir samningsaðila ganga frá breytingum þessum, sem taka gildi eins og nánar greinir í bókuninni.

Þegar til þess er litið, sem hér hefur verið rakið, verður talið, að sakarefnið falli undir valdsviðs Félagsdóms, sbr. 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Kröfu stefnda um frávísun málsins er því hafnað.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, er hrundið.

Málskostnaður dæmist ekki í þessum þætti málsins.

Dómur Hæstaréttar 20. maí 1996.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. apríl 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 30. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Félagsdóms 23. apríl 1996 um að hafna frávísunarkröfu sóknaraðila. Kæruheimild er í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. IV. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá Félagsdómi. Til vara krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar um frávísunarkröfuna. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili telur þá málsmeðferð Félagsdóms andstæða meginreglum einkamálaréttarfars að styðja niðurstöðu hins kærða úrskurðar við bókun 2 með kjarasamningi málsaðila 12. apríl 1995 án þess að gefa honum kost á að tjá sig og koma að andmælum. Ekki þykir næg ástæða til að ómerkja hinn kærða úrskurð af þessum sökum, enda er dómur ekki bundinn af úrskurði um synjun frávísunarkröfu, ef fram koma nýjar upplýsingar undir rekstri máls um þau at-

riði, sem úrskurðað var um, sbr. 3. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði, gerðu málsaðilar með sér samkomulag 2. febrúar 1993 um að koma á samráðsnefndum innan einstakra stofnana, þar sem félagsmenn varnaraðila starfa. Hlutverk samráðsnefndanna skyldi vera hið sama og samstarfsnefnda samkvæmt kjarasamningi. Í 11. gr. kjarasamnings málsaðila segir, að samstarfsnefndir skuli fjalla um laus- og fastráðningu starfsmanna á vinnumarkaði Starfsmannafélags ríkisstofnana, hvað snertir röðun í launaflokka, og gildi það einnig um fólk, sem færist milli starfa innan stofnunar eða milli stofnana. Nefndirnar skuli reyna til þrautar að jafna ágreining, sem upp kunni að koma, eftir að röðun í launaflokka hefur farið fram. Þá segir, að nefndirnar skuli fjalla um allar kærur, sem upp komi varðandi framangreinda hópa, auk þess að hafa eftirlit með röðun í launaflokka.

Á samráðsnefndarfundi málsaðila 11. maí 1995 var gerð samþykkt um röðun læknaritara í launaflokka. Varnaraðili hefur höfðað mál þetta til viðurkenningar á bindandi gildi þeirrar samþykktar. Sóknaraðili telur á hinn bóginn, að samráðsnefndin hafi farið út fyrir umboð sitt og tekið ákvörðun um málefni, sem aðeins mátti ráða til lykta með kjarasamningi.

Niðurstaða málsins um bindandi gildi umræddrar samþykktar ræðst af skýringu á hlutverki samráðsnefnda samkvæmt samkomulagi aðila 2. febrúar 1993, sem vísaði til ákvæða kjarasamnings um samstarfsnefndir. Málið verður því talið risið af ágreiningi um skilning á kjarasamningi og heyra undir dómsvald Félagsdóms, sbr. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Miðvikudaginn 22. maí 1996.

Nr. 5/1996. **Samband íslenskra bankamanna**
(Sveinn Sveinsson hrl.)
gegn
Samninganefnd bankanna
(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

Endurskoðun kjarasamninga. Gerðardómur. Frávísunarkröfu hafnað. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðni Á. Haraldsson og Valgeir Pálsson.

Málið, sem tekið var til efnisdóms eða úrskurðar vegna frávísunarkröfu stefnda 14. þ.m., er höfðað með stefnu þingfestri 26. apríl 1996.

Stefnandi er Samband íslenskra bankamanna, kt. 550269-7679, Snorrabraut 29, Reykjavík.

Stefndi er Samninganefnd bankanna, kt. 491182-0329, Austurstræti 11, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði með dómi að 3. mgr. 4. gr. Samkomulags um kjarasamninga félagsmanna SÍB frá 12. maí 1977 milli Sambands íslenskra bankamanna annars vegar og bankaráðs ríkisbankanna og annarra banka og sparisjóða og fyrirtækja þeirra er síðar hafa undirritað samkomulagið hins vegar, verði skýrð á þann veg, að það sé hverju sinni ákvörðun þar tiltekins gerðardóms hvort sérstakt tilefni sé til endurskoðunar á launalið kjarasamningsins og aðilum samkomulagsins beri að skipa oddamann í gerðardóm skv. 6. gr. samkomulagsins þegar annar hvor aðilinn hefur gert kröfu til endurskoðunarinnar skv. 4. gr. með vísan til ákveðins tilefnis.

Þá er þess krafist að stefndu verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar skv. ákvörðun dómsins og að stefndi verði dæmdur til að bæta stefnanda þann kostnað sem hann hefur af greiðslu virðisaukaskatts af aðkeyptri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega að málinu verði vísað frá dómi.

Til vara að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda.

Í báðum tilvikum gerir stefndi kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins og við þá ákvörðun verði tekið tillit til skyldu stefnda til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo: Með lögum nr. 34/1977 fengu bankastarfsmenn í ríkisbönkunum samnings- og verkfallsrétt. Í 9. gr. laganna er gert ráð fyrir að aðilar geri með sér „samkomulag um gerð kjarasamninga, framkvæmd vinnustöðvunar og önnur þau atriði, er máli skipta og ekki er kveðið á um í lögum þessum".

Samkomulag aðila tók gildi á sama tíma og lögin eða þann 12. maí 1977. Síðar hafa aðrir bankar og sparisjóðir og fyrirtæki bankanna gerst aðilar að samkomulaginu. Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um gerð kjarasamninga milli aðila og í 3. og 4. mgr. er gert ráð fyrir að eftir ósk annars hvors aðilans geti endurskoðun að gefnu sérstöku tilefni farið fram á launalið kjarasamningsins einu sinni á samningstímanum. Þá er gert ráð fyrir að nái aðilar ekki samkomulagi skuli ágreiningsatriðum skotið til úrlausnar gerðardóms.

Með bréfi, dags. 23. febrúar 1996, óskaði stefnandi eftir því við samninganefnd bankanna að launaliður kjarasamnings aðila frá 8. júní 1995 yrði tekinn til endurskoðunar. Vísað var til 4. gr. samkomulags um kjarasamninga félagsmanna SÍB frá 12. maí 1977. Til stuðnings óskar stefnanda er það fullyrt að í kjarasamningum sem samanburðahópar samtakanna innan vébanda BSRB og BHMR gerðu á árinu 1995 hafi í ljós komið, að þeir hafi náð fram umtalsvert meiri hækkun launa en SÍB í samningnum frá 8. júní 1995. Því til stuðnings lagði SÍB fram gögn frá Þjóðhagsstofnun.

Á fundi sem aðilar héldu um kröfuna kom fram af hálfu bankanna, að þeir teldu ekki vera sérstakt tilefni til endurskoðunar kjarasamningsins með vísan til 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Í framhaldi af því krafðist SÍB með bréfi, dags. 28. mars 1996, að aðilar kæmu saman til fundar til að skipa oddamann gerðardóms. Var bönkunum jafnframt afhent umsögn lögmanns stefnanda um ágreining aðila.

Með bréfi, dags. 29. mars 1996, óskaði stefndi eftir fresti til að svara kröfu um sameiginlega tilnefningu oddamanns í gerðardóminn. Með bréfi stefnanda til stefnda, dags. 1. apríl, var stefnda gefinn

viðbótarfrestur til 10. apríl 1996 þar sem 30 daga frestur skv. 4. gr. samkomulagsins var liðinn.

Með bréfi, dags. 15. apríl 1996, hafnaði stefndi því að standa að skipan oddamanns í gerðardóm og bar því við að SÍB hafi ekki sýnt fram á að skilyrði 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins væri til staðar. M.a. heldur stefndi því fram í bréfinu að rök þau sem stefnandi hefur sett fram séu ekki þess eðlis að gerðardómurinn eigi að taka til starfa.

Á árunum 1981 og 1986 setti stefnandi fram kröfur um að launaliður þágildandi kjarasamninga skyldi endurskoðaður með vísan til 4. gr. samkomulagsins. Í báðum tilfellum var stefndi þeirrar skoðunar, að launaliðurinn skyldi ekki hækka þar sem rök fyrir hækkunarkröfunni væru ekki nægjanleg. Engu að síður skipuðu aðilar sameiginlega oddamann gerðardómsins. Í báðum tilfellum komst gerðardómurinn að þeirri niðurstöðu að skilyrði væru til hækkunar launaliðarins.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi heldur því fram að túlka beri ákvæði 3. mgr. 4. gr. Samkomulags um kjarasamninga félagsmanna SÍB á þann veg að aðilum beri skylda til að tilnefna sameiginlega oddamann í gerðardóminn þegar annar aðilinn hefur sett fram kröfu þess efnis með forsendum.

Stefnandi leggur á það áherslu að útilokað sé að sá aðili sem krafan beinist gegn hverju sinni geti útilokað tilnefningu oddamannsins aðeins með því að vera annarrar skoðunar um það tilefni sem vísað er til. Hann geti ekki verið sá aðili sem bær sé til að leggja á það mat hvor skoðunin sé rétt. Ef svo væri gæti hann hvenær sem er staðið í vegi fyrir því að ákvæðið um gerðardóminn væri nýtanlegt.

Stefnandi vísar til þess að í öllum tilfellum sem krafist hafi verið endurskoðunar á launaliðnum og til atbeina gerðardómsins hafi þurft að koma, hafi ákveðin rök verið færð fyrir kröfunni. Í því tilfelli sem aðilar standi nú frammi fyrir vísar stefnandi til mats Þjóðhagsstofnunar frá 17. nóvember 1995 um mat á kjarasamningum ríkisins 1995 til 1996 samanber framlagt dómskjal. Þar komi fram, að laun þeirra starfshópa sem hafðir voru til viðmiðunar þegar aðilar gerðu sinn kjarasamning hefðu fengið meiri prósentuhækkun launa en vitað hafi verið um og aðilar þessa máls hefðu haft til viðmiðunar þegar þeir gerðu kjarasamning sinn. Fjármálaráðherra hafi kynnt þessar niðurstöður á Alþingi.

Stefnandi telur það hlutverk gerðardómsins að segja til um hvort efni til endurskoðunar sé til staðar. Sé það til staðar ákveði gerðardómurinn breytingu á launaliðnum eða ákveði að ekki sé tilefni til breytinga.

Ákvæðið í 4. gr. samkomulagsins hafi allt frá því að það var sett verið notað af báðum aðilum til að verja að gengið sé til samninga hverju sinni um hækkun launaliðarins jafnvel þó ekki sé ljóst hvað felist í þeim samningum annarra stéttarfélaga sem gerðir hafa verið áður. Hafi það fyrst og fremst verið miðað við launasamninga BHMR og BSRB. Hafi hugsunin verið sú að semja um grunnkaupshækkanir þessara stéttarfélaga eins og best sé um þær vitað en upptökuákvæðið notað til að koma við leiðréttingum vegna nýrra upplýsinga um grunnkaupshækkanir og hækkanir sem síðar komi til út úr sérkjarasamningum nefndra stéttarfélaga. Komi ofangreint skýrt fram í þeim tveimur gerðardómum sem upp hafi verið kveðnir.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 130., sbr. 129. gr. eml. nr. 91/1991. Stefnandi hafi ekki frádráttarrétt vegna kostnaðar af virðisaukaskatti af aðkeyptri lögmannsþjónustu. Stefnandi kveður málið eiga undir Félagsdóm skv. 8. gr. laga nr. 34/1977.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefnda sé hrundið.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Frávísunarkröfu sína rökstyður stefndi með því að í dómkröfu sinni geri stefnandi kröfu um að viðurkennd verði með dómi tiltekin skýring á 3. mgr. 4. gr. Samkomulags um kjarasamninga félagsmanna SÍB frá 12. maí 1977, í greinargerð stefnda nefnt samkomulagið, og þá ekki bara í þessu máli heldur almennt því þess sé krafist „að það sé hverju sinni ákvörðun" hins umsamda gerðardóms hvort sérstakt tilefni sé til endurskoðunar á launalið kjarasamningsins og aðilum samkomulagsins beri að skipa oddamann í gerðardóm skv. 6. gr. samkomulagsins þegar annar hvor aðilinn hefur gert kröfu til endurskoðunarinnar skv. 6. gr. með vísan til ákveðins tilefnis.

Stefndu telja að með þessu sé verið að krefja Félagsdóm álits um lögfræðilegt efni með þeim hætti að fari í bága við 1. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Þá telja stefndu að 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 eigi hér heldur ekki við. Samkvæmt 8. gr. laga nr. 34/1977 um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins skal Félagsdómur dæma um ágreining um skilning á kjarasamningi.

Vegna þess með hvaða hætti stefnandi setur fram dómkröfu sína eigi stefndi ekki þess kost að hafa uppi andsvör af sinni hálfu sem byggð séu á tilteknu málsatviki og þar með að færa fram sjónarmið um til hvaða niðurstöðu það eitt og sér eigi að leiða. Stefnandi gerir hins vegar kröfu um að Félagsdómur láti uppi skýringu sem eigi að gilda til framtíðar óháð því hvaða atvik kunna að verða uppi þá.

Stefndu benda jafnframt á að það ákvæði sem stefnandi gerir kröfu um að Félagsdómur skýri með tilteknum hætti sé hluti af því samkomulagi sem bankaráð ríkisbankanna og Samband íslenskra bankamanna skuli samkvæmt 9. gr. laga nr. 34/1977 gera með sér „um gerð kjarasamninga, framkvæmd vinnustöðvunar og önnur þau atriði, er máli skipta og ekki er kveðið á um í lögum" nr. 34/1977. Verði það niðurstaða Félagsdóms að samkomulagið teljist kjarasamningur í merkingu 8. gr. laga nr. 34/1977 verði að telja að aðilar hljóti hverju sinni að geta leitað úrlausnar Félagsdóms um hvort það tilvik, sem annar hvor aðili kjarasamnings starfsmanna bankanna vill nota til að krefjast endurskoðunar samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins, uppfylli það skilyrði að vera „að gefnu sérstöku tilefni". Sama hljóti einnig að gilda um önnur atriði sem reynt getur á við túlkun skilyrða fyrir því að 3. mgr. 4. gr. verði beitt, þ.m.t. hvernig beri að skýra orðin „á samningstímanum".

Sýknukrafa stefnda er á því byggð að það sem stefnandi hafi í bréfi sínu frá 23. febrúar 1996 fært fram til stuðnings ósk sinni um endurskoðun launaliðar á grundvelli 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins uppfylli ekki þær kröfur sem ákvæðið geri til þess að slík endurskoðun fari fram. Í bréfi stefnanda frá 23. febrúar 1996 sagði um tilefni þess að óskað var endurskoðunar, að stefnandi liti svo á að í kjarasamningum sem „samanburðarhópar samtakanna innan vébanda BSRB og BHMR" hefðu gert á árinu 1995, hefðu þessir hópar náð fram umtalsvert meiri hækkun launa en stefnandi í samningnum frá 8. júní. Tekið er fram í bréfinu að til stuðnings þessu séu lögð fram gögn frá Þjóðhagsstofnun.

Kjarasamningur starfsmanna bankanna hafi verið undirritaður 8. júní 1995 og gildir fyrir tímabilið 1. apríl 1995 til 31. desember 1996. Þó að ekki komi fram í bréfi stefnanda frá 23. febrúar 1996 nákvæmlega hverjir séu „samanburðarhópar samtakanna innan vébanda BSRB og BHMR" megi ætla miðað við fyrri afstöðu stefnanda að þar sé fyrst og fremst um að ræða félaga innan Starfs-

mannafélags ríkisstofnana og Félags starfsmanna stjórnarráðsins, en kjarasamningar beggja þessara félaga við ríkið voru undirritaðir 17. maí 1995. Kjarasamningar þessara „samanburðarhópa" hafi því legið fyrir þegar kjarasamningur starfsmanna bankanna var gerður og hið sama gilti um fleiri samninga opinberra starfsmanna. Af því leiði að upplýsingar um efni þessara kjarasamninga hafi verið aðilum kjarasamnings bankanna aðgengilegar og það á færi samningsaðila að ákveða í hvaða mæli þeir reistu kröfur sínar á samanburði við þá kjarasamninga. Þau atvik sem stefnandi vilji nú byggja á að séu tilefni kröfu um endurskoðun samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins og falli þar með undir orðin „að gefnu sérstöku tilefni" í ákvæðinu hafi því legið fyrir þegar kjarasamningur starfsmanna bankanna var gerður 8. júní 1995.

Stefndi telur jafnframt að stefnandi hefði þurft að skýra það nánar hvaða einstöku atriði í kjarasamningum annarra aðila áttu að vera tilefni þess að heimilt væri að krefjast endurskoðunar á launalið samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins.

Stefndi lítur svo á að það sé liður í samningsfrelsi aðila að þegar þeir ganga til samninga, setja fram kröfur og ljúka viðræðum með gerð kjarasamnings hafi samningsaðilar með frjálsu samkomulagi tekið afstöðu til og afgreitt með skuldbindandi hætti þær aðstæður sem uppi eru og hafa verið fram til undirritunar kjarasamnings, þ.m.t. kröfur sem byggðar eru á samanburði við aðra starfshópa. Annar samningsaðilinn geti því ekki á grundvelli 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins komið fram með kröfu eftir gerð kjarasamnings um endurskoðun á launalið kjarasamningsins sem byggð er á atvikum sem þegar lágu fyrir við gerð kjarasamnings aðila. Vísar stefndi sérstaklega til þess að þessi skilningur sé staðfestur í orðalagi ákvæðisins, en þar segi að hægt sé að krefjast endurskoðunar á launalið kjarasamnings „á samningstímanum". Með kröfugerð sinni sé stefnandi í raun að afsala sér samningsfrelsinu og fallist Félagsdómur á kröfu stefnanda liggi fyrir að framvegis gagni lítt fyrir aðila að semja sjálfstætt um laun bankamanna, því báðir aðilar geti jafnan fengið launalið kjarasamningsins færðan til samræmis við niðurstöður annarra kjarasamninga svonefndra samanburðarhópa. Og þannig gæti samninganefnd stefnanda sótt eftir á hækkanir sem aðrir hefðu samið um, en hefði verið hafnað í kjarasamningum starfsmanna bankanna. Með sama hætti ætti samninganefnd stefnda kost

á því að fá launalið kjarasamnings starfsmanna bankanna lækkaðan með tilvísun til annarra kjarasamninga sem hljóðuðu um minni hækkanir, heldur en samið hefði verið um í kjarasamningi starfsmanna bankanna.

Um þá málsástæðu stefnanda að það sé hlutverk gerðardómsins að segja til um hvort tilefni til endurskoðunar sé til staðar, bendir stefndi á að ákvæði 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins kveði ekki eingöngu á um gerðardómsmeðferð, heldur skuli viðræður aðila vera undanfari hennar. Á það hvort uppfyllt sé skilyrðið um „að gefnu sérstöku tilefni" reyni áður en til gerðardómsmeðferðar kemur eða þegar taka þarf afstöðu til þess hvort aðilum beri „þegar í stað að hefja viðræður." Eigi aðili sem á þessu stigi heldur því fram að ekki séu uppfyllt skilyrði 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins ekki kost á því að fá slíkt prófað fyrir dómstólum, sé hann í raun sviptur möguleikanum á því að láta reyna á hvort ná megi niðurstöðu um sjálfa endurskoðunarkröfuna í viðræðum aðila. Ákvæði 3. mgr. 4. gr. um gerðardómsmeðferðina sé undantekningarregla frá hinni almennu reglu um samningsfrelsi aðila og hana beri að túlka þröngt, og þannig að túlkun hennar útiloki ekki að aðilar eigi þess kost að láta reyna á hvort þeir ná að semja um sín mál.

Til viðbótar bendir stefndi á að í lok 3. mgr. 4. gr. sé um gerðardóminn vísað til ákvæðis 6. gr. samkomulagsins. Í nefndri 6. gr. séu starfshættir gerðardómsins skýrðir. Þar segi að gerðardómurinn skuli í úrskurði sínum „taka tillit til starfskjara og þróunar þeirra við sambærileg störf á vinnumarkaði almennt" o.s.frv. Af þessu megi ljóst vera að gerðardóminum sé eingöngu ætlað að leggja mat á þessi tilteknu atriði, þ.e. að framkvæma samanburð á starfskjörum, en ekki að meta hvort fram séu komin þau atvik að skilyrði séu til þess að endurskoðunarákvæði 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins verði virkt. Úrlausn um það atriði verði ekki byggð á því sem gerðardómurinn skuli líta til í úrskurði sínum og það sé því ekki verkefni gerðardómsins að fjalla sjálfstætt um það, hvort skilyrði séu uppfyllt til að endurskoðunarákvæði 3. mgr. 4. gr. verði virkt, þ.e. hvort skylda til viðræðna aðila er komin fram og þá eftirfarandi gerðardómsmeðferð, ef viðræður leiða ekki til lausnar.

Sé málið hins vegar komið til gerðardómsins beri honum eðlilega að meta, hvort samanburður við starfskjör og þróun þeirra við sambærileg störf gefi tilefni til endurskoðunar á launaliðnum.

Vegna þeirra orða stefnanda „að útilokað sé að sá aðili sem krafan beinist gegn hverju sinni geti útilokað tilnefningu oddamannsins aðeins með því að vera annarrar skoðunar um það tilefni sem vísað er til“ tekur stefndi fram að hann fái ekki séð að afstaða stefnda í þessu máli leiði til þeirrar niðurstöðu sem stefnandi heldur fram. Sé uppi ágreiningur um það hvort fram séu komin skilyrði til þess að endurskoðunarákvæði 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins verði virk eigi sá aðili sem ekki vill una afstöðu gagnaðilans í því efni, þ.e. neitun um að hefja viðræður og/eða taka þátt í tilnefningu oddamanns, þess kost að fá skorið úr þeim ágreiningi fyrir dómstólum. Það sé því alls ekki rétt sem stefnandi heldur fram að stefndi sé með afstöðu sinni að koma í veg fyrir að ákvæðið um gerðardóminn verði nýtanlegt.

Stefndi telur að þau gerðardómsmál sem stefnandi vísar til hafi ekki fordæmisgildi í þessu máli. Breytt rekstrarskilyrði banka og þeirra fjármálafyrirtækja og stofnana sem félagsmenn stefnanda starfa hjá hafi leitt til þess að samanburður við tiltekna starfshópa hjá ríkinu eigi ekki lengur við.

Krafa um sýknu er auk þess sem að framan greinir byggð á því að dómkrafa stefnanda leiði til of víðtækrar niðurstöðu gagnvart stefnda. Dómur þar sem krafa stefnanda væri tekin til greina girti fyrir að stefndi ætti þess kost í framtíðinni að fá úrlausn dómstóla um beitingu 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins.

Krafa stefnda um frávísun málsins er byggð á 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Sýknukrafan er byggð á túlkun á 3. mgr. 4. gr., sbr. 6. gr. „Samkomulags um kjarasamning félagsmanna SÍB“, sbr. 9. gr. laga nr. 34/1977.

Málskostnaðarkrafan er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 129. og 130. gr., sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Niðurstaða.

Að ósk lögmanna aðila var málið flutt samtímis um frávísunarkröfu stefnda og efni.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 34/1977 um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins fara bankaráðin annars vegar og Samband íslenskra bankamanna hins vegar með fyrirsvar við gerð og framkvæmd kjarasamnings og skulu skipa samninganefndir til að fara með samninga af sinni hendi. Segir í 8. gr. laganna að Félagsdómur

dæmi í málum, sem rísa milli samningsaðila um gildi verkfalls, ágreining um skilning á kjarasamningi, félagsréttindi starfsmanna og kjörskrárdeilur. Núgildandi kjarasamningur aðila er frá 8. júní 1995 og gildir hann til 31. desember 1996. Á grundvelli laganna var gert samkomulag um kjarasamninga félagsmanna Sambands íslenskra bankamanna (SÍB). Í samkomulaginu er meðal annars fjallað um hverjir fari með fyrirsvar við gerð kjarasamninga og hvernig samningar skuli fram fara. Þá er þar að finna ákvæði þess efnis að um laun og önnur starfskjör skuli fara eftir atriðum samkomulagsins og kjarasamningum sem gerðir eru samkvæmt því. Þegar litið er til þessara ákvæða svo og þess að samkomulagið er gert á grundvelli framangreindra laga er fallist á það með stefnanda að líta beri á samkomulagið sem hluta kjarasamnings aðila.

Skal þá litið til þess hvort krafa stefnanda fari í bága við 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Á þessu er byggt af hálfu stefnda og því jafnframt haldið fram að krafan styðjist ekki við neitt ákveðið atvik, heldur sé verið að krefjast skýringar á efnisákvæðum samkomulagsins sem gilda eigi framvegis í samskiptum aðila.

Telja verður að kröfugerð stefnanda sé sett fram í tilefni af neitun samninganefndar bankanna um skipun oddamanns. Þar sem aðila greinir á um skilning á 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins verður eigi talið, að með kröfunni sé leitað álits um lögfræðilegt efni, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Félagsdómi ber að fjalla um ágreining er upp kemur milli aðila um skilning á kjarasamningi, sbr. l. mgr. 8. gr. laga nr. 34/1977. Sá ágreiningur er hér um ræðir fellur þar undir. Fellur því ágreiningur aðila undir Félagsdóm, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 og 8. gr. laga nr. 34/1977, samanber og 15. gr. samkomulagsins. Ber því að hafna frávísunarkröfu stefnda.

Krafa stefnanda er tvíþætt. Annars vegar er krafist viðurkenningar á því að það sé ákvörðun gerðardóms aðila að kveða á um, hvort skilyrði endurskoðunar launaliðs séu til staðar hverju sinni. Hins vegar er krafist viðurkenningar á því að aðilum beri að skipa oddamann í gerðardóminn skv. 6. gr. samkomulagsins geri annar hvor aðilinn kröfu um endurskoðun með vísan til ákveðins tilefnis.

Í 3. mgr. 4. gr. framangreinds samkomulags aðila segir: „Óski annar hvor aðila að gefnu sérstöku tilefni, endurskoðunar á launalið kjarasamnings á samningstímanum, skulu aðilar þegar í stað

hefja viðræður. Náist ekki samkomulag innan þrjátíu daga skal ágreiningsatriðum skotið til úrlausnar gerðardóms, sbr. ákvæði 6. gr.“ Aðila máls þessa greinir á um hvort sérstakt tilefni sé til endurskoðunar á launalið kjarasamnings þeirra, en það deiluefni er hér ekki til úrlausnar. Það sem hér er til úrlausnar er hvort annar aðila samkomulagsins geti með vísan til þess að hann telji ekki nægjanlegt tilefni til endurskoðunar, þannig komið í veg fyrir að málið fari til sérstaks gerðardóms.

Ákvæði þetta ber með sér, að tilgangur þess er að málum verði hraðað, komi upp ágreiningur milli aðila. Við skýringu þess er helst að styðjast við önnur ákvæði samkomulagsins, lög nr. 34/1977 og fyrri samskipti aðila. Báðum aðilum er heimilt að óska endurskoðunar á launalið kjarasamnings á samningstímanum, að gefnu sérstöku tilefni. Ákvæðið hefur ekki að geyma nánari skýringu á því hvað teljist „sérstakt tilefni“. Af lokamálslið 6. gr. samkomulagsins má þó ráða, að launabreytingar viðmiðunarhópa sem þar eru nefndir geti fallið þar undir.

Af hálfu stefnanda eru launahækkanir viðmiðunarhópa tilgreindar sem tilefni endurskoðunar launaliðar, en því er hins vegar haldið fram af stefnda að launahækkanir viðmiðunarhópa bankamanna hafi legið fyrir við undirritun kjarasamnings aðila. Þessu mótmælir stefnandi og heldur því fram að þær hafi ekki komið fram fyrr en löngu síðar. Í máli þessu liggur fyrir að samkomulag náðist ekki með aðilum um endurskoðun launaliðar. Samkvæmt lokamálslið 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal ágreiningsatriðum þegar svo er komið skotið til gerðardóms. Stefndi hins vegar neitaði skipun oddamanns.

Telja verður að slík einhliða neitun annars aðilans gangi þvert gegn upphaflegum tilgangi ákvæðisins, enda yrði honum aldrei náð ef slík heimild væri fyrir hendi. Þá er til þess að líta að aðilar hafa áður skotið ágreiningi sínum til gerðardóms, þótt ekki væru þeir á eitt sáttir um það hvort sérstakt tilefni væri til endurskoðunar. Er því fallist á það með stefnanda að gerðardómur aðila geti hverju sinni metið hvort sérstakt tilefni sé til endurskoðunar launaliðar kjarasamnings og að aðilum beri að taka þátt í skipun oddamanns í gerðardóminn þegar annar hvor aðilinn hefur gert kröfu til endurskoðunar launaliðar. Með vísan til þessa er krafa stefnanda tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum er rétt að stefndi greiði stefnanda kr. 100.000 í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Frávísunarkröfu stefnda, Samninganefndar bankanna vegna bankanna, er hrundið.

Krafa stefnanda, Sambands íslenskra bankamanna, er tekin til greina.

Stefndi greiði stefnanda 100.000 krónur í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i
Valgeirs Pálssonar.

Ég er sammála niðurstöðu meiri hluta dómenda um að líta beri á samkomulag um kjarasamninga félagsmanna stefnanda (SÍB) sem hluta kjarasamnings aðila. Því eigi ágreiningur um skilning á samkomulaginu undir dómsvald Félagsdóms.

Í hnotskurn snýst ágreiningur málsaðila samkvæmt gögnum málsins um það hvort stefnda sé skylt að ljá atbeina sinn að því að gerðardómur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 4. gr. og 6. gr. umrædds samkomulags, leysi úr ágreiningi um endurskoðun á launalið gildandi kjarasamnings aðila. Hér fyrir dómi hefur stefnandi gert þá kröfu, „að viðurkennt verði með dómi að 3. mgr. 4. gr. samkomulags um kjarasamninga félagsmanna SÍB frá 12. maí 1977, milli Sambands íslenskra bankamanna annars vegar og bankaráðs ríkisbankanna og annarra banka og sparisjóða og fyrirtækja þeirra er síðar hafa undirritað samkomulagið hins vegar, verði skýrð á þann veg, að það sé hverju sinni ákvörðun þar tiltekins gerðardóms hvort sérstakt tilefni sé til endurskoðunar á launalið kjarasamnings, og aðilum samkomulagsins beri að skipa oddamann í gerðardóm skv. 6. gr. samkomulagsins, þegar annar hvor aðilinn hefur gert kröfu til endurskoðunarinnar skv. 4. gr. með vísan til ákveðins tilefnis.“ Er kröfugerðin þannig úr garði gerð að hún miðar ekki að því að gera endanlega út um ágreiningsefni aðila sem fyrr var lýst. Jafnvel þótt krafa stefnanda verði viðurkennd er ekki unnt að útiloka að stefndi telji sér engu að síður óskylt að ljá sinn atbeina að skipan oddamanns eða tilnefna mann í gerðardóminn af sinni hálfu. Lýtur krafa stefnanda einvörðungu að því að fá almenna lögfræðilega skýringu

á hinu umdeilda ákvæði. Telja verður að krafa af þessu tagi sé andstæð ákvæðum 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og sé því ekki dómtæk. Þá verður ekki séð að stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af því að fá kröfu sína viðurkennda eða réttarfarsleg nauðsyn hafi knúið hann til að hafa kröfugerð sína eins almenna og raunin er. Samkvæmt þessu tel ég að taka beri frávísunarkröfu stefnda til greina.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur hrundið kröfu um frávísun verður tekin afstaða til kröfu stefnanda. Ég er sammála forsendum meiri hlutans að öðru leyti en því að umræddur gerðardómur geti hverju sinni metið hvort sérstakt tilefni sé til endurskoðunar kjarasamningsins. Í slíku tilviki reynir á túlkun og skýringu á hinu umdeilda samkomulagi um kjarasamninga félagsmanna SÍB, sem eins og áður greinir verður að líta á sem hluta kjarasamnings aðila. Það hlýtur því að vera hlutverk Félagsdóms að skera úr ágreiningi eins og hér um ræðir en ekki gerðardómsins. Af 4. og 6. gr. samkomulagsins verður að ætla að hlutverk gerðardómsins takmarkist einvörðungu við að leysa úr ágreiningi um það hvort hið sérstaka tilefni til endurskoðunar hverju sinni eigi að leiða til breytinga á kjarasamningi aðila eða ekki. Það getur ekki verið hlutverk gerðardómsins að meta grundvöll þess að hann eigi að koma saman, nema fyrir liggi ótvíræð heimild til þess. Að þessu athuguðu tel ég að taka eigi kröfu stefnanda til greina þannig: 3. mgr. 4. gr. samkomulags um kjarasamninga félagsmanna SÍB frá 12. maí 1977, milli Sambands íslenskra bankamanna annars vegar og bankaráðs ríkisbankanna og annarra banka og sparisjóða og fyrirtækja þeirra er síðar hafa undirritað samkomulagið hins vegar, verði skýrð á þann veg, að aðilum samkomulagsins beri að skipa oddamann í gerðardóm skv. 6. gr. samkomulagsins, þegar annar hvor aðilinn hefur gert kröfu til endurskoðunarinnar skv. 4. gr. með vísan til ákveðins tilefnis. Ekki er gerður ágreiningur um ákvörðun málskostnaðar.

Niðurstaða Valgeirs Pálssonar.

Frávísunarkrafa stefnda, Samninganefndar bankanna, er tekin til greina.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur hrundið frávísunarkröfunni er efnisleg niðurstaða Valgeirs Pálssonar.

Krafa stefnanda, Sambands íslenskra bankamanna, er tekin til greina þannig: 3. mgr. 4. gr. samkomulags um kjarasamninga fé-

lagsmanna SÍB frá 12. maí 1977, milli Sambands íslenskra bankamanna annars vegar og bankaráðs ríkisbankanna og annarra banka og sparisjóða og fyrirtækja þeirra er síðar hafa undirritað samkomulagið hins vegar, verði skýrð á þann veg, að aðilum samkomulagsins beri að skipa oddamann í gerðardóm skv. 6. gr. samkomulagsins, þegar annar hvor aðilinn hefur gert kröfu til endurskoðunarinnar skv. 4. gr. með vísan til ákveðins tilefnis. Ekki er gerður ágreiningur um ákvörðun málskostnaðar.

Mánudaginn 10. júní 1996.

Nr. 4/1996. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Sjómannasambands Íslands
vegna Verkalýðsfélagsins Vöku
(Jóhann Halldórsson hdl.)
gegn
Siglfirðingi hf.
(Kristján Þorbergsson hdl.)

Verkfall. Uppsögn úr starfi. Sektargreiðsla. Gagnkrafa.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík f.h. Sjómannasambands Íslands, kt. 570269-2249, Borgartúni 18, Reykjavík vegna Verkalýðsfélagsins Vöku, kt. 670269-5669, Suðurgötu 10, Siglufirði.

Stefndi er Siglfirðingur hf., kt. 580679-0729, Aðalgötu 34, Siglufirði.

Dómkröfur stefnanda:

Stefnandi gerir þær dómkröfur að dæmt verði:

Að stefndi hafi sagt upp fjórum starfsmönnum sínum með ólögmætum hætti og með því brotið gegn 4. gr. og 18. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu samkvæmt 65. gr. laga nr. 80/1938.

Þá er þess jafnframt krafist með hliðsjón af gagnkröfugerð stefnda að stefnandi verði sýknaður af kröfum hans.

Loks er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

1. Þess er krafist að viðurkennt verði með dómi að verkfall Verkalýðsfélagsins Vöku sem stóð frá 24. maí 1995 til 15. júní s.á. hafi verið ólögmætt.
2. Þess er krafist að Verkalýðsfélagið Vaka og Sjómannasamband Íslands verði dæmd til greiðslu sektar fyrir brot á 15. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

3. Þess er krafist að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum gagnaðila.
4. Krafist er málskostnaðar úr hendi gagnaðila.

Málavextir.

Stefndi er útgerðaraðili b/v Siglis SI-250 en skipið hefur verið gert út frá Siglufirði. Hafa undirmenn um borð verið félagsmenn í Verkalýðsfélaginu Vöku, stefnanda þessa máls.

Verkfall Sjómannasambands Íslands og aðildarfélaga þess hófst kl. 24:00 þann 24. maí 1995 og stóð til miðnættis þann 15. júní 1995 eða í 22 sólarhringa. Fram kom í verkfallsboðun Sjómannasambands Íslands f.h. aðildarfélaga sinna frá 3. maí 1995 að Verkalýðsfélagið Vaka á Siglufirði hafi verið meðal þeirra er veitt höfðu umboð til að boða til vinnustöðvunar á fiskiskipum á félagssvæði sínu.

Skip stefnda Siglir SI-250 hélt til veiða frá Reykjavík 2. júní 1995 er verkfallið stóð yfir. Voru fjórir félagsmenn Vöku, þeir Jóhann Halldórsson, Ólafur Valtýr Rögnvaldsson, Ómar Örn Grímsson og Sigurður E. Sigurðsson boðaðir til skips vegna væntanlegrar brottfarar skipsins. Félagsmenn stefnanda töldu að þeim væri óheimilt að mæta til vinnu enda var þeim kunnugt um að verkalýðsfélag þeirra væri þátttakandi í verkfalli Sjómannasambands Íslands og aðildarfélaga þess.

Félagsmenn Vöku kynntu skipstjóra Siglis afstöðu sína og fyrirmæli formanns verkalýðsfélagsins þess efnis að þeim væri óheimilt að taka upp störf í verkfalli enda myndi slíkt fela í sér verkfallsbrot af þeirra hálfu. Fulltrúar Sjómannafélags Reykjavíkur komu og til viðræðna við skipstjóra og kynntu honum afstöðu Sjómannasambandsins um að verkfall sambandsins næði til skipsins og að félagsmönnum aðildarfélaga sambandsins væri óheimilt að taka til starfa í miðju verkfalli.

Þrátt fyrir ofangreint ítrekaði skipstjóri Siglis fyrirskipun sína til skipverja um að mæta um borð í Sigli SI-250 til þess að taka upp störf. Bar skipstjóri því við að Siglfirðingur hf., útgerð skipsins, væri ekki aðildarfélag Landssambands íslenskra útvegsmanna og því tæki verkfall Sjómannasambandsins ekki til skips stefnda.

Framangreindir félagsmenn stefnanda hlýddu fyrirmælum forsvarsmanna Vöku og neituðu að taka upp störf. Fór svo að skipið lét úr höfn án þeirra.

Þann 12. júní 1995 bárust nefndum félagsmönnum stefnanda

skeyti, þar sem þeim var vikið úr skiprúmi með vísan til 2. tl. 1. mgr. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Í skeytunum er tekið fram að af hálfu stefnda hafi verið skýrt fyrir félagsmönnum stefnanda að ekki hafi verið boðað verkfall sem næði til skipsins.

Fjórir framangreindir félagsmenn Vöku hafa leitað til stefnanda vegna þess að þeir telja að brotinn hafi verið á þeim réttur í verkfalli Sjómannasambands Íslands og aðildarfélaga þess árið 1995.

Mál þetta var þingfest hinn 3. apríl sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 3. júní sl.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því að samkvæmt kjarasamningum milli samtaka sjómanna og LÍÚ skuli tilkynna vinnustöðvun með þriggja vikna fyrirvara. Um verkfallsboðanir gildi ákvæði 16. gr. laga nr. 80/1938 en þar segir að ákvörðun um vinnustöðvun skuli tilkynna sáttasemjara og þeim sem hún beinist aðallega gegn, sjö sólarhringum áður en ætlunin sé að hún hefjist.

Vinnustöðvunin hafi beinst aðallega að félagsmönnum LÍÚ um land allt og því hafi ákvæðum vinnulöggjafarinnar um tilkynningaskyldu verkfalla verið fullnægt með því að tilkynna verkfall til þeirra samtaka. Það að stefndi, útgerð Siglis SÍ-250, hafi ekki átt aðild að LÍÚ breyti ekki þeirri staðreynd að verkfallið hafi náð til skipsins að svo miklu leyti sem félagsmenn aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands hafi verið starfandi um borð í skipi stefnda. Breyti þannig engu þótt stefnda hafi ekki verið send sérstök tilkynning um verkfallsboðunina. Ákvæði 16. gr. laga nr. 80/1938 hafi hingað til verið túlkuð þannig að látið hafi verið nægja að boða verkfall til þeirra sem verkfall beinist aðallega gegn. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 80/1938 séu meðlimir stéttarfélaganna bundnir við löglegar samþykktir félags síns og heildarsamtaka er taki til þess félags. Enginn vafi sé á að um hafi verið að ræða löglega boðað verkfall sem náð hafi til félagsmanna stefnanda, Verkalýðsfélagsins Vöku. Félagsmenn stefnanda hafi þar með verið bundnir af verkfallsboðuninni gagnvart sínu stéttarfélagi og hafi því verið óheimilt að taka upp störf í verkfalli.

Stefnandi telur að stefndi hafi brotið 4. gr. laga nr. 80/1938 í tvennum skilningi, annars vegar með því að boða félagsmenn þess til skips vegna veiðiferðar sem hefjast átti í miðju verkfalli og hins vegar með því að hóta þeim uppsögn ella. Í umræddri grein segir að

atvinnurekendum sé óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra eða afskipti af stéttar- eða stjórnmálafélögum eða vinnudeilum með uppsögnum úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn. Stefnandi telur að félagsmenn þess hafi verið látnir gjalda fyrir þátttöku sína í umræddu verkfalli og slíkt sé bæði brotlegt og bótaskylt. Þannig sé ranglega byggt á því af hálfu stefnda að um hafi verið að ræða ólögmætt brotthlaup félagsmanna stefnanda úr starfi, er heimilað hafi stefnda að víkja félagsmönnum stefnanda úr skipsrúmi samkvæmt ákvæðum 24. gr. laga nr. 35/1985.

Þar sem engin vinnuréttarleg skylda hafi hvílt á félagsmönnum stefnanda þess efnis að mæta til skips þann 2. júní 1995 hafi ekki verið um ólögmætt brotthlaup þeirra að ræða þegar þeir hafi neitað að fara um borð í skip stefnda þegar það lét úr höfn í miðju verkfalli. Þeir hafi ekki gert annað en að virða löglegt verkfall sem náð hafi til b/v Siglis SÍ-250 í eigu stefnda eins og annarra skipa á félagssvæði aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélstjórafélags Íslands. Uppsögn stefnda á ráðningasamningi aðila sem fram fór með skeyti dagsettu þann 12. júní 1995 hafi því verið ólögmæt og í raun byggð á rangri forsendu.

Heimildir útgerðarmanna til þess að víkja skipverjum fyrirvaralaust úr skipsrúmi séu tæmandi taldar í ákvæðum 23. og 24. gr. laga nr. 35/1985. Þar sem brottvikning stefnda á félagsmönnum stefnanda, sem m.a. fór fram með skeyti dags. 12. júní 1995 og gerð var án fyrirvara, hafi ekki stuðst við neinar þær heimildir sem tilteknar séu í 23. eða 24. gr. laga nr. 35/1985 verði að telja brottvikninguna ólögmæta og bótaskylda, sbr. 25. gr. s.l.

Stefnandi telur og að háttsemi stefnda hafi falið í sér brot gegn 18. gr. laga nr. 80/1938. Í umræddu ákvæði komi fram að þeim sem vinnustöðvun beinist að einhverju leyti gegn sé óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda sem að vinnustöðvun standa. Með því að krefjast þess að félagsmenn stefnanda tækju upp störf í löglegu verkfalli hafi stefndi reynt að afstýra vinnustöðvun félagsmanna stefnanda. Braut stefndi þannig gegn fyrrnefndu ákvæði.

Stefnandi telur eðlilegt, að við ákvörðun á fjárhæð sektar samkvæmt 65. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur verði höfð hlið-

sjón af ætluðum bótarétti umræddra skipverja vegna hinnar ólögmætu brottvikningar. Þannig beri að ákvarða sekt er nemi samanlögðum launum nefndra félagsmanna stefnanda, eins og þau hefðu orðið í veiðiferð þeirri, sem farin var í verkfallinu. Slík sekt gæti numið fjórföldum hásetahlut þeirrar veiðiferðar eða þriggja mánaða kauptryggingu fjögurra manna. Þessi krafa styðjist við það sjónarmið að stefndi eigi ekki að hagnast á broti sínu gegn fyrrnefndum ákvæðum laga nr. 80/1938. Laun undirmanna miðað við þriggja mánaðar kauptryggingu með orlofi hefðu orðið kr. 222.499,-.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málavexti að skip stefnda „Siglir" sé utan samtaka vinnuveitenda og stundi eingöngu veiðar utan íslensku fiskveiðilögsögunnar, einkum á úthafskarfa á Reykjaneshrygg. Útgerðin sé ekki samningsbundin launþegasamtökum, en ráðningarkjör áhafnarmeðlima taki mið af þeim heildarsamningum sem gerðir hafa verið. Um mánaðamótin maí/júní 1995 hafi skipið komið inn til löndunar í Reykjavík. Verkfall sjómanna, sem einkum hafi snúist um ætlaða þátttöku áhafna í kaupum á aflaheimildum til skipa, var þá hafið. Deilur um aflaheimildir og viðskipti með þær hafi verið útgerð „Siglis" og áhöfn hans óviðkomandi. Skipið hafi engan kvóta og stundi ekki veiðar í kvótabundnum tegundum í íslenskri lögsögu. Útgerðin hafi leitað við komu skipsins sérsamninga við samtök sjómanna, en dæmi höfðu heyrst um slíka samninga, þar sem svo hagaði til svo sem um „Sigli".

Viðræður þessar hafi engan árangur borið og hafi þá útgerð skipsins ákveðið að það skyldi leggja úr höfn allt að einu, enda utan heildarsamtaka atvinnurekenda sem verkfallið beindist gegn. Lögmætt verkfall hafði ekki verið boðað útgerð skipsins.

Þegar leggja skyldi úr höfn hafi forystumenn sjómannafélaga Reykjavíkur og Keflavíkur mætt á hafnarbakkann og reynt fyrst með góðu og gylliboðum en síðan með hótunum og formælingum að fá skipverja til að ganga frá borði, en skipstjóri hafði leyft greindum forystumönnum að koma um borð og ræða við skipverja. Hafi þeir fjórir sem í stefnu greinir gengið frá borði og þar með hafi ráðningarsamband þeirra og útgerðarinnar verið rofið.

Því er mótmælt sem fjarstæðu að skipstjóri eða aðrir fyrirsvarsmenn útgerðar hafi haft hótanir í frammi. Boðun til skips hafi verið með sama hætti sem endranær og án nokkurra hótana.

Stefndi byggir á því að umdeilt verkfall Verkalýðsfélagsins Vöku hafi verið ólögmætt sakir þess að við undirbúning þess og ákvarðanatöku um það hafi ekki verið gætt fyrirmæla 15. gr. laga nr. 80/1938 og framganga forystumanna félagsins og Sjómannasambands Íslands feli í sér brýnt brot á ákvæðum lagagreinarinnar.

Heimild sú sem getur í b- lið 15. gr. um umboð til handa samninganefnd eða félagsstjórn til að taka ákvörðun um vinnustöðvun einskorðist við samninganefnd á vegum þess félags sem í hlut eigi, eða félagsstjórn þess sama félags. Af samhenginu sé ljóst að ekki geti verið um aðra félagsstjórn að ræða, en þess félags sem í hlut eigi og hið sama verði þá einnig að gilda um samninganefndina, hún verði að starfa á vegum þeirra félagsmanna, sem heimildina veita.

Stefndi telur því að b- liður geymi ekki heimild til að veita samninganefnd Sjómannasambands Íslands umboð til að ákveða verkfall félagsmanna einstakra félaga og þá ekki verkfall félagsmanna Verkalýðsfélagsins Vöku.

En jafnvel þótt Félagsdómur komist að þeirri niðurstöðu að heimilt sé að framselja samninganefnd Sjómannasambands Íslands vald til að taka ákvörðun um verkfall félagsmanna einstaks verkalýðsfélags, verði að taka ákvörðun um slíkt framsal ákvörðunarréttar félagsmanna með þeim hætti sem greinir í a- lið 15. gr., en fyrirmæla þeirra ákvæða hafi í engu verið gætt. Atkvæðagreiðsla sú sem nefnd sé í framlagðri fundargerð hafi aðeins verið óformleg og lausleg skoðanakönnun sem engan veginn fullnægi þeim skilyrðum sem sett séu í a- lið 15. gr., sbr. b- lið greinarinnar.

Lögum samkvæmt hafi fundur í stjórn og trúnaðarráði engar heimildir haft til að gera þá fundarsamþykkt sem greinir í fundargerð. Heimild til að boða verkfall hafi því ekki verið til staðar og þaðan af síður heimild til að framfylgja löglausri ákvörðun.

Sjómannasamband Íslands eða samninganefnd þess hafi því ekki haft löglega heimild til að boða verkfall f.h. Verkalýðsfélagsins Vöku og sé framganga forystumanna þess ekki síður ámælisverð og refsiverð en félagsins, enda hafi þeim borið að ganga úr skugga um að umboðs, sem það krafði félagið um til að boða verkfall fyrir þess hönd, væri löglega aflað, áður en látið var til skarar skríða.

Þar sem verkfall verkalýðsfélagsins Vöku hafi verið ólögmætt, hafi skipverjum „Siglis“ borið að hlýða boði skipstjóra um að koma til skips. Kröfur um refsingar á hendur útgerðinni vegna brota á 4.

og 18. gr. laga nr. 80/1938 komi ekki til álita, þegar verkfallsaðgerðir þær sem beint sé gegn vinnuveitanda séu löglausar og feli í sér brýnt brot á lögum og þar með rétti þess vinnuveitanda sem í hlut eigi.

En jafnvel þótt verkfallið hefði verið löglega ákveðið, hafi stefndi ekki verið bundinn af ákvörðun um það þar sem það hafi aldrei verið boðað stefnda, sbr. 16. gr. laga nr. 80/1938. Orðið „aðallega" í þeirri grein verði ekki skilið þannig að geðþóttaákvörðun ráði hverjir séu bundnir af verkfallsboðun sem beint sé að hagsmunasamtökum tiltekinna vinnuveitenda. Sá skilningur að atvinnurekstur utan slíkra raða sé bundinn af „ákvörðun" sem enginn hafi mótmælt fyrir hans hönd samkvæmt löglegu umboði sé fráleitur.

Af öllu framanröktu leiði að óhjákvæmilegt sé að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en dæma Verkalýðsfélagið Vöku og Sjómannasamband Íslands samkvæmt gagnkröfum stefnda, sem gerðar séu með heimild í 53. gr. laga nr. 80/1938.

Þær forsendur málatilbúnaðar á hendur stefnda, að um löglegt verkfall hafi verið að ræða séu rangar og grundvöllur málatilbúnaðar stefnanda því brostinn.

Niðurstaða.

Úrlausn máls þessa veltur á því hvort ákvörðun um vinnustöðvun þá, sem Sjómannasamband Íslands boðaði til vegna 27 aðildarfélaga sinna, þar á meðal Verkalýðsfélagsins Vöku, og hefjast skyldi kl. 24:00 þann 24. maí 1995, hafi gagnvart stefnda farið í bága við ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og þar með verið ólögmæt.

Stefndi telur að ákvörðun um vinnustöðvunina hafi ekki verið tekin með þeim hætti sem fyrir er mælt í b-lið 15. gr. laga nr. 80/1938 þar sem Verkalýðsfélagið Vaka hafi, andstætt lagaákvæði þessu, framselt samninganefnd Sjómannasambands Íslands vald til að taka ákvörðun um vinnustöðvunina. Þótt slíkt framsal væri viðurkennt telur stefndi að fyrirmæla þessa lagaákvæðis hafi allt að einu ekki verið gætt. Jafnvel þótt ákvörðun um vinnustöðvunina verði talin lögmæt, álítur stefndi að vinnustöðvunin hafi samt sem áður verið ólögmæt gagnvart sér þar sem hún hafi ekki verið tilkynnt stefnda í samræmi við ákvæði 16. gr. laga nr. 80/1938.

Stefnandi telur að ákvörðun um vinnustöðvunina hafi verið tekin á lögmætan hátt af trúnaðarmannaráði stéttarfélagsins í samræmi við c-lið 15. gr. laga nr. 80/1938. Samkvæmt 16. gr. laganna og viður-

kenndri túlkun og framkvæmd hennar í raun hafi ekki þurft að tilkynna stefnda sérstaklega um vinnustöðvunina.

Með bréfum, dags. 3. maí 1995, til Vinnuveitendasambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna og ríkissáttasemjara tilkynnti Sjómannasamband Íslands að samninganefnd þess hefði ákveðið að boða til framangreindrar vinnustöðvunar vegna 27 tilgreindra aðildarfélaga sinna er hefðu veitt því eða samninganefnd þess umboð til boðunar vinnustöðvunar á fiskiskipum á félagssvæði sínu þar sem kjarasamningar fyrir sjómenn hefðu ekki tekist. Óumdeilt er að um kjör sjómanna í þjónustu stefnda hafði verið tekið mið af almennum kjarasamningum milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Í 15. gr. laga nr. 80/1938 er tæmandi talið með hvaða hætti ákvörðun um vinnustöðvun skuli tekin. Er um þrjár mismunandi leiðir að ræða og er vinnustöðvun, sem samþykkt er á annan hátt ólögmæt. Samkvæmt c-lið 15. gr. laga nr. 80/1938 er vinnustöðvun heimil ef ákvörðun um hana hefur verið tekin „af trúnaðarmannaráði, ef lög viðkomandi félags fela því slíkt vald, enda hafi vinnustöðvunin verið samþykkt með a.m.k. 3/4 hlutum greiddra atkvæða á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi."

Félagslög Verkalýðsfélagsins Vöku hafa að geyma svofellt ákvæði í 22. gr. um ákvörðun trúnaðarmannaráðs um vinnustöðvun: „Ákvarðanir um að hefja verkfall eða aflétta verkfalli, eru lögmætar og bindandi fyrir félagið og meðlimi þess ef þær hafa verið samþykktar með 3/4 hlutum atkvæða á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi."

Hinn 1. apríl 1995 var haldinn fundur stjórnar og trúnaðarmannaráðs Verkalýðsfélagsins Vöku. Samkvæmt framlagðri fundargerð lá fyrir á fundinum erindi frá stjórn Sjómannasambands Íslands þar sem óskað var eftir því að trúnaðarmannaráð stéttarfélagsins veitti stjórn Sjómannasambandsins og samninganefnd þess umboð til að boða til vinnustöðvunar fyrir hönd sjómannadeildar Vöku. Tekið er fram í fundargerðinni að atkvæðagreiðsla hafi farið fram um málið í sjómannadeild Vöku og samþykkt þar með yfirgnæfandi meirihluta að veita stjórn Sjómannasambandsins umboð til verkfallsboðunar. Þá er bókað að svohljóðandi tillaga formanns hafi verið borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum: „Fundur í stjórn og trúnaðarmannaráði Verkalýðsfélagsins Vöku Siglufirði haldinn

laugardaginn 1. apríl 1995, samþykkir að veita samninganefnd Sjómannasambands Íslands umboð til að boða vinnustöðvun fyrir hönd Sjómannadeildar Vöku."

Skilja verður fyrrgreinda samþykkt frá 1. apríl 1995 svo að í henni hafi falist ákvörðun trúnaðarmannaráðs Verkalýðsfélagsins Vöku um vinnustöðvun á grundvelli c-liðar 15. gr. laga nr. 80/1938. Þar sem trúnaðarmannaráðið hafði samkvæmt félagslögum vald til að taka slíka ákvörðun verður að telja að ákvörðun um vinnustöðvunina hafi verið tekin með lögmætum hætti.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/1938 ber að tilkynna ákvörðun um vinnustöðvun sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, 7 sólarhringum áður en hún á að hefjast. Óumdeilt er að stefnda var ekki tilkynnt sérstaklega um vinnustöðvunina. Sú vinnustöðvun beindist aðallega að félagsmönnum Landssambands íslenskra útvegsmanna, en að þeim samtökum á stefndi ekki aðild. Um kjör sjómanna hjá stefnda var farið eftir kjarasamningum milli Sjómannasambands Íslands annars vegar og Landssambands íslenskra útvegsmanna hins vegar. Að þessu virtu og með vísan til orðalags 16. gr. laga nr. 80/1938, sbr. og Félagsd. III:213, verður ekki talið að skylt hafi verið að tilkynna stefnda sérstaklega um vinnustöðvunina. Stefnda sem var kunnugt um vinnustöðvunina mátti og vera ljóst að hún beindist að honum.

Samkvæmt framansögðu verður að telja að vinnustöðvun Verkalýðsfélagsins Vöku hafi að formi og efni verið gild gagnvart stefnda. Við þá ákvörðun voru einstakir meðlimir stéttarfélagsins bundnir, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938. Telja verður að stefndi hafi brotið gegn 4. gr. laga nr. 80/1938 með því að víkja greindum félagsmönnum Verkalýðsfélagsins Vöku úr skipsrúmi á þeim forsendum að þeir hafi ekki sinnt brottfararkvaðningu til skips, sbr. 2. tl. 1. mgr. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Þá verður jafnframt að telja að stefndi hafi brotið gegn 18. gr. laga nr. 80/1938 með því að reyna að koma í veg fyrir að vinnustöðvunin næði fram að ganga. Því verður aðalkrafa stefnanda tekin til greina.

Brot gegn lögum nr. 80/1938 varða sektum samkvæmt 70. gr., sbr. 65. gr. laganna. Samkvæmt málsúrslitum hér að framan um aðalkröfu stefnanda þykir rétt að ákvarða stefnda fésekt fyrir brot gegn 4. og 18. gr. laga nr. 80/1938. Þykir fésektin hæfilega ákveðin 500.000 kr. til ríkissjóðs.

Af framansögðu leiðir að sýkna ber stefnanda af gagnkröfum stefnda.

Eftir þessum málsúrslitum er rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 kr. og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Siglfirðingur hf., braut gegn ákvæðum 4. og 18. gr. laga nr. 80/1938 með uppsögn þeirra fjögurra starfsmanna sinna sem í málinu greinir.

Stefndi greiði 500.000 kr. sekt til ríkissjóðs.

Stefnandi, Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Vöku, skal vera sýkn af gagnkröfum stefnda, Siglfirðings h/f, í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda 100.000 kr. í málskostnað.

Miðvikudaginn 12. júní 1996.

Nr. 3/1996. **Starfsmannafélag ríkisstofnana**
(Gunnar Jónsson hdl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
vegna ríkisspítalanna
(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Kjarasamningur. Samráðsnefnd.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðni Haraldsson og Guðmundur Skaftason.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 12. mars sl.

Stefnandi er Starfsmannafélag ríkisstofnana, Grettisgötu 89, Reykjavík, kt. 620269-3449.

Stefndi er Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra, kt. 181043-4669, f.h. ríkissjóðs vegna ríkisspítalanna.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að ákvörðun á samráðsnefndarfundi ríkisspítalanna og Starfsmannafélags ríkisstofnana frá 11. maí 1995, um kjör læknaritara sé bindandi fyrir stefnda.
2. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms og við þá ákvörðun verði gætt að skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af aðkeyptri lögmannsþjónustu, sem stefnandi njóti ekki frádráttarréttar vegna.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að tildæmdur verði málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Til vara er þess krafist að einungis verði viðurkennt með dómi að ákvörðun á samráðsnefndarfundi ríkisspítala og Starfsmannafélags ríkisstofnana frá 11. maí 1995, um kjör læknaritara á ríkisspítölum sé bindandi fyrir stefnda.

Hinn 23. apríl sl. var kveðinn upp úrskurður í málinu þar sem frá-

vísunarkröfu stefnda var hafnað. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 20. maí sl. var úrskurður þessi staðfestur.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo að stefnandi sé stéttarfélag sem fari með samningsrétt í kjaramálum fyrir félagsmenn sína á grundvelli 5. gr. laga nr. 94/1986. Óumdeilt sé að fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs fari með umboð til gerðar kjarasamninga við þá starfsmenn ríkisspítalanna sem séu félagsmenn í Starfsmannafélagi ríkisstofnana (SFR). Ríkissjóði sé því stefnt í máli þessu.

Þann 2. febrúar 1993 hafi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SFR gert samkomulag um að koma á samráðsnefndum innan einstakra stofnana þar sem félagar í SFR starfa. Hlutverk samráðsnefndanna skyldi vera hið sama og samstarfsnefnda skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SFR. Hlutverk þeirra sé skilgreint í grein 11 í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 1. apríl 1995. Í framkvæmd sé vald samstarfsnefnda til launaflokkabreytinga margviðurkennt. Þann 11. maí 1995 hafi samráðsnefndarfundur ríkisspítalanna (RSP) og SFR komist að samkomulagi um að gera breytingar á launaflokkaröðun læknaritara á RSP, sem gilda skyldi frá 1. janúar 1995. Við samkomulagið hafi ekki verið staðið af stefnda hálfu. Lögmaður stefnanda hafi með bréfi, dags. 27. nóvember 1995, krafist efnda á samkomulaginu. Bréfinu hafi ekki verið svarað. Krafan hafi verið ítrekuð af lögmanni með bréfi, dags. 15. janúar 1996, og tekið fram að leitað yrði atbeina dómstóla, yrði ekki við kröfunni orðið. Þar sem ríkisspítalar hafi í engu svarað téðum bréfum lögmannsins, reki stefnanda nauður til þessarar málsóknar.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður mál þetta lúta dómsvaldi Félagsdóms skv. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, en í ákvæði þessu segi að undir dómsvald Félagsdóms falli m.a. að dæma um „ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans." Stefnandi telur samkomulag SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 2. febrúar 1993 vera hluta kjarasamnings á milli aðila, eða ígildi hans og stefnukrafa sé gerð á grundvelli samkomulags sem gert var með stoð í nefndu samkomulagi.

Með samkomulagi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags. 2. febrúar 1993, hafi samstarfsnefndum SFR verið komið á. Hlutverk þerra sé þannig skilgreint:

„Hlutverk samráðsnefndanna verði það sama og samstarfsnefndanna samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsmannafélags ríkisstofnana."

Hlutverk samstarfsnefnda sé skilgreint í 11. gr. kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Kjarasamningurinn sé, að því er það atriði varðar, óbreyttur frá þeim tíma er ofangreint samkomulag var gert. Í grein 11.2. í kjarasamningnum segi m.a.:

„Hlutverk nefndanna er að fjalla um laus- og fastráðningu starfsmanna á vinnumarkaði SFR, hvað snertir röðun í launaflokka, ... Nefndirnar skulu reyna til þrautar að jafna ágreining, er upp kann að koma, eftir að röðun í launaflokka hefur farið fram.

Enn segi í grein 11.3.:

„Auk þess að hafa eftirlit með röðun í launaflokka skulu nefndirnar..."

Samkvæmt þessu teljist samráðsnefndirnar tvímælalaust hafa til þess umboð að endurraða í launaflokka, svo sem samið hafi verið um með læknaritarana í fyrrgreindu samkomulagi 11. maí 1995. Sú framkvæmd hafi verið óumdeild og umboð samstarfsnefnda til að skipa starfsmönnum í launaflokka alveg skýr. Um framkvæmdina vísar stefnandi til framlagðra skjala. Af þeim telur stefnandi mega ráða hvernig framkvæmd hafi verið háttað, m.a. vegna starfsfólks á ríkisspítölum.

Þá vísast um umboð samstarfsnefnda til dóms Félagsdóms frá 22. nóvember 1993, í máli Félags íslenskra símamanna vegna Dóru Halldórsdóttur gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Stefnandi telur þann dóm sýna að samstarfsnefndir hafi mjög rúmt vald.

Ljóst sé að samkomulag aðila frá 2. febrúar 1993 þýði að samráðsnefndir hafi sama hlutverk og vald og samstarfsnefndir skv. kjarasamningi, enda beinlínis kveðið á um það í texta samkomulagsins. Samráðsnefndin hafi á fundi þann 11. maí 1995 ákveðið breytingar á launaflokkaröðun læknaritara, sem gilda skyldi frá og með 1. janúar 1995. Undir það samkomulag hafi ritað Bjarni Ingvarsson, fulltrúi ríkisspítala í samráðsnefndinni. Með því að skipa hann í nefndina hafi RSP viðurkennt bæði umboð nefndarinnar og umboð Bjarna til að fara með forsvar fyrir RSP í nefndinni. Framkvæmd sýni einnig að sú hafi verið raunin og vísast þar um til fyrri ákvarðana samstarfsnefnda, en við þær hafi verið staðið.

Samráðsnefnd hafi á fundi sínum þann 11. maí 1995 tekið ákvörð-

un um breytingar á launaflokkaröðun læknaritara. Sú ákvörðun hafi verið tekin á nákvæmlega sama hátt og tíðkað hafi verið um slíkar ákvarðanir. Ákvörðunin sé því bindandi fyrir ríkisspítalana og læknariturum hafi samkvæmt því átt að raða í launaflokka í samræmi við ákvörðunina frá 1. janúar 1995 svo sem krafist er viðurkenningar á í máli þessu.

Stefnandi kveður málskostnaðarkröfu sína vera skaðleysiskröfu og vitnar til 130. gr. laga nr. 91/1991 henni til stuðnings. Við ákvörðun málskostnaðar telur stefnandi að tillit verði að taka til þess að honum beri að gjalda virðisaukaskatt af aðkeyptri lögmannsþjónustu og vegna þess skatts njóti hann ekki frádráttarréttar.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Stefndi telur að ákvörðun sú sem tekin var af samráðsnefnd á fundi hennar hinn 11. maí 1995, sé ekki bindandi, hvorki fyrir stefnanda né stefnda. Samráðsnefndin hafi ekki haft umboð til að semja um kaup og kjör að svo miklu leyti sem lög ráðgera að kveða skuli á um í kjarasamningum, sbr. 9. gr. laga nr. 94/1986. Þótt stefnandi kjósi að kalla niðurstöðu fundarins samkomulag sé víst að ekki hafi þar verið um að ræða kjarasamning í skilningi I. og II. kafla laga nr. 94/1986. Stefndi telur umboð til kjarasamninga milli aðila málsins aðeins vera á hendi fjármálaráðherra eða nefndar þeirrar sem hann skipar til að annast samninga fyrir sína hönd (samninganefndar ríkisins), og á hinn bóginn viðkomandi stéttarfélags. Stefndi vísar hér til 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 94/1986.

Hlutverk samráðsnefndarinnar hafi samkvæmt samkomulagi frá 2. febrúar 1993 verið ákveðið hið sama og samstarfsnefnda þeirra sem kveðið er á um í 11. grein kjarasamnings fjármálaráðherra og Starfsmannafélags ríkisstofnana. Svo sem ráða megi af orðalagi 11. gr. hafi nefndir þær aðeins umboð til að skipa einstökum starfsmönnum í launaflokka við upphaf ráðningar eða þegar starfsmenn færast á milli starfa, svo og að fjalla um kærur varðandi þau atriði og önnur ágreiningsmál varðandi túlkun á ákvæðum samningsins. Hið samningsbundna hlutverk nefnda sem þessara sé einnig að hafa eftirlit með röðun í launaflokka en með því sé bersýnilega átt við eftirlit með því að einstökum starfsmönnum sé skipað í þann launaflokk sem ákvæði ráðningar- og kjarasamnings gefa tilefni til. Heimild og umboð samráðsnefndarinnar nái hins vegar ekki til þess að

flytja starfsheiti til um launaflokka, þ.e. að semja um ný starfsheiti og almennar breytingar á launum eða kjörum.

Þeim atriðum sem samráðsnefnd tók til ákvörðunar á fundi sínum þann 11. maí 1995, hafi aðeins mátt ráða til lykta með kjarasamningi, sbr. fyrrnefnda 9. gr. laga nr. 94/1986. Á fundinum hafi þvert á móti verið teknar ákvarðanir er lutu að almennum hækkunum læknaritara, þvert ofan í ákvæði kjarasamnings, sem fyrirfram hafi verið markaður tiltekinn gildistími. Komi fram í bréfi formanns stefnanda og fulltrúa í samninganefnd læknaritara, sem dagsett er 13. mars 1996 og ritað er lögmanni félagsins, að þær breytingar sem fólust í ákvörðun samráðsnefndarinnar hafi verið um almennar launahækkanir sem ekki hafi samist um í kjaraviðræðum. Umræddar hækkanir eigi sér því bersýnilega ekki stoð í gildandi kjarasamningi milli aðila málsins og því sé ákvörðunin andstæð honum. Jafnframt því að samráðsnefndin hafi með ákvörðun sinni farið langt út fyrir umboð sitt, hafi fundarmenn allir farið út fyrir umboð sín.

Að því er varðar Bjarna Ingvarsson hafi hann farið út fyrir það umboð sem honum hafi verið ætlað sem fulltrúi stofnunar. Vísar stefndi um það til bréfs fjármálaráðuneytisins til Ríkisspítala, dags. 21. júní 1993, þar sem stofnuninni hafi verið veitt heimild sú sem ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986 ráðgerir, þ.e. að annast framkvæmd kjarasamninga. Í nefndu bréfi ráðuneytisins sagði meðal annars:

„Heimild þessi felur í sér að stofnunin annist alfarið ráðningar- og launamál starfsmanna sinna í samræmi við lög, reglur, kjarasamninga og fyrirmæli þar að lútandi. Tekið skal fram að samskipti þau við stéttarfélög sem fram hafa farið í ráðuneytinu á vettvangi samstarfsnefnda og varða færslu einstaklinga eftir röðunarákvæðum kjarasamninga, flytjast hér með til stofnunarinnar eftir því sem þörf verður á."

Jafnframt byggir stefndi á því að fulltrúar stefnanda á nefndum fundi, þau Sigríður Kristinsdóttir og Árni St. Jónsson, hafi farið út fyrir umboð sín, með því að semja um atriði sem þegar hafði verið skipað með kjarasamningum. Stefndi heldur því einnig fram að báðum fulltrúum stefnanda hafi verið eða mátt vera ljós sá umboðsskortur og jafnframt vitað eða mátt vita um umboðsskort Bjarna Ingvarssonar. Því til stuðnings bendir stefndi á að stefnanda hafi verið sent afrit af tilvitnuðu bréfi ráðuneytisins frá 21. júní 1993.

Auk þess verði að leggja til grundvallar þekkingu beggja fulltrúa stefnanda á lögum og reglum sem á vinnumarkaði gilda, ekki síst er varða kjaramál opinberra starfsmanna, svo og sjálfum kjarasamningum milli félagsins og stefnda, en bæði hafi þau um árabil gengið í fylkingarbrjósti sem formaður og framkvæmdastjóri stefnanda.

Stefndi byggir á því að læknaritarar séu ekki aðeins í störfum hjá Ríkisspítölum, heldur einnig á sjúkrahúsum ríkisins út um allt land, sem og á heilsugæslustöðvum. Rétt til að kalla sig „læknaritara" hafa þeir einir sem hlotið hafa löggildingu heilbrigðis- og tryggingaráðherra. Læknaritarar teljist því vera löggilt starfstétt, sbr. reglugerð nr. 161/1987, reglugerð nr. 162/1988 og reglugerð nr. 325/1991, sbr. lög nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta. Störf læknaritara taka því til fleiri starfsmanna en þeirra sem á Ríkisspítölum starfa. Á margnefndum fundi samráðsnefndarinnar þann 11. maí 1995 hafi verið stofnuð ný starfsheiti, sem ekki voru sérstaklega takmörkuð við störf læknaritara Ríkisspítala, án þess að skilyrðum 25. gr. laga nr. 94/1986 væri fullnægt. Stefndi telur að fundarmönnum hafi einnig verið ljóst að slík ákvörðun horfði til breytinga á kjarasamningi aðila og því hafi hún verið utan heimildar og umboðs stofnunarinnar sem og fulltrúa stéttarfélags á samráðsnefndarfundi. Stefndu benda einnig á að það fái ekki staðist að kveða á um sérkjör þeirra læknaritara sem á Ríkisspítölum vinna andstætt kjarasamningi. Slík sérkjör læknaritara sem þar starfi verði ekki ákveðin á samráðsfundi stéttarfélags og fulltrúa viðkomandi stofnunar.

Stefndi mótmælir því að viðurkennt hafi verið í framkvæmd að samstarfsnefndir séu til þess bærar að breyta kjarasamningi eða gera nýja kjarasamninga. Þær fundargerðir sem stefnandi hefur lagt fram úr öðrum málum, telur stefndi alls óviðkomandi sakarefni málsins og ekki til stuðnings kröfum stefnanda. Vald samstarfsnefnda sé takmarkað svo sem að framan er rakið og telur stefndi að hlutverk slíkra nefnda hafi ávallt verið ljóst aðilum vinnumarkaðar. Frekara vald samstarfsnefnda til að gerbreyta þegar umsömdum kjaraatriðum hafi ekki verið viðurkennt, hvorki af stefnanda né stefnda. Í dómi Félagsdóms frá 22. nóvember 1993 í málinu nr. 9/1993, sem stefnandi hefur vitnað til, sé andstætt því sem félagið byggir á, vísað til niðurstöðu samstarfsnefndar sem lögum samkvæmt hafði aðeins umboð til úrlausnar á tilteknum deilumálum

einstakra starfsmanna um túlkanir á ákvæðum gildandi kjarasamnings. Dómurinn sýni því enga réttarreglu þess efnis að hin umdeilda ákvörðun samráðsnefndar sem tekin var á fundi hinn 11. maí 1995 geti verið bindandi.

Þrautavarakrafa er sett fram ex tuto þar sem stefndi telur kröfu stefnanda samkvæmt orðan sinni og aðildar málsins of víðtæka. Verði ákvörðun samráðsnefndarinnar talin bindandi telur stefndi að dómur geti aðeins falið í sér að viðurkenningu að því er tekur til læknaritara á Ríkisspítölum.

Til stuðnings kröfum um málskostnað vísast til 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Með samkomulagi milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Starfsmannafélags ríkisstofnana frá 2. febrúar 1993 var kveðið á um stofnun samráðsnefnda innan einstakra stofnana þar sem félagsmenn SFR starfa. Málsaðilar hafa ekki deilt um gildi þessa samkomulags. Í samkomulaginu segir m.a. svo:

„Hlutverk samráðsnefndanna verði það sama og samstarfsnefndanna samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsmannafélags ríkisstofnana."

Í gr. 11.2. í kjarasamningi aðila segir svo um hlutverk samstarfsnefnda:

„Hlutverk nefndanna er að fjalla um laus- og fastráðningu starfsmanna á vinnumarkaði SFR, hvað snertir röðun í launaflokka, og gildir þetta einnig um fólk, er færist milli starfa innan stofnunar eða milli stofnana. Nefndirnar skulu reyna til þrautar að jafna ágreining, er upp kann að koma, eftir að röðun í launaflokka hefur farið fram."

Ennfremur segir í grein 11.3. til viðbótar framanrituðu:

„Auk þess að hafa eftirlit með röðun í launaflokka skulu nefndirnar..."

Í bréfi starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, dags. 21. júní 1993, segir m.a. svo:

„Með heimild í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94, 31. desember 1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 1. gr. laga nr. 119, 27. desember 1990, um starfsmannamál o.fl., felur fjármálaráðuneytið Ríkisspítölum hér með framkvæmd kjarasamninga fyrir sína hönd.

Heimild þessi felur í sér að stofnunin annist alfarið ráðningar- og launamál starfsmanna sinna í samræmi við lög, reglur, kjarasamninga og fyrirmæli þar að lútandi. Tekið skal fram að samskipti þau við stéttarfélög sem fram hafa farið í ráðuneytinu á vettvangi samstarfsnefnda og varða færslu einstaklinga eftir röðunarákvæðum kjarasamnings, flytjast hér með til stofnunarinnar eftir því sem þörf verður á. Ákveðnar tillögur um hvernig slíkum tengslum væri best skipað verða ekki settar hér fram, en hjálagt fylgir myndrit af samkomulagi ráðuneytisins og Starfsmannafélags ríkisstofnana, dags. 2. febrúar sl. sem á við í þessu sambandi."

Í bréfi starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, dags. 21. mars 1996, segir m.a. svo:

„Samkvæmt framangreindu hefur samráðsnefnd, sem sett var á stofn á grundvelli samkomulags fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SFR, dags. 2. febrúar 1993, heimild til að breyta launaflokkaröðun einstaklinga er starfa á RSP, þannig að röðunin rúmist innan þeirra starfsheita sem til eru í kjarasamningi. Heimildin nær hins vegar ekki til þess að flytja starfsheiti til um launaflokka, eða m.ö.o. að semja um ný starfsheiti."

Með vísan til þess, sem að framan var rakið um hlutverk samráðsnefndarinnar verður ekki talið, að nefndarmenn hafi farið út fyrir umboð sitt við samþykktina frá 11. maí 1995. Þeim var ekki aðeins falið að fjalla um laus- og fastráðningu starfsmanna varðandi röðun í launaflokka, heldur einnig að hafa eftirlit með röðun í launaflokka.

Einnig voru þeim falin þau samskipti „við stéttarfélög sem fram hafa farið í ráðuneytinu á vettvangi samstarfsnefnda og varða færslu einstaklinga eftir röðunarákvæðum kjarasamnings...". Þessi samskipti skulu flytjast til stofnana eftir því sem þörf verður á. Allt er þetta þáttur í þeirri viðleitni stefnda að færa meira vald í launamálum út í stofnanirnar. Rétt þykir að líta svo á, að það sé ekki aðeins við nýráðningar í störf er komi til kasta samráðsnefndar, heldur einnig telji þær einstök starfsheiti sæta ósanngjarnri röðun. Hér er ekki um neina almenna endurröðun að ræða, heldur leiðréttingu á röðun einnar starfsstéttar í launaflokka. Verður því ekki talið að breytingin á röðuninni rekist á við kjarasamninginn. Heimild fyrir framangreindri ráðstöfun er að finna í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986, sbr. 1. gr. laga nr. 119/1990.

Hér er og á að líta símbréf, dags. 12. apríl 1995, sem að sögn fyrirsvarsmanna stefnanda var sent inn í Rúgbrauðsgerð áður en gengið var frá kjarasamningi. Símbréfið hafi Bjarni Ingvarsson fulltrúi ríkisspítalanna í samráðsnefnd og þáverandi starfsmannastjóri hjá ríkisspítölum sent samninganefndarmönnum stefnanda. Í bréfi þessu segir m.a.:

„. . . Ríkisspítalar sjá sér ekki fært að fallast á kröfur sem settar voru fram í bréfi frá 11. nóvember 1994. Lagt er til að skrifstofustjórar raðist í launaflokk 244 eins og t.d. deildarstjóri 2 á endurhæfingadeild LSP í Kópavogi og hafi síðan möguleika á hækkun með framhaldsnámi, t.d. 30 ein. og 60 ein. fari því hæst í 246. Aðrir raðist með tilliti til þessa."

Í röðun í launaflokka í kjarasamningi er að finna ýmis starfsheiti, sem læknaritarar geta fallið undir. Öll eru þau meira og minna óskilgreind. Þessi eru þau helstu:

Launaflokkur 235 „Læknaritari endursk. eftir 6 mánuði", launaflokkur 237 „Læknafulltrúi", launaflokkur 239 „Deildarlæknafulltrúi", launaflokkur 241 „Deildarlæknafulltrúi m/umframmenntun + 2 lfl." og launaflokkur 242 „Skrifstofustjóri/læknaritari".

Hvort fulltrúi ríkisspítala hefur farið út fyrir umboð sitt í samráðsnefnd eða ekki, hefur ekki þýðingu við niðurstöðu máls þessa, þar sem telja verður að fulltrúar stefnanda í nefndinni hafi mátt treysta því, að fulltrúinn hefði það umboð sem undirskrift hans bar með sér. Í bréfi ráðuneytisins frá 21. júní 1993 er ríkisspítölum falin framkvæmd kjarasamninga og vísað m.a. til samráðsnefndarinnar. Stefnanda var sent afrit af bréfi þessu. Fulltrúi ríkisspítalanna var og starfsmannastjóri þeirra.

Í samþykktinni frá 11. maí 1995 var verið að fjalla um kjör læknaritara á ríkisspítölum og þegar af þeirri ástæðu tekur samþykktin eingöngu til læknaritara sem þar starfa.

Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefnanda því yfir að varakrafa, áður þrautavarakrafa, stefnda væri sú sama og aðalkrafa stefnanda.

Eftir þessu verður því niðurstaða málsins sú að fallist er á kröfur stefnanda um að ákvörðun á samráðsnefndarfundi aðila frá 11. maí 1995 um röðun læknaritara á ríkisspítölum skuli vera bindandi fyrir stefnda. Ekki verður tekin afstaða til annarra kjaraatriða í áðurgreindri samþykkt enda ekki um það fjallað í málinu.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 150.000 án tillits til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Ákvörðun á samráðsnefndarfundi ríkisspítala og Starfsmannafélags ríkisstofnana frá 11. maí 1995 um röðun læknaritara á ríkisspítölum er bindandi fyrir stefnda.

Stefndi, ríkissjóður vegna ríkisspítalanna, greiði stefnanda, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, kr. 150.000 í málskostnað.

Mánudaginn 26. ágúst 1996.

Nr. 10/1996. **Dómarafélag Íslands**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Félagsdómur.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta höfðar stefnandi til viðurkenningar á því að héraðs- og hæstaréttardómarar, sem taka laun samkvæmt ákvörðunum Kjaradóms frá 12. nóvember 1993 og 8. september 1995, eigi frá 1. desember 1993 rétt til orlofs af fastri mánaðarlegri yfirvinnu sem þeir fá greidda samkvæmt ákvörðun Kjaradóms frá 12. nóvember 1993.

Dómararnir Auður Þorbergsdóttir og Ingibjörg Benediktsdóttir eru félagsmenn í Dómarafélagi Íslands. Samkvæmt lögum félagsins hefur það fyrirsvar fyrir félagsmenn í kjaramálum. Krafa stefnanda í málinu varðar fjárhagslega hagsmuni félagsmanna Dómarafélagsins.

Með vísan til 48. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. 1. og 9. tl. 6. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, ber dómurunum Auði Þorbergsdóttur og Ingibjörgu Benediktsdóttur að víkja sæti í máli þessu.

Þá ber dómaranum Gylfa Knudsen einnig að víkja sæti með vísan til 48. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 1. og 9. tl. 6. gr. laga nr. 75/1973, þar sem málið kann að varða hann fjárhagslega vegna tengingar launakjara hans að hluta til við launakjör héraðsdómara.

Úrskurðarorð:

Dómararnir Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen og Ingibjörg Benediktsdóttir víkja sæti í máli þessu.

Mánudaginn 26. ágúst 1996.

Nr. 11/1996. **Dómarafélag Íslands**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Jón G. Tómasson hrl.)

Félagsdómur.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta höfðar stefnandi til viðurkenningar á því að héraðs- og hæstaréttardómarar, sem taka laun samkvæmt ákvörðunum Kjaradóms frá 12. nóvember 1993 og 8. september 1995, eigi frá 1. desember 1993 rétt til orlofs af fastri mánaðarlegri yfirvinnu sem þeir fá greidda samkvæmt ákvörðun Kjaradóms frá 12. nóvember 1993.

Dómararnir Eggert Óskarsson og Kristjana Jónsdóttir eru félagsmenn í Dómarafélagi Íslands. Samkvæmt lögum félagsins hefur það fyrirsvar fyrir félagsmenn í kjaramálum. Krafa stefnanda í málinu varðar fjárhagslega hagsmuni félagsmanna Dómarafélagsins.

Með vísan til 48. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. 1. og 9. tl. 6. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, ber dómurunum Eggert Óskarssyni og Kristjönu Jónsdóttur að víkja sæti í máli þessu.

Úrskurðarorð:

Dómararnir Eggert Óskarsson og Kristjana Jónsdóttir víkja sæti í máli þessu.

Föstudaginn 27. september 1996.

Nr. 10/1996. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga**
(Jóhann Halldórsson hdl.)
gegn
Landssambandi íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf.
(Jónas Haraldsson hdl.)

Dómsvald Félagsdóms. Frávísun.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Málið, sem tekið var til úrskurðar 13. þ.m., var þingfest 8. júlí sl.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Borgartúni 18, Reykjavík, vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, Skipagötu 14, Akureyri.

Stefndi er Landssamband íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., kt. 671272-2189, Aðalgötu 16, Ólafsfirði.

Dómkröfur stefnanda:

Að dæmt verði að stefndi hafi brotið gegn grein 1.02 og III. kafla greinar 1.03., sbr. I. kafla sömu greinar í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 265.537 samkvæmt grein 1.53. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Að málinu verði vísað frá Félagsdómi.

Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins vegna frávísunarkröfunnar krafðist stefnandi þess að frávísunarkröfunni verði hrundið og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Málavextir.

Félagsmaður stefnanda, Einar Sveinsson, kt. 270165-5089, starfaði hjá stefnda á tímabilinu 31. mars 1995 til 20. mars 1996, ýmist sem annar stýrimaður eða sem netamaður á rækjutogaranum Baldri EA-108, nú Hvannbergi ÓF-72. Að sögn stefnanda lét Einar af störfum þann 20. mars 1996 vegna ágreinings við útgerðina um uppgjörshætti og skil á samningsbundinni aflahlutdeild.

Forsaga málsins er sú að Einar Sveinsson leitaði til stéttarfélags síns, Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, í því skyni að láta félagið kanna hvort rétt hefði verið staðið að uppgjöri launa hans vegna þess aflaverðmætis sem Baldur kom með að landi í formi iðnaðarrækju. Þegar Einar byrjaði að starfa hjá stefnda var afli skipsins verkaður í þrjár afurðir, þ.e. frysta rækju á Japansmarkað, suðurækju og iðnaðarrækju sem fór til frekari vinnslu í landi.

Ágreiningur aðila stendur um útreikning aflaverðmætis þess hluta rækjunnar sem verkuð var sem iðnaðarrækja. Á tímabilinu 31. mars 1995 til 20. mars 1996 var heildarmagn rækju sem verkuð var og landað sem iðnaðarrækja 876.621 kg. Fyrir þennan afla voru stefnda greiddar kr. 115.000 fyrir hvert tonn í peningum og eitt tonn af rækjukvóta (rækjuaflamark). Hér var því um svokölluð „tonn á móti tonni" viðskipti að ræða. Gert var upp gagnvart skipverjum miðað við peningagreiðslur þær sem inntar voru af hendi í þessum viðskiptum.

Í hinum svokölluðu „tonn á móti tonni" viðskiptum fær útgerðarmaður tvenns konar greiðslu fyrir landaðan afla. Annars vegar fær útgerðin peningagreiðslu miðað við magn og hins vegar fær hún kvóta í formi aflamarks þeirrar fisktegundar sem viðskiptin varða.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi byggir málssókn sína á því að stefnda hafi verið skylt að gera upp aflaverðmæti og greiða laun í samræmi við ákvæði laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins og ákvæði greinar 1.02., III. kafla greinar 1.03., sbr. I. kafla sömu greinar í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegs-

manna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar. Samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum laga og kjarasamninga beri útgerðarmönnum að greiða laun miðað við það heildaraflaverðmæti sem útgerðin fær fyrir aflann.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að við uppgjör aflahlutar hafi stefndi lagt rangt aflaverðmæti til grundvallar við ákvörðun skiptaverðmætis og að þannig hafi hann dregið stóran hluta aflaverðmætis undan hlutaskiptum. Með þessum starfsaðferðum hafi stefndi greitt skipverjum sínum lægri aflahluti, en þeim hafi borið samkvæmt lögum og kjarasamningum, sbr. lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti o.fl. Þegar afli fiskiskipa er seldur óunninn hér á landi sé skiptaverðmæti hans til hlutaskipta og aflaverðlauna 76% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir hann við sölu, sbr. 1. gr. s.l. Lög þessi verði ekki túlkuð á annan veg en þann, að um leið og veiddur afli er kominn um borð í fiskiskip öðlist skipverjar, samkvæmt lögunum, hlutdeild í verðmæti aflans. Í raun megi segja að skipverjar öðlist eignarhlutdeild í veiddum afla um leið og hann kemur inn fyrir borðstokkinn. Skiptahlutfallið sé lögákveðið og verði ekki breytt nema vegna tilfallandi breytinga á olíuverði en í lögunum segir „Skiptaverðmæti aflans skal þó aldrei vera lægra samkvæmt þessari grein en 70% af heildarverðmæti."

Lögin um skiptaverðmæti sé grundvöllur að launakerfi sjómanna og hluti af kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar, sbr. gr. 1.02. í samningnum. Ljóst sé að verðmæti aflans, í skilningi 1. gr. laganna, geti ekki verið háð einhliða ákvörðun útgerðarmanns, enda væri þá algerlega þýðingarlaust að ákveða skiptaprósentu með kjarasamningsgerð og löggjöf sem þessari ef útgerðarmaður gæti síðan breytt forsendum útreiknings að eigin hentugleika. Sú háttsemi stefnda að miða uppgjör launahluta og greiða skipverjum launahluti miðað við kr. 115 per/kg þegar stefndi hafi raunverulega selt sama afla fyrir tæplega tvöfalt verð, þar sem nær helmingur greiðslu hafi farið fram með greiðslu aflamarks í úthafsrækju, sem ekki kom til skipta til sjómanna, fól að mati stefnanda í sér ólögmæta ráðstöfun stefnda og jafnframt brot á tilvitnuðum lögum sem og kjarasamningi aðila.

Þar sem raunverulegt aflaverðmæti hafi verið mun meira en fram komi á uppgjörum til skipverja hjá stefnda þá hefði þeim borið

hærri launahlutir. Hér sé um grundvallarspurningu að ræða. Alkunna sé að laun sjómanna ráðist nær eingöngu af aflaverðmæti því sem skip hans kemur með að landi. Ef talið yrði að útgerðarmaður hefði sjálfdæmi um það hvert heildaraflaverðmæti væri í skilningi laga og kjarasamninga væri öllum stoðunum kippt undan kjarasamningum sjómanna. Slíkt myndi einnig eyða öllum grunnforsendum kjarasamninga. Þannig væri tilgangslaust að semja um launakjör á grundvelli aflaverðmætis í kjarasamningum ef ákvörðun um raunverulegt verðmæti aflans væri alfarið á valdi útgerðar. Sama eigi við um lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti. Þýðingarlaust sé að setja sérstaka löggjöf um skiptaverðmæti til þess að tryggja launakjör sjómanna ef forsendur útreiknings þess, þ.e. aflaverðmætið, sé háð einhliða ákvörðun útgerðaraðila.

Að mati stefnanda er kjarni þessa máls orðalag 1. gr. laga nr. 24/1986. Spurningin sé hvernig beri að skýra eftirfarandi orðalag:

„1. gr. þegar afli fiskiskipa er seldur óunninn hér á landi er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 75% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir hann".

Að mati stefnanda þessa máls er ótvírætt að skýra verði þessa grein laganna og kjarasamningsins þannig að allt það verðmæti sem skip kemur með að landi úr veiðiferð komi til skipta við ákvörðun launahluta. Í greininni sé skýrlega talað um að við hlutaskipti skuli miða við það heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir aflann. Af þessu sé augljóst að öll verðmæti koma til skipta og í þeim efnum skipti ekki máli hvort greitt er fyrir aflann með peningum eða einhverju öðru. Ef greitt er með öðrum verðmætum en peningum eins og gert hafi verið í þessu máli verði að meta þær greiðslur til peningavirðis og skipta þeim verðmætum eins og lög og kjarasamningar gera ráð fyrir.

Rökstuðningur stefnda fyrir frávísunarkröfunni.

Stefndi kveður kröfu stefnanda alfarið snúast um það, hvort Sæberg hf. útgerð Hvannbergs ÓF-72, hafi gert rétt upp við Einar Sveinsson, en stefnandi telji hann eiga inni hjá útgerðinni vangreidd vinnulaun að fjárhæð kr. 651.233 með orlofi. Af hálfu stefnda Sæbergs hf. er því mótmælt að útgerðin skuldi Einari Sveinssyni eftirstöðvar vinnulauna. Mótmælir stefndi kröfugerð stefnanda vegna Einars Sveinssonar, þ.e. útreikningum og forsendum kröfunnar.

Telur stefndi að mál þetta verði ekki dæmt, nema tekin sé um leið

afstaða til kröfugerðar Einars Sveinssonar, sem stefndi mótmælir sem rangri. Þá bendir stefndi á að Einar Sveinsson hafi horfið fyrirvaralaust úr starfi. Hafi útgerðin heimild til hýrudráttar, sbr. 2. mgr. 60. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, krafa sem yrði væntanlega höfð uppi til skuldajöfnunar kröfu Einars Sveinssonar á hendur útgerðinni í máli fyrir héraðsdómi.

Stefndi heldur því fram, að krafa stefnanda byggist á því að 1. gr. laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun hafi verið brotin. Þá sé því haldið fram af hálfu S.S.Í., að um sé að ræða þátttöku í kvótakaupum. Um mál vegna kvótakaupa útgerðar og áhafnar hafi Hæstiréttur fjallað, sbr. Hæstaréttardóm 15. febrúar 1996. Var þar um að ræða fjárkröfu eins skipverja á bát, sem krafði útgerðina eftir að hann var hættur störfum um vangreidd laun, mismun sem stafaði af sameiginlegum kvótakaupum. Þótt hér sé ekki um sameiginleg kvótakaup að ræða þá telur stefndi að svipað eigi við varðandi málsmeðferð og dómstól þegar veitt er svokallað tonn á móti tonni. Fordæmi Hæstaréttar sé því fyrir því að um ágreining í þessum efnum, þ.e. um meint kvótaviðskipti og áhrif þess á ákvörðun fiskverðs, sé fjallað um fyrir héraðsdómi, enda verði peningakrafan ekki aðskilin frá efnisafgreiðslu málsins, enda órjúfanlegt samhengi þar í milli. Breyti engu þótt fallið sé frá kröfu um greiðslu tiltekinnar fjárhæðar en krafist neikvæðs viðurkenningardóms á grundvelli máls Einars Sveinssonar, eins og stefnandi stilli málinu upp.

Sektarkrafa stefnanda byggi á því að kjarasamningar hafi verið brotnir. Vísað sé í gr. 1.02. kjarasamninga F.F.S.Í. og L.Í.Ú., en þar sé vísað í lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, þ.e. ágreiningur um túlkun laga, þ.e. hvort gert hafi verið upp við áhöfn af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir afla. Þá sé vísað í gr. 1.03. III um ráðstöfun afla í skiptum milli óskyldra aðila. Sá kafli eigi ekki við, enda ekki deilt um þau atriði sem þar standa. Þá sé vísað til I. kafla sömu greinar, þar sem aftur er vísað í lög nr. 24/1986 1. gr. og 10. gr. Áréttar stefndi að sjómannasamtökin hafi aldrei gert athugasemdir né haft uppi kröfu gagnvart L.Í.Ú. í kjarasamningum eða formlega með öðrum hætti varðandi það að veitt sé af veiðiheimildum fiskkaupanda.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að ágreiningsefni það, sem lagt hefur verið fyrir Félagsdóm með málshöfðun þessari, falli

efnislega ekki undir dómsvið Félagsdóms. Þar sem kröfur stefnanda liggi utan dómsvalds Félagsdóms verði að vísa máli þessu frá Félagsdómi, enda eigi mál sem þetta beint undir almenna dómstóla, eins og dómafordæmi sýni. Breyti engu þótt stefnandi reyni að dulbúa málið með málatilbúnaði sínum með því að fella niður fjárkröfuna og breyta kröfugerðinni í kröfu um neikvæðan viðurkenningadóm. Aðilar deili eingöngu um það, hvaða skilning eigi að leggja í lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun að mati stefnda. Verði að telja almennum dómstólum rétt að meta öll atriði er kaupkröfur varða og skýra að því leyti kjarasamninga sem vitnað er til.

Kjarna málsins telur stefndi snúast um hreina túlkun lagaákvæða, þótt niðurstaða þeirra lagatúlkana hafi að sjálfsögðu áhrif á kjör sjómanna, eins og ýmis önnur lög hafa haft, sbr. t.d. lög nr. 19/1987 um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, 3. mgr. 6. gr. í lögum nr. 66/1987 um aðgerðir í sjávarútvegi 2. gr. Í þeim tilvikum hafi ekki orðið ágreiningur um innihald þeirra laga eða túlkun, en hefði orðið svo, hefði Félagsdómur ekki átt dómsvald um slíka lagatúlkun, frekar en í máli þessu. Ágreiningur máls þessa snúist ekki um skilning á ákvæðum kjarasamnings eða hvernig eigi að túlka hann í heild eða einstökum greinum. Ágreiningurinn fjalli eingöngu um skýringu á lögum, þ.e. lögum nr. 24/1986, sem kjarasamningur F.F.S.Í. og L.Í.Ú. vitni til og úrlausn þess heyri ekki undir Félagsdóm.

Stefndi telur það utan hlutverks Félagsdóms að leggja efnisdóm á mál þetta, eins og það er vaxið. Félagsdómur sé sérdómstóll og beri að túlka ákvæði hans um dómsvald þröngt, nema fyrir hendi sé í lögunum skýr afdráttarlaus heimild sem feli Félagsdómi úrlausn máls um lagaágreining. Svo sé ekki og beri því að vísa máli frá Félagsdómi, enda ekki verið að deila um gildi kjarasamnings eða túlkun hans, sem sé skilyrði þess að Félagsdómur geti dæmt um ágreininginn, sbr. 2. tölulið 44. gr.

Niðurstaða.

Í 1. mgr. greinar 1.02. í kjarasamningi aðila er tekið fram, að um skiptaverðmæti afla fari eftir lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Í I. kafla laganna er kveðið á um heildarverðmæti afla jafnt sem önnur atriði er varða skiptaverðmæti. Ákvæði kjarasamnings aðila felast að þessu leyti eingöngu í tilvísun til laganna. Snýst því ágreiningur aðila máls þessa í

reynd um ákvörðun og útreikning á skiptaverðmæti. Við úrlausn á þeim ágreiningi reynir á túlkun laganna nr. 24/1986.

Samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, er verkefni Félagsdóms að dæma í málum sem rísa út af kærum um brot á kjarasamningi eða út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Ákvæði laga nr. 80/1938 um valdsvið Félagsdóms, sem er sérdómstóll, ber að túlka þröngt. Með vísan til þessa fellur málið ekki undir dómsvald Félagsdóms.

Ber því að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað sem ákveðst kr. 75.000.

Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist vegna forfalla forseta dómsins.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, greiði stefnda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., kr. 75.000 í málskostnað.

Dómur Hæstaréttar 15. október 1996.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. október 1996, sem barst Hæstarétti ásamt kærumálsgötnum 8. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Félagsdóms um frávísun frá dómi 27. september 1995. Kæruheimild er í 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. XXIV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og lagt fyrir Félagsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Til vara krefst sóknaraðili þess, verði fallist á frávísun málsins frá Félagsdómi, að málskostnaður þar fyrir dómi og kærumálskostnaður verði látinn falla niður.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður verður staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Farmanna og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, greiði varnaraðila, Landssambandi íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Mánudaginn 14. október 1996.

Nr. 8/1996. **Sjómannasamband Íslands**
v/Sjómannafélags Reykjavíkur
(Jóhann Halldórsson hdl.)
gegn
Landssambandi íslenskra útvegsmanna
v/Útvegsmannafélags Reykjavíkur
v/Ögurvíkur hf.
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Kjarasamningur. Sjómannadagur. Sektargreiðsla.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Sjómannasamband Íslands, kt. 570269-2249, Borgartúni 18, Reykjavík vegna Sjómannafélags Reykjavíkur, kt. 670269-5669, Lindargötu 9, Reykjavík.

Stefndi er Landssamband íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur vegna Ögurvíkur hf., kt. 430171-0469, Týsgötu 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Stefnandi gerir þær dómkröfur að dæmt verði:

Að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum greinar 1.14 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu að fjárhæð kr. 531.074,– samkvæmt grein 1.40 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Loks er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati Félagsdóms.

Málavextir.

Stefndi, Ögurvík hf., er útgerðaraðili b/v Frera RE-73 og Vigra RE-71 og eru skipin gerð út frá Reykjavík. Eru undirmenn um borð

félagsmenn í Sjómannafélagi Reykjavíkur. Bæði skipin voru á veiðum á sjómannadaginn 2. júní 1996 og er það viðurkennt af stefnda í málinu að því er varðar b/v Frera RE- 73 að með því hafi verið brotið gegn ákvæðum gr. 1.14 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna og samþykkt að greiða sekt að fjárhæð kr. 265.537,– skv. gr. 1.40 í greindum kjarasamningi, er renni í félagssjóð Sjómannafélags Reykjavíkur.

Fimmta veiðiferð Vigra RE-71 hófst hinn 12. maí 1996 og lauk 16. júní 1996. Skipið var á veiðum á Reykjaneshrygg. Í næstu veiðiferð á undan, hinn 7. maí 1996, voru lögð drög að samkomulagi milli útgerðar og áhafnar skipsins um það að skipinu yrði haldið á veiðum á sjómannadaginn, enda fengi áhöfnin tveggja sólarhringa aukafrí um jólin nk. þannig að komið yrði í land kl. 12 á hádegi hinn 21. desember nk. Skjal þessa efnis var hengt upp í matsal skipverja. Undir það skrifuðu 20 af 29 manna áhöfn skipsins. Af þeim sem skrifuðu undir voru 14 um borð í skipinu í fimmtu veiðiferðinni. Einn skipverja lét af störfum í mótmælaskyni vegna þessa.

Í málinu er um það deilt hvort samkomulag hafi tekist milli útgerðar og skipshafnar um úthald Vigra RE-71 á sjómannadaginn 2. júní 1996.

Þá hefur stefnandi og kært stefnda fyrir brot á lögum um sjómannadag nr. 20/1987.

Mál þetta var þingfest hinn 8. júlí sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 3. október sl.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því að samkvæmt 1. gr. laga nr. 20/1987 skuli fyrsti sunnudagur júnímánaðar vera almennur frídagur sjómanna. Í 5. gr. s.l. segir að öll fiskiskip skuli liggja í höfn á sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12:00 á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12:00 á hádegi næsta mánudag.

Í grein 1.14 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna séu efnislega samhljóða ákvæði og í 1. gr. laga nr. 20/1987 og sé að öðru leyti vísað til umræddra laga.

Ákvæði laga og kjarasamninga séu undanþæg hvað varðar almennan frídag sjómanna að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 segir að ákvæði 1. mgr. sé frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á er-

lendan markað enda sé skipsáhöfn kunn sú fyrirætlun áður en veiðiferð hefst. Einnig sé vikið að því í lokamálslið 3. mgr. að víkja megi frá ákvæðum 1. mgr. ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar. Engar þær ástæður sem um ræðir í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 séu fyrir hendi í því máli sem hér um ræðir.

Í 3. mgr. greinar 1.14 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna segir að ákvæði um frí um sjómannadagshelgina séu frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé áhöfn skipsins kunn sú fyrirætlun áður en veiðiferð hefst.

Ljóst sé samkvæmt framansögðu að stefndi hafi brotið bæði gegn ákvæðum greinar 1.14 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna og gegn 1. gr. laga nr. 20/1987 með því að halda skipum sínum á veiðum á almennum frídegi sjómanna. Engar þær aðstæður hafi verið fyrir hendi sem heimilað hafi stefnda að víkja frá tilvitnuðum ákvæðum laga og kjarasamninga um sjómannadag. Engu breyti í þessum efnum þótt stefnda hafi tekist að afla samþykkis nokkurra skipverja fyrir úthaldi skipsins á sjómannadaginn. Ljóst sé af orðalagi 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 að samþykki allra skipverja þurfi. Slíkt samhljóða samþykki hafi ekki legið fyrir.

Þess er krafist að dæmt verði að stefndi hafi gerst brotlegur gegn grein 1.14 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna. Þess er jafnframt krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar samkvæmt grein 1.40 í fyrrnefndum kjarasamningi og að ákvörðuð verði hámarkssekt í þessu tilliti, þ.e. að fjárhæð kr. 531.074,– sem renni í félagssjóð stefnanda, Sjómannafélag Reykjavíkur, enda feli háttsemi stefnda í sér tvö brot, annars vegar hvað varðar áhafnir á Frera RE-73 og hins vegar hvað varðar áhafnir Vigra RE-71.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir á því að þar sem í gildandi kjarasamningi milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna, segi í niðurlagi 1. mgr. gr. 1.14 „að öðru leyti fer um frí á sjómannadaginn eftir því sem segir í lögum nr. 20/1987“, þá sé ljóst að undanþáguákvæði þau sem sé að finna í 3. mgr. 5. gr. þeirra laga, frá þeirri

meginreglu að öll fiskiskip skuli liggja í höfn á sjómannadag, séu hluti af kjarasamningnum.

En 3. mgr. 5. gr. laganna sé orðuð svo „Ákvæði 1. mgr. eru frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst. Einnig má víkja frá ákvæðum 1. mgr. ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar.“ Það er á þessum síðasta málslið lagagreinarinnar sem stefndi byggir sýknukröfu sína, enda telur hann engan vafa leika á því að skilyrði þau sem fram séu sett í greininni til þess að halda megi skipi á veiðum á sjómannadag, séu fyrir hendi í því tilfelli sem hér sé fjallað um.

Svo sem fram sé komið hafi 14 af þeim 26 áhafnarmeðlimum, sem um borð voru á sjómannadag, ritað undir samkomulag þess efnis að skipið yrði úti þennan dag. Öllum öðrum skipverjum hafi verið það vel kunnugt áður en lagt var upp í veiðiferðina að til stæði að vera úti á sjó á sjómannadaginn og hefðu þeir, ef þeir væru ósáttir við þessa ákvörðun eða þyrftu að komast í land af öðrum ástæðum, möguleika á að komast í land enda hafi 3 af áhöfninni farið í land af sérstökum ástæðum og verið afskráðir hinn 30. maí 1996 og hafi því ekki verið úti á sjómannadag.

Að því er varðar hitt skilyrði málsgreinarinnar til undanþágunnar, að mikilvægir hagsmunir verði að vera í húfi, þá sé þar e.t.v. úr vandara að ráða, en frá sjónarmiði stefnda sé engin spurning um mikilvægi hagsmunanna sem í húfi voru. Á þessum tíma hafi Vigri RE-71 stundað karfaveiðar á úthafinu eða nánar tiltekið á Reykjaneshrygg og það verði að telja mikilvæga hagsmuni að geta haldið skipi, sem kostar u.þ.b. einn og hálfan milljarð króna, til veiða svo sem framast sé unnt, enda hafi sannast að afrakstur veiðiferðarinnar sem um sé fjallað í þessu máli hafi numið liðlega krónum 100.000.000,– og hásetahlutur liðlega krónum 1.000.000,–.

Það sé alveg ljóst að á þeim tíma sem lögin voru sett þá hafi engin úthafsveiði verið stunduð af hálfu Íslendinga og því ekki í huga þeirra þingmanna sem um fjölluðu. Það sé einnig ljóst þegar lög nr. 20/1987 séu skoðuð að þá sé tilgangur þeirra ekki sá að framkvæmd þeirra valdi stórtjóni. T.d. segi í 2. gr. laganna að ákvæði 1. gr. taki ekki til sjómanna á íslenskum farskipum sem sigli milli Íslands og annarra landa með þeirri undantekningu þó, að farskipið sem liggi í

íslenskri höfn og eigi hafi látið úr höfn fyrir kl. 12:00 á hádegi á laugardegi næstum á undan sjómannadegi skuli eigi heimilt að láta úr höfn fyrr en kl. 12:00 á hádegi næsta mánudag.

Vel saminn lagatexti rúmi breytilegar aðstæður í þjóðfélaginu og það sé einmitt það sem 3. mgr. 5. gr. margnefndra laga geri, en að sjálfsögðu geta mikilvægir hagsmunir verið breytilegir frá tíma til tíma.

Í stefnu sé fullyrt að engar þær ástæður sem um ræðir í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 hafi verið fyrir hendi í því máli sem hér um ræðir. Þeirri fullyrðingu er mótmælt sem rangri því hvort tveggja hafi verið mjög mikilvægir hagsmunir í húfi fyrir útgerð og einnig áhöfn svo og hafi gilt samkomulag tekist milli útgerðar og skipshafnar um að vera úti á sjómannadag með undirskrift 14 áhafnarmeðlima undir samkomulag þess efnis, auk þess sem allir aðrir skipverjar, að undanteknum einum hafi verið samþykkir því að skipinu yrði haldið á veiðum á sjómannadag.

Niðurstaða.

Í 1. mgr. greinar 1.14 í kjarasamningi aðila segir: „Öll fiskiskip skulu liggja í höfn um sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12.00 á hádegi næsta mánudag. Samfellt frí í tengslum við sjómannadag skal þó vera 72 klst. og telst það til innunninna fría skv. samningi þessum. Skipverjar skulu ekki vera skyldir til vinnu á framangreindu tímabili nema öryggi skipsins sé í hættu. Að öðru leyti fer um frí á sjómannadaginn eftir því sem segir í lögum nr. 20/1987.“ Í 3. mgr. tilvitnaðrar greinar kjarasamningsins segir svo: „Ákvæði um frí um sjómannadagshelgina og um jól og áramót eru frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst.“ Í kjarasamningi eru ekki frekari undanþágur frá meginreglu 1. mgr. um frí á sjómannadaginn. Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 um sjómannadag er ennfremur veitt undanþága frá meginreglunni „ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar.“ Fyrir liggur að Vigri RE-71 var á karfaveiðum á Reykjaneshrygg tiltekið sinn. Ekki verður talið að þær aðstæður eða almennir hagsmunir útgerðar af því að halda skipi sínu til veiða séu mikilvægir hagsmunir í skilningi greinds lagaákvæðis. Fram er komið að einungis 14 af 29

manna áhöfn skipsins undirrituðu samkomulag við útgerðina þess efnis að skipið yrði á veiðum á sjómannadaginn. Hefur stefndi því ekki sýnt fram á að samkomulag hafi tekist milli útgerðar og skipshafnar um að vera á veiðum þann dag.

Samkvæmt framansögðu hefur stefndi brotið gegn gr. 1.14 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna og ber því að dæma stefnda, Ögurvík hf., til að greiða sekt samtals að fjárhæð kr. 531.074,– samkvæmt gr. 1.40 í greindum kjarasamningi, er renni í félagssjóð Sjómannafélags Reykjavíkur. Helming sektarinnar kr. 265.537,– hefur stefndi fallist á að greiða vegna Frera RE-73.

Eftir þessum málsúrslitum er rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 kr. og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Ögurvík hf., braut gegn gr. 1.14 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Stefndi greiði kr. 531.074,– í sekt er renni í félagssjóð Sjómannafélags Reykjavíkur.

Stefndi, Landssamband íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur vegna Ögurvíkur hf., greiði stefnanda, Sjómannasambandi Íslands vegna Sjómannafélags Reykjavíkur, kr. 100.000 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 14. október 1996.

Nr. 11/1996. **Dómarafélag Íslands**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra fh. ríkissjóðs
(Jón G. Tómasson hrl.)

Föst yfirvinna. Orlof. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

I.

Mál þetta er höfðað með stefnu þingfestri 15. ágúst 1996. Það var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi þann 25. september sl.

Stefnandi máls þessa er Dómarafélag Íslands, kt. 460985-0729, Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík. Stefndi er Ríkissjóður Íslands, kt. 540269-6459.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi að héraðs- og hæstaréttardómarar, sem taka laun skv. ákvörðunum Kjaradóms frá 12. nóvember 1993 og 8. september 1995, eigi frá 1. desember 1993 rétt til orlofs af fastri mánaðarlegri yfirvinnu sem þeir fá greidda skv. ákvörðun Kjaradóms frá 12. nóvember 1993. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda og við ákvörðun hans verði tekið tillit til kostnaðar af virðisaukaskatti af lögmannsþjónustu.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hans hendi. Til vara er þess krafist að málskostnaður verði látinn niður falla.

Með úrskurði 26. ágúst sl. viku dómararnir Auður Þorbergsdóttir forseti Félagsdóms og Ingibjörg Benediktsdóttir sæti í máli þessu vegna tengsla við sakarefnið. Jafnframt var dómaranum Gylfa Knudsen gert að víkja sæti af sömu ástæðu. Varamenn þeirra Auðar og Gylfa viku einnig sæti úr réttinum með sérstökum úrskurði uppkveðnum sama dag og af sömu ástæðu. Með bréfi Hæstaréttar Íslands 4. september 1996 var Stefán M. Stefánsson, prófessor, skipaður forseti Félagsdóms við meðferð máls þessa. Jafnframt var Jóhann H. Níelsson, hrl., skipaður til setu í dóminum við meðferð máls þessa. Varamaður Ingibjargar Benediktsdóttur, Guðný Björnsdóttir, hdl., skipar sæti hennar við meðferð málsins.

II.

Málavextir eru helstir þeir að með ákvörðun Kjaradóms frá 12. nóvember 1993 var kveðið svo á að dómarar skyldu fá auknar fastar yfirvinnu- og álagsgreiðslur vegna aukins vinnuframlags dómara sem Kjaradómur taldi sýnt að hefði leitt af breytingum á dómstólaskipaninni þann 1. júlí 1992. Skyldi yfirvinnan koma til viðbótar föstum mánaðarlaunum dómendanna. Nánar segir svo í ákvörðuninni:

„Með hliðsjón af þeim ákvæðum laga sem Kjaradómi ber að fara eftir og með tilliti til sérstakra kjara, svo sem lífeyrisréttinda, telur Kjaradómur ekki efni til þess að hækka laun hæstaréttardómara vegna dagvinnu. Ekki eru heldur efni til að hækka dagvinnulaun héraðsdómara eins og á stendur. Kjaradómi ber hins vegar að taka afstöðu til þess hvort vinnutími hæstaréttardómara og héraðsdómara hafi breyst þannig að meta beri það sérstaklega. Kjaradómur telur skylt í ljósi þess sem rakið er hér að framan að meta og ákvarða greiðslu fyrir lengri vinnutíma en unninn var, þegar grundvöllur að heildarlaunum hæstaréttardómara og héraðsdómara var síðast lagður...

Það aukna vinnuframlag hæstaréttardómara og héraðsdómara sem af framangreindu leiðir ber Kjaradómi að ákvarða. Fyrir það ber að greiða dómurum sérstaklega til viðbótar föstum launum. Þykir rétt að sú greiðsla jafnist á alla mánuði ársins.

Með vísan til alls þess, sem hér að framan er rakið, svo og til ákvæða laga nr. 120/1992 að öðru leyti, hefur Kjaradómur ákveðið að dómarar skuli til viðbótar föstum launum njóta sérstakra launa fyrir alla yfirvinnu og óreglulegan vinnutíma frá 1. desember 1993 sem hér segir...

Um orlof dómara skulu, eftir því sem við á, gilda þær reglur er greinir í aðalsamningi BHMR og ríkisins...."

Fljótlega varð ágreiningur milli aðila um greiðslu orlofslauna á þá yfirvinnu og óreglulegan vinnutíma sem getið er í ákvörðun Kjaradóms. Stefndi hafnaði alfarið slíkum greiðslum. Við útborgun launa studdist starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins við bréf Kjaradóms frá 18. nóvember 1993, undirritað af Sigurði Snævarr ritara, f.h. Kjaradóms, til skrifstofunnar þar sem sagði meðal annars:

„Vísa til samtals okkar í gær um túlkun okkar á úrskurði Kjaradóms um laun héraðs- og hæstaréttardómara.

Í úrskurði Kjaradóms felst að yfirvinna reiknist frá 1. desember n.k. að telja og greiðist eftir á með útborgun launa í næsta mánuði eða eftir þeim reglum sem gilda um uppgjör yfirvinnu í desember. Samkvæmt úrskurðinum skulu tilteknir eftirvinnutímar greiðast í 12 mánuði á ári hverju og af því leiðir að ekki skuli reikna orlof af þeim greiðslum."

Loks er rétt að geta bréfs Kjaradóms til skrifstofustjóra starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins frá 5. maí 1994 sem einnig er undirritað af ritara dómsins. Tilefni þess bréfs var að stefnandi hafði sent stefnda bréf, dags. 16. febrúar 1994, og Kjaradómi afrit þessa bréfs þar sem farið var fram á að stefndi breytti framkvæmd á orlofsgreiðslum til dómara í það horf sem tíðkast hafði fyrir uppkvaðningu úrskurða Kjaradóms 12. nóvember 1993. Í bréfi Kjaradóms frá 5. maí 1994 segir m.a. svo:

„Á fundi sínum þann 20. apríl tók Kjaradómur fyrir framsent bréf Dómarafélags Íslands, dags. 16. febrúar sl., um orlof af yfirvinnu dómara. Kjaradómur sér ekki ástæðu til að fjalla frekar um málið og bendir á bréf sitt frá 18. nóvember sl."

III.

Málssókn stefnanda er einkum reist á eftirfarandi sjónarmiðum:

Stefnandi telur í fyrsta lagi að launakjör dómara skuli ráðast af þeim ákvörðunum Kjaradóms sem teknar séu með formlegum hætti. Í forsendum Kjaradóms frá 12. nóvember 1993 komi fram að dómurum séu ákvörðuð sérstök laun til viðbótar föstum launum í formi fastrar mánaðarlegrar yfirvinnu til þess að mæta auknu vinnuálagi sem orðið hafi vegna breytinga á dómstólaskipaninni. Sé ómögulegt að skilja orð Kjaradóms með öðrum hætti en þeim að sem sérstök laun skuli dómendur fá greidda yfirvinnu alla mánuði ársins. Í þessu sambandi er sérstaklega vísað til 1. gr. orlofslaga þar sem segir að skylt sé að greiða orlof til launþega af öllum launum hvort sem þau séu greidd í peningum eða öðrum verðmætum. Stefnandi telur að engu máli skipti þótt sérstöku launanum hafi verið skipt niður á alla mánuði ársins. Þar sé aðeins um fyrirkomulagsatriði að ræða.

Í annan stað telur stefnandi að bréf Kjaradóms frá 18. nóvember 1993 og 5. maí 1994 hafi ekkert gildi. Þær ályktanir sem fram komi í bréfunum hafi ekki verið teknar með formlegum hætti og geti því

ekki falið í sér bindandi ákvarðanir að neinu leyti heldur feli í mesta lagi í sér óbindandi leiðbeiningar.

Þá bendir stefnandi á að fyrir úrskurð Kjaradóms hafi dómarar fengið fasta yfirvinnu um nokkurt skeið og hafi orlof verið greitt á þessa yfirvinnu í samræmi við lög og kjarasamninga. Ekkert komi fram í forsendum Kjaradóms sem gefi ástæðu til að ætla að til hafi staðið að breyta framkvæmd útreiknings á orlofi á fasta yfirvinnu.

Loks telur stefnandi að orlof af fastri mánaðarlegri yfirvinnu dómara verði að reikna með sama hætti og gert sé gagnvart öðrum opinberum starfsmönnum hjá ríki og sveitarfélögum sem fái greidda fasta yfirvinnu samkvæmt ákvörðun Kjaradóms eða Kjaranefndar. Telur stefnandi sig geta sýnt fram á að það sé ekki gert og því eigi hann að njóta jafnréttis að þessu leyti.

Sýknukrafa stefnda er einkum reist á eftirfarandi:

Hann telur að ákvörðun Kjaradóms frá 12. nóvember 1993 um greiðslur fyrir yfirvinnu og óreglulegan vinnutíma til dómara feli aðeins í sér hækkun á föstum mánaðarlaunum þeirra. Laun fyrir þessa vinnu hafi verið ákveðin í heild þar með taldar orlofsgreiðslur á sama hátt og gildir um laun vegna dagvinnu. Til frekari rökstuðnings fyrir þessum sjónarmiðum er vísað til ummæla Kjaradóms í dómi frá 26. júní 1992 þar sem Kjaradómur leggur áherslu á að laun þau sem hann ákveði séu heildarlaun og að ekki skuli aukalega greitt fyrir venjubundin störf þó að vinnutími sé að jafnaði lengri en 40 stundir á viku. Með bráðabirgðalögum frá 3. júlí 1992 hafi verið gerð breyting á þeim lögum og Kjaradómi falið að kveða upp nýja úrskurði á grundvelli breyttra laga. Í kjölfar þess hafi verið kveðinn upp kjaradómur þann 12. júlí 1992. Í framhaldi af þessu bendir stefndi á að skv. 2. gr. l. nr. 120/1992 um Kjaradóm og Kjaranefnd ákveði Kjaradómur m.a. launakjör dómara en Kjaranefnd starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana. Skv. 6. gr. laganna beri Kjaradómi að ákvarða föst laun fyrir venjulega dagvinnu og önnur laun sem starfinu fylgja og við úrlausn mála skuli hann taka tillit til venjubundins vinnuframlags og starfsskyldna umfram dagvinnu. Samkvæmt þessu sé heimilt að ákveða yfirvinnu og óreglulegan vinnutíma sem hluta af föstum mánaðarlaunum.

Stefndi bendir á að fyrsti úrskurður Kjaradóms á grundvelli laganna nr. 120/1992 hafi verið kveðinn upp 12. nóvember 1993. Sá úrskurður hafi ekki gert breytingu á launum vegna dagvinnu en hins

vegar bæri að meta sérstaklega til launa aukið vinnuframlag sem einkum stafaði af breytingum á vinnuálagi í kjölfar aðskilnaðarlaganna. Hafi því verið ákvörðuð sérstök greiðsla fyrir lengri vinnutíma en unnin var þegar grundvöllur að heildarlaunum dómara hafi síðast verið lagður.

Í framhaldi af þessu telur stefnandi að hann byggi þá framkvæmd sína að greiða ekki orlof á fyrrgreinda yfirvinnu á bréfum Kjaradóms frá 18. nóvember 1993 og 5. maí 1994. Stefndi telur að bréf þessi feli í sér afstöðu Kjaradóms um ágreiningsefni aðila og bindandi niðurstöðu um það.

Loks kemur fram í máli stefnda að visst ósamræmi sé milli Kjaradóms annars vegar og Kjaranefndar hins vegar um vinnubrögð varðandi ákvörðun um orlof á yfirvinnugreiðslur. Kjaranefnd hafi byggt á því að orlof skyldi reiknast af ákvörðuðum yfirvinnutímafjölda en Kjaradómur hafi hins vegar ákvarðað yfirvinnutíma það rúmt að innan þeirra rúmaðist verðmæti orlofslauna vegna þeirra greiðslna. Með hliðsjón af þessu geti ekki verið um að ræða brot á jafnræðisreglu.

IV.

Samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 26. gr. l. nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal Félagsdómur m.a. dæma í málum sem rísa á milli samningsaðila um önnur atriði en þau sem greind eru í 1.-5. tl. málsgreinarinnar ef aðilar hafa samið um að leggja þau atriði fyrir dóminn enda séu að minnsta kosti þrír af dómendunum því meðmæltir.

Í ágústmánuði síðastliðnum sömdu aðilar um að leggja ágreiningsefni það sem í málinu greinir fyrir Félagsdóm. Ennfremur hafa dómendur Félagsdóms ályktað að þeir séu því meðmæltir að dæma um ágreining aðila. Ákvörðun Kjaradóms, sú sem varð tilefni ágreiningsins, felur í sér ígildi kjarasamnings.

Með hliðsjón af framangreindu þykir skilyrðum 6. tl. 1. mgr. 26. gr. fyrrgreindra laga fullnægt. Af því leiðir að Félagsdómur hefur dómsvald í máli þessu.

V.

Bréf Kjaradóms frá 18. nóvember 1993 og 5. maí 1994 eru rituð án þess að þeirra formreglna sem dómurinn starfar eftir hafi verið

gætt. Ályktanir þær sem koma fram í bréfunum fela því einungis í sér óbindandi álit um það hvernig túlka beri ákvörðunina með hliðsjón af ágreiningsefni aðilanna. Efni þessara bréfa koma því ekki til frekari skoðunar við niðurstöðu í máli þessu.

Samkvæmt 1. gr. l. nr. 30/1987 um orlof skulu allir þeir sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eiga rétt á orlofi og orlofslaunum samkvæmt reglum laganna. Fyrrgreint ákvæði felur í sér meginreglur sem hafa verður í huga við samningu dóms í málinu.

Kjaradómur frá 12. nóvember 1993 komst að þeirri niðurstöðu að greiða bæri hæstaréttardómurum og héraðsdómurum sérstakar launagreiðslur vegna aukinnar yfirvinnu og óreglulegs vinnutíma til viðbótar föstum launum þeirra vegna aukins vinnuálags í kjölfar aðskilnaðarlaganna. Kjaradómur taldi ekki fært að hækka laun fyrir dagvinnu vegna þessa vinnuálags heldur ákvað þess í stað hækkun launa með fyrrgreindum hætti. Í framhaldi af ákvörðun Kjaradóms var síðan ákveðinn tiltekinn vinnutímafjöldi fyrir alla yfirvinnu og aukið álag dómendanna. Auk þess var þar ákveðið hvert skyldi vera tímakaup dómaranna fyrir yfirvinnuna og aukið álag. Þá segir í Kjaradóminum að rétt þyki að greiðslur fyrir þetta skuli jafnast á alla mánuði ársins.

Ljóst er af málflutningi hér fyrir dómi að umræddum yfirvinnu- og álagsgreiðslum verður ekki að öllu leyti jafnað til fastra mánaðarlauna dómendanna. Í ákvörðun Kjaradóms kemur ekkert það fram sem bendir ótvírætt til þess að hann hafi við ákvörðun launa fyrir yfirvinnu og aukið álag tekið sérstakt tillit til orlofs og ákveðið launin (tímafjölda eða tímagjald) hærri sem því nemur. Skal sérstaklega tekið fram að ákvörðun Kjaradóms um jöfnun yfirvinnugreiðslna á alla mánuði ársins þykir einungis fela í sér fyrirkomulagsatriði við greiðslu launanna. Ákvæði 5. mgr. 7. gr. orlofslaga um að orlofslaun reiknist ekki af orlofslaunum þykja því ekki eiga við í máli þessu.

Við þessar aðstæður er því rétt að leggja meginregluna í 1. gr. orlofslaga til grundvallar dómi í málinu og líta svo á orlof skuli greiða á umræddar yfirvinnu- og álagsgreiðslur sérstaklega.

Niðurstaðan er því sú að stefnukrafan er því tekin til greina að öllu leyti. Jafnframt þykir rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað eins og nánar greinir í dómsorði.

Dóm þennan kváðu upp Stefán M. Stefánsson, formaður, ásamt meðdómendunum Jóhanni H. Níelssyni, hrl., Guðnýju Björnsdóttur, hdl., Guðmundi Skaftasyni, fyrrverandi hæstaréttardómara og Guðmundi Ingva Sigurðssyni, hrl.

Dómsorð:

Viðurkennt er að héraðs- og hæstaréttardómarar sem taka laun skv. ákvörðunum Kjaradóms frá 12. nóvember 1993 og 8. september 1995 eigi frá 1. desember 1993 rétt til orlofs af fastri mánaðarlegri yfirvinnu sem þeir fá greidda skv. ákvörðun Kjaradóms frá 12. nóvember 1993.

Stefndi, ríkissjóður, greiði stefnanda, Dómarafélagi Íslands, kr. 600.000 í málskostnað og er virðisaukaskattur innifalinn í þeirri fjárhæð.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar

Ég er sammála dómsorði meirihluta dómara með svofelldri athugasemd.

Í 5. tl. 7. gr. laga um orlof er mælt fyrir um að orlofslaun reiknist ekki af orlofslaunum. Í 2. gr. laganna segir, að lögin rýri ekki víðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt samkvæmt öðrum lögum, samningum eða venjum.

Þegar hlut á að máli launþegi, sem tekur laun sem fara eftir samningi um greiðslu tímakaups, er reglan um útreikning orlofslauna sú að margfalda þau með viðeigandi orlofslaunahlutfalli. Séu umsamin laun hins vegar mánaðarlaun verður ekki komist hjá að líta svo á, að orlofslaunin séu innifalin í mánaðarlaunum orlofsársins, enda mun tíðkast að slíkir launþegar séu á föstum mánaðarlaunum orlofstímann. Í ákvörðunum Kjaradóms segir að tímakaup dómara fyrir yfirvinnu og aukið álag skuli vera 1.0385% af mánaðarlaunum þess sem í hlut á. Með því að grunnur sá sem við er miðað ber í sér orlofslaun þykir eiga að líta svo á að hin afleiddu tímalaun yfirvinnunnar geri það einnig. Fæst þá samræmi milli útreiknings orlofslauna annars vegar hjá fólki sem er á tímakaupi og hins vegar hjá þeim er taka föst mánaðarlaun. Rétt þykir að bera þetta

saman á grundvelli orlofsársins en á því ári öllu er orlofsrétturinn að stofnast. Í máli þessu kemur munurinn fram í því að umrædd aukagreiðsla er einnig greidd á þeim tíma sem starfsmaður er í orlofi eins og um föst laun væri að ræða.

Á dskj. nr. 22 gr. 4.2.1. sem er aðalkjarasamningur BHMR og fjármálaráðherra fyrir tímabilið 1. mars 1985 til 28. febr. 1986 segir svo:

„Starfsmaður skal fá 10.17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur samkvæmt samningi þessum. Við 10 ára starfsaldur eða 40 ára aldur skal hann fá 11.59%. Við 18 ára starfsaldur eða 50 ára aldur skal hann fá 13.04%."

Á sama dskj. er lagt fram sýnishorn af hliðstæðu ákvæði í núgildandi kjarasamningum aðildarfélaga BHMR, sem er samhljóða.

Hér sýnist samið um sérstakt orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur til viðbótar umsömdu orlofi í tíð eldri laga um orlof nr. 87 1971. Þá reiknast orlof af mánaðarlaunum sem fela í sér orlofslaun. Er því um að ræða víðtækari orlofsrétt en lög 30 1987 kveða á um.

Í ákvörðun Kjaradóms frá 8. sept. 1995 i.f. segir, að um önnur kjaraatriði vísist til úrskurðar Kjaradóms frá 12. júlí 1992 og síðar. Þau kjaraákvæði sem vísað er til koma einnig fram í ákvörðun Kjaradóms frá 12. nóvember 1993 og segir í 7. lið hennar: „Um orlof dómara skulu, eftir því sem við á, gilda þær reglur, er greinir í aðalkjarasamningi BHMR og ríkisins. . ." Og 8. liður hljóðar svo: „Um önnur launakjör dómara skal farið eftir hliðstæðum reglum og almennt gilda um ríkisstarfsmenn, eftir því sem við á, þar á meðal um persónuuppbót, eingreiðslur, ferðakostnað og slysatryggingar."

Með vísan til þessara ákvarðana og ásamt 2. gr. orlofslaga ber að reikna orlofsfé á yfirvinnugreiðslurnar.

Ég tel málskostnað miklum mun hærra ákveðinn en venja er til í Félagsdómi í málum samkvæmt lögum nr. 94 1986 sem vart yrði hærri en 100-150 þús. kr. miðaða við umfang málsins.

Föstudaginn 18. október 1996.

Nr. 12/1996. **Félag íslenskra flugumferðarstjóra**
(Ástráður Haraldsson hrl.)
gegn
samgönguráðherra f.h. Flugmálastjórnar
og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Frávísun að hluta.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Björn Lárus Bergsson og Guðmundur Skaftason.

Málið, sem tekið var til úrskurðar 14. okt. sl., var höfðað með stefnu áritaðri ódagsett um birtingu, þingfestri 30. september sl.

Stefnandi er Félag íslenskra flugumferðarstjóra, kt. 560372-0199, Grensásvegi 16, Reykjavík.

Stefndu eru samgönguráðherra f.h. Flugmálastjórnar og Friðrik Sophusson, kt. 181043-4669, Bjarkargötu 10, Reykjavík, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kt. 540269-6459, Arnarhváli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að dæmt verði að réttur sé sá skilningur stefnanda að í gildi sé samkomulag milli stefnanda og stefndu um vaktavinnu og fyrirkomulag hennar sem sé hluti kjarasamnings málsaðila og verði ekki breytt með einhliða yfirlýsingum annars aðilanna.
2. Að stefnda Flugmálastjórn sé óheimilt að láta koma til framkvæmda fyrirhugað breytt fyrirkomulag vaktavinnu í Flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík þann 30. september 1996, án undangengins samkomulags við stefnanda.
3. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefndu eða samkvæmt málskostnaðarreikningi lögmanns stefnanda sem áskilinn er réttur til að leggja fram við aðalflutning málsins ef til hans kemur.

Dómkröfur stefndu:

Aðallega: Að 1. kröfulið stefnanda verði vísað frá Félagsdómi og að stefndu verði að öðru leyti sýknaður af kröfum stefnanda.

Til vara: Að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda.

Í öllum tilvikum er þess krafist að stefndu verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Frávísunarkrafa stefndu er hér til úrlausnar.

Málavextir.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo að í bókun með kjarasamningi aðila frá 17. júlí 1986, hafi verið kveðið á um að stofnuð skyldi samstarfsnefnd Félags Íslenskra Flugumferðarstjóra (FÍF) og Flugmálastjórnar (FMS) er ynni að breyttu vaktafyrirkomulagi. Nefndina skyldu skipa 2 til 3 frá hvorum aðila og niðurstöðum skyldi skilað til samgönguráðuneytisins fyrir 30. desember 1986. Samhliða þessu hafi verið samið um styttingu vikulegrar vinnuskyldu fyrst í 39 klst. og síðan í 38 klst. samfara breyttu vaktafyrirkomulagi.

Nefnd um nýtt vaktafyrirkomulag í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík hafi tekið til starfa og verið skipuð tveimur fulltrúum frá hvorum aðila. Nefndin hafi skilað niðurstöðu 25. mars 1987. Vaktafyrirkomulagi hafi síðan verið breytt til samræmis við niðurstöðu nefndarinnar.

Í kjarasamningi FÍF og fjármálaráðuneytis f.h. samgönguráðuneytisins frá 10. júní 1987 hafi í bókun verið ákvæði um að „umsamin launatafla miðist við breytt vaktafyrirkomulag sem felur í sér hagræðingu samfara auknu öryggi, sbr. ákvæði sérkjarasamnings FÍF frá 17. júlí 1986 og tillögur nefndar FÍF og flugmálastjórnar, þar að lútandi, dags. 25. mars 1987. Skal hún einnig gilda fyrir fastan vinnutíma þeirra vinnuhópa sem enn ganga óbreyttar vaktir og skal nefnd skipuð fulltrúum flugmálastjórnar og FÍF vinna að tillögum um breytingar á vinnutíma þeirra til samræmis við áður greindar tillögur. Skal nefndin skila tillögum til samgönguráðuneytisins fyrir árslok 1987."

Stefnandi segir að þeir aðilar sem eftir var að semja um breytt vaktafyrirkomulag fyrir hafi verið flugturninn í Reykjavík og vinnustaðir félagsmanna stefnanda í Vestmannaeyjum, Akureyri og Keflavík. Stjórn FÍF hafi skipað fulltrúa sína á viðkomandi stöðum í nefnd til að vinna að þessum breytingum sem tækju þá tillit til sérstöðu hvers vinnustaðar fyrir sig en byggðu þó á grunnramma fyrsta samningsins.

Ein nefnd hafi verið skipuð til að vinna að breytingum í Keflavíkurflugturni og Reykjavíkurflugturni. Nefndin hafi verið skipuð fulltrúum FÍF og FMS. Nefndin hafi komið saman 30. september

1987. Hlutverk nefndarinnar hafi aðallega verið stytting vakta og samræming við vaktaskipan í Flugstjórnarmiðstöðinni. Nefndin hafi ákveðið að skipta með sér verkum, þ.e. annar hópurinn semdi um breytingar á Keflavíkurflugturni, en hinn fyrir Reykjavíkurflugturn. Stefnt hafi verið að því að ljúka störfum í október en vaktafyrirkomulagið tæki gildi í byrjun nóvember eða um áramót.

Samkvæmt frásögn stefnanda var nefndin í Keflavík skipuð þremur fulltrúum FÍF, tveimur frá FMS Keflavík og tveimur frá FMS Reykjavík. Nefndin skilaði af sér í árslok 1987 og tók vaktabreytingin gildi í byrjun árs 1988. Í Reykjavík hafi nefndin verið skipuð tveimur fulltrúum FÍF og þremur frá FMS. Nefndin hafi skilað af sér í árslok 1987 og nýtt vaktafyrirkomulag tekið gildi í ársbyrjun 1988.

Í tengslum við undirritun kjarasamnings aðila í desember 1995 segir stefnandi að enn hafi verið gert samkomulag varðandi vaktafyrirkomulag og breytingar á því, sbr. það sem fram komi á dómskjali nr. 8.

Með bréfi dagsettu 2. febrúar 1996 hafi Flugmálastjórn tilkynnt um breytt vaktafyrirkomulag í Flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík og í Flugturni Reykjavíkurflugvallar sem skyldi taka gildi 6. maí. Stefnandi kveðst hafa mótmælt nefndri ákvörðun þegar í stað bréflega með bréfi sem er ódagsett en sent FMS í febrúar 1996. Flugmálastjórn hafi óskað eftir afstöðu starfsmannaskrifstofu Fjármálaráðuneytis og þaðan hafi borist álit Önnu Sigríðar Örlygsdóttur dagsett 28. mars 1996 þar sem fram komi sú skoðun ráðuneytisins að FMS sé heimilt að gera einhliða breytingar á vaktafyrirkomulagi. Stefnandi hafi svo enn mótmælt þessum skilningi FMS og Fjármálaráðuneytisins með bréfi dagsettu 13. september 1996.

Í lok ágúst 1996 hafi svo komið fram ný vaktaskrá fyrir Flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík þar sem sett hafi verið fram nýtt vaktafyrirkomulag sem sé í ósamræmi við það sem um hafi verið samið með aðilum og feli í sér einhliða breytingu umsamins vaktafyrirkomulags. Þar sé gert ráð fyrir fækkun starfsmanna á næturvöktum og því að hluti starfsmanna skuli ganga vaktir með öðrum hætti en samkomulagið gerir ráð fyrir. Þessu hafi stefnandi mótmælt enn einu sinni með bréfi dagsettu 9. september 1996 en því hafi í engu verið svarað.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi telur að ekki séu fyrir hendi einhliða heimild atvinnurekanda, í þessu tilviki stefnda Flugmálastjórnar, til einhliða breytinga á vaktafyrirkomulagi starfsmanna sinna. Slík heimild sé ekki fyrir hendi, enda sé vinnutíminn og fyrirkomulag hans eitt af mikilvægustu kjaraatriðum starfsmanna og ljóst bæði af kjarasamningi aðila, bókunum tengdum honum, lögum um kjarasamning opinberra starfsmanna og almennum reglum vinnuréttar að um fyrirkomulag vinnutíma eigi starfsmenn og stéttarfélag þeirra samningsrétt. Breytingar á umsömdu vaktafyrirkomulagi geti því ekki komið til framkvæmda nema um þær sé samið með aðilum. Af hálfu stefnanda sé fullur vilji til að reyna að ná slíkum samningi en það eitt skorti á að af hálfu atvinnurekandans sé leitað eftir viðræðum um slíkan samning. Stefnandi byggir jafnframt á því að jafnvel þó að ekki yrði litið svo á að samningar aðila um vaktavinnu séu beint hluti kjarasamnings þá séu þeir ígildi kjarasamnings og verði sem slíkum ekki einhliða breytt að vilja annars aðilans.

Rökstuðningur stefndu fyrir frávísunarkröfunni.

Stefndu telja 1. kröfulið stefnanda svo óljósan að trauðla verði um hann dæmt í málinu. Krafan sé svo almenns eðlis að dómur um hana geti engin réttaráhrif eða þýðingu haft fyrir aðila málsins, hvorki stefnanda né stefndu. Í kafla 2.5. í kjarasamningi séu til að mynda margvísleg ákvæði um vaktavinnu og fyrirkomulag vakta. Stefndu gætu fyrir sitt leyti fallist á 1. kröfulið í stefnu ef átt væri við ákvæði kafla 2.4. til 2.7. í kjarasamningi, en slík viðurkenning myndi engum skynsömum tilgangi þjóna. Dómur um kröfuna yrði heldur ekki til þess fallinn að leiða réttarágreining til lykta á einn eða annan veg. Þar sem krafan skírskoti ekki til neins ákveðins samkomulags telja stefndu að það eigi að valda frávísun hennar. Er vísað til meginreglna einkamálaréttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað, sbr. 25. gr. og d-lið 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Sama eigi í raun við um 2. kröfulið stefnanda þótt ekki sé gerð sérstök krafa um frávísun hans. Stefndu telja málið í því tilviki vanreifað af hálfu stefnanda þannig að frávísun eigi að varða ex officio. Krafan sé þess eðlis að vera beiðni um lögfræðilega álitsgerð. Telji dómurinn unnt að leggja dóm á einhverja kröfu stefnanda komi í hlut stefndu að gera grein fyrir málsatvikum þannig að geta megi til

um hvaða ágreiningur kunni að vera uppi í skiptum stefnanda og stefndu.

Við munnlegan flutning vegna frávísunarkröfunnar var þess krafist af hálfu stefnanda að frávísunarkröfunni verði hrundið og litið verði til þessa þáttar við ákvörðun málskostnaðar við efnisdóm í málinu.

Ágreiningur málsaðila felist í mismunandi skilningi á núgildandi kjarasamningi. Dskj. 8 sé undirritað um leið og kjarasamningurinn og telur stefnandi það skjal hluta kjarasamningsins. Dskj. 9 gefi til kynna að Flugmálastjórn telji sér heimilt að breyta vaktafyrirkomulagi einhliða. Fyrirkomulag vaktavinnu sé samningsbundið og verði ekki breytt með einhliða ákvörðun Flugmálastjórnar.

Aðilum sé fulljóst hver ágreiningurinn er, þ.e. vaktavinna og fyrirkomulag hennar. Málið snúist um það hvort stefnda sé heimilt að breyta fyrirkomulagi vaktavinnu eða ekki.

Kröfur stefnanda undir liðum 1., 2. og 3 séu ein heild. 2. liður sé ekki varakrafa.

Niðurstaða.

Í l. lið dómkröfu stefnanda krefst hann þess „að réttur sé sá skilningur stefnanda að í gildi sé samkomulag milli stefnanda og stefndu um vaktavinnu og fyrirkomulag hennar sem sé hluti kjarasamnings málsaðila og verði ekki breytt með einhliða yfirlýsingum annars aðilanna". Þungamiðjan í málatilbúnaði og lagarökum stefnanda felst í þessu. Lagarök og málsástæður stefnanda verða ekki gerð að sjálfstæðum lið í dómkröfum hans.

Dómsorð í þá veru, sem stefnandi krefst, myndi eigi eitt út af fyrir sig ráða ákveðnu ágreiningsefni til fullnaðarlykta á einn veg eða annan. Kröfugerð þessi verður eigi metin dómhæf, sbr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Með vísan til þessa ber að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Ákvörðun um málskostnað bíður efnisdóms í málinu.

Úrskurðarorð:

Krafa stefndu, samgönguráðherra f.h. Flugmálastjórnar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, um að 1. kröfulið stefnanda, Félags íslenskra flugumferðarstjóra, verði vísað frá dómi, er tekin til greina.

Mánudaginn 11. nóvember 1996.

Nr. 13/1996. **Vinnuveitendasamband Íslands**
f.h. Flugleiða hf.
(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands
f.h. Flugvirkjafélags Íslands
(Bjarki Diego hdl.)

Frávísunarkröfu hafnað.

Úrskurður Félagsdóms.

Málið úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Gunnar Sæmundsson.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 7. þ.m., var höfðað með stefnu, áritaðri ódagsett um birtingu og þingfestri 30. október sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, fyrir hönd Flugleiða hf., kt. 601273-0129, Reykjavíkurflugvelli, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16A, Reykjavík, fyrir hönd Flugvirkjafélags Íslands, kt. 550169-0109, Borgartúni 22, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði að samkvæmt kjarasamningi aðila sé matartími á kvöldvakt ekki lengri en 30 mínútur.
2. Að viðurkennt verði að heimilt sé að taka upp kvöldvaktir í samræmi við ákvæði kafla 03. í kjarasamningi aðila.
3. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda Flugvirkjafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda:

1. Að kröfum stefnanda verði vísað frá dómi.
2. Að viðurkennt verði að samkvæmt kjarasamningi aðila sé matartími á kvöldvakt 60 mínútur og að matartíminn teljist til vinnutíma.
3. Að stefnda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, en áskilinn er réttur til að leggja fram málskostnaðarreikning við aðalflutning málsins, ef til hans kemur.

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrlausnar.

Málavextir.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau að samkvæmt vaktavinnuákvæðum kafla 03. í kjarasamningi aðila séu vaktir þrenns konar, tvískiptar eða þrískiptar svo og kvöldvakt. Kvöldvakt sé unnin á tímabilinu frá kl. 16:20 til kl. 24:00 mánudaga til föstudaga. Heimilt sé, ef vinnuveitandi samþykki, að taka tvisvar sinnum 10 mínútna kaffihlé á kvöldvaktinni, enda lengist vaktin sem því nemur. Hins vegar hafi ekki verið gert ráð fyrir matartíma á þeirri vakt gagnstætt því sem sé um tví- og þrískiptar vaktir, sbr. gr. 03.-7. Ákvæði þessi hafi verið lengi í kjarasamningi aðila. Kvöldvaktir hafi þó fyrst verið teknar upp á síðastliðnu sumri. Í tengslum við það hafi aðilar gert með sér sérstakt samkomulag þann 13. júní 1996 um nánari útfærslu á kvöldvöktum að því er varðar akstur til og frá Reykjavík, neysluhlé o.fl. Þar hafi Flugleiðir fallist á að matarhlé skuli vera 30 mínútur frá kl. 19:00 til 19:30. Á móti hafi komið að kaffihlé sé aðeins eitt. Vegna ágreinings um skilning á kjarasamningi aðila, hvað varðar matartíma á kvöldvakt, hafi jafnframt verið tekið fram í samkomulaginu að ágreiningur um lengd matartíma skuli fara fyrir Félagsdóm að ósk Flugleiða (þ.e. 30 mín. í stað 60 mín.). Ákveðið hafi verið að þetta fyrirkomulag skyldi gilda frá 17. júní til 28. júní 1996. Að þeim tíma loknum myndu aðilar endurskoða reynslu af kvöldvöktum og var síðan heimilt að framlengja samkomulagið frá 8. júlí 1996 til 2. ágúst 1996. Kvöldvaktir hafi síðan verið unnar í samræmi við það fyrirkomulag sem samkomulagið gerði ráð fyrir þann tíma eða frá 18.-20. júní og aftur frá 8. júlí – 2. ágúst.

Fyrirhugað hafi verið að hefja vinnu á kvöldvöktum að nýju þann 28. október sl. fram til 13. desember. Jafnframt sé fyrirhugað að setja samskonar vaktir á að nýju eftir áramót. Ástæða þess sé að hraða þurfi ársskoðun eigin flugvéla sem mest svo ekki þurfi að leigja erlendar vélar. Í þessu skyni hafi verið fastráðnir 16 flugvirkjar en ekki sé hægt að koma að nema ákveðnum fjölda starfsmanna samtímis við eina flugvél. Því sé þörf á að jafna starfsmannafjöldann yfir lengri tíma á vöktum.

Þegar hefja hafi átt vinnu á kvöldvöktum í október hafi stefndi borið fyrir sig að ágreiningur um lengd matartíma væri enn óleystur og félagsmönnum hans því óskylt að hefja vinnu á kvöldvöktum. Til þess að vinna á kvöldvakt geti hafist með eðlilegum hætti sé stefn-

anda því nauðsyn að fá skorið úr ágreiningi þessum með dómi Félagsdóms.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi tjáir mál þetta höfðað á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Byggir hann kröfugerð sína á því, að samkvæmt kjarasamningi aðila sé ekki gert ráð fyrir neinum matartíma á kvöldvakt, sbr. kafla 03. Með samkomulagi aðila frá 13. júní 1996 hafi Flugleiðir hins vegar fallist á að matartími skuli vera 30 mínútur á tímabilinu 19:00-19:30. Engin önnur ákvæði sé að finna í kjarasamningi aðila um matartíma á kvöldvakt. Samkvæmt kjarasamningnum sé einungis gert ráð fyrir tveimur tíu mínútna kaffihléum. Þetta komi greinilega fram þegar litið sé til reglna samningsins varðandi tví- og þrískipta vakt, en tekið sé fram að matar- og kaffitímar á slíkum vöktum skuli teknir eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni og að matartími skuli vera einn en kaffihlé tvö. Þá eigi ákvæði kafla 04. í kjarasamningnum um matartíma í yfirvinnu ekki við. Yfirvinnureglum verði ekki beitt fyrr en að lokinni dag- eða vaktavinnu.

Þá séu aðstæður á kvöldvakt mjög ólíkar því sem er á 12 tíma tvískiptri vakt. Sú framkvæmd sem tíðkast hefur varðandi töku matartíma á slíkum vöktum verði því ekki lögð til grundvallar vinnufyrirkomulagi á kvöldvöktum. Hvorki kjarasamningur né aðrar réttarheimildir renni þannig stoðum undir þann skilning að félagsmenn stefnda eigi rétt á 60 mínútna matartíma á kvöldvakt.

Varðandi 2. kröfu sína byggir stefnandi á því að ákvæði gr. 03.-1., 03.-2. og 03.-4. í kjarasamningi aðila um kvöldvaktir séu í fullu gildi. Honum sé því heimilt að taka upp slíkar vaktir að fullnægðum þeim skilyrðum sem þar greinir.

Um málskostnað vísast til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að í 1. lið í stefnukröfum sé átt við greiddan matartíma. Matartími hafi verið greiddur.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda fyrir frávísunarkröfunni.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína í fyrsta lagi á því að samkvæmt skýru ákvæði í kjarasamningi aðila skuli samstarfsnefnd fjalla um framkvæmd kaffi- og matarfyrirkomulags, áður en ágreiningi þar um er vísað til dómstóla.

Í gr. 03.-8. segir að um „framkvæmdir kaffi- og matarfyrirkomulags samningsins auk annara (sic) framkvæmdaatriða, fjalli samstarfsnefnd, sem skipuð er fjórum fulltrúum, tveim frá flugvirkjum og tveim frá atvinnurekendum". Þar sem samstarfsnefnd hafði hins vegar ekki fjallað um ágreining um matartíma á kvöldvöktum áður en málinu var vísað til dómstóla, þrátt fyrir að aðilar hafi samið svo um með kjarasamningi að slíku úrræði skyldi beitt við lausn réttarágreinings sem hér er til umfjöllunar, verði að vísa málinu frá dómi.

Samkomulag aðila frá 13. júní nú í sumar breyti engu þar um. Hafi það verið gert vegna ítrekaðrar óskar stefnanda og einungis til bráðabirgða. Hafi ekki verið gengið endanlega frá lengd matartíma við undirritun samkomulagsins. Þá hafi samkomulagið og ákvæði þess um að vísa ágreiningi um matartíma til Félagsdóms einungis verið tímabundið, gilt frá 17.-28. júní og 8. júlí til 2. ágúst. Séu ákvæði samkomulagsins þegar af þeirri ástæðu ekki skuldbindandi fyrir aðila nú. Gildi því ákvæði kjarasamningsins, gr. 03.-8., um lausn ágreinings vegna lengdar matartíma á kvöldvöktum. Þar sem þær formreglur sem þar koma fram hafa hins vegar ekki verið virtar beri að vísa málinu frá dómi.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína í öðru lagi á því að kröfugerð stefnanda skv. 1. kröfulið í stefnu sé ekki nægjanlega ákveðin til þess að hún geti leitt til málaloka um sakarefnið, sbr. d-lið 1. mgr. 80. gr., sbr. og 4. mgr. 114. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Stefnandi geri þær dómkröfur skv. kröfulið 1 „Að viðurkennt verði að samkvæmt kjarasamningi aðila sé matartími á kvöldvakt ekki lengri en 30 mínútur". Í kröfugerðinni sé hins vegar ekkert tekið fram um það hvort matartími eigi að teljast til vinnutíma eða ekki. Stefnandi haldi því fram að ekki sé gert ráð fyrir matartíma á kvöldvöktum. Ekki sé ágreiningur um að matartími á tví- og þrískiptri vakt skuli ekki frádreginn í útreikningi vinnustunda við kaupgreiðslur, sbr. gr. 03.-7. í kjarasamningi aðila. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 88/1971 um 40 stunda vinnuviku teljist matartími hins vegar ekki til vinnutíma. Verði fallist á fyrrgreindar dómkröfur stefnanda verði dómsniðurstaða því ekki nægjanlega skýr og afgerandi um hvernig réttindum aðila sé háttað. Megi því ætla að dómsniðurstaða í samræmi við nefnda kröfugerð stefnanda muni leiða til ágreinings um það hvort matartími eigi að teljast til vinnutíma eða ekki, og

jafnvel annars dómsmáls. Verði því að vísa frá dómi kröfulið 1 í stefnu.

Einnig er krafist frávísunar kröfu skv. 2. kröfulið í stefnu, þar sem stefnandi krefst þess: „Að viðurkennt verði að heimilt sé að taka upp kvöldvaktir í samræmi við ákvæði kafla 03. í kjarasamningi aðila".

Hafi stefnandi aldrei beint kröfu þessa efnis að stefnda, enda sé enginn ágreiningur um að kjarasamningur aðila geri ráð fyrir að heimilt sé að láta flugvirkja vinna kvöldvakt, sbr. gr. 03.-2. Það sem aðilar hafi hinsvegar deilt um sé hvort taka skuli 30 eða 60 mínútna matartíma á kvöldvakt.

Þar sem enginn ágreiningur sé um kröfulið 2 í stefnu, og hafi aldrei verið, hljóti að verða að vísa honum frá dómi, þar sem stefnandi hafi ekki lögvarða hagsmuni af því að fá úr þeirri kröfu sinni skorið, sbr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefnandi byggi kröfugerð sína á því að samkvæmt kjarasamningi aðila sé ekki gert ráð fyrir neinum matartíma á kvöldvakt. Því er alfarið mótmælt. Verði að telja að þrátt fyrir að hvergi sé tekið fram berum orðum í kjarasamningnum að matartími skuli tekinn á kvöldvakt þá standist önnur tilhögun hvorki lög né meginreglur laga, þar sem ganga verði út frá því sem meginreglu að maður sem vinni 8 klst. fái a.m.k. einn matartíma. Önnur tilhögun sé einnig í hrópandi ósamræmi við ákvæði kjarasamnings aðila er fjalla um matartíma og þá framkvæmd sem tíðkast hafi.

Líkt og fram komi í stefnu hafi sú framkvæmd tíðkast að á 12 tíma tvískiptum vöktum hafi verið tekið 60 mínútna matarhlé, sem teljist til vinnutímans. Virðist á því byggt í stefnu að við styttri vaktir, t.d. 8 tíma vaktir, skuli ekki tekinn lengri en 30 mínútna matartími. Þeirri tilhögun er hins vegar alfarið mótmælt þar sem hvorki kjarasamningur aðila né sú framkvæmd sem tíðkast hafi styðja þann skilning stefnanda.

Um vaktavinnu fari samkvæmt kafla 03.-0. Um matartíma í vaktavinnu er m.a. fjallað í gr. 03.-7. og gr. 03.-8. Hvergi í kaflanum sé hins vegar fjallað um lengd matartíma. Hafi framkvæmdin hins vegar verið sú að í vaktavinnu hafi ávallt verið tekinn 60 mínútna matartími. Um 12 tíma tvískiptar vaktir er vísað til þess sem áður segir og fram kemur í stefnu. Á þrískiptum vöktum skv. a)-lið gr. 03.-5. hafi einnig verið tekinn 60 mínútna matartími. Hið sama eigi

við um sveigjanlegan vinnutíma á vöktum samkvæmt gr. 03.-10., óháð því hvort unnið hafi verið 8 klst. eða meira, en unnið hafi verið eftir slíkum vöktum í seinni tíð. Hafi ávallt verið tekinn 60 mínútna matartími á slíkum vöktum, þrátt fyrir að ekkert sé tekið fram um lengd matartíma í gr. 03.-10. Þegar 8 klst. vaktir tíðkuðust hér áður fyrr hafi ávallt verið tekinn 60 mínútna matartími. Með vísan til langvarandi framkvæmdar í þessum efnum megi segja að fyrir því sé nú föst venja að tekinn sé 60 mínútna matartími þegar unnið er á vöktum.

Fari því lengd matartíma á vöktum eftir meginreglu gr. 02.-2. um matartíma í dagvinnu, þar sem fram komi að matarhlé skuli vera 1 klst., og teljist sá matartími til vinnutímans. Séu engin rök til þess að ákvarða styttri matartíma þegar unnið er í vaktavinnu heldur en við dagvinnu. Þvert á móti verði að telja að ákveðin rök séu til þess að hafa matartíma í vaktavinnu ekki styttri heldur en í dagvinnu.

Um rökstuðning fyrir frávísunarkröfu varðandi kröfulið 1 í stefnu vísar stefndi til gr. 03.-7. í kjarasamningi aðila. Byggir stefndi einnig á d-lið 1. mgr. 80. gr., sbr. 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Um frávísunarkröfu varðandi kröfulið 2 í stefnu vísar stefndi til 25. gr. laga nr. 91/1991.

Krafa um málskostnað styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991, aðallega 129. og 130. gr.

Stefnandi krafðist þess að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og stefnanda tildæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins.

Niðurstaða.

Eins og 1. mgr. greinar 03.-8. í kjarasamningi málsaðila er orðuð verður hún hvorki skýrð á þann veg að þar sé verið að undanskilja túlkun á lengd matar- og kaffitímaákvæða samningsins dómsvaldi Félagsdóms né að mæla fyrir um málskotsleið sem sé nauðsynlegur undanfari dómsmáls um skýringu sömu ákvæða. Ekki virðist það heldur hafa verið skilningur málsaðila er þeir gerðu samkomulagið 13. júní sl. .

Þá verður ekki heldur á það fallist með stefnda að kröfugerð stefnanda samkvæmt 1. tölulið í dómkröfum hans sé ekki nægjanlega ákveðin til þess að hún geti leitt til málaloka um sakarefnið, enda liggur fyrir málflutningsyfirlýsing stefnanda um að matartími á kvöldvakt teljist til vinnutíma.

Í málflutningi aðila fyrir dóminum kom fram að af hálfu stefnda eða félagsmanna hans hefði heimild fyrir því að taka upp kvöldvaktir verið skilyrt, eins og samkomulagið frá 13. júní sl. ber raunar vitni um. Stefnandi hefur því lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um heimild sína til að taka upp kvöldvaktir.

Ber því að hafna frávísunarkröfu stefnda.

Ákvörðun um málskostnað bíður efnisdóms í málinu.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu stefnda er hafnað.

Þriðjudaginn 19. nóvember 1996.

Nr. 12/1996. **Félag íslenskra flugumferðarstjóra**
(Ástráður Haraldsson hrl.)
gegn
samgönguráðherra f.h. Flugmálastjórnar
og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Kjarasamningur. Vaktavinna. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Björn L. Bergsson og Guðmundur Skaftason.

Málið, sem dómtekin var 15. þ.m., var höfðað með stefnu áritaðri ódagsett um birtingu, þingfestri 30. september sl.

Stefnandi er Félag íslenskra flugumferðarstjóra, kt. 560372-0199, Grensásvegi 16, Reykjavík.

Stefndu eru samgönguráðherra f.h. Flugmálastjórnar og Friðrik Sophusson, kt. 181043-4669, Bjarkargötu 10, Reykjavík, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kt. 540269-6459, Arnarhváli, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda:

Að dæmt verði að stefnda Flugmálastjórn sé óheimilt að framkvæma breytt fyrirkomulag vaktavinnu í Flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík eins og það sem kynnt var 30. september 1996 (sic.), án undangengins samkomulags við stefnanda.

Að stefndu skuli greiða stefnanda málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi lögmanns stefnanda.

Dómkröfur stefndu:

Að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefndu verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Undir rekstri málsins var kveðinn upp frávísunarúrskurður þar sem hluta af stefnukröfum var vísað frá dómi.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo að í bókun með kjarasamningi aðila frá 17. júlí 1986 hafi verið kveðið á um að stofnuð skyldi samstarfsnefnd Félags íslenskra Flugumferðarstjóra (FÍF) og Flugmálastjórnar (FMS) er ynni að breyttu vaktafyrirkomulagi. Nefndina

skyldu skipa 2 til 3 frá hvorum aðila og niðurstöðum skyldi skilað til samgönguráðuneytisins fyrir 30. desember 1986. Samhliða þessu hafi verið samið um styttingu vikulegrar vinnuskyldu fyrst í 39 klst. og síðan í 38 klst. samfara breyttu vaktafyrirkomulagi.

Nefnd um nýtt vaktafyrirkomulag í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík hafi tekið til starfa og verið skipuð tveimur fulltrúum frá hvorum aðila. Nefndin hafi skilað niðurstöðu 25. mars 1987. Vaktafyrirkomulagi hafi síðan verið breytt til samræmis við niðurstöðu nefndarinnar.

Í kjarasamningi FÍF og fjármálaráðuneytis f.h. samgönguráðuneytisins frá 10. júní 1987 hafi í bókun verið svohljóðandi ákvæði: „umsamin launatafla miðist við breytt vaktafyrirkomulag sem felur í sér hagræðingu samfara auknu öryggi, sbr. ákvæði sérkjarasamnings FÍF frá 17. júlí 1986 og tillögur nefndar FÍF og flugmálastjórnar þar að lútandi, dags. 25. mars 1987. Skal hún einnig gilda fyrir fastan vinnutíma þeirra vinnuhópa sem enn ganga óbreyttar vaktir og skal nefnd skipuð fulltrúum flugmálastjórnar og FÍF vinna að tillögum um breytingar á vinnutíma þeirra til samræmis við áður greindar tillögur. Skal nefndin skila tillögum til samgönguráðuneytisins fyrir árslok 1987."

Stefnandi segir að þeir aðilar, sem eftir var að semja um breytt vaktafyrirkomulag fyrir, hafi verið flugturninn í Reykjavík og vinnustaðir félagsmanna stefnanda í Vestmannaeyjum, Akureyri og Keflavík. Stjórn FÍF hafi skipað fulltrúa sína á viðkomandi stöðum í nefnd til að vinna að þessum breytingum sem tækju þá tillit til sérstöðu hvers vinnustaðar fyrir sig en byggðu þó á grunnramma fyrsta samningsins.

Ein nefnd hafi verið skipuð til að vinna að breytingum í Keflavíkurflugturni og Reykjavíkurflugturni. Nefndin hafi verið skipuð fulltrúum FÍF og FMS. Nefndin hafi komið saman 30. september 1987. Hlutverk nefndarinnar hafi aðallega verið stytting vakta og samræming við vaktaskiptan í Flugstjórnarmiðstöðinni. Nefndin hafi ákveðið að skipta með sér verkum, þ.e. annar hópurinn semdi um breytingar á Keflavíkurflugturni en hinn fyrir Reykjavíkurflugturn. Stefnt hafi verið að því að ljúka störfum í október en vaktafyrirkomulagið tæki gildi í byrjun nóvember eða um áramót.

Samkvæmt frásögn stefnanda var nefndin í Keflavík skipuð þrem-

ur fulltrúum FÍF, tveimur frá FMS Keflavík og tveimur frá FMS Reykjavík. Nefndin skilaði af sér í árslok 1987 og tók vaktabreytingin gildi í byrjun árs 1988. Í Reykjavík hafi nefndin verið skipuð tveimur fulltrúum FÍF og þremur frá FMS. Nefndin hafi skilað af sér í árslok 1987 og nýtt vaktafyrirkomulag tekið gildi í ársbyrjun 1988.

Í tengslum við undirritun kjarasamnings aðila í desember 1995 segir stefnandi að enn hafi verið gert samkomulag varðandi vaktafyrirkomulag og breytingar á því, sbr. framlagt samkomulag, dags. 29. desember 1995, undirritað af Ásgeiri Pálssyni framkvæmdastjóra flugumferðarþjónustu og Þorleifi Björnssyni formanni stefnanda. Í samkomulagi þessu segir m.a. svo um vaktafyrirkomulag:

„Flugmálastjórn og FÍF munu á samningstímanum setja upp breytt vaktafyrirkomulag þar sem það hentar. Samhliða því verða settar upp bakvaktir til að mæta álagstoppum og forföllum. Flugumferðarstjórum ber ekki skylda til að taka fleiri en tvær bakvaktir í mánuði. ...“

Með bréfi dagsettu 2. febrúar 1996 hafi Flugmálastjórn tilkynnt um breytt vaktafyrirkomulag í Flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík og í Flugturni Reykjavíkurflugvallar sem skyldi taka gildi 6. maí. Stefnandi kveðst hafa mótmælt nefndri ákvörðun þegar í stað með bréfi sem er ódagsett en sent FMS í febrúar 1996.

Stefndi Flugmálastjórn hafi óskað eftir afstöðu starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis og þaðan borist álit Önnu Sigríðar Örlygsdóttur dagsett 28. mars 1996 þar sem fram komi sú skoðun ráðuneytisins að FMS sé heimilt að gera einhliða breytingar á vaktafyrirkomulagi. Stefnandi hafi svo enn mótmælt þessum skilningi FMS og fjármálaráðuneytisins með bréfi dagsettu 13. september 1996.

Í lok ágúst 1996 hafi svo komið fram ný vaktaskrá fyrir Flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík þar sem sett hafi verið fram nýtt vaktafyrirkomulag sem sé í ósamræmi við það sem um hafi verið samið með aðilum og feli í sér einhliða breytingu umsamins vaktafyrirkomulags. Þar sé gert ráð fyrir fækkun starfsmanna á næturvöktum og því að hluti starfsmanna skuli ganga vaktir með öðrum hætti en samkomulagið geri ráð fyrir. Þessu hafi stefnandi mótmælt enn einu sinni með bréfi, dagsettu 9. september 1996, en því hafi í engu verið svarað.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi telur að ekki sé fyrir hendi heimild atvinnurekanda, í þessu tilviki stefnda Flugmálastjórnar, til einhliða breytinga á vaktafyrirkomulagi starfsmanna sinna. Slík heimild sé ekki fyrir hendi, enda sé vinnutíminn og fyrirkomulag hans eitt af mikilvægustu kjaraatriðum starfsmanna og ljóst bæði af kjarasamningi aðila, bókunum tengdum honum, lögum um kjarasamning opinberra starfsmanna og almennum reglum vinnuréttar að um fyrirkomulag vinnutíma eigi starfsmenn og stéttarfélag þeirra samningsrétt. Breytingar á umsömdu vaktafyrirkomulagi geti því ekki komið til framkvæmda nema um þær sé samið með aðilum. Af hálfu stefnanda sé fullur vilji til að reyna að ná slíkum samningi en það eitt skorti á að af hálfu atvinnurekandans sé leitað eftir viðræðum um slíkan samning. Stefnandi byggir jafnframt á því að jafnvel þó að ekki yrði litið svo á að samningar aðila um vaktavinnu séu beint hluti kjarasamnings þá séu þeir ígildi kjarasamnings og verði sem slíkum ekki einhliða breytt að vilja annars aðilans.

Málsástæður stefndu.

Stefndu telja að í gildi sé kjarasamningur milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og stefnanda sem undirritaður var 29. desember 1995. Gildistími hans sé frá 1. desember 1995 til 31. desember nk. og falli hann þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Engin ákvæði séu í samningnum um heimild til uppsagnar hans á samningstímanum.

Nefndur kjarasamningur hafi verið endurgerður í heild sinni og undir hann ritað 29. desember 1995. Þannig gangi hann framar öllum fyrri samningum, nefndarálitum og bókunum, sem áður giltu um kaup og kjör flugumferðarstjóra. Nefndarálit, bókanir og annað það sem stefnandi hafi vitnað til frá því áður hafi því engin réttaráhrif milli aðila málsins.

Í lok síðastliðins ágústmánaðar hafi verið kynnt ný vaktskrá fyrir flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík, sem taka myndi gildi mánuði seinna. Sé sá fyrirvari í samræmi við grein 2.5.1. í kjarasamningi. Breyting frá fyrri vaktskrám komi fram í því að starfsmönnum á næturvöktum í flugstjórnarmiðstöðinni muni fækka um einn, þannig að aðalvarðstjóri (áður vaktstjóri) sé ekki á næturvakt, nema hann telji nauðsynlegt og slíkar annir séu fyrirsjáanlegar að fimm flugumferðarstjórar skuli vera á vakt.

Til stuðnings sýknukröfu vísa stefndu til greinar 2.5.1. í kjarasamningi, en greinin er svohljóðandi:

„Vakttími telst sá tími, frá því að skráð vakt hefst, þar til henni er lokið. Vaktskrá, sem sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns skal liggja frammi mánuði áður en fyrsta vakt skv. skránni hefst."

Samkvæmt greininni sé heimilt að breyta vaktafyrirkomulagi að því tilskildu að vaktskrá sé lögð fram mánuði áður en hún tekur gildi. Flugmálastjórn sé því heimilt að breyta vaktafyrirkomulaginu og telja stefndu að þegar af þessari ástæðu beri að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í þessu máli.

Allar breytingar sem ekki eru þegar heimilar Flugmálastjórn samkvæmt nefndu ákvæði kjarasamnings séu heimilar samkvæmt meginreglunni um stjórnunarrétt vinnuveitanda. Vísast þar um til ákvæða 15., 17. og 19. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem gangi framar ákvæðum kjarasamnings. Þessi lög séu ófrávíkjanleg. Stjórnendur Flugmálastjórnar sem ábyrgð bera á flugumferðarþjónustu hafi þannig ótvíræðan, lögmæltan rétt til að taka ákvarðanir um það í hvert sinn hversu marga flugumferðarstjóra þurfi á hverja vakt. Vaktskrá sú sem kynnt var í ágústmánuði sl. verði því ekki talin breyting á kjarasamningi heldur hefðbundinn þáttur í stjórn stofnunarinnar. Þetta sé sjálfstæð ástæða til sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Í kjarasamningi aðila sé hvergi um það mælt hversu margir starfsmenn skuli vera á vakt hverju sinni, en um það eitt virðist ágreiningur stefnanda snúast. Ákvörðunarvald um það hvernig manna þurfi vaktir hverju sinni sé alfarið í höndum stjórnenda Flugmálastjórnar. Þótt ný vaktskrá fyrir flugstjórnarmiðstöð hafi ráðgert færri menn á næturvakt telja stefndu það augljóslega ekki brot á ákvæðum kjarasamnings. Hin umdeilda breyting, sem aðeins lúti að fjölda starfsmanna á næturvöktum, sé því ekki brot á kjarasamningi aðila og bresti af þessum ástæðum öll rök fyrir kröfum stefnanda. Skipulagi vakta séu engar aðrar skorður settar en í grein 2.5.3. í kjarasamningi þar sem mælt sé fyrir um lengd vakta og lágmarkshvíld á milli þeirra. Breytingum samkvæmt 2. málslið þess ákvæðis sé hins vegar ekki til að dreifa af hálfu Flugmálastjórnar.

Fjármálaráðherra og nefnd fyrir hans hönd fari með vald til að gera og framkvæma kjarasamninga vegna ríkissjóðs, sbr. 3. gr. laga

nr. 94/1986. Í 2. mgr. 3. gr. laganna sé heimild til að fela einstökum stofnunum að annast framkvæmd kjarasamninga. Rétturinn til að gera kjarasamninga verði ekki færður frá fjármálaráðherra eða samninganefnd ríkisins. Þegar saman séu virt ákvæði kjarasamnings um vinnutíma og stjórnunarréttur Flugmálastjórnar verði að líta til 2. kafla kjarasamningsins í heild. Í honum séu margvísleg ákvæði um vinnutíma, almenn ákvæði, ákvæði um dagvinnu, yfirvinnu, bakvaktir, vaktavinnu og afbrigðilegan vinnutíma, lágmarkshvíld og fleira. Ákvörðunarvald sé hins vegar stjórnandans um það hvernig hann raði einstökum starfsmönnum niður á einstök vinnuplön og hvernig hann nýti sér ákvæði kjarasamnings um vinnutíma til að ná fram markmiði því sem viðkomandi stofnun eða starfsemi sé sett lögum samkvæmt.

Verði ekki á það fallist að framangreindar málsástæður leiði þegar til sýknu af öllum kröfum stefnanda vísa stefndu til forsendna gildandi kjarasamnings. Í bókun sem fylgdi gildandi kjarasamningi og einnig var undirrituð 29. desember 1995, hafi verið mælt fyrir um sérstakan ábata vegna hagræðingar að fjárhæð kr. 7.400. Skyldi ábatinn fyrst geta komið til greiðslu frá og með 1. mars 1996, en eigi síðar en 1. október 1996. Greiðslan hafi samkvæmt bókuninni meðal annars verið tengd flutningi í nýju flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík og vaktkerfisbreytingum í flugturninum á Keflavíkurflugvelli. Hagræðingin hafi komið fram í tillögum sérstaks vinnuhóps sem skipaður var fulltrúum Flugmálastjórnar og stefnanda. Tillögur vinnuhópsins hafi komið fram í ágúst 1995 og hafi þar meðal annars verið settar fram hugmyndir um nýtt vaktafyrirkomulag vegna starfa í flugstjórnarmiðstöðinni. Hafi forsvarsmönnum stefnanda því verið fullljóst þegar bókunin var undirrituð að ein forsenda fyrir greiðslu ábatans byggði á því að vaktafyrirkomulagi þeirra sem ynnu í flugstjórnarmiðstöðinni yrði breytt. Stefnandi hafi þar skuldbundið sig til að hlíta því að Flugmálstjórn myndi breyta vaktafyrirkomulagi.

Til fyllingar á ákvæðum fyrrnefndrar bókunar um hagræðingu hafi framkvæmdastjóri flugumferðarþjónustu Flugmálstjórnar undirritað samkomulag við stefnanda um tiltekin atriði varðandi daglega framkvæmd vinnutilhögunar þann 29. desember 1995. Þar hafi hins vegar ekki verið um að ræða bókun með gildandi kjarasamningi og heldur ekki kjarasamning. Um vaktafyrirkomulag hafi verið

tekið fram að Flugmálastjórn og stefnandi myndu á samningstímanum „setja upp breytt vaktafyrirkomulag þar sem það hentar". Flugmálastjórn hafi eftir sem áður átt endanlegt mat um það hvar breytt vaktafyrirkomulag hentaði. Umrædd ákvæði hafi verið til útfærslu á þegar umsömdum atriðum í bókuninni um hagræðingu.

Með bréfi Flugmálastjórnar til stefnanda, dags. 2. febrúar 1996, hafi verið kynnt að fyrirhugað væri að setja á nýtt vaktafyrirkomulag, sem tæki gildi um þremur mánuðum síðar. Þegar bréfið var ritað hafi ekki verið komnar endanlegar ákvarðanir um það í hverju breytingarnar yrðu fólgnar. Hafi tilgangur bréfsins verið sá einn að kynna málið fyrir stefnanda með hæfilegum fyrirvara. Bréfi þessu hafi verið mótmælt af stefnanda. Af hálfu Flugmálastjórnar hafi verið settur á fót starfshópur þann 21. febrúar sem skyldi vinna að breyttu vaktafyrirkomulagi. Í hópnum hafi verið þeir Helgi Björnsson, Benedikt Gröndal og Þórður Pálsson, en hann hafi þá verið trúnaðarmaður stefnanda. Nefndin hafi skilað skýrslu til framkvæmdastjóra flugumferðarþjónustu Flugmálastjórnar, dags. 11. apríl 1996. Í tillögum starfshópsins hafi meðal annars komið fram eftirfarandi um breytt fyrirkomulag vakta:

„Til samræmis við tillögur yfirflugumferðarstjóra til framkvæmdastjóra og hagræðingartillögur FÍF og FMS er lagt til að tekið verði upp breytt fyrirkomulag á vaktstjórnun. Myndu vaktstjórnendur verða fjórir aðalvarðstjórar í stað 5 vaktstjóra eins og nú er. Starfshópurinn gerir engar athugasemdir við hugmyndir yfirflugumferðarstjóra sem gera ráð fyrir að vaktakerfið verði tvær átta klukkustunda langar vaktir á dag alla daga vikunnar þ.e. frá 0700 til 1500 og 1500 til 2300. Á tímabilinu 2300 til 0700 er ekki gert ráð fyrir aðalvarðstjóra á vakt og verða því fjórir flugumferðarstjórar á næturvakt í stað fimm eins og nú er. Leggjum við til að einum fjögurra á hverri vakt verði falin yfirumsjón vaktarinnar þetta tímabil.

Varðandi uppfyllingu vinnuskyldu aðalvarðstjóra er vísað til áðurnefndra tillagna yfirflugumferðarstjóra til framkvæmdastjóra um sama efni."

Trúnaðarmaður stefnanda hafi verið í nefndum starfshópi og annar félagsmaður. Séu því rangar þær staðhæfingar stefnanda að breytingarnar hafi verið gerðar einhliða og án samráðs við stefnanda eða starfsmenn. Í stefnu sé fullyrt að af stefnanda hálfu hafi verið fullur vilji til að reyna að ná fram samningi um vaktafyrir-

komulag, en það eitt skorti, að af hálfu atvinnurekandans sé leitað eftir viðræðum um slíkt samkomulag. Fullyrðing þessi eigi ekki við rök að styðjast þar sem ítrekað hafi verið haft samráð við stefnanda um vaktafyrirkomulag, langt umfram alla samnings- eða lagaskyldu. Forsvarsmenn stefnanda hafi á hinn bóginn mótmælt því að nægjanlegt samráð hafi verið haft þar sem vaktafyrirkomulagi yrði undir engum kringumstæðum breytt nema í formi sérstaks kjarasamnings. Flugmálastjórn fari hins vegar ekki með gerð kjarasamninga og ekkert ákvæði sé í kjarasamningi sem banni Flugmálastjórn að kveða á um fjölda starfsmanna á vakt.

Þær breytingar á næturvöktum sem virðist tilefni málssóknar stefnanda hafi í öllum atriðum verið í samræmi við bókunina um hagræðingu og síðar niðurstöðu starfshópsins. Verði talið að í gildi sé sérstakt samkomulag milli aðila um vaktafyrirkomulag, sem sé hluti kjarasamnings, hafi það þegar verið efnt af hálfu Flugmálastjórnar með því að breytingarnar hafi verið í samræmi við hagræðingartillögur, bókunina sem fylgdi kjarasamningi, svo og niðurstöður starfshópsins frá 11. apríl 1996. Sé því fyrir hendi sjálfstæð ástæða til sýknu af kröfum stefnanda og sé Flugmálastjórn heimilt að láta vaktafyrirkomulagið koma til framkvæmda án frekara samkomulags við stefnanda. Þar sem einnig liggi fyrir að vaktskrá sú sem kom til framkvæmda frá og með 1. október sl. hafi verið gerð með samþykki og raunar samkvæmt tillögum þeirra starfsmanna sem breytingarnar vörðuðu, telur stefnandi einsýnt að heimild fyrir stjórnendur Flugmálastjórnar hafi þá verið komin til að leggja fram vaktskrána.

Stefndu telja að kröfum á hendur samgönguráðherra fyrir hönd Flugumferðarstjórnar beri að vísa frá dómi telji dómurinn að málið heyri undir lögsögu Félagsdóms. Fjármálaráðherra geti einn ráðstafað sakarefni um skilning á kjarasamningi eða gildi hans samkvæmt 26. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 94/1986.

Um málskostnað er af hálfu stefndu vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum þeir Þorleifur Björnsson formaður stefnanda, Þórður Pálsson flugumferðarstjóri og Ásgeir Pálsson framkvæmdastjóri.

Niðurstaða.

Ágreiningur í máli þessu snýst efnislega um fækkun um einn flugumferðarstjóra á næturvakt úr fimm í fjóra samkvæmt breyttri vaktskrá fyrir Flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík, sem tók gildi 30. september sl. og birt var starfsmönnum 30. ágúst sl. Að öðru leyti en því er varðar mönnun næturvaktarinnar verður ekki um kröfuna dæmt enda kynni slíkur efnisdómur í málinu að varða ótilgreind ágreiningsefni, sbr. 1. mgr. 25. gr. og d- og e-lið 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefnandi telur að kjarasamningur eða ígildi hans standi því í vegi að stefndi Flugmálastjórn geti látið umræddar breytingar koma til framkvæmda án samkomulags við stefnanda.

Stefndi fjármálaráðherra og stefnandi gerðu með sér heildarkjarasamning 29. desember 1995 fyrir tímabilið frá 1. desember 1995 til 31. desember 1996. Jafnframt undirrituðu Flugmálastjórn og stefnandi sama dag yfirlýsingu þar sem segir meðal annars: „Flugmálastjórn og FÍF munu á samningstímanum setja upp breytt vaktafyrirkomulag þar sem það hentar. Samhliða því verða settar upp bakvaktir til að mæta álagstoppum og forföllum. . .“

Þegar litið er til þess, hvers eðlis hinar umdeildu breytingar á vaktavinnu eru, þykja hvorki ákvæði í kjarasamningi milli aðila tryggja stefnanda íhlutun um þær né verður talið að um þær skuli mælt í kjarasamningi, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þá verður krafa stefnanda um að samkomulag aðila þurfi til umræddra breytinga heldur ekki byggð á öðru því sem stefnandi vísar til í málflutningi sínum.

Sérstaklega skal tekið fram að samkomulag það, sem gert var hinn 29. desember 1995 og undirritað var af formanni stefnanda og framkvæmdastjóra flugumferðarþjónustu, getur ekki orðið grundvöllur fyrir kröfu stefnanda, enda er samkomulag þetta hvorki hluti kjarasamnings eða ígildi hans, né stendur það umræddum breytingum í vegi, eins og að þeim var staðið.

Undir rekstri málsins var upplýst að haldnir voru samráðsfundir með aðilum um þessar breytingar.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið ber að sýkna stefnda af kröfu stefnanda.

Eins og sakarefnið er vaxið var óþarft að stefna samgöngu-

ráðherra f.h. Flugmálastjórnar í máli þessu, sbr. 3. gr. laga nr. 94/1986.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað sem ákveðst kr. 100.000.

Dómsorð:

Stefndu, samgönguráðherra f.h. Flugmálastjórnar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, eru sýknaðir af kröfum stefnanda, Félags íslenskra flugumferðarstjóra, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu kr. 100.000 í málskostnað.

Sératkvæði
Björns L. Bergssonar.

Ég er ósammála því mati meiri hluta dómenda að ágreiningur í máli þessu lúti að þeirri efnisbreytingu á vaktskrá sem felst í fækkun flugumferðarstjóra á næturvakt.

Að minni hyggju lýtur ágreiningur í máli þessu að því hvort fyrirkomulag vakta flugumferðarstjóra sé meðal þeirra atriða sem aðilar hafi samið um sín á milli í kjarasamningi, eða ígildi þeirra, þannig að því verði ekki breytt án þess að samþykki beggja aðila komi til. Miðar dómkrafa stefnanda að því að svo verði dæmt.

Þetta kemur skýrt fram í málsástæðum stefnanda. Því var jafnframt lýst yfir í aðilaskýrslu formanns stefnanda, Þorleifs Björnssonar, að ekki væri gerður sérstakur ágreiningur við stefnda um efnisbreytinguna, að fækka um einn flugumferðarstjóra á næturnar, heldur lyti ágreiningurinn að heimild stefnda til einhliða breytinga á vaktafyrirkomulaginu. Lagði hann áherslu á að um efnisbreytingar væri ósamið.

Félagsdómi er falið m.a. það hlutverk að dæma um skilning á kjarasamningum og ígildi þeirra, sbr. 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938. Telja verður það innan valdsviðs dómsins að dæma um þann ágreining málsaðila hvort kjarasamningur eða ígildi hans kveði á um fyrirkomulag vakta þannig að því verði ekki breytt nema með samningi aðila.

Kröfugerð eins og sú sem uppi er höfð í máli þessu og lýtur að nefndu ágreiningsefni verður ekki talin svo ótilgreind að hún brjóti

gegn 1. mgr. 25. gr. og d- og e- lið 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Með þessari athugasemd er ég sammála meiri hluta dómenda um aðrar forsendur sem og þá niðurstöðu að sýkna eigi stefndu.

Föstudaginn 6. desember 1996.

Nr. 13/1996. **Vinnuveitendasamband Íslands**
f.h. Flugleiða hf.
(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands
f.h. Flugvirkjafélags Íslands
(Bjarki Diego hdl.)

Kjarasamningur. Vaktavinna. Matmálstímar. Gagnkrafa. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Gunnar Sæmundsson.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. nóvember sl., var höfðað með stefnu, áritaðri ódagsett um birtingu og þingfestri 30. október sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, fyrir hönd Flugleiða hf., kt. 601273-0129, Reykjavíkurflugvelli, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16A, Reykjavík, fyrir hönd Flugvirkjafélags Íslands, kt. 550169-0109, Borgartúni 22, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði að samkvæmt kjarasamningi aðila sé matartími á kvöldvakt ekki lengri en 30 mínútur.
2. Að viðurkennt verði að heimilt sé að taka upp kvöldvaktir í samræmi við ákvæði kafla 03. í kjarasamningi aðila.
3. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda Flugvirkjafélags Íslands.

Endanlegar dómkröfur stefnda:

1. Að viðurkennt verði að samkvæmt kjarasamningi aðila sé matartími á kvöldvakt 60 mínútur og að matartíminn teljist til vinnutíma.
2. Að stefnda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, en áskilinn er réttur til að leggja fram málskostnaðarreikning við aðalflutning málsins, ef til hans kemur.

Hinn 11. nóvember sl. var kveðinn upp úrskurður þar sem frávísunarkröfu stefnda var hafnað.

Málavextir.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau að samkvæmt vaktavinnuákvæðum kafla 03. í kjarasamningi aðila séu vaktir þrenns konar, tvískiptar eða þrískiptar svo og kvöldvakt. Kvöldvakt sé unnin á tímabilinu frá kl. 16:20 til kl. 24:00 mánudaga til föstudaga. Heimilt sé, ef vinnuveitandi samþykki, að taka tvisvar sinnum 10 mínútna kaffihlé á kvöldvaktinni, enda lengist vaktin sem því nemur. Hins vegar hafi ekki verið gert ráð fyrir matartíma á þeirri vakt gagnstætt því sem sé um tví- og þrískiptar vaktir, sbr. gr. 03.-7. Ákvæði þessi hafi verið lengi í kjarasamningi aðila. Kvöldvaktir hafi þó fyrst verið teknar upp á síðastliðnu sumri. Í tengslum við það hafi aðilar gert með sér sérstakt samkomulag þann 13. júní 1996 um nánari útfærslu á kvöldvöktum að því er varðar akstur til og frá Reykjavík, neysluhlé o.fl. Þar hafi Flugleiðir fallist á að matarhlé skuli vera 30 mínútur frá kl. 19:00 til 19:30. Á móti hafi komið að kaffihlé sé aðeins eitt. Vegna ágreinings um skilning á kjarasamningi aðila, hvað varðar matartíma á kvöldvakt, hafi jafnframt verið tekið fram í samkomulaginu að ágreiningur um lengd matartíma skuli fara fyrir Félagsdóm að ósk Flugleiða (þ.e. 30 mín. í stað 60 mín.). Ákveðið hafi verið að þetta fyrirkomulag skyldi gilda frá 17. júní til 28. júní 1996. Að þeim tíma loknum myndu aðilar endurskoða reynslu af kvöldvöktum og var síðan heimilt að framlengja samkomulagið frá 8. júlí 1996 til 2. ágúst 1996. Kvöldvaktir hafi síðan verið unnar í samræmi við það fyrirkomulag sem samkomulagið gerði ráð fyrir þann tíma eða frá 18.-20. júní og aftur frá 8. júlí – 2. ágúst.

Fyrirhugað hafi verið að hefja vinnu á kvöldvöktum að nýju þann 28. október sl. fram til 13. desember. Jafnframt sé fyrirhugað að setja samskonar vaktir á að nýju eftir áramót. Ástæða þess sé að hraða þurfi ársskoðun eigin flugvéla sem mest svo ekki þurfi að leigja erlendar vélar. Í þessu skyni hafi verið fastráðnir 16 flugvirkjar en ekki sé hægt að koma að nema ákveðnum fjölda starfsmanna samtímis við eina flugvél. Því sé þörf á að jafna starfsmannafjöldann yfir lengri tíma á vöktum.

Þegar hefja hafi átt vinnu á kvöldvöktum í október hafi stefndi borið fyrir sig að ágreiningur um lengd matartíma væri enn óleystur og félagsmönnum hans því óskylt að hefja vinnu á kvöldvöktum. Til

þess að vinna á kvöldvakt geti hafist með eðlilegum hætti sé stefnanda því nauðsyn að fá skorið úr ágreiningi þessum með dómi Félagsdóms.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi tjáir mál þetta höfðað á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Byggir hann kröfugerð sína á því, að samkvæmt kjarasamningi aðila sé ekki gert ráð fyrir neinum matartíma á kvöldvakt, sbr. kafla 03. Með samkomulagi aðila frá 13. júní 1996 hafi Flugleiðir hins vegar fallist á að matartími skuli vera 30 mínútur á tímabilinu 19:00-19:30. Engin önnur ákvæði sé að finna í kjarasamningi aðila um matartíma á kvöldvakt. Samkvæmt kjarasamningnum sé einungis gert ráð fyrir tveimur tíu mínútna kaffihléum. Þetta komi greinilega fram þegar litið sé til reglna samningsins varðandi tví- og þrískipta vakt, en tekið sé fram að matar- og kaffitímar á slíkum vöktum skuli teknir eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni og að matartími skuli vera einn en kaffihlé tvö. Þá eigi ákvæði kafla 04 í kjarasamningnum um matartíma í yfirvinnu ekki við. Yfirvinnureglum verði ekki beitt fyrr en að lokinni dag- eða vaktavinnu.

Þá séu aðstæður á kvöldvakt mjög ólíkar því sem er á 12 tíma tvískiptri vakt. Sú framkvæmd sem tíðkast hefur varðandi töku matartíma á slíkum vöktum verði því ekki lögð til grundvallar vinnufyrirkomulagi á kvöldvöktum. Hvorki kjarasamningur né aðrar réttarheimildir renni þannig stoðum undir þann skilning að félagsmenn stefnda eigi rétt á 60 mínútna matartíma á kvöldvakt.

Varðandi 2. kröfu sína byggir stefnandi á því að ákvæði gr. 03.-1., 03.-2. og 03.-4. í kjarasamningi aðila um kvöldvaktir séu í fullu gildi. Honum sé því heimilt að taka upp slíkar vaktir að fullnægðum þeim skilyrðum sem þar greinir.

Um málskostnað vísast til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að í 1. lið í stefnukröfum sé átt við greiddan matartíma. Matartími hafi verið greiddur.

Jafnframt var því lýst yfir að í kröfugerð stefnanda felist krafa um sýknu af viðurkenningarkröfu stefnda.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að þrátt fyrir að hvergi sé tekið fram berum orðum í kjarasamningi að matartími skuli tekinn á kvöldvakt þá standist önnur tilhögun hvorki lög né meginreglur laga, þar sem ganga verði út frá því sem meginreglu að maður sem vinni 8 klst. fái a.m.k. einn matartíma. Önnur tilhögun sé einnig í hrópandi ósamræmi við ákvæði kjarasamnings aðila er fjalla um matartíma og þá framkvæmd sem tíðkast hafi.

Líkt og fram komi í stefnu hafi sú framkvæmd tíðkast að á 12 tíma tvískiptum vöktum hafi verið tekið 60 mínútna matarhlé, sem teljist til vinnutíma. Virðist á því byggt í stefnu að við styttri vaktir, t.d. 8 tíma vaktir, skuli ekki tekinn lengri en 30 mínútna matartími. Því er alfarið mótmælt þar sem hvorki kjarasamningur aðila né sú framkvæmd sem tíðkast hafi styðji þann skilning stefnanda.

Um vaktavinnu fari samkvæmt kafla 03.-0. Um matartíma í vaktavinnu sé m.a. fjallað í gr. 03.-7. og gr. 03.-8. Hvergi í kaflanum sé hins vegar fjallað um lengd matartíma. Hafi framkvæmdin hins vegar verið sú að í vaktavinnu hafi ávallt verið tekinn 60 mínútna matartími. Um 12 tíma tvískiptar vaktir er vísað til þess sem að framan segir og fram kemur í stefnu. Á þrískiptum vöktum skv. a) lið gr. 03.-5. hafi einnig verið tekinn 60 mínútna matartími. Hið sama eigi við um sveigjanlegan vinnutíma á vöktum samkvæmt gr. 03.-10., óháð því hvort unnið hafi verið 8 klst. eða meira, en unnið hafi verið eftir slíkum vöktum í seinni tíð. Hafi ávallt verið tekinn 60 mínútna matartími á slíkum vöktum, þrátt fyrir að ekkert sé tekið fram um lengd matartíma í gr. 03.-10. Megi einnig nefna að þegar 8 klst. vaktir tíðkuðust hér áður fyrr hafi ávallt verið tekinn 60 mínútna matartími. Með vísan til langvarandi framkvæmdar í þessum efnum megi því segja að fyrir því sé nú föst venja að tekinn sé 60 mínútna matartími þegar unnið er á vöktum.

Fari því um lengd matartíma á vöktum eftir meginreglu gr. 02.-2. um matartíma í dagvinnu, þar sem fram komi að matarhlé skuli vera 1 klst. og teljist sá matartími til vinnutímans. Séu engin rök til þess að ákvarða styttri matartíma þegar unnið er í vaktavinnu heldur en við dagvinnu. Þvert á móti verði að telja að ákveðin rök séu til þess að hafa matartíma í vaktavinnu ekki styttri heldur en í dagvinnu.

Viðurkenningarkröfu sína styður stefndi við kafla 03.-0. í kjara-

samningi aðila, aðallega gr. 03.-7. og 03.10. Þá vísar stefndi einnig til gr. 02.-2.

Krafa um málskostnað er studd við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, aðallega 129. og 130. gr.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum: Guðmundur Pálsson framkvæmdastjóri hjá Flugleiðum, Baldur Bragason deildarstjóri tæknideildar Flugleiða, Ragnar Kjærnested flugvirki, Björn Lúðvíksson flugvirki, Jakob S. Þorsteinsson, flugvirki, Theodór Brynjólfsson flugvirki og Hálfdán Hermannsson flugvirki.

Niðurstaða.

Ágreiningur máls þessa stendur um lengd matartíma á kvöldvakt. Ágreiningslaust er að félagsmönnum hins stefnda stéttarfélags ber réttur til matartíma á kvöldvakt.

Stefnandi krefst þess samkvæmt 1. kröfulið í stefnu „að viðurkennt verði að samkvæmt kjarasamningi aðila sé matartími á kvöldvakt ekki lengri en 30 mínútur". Með hliðsjón af 3. tölulið í samkomulagi aðila frá 13. júní 1996 og málatilbúnaði stefnanda verður að skýra þessa kröfu stefnanda svo að þess sé krafist að viðurkennt verði að samkvæmt kjarasamningi aðila sé matartími á kvöldvakt 30 mínútur. Stefnandi hefur við flutning málsins skýrt kröfu sína svo að átt sé við greiddan matartíma, þ.e. matartími teljist til vinnutíma.

Stefndi byggir kröfu sína um að viðurkennt verði að samkvæmt kjarasamningi aðila sé matartími á kvöldvakt 60 mínútur, er teljist til vinnutíma, annars vegar á meginreglu greinar 02.-2. í kjarasamningi aðila um lengd matartíma í dagvinnu og hins vegar á venju sem hann telur að myndast hafi um lengd matartíma á vöktum.

Í kjarasamningi aðila er að finna heimildir til þess að láta vinna á vöktum. Er gert ráð fyrir að tilhögun vakta geti verið með fernum hætti, þ.e. tvískipt vakt, þrískipt vakt, vakt með sveigjanlegum vinnutíma og kvöldvakt. Um kvöldvakt segir svo í grein 03.-2. í kjarasamningi aðila: „Kvöldvakt er unnin á tímabilinu frá kl. 16:20 til kl. 24:00 sömu daga og dagvinna er unnin (mánudaga – föstudaga) og er hún 40 klst. á viku".

Í kjarasamningnum er hvergi berum orðum tekið fram um mataratíma á kvöldvakt að undanskildum matartíma í yfirvinnu, sbr. niðurlagsákvæði greinar 03.-4. þar sem vísað er til reglna um yfirvinnu í grein 04.-4. Kjarasamningurinn hefur að geyma ákvæði um matartíma í dagvinnu og yfirvinnu, þ.á m. um lengd hans, sbr. grein

02.-2. og 04.–4. Þá er gert ráð fyrir matartíma á tví- og þrískiptum vöktum, sbr. 2. málsl. í grein 03.-7., en ekki er lengd hans tiltekin. Þá hefur verið upplýst að á vakt samkvæmt grein 03.-10. í kjarasamningnum var tekinn matartími þann tíma sem sú vaktskipan var framkvæmd.

Þar sem atvik eru svo vaxin samkvæmt framansögðu að óumdeilt er að félagsmönnum stefnda ber réttur til matartíma á kvöldvakt án þess að lengd hans sé tiltekin, ræðst það atriði af túlkun á kjarasamningnum. Til leiðbeiningar um lengd matartíma á kvöldvakt þykir nærtækast að horfa til þess hvernig því atriði er farið á öðrum vöktum.

Fram hefur komið í málinu að þrískiptar vaktir hafa ekki tíðkast. Við skýrslutökur þykir hafa verið leitt í ljós að matartími á tvískiptum vöktum (línuvöktum) sé 1 klst. Þá þykir nægilega sannað að jafnlangur matartími hafi tíðkast á vöktum samkvæmt grein 03.-10. í kjarasamningnum. Telja verður að venja sé fyrir 1 klst. matarhléi á vöktum. Rétt er að fram komi að matartími í dagvinnu er 1 klst. samkvæmt grein 02.-2. í kjarasamningnum og matartími í yfirvinnu var 1 klst. samkvæmt grein 04.-4. þar til fyrri matartími í yfirvinnu var styttur í 1/2 klst. með 4. grein kjarasamnings aðila frá 1. ágúst 1995.

Þótt nokkur munur sé á lengd vinnutíma og verkefnum á fyrrgreindum vöktum og kvöldvakt, þykir það út af fyrir sig ekki útiloka, eins og stefnandi telur, að venjubundin lengd matartíma á þeim vöktum sé lögð til grundvallar við fyllingu kjarasamningsins um lengd matartíma á kvöldvakt, enda þykir stefnandi ekki hafa skotið neinum viðhlítandi stoðum undir kröfu sína um 30 mínútna matartíma á þeirri vakt.

Samkvæmt framansögðu er kröfu stefnanda samkvæmt 1. kröfulið í stefnu hafnað og gagnkrafa stefnda tekin til greina.

Samkvæmt 2. kröfulið í stefnu krefst stefnandi þess „að viðurkennt verði að heimilt sé að taka upp kvöldvaktir í samræmi við ákvæði kafla 03. í kjarasamningi aðila“. Samkvæmt grein 03.-1. í kjarasamningi aðila, sbr. og samkomulag aðila frá 8. ágúst 1991, hefur stefnandi óskilyrtan rétt til að taka upp kvöldvaktir. Með vísan til þess ber að taka kröfu stefnanda samkvæmt 2. kröfulið til greina.

Eftir framangreindum málsúrslitum þykir rétt að hvor málsaðili ber sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Viðurkennt er að samkvæmt kjarasamningi málsaðila sé matartími á kvöldvakt 60 mínútur og að matartíminn teljist til vinnutíma.

Viðurkennt er að Flugleiðum hf. sé heimilt að taka upp kvöldvaktir í samræmi við ákvæði kafla 03 í kjarasamningi aðila.

Hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Sératkvæði
Ingibjargar Benediktsdóttur og
Valgeirs Pálssonar.

Við erum sammála því sem segir í upphafi niðurstöðukafla meiri hluta dómenda fram að málsgrein þeirri, sem hefst á eftirfarandi orðum: „Þar sem atvik eru svo vaxin. . .“

Fram er komið í málinu að kvöldvaktir þær sem um getur í grein 03.-4. kjarasamningsins hafa ekki verið unnar um árabil og að þrískiptar vaktir samkvæmt grein 03.-5. hafa ekki tíðkast. Við skýrslutökur kom fram að matartími á tvískiptum vöktum, svokölluðum línuvöktum, sbr. grein 03.-7., er að jafnaði 1 klst. Þær vaktir eru 12 tíma langar og unnar allan sólarhringinn alla daga vikunnar. Á þeim vöktum er unnið við flugvélar í tengslum við komu og brottför. Samkvæmt grein 03.-7. skulu matartímar á tvískiptum vöktum teknir „eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni, svo að ekki verði tafir á eðlilegum og nauðsynlegum framgangi verka við afgreiðslu flugvélar.“ Mun þessi háttur vera hafður á í framkvæmd. Upplýst er í málinu að á tímabilinu febrúar til mars 1995 var tekinn upp til reynslu sveigjanlegur vinnutími á vöktum eftir grein 03.-10., svokallaðar víkingavaktir. Munu þær vaktir ekki hafa verið unnar í annan tíma. Vaktir þessar voru að jafnaði 10 til 12 klst. langar, þó aldrei skemmri en 8 klst.

Sökum þess hve skamman tíma vaktir með sveigjanlegum vinnutíma hafa verið unnar verður engin ályktun dregin af þeim um venju varðandi lengd matartíma á vöktum yfirleytt. Vinna sú, sem unnin er á tvískiptum vöktum er í eðli sínu ólík þeirri vinnu, sem fyrirhugað er að unnin verði á kvöldvöktum. Þá er vinnutími á tví-

skiptum vöktum ennfremur mun lengri en á kvöldvöktum. Samkvæmt þessu verður ekki fallist á að matartími á kvöldvöktum skuli vera hinn sami og tíðkast á tvískiptum vöktum. Þegar litið er þess sem að framan greinir og þeirrar meginreglu að matartími telst almennt ekki hluti vinnutímans þykir rétt eins og málið er lagt fyrir að taka til greina kröfu stefnanda að matartími á kvöldvakt skuli vera 30 mínútur. Eftir þessum úrslitum er gagnkröfu stefnda hafnað.

Við erum sammála niðurstöðu meirihluta dómenda að því er varðar kröfu stefnanda í 2. tl. svo og niðurstöðu um málskostnað.

Þriðjudaginn 17. desember 1996.

Nr. 14/1996. **Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Fram, verkalýðsfélags,**
(Ástráður Haraldsson hrl.)
gegn
Vinnumálasambandinu vegna Fiskiðjunnar Skagfirðings hf.
(Jón Rúnar Pálsson hdl.)

Kjarasamningur. Vinnslustöðvun. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. desember sl., var höfðað með stefnu útgefinni 4. nóvember, áritaðri ódagsett um birtingu og þingfestri 7. nóvember sl.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Sigmundur Hannesson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík f.h. Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50c, Reykjavík, vegna Fram, verkalýðsfélags, kt. 560169-1169, Sæmundargötu 7a, Sauðárkróki.

Stefndi er Vinnumálasambandið, kt. 700269-3379, Grensásvegi 16, Reykjavík vegna Fiskiðjunnar Skagfirðings hf., kt. 461289-1269, Eyrarvegi 16, Sauðárkróki.

Dómkröfur stefnanda:

1.a. Aðalkrafa:

Að dæmt verði að vinnslustöðvun stefnda sem tilkynnt var stefnanda 12. júlí 1996 og sem kom til framkvæmda 12. ágúst 1996 og stóð til 1. október 1996 hafi verið brot á ákvæði 16.8.1. í aðalkjarasamningi milli VMSÍ og VMS með því að forsendur þær sem kjarasamningur áskilur hafi ekki verið fyrir hendi.

1.b. Til vara er þess krafist:

Að dæmt verði að vinnslustöðvun stefnda sem tilkynnt var stefnanda 12. júlí 1996 og sem kom til framkvæmda 12. ágúst 1996 hafi verið brot á ákvæði 16.8.1. í aðalkjarasamningi milli VMSÍ og VMS

frá 1. september 1996 með því að forsendur þær sem kjarasamningur áskilur hafi ekki verið fyrir hendi frá þeim tíma.

1.c. Til þrautavara er þess krafist:

Að dæmt verði að vinnslustöðvun stefnda sem tilkynnt var stefnanda 12. júlí 1996 og sem kom til framkvæmda 12. ágúst 1996 hafi verið brot á ákvæði 16.8.1. í aðalkjarasamningi milli VMSÍ og VMS frá 23. september 1996 með því að forsendur þær sem kjarasamningur áskilur hafi ekki verið fyrir hendi frá þeim tíma.

Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið að þann 12. júlí 1996 barst Verkalýðsfélaginu Fram á Sauðárkróki bréf frá Fiskiðjunni Skagfirðingi hf. þar sem tilkynnt var um vinnslustöðvun vegna hráefnisskorts í frystingu bolfisks á Sauðárkróki og í saltfiskvinnslu á Hofsósi. Vinnslustöðvunin var boðuð með 4 vikna fyrirvara eða frá og með 12. ágúst 1996. Skýringar stefnda á vinnslustöðvuninni koma fram í Fréttabréfi til starfsmanna 15. júlí 1996, en þar segir: „Ástæður þess eru að hráefnisöflun er erfið á þessum tíma og hins vegar er ljóst að afkoma í bolfiskvinnslu er óviðunandi."

Vinnslustöðvunin gekk eftir og að sögn stefnanda misstu milli 70-80 manns vinnuna þann 12. ágúst. Uppsögn þessi hafi komið starfsfólki og stefnanda í opna skjöldu þar sem síðastliðið vor hafi verið kynnt á starfsmannafundi að samkvæmt rekstraráætlun kæmi ekki til lokunar á þessu ári.

Forsenda vinnslustöðvunarinnar hafi verið hráefnisskortur en stefndi á fimm skip, Klakk, Hegranes, Skagfirðing, Skafta og Málmey og hafi það verið mál manna að þar sem nýtt kvótaár byrjaði 1. september stæði hráefnisskorturinn í sambandi við það að kvóti þeirra væri uppurinn.

Þegar starfsmenn voru ekki boðaðir til vinnu á nýju kvótaári og vitað hafi verið að skip stefnda voru að koma með afla að landi hafi stefnandi beðið um fund með forsvarsmönnum stefnda þann 17. september þar sem óskað var eftir skýringum. Fátt hafi verið um svör en ýjað að fyrirsjáanlegum taprekstri.

E5926-HERADSDOMUR REYKJAVIKUR DOMAR 93-6 OIK: 24

Þann 19. september var stofnuð fiskvinnsludeild innan Verkalýðsfélagsins Fram sem sendi frá sér fréttatilkynningu og svohljóðandi ályktun þann 20. september:

„Stofnfundur deildar fiskvinnslufólks innan Verkalýðsfélagsins Fram, DFVF, haldinn 19. september 1996 minnir á að vinnslustöðvun sl. á tveimur vinnustöðum hjá Fiskiðju Skagfirðinga, þ.e. í frystideild á Sauðárkróki og saltfiskvinnslu á Hofsósi, hefur staðið frá 12. ágúst sl. Misstu þar vinnu samtals 70-80 manns. Þarna hefur ekki verið unnið síðan og nú hafa farið þar forgörðum 29 vinnudagar. Eitthvað af þessu fólki er nú í tímabundinni vinnu. Fundurinn mótmælir harðlega að starfsfólki við einn þýðingarmesta undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar sé ekki búið meira starfsöryggi en raun ber vitni.

Því óvissuástandi sem nú varir um framhald fiskvinnslu á þessum vinnustöðum verður að létta. Er skorað á stjórnendur fyrirtækisins að láta uppi nú þegar hver þeirra áform eru með framhaldið. Fundurinn óskar eftir því við félagið að það kanni lögmæti þess að halda fólki í þessari óvissu; að vera sagt upp vegna hráefnisskorts en að vinna hefjist ekki, þrátt fyrir að nýtt kvótaár sé hafið og hvort vinnslustöðvun geti á þennan hátt verið ótímabundin og varað t.d. mánuðum saman."

Í framhaldi af fundinum var stefnda tilkynnt að könnun væri að fara í gang á lögmæti áframhaldandi vinnslustöðvunar og þann 23. september sendi lögfræðingur stefnanda stefnda bréf þar sem lögmæti áframhaldandi vinnslustöðvunar var dregin í efa og óskað eftir upplýsingum um afla skipa stefnda frá 12. ágúst og hvar, hvenær og hvernig afli þeirra var unninn eða seldur.

Ekkert svar hafi borist við fyrirspurnunum en þann 26. september ákvað stjórn stefnda að segja upp ráðningu 90 manna frá og með 1. október á Sauðárkróki og Hofsósi. Um leið og uppsagnarbréfum var dreift var fólk boðað til vinnu 1. október en með því lauk vinnslustöðvuninni.

Með bréfi dags. 14. október var beiðni um upplýsingar um afla skipa í eigu stefnda ítrekuð og jafnframt var óskað eftir upplýsingum um sölu á afla skipa stefnda og kaup stefnda á svokölluðum rússafiski á tímabilinu og hverjar birgðir væru af óunnum fiski í frystigeymslu stefnda á tímabili vinnslustöðvunar. Þá var stefnda tilkynnt formlega að stefnandi áskildi sér rétt að höfða mál á hendur

stefnda til að fá úrlausn dómstóla um réttmæti vinnslustöðvunarinnar.

Enn hafi ekkert svar borist við fyrirspurnunum en þann 15. október barst stefnanda bréf frá lögfræðingi Vinnumálasambandsins þar sem hafnað var að gefa umbeðnar upplýsingar. Þá þegar var byrjað að afla upplýsinga annars staðar frá þar sem samkvæmt upplýsingum Tilkynningaskyldunnar hafi skip stefnda verið meira og minna á veiðum allt vinnslustöðvunartímabilið. Því hafi verið óskað eftir upplýsingum frá Fiskistofu Íslands um landanir skipa í eigu stefnda innanlands. Meginniðurstaðan sé sú að skip stefnda hafi verið á veiðum allt vinnslustöðvunartímabilið, fjögur voru að veiðum utan landhelgi, en Skafti SK-3 á ísfiskveiðum og landaði afla annað hvort á Fiskmarkaði Vestfjarða eða þá í saltfiskvinnslu stefnda sem hafi aukið afköst sín á tímabili meðan vinnslustöðvun vegna hráefnisskorts varði í bolfiskvinnslu stefnda. Svo virðist því, sem á sama tíma og vinnslustöðvun var vegna hráefnisskorts í bolfiskvinnslu, hafi orðið aukning í saltfiskvinnslu stefnda. Þá hafa starfsmenn stefnda upplýst að þann 1. október þegar þeir voru kvaddir til vinnu hafi þeir verið látnir þýða upp óunninn fisk sem var til í frystigeymslum stefnda.

Allt beri því að sama brunni, að stefndi hafi átt nóg hráefni til að halda uppi vinnslu, ef ekki allan tímann sem vinnslustöðvun varði frá 12. ágúst 1996, þá frá 1. september 1996 þegar nýtt kvótaár hófst, eða frá þeim degi sem Skafti SK-3 hafði landað alls 211 tonnum þann 23. september 1996. Ítrekað hafi verið reynt að fá forsvarsmenn stefnda til að gefa upplýsingar sem styðja þá niðurstöðu en því hafi verið hafnað. Því hafi verið tekin sú ákvörðun að leita til dómstóla til að fá viðurkenningu á því að forsendur vinnslustöðvunar hafi ekki verið fyrir hendi.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Aðalkrafa stefnanda byggir á því að forsendur vinnslustöðvunar hjá stefnda, samkvæmt ákvæði 16.8.1. í kjarasamningi aðila, hafi aldrei verið fyrir hendi og að vinnslustöðvunin hafi því verið brot á ákvæði kjarasamningsins frá upphafi. Stefndi stöðvi vinnslu sína með heimild sem er að finna í fyrrgreindu ákvæði sem hljóðar svo: „Ef horfur eru á langvinnri rekstrarstöðvun vegna hráefnisskorts er fyrirtæki þó jafnan heimilt með tilkynningu til starfsfólks, vinnumiðlunar og verkalýðsfélags að boða vinnslustöðvun með fjögurra

vikna fyrirvara. Sé vinnsla í fyrirtækinu er nægilegt að hengja upp almenna tilkynningu, ella skal hverjum starfsmanni tilkynnt um vinnslustöðvunina. Launagreiðslur falla þá niður frá og með þeim tíma, sbr. 3. gr. laga 19/1979."

Heimildin í ákvæði 16.8.1. sé svokölluð force major regla, þ.e. um er að ræða ástand sem leiðir til vinnslustöðvunar sem vinnuveitanda er ekki um að kenna. Með vísan til atvika á vinnslustöðvunartímabilinu telur stefnandi að slíkt ástand hafi ekki verið fyrir hendi hjá stefnda. Stefnandi bendir á að þær ástæður sem stefndi hreyfði í Fréttabréfi til starfsmanna 15. júlí 1996 séu ekki fullnægjandi force major forsendur samkvæmt skilgreiningu kjarasamningsákvæðisins. Heimildin í ákvæði 16.8.1. firri vinnuveitendur ábyrgð í ófyrirsjáanlegum hráefnisskorti eða fyrirsjáanlegum hráefnisskorti af óviðráðanlegum ástæðum eins og vegna bruna eða skipstapa. Óviðunandi afkoma í bolfiskvinnslu eigi þar ekki undir en við þær aðstæður hafi stefnda verið nær að segja starfsmönnum sínum upp störfum með heimild í uppsagnarákvæðum samningsins skv. XII. kafla um uppsagnarfrest og endurráðningu.

Í stuttu máli byggir stefnandi málsástæður fyrir aðalkröfu á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi hafi skip stefnda; Klakkur SH-510, Hegranes SK-2, Málmey SK-1, Skafti SK-3 og Skagfirðingur SK-4 verið á veiðum allan tímann og landað afla sem hægt hefði verð að nota til vinnslu í bolfiskdeild stefnda. Þannig hafi Klakkur landað 43.839 kg þann 16. ágúst og Skafti SK-3 52.985 kg þann 21. ágúst 1996 og 2.880 kg þann 31. ágúst eða allt fyrir nýtt kvótaár sem byrjaði 1. september 1996. Eftir það hafi Skafti landað 127.885 kg þann 2. september og 27.614 kg þann 23. september. Alls hafi Skafti SK-3 þá landað 211.364 kg á mánaðartíma á meðan vinnslustöðvun varði vegna hráefnisskorts. Alls hafi skip stefnda því landað frá 12. ágúst til 30. september 1996 262.966 kg. Miklu af þeim afla hafi verið landað á Ísafirði þar sem Fiskmarkaður Vestfjarða keypti hann en hluti af aflanum muni hafa farið í saltfiskvinnslu stefnda.

Í öðru lagi hafi stefndi breytt um áherslur í vinnsluaðferðum sínum á meðan vinnslustöðvun varði og aukið saltfiskvinnslu á kostnað bolfiskvinnslu og þannig dulbúið hráefnisskortinn í bolfiskvinnslunni. Þannig liggi fyrir að um 13 ný stöðugildi hafi orðið til í saltfiskvinnslunni á tímabili, meðan heita átti hráefnisskortur í

bolfiskvinnslunni. Stefnandi telur að stefndi geti ekki leikið sér þannig með force major heimildina í ákvæði 16.8.1. og sent hluta af starfsfólki sínu heim launalaust með vísan til hráefnisskorts en aukið vinnslu í saltfiskdeild sama fyrirtækis vegna aukins hráefnis. Force major tilvikið eigi að vera afdráttarlaust, annað hvort sé hráefnisskortur eða ekki.

Í þriðja lagi hafi stefndi átt a.m.k. 150 tonn af óunnum frystum fiski í frystigeymslum sínum, þ.e. svokölluðum rússafiski. Fisk þennan hafi stefndi keypt af rússnesku flutningaskipunum Salni 19. janúar, 185.40 tonn og Kovdor 2. maí 1996, 157.499 tonn. Eftirstöðvar af þessum frysta fiski hefðu dugað í u.þ.b. 20 daga vinnslu í frystihúsi stefnda. Eftir að vinnslustöðvun lauk hafi starfsmenn stefnda byrjað á því að þýða upp þennan fisk til vinnslu í frystihúsi stefnda. Meðan til er óunninn frystur fiskur verði að telja að ekki sé um hráefnisskort að ræða.

Í fjórða lagi hafi stefndi ekki sýnt fram á að hann hafi reynt að nýta sér allar þær leiðir og gert allar þær ráðstafanir sem hann hafði tiltækar til að afla sér hráefnis s.s. eins og að kaupa hráefni á fiskmörkuðum til að halda uppi vinnslu.

Varakrafa stefnanda byggir á því að forsendur vinnslustöðvunar hafi brostið með nýju kvótaári.

Málsástæða varakröfu er, að með nýju kvótaári 1. september 1996 hafi brostið forsendur fyrir áframhaldandi hráefnisskorti þar sem skip stefnda hefðu nægan kvóta til veiða og sem þau hefðu getað veitt fyrir nýtt kvótaár en landað 1. september 1996.

Stefndi geti ekki frestað veiðum skipa sinna og haft bolfiskvinnslu sína lokaða vegna hráefnisskorts þegar skip hans séu með nægan kvóta til veiða. Enda hafi það komið á daginn að skip stefnda Skafti SK-3 var á veiðum og hafi landað miklu af afla sínum á Fiskmarkað Vestfjarða þar sem hann var seldur í stað þess að taka hann til vinnslu í bolfiskdeild stefnda og þannig láta vinnslustöðvun vegna hráefnisskort taka enda.

Þrautavarakrafa stefnanda byggir á því að forsendur fyrir áframhaldandi vinnslustöðvun hafi brostið þann 23. september 1996 en þann dag hafi Skafti SK-3 verið búinn að landa rúmum 211 tonnum á um mánaðartíma.

Málsástæða þrautavarakröfu er að þegar Skafti var búinn að landa 211 tonnum á tímabilinu 21. ágúst til 23. september 1996 hafi

sannanlega verið fyrir hendi forsendur þess að kalla fólk til starfa og ljúka þeirri vinnslustöðvun sem hafði varað frá 12. ágúst 1996.

Varðandi málsástæður í vara- og þrautavarakröfum vísast að öðru leyti til málsástæðna aðalkröfu.

Varðandi lagarök vísar stefnandi til ákvæði 16.8.1. Í aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands og Vinnumálasambandsins frá 21. febrúar 1995.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að í júlímánuði 1996 hafi skip Fiskiðjunnar Skagfirðings hf. (FISK) verið að verða búin með sinn kvóta. Í stað þess að binda skipin við bryggju hafi sú á kvörðun verið tekin að senda fjögur af fimm skipum fyrirtækisins til veiða í Barentshafi (Smugunni). Af þeim sökum hafi verið fyrirsjáanlegt að nægilegt hráefni yrði ekki fyrir hendi til að halda öllum fiskvinnsludeildum fyrirtækisins gangandi síðari hluta ágústmánaðar.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að hann hafi framfylgt öllum þeim formskilyrðum, sem talin séu í gr. 16.8.1., og fyrir hendi hafi verið hráefnisskortur í þeim hluta starfseminnar, þar sem fiskvinnsla hafi verið felld niður. Öll þau skilyrði, sem áskilin eru samkvæmt grein 16.8.1. í kjarasamningi VMS/VMSÍ, hafi því verið til staðar.

Í grein 16.8.1. í kjarasamningi VMS/VMSÍ sé vísað beint til 3. gr. laga nr. 19/1979, en þar sé að finna almenna lagaheimild til að fella starfsfólk af launaskrá án fyrirvara, þegar ákveðnar aðstæður eða atvik eru fyrir hendi án þess að sú talning sé tæmandi. Lagagreinin byggi á sömu sjónarmiðum og reglur um force major í skaðabótarétti, en gangi mun lengra. Lagagreinin er svohljóðandi:

„Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skipstapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 130 klst. á mánuði enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir.

Nú hefur verkamaður misst atvinnu sína af ofangreindum ástæðum og honum býðst annað starf, sem hann óskar að taka, og er hann þá ekki bundinn af ákvæðum 5. mgr. 1. gr. um uppsagnarfrest,

enda tilkynni hann strax atvinnurekandanum ef hann ræður sig hjá öðrum til frambúðar."

Þetta lagaákvæði hafi verið sett til að koma í veg fyrir ástæðulausar uppsagnir af hálfu atvinnurekanda og því sé atvinnurekanda heimilt að greiða ekki laun, þegar vinna fellur niður af eðlilegum ástæðum. Starfsmaður missi hins vegar ekki uppsagnafrest sinn meðan þetta tímabundna ástand varir, enda sé ráðningarsamningur milli aðila enn í gildi, þótt laun séu ekki greidd. Noti vinnuveitandi þessa lagaheimild geti starfsmaður ávallt hætt fyrirvaralaust, ef honum býðst annað starf. Greinin hafi því verið hugsuð sem réttarbót og með beitingu greinarinnar taki vinnuveitandi þá áhættu að missa hæft starfsfólk.

Reynt hafi á túlkun hugtaksins hráefnisskortur í lögum nr. 19/1979 og kauptryggingarsamningi fiskverkafólks í þremur dómum. Í Félagsdómi VIII, bls. 230, Hrd. 1985, bls. 30 og Hrd. frá 7. nóvember 1996. Í þessum dómafordæmum komi afdráttarlaust fram að hugtakið hráefnisskortur sé ekki skýrt þröngt, heldur litið til þess hvort rekstrarlegar forsendur séu fyrir öflun og vinnslu hráefnis hjá fiskiðjuveri. 3. gr. laga nr. 19/1979 sé ætlað að milda áhrif óstöðugleika atvinnulífsins fyrir atvinnurekendur. Viðurkennt sé að taprekstur og fjárhagserfiðleikar skipti máli við ákvarðanatöku fiskiðjuvers um vinnslu hráefnis. Dæmt hafi verið að fiskvinnslufyrirtæki geti látið skip sigla með afla, ef ekki telst vera grundvöllur fyrir vinnslu þess hráefnis. Fullyrðingar stefnanda um að taprekstur fyrirtækis skipti engu máli við beitingu 3. gr. laga nr. 19/1979 sé því sérkennilegar.

3. gr. laga nr. 19/1979 hafi staðið óbreytt í lögum frá 1958, sbr. lög nr. 16/1958, og fyrrnefndir dómar hafa ekki orðið tilefni til neinna breytinga á henni. Athygli veki að við reifun lagaraka í stefnu sé hvergi vísað til 3. gr. laga nr. 19/1979. Engu að síður sé ljóst, að lögmanni stefnanda sé fyllilega ljóst að starfsfólk hafi verið fellt af launaskrá með heimild í þeirri lagagrein.

Þegar skilyrði 3. gr. laga nr. 19/1979 séu fyrir hendi, t.d. hráefnisskortur, geti atvinnurekandi fellt starfsfólk af launaskrá fyrirvaralaust. Með kauptryggingarsamningi fiskvinnslufólks og 16. kafla kjarasamnings VMS/VMSÍ hafi hins vegar verið um það samið að fiskvinnslufólk héldi kauptryggingu sinni, þ.e. föstum launum, þegar fiskvinnsla félli fyrirvaralaust niður í fiskiðjuveri vegna hráefnisskorts, sbr. gr. 16.8. Sé hins vegar gefinn 4 vikna fyrirvari á vinnslu-

stöðvun vegna hráefnisskorts, sbr. gr. 16.8.1., þá falli starfsfólk af launaskrá fyrirtækisins að þeim tíma liðnum. Þessari grein geti fiskvinnslufyrirtæki beitt, ef þau telji horfur á langvinnri rekstrarstöðvun vegna hráefnisskorts. Greininni hafi verið beitt í hefðbundnum jólastoppum og þegar fiskvinnslufyrirtæki eru orðin kvótalítil í lok kvótaárs án þess að við það hafi verið gerðar athugasemdir. Grein 16.8.1. hafi staðið óbreytt í kauptryggingarsamningum aðila um árabil og áratugahefð sé því fyrir beitingu þessarar greinar. Vinnuveitendur hafi aldrei léð máls á breytingu á þessari samningsgrein þótt kauptryggingarmál fiskvinnslufólks hafi verið og séu enn viðfangsefni í kjarasamningum aðila.

Það sé engum vafa undirorpið að hráefni hafi skort til að halda uppi vinnslu í öllum deildum FISK, enda hafi það beinlínis verið viðurkennt af stefnanda áður en vinnslustöðvunin kom til framkvæmda þann 12. ágúst. Hráefnisskortur hafi ekki verið einskorðaður við FISK heldur hafi hann verið til staðar hjá fiskvinnslufyrirtækjum um land allt. Fullyrðingar í stefnu um annað séu rangar og tilhæfulausar. Allur sá þorskur og ufsi, sem skip FISK komu með að landi á vinnslustöðvunartímabilinu, hafi farið til vinnslu í saltfiskdeild fyrirtækisins. Sá afli, sem seldur var á fiskmarkaði, hafi verið aukategundir, sem ekki hafi verið unnar hjá fyrirtækinu um árabil, enda hafi FISK sérhæft sig í vinnslu þorskafurða. Um það hafi verið samkomulag við sjómenn á skipum FISK að þessi afli færi á fiskmarkað og á því hafi engin breyting orðið á vinnslustöðvunartímabilinu. Aðeins einn togari, Skafti, hafi veitt á heimamiðum þann kvóta, sem eftir var af skipum stefnda og hafi allur sá þorskur og ufsi farið í saltfiskvinnslu. Veiðar þessa eina skips hafi ekki dugað til að halda uppi fullri vinnu í saltfiskvinnslu og hafi FISK því keypt þorsk á markaði fyrir saltfiskvinnsluna. Ísfiskskip FISK sem voru að veiðum í Smugunni, Klakkur, Hegranes og Skagfirðingur hafi orðið að salta allan afla um borð. Vegna fjarlægðar frá Íslandi hafi verið útilokað að halda honum ferskum og ísuðum. Þessi afli hafi farið til áframhaldandi vinnslu í saltfiskdeildinni. Reynsla FISK af vinnslu ísaðs fisks úr Smugunni sé mjög slæm, og sé FISK enn í dag að fá kvartanir frá kaupendum vegna ísfisks, sem keyptur var og unnin af þýsku skipi í fyrra. Fjórða skipið, sem var í Smugunni á vinnslustöðvunartímabilinu, Málmey, sé frystiskip, þar sem afli sé og hafi ávallt verið fullunninn um borð. Sá frysti rússafiskur, sem enn þá

var til í frystigeymslum, hafi verið keyptur fyrir saltfisk og skreiðarvinnslu og því ekki ætlaður til bolfisksvinnslu, enda keyptur fyrir mjög hátt verð 1550 dollara tonnið. Þetta magn, 119 tonn, hefði ekki nægt til að halda uppi vinnslu í frystideild á vinnslustöðvunartímabilinu, þar sem afköst séu 25-30 tonn á sólarhring. Hátt hráefnisverð og lítið framboð á fiskmörkuðum innanlands hafi gert það útilokað fyrir FISK að kaupa bolfisk fyrir frystideild sína, enda hafi deildin verið rekin með umtalsverðum halla. Í saltfiskdeild FISK á Hofsósi hafi verið saltaður og þurrkaður ufsi. Nægilegt magn af slíku hráefni hafi ekki fengist á fiskmörkuðum á vinnslustöðvunartímabilinu. Fullyrðingar um að FISK hafi ekki reynt að halda uppi vinnslu séu furðulegar, því að fyrirtækið hafi haldið uppi fullri vinnslu í hluta af starfseminni.

Um varakröfu og þrautavarakröfu stefnanda: Lögmæti vinnslustöðvunar FISK hafi hvorki breyst 1. september né 23. september, enda setji hvorki 16. kafli kjarasamnings VMS og VMSÍ né lög nr. 19/1979 nein skilyrði um lengd vinnslustöðvunar. Það tímabil sem vinnslustöðvun stóð yfir hjá FISK, þ.e. frá 12. ágúst – 1. október, hafi í alla staði verið eðlilegt miðað við atvik og aðstæður í rekstri fyrirtækisins. Það eitt að nýtt fiskveiðiár hafi hafist þann 1. september breyti engu um að hráefnisskortur var hjá FISK. Úthlutaðan kvóta þurfi að veiða og við stjórn veiðanna verði að líta til hagsmuna bæði útgerðar og vinnslu í landi. Skip FISK hafi öll nema eitt verið við veiðar í Smugunni þann 1. september nema Skafti, sem veiddi fyrir saltfiskvinnsluna. Ef veiðar úr þessum kvóta hefðu hafist strax hefði hann ekki dugað nema til að halda uppi vinnslu fram í maí á næsta ári. Þorskveiðikvóti FISK á heimamiðum á síðasta ári hafi verið 2700 tonn en veiðar í Smugunni hafi verið frá 2000 til 2700 tonn á ári. Einnig hafi verið ljóst að ef samningar tækjust við Norðmenn um Smuguna, myndi úthlutaður kvóti til íslenskra útgerðar verða byggður á veiðireynslu útgerðanna í Barentshafi. Það hafi því verið sameiginlegir hagsmunir útgerðar, sjómanna og landverkafólks að skipum FISK væri haldið til veiða í Smugunni, ella hefði þeim ein faldlega verið lagt. Vegna þrautavarakröfu stefnanda er ítrekað að af þeim 211 tonnum, sem Skafti landaði á tímabilinu 21. ágúst – 23. september hafi 148 tonn af þorski og 23 tonn af ufsa, eða samtals rúmlega 171 tonn, farið til vinnslu í saltfiskdeild FISK á Sauðárkróki og ekki dugað til að halda uppi fullri saltfiskvinnslu.

Málskostnaðarkröfu sína byggir stefndi á 65. gr., sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 130. gr. og 131. gr. laga nr. 91/1991. Við ákvörðun málskostnaðar til stefnda verði að líta til málatilbúnaðar stefnanda, sem einkennist af villandi upplýsingum og framsetningu staðreynda.

Niðurstaða.

Í 1. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, eru settar reglur um lágmarks uppsagnarfrest verkafólks. Í 1. mgr. 3. gr. laganna er sérákvæði, sem heimilar atvinnurekanda að fella niður launagreiðslur til starfsmanna, án uppsagnar, þegar atvinna fellur niður hjá atvinnurekandanum „svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa." Meðan slíkt ástand varir missa launþegar ekki uppsagnarrétt sinn og eru jafnframt óbundnir af ákvæðum 1. gr. laganna bjóðist þeim annað starf, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Lög nr. 19/1979 leystu af hólmi lög nr. 16/1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Í 3. gr. þeirra laga voru samsvarandi ákvæði og nú eru í 3. gr. laga nr. 19/1979. Í athugasemdum með 2. gr. frumvarps þess, er varð að lögum nr. 16/1958, en sú grein varð að 3. gr. laganna, er tekið fram að tilgangur umræddrar heimildar til handa atvinnurekanda sé „að koma í veg fyrir ástæðulausar uppsagnir af hálfu atvinnurekanda. . ." Þá er eftirfarandi tekið fram um atvik þau sem réttlætt geta notkun heimildarinnar: „Í greininni eru nokkur dæmi nefnd þess, að vinna falli niður af eðlilegum ástæðum. Þessi dæmi eru ekki tæmandi, en aðeins leiðbeinandi. Önnur tilvik en þau, sem nefnd eru, koma því til greina. Mætti t.d. nefna, ef vinna fellur niður vegna veðurs, verkfalla eða verkbanna."

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 19/1979 eru ákvæði laganna ófrávíkjanleg að því leyti að ákvæði samnings milli atvinnurekanda og launþega, sem brjóta í bága við lögin, eru ógild, ef þau rýra rétt launþegans.

Í máli þessu er deilt um það hvort stefndi hafi með ákvörðun sinni frá 12. júlí 1996 um vinnslustöðvun í starfsstöðvum sínum á Sauðárkróki og Hofsósi brotið gegn grein 16.8.1. í kjarasamningi aðila. Sú grein kjarasamningsins hefur að geyma heimild til handa at-

vinnurekanda til niðurfellingar á launagreiðslum af þeim toga sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 19/1979. Þessi grein kjarasamningsins er svohljóðandi:

„Ef horfur eru á langvinnri rekstrarstöðvun vegna hráefnisskorts er fyrirtæki þó jafnan heimilt með tilkynningu til starfsfólks, vinnumiðlunar og verkalýðsfélags, að boða vinnslustöðvun með fjögurra vikna fyrirvara. Sé vinnsla í fyrirtækinu er nægilegt að hengja upp almenna tilkynningu, ella skal hverjum starfsmanni tilkynnt um vinnslustöðvunina. Launagreiðslur falla þá niður frá og með þeim tíma, sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979."

Við skýringu á ofangreindu ákvæði kjarasamningsins þykir bera að líta til ákvæða 3. gr. laga nr. 19/1979, eins og túlka ber þau, m.a. með hliðsjón af dómafordæmum, sbr. einkum H 1985:30 og Fd 1981:230.

Með tilkynningum, dags. 12. júlí 1996, var hin umdeilda vinnslustöðvun boðuð með fjögurra vikna fyrirvara og kom til framkvæmda 12. ágúst 1996. Stóð vinnslustöðvunin til 1. október 1996. Áður eða hinn 26. september 1996 hafði stefndi sagt upp 90 starfsmönnum. Í tilkynningunum var ástæða vinnslustöðvunarinnar tilgreind hráefnisskortur. Vinnslustöðvunin tók til hluta af starfsemi stefnda, þ.e. frystingar bolfisks á Sauðárkróki og saltfiskverkunar á Hofsósi.

Í fréttabréfi til starfsmanna, útgefnu 15. júlí 1996, gerði stefndi grein fyrir ástæðum vinnslustöðvunarinnar. Segir þar eftirfarandi: „Ástæður þessa eru að hráefnisöflun er erfið á þessum tíma og hins vegar er ljóst að afkoma á bolfiskvinnslu er óviðunandi. Næstu vikur verða notaðar til þess að bæta reksturinn." Í samræmi við þetta hefur skýrt komið fram af hálfu stefnda í málinu að vinnslustöðvunin átti annars vegar rætur að rekja til þess að aflaheimildir stefnda voru að verða uppurnar, er leið að lokum fiskveiðiárs, og því ákveðið að senda fjóra af fimm togurum fyrirtækisins til veiða í Smugunni, og hins vegar að taprekstur var af frystingu bolfisks og hátt verð á framboðnu hráefni á markaði.

Komið hefur fram í málinu að hráefni var til í nokkru magni við upphaf vinnslustöðvunar, þ.e. svonefndur „rússafiskur". Þá liggur fyrir að togarar stefnda öfluðu hráefnis á þessum tíma, þ.á.m. einn á heimamiðum. Að auki er upplýst að stefndi keypti hráefni til vinnslu á þessu tímabili.

Í samræmi við túlkun á 3. gr. laga nr. 19/1979 verður að telja að bakfiskurinn í grein 16.8.1. í kjarasamningi aðila séu óviðráðanleg atvik þ.e. „force majeure“ sjónarmið, enda þótt telja verði, m.a. með hliðsjón af fyrrgreindum dómafordæmum, að heimilt sé að vissu marki að líta til rekstrarástæðna. Á hinn bóginn þykir ljóst að atvinnurekandi hefur ekki sjálfdæmi um það hvort atvikum sé svo farið að vinnslustöðvun með umræddum réttarverkunum sé heimil, enda yrðu ákvæði laga og samninga um þetta þýðingarlítil ef svo yrði talið.

Grein 16.8.1. felur í sér undantekningu frá þeirri meginreglu greinar 16.8. að vinnuveitandi skuldbindur sig til þess að greiða starfsmanni laun, þótt hráefnisskortur valdi vinnslustöðvun. Samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum skal því túlka grein 16.8.1. þröngt og ber stefndi, Fiskiðjan Skagfirðingur hf., sönnunarbyrði fyrir því að þau skilyrði hafi verið til staðar að beita mætti undanþágugreininni og segja starfsfólki upp vegna hráefnisskorts.

Óumdeilt er í málinu, að skip stefnda, Fiskiðjunnar Skagfirðings hf., voru orðin kvótalítil í lok fiskveiðiársins 1995-1996, þegar vinnslustöðvunin kom til framkvæmda. Ekki er hægt að gera þær kröfur til stefnda, að hann héldi allri fiskvinnslu sinni starfandi við þær aðstæður, enda gerði stefnandi, Verkalýðsfélagið Fram, ekki athugasemd við tilkynningu stefnda um vinnslustöðvun eða forsendur hennar.

Á hinn bóginn er ljóst, að með nýju fiskveiðiári, sem hófst 1. september 1996, höfðu skip stefnda nægar aflaheimildir, en fiskur sem landað er eftir 1. september 1996 telst til þess fiskveiðiárs, þó veiddur sé áður. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að hráefnisskort fyrirtækisins eftir 1. september 1996 megi rekja til almenns aflabrests, bilana í skipum eða annarra þeirra atvika sem ekki var á hans valdi að ráða við.

Þá verður ekki fallist á þá röksemd stefnda, að líta beri til rekstrarlegra hagsmuna fyrirtækisins við mat á því hvort skilyrði fyrir vinnslustöðvun skv. grein 16.8.1. hafi verið fyrir hendi, enda gat stefndi auðveldlega gætt þeirra hagsmuna sinna með öðrum hætti, t.d. með uppsögn starfsmanna.

Verður því að telja, að stefnda, Fiskiðjunni Skagfirðingi hf., hafi ekki verið heimilt að beita vinnslustöðvun vegna hráefnisskorts

með vísan til greinar 16.8.1. í títtnefndum kjarasamningi frá 1. september 1996.

Af þessu leiðir, að taka ber varakröfu stefnanda til greina og dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað eins og kveðið er á um í dómsorði.

Dómsorð:

Vinnslustöðvun stefnda, Fiskiðjunnar Skagfirðings hf., sem tilkynnt var stefnanda, Fram, verkalýðsfélagi, 12. júlí 1996 og kom til framkvæmda 12. ágúst 1996, var brot á ákvæði 16.8.1. í aðalkjarasamningi milli VMSÍ og VMS frá 1. september 1996.

Stefndi, Vinnumálasambandið vegna Fiskiðjunnar Skagfirðings hf., greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Fram, verkalýðsfélags, kr. 150.000 í málskostnað.

Sératkvæði
Sigmundar Hannessonar

Ágreiningur málsaðila lítur að því hvort stefndi, Fiskiðjan Skagfirðingur hf., sem hefur með höndum marghátta fiskvinnslu á Sauðárkróki og Hofsósi, auk þess að gera út fimm togara, hafi brotið gegn ákv. 16.8.1, í aðalkjarasamningi VMS/VMSÍ, með því að tilkynna um vinnslustöðvun vegna hráefnisskorts í frystingu bolfisks á Sauðárkróki og saltfiskvinnslu á Hofsósi.

Vinnslustöðvunin var boðuð með fjögurra vikna fyrirvara, frá og með 12. ágúst 1996 og stóð til 1. október 1996, er vinnsla hófst að nýju.

Skýringar stefnda á vinnslustöðvuninni koma fram í fréttabréfi til starfsmanna 15. júlí 1996, en þar segir m.a. „Ástæður þessa eru að hráefnisöflun er erfið á þessum tíma og hins vegar er ljóst að afkoma í bolfiskvinnslu er óviðunandi. Næstu vikur verða notaðar til þess að bæta reksturinn."

Í a.m.k. tveimur ísl. dómum hefur með ákveðnum hætti reynt á túlkun hugtaksins hráefnisskortur, sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979, en í

ákv. 16.8.1 í aðalkjarasamningi VMS/VMSÍ er vísað til 3. gr. greindra laga. Þ.e. annars vegar í dómi Félagsdóms VIII. bls. 230 og hins vegar í dómi Hæstaréttar Íslands 1985, bls. 30.

Báðir þessir dómar taka af öll tvímæli um það, að hráefnisskortur geti verið fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, í skilningi 3. gr. laga nr. 19/1979, þegar ekki eru fyrir hendi rekstrarlegar forsendur fyrir öflun og vinnslu hráefnis.

Ekki er um það deilt að með nýju fiskveiðiári, sem hófst 1. september 1996, höfðu skip stefnda nægar aflaheimildir. Fyrir liggur í málinu og er ómótmælt af hálfu stefnanda að ef veiðar hefðu strax hafist úr þessum kvóta, hefði hann ekki dugað stefnda nema til að halda uppi vinnslu fram í maí á næsta ári. Þann 1. september hafi öll skip stefnanda nema eitt verið við veiðar í Smugunni.

Í 1. gr. laga nr. 38/1990 um stjórnun fiskveiða með síðari breytingum, kemur m.a. fram, að markmið laganna sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Í lögunum er ekki lögð kvöð á veiðileyfishafa að hefja strax veiðar í upphafi fiskveiðiárs.

Þannig er það á valdi veiðileyfishafa hverju sinni, að stjórna veiðum/hráefnisöflun svo fái samrýmst markmiðum laganna um fiskveiðistjórnun.

Upplýst er í máli þessu að á félagssvæði stefnanda, Fram, verkalýðsfélags, hafi ákv. 16.8.1. í aðalkjarasamningi verið beitt í „hefðbundnum jólastoppum“ og þegar fiskvinnslufyrirtæki væru orðin kvótalítil í lok fiskveiðiárs, án þess að til eftirmála hafi komið.

Fyrir liggur í málinu staðfesting endurskoðenda um 58,9 millj. kr. tap frystideildar stefnda á Sauðárkróki, skv. árshlutauppgjöri fyrir tímabilið janúar til ágúst 1996.

Með hliðsjón af gögnum þessa máls og því sem hér hefur verið rakið, verður talið að stefnda Fiskiðjunni Skagfirðingi hf., hafi eins og á stóð verið heimilt að beita vinnslustöðvun vegna hráefnisskorts, með vísan til greinar 16.8.1 í aðalkjarasamningi VMS/VMSÍ, frá 12. ágúst 1996.

Af þessu leiðir, að taka ber aðalkröfu stefnda til greina og skal stefndi vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir eftir atvikum að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnumálasambandið vegna Fiskiðjunnar Skagfirðings hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Fram, verkalýðsfélags, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 18. desember 1996.

Nr. 15/1996. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga**

(Björn L. Bergsson hdl.)

gegn

Landssambandi íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf.

(Jónas Haraldsson hdl.)

Frávísunarkröfu hafnað.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 13. desember sl., var höfðað með stefnu áritaðri um birtingu 25. nóvember sl. og þingfestri 28. nóvember sl.

Málið úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Atli Gíslason.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Borgartúni 18, Reykjavík vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, Skipagötu 14, Akureyri.

Stefndi er Landssamband íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., kt. 671272-2189, Aðalgötu 16, Ólafsfirði.

Dómkröfur stefnanda:

Að dæmt verði að stefndi hafi brotið gegn grein 1.03. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambandi (sic.) Íslands hins vegar, með því að hafa lagt til grundvallar rangt aflaverðmæti við tilgreiningu heildar skiptaverðmætis.

Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 265.537 samkvæmt grein 1.53. í sama kjarasamningi.

Loks er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Að málinu verði vísað frá Félagsdómi og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Af hálfu stefnanda er þess krafist að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo að ágreiningur hafi orðið með aðilum um túlkun á orðalagi greinar 1.03. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Umrædd grein 1.03. í kjarasamningi aðila er svohljóðandi:

„Um sölu afla innanlands.

Yfirmönnum skal tryggt hæsta gangverð alls sem aflað er og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut. Þeir taka ekki þátt í útgerðarkostnaði.

I. Almennt.

Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær, þar með talin hrogn, lifur og bein. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum . . .“

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að fyrirtækið Sæberg hf. hafi kosið að túlka ofangreind ákvæði kjarasamnings aðila á þann veg að til skipta komi aðeins sá hluti af verðmæti afla sem greiddur er með peningum. Þannig byggi stefndi á því að þrátt fyrir að kaupandi afla greiði fyrir hann bæði með peningum og kvóta þá skuli aðeins gert upp gagnvart skipverjum miðað við peningagreiðslur sem inntar eru af hendi í viðskiptum útgerðar og fiskkaupanda. Í þessum viðskiptum sem gjarnan hafa verið nefnd „tonn á móti tonni“ fái útgerðarmaður raunverulega tvenns konar greiðslu fyrir landaðan afla. Annars vegar fái útgerðin peningagreiðslu miðað við magn og hins vegar fái hún kvóta í formi aflamarks þeirrar fisktegundar sem viðskiptin varða. Stefnandi og önnur heildarsamtök sjómanna hafi ítrekað mótmælt þessum uppgjörsháttum bæði gagnvart einstökum fyrirtækjum eins og Sæbergi hf. og við stefnda sem fulltrúa útgerðarmanna. Þann 27. mars 1996 sendi Sjómannasamband Íslands Sæbergi hf. bréf þar sem þess var krafist að gert yrði upp gagnvart sjómönnum á skipi Sæbergs hf. miðað við raunverulegt aflaverðmæti. Svarbréf barst frá stefnda þann 9. apríl 1996. Samkvæmt skilningi stefnda, Landssambands íslenskra útgerðarmanna, teljist það

aflamark, sem greitt var fyrir aflann með, ekki til heildarverðmætis afla í skilningi greinar 1.03. í kjarasamningi aðila. Að mati stefnda feli yfirfærsla aflamarks við kaup á umræddri iðnaðarrækju ekki í sér greiðslu fyrir afla. Orðrétt segir í bréfi stefnda: „Um er að ræða að fiskkaupandinn útvegar útgerð skips og áhöfn viðbótarveiðiheimildir til þess að hægt sé að halda skipinu lengur til veiða en ella. Á móti er fiskkaupandinn eðlilega ekki reiðubúinn til að greiða jafnhátt verð fyrir rækjuaflann, sem hann kaupir eins og hann myndi gera, ef veitt væri alfarið af eigin kvóta viðkomandi skips."

Mál er varðaði ágreining þennan var þingfest í Félagsdómi þann 8. júlí 1996, mál nr. 10/1996. Krafist var frávísunar málsins af hendi stefnda. Með úrskurði Félagsdóms uppkveðnum 27. sept. 1996 var frávísunarkrafa stefnda tekin til greina. Frávísunin var staðfest með dómi Hæstaréttar þann 15. október 1996.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi byggir málsókn sína á því að Sæbergi hf. hafi verið skylt að gera upp aflaverðmæti við félagsmenn stefnanda í samræmi við ákvæði greinar 1.03. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum kjarasamningsins beri útgerðarmönnum að greiða laun miðað við það heildaraflaverðmæti sem útgerðin fær fyrir aflann. Málsókn þessi byggir á því að við uppgjör aflahlutar hafi Sæberg hf. lagt til grundvallar rangt aflaverðmæti við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis. Að mati stefnanda hefur Sæberg hf. brotið gegn kjarasamningum með þessari háttsemi.

Í þessu sambandi er byggt á því af hálfu stefnanda að í tengslum við umrætt tilvik verði að skilja ákvæði kjarasamnings aðila á þann veg að heildargreiðsla fyrir aflann hafi verið í tvennu lagi, annars vegar í formi peningagreiðslu og hins vegar í formi greiðslu með aflamarki. Að mati stefnanda ber að skilja grein 1.03 í samningi aðila á þann veg að útgerðarmaður verði að meta þann hluta aflans, sem greiddur er í öðru en peningum, til peningaverðs og telja þá fjárhæð ásamt peningagreiðslum, sem fyrir aflann koma, til heildaraflaverðmætis í skilningi greinarinnar. Við mat á peningalegu virði aflamarksins beri að miða við almennt gangverð á því aflamarki sem greitt er með á fiskmörkuðum. Að mati stefnanda fela uppgjörshættir Sæbergs hf. í sér að yfirmenn á skipum fyrirtækisins séu í

raun látnir taka þátt í útgerðarkostnaði. Auk þess fái þeir lægra verð fyrir það sem aflað er en útgerðarmaður með þessum uppgjörsháttum.

Sá hluti kjarasamnings aðila sem snýr að hlutaskiptum sé grundvöllur að launakerfi sjómanna. Alkunna sé að laun sjómanna ráðist nær eingöngu af aflaverðmæti því sem skip kemur með að landi. Ljóst sé að verðmæti aflans, í skilningi greinar 1.03 í tilvitnuðum kjarasamningi aðila, geti ekki verið háð einhliða ákvörðun útgerðarmanns enda væri algerlega þýðingarlaust að semja um skiptaprósentu með kjarasamningsgerð ef útgerðarmaður gæti síðan breytt forsendum útreiknings að eigin hentugleika. Sú háttsemi Sæbergs hf. að miða uppgjör launahluta og greiða skipverjum laun miðað við kr. 115 per/kg, þegar fyrirtækið raunverulega hafi selt sama afla fyrir tæplega tvöfalt verð, feli að mati stefnanda í sér brot á kjarasamningi aðila.

Stefnandi leggur áherslu á það að ágreiningur aðila varði mikla almenna hagsmuni félagsmanna sinna.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir kröfu sína um frávísun á 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Telur stefndi að frávísunarúrskurður Félagsdóms í máli nr. 10/1996, sem Hæstiréttur staðfesti, hafi res judicata áhrif á þetta mál, sem nú er stefnt fyrir Félagsdóm. Hér sé því um útkljáð mál að ræða, sem beri af þeim ástæðum að vísa frá dómi.

Á sama hátt og mál nr. 10/1996, þá byggist niðurstaða þessa máls á því, hvernig skýra beri orðið heildarverðmæti afla í 1. gr. laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun. Vísi bæði gr. 1.02. og gr. 1.03. kjarasamnings aðila í 1. gr. laga nr. 24/1986, en í gr. 1.03., I. Almennt, segir m.a. orðrétt „Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1986, sbr. 10. gr. laga nr. 79/1994 um breytingu á lögum nr. 24/1986. . .“

Stefndi áréttar eftirfarandi í þessu sambandi varðandi gr. 1.03.

Í stefnu í máli nr. 10/1996 segi m.a. orðrétt á bls. 3:

„Málsástæður: Stefnandi byggir málssókn sína á því að stefnda hafi verið skylt að gera upp aflaverðmæti og greiða laun í samræmi við ákvæði laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins og ákvæði greinar 1.02., III. kafla greinar 1.03., sbr. I. kafla sömu greinar, í kjarasamningi Landssambands ís-

lenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar. Samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum laga og kjarasamninga ber útgerðarmönnum að greiða laun miðað við það heildaraflaverðmæti sem útgerðin fær fyrir aflann."

Máli sínu til stuðnings vísar stefndi til tilgreindra ummæla í stefnu og í kæru stefnanda til Hæstaréttar í máli nr. 10/1996.

Þær tilvitnanir sem stefndi vísar til telur stefndi sýna ljóslega að mál nr. 10/1996 og mál nr. 15/1996 sé eitt og sama málið, sama ágreiningsefnið, mál sem stefnandi sé að endurflytja í nánast óbreyttum búningi. Um formhlið þessa máls sé búið að dæma. Hér komi til res judicata áhrif dóma.

Bæði efnisdómar og formdómar hafi res judicata áhrif, sem og dómar og úrskurðir sérdómstóla, svo sem Félagsdóms. Í fyrsta lagi og þriðja lagi, sbr. uppsetningu í stefnu, sé enginn ágreiningur um það að efnisdómur hafi ekki verið kveðinn upp í málinu. Í öðru lagi varði þetta mál lagatúlkun, eins og fyrra málið og um sömu formsatriðin. Þá leggur stefndi áherslu á að tilvitnun stefnanda í Félagsdómsmálið nr. 8/1996 hafi ekkert fordæmisgildi.

Með vísan til 116. gr. eml. nr. 91/1991 krefst stefndi þess að máli þessu verði vísað frá Félagsdómi, enda hafa hvorki atvik eða aðstæður breyst frá fyrra máli aðila nr. 10/1996, en það dómsmál hafi res judicata áhrif á þetta dómsmál.

Mótmæli og rökstuðningur stefnanda gegn frávísunarkröfu stefnda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að frávísunarúrskurður í Félagsdómsmáli nr. 10/1996, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar þann 15. október 1996, hafi ekki res judicata áhrif á sakarefni þessa máls. Í forsendum hins kærða úrskurðar segi að ákvæði kjarasamnings aðila feli eingöngu í sér tilvísun til laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Jafnframt hafi verið vísað til þess að í ágreiningi aðila reyndi á túlkun laganna. Í fyrsta lagi hafi ekki falist efnisdómur í dómi Hæstaréttar þann 15. október 1996. Í öðru lagi geti frávísunardómur aðeins haft res judicata áhrif hvað varðar þá formgalla sem áður voru á málatilbúnaði stefnanda. Slíkir annmarkar séu ekki á þessu máli enda varði málið nú á engan hátt túlkun laga. Jafnvel þó svo að stefndi myndi byggja málsvörn sína að einhverju leyti á greindum lögum eða öðrum myndi slíkt ekki varða frávísun, sbr. Félagsdóm nr. 8/1996. Í þriðja

lagi verði að líta til þess að tilgangur res judicata áhrifa að lögum sé sá að koma í veg fyrir að sama sakarefni verði borið ítrekað undir sama dómstólinn. Sakarefni þessa máls hafi aldrei sætt efnislegri úrlausn Félagsdóms.

Niðurstaða.

Í máli nr. 10/1996, sem reis milli aðila þess máls, sem hér er til úrlausnar, gerði stefnandi eftirfarandi dómkröfur:

„Að dæmt verði að stefndi hafi brotið gegn grein 1.02. og III. kafla greinar 1.03., sbr. I. kafla sömu greinar í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 265.537 samkvæmt grein 1.53. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti."

Með úrskurði Félagsdóms, sem kveðinn var upp 27. september 1996, var frávísunarkrafa stefnda tekin til greina og málinu vísað frá Félagsdómi á þeim grundvelli, að það ætti ekki undir dómsvald hans samkvæmt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Í forsendum úrskurðarins segir svo:

„Í 1. mgr. greinar 1.02. í kjarasamningi aðila er tekið fram, að um skiptaverðmæti afla fari eftir lögum nr. 24/1986., um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Í I. kafla laganna er kveðið á um heildarverðmæti afla jafnt sem önnur atriði er varða skiptaverðmæti. Ákvæði kjarasamnings aðila felast að þessu leyti eingöngu í tilvísun til laganna. Snýst því ágreiningur aðila máls þessa í reynd um ákvörðun og útreikning á skiptaverðmæti. Við úrlausn á þeim ágreiningi reynir á túlkun laganna nr. 24/1986.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, er verkefni Félagsdóms að dæma í málum sem rísa út af kærum um brot á kjarasamningi eða út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Ákvæði laga nr. 80/1938 um valdsvið Félagsdóms, sem er sérdómstóll, ber að túlka þröngt. Með vísan til þess fellur málið ekki undir dómsvald Félagsdóms."

Með dómi Hæstaréttar Íslands, sem kveðinn var upp 15. október

1996, var frávísunarúrskurður Félagsdóms staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Í máli því, sem hér er til úrlausnar, milli sömu aðila og áttu í því máli, sem hér að framan greinir, eru stefnukröfur orðaðar með sama hætti og í fyrra málinu að undanskildum 1. kröfulið í stefnu. Sá kröfuliður er nú orðaður svo:

„Að stefndi hafi brotið gegn grein 1.03. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambandi (sic.) Íslands hins vegar, með því að hafa lagt til grundvallar rangt aflaverðmæti við tilgreiningu heildar skiptaverðmætis."

Stefnandi rökstyður nýja kröfugerð sína með því að hann leiti fyrst og fremst dómsúrlausnar um aðferð sem félagsmenn stefnda, þar á meðal stefndi Sæberg hf. viðhafi í svonefndum tonn á móti tonni viðskiptum. Beri nauðsyn til að túlka upphafsákvæði greinar 1.03 í því sambandi, en ákvæðið er svohljóðandi:

„Yfirmönnum skal tryggt hæsta gangverð alls sem aflað er og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut. Þeir taka ekki þátt í útgerðarkostnaði."

Samkvæmt málatilbúnaði stefnanda og gögnum, sem hann hefur lagt fram með stefnu, þykir ljóst, að sama ágreiningsefni varðandi ákvörðun skiptaverðmætis er uppi í máli þessu og hinu fyrra, sem jafnframt er sprottið af sama tilefni.

Eini munur á stefnukröfum í þessu máli og hinu fyrra þykir því felast í skírskotun til þeirra greina kjarasamnings aðila, sem stefnandi telur stefnda hafa brotið gegn. Í stefnu tilgreinir stefnandi þau ákvæði í grein 1.03. í kjarasamningnum, sem hann telur stefnda hafa brotið gegn. Er það upphafsákvæði greinarinnar og 1. mgr. I. kafla hennar að slepptri tilvísun til 1. gr. laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, sbr. 10. gr. laga nr. 79/1994, er jók ákvæði við fyrstnefndu lagagreinina.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að kjarninn í kröfugerð stefnanda sé nú, að dæmt verði, að stefndi hafi brotið gegn þeim ákvæðum kjarasamnings aðila, sem mæla fyrir um, að félagsmönnum stefnanda skuli tryggt hæsta gangverð alls sem aflað er og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut og þeir taki ekki þátt í útgerðarkostnaði.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að þar sem mál þetta sé

rekið milli sömu aðila með sömu kröfum, málsástæðum og gögnum og mál nr. 10/1996, er lauk eins og að framan segir með frávísunarúrskurði Félagsdóms 27. september 1996, er staðfestur var með dómi Hæstaréttar 15. október 1996, beri vegna neikvæðra réttaráhrifa þess dóms (res judicata réttarverkana) að vísa málinu frá, sbr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í 116. gr. laga nr. 91/1991 er kveðið á um að dómur sé bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Dómar um formhlið máls eru aðeins bindandi varðandi þær dómkröfur sem þar eru til umfjöllunar. Aðili getur lagt sama sakaratriði fyrir sama dómstól, ef bætt er úr göllum þeim er frávísun vörðuðu og hefur frávísunarúrskurður eigi slíka neikvæða verkun sem efnisdómur.

Þegar stefnukrafa í máli þessu er virt samkvæmt framansögðu, þykir sá munur vera á henni og kröfugerð stefnanda í málinu nr. 10/1996, að ekki geti talist vera að öllu leyti um sömu kröfu að ræða, enda lítur dómurinn svo á að í þessu máli sé eingöngu til umfjöllunar upphafsákvæði greinar 1.03. og 1. mgr. kafla I í sömu grein kjarasamnings aðila. Með vísan til þessa og þar sem beita skal þröngri skýringu um neikvæð réttaráhrif dóma og úrskurða, þykir ekki eiga að vísa málinu frá á þeim grundvelli að bindandi úrlausn liggi fyrir. Að þessu virtu og þar sem krafa stefnanda varðar sjálfstæð ákvæði kjarasamnings aðila er frávísunarkröfu stefnda hafnað.

Málskostnaður dæmist ekki.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu stefnda, Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., er hafnað.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dómur Hæstaréttar 30. janúar 1997.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. desember 1996. Kærður er úrskurður Félagsdóms 18. desember sl., sem barst réttinum 7. janúar sl., um að hafna frávísunarkröfu sóknaraðila. Kæruheimild er í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá Félagsdómi og sér dæmdur málskostnaður þar fyrir dómi og kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, byggir sóknaraðili kröfu sína um frávísun á 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Telur hann, að frávísunarúrskurður Félagsdóms í máli nr. 10/1996, sem Hæstiréttur staðfesti með dómi sínum 15. október 1996, hafi res judicata áhrif á mál það, sem hér er til úrlausnar. Samkvæmt 116. gr. laga nr. 91/1991 er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila um þær kröfur, sem þar eru dæmdar að efni til. Fallist er á þá niðurstöðu Félagsdóms, að unnt sé að leggja sama sakarefni undir sama dómstól, ef bætt er úr þeim atriðum, sem frávísun vörðuðu.

Þótt ágreiningsefnið sé hið sama í máli þessu og var í fyrrgreindu máli Félagsdóms nr. 10/1996, er kröfugerð þessa máls með öðrum og markvissari hætti en var í fyrra málinu. Varnaraðili krefst þess, að dæmt verði um það, hvort sóknaraðili hafi brotið gegn grein 1.03 í kjarasamningi aðila. Krafa þess efnis verður borin undir Félagsdóm. Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Landssamband íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., greiði varnaraðila, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, 40.000 krónur í kærumálskostnað.